

FORTÍÐARDRAUMAR

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR
GEFIN ÚT Í SAMVINNU VIÐ MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA

RITSTJÓRAR
Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

9. bindi

SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

FORTÍÐARDRAUMAR

Sjálfsbókmenntir á Íslandi

GESTARITSTJÓRI
Guðmundur Hálfðanarson

REYKJAVÍK 2004
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 9

SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

FORTÍÐARDRAUMAR

Sjálfsbókmenntir á Íslandi

REYKJAVÍK 2004

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhlómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846-1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).

Menningarsjóður styrkti útgáfu þessara bókar
og hún er gefin út í samvinnu
við Miðstöð einsögunannsókna í ReykjavíkurAkademíunni

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2004

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon
Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir
Umbrot: Sverrir Sveinsson
Prentumsjón: Prentsmiðjan Hjá OSS
Bókband: Bókavirkið ehf.
ISBN 9979-54-615-8

*Bókina tileinka ég fjölskyldu minni;
foreldrum
Magnúsi Helgasyni (1916-2000) og Katrínu Sigurðardóttur,
bróður og mágkonu
Helga Magnússyni og Örnu Borg Einarsdóttur,
og börnum þeirra Magnúsi Erni, Sunnu Maríu og Arnari Þór,
með þakklæti*

Efni

Formáli ritstjóra	9
Þakkir höfundar	11
I. Sögur í sögum	15
II. Sjálfsbókmenntir á tuttugustu öld	33
1. Hvers vegna sjálfsævisögur?	33
2. Sjálfsbókmenntir – skilgreiningar	42
<i>Sjálfævisögur</i>	43
<i>Endurminningarit</i>	55
<i>Samtalsbækur</i>	69
<i>Skáldævisögur</i>	79
<i>Ævisögur</i>	95
3. Skörun sjálfsbókmennta	127
III. Orð, hugsun – sjálf	131
1. Heimildir tengdar sjálfinu	131
<i>Ijóðlegur fróðleikur</i>	133
<i>Dagbækur – bréf</i>	145
<i>Fræðilegir spurningalistar og viðtöl</i>	163
<i>Minningargreinar – eftirmæli</i>	171
<i>Opinberar heimildir</i>	176
2. Hið nýja sjálf	185
IV. Fræði sjálfsins	191
1. Tilvist og notkun	191
2. Staða þekkingar	203
3. Aftur til framtíðar	214
4. Skynjun heimilda	220
V. Sögur úr samtímanum	237
VI. Sjálfið í sögum	299

Heimildaskrá	311
Summary	345
Viðauki	353
1. Skrá um útgefnar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur (viðtöl) frá upphafi til ársins 2004. Monika Magnúsdóttir tók saman	353
2. Sjálf handrita. Drög að skrá um sjálfsævisögur í handritum. Kári Bjarnason tók saman	405
Nafnaskrá	413

Formáli ritstjóra

Aðstandendur Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar senda nú frá sér níundu bókina í ritröðinni, en fyrsta bókin var gefin út haustið 1997. Allt frá upphafi hefur áherslan verið á einstaklinginn og stöðu hans í samfélaginu. Fyrstu fimm bækurnar voru helgaðar persónulegum vitnisburði alþýðufólks. Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon stofnuðu ritröðina og ritstýrðu henni fram til ársins 2002. Þá fjölgaði ritstjórum um tvo þegar Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Davíð Ólafsson, sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, bættust við. Þá var einnig ákveðið að breyta áherslum og leita eftir efni frá fyrri hluta nýaldar, það er tímabilinu 1500-1800, og stefna að því að víkka út alþýðumenningarhugtakið í verkefnavali. Strax eftir að Már og Davíð bættust í hóp ritstjóra gaf Már út verk sem markaði tímamót þar sem gefinn var út opinber texti sem þó fjallaði um einstaklinga og tengsl þeirra við stofnanir samfélagsins. Þetta voru dómabækur Markúsar Bergssonar, sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729, og var verkið unnið í góðri samvinnu við Sögufélag Ísfirðinga. Þar var einnig um nýjung að ræða og hefur ritstjórnin tekið þá stefnu að auka slíkt samstarf við áhuga- og fagfólk um menningu síðari alda. Á þessu ári kom svo út ný bók úr opinbera geiranum í samantekt Más Jónssonar, það er sjálf *Jónsbók* – lagabók frá þrettándu öld sem var fyrst prentuð árið 1578. Sömu sögu er að segja um bók Braga Þorgríms Ólafssonar sagnfræðings, *Landsins útvöldu synir*, sem kom út á þessu ári. Sú bók er á mörkum opinberra og persónulegra heimilda og brýtur þannig ný lönd í útgáfusögu ritraðarinnar.

Með bókinni sem hér lítur dagsins ljós er enn stigið skref til breytinga og það ekki lítið. Ritstjórar ákváðu að hefja nýja línu innan Sýnisbókaráðarinnar þar sem höfundarverk fræðimanna yrðu gefin út. Ætla má að í þessari höfundarlínu verði mest gefið út af verkum sem tengjast úrvinnslu úr handritaarfinum eða rannsóknum á persónulegum heimildum þar sem einstaklingurinn og hugmyndaheimur hans er í öndvegi. Við teljum þetta vera eðlilega breytingu sem hafi mátt sjá fyrir. Í heimildaútgáfu reynist nefnilega oft erfitt að skilja á milli höfundarverka og útgáfu heimildatexta. Mörgum verkanna hafa fylgt ítarlegir inngangskaflar sem hafa á stundum verið um það bil þriðjungur af lesefni bókanna (samanber *Kraftbirtingarhjólm*

Guðdómsins). Að auki sáum við ritstjórnarnir fyrir okkur að einhverjar bækur samanstæðu af löngum textabrotum í bland við yfirgripsmikla umfjöllun höfunda. Eitt slíkt verk er í smíðum hjá Davíð Ólafssyni og kemur vonandi út í Sýnisbókarflokki á næsta ári.

Í þessari bók, *Fortíðardraumar. Sjáfsbókmenntir á Íslandi*, er enginn heimildatexti – aðeins niðurstöður áralangra rannsókna höfundarins, Sigurðar Gylfa Magnússonar. Að auki er í bókinni að finna yfirgripsmikla skrá yfir allar útgefnar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur sem Monika Magnúsdóttir, sagn- og bókasafnsfræðingur, tók saman. Einnig eru hér drög að skrá yfir sjálfstjáningu í handritum sem varðveitt eru í handritadeild Landsbókasafns. Þá skrá tók Kári Bjarnason saman en hann hefur unnið við handritadeildina um árabil. Það er von okkar að ákvörðunin um höfundarlínu innan ritraðarinnar leiði til þess að ritin sem gefin verða út undir okkar merkjum í framtíðinni verði fjölbreyttari.

Þessi nýja stefna krafðist þess að hægt væri að leita út fyrir hinn hefðbundna ritstjórahop að starfskröftum sérhæfðra fræðimanna. Í þetta skiptið tók Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, að sér hlutverk gestaritsstjóra og erum við honum afskaplega þakklátir fyrir greiðasemina. Ekki hefði verið hægt að fá hafari mann í hlutverkið þar sem hann þekkir manna best alla þætti rannsóknarsviðsins. Tekið skal fram að ritstjórar, gestaritsstjóri og höfundur vinna kauplaust og helgast það af því að fjárhagslegur grundvöllur ritraðarinnar er veikur.

Þessi bók er gefin út í samvinnu við Miðstöð einsöguannsóknna í ReykjavíkurAkadémíunni sem einbeitir sér að rannsóknum á persónulegum heimildum og tilraunum með nýjar hugmyndafræðilegar útfærslur á sviði hugvísinda.

Ritstjórar Sýnisbókanna vona að hinir fjölmörgu traustu áhangendur ritraðarinnar fagni þeirri nýbreytni sem bryddað hefur verið upp á undanfarin ár og haldi áfram að fylgjast með útgáfustarfinu á næstunni. Framundan eru spennandi tímar með fjölmörgum áhugaverðum verkum um ólíka kima íslenskrar menningar.

1. september 2004

*Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon*

Þakkir höfundar

Ég hef verið svo lánsamur að njóta ríflegra styrkja við vinnslu þessarar bókar. Rannsóknarráð Íslands veitti mér verkefnastyrk í þrjú ár sem gerði mér í raun kleift að vinna verkið. Ég naut styrks frá Fulbright-stofnuninni á Íslandi til dvalar í tæplega hálfu ári í Bandaríkjunum árið 2002 en það tækifæri hafði ómetanleg áhrif á verkið. Þá fékk ég styrk frá Hagþenki árið 2002 sem gerði mér því sem næst kleift að ljúka rannsókninni. Viðurkenning frá Gjöf Jóns Sigurðssonar á lokasprettinum réð sömuleiðis úrslitum ásamt hálfu árs starfslaunum sem ég fékk árið 2004 frá Launasjóði fræðirithöfunda. Menningarsjóður studdi útgáfu verksins árið 2004 með myndarlegum styrk. Öllum þessum aðilum færi ég hugheilar þakkir fyrir stuðninginn og ekki síst þá hvatningu sem aðstoð þeirra veitti mér.

Mér hefur gefist tækifæri til að kenna reglulega við bæði sagnfræði- og íslenskuskor Háskóla Íslands, meðal annars efni sem tengist þessari bók. Haustið 1995 kenndi ég námskeið sem nefndist „Sjálfsævisögur og sagnfræði“ en þar fékk ég fyrst kost á að viðra hugmyndir mínar um sjálfsævisögur. Óhætt er að segja að sá frábæri hópur rúmlega þrjátíu nemenda sem sótti námskeiðið hafi haft mikil áhrif á mótun bókarinnar. Sömu sögu er að segja um námskeið sem ég hélt haustið 1998 við sagnfræðiskor og nefndist „Persónulegar heimildir í sagnfræði“. Þetta námskeið hafði víðari skírskotun en það fyrra, eins og nafnið bendir til, en nemendurnir lögðu mikið til málanna um eðli og uppbyggingu þessara heimilda. Þá ber að nefna námskeið sem ég hélt haustið 2001 og hét „Minnið, sagan og persónulegar heimildir“. Það óvenjulega við þetta námskeið var að nemendurnir rituðu allir sjálfsævisögur sínar sem veitti mér heillandi innsýn í mótun þessa fyrirbæris. Enginn vafi leikur á að verkefnið gagntók langflesta af þátttakendunum þrjátíu og veitti okkur öllum mikilvægan skilning á því hvernig minnið virkar.

Nemendur mínir í námskeiðunum öllum höfðu mikil áhrif á mótun verksins og um leið hefur þessi gjörvilegi hópur gefið mér tækifæri til að þroskast sem fagmaður og manneskja. Ég er þakklátur fyrir vináttu þeirra og áhuga og vona að þessi sameiginlega vinna okkar hafi stuðlað að betri skilningi þeirra á sagnfræðinni. Loks skal þess getið að ég fékk

tækifæri til að viðra hugmyndir mínar í Bandaríkjunum á vormisserinu 2002 er ég kenndi námskeið við Carnegie Mellon háskólann í Pittsburgh sem ég nefndi „Rumors, Scandals, Trials and Memory“. Það námskeið var, rétt eins og þau sem ég nefndi áður, afar lærdómsríkt fyrir mig og mikilvægt fyrir framvindu vinnunnar við þessa bók.¹

Fjölmargir vinir hafa aðstoðað mig við vinnslu þessa verks. Fyrstan verð ég að nefna til sögunnar vin minn og samstarfsmann til margra ára, Davíð Ólafsson sagnfræðing. Rannsóknir hans á dagbókum hér á landi hafa veitt mér mikilvægan skilning á mótun þessara heimilda í samhengi íslenskrar menningar. Davíð hefur verið óþreytandi að ræða við mig um persónulegar heimildir bæði sem fyrrverandi nemandi minn úr námskeiðinu 1995 og síðan hann skrifaði M.A.-ritgerð sína, auk þess að vera samstarfsmaður minn í mörgum verkefnum eftir það. Davíð las handritið yfir í lokagerð og það gerðu einnig tveir aðrir nánir vinir og samstarfsmenn, þeir Jón Jónsson þjóðfræðingur og Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur. Allir komu þeir með ómetanlegar ábendingar og tillögur í sambandi við uppbyggingu verksins og röksemdafærslu. Jón Jónsson las handritið fyrst og fremst yfir með tilliti til málfars og stíls en þeir Davíð og Jón Karl einbeittu sér bæði að tungutaki og innihaldi bókarinnar. Ritstjórnarleg reynsla Jóns Karls kom að sérlega góðu gagni en hann er einn af þeim mönnum sem alltaf er treystandi til að koma auga á bestu leiðirnar út úr erfiðum vanda. Allir reyndust þeir mér ómetanlega við gerð þessarar bókar.

Núverandi M.A.-nemendur mínir, þær Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur, Ingibjörg Sigurðardóttir bókmenntafræðingur og Hilma Gunnarsdóttir sagnfræðingur, lásu handritið yfir á lokasprettinum og bentu á margt sem betur mátti fara. Þær tóku þátt í hópumræðum um bókina auk þeirra Davíðs Ólafssonar og Báru Magnúsdóttur bókmenntafræðings. Hópurinn þekkti efni þessa málaflokks vel og ábendingar þeirra voru skarpar og greinargóðar. Að auki ráðfærði ég mig við marga vini mína um ýmis atriði, til dæmis sagnfræðingana Guðna Th. Jóhannesson, Má Jónsson, Sigrúnu Sigurðardóttur, Ólaf Rastrick, Braga Þorgrím Ólafsson, Mary Lindemann og John B. Thomas, og einnig Valdimar Tr. Hafstein þjóð- og mannfræðing,

1 Námskeiðin þar sem ég fékk tækifæri til að viðra skoðanir mínar á efninu voru sem hér segir: Á B.A.-stigi við sagnfræðiskor Háskóla Íslands: „Sjálfsævisögur og sagnfræði“, haustið 1995; „Persónulegar heimildir í sagnfræði“, haustið 1998; „Minnið, sagan og persónulegar heimildir“, haustið 2001. Á M.A.-stigi við heimspekideild Háskóla Íslands (fyrir allar skorir): „Byggðamenning“, haustið 2000 (ásamt öðrum). Á M.A.-stigi við íslenskuskor Háskóla Íslands: „Ævisögur – sjálfsævisögur – skáldsögur“, haustið 2003 (ásamt öðrum). Á B.A.-stigi við Carnegie Mellon University í Pittsburgh í Bandaríkjunum: „Rumors, Scandals, Trials and Memory“, vorið 2002. Á B.A.-stigi við Viðskiptaháskólann á Bifröst: „Samtíamamenning“, haustið 2003 (ásamt öðrum).

Matthías Viðar Sæmundsson íslenskufræðing, Soffiu Auði Birgisdóttur bókmenntafræðing, Einar Baldvin Stefánsson lögfræðing, Róbert H. Haraldsson heimspeking og Nicholas Jones málfræðing. Þetta fólk hefur allt haft góð áhrif á hugmyndir mínar á undanförunum árum og veitt mér stuðning með ýmsum hætti.

Monika Magnúsdóttir, bókasafns- og sagnfræðingur, og Kári Bjarnason, M.A. í íslenskum fræðum og starfsmaður handritadeildar Landsbókasafns, eiga miklar þakkir skildar. Vinna þeirra við verkið á eftir að auka notagildi þess til muna. Monika var einmitt einn af nemendum mínum í fyrsta námskeiðinu um sjálfsævisögur sem ég hélt hér á landi árið 1995. Hún hefur sjálf unnið með persónulegar heimildir og skrá hennar um útgefnar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur (viðtöl) er mikils virði. Sömu sögu er að segja um vin minn til margra ára, Kára Bjarnason. Við höfum unnið í mörg ár að útgáfu persónulegra heimilda í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Þekking hans og skilningur á þessum heimildaflokki hefur reynst mér mikilvægt veganesti í rannsóknum mínum. Skrá hans á eftir að reynast fræðimönnum framtíðarinnar mikilvægur vegvísir.

Síðast en ekki síst las ritstjóri bókarinnar Guðmundur Hálfðanarson, prófessor við sagnfræðiskor Háskóla Íslands, bókina mjög vandlega yfir og gerði umfangsmiklar tillögur um breytingar. Guðmundur hefur yfirsýn yfir alla efnisþætti þessarar bókar vegna fyrri rannsókna sinna. Það var mér því mikið kappsmál að fá hann til að ritstýra verkinu og það reyndist vera gæfu- spor. Allar ábendingar hans reyndust ómetanlegar.

Þessu góða fólki þakka ég stuðninginn og vináttuna sem verður víst seint endurgoldin sem skyldi.

Erna Erlingsdóttir íslenskufræðingur las verkið yfir í handriti, Alda Lóa Leifsdóttir sá að vanda um hönnun bókarkápu, Sverrir Sveinsson prentari braut bókina um, Olgeir Skúli Sverrisson, bókagerðarmaður og eigandi fyrirtækisins Hjá OSS, hafði prentumsjón á sinni könnu og Ásgeir Guðmundsson í Bókavirkinu sá um bókband. Allt þetta einvalalið, sem flest hefur unnið við fyrri bækur mínar, ásamt aðstandendum Háskólaútgáfunnar með Jörund Guðmundsson í broddi fylkingar, á miklar þakkir skildar. Enn á ný stóð þetta fólk sína vakt og vann verk sitt af fágætri kostgæfni.

Mig langar til að tileinka verkið fjölskyldu minni sem hefur verið mér ómetanleg stuðningshella á öllum stigum ævi minnar. Án hennar stæði ég í öðrum sporum í dag.

29. ágúst 2004

Sigurður Gyfi Magnússon

I. Sögur í sögum

Mynd er minning, frosið andartak. Ég sat fyrir hjá ungri listakonu fyrir tæpum tuttugu og fimm árum á meðan hún mótaði í huga sér mynd af manni og leitaðist síðan við að draga hana upp í huga sínum og á blað. Í mörg ár hékk verkið á vegg á heimili okkar og síðar lá myndin í geymslu í húsi foreldra minna. Nú er hún dregin fram á ný og skoðuð. Þessi frásögn gæti verið hluti af sjálfsævisögu minni, í hnotskurn.

Tengsl milli fólks og hluta myndast og rofna en lífið heldur áfram. Það felst í stöðugum tilraunum mannsins til að halda utan um eigið sjálf. Minningarnar eru hluti af þeirri endalausum framleiðslu sem sjálfið byggist á; minningaframleiðslunni – sjálfssköpun einstaklingsins í tilraun sinni til að vera það sem hann eða hún kýs að verða.

Maðurinn á myndinni er ég, flaug mér í hug um daginn þegar minningar streymdu fram um liðna tíð. En ég sagði síðan við sjálfan mig: Eða öllu heldur, ég var þessi maður!

Fortíð – Fljótlega eftir að ofangreint myndlistarverk varð til hóf ég að hugsa skipulega um sagnfræði. Röð tilviljana leiddi til þess að ég tók að byggja rannsóknir mínar á persónulegum vitnisburði fólks. Sú viðleitni hófst fyrst á níunda áratug tuttugustu aldar með viðtölum sem ég tók við einstaklinga sem tengdust verki sem gefið var út árið 1985 á bók undir heitinu *Lfshættir í Reykjavík 1930-1940*. Því næst tók ég að nýta vitnisburð höfunda sjálfsævisagna í upphafi tíunda áratugarins þegar ég vann að doktorsritgerð minni í Bandaríkjunum um alþýðumenningu á Íslandi. Loka-skrefið var síðan tekið á síðari hluta sama áratugar þegar ég hóf notkun margskonar annarra persónulegra heimilda við rannsóknir eins og dagbóka, bréfa, sveitablaða og fræðilegra spurningalista. Þá var ég farinn að sinna fræðunum með fulltingi einsögunnar (e. *microhistory*), rannsóknaraðferðar sem nýtist ákaflega vel við að vinna úr þessum heimildum. Smátt og smátt tókst að byggja upp hugmyndafræði sem vísaði veginn við vísindalegar rannsóknir í anda einsögunnar. Verkið sem hér birtist að hluta er að vissu leyti afrakstur þessa starfs sem staðið hefur tæpan aldarfjórðung.

Verkið hefur þjár hliðar: Í fyrsta lagi eru heimildir sem tengjast sjálfinu

skilgreindar og markvisst sýnt fram á tengsl og skyldleika þeirra á milli. Í öðru lagi er dregið fram hvernig fræðimenn hafa meðhöndlað persónulegar heimildir á nítjándu og tuttugustu öld í hug- og félagsvísindum. Í þriðja lagi er leitað inn á við og kannað hvernig minnið starfar og hvernig minningar varðveitast. Spurt er hvaða þýðingu minnisumræðan kunni að hafa fyrir rannsóknir í sagnfræði og fleiri greinum hugvísinda nú við upphaf nýrrar aldar.

Margræð framvinda þessarar sögu sem hér er rakin er ekki aðeins sundurlaus heldur eru mjög skiptar skoðanir um einstaka þætti hennar á meðal fræðimanna. Rannsóknin sjálf á sér langa forsögu. Í lok níunda áratugarins hóf ég að viðað mér efni í doktorsritgerð. Ég safnaði öllum upplýsingum sem ég komst yfir um sjálfsævisögur og fræðilega umræðu sagnfræðinga um efnið. Skemmst er frá því að segja að ekki var um auðugan garð að gresja. Ég rak mig á að flestir fræðimenn voru frekar andsnúnir notkun persónulegra heimilda. Heimildaflokkurinn átti hreinlega undir högg að sækja. Þeir sagnfræðingar sem studdust á annað borð við persónulegar heimildir beittu svonefndum meginðlegum aðferðum en horfðu framhjá því sem ég tel helstu kosti þessara heimilda – hinum huglægu eiginleikum þeirra.

Árið 1994 flutti ég heim frá Bandaríkjunum eftir níu ára dvöl og fór fljótlega að leggja drög að bók um sjálfsævisögur á grunni þeirra rannsókna sem ég hafði stundað ytra. Ég var kominn vel áleiðis með þá vinnu þegar ég tók að glíma við hugmyndafræði einsögunnar sem er að stofni til eigindleg aðferðafræði. Þar með datt botninn úr handriti mínu, það braut í bága við þær fræðilegu áherslur sem ég var að tileinka mér. Það var ekki fyrir en síðar að ég sá að það gæti verið áhugavert að halda áfram með hugmyndina að bók um sjálfsævisögur en taka þar með í reikninginn ólíka nálgun þeirra sem nýta sér mest meginðlegar aðferðir og hinna sem beita eigindlegum rannsóknaraðferðum. Hugmyndin var að skýra jöfnum höndum frá ritunarsögu handritsins og glímu minni við hugmyndafræði persónulegra heimilda. Með þessu móti tókst mér að sætta þá aðferða- og hugmyndafræðilegu togstreitu sem hafði búið innra með mér og einkenndi að mínu viti hugvísindi í lok tuttugustu aldar. Þetta verk er því ekki aðeins rannsókn á þróun sjálfsins heldur einnig fræðileg sjálfsævisaga mín þó að sá hluti sé ekki áberandi í verkinu.

Persónulegar heimildir – Á allra síðustu árum hafa nokkrir sagnfræðingar hér á landi sérhæft sig í rannsóknum og úrvinnslu persónulegra heimilda. Í þeim hópi eru höfundar sem áttu greinar í bókinni *Einsagan – ólíkar*

leiðir, en nokkrir þeirra hafa haldið áfram með rannsóknir sínar og prófritgerðir og gefið heimildunum og eðli þeirra sérstakan gaum. Þar má nefna sagnfræðingana Davíð Ólafsson og Sigrúnu Sigurðardóttur en bæði hafa þau tekið þátt í að móta hugmyndafræði einsögunnar hér á landi og þar hefur mikið mið verið tekið af persónulegum heimildum. Davíð má telja einn helsta dagbókarsérfræðing landsins enda tók hann meðal annars saman skrá yfir allar dagbækur varðveittar í handritadeild Landbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og ritaði M.A.-ritgerð um þróun þessara skrifa hér á landi. Bók hans *Frá degi til dags*, sem er væntanleg á næstu misserum, er samantekt á þessum rannsóknum.¹ Davíð gaf einnig út bókina *Burt – og meir en bazarleið* með mér árið 2001 sem fjallar um vesturfarana íslensku á nítjándu öld. Sigrún hefur birt niðurstöður rannsókna sinna í bókinni *Elskulega móðir mín* sem kom út árið 1999 en allar komu þessar bækur út í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar.² Við Kári Bjarnason, starfsmaður handritadeildar Landsbókasafns, komum þessari ritröð á laggirnar í samvinnu við Háskólaútgáfuna. Síðar komu til leiks við okkur sagnfræðingarnir Davíð Ólafsson og Már Jónsson, prófessor við sagnfræðiskor Háskóla Íslands. Þessi heimildaútgáfa hefur það markmið að gefa út óbirtar frumheimildir úr fjölbreyttri flóru persónulegs vitnisburðar sem og heimildir sem tengjast á einn eða annan hátt einstaklingum og lífi þeirra á liðnum öldum.

Í kjölfar Sýnisbókanna hefur tveimur nýjum heimildaritröðum verið hleypt af stokkunum: Í fyrsta lagi ritröð Söguspekingastiftis í eigu Arnar Hrafnkelssonar, sagnfræðings og forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, og Þorfinns Skúlasonar íslenskufraedings, en þeir hafa einkum gefið út prentuð rit frá átjándu og nítjándu öld. Í öðru lagi hóf Heimildasafn Sagnfræðistofnunar göngu sína fyrir nokkrum árum en þar er útgáfustefnan

1 Davíð Ólafsson, *Frá degi til dags. Dagbækur og dagbókarritun á Íslandi á 18., 19. og 20. öld* kemur út í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar.

2 Nú þegar hafa komið út níu bækur í þessum flokki en þær eru: *Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfssævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld* (1997) og *Krcftbirtingarhjómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfssævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Eij. Magnússonar, skáldsins á Þröm* (1998). Ég sá um útgáfu þessara bóka. Þriðju bókina í flokknum tók Sigrún Sigurðardóttir saman: *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld* (1999) og fjórða bókin var í umsjón Ernu Sverrisdóttur bókmenntafræðings: *Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914* (2000). Við Davíð Ólafsson tókum saman fimmtu bókina sem heitir: *Burt – og meir en bazarleið. Dagbækur og persónuleg skr.f Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar* (2001). Þá sá Már Jónsson um útgáfu bókarinnar *Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Íscajjarðarsýslu 1711-1729* (2002). Loks komu út á þessu ári bók Braga Þorgríms Ólafssonar, *Landsins útvöldu synir* og Jónsbók sem Már Jónsson stóð að. Loks er það bókin *Fortíðardraumar*, sem hér er til umræðu.

lík þeirri sem Sýnisbókaröðin hefur fylgt frá upphafi.¹ Anna Agnarsdóttir, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands og ritstjóri ritraðar Sagnfræðistofnunar, lýsir markmiði hennar á eftirfarandi hátt:

Heimildasafn Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands hefur það markmið að gefa út heimildir um íslenska sögu, fyrst og fremst frumheimildir. Frumheimildir breytast ekki en túlkun og úrvinnsla fræðimanna á þeim breytist frá einni kynslóð til annarrar, frá einum manni til annars. Frumheimildir eru margbreytilegar en í þessari ritröð verða ritheimildir í fyrirrúmi: bréf, dagbækur, sjálfsævisögur, dómasöfn og rit er lýsa viðhorfum manna til síns samtíma svo að örfá dæmi séu nefnd. Í hverju riti verður fræðilegur innangangur og skýringar, þar sem heimildirnar eru settar í sögulegt samhengi. Það er von ritstjóra að þessi ritröð muni auðvelda rannsóknir fræðimanna í framtíðinni.

Mikið fagnaðarefni er að áhugi skuli hafa kviknað á útgáfum persónulegra heimilda og heimildaútgáfu almennt þar sem óþrjótandi efni biður útgáfu í handritasöfnum um land allt. Fræðasamfélagið þarf virkilega á slíkum útgáfum að halda. Hér má benda á að Sögufélag í Reykjavík sem starfað hefur frá 1902 hafði það sem helsta markmið sitt að gefa út stór söfn opinberra heimilda eins og útgáfan á *Alþingsbókum Íslands* sýnir en þær komu út í sautján stórum bindum nær alla tuttugustu öldina. Að auki hafa komið út á vegum Sögufélags heimildir sem tengjast Landsyfirrétti og Stjórnarráði. Stofnun Árna Magnússonar hefur og unnið að öflugri heimildaútgáfu um margra áratuga skeið en stofnunin einbeitir sér að útgáfu fornrita eins og kunnugt er.

Framangreindar samtímaútgáfur og rannsóknaraðferðir sem tengjast persónulegum heimildum byggjast á merkilegu starfi sem fram fór um miðja tuttugustu öldina. Í fararbroddi var Finnur Sigmundsson landsbókavörður. Hann hratt af stað heimildaútgáfu íslenskra bréfa, ritröð sem birti sjö bækur á síðari helmingi aldarinnar.² Þessari útgáfu Finns fataðist heldur

1 Sjá til dæmis: *Einfalt Matreiðslu Vasa-Kver, fyrir heldri manna Hús – freyjur. Útgefið af Frú Assessorinnu Mörtu Maríu Stephensen* (Hafnarfirði, 1996). – *Dulsmál 1600-1900: fjórtán dómar og skrá*. Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang. Heimildasafn Sagnfræðistofnunar 2 (Reykjavík, 2000). Í ritröð Sagnfræðistofnunar hafa komið út tvær bækur en Söguspekingastiftið hefur gefið út sex slíkar. Þess má og geta að út hafa komið á síðari árum einstaka heimildaútgáfur eins og bókin: *Upplýsingaröldin. – Úrval úr bókmenntum 18. aldar*. Víkingur Kristjánsson og Þorfinnur Skúlason tóku saman (Reykjavík, 2000). Mikil fengur er að útgáfum að þessu tagi og þær auka á fjölbreytnina á þessu sviði.

2 Þessi heimildaútgáfa Finns Sigmundssonar bar yfirskriftina Íslensk sendibréf og verða bækurnar taldar upp hér í rétti röð: *Skr. farinn á Stapa. Sendibréf 1806-1877*. Íslensk sendibréf I (Reykjavík, 1957). – *Biskupinn í Görðum. Sendibréf 1810-1853*. Íslensk sendibréf II

flugið í lok sjöunda áratugar tuttugustu aldar en þó áttu eftir að birtast upp úr 1970 nokkrar útgáfur sendibréfa sem Finnur stóð að.¹ Næsta stóra áttak í þessum efnunum var svo útgáfa Sýnisbókanna sem hófst eins og áður sagði árið 1997.

En Finnur Sigmundsson var ekki einn um að gefa út persónulegar heimildir. Á fyrri helmingi tuttugustu aldar voru gefin út merkileg bréfasöfn skálda og stjórnmálamanna. Þar má nefna bréfasöfn Stephans G. Stephanssonar og Matthíasar Jochumssonar.² Margt annað efni leit dagsins ljós um þær mundir sem hafði jákvæð áhrif á notkun fræðimanna á persónulegum heimildum. Ef til vill hafa þessar útgáfur þó fyrst og fremst þjónað því mikilvæga hlutverki að tengja almenna lesendur sterkari böndum við fortíðina og veita þeim mikilvæga sýn inn í liðinn tíma. Von mín er að framhald verði á útgáfum persónulegra heimilda því að þær eru afar mikilvægar fyrir framgang húmanískra fræða og skilning áhugasamra lesenda á fortíðinni.³ Slíkar útgáfur auðvelda mjög rannsóknir sem unnar eru undir merkjum einsögunnar.

(Reykjavík, 1959). – *Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797-1907*. Íslensk sendibréf III (Reykjavík, 1961). – *Háfnarstúdentar skrifa heim. Sendibréf 1825-1836 og 1878-1891*. Íslensk sendibréf IV (Reykjavík, 1963). – *Doktor Valiyr segir frá. Úr bréfum Valtýs Guðmundssonar til móður sinnar og sjúpa 1878-1927*. Íslensk sendibréf V (Reykjavík, 1964). – *Gömul Reykjavíkurbréf 1835-1899*. Íslensk sendibréf VI (Reykjavík, 1965). – *Geir biskup góði í vinarbréfum 1790-1823*. Íslensk sendibréf VII (Reykjavík, 1966). Áður hafði Finnur gefið út bókina *Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900* (Reykjavík, 1952). – *Úr fótum Jóns Árnasonar. Sendibréf I-II* (Reykjavík, 1950-1951). – *Sonur gullsmiðsins á Bessastöðum. Bréf til Gríms Thomsens og varðandi hann 1838-1858* (Reykjavík, 1947). – *Húsfreyjan á Bessastöðum. Bréf Ingiljargar Jónsdóttur til bróður síns, Gríms amtmanns* (Reykjavík, 1946). Vísa má í umtjöllun Halldórs Bjarnasonar sagnfræðings um heimildaútgáfur á síðari árum: „Gestir úr fortíðinni – á nýjum fótum. Straumar og stefnur í íslenskri heimildaútgáfu 1995-99.“ *Ný saga* 13 (2001), bls. 77-86.

- 1 *Þeir segja margt í sendibréfum* (Reykjavík, 1970). – *Vesturfarar skrifa heim I. Frá íslenskum mormónum í Utah* (Reykjavík, 1975).
- 2 *Bréf Matthíasar Jochumssonar*. Steingrímur Matthíasson bjó til útgáfu (Akureyri, 1935). – *Stephan G. Stephansson – Bréf og ritgerðir I-IV*. Þorkell Jóhannesson bjó til útgáfu (Reykjavík, 1938-1948).
- 3 Ein málstofan á öðru söguþingi sem haldið var árið 2002 í Reykjavík fjallaði um heimildaútgáfur. Hún nefndist: „Undirstaða sagnfræðirannsókna: Heimildaútgáfur“ (sjá 2. íslenska söguþingið. 30. maí – 1. júní 2002. *Ráðstæfnurit* II. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002)) og hafði Anna Agnarsdóttir veg og vanda af skipulagningu hennar. Þátttakendur voru Anna Agnarsdóttir sem nefndi erindi sitt: „Heimildaútgáfur: Þúkó og gamaldags?“, bls. 114-123. – Már Jónsson, „Hallgrímur með linan flibba. Nauðsyn nútíma-stafsetningar“, bls. 124-133. – Svanhildur Óskarsdóttir, „Stafir á bók? Um vísindalegar textaútgáfur“, bls. 134-143. – Sigurður Gylfi Magnússon, „Að kasta ellibelgnum. Hugmyndafræði sagnfræðilegar heimildaútgáfu“, bls. 144-159. Mikill áhugi á heimildaútgáfu hér á landi kom fram hjá fjölmörgum fundarmönnum og er ástæða til að ætla að hjart sé framundan í þessum efnunum.

Heimildaútgáfan hefur einnig tekið nokkur mikilvæg skref inn í nútímann. Hópur fræðimanna hér á landi hefur á síðustu árum unnið að útgáfu frumheimilda á veraldarvefnum undir merkjum Heimildastofnunar.¹ Markmið starfsins er að gera frumheimildir aðgengilegar öllum fræðimönnum, nemendum og áhugafólki um íslenska menningu. Ef vel tekst til getur veraldarvefurinn svo sannarlega gjörbreytt aðgengi að þeim hluta menningararfsins sem flestum hefur verið hulinn.

Allt starf sem tengist útgáfu heimilda, sérstaklega persónulegra heimilda, hefur ýtt mjög undir notkun þeirra í sagnfræði. Samhliða því hafa fleiri fræðimenn en áður beint sjónum að hugmyndafræði einsögunnar sem hefur gefið heimildunum mjög þýðingarmikið aðferðafræðilegt aðhald. Einsagan hefur opnað leið að persónulegum heimildum sem fræðimönnum var ekki ljós fyrr. Margir einsögufræðingar hér á landi hafa gert persónulegar heimildir að helsta viðmiði rannsókna sinna og nægir í því sambandi að benda á greinasafnið *Einsagan – ólíkar leiðir* og bók mína *Menntun, ást og sorg* sem kom út árið 1997.² Íslenski einsöguskólinn nýtur að þessu leyti nokkurrar sérstöðu í heimi einsögufræða vegna áherslunnar sem hefur beinst að persónulegum heimildum. Nú er svo komið að hægt er að ræða um íslenska einsöguskólann sem sérstakt og afmarkað fyrirbæri í heimi alþjóðlegra fræða. Erlendis, einkum á Ítalíu, hafa einsögufræðingar nýtt sér réttarskjöl við rannsóknir sínar. Þó eru sannarlega mikilvægar undantekningar á þeirri rannsóknarleið bæði þar og annars staðar. Útgáfa persónulegra heimilda af ólíkum gerðum hefur verið forsenda fyrir fræðistarfi einsögufræðinga hér á landi og ekki er ólíklegt að slíkar útgáfur muni auka veg einsögurannsókna í framtíðinni og styrkja þann grunn sem þær hvíla á.

Sjálfsævisögur – Rannsóknir íslenskra einsögufræðinga hafa aðallega beinst að dagbókum og bréfum en síður að öðrum tegundum persónulegra heimilda eins og viðtölum, spurningalistum og sjálfsævisögum. Í þessu verki er sjálfsævisagan hins vegar sett í öndvegi og heimildir sem henni tengjast teknar fyrir undir samheitinu *sjá,fsbókmenntir*.³ Hugmyndin er að lyfta sjálfsævisögunni á verðugan stall með öðrum persónulegum heimildum.

1 Þeir sem skipa Heimildastofnunarhópinn eru: Már Jónsson, Sigurður Gylfi Magnússon, Kári Bjarnason, Arni Svanur Danielsson, Örvar Kárasen, Davíð Ólafsson og Haraldur Bernharðsson. Heimasíða Heimildastofnunar er www.heimildir.is en hún er í stöðugri endurskoðun og verður það á næstu árum.

2 Ég vil einnig benda á að frá 1995 hef ég boðið upp á námskeið í sagnfræðiskor Háskóla Íslands sem fjalla um persónulegar heimildir og einnig um einsöguna og minnið. Sjá yfirlit á heimasíðu minni: www.akademia.is/sigm í kví sem ber heitið „Kennsla á háskólastigi“.

3 Hugtökin *sjá,fsbókmenntir* og *sjá,fsögur* verða skýrð í næsta kafla.

Sjálfsævisagan hefur vissulega ákveðna sérstöðu innan þessa heimildaflokks. Í fyrsta lagi gerir einstaklingur þar skipulega tilraun til að líta yfir farinn veg, vega lífsferil sinn og meta. Mikilvægi þessa felst einkum í skilningi einstaklingsins á eigin lífi og því samhengi sem þannig fæst í líf höfundarins, samferðamanna hans og þjóðfélagsins í heild. Þessi einkenni bjóða upp á margvíslega notkun heimildarinnar en setja henni um leið ákveðnar skorður.

Í öðru lagi gefur sjálfsævisagan okkur kost á að meta hvers virði minnið er mannum og á hvern hátt það mótast með hverjum og einum. Tækifæri gefst til að meta minni einstaklinga og ekki síður svonefnt sameiginlegt minni (e. *collective memory*) hópa og jafnvel stétta sem fræðimenn telja að móti oft hvaða minningar eru taldar einhvers virði. Loks veita sjálfsævisögur og sjálfsbókmenntir tækifæri til að meta hið sögulega minni (e. *historical memory*) sem varpar ljósi á stöðu sagnfræðinnar í heimi vísindanna og hvaða augum þeir líta fortíðina. Þeir skapa „kennileiti minninga“ sem stýra í einhverjum skilningi minningaframleiðslunni og tengslum einstaklinga við fortíðina.¹ Sagan er sannarlega tæki til að ná tökum á völdum og áhrifum og hið sögulega minni er mikilvægt verkfæri í þeirri glímu. Í þessari umfjöllun má spyrja sem svo: Um hvað snerist þessi fortíð sem við drögum fram úr hugskotum okkar? Spurningar af þessu tagi hafa fengið mikla athygli hjá fræðimönnum um allan heim á síðustu árum og sjálfsævisagan gefur óvenju gott tækifæri til að kanna myndun og mótun minningabrota sem einstaklingar kalla fram í sjálfsævisögum sínum.

Í þriðja lagi gefa rannsóknir á sjálfsævisögum og öðrum sjálfsbókmenntum færi á því að draga fram muninn á megindlegum og eigindlegum rannsóknarspurningum. Í þessu rannsóknarverki mun ég gera grein fyrir ákveðinni spennu, bæði í minni eigin fræðimennsku og annarra, milli megindlegra og eigindlegra rannsóknaðferða í sagnfræði og skyldum greinum.² Ég er þeirrar skoðunar að þessi nálgun leiði í ljós margþætta notkunarmöguleika heimildanna og dragi jafnframt fram ákveðinn skoðanaágreining innan fræðanna um ólíkar rannsóknarleiðir. Ég mun því gera að umtalsefni rökræður sem hafa sett mikinn svip á sagnfræðiumræðu víða um

1 Síðar verður farið nákvæmar út í þennan mun á minni einstaklinga, sameiginlegu minni og sögulegu minni. Sjá þó grein eftir Susan A. Crane, „Writing the Individual Back into Collective Memory.“ *The American Historical Review* 102 (December 1997), bls. 1372-1385.

2 Jón Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Heimskuleg spurning fær háðulegt svar. Orð og æði – Minni og merking.“ *Íslenska söguþingið 28. – 31. maí 1997. Ráðstæfnurit II*. Ritstjórnar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík, 1998), bls. 47-56.

heim á síðustu árum og hvernig sú samræða hefur haft áhrif á mína eigin fræðimennsku.

Fjölskyldumál – Í októbermánuði árið 2000 féll faðir minn, Magnús Helgason, frá í fullu fjöri, rétt tæplega 84 ára að aldri. Hann var maður sendibréfsins. Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri verslunar-, verktaka- og iðnfyrirtækja í marga áratugi þurfti hann að eiga samskipti við fjöldann allan af viðskiptavinum, innlendum og erlendum, með bréfaskiptum. Þetta vissi ég og fylgdist oft með honum á unga aldri þegar hann var að semja bréf á skrifstofu Málningarverksmiðjunar Hörpu hf. sem hann veitti lengst af forstöðu. Síðar meir, þegar ég hélt til framhaldsnáms til Bandaríkjanna árið 1985, átti ég eftir að njóta þessarar miklu iðu hans og ástundunar við bréfaskriftirnar. Sjálfur svaraði ég í sömu mynt og á tímabili sendi ég foreldrum mínum, þáverandi tengdforeldrum, vinum og öðrum vandamönnum nokkurn fjölda bréfa. Í minningunni finnst mér ég hafa verið nokkuð viljugur bréfitari og mundi að bréfaskriftirnar virkuðu á mig sem sálfræðileg meðferð hjá fagmanni. Þarna fékk ég nefnilega tækifæri til að lýsa því sem fyrir augu bar í hinum nýju heimkynnum mínum og draga saman það sem mér fannst mikilvægt í sambandi við reynsluna af dvölinni á erlendri grund. Fyrstu misserin virkuðu á mig sem fræðileg vítamín-sprauta og mér fannst eins og ég gæti ekki fengið nóg af því að ræða um þau hughrif sem ég nam á hverju andartaki. Námsfélagar mínir sem komu víða að úr heiminum þreyttust sömuleiðis seint á að ræða um nýja strauma og stefnur sem við vorum að tileinka okkur og úr þessu varð mjög eftirminnileg hugmyndafræðileg deigla sem hafði mikil áhrif á alla. Dögum, vikum og mánuðum saman sátum við yfir hugmyndum sem rötuðu inn á dagskrá okkar og lögðum í endalausar rökræður um einstaka þætti sem tengdust glímunni við fortíðina og fagið. Eftir á að hyggja finnst mér sem þarna hafi ég fæðst inn í nýjan heim sem hefur mótað hugsun mína og hugmyndir æ síðan. Mér lá mikið á hjarta og fannst ég þurfa að koma því frá mér til þeirra sem heyra vildu. Faðir minn var sérstaklega áhugasamur um allt sem laut að sögu og fræðigreininni og deildi ósvikið þessum áhuga og ákafa með mér.

Þegar frá leið varð minningin um þýðingu þessara skrifa óljós en þær fengu nýja merkingu stuttu eftir andlát föður míns. Móðir mín, Katrín Sigurðardóttir, seldi nefnilega húsið sem hafði verið heimili þeirra í vesturbæ Reykjavíkur í tæp fjörutíu ár og í flutningunum komu í leitirnar um eitt hundrað bréf sem ég hafði sent foreldrum mínum, aðallega á árunum 1985-1988.

Mig rak í rogastans og lagðist í lestur. Þarna fannst mér ég fá tækifæri til að rifja upp margt af reynslu minni frá þessum árum sem ég hafði lítið leitt hugann að á síðari tímum. Við lesturinn opnaðist á vissan hátt ný sýn á veruleikann.

Bréfin höfðu þau áhrif á mig að ég tók að grennslast fyrir um hvað hafði orðið um þau bréf sem mér höfðu borist til Bandaríkjanna. Ég hafði engu eða fáu hent en ekki heldur haldið þessum bréfum sérstaklega til haga. Í leitirnar kom mikill fjöldi bréfa sem höfðu varðveist í umslögum og möppum í hafurtaski mínu.

Ég tók til við að lesa og raða í tímaröð því efni sem ég hafði í höndunum. Fljótlega varð mér ljóst að faðir minn hafði verið gríðarlega afkastamikill bréfitari og þegar upp var staðið reiknaðist mér til að hann hefði sent mér tæplega fimm hundruð bréf á þessu tímabili. Faðir minn hafði sent mér um eitt bréf á viku og sagt undan og ofan af því sem á daga hans og annarra í fjölskyldunni hafði drifið. Flest þeirra hafði ég varðveitt en einhver höfðu þó lent í glatistunni. Ég er ekki frá því að mér hafi borist nokkur hundruð bréf að auki frá öðrum fjölskyldumeðlimum og vinum. Við lestur þessara bréfa lukust upp fyrir mér tímabil í ævi fjölskyldunnar og þættir úr fortíðinni sem höfðu nær algjörlega liðið mér úr minni. Og það sem meira var, margar minningarnar sem ég hafði gleymt voru tengdar dramatískum atburðum í lífi mínu og fólksins sem ég tengdist fjölskylduböndum. Ég stóð sem sagt frammi fyrir opinberun eigin lífs og var undrandi á niðurstöðunni! Lestur þessara bréfa veitti ótrúlega skýra mynd af liðinni tíð, sögu þess fólks sem mig varðaði mestu, en um leið fjölmargra annarra sem við sögu komu.

Faðir minn hafði þann háttinn á að hefja vinnudaginn flesta mánudaga með því að skella blaði í ritvélina og segja frá lífinu í Reykjavík. Á leiðinni heim í hádeginu, en hann fór jafnan heim til að matast, kom hann bréfinu í póst og nokkrum dögum síðar barst mér það alla leið til Pittsburgh í Pennsylvaníu. Á tímabilinu frá 1985 til 1994 breyttust samskiptamöguleikar nokkuð. Ódýrara varð að taka upp síma og hringja og faxtækið bauð upp á ný tækifæri. Karl faðir minn tók til dæmis upp á því að faxes bréfin til mín þannig að ég fékk þau í hendurnar samdægurs. Upp frá því átti hann það til að senda mér stuttar nótur eða athugasemdir líkt og nú er gert í tölvupósti sem ég hef ekki endilega haldið upp á. Lengri bréf sendi hann síðan líka í pósti, svona rétt til öryggis! Þau á ég nánast öll og mörg í tvíriti. Faxtækið kom sér einnig vel á lokaspretti doktorsritgerðar minnar þegar ég var fjarri heimildum. Þá tók faðir minn að sér að afla gagna og senda mér ljósrit af þeim í faxi. Þetta flýtti mikið fyrir allri vinnu minni og reyndist ómetanleg

hjálp. Ég er ekki frá því að hann hafi haft nokkra ánægju af öllu tilstandinu en oftsinnis lagði hann leið sína á söfn og viðaði að sér efni til þess að senda mér. Stundum voru óskir mínar heldur óljósar eins og eftirfarandi lýsing hans gefur til kynna:

Sonur sæll.

Strax og ég kom heim frá Vesturströnd [heimili bróður míns Helga og fjölskyldu hans] í gær tók ég að athuga hvað ég ætti í bókahillunum af lesmáli um húsakost Íslendinga á því tímabili sem þú ert að fjalla um í ritgerð þinni. Ég mundi eftir ritgerð um þetta efni í Múraratali og steinsmiða. Ég er búinn að að ljósrita það og faxes það hér á eftir.

Í lok þessarar ritgerðar er getið um heimildir, þ.á.m. Guðm. Hannesson: Húsagerð á Íslandi. Ég ákvað strax að fara upp á Landsbókasafn og skoða þetta ritverk. Til vonar og vara fletti ég Guðmundi upp í Læknatalinu, þar sem mikill fjöldi ritverka eftir hann eru tíunduð. Þar kemur fram að ritgerðina er að finna í *Iðnsögu Íslands I* (bls. 1-300). Þetta segi ég þér rétt til að sýna hvernig alþýðufræðimenn vinna!

Nú fer ég upp á Safn til að lesa þessar 300 blaðsíður og afla ljósrita af þeim köflum sem mér sýnist að muni koma að gagni. Ég vek athygli þína á því að í þessum skrifuðu orðum er klukkan 9:15, svo þú sérð að morgunverkin eru djúg!¹

Þannig leysti faðir minn úr mörgum vanda og gerði mér kleift að ljúka doktorsritgerðinni á tilsettum tíma. Í öðru bréfi frá því í janúar 1993, tæpu ári fyrir doktorsvörn, segir hann sem svo: „Ég fékk pöntunina frá þér og mér gekk vel í Landsbókasafninu að fá ljósritin, sem ég faxes til þín hér með. Hikaðu ekki við að senda mér frekari verkefni, ég mun leysa úr þeim með glöðu geði.“ Hafa ber í huga að þetta var áður en notkun tölvupósts varð almenn, í það minnsta náði faðir minn aldrei að tileinka sér hann þótt hann notaði tölvur til ritvinnslu, kominn fast að áttæðu.

Stuttu eftir lestur bréfanna frá Bandaríkjunum, sem kom miklu róti á huga minn, átti ég þess kost að dvelja í Pittsburgh um hálfis árs skeið við vísindarannsóknir sem styrkþegi Fulbright-stofnunarinnar. Við það að ganga um stræti og torg Pittsburgh hrönnuðust upp minningar um liðinn tíma, minningar sem ég hafði fyrir löngu gleymt eða „geymt“, en skynjaði að voru mér afar dýrmætar þegar þær rötuðu fram á sjónarsviðið á ný. Ég skildi að þær voru stór hluti af persónu minni og veruleika þótt ég hefði ekki unnið meðvitað með þær svo árum skipti. Ég fann að ég skildi betur stöðu mína sem útlendingis í framandi landi og hvaða áhrif hún hafði á

1 Bréf Magnúsar Helgasonar til Sigurðar Gylfa Magnússonar ritað í Reykjavík, 28.9.1992 (E).

tjáningu mína um fræðileg viðfangsefni og mína eigin persónu. Þar sem glíma mín á sínum tíma við nýjar aðstæður, nýtt tungumál og menningu var svo römm þá er ég viss um að atburðarásin og einstaka minningabrot hafa skerpt minni mitt á þessum árum. Í það minnsta stóðu Bandaríkjaárin mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum eftir lestur bréfanna og vettvangskönnunina árið 2002.

Kanadíski fræðimaðurinn Eva Hoffman fjallar um þátt tjáningarinnar í sjálfsævisögu sinni *Lost in Translation* en hún var í þeirri aðstöðu að þurfa að „læra“ nýtt umhverfi og tungumál þegar hún flutti ung að árum frá Póllandi til Kanada. Þau umskipti flæktu ekki aðeins hugmyndir hennar um sjálfið heldur einnig almenna tjáningu hennar um blæbrigði lífsins. Minningin um vegferðina eftir brottflutninginn frá Póllandi var blandin beiskju og fögnuði yfir aðstæðum hennar.¹ „Á ensku náðu orðin ekki þeirri hæð sem hugarástand mitt hafði í einkasamræðum“, segir Eva Hoffman í sjálfsævisögu sinni og heldur áfram:

Tímabilið rétt áður en ég fór að sofa var vanalega sá tími þegar hugur minn varð bæði móttækilegur og vakandi, þegar ímyndir og orð komu upp í meðvitundina, endurtóku það sem hafði gerst um daginn, bættu reynslu dagsins í safnið sem fyrir var og ófu saman þræðina í einstaklingssögu mína.

Núna var þessi sýning mynda og orða horfin, þræðirnir voru trosnaðir og slitnir.²

Þessi frábæra lýsing Hoffman á mikilvægi tungumálsins er sérlega upplýsandi vegna þess að hún opinberar vanda þeirra sem koma inn á nýtt málsvæði og þurfa að muna og hugsa á nýjan hátt, í nýju málumhverfi.

Reynsla mín var svo sem ekki ýkja dramatísk en engu að síður hafði staða mín sem útlendings tvímælalaust áhrif á skynjunina á umhverfinu og því efni sem ég var að tileinka mér. Hugtök á móðurmálinu hafa merkingu út fyrir orðanna hljóðan, merkingu sem sá sem talar málið lærir ýmist að skilja strax á unga aldri eða nær tökum á eftir því sem árin líða. Í nýju málumhverfi dofna þessi skilningur á hugtökunum vegna þess að orðabækurnar segja bara hálfa söguna. Við slíkar aðstæður verður glíman við tungumálið ákaflega þrúgandi og erfið. Skynfærin öll eru þanin til hins

1 Eva Hoffman, *Lost in Translation. A Life in a New Language* (London, 1989).

2 „In English, words have not penetrated to those layers of my psyche from which a private conversation could proceed. This interval before sleep used to be the time when my mind became both receptive and alert, when images and words rose up to consciousness, reiterating what had happened during the day, adding the day's experiences to those already stored there, spinning out the thread of my personal story. Now, this picture-and-word show is gone; the thread has been snapped.“ Eva Hoffman, *Lost in Translation*, bls. 107-108.

ýtrasta og allt er gert til að skilja samhengi hlutanna. Slíkar tilfinningar er greinilega að finna í bréfum mínum frá tímabilinu og minningarnar eru sömuleiðis mótaðar af stöðu útlendingans í landi „útlendinganna“ (fjölþjóðasamfélaginu). Minningar mínar eru því marki brenndar að vera hugs- aðar og meðteknar á tungumáli sem var mér alls ekki tamt fyrst í stað.

Ég komst að raun um á gangi mínum um þessa stórborg, Pittsburgh, að það væri óskaplega mikilvægt að hlúa að eigin minningum og öðlast þannig ákveðna ró í hjarta. Þetta er svo sannarlega ekki það sem er manni á miðjum aldri efst í huga í erli dagsins enda er vart hægt að segja að mér hafi tekist að öðlast slíka lífsfyllingu. En þegar allt kemur til alls met ég endurfundina við fortíðina mikils og skil og skynja þýðingu þeirra fyrir vellíðan mína í framtíðinni. Minningar eru nefnilega meira en liðin augnablik. Við höfum lagt í hverja minningu metnað, hugsun og verðmæti sem standa okkur ótrúlega nærri – ef við náum að treysta böndin við liðna tíð.

Þröstur Helgason, bókmenntafræðingur og blaðamaður á *Morgunblaði- nu*, spurði nóbelsverðlaunahöfundinn José Saramago hvort það væri rétt að hann hefði litla trú á þeirri sögu (sagnfræði) sem hefði verið skrifuð: „Fortíð Íslands verður aldrei skrifuð“, svarar Saramago og heldur áfram:

Það er aftur á móti hægt að skrifa eina, tvær, þrjátíu, fjórutíu sögur Íslands. En saga Íslands er ekki fortíð Íslands. Í fortíðinni er allt. En ef við skrif- uðum sögu lands eða sögu manns þá getum við ekki haldið því fram að allt úr fortíð þessa lands eða fortíð þessa manns sé í sögunni. Það væri lygi. Sagnfræðingur velur úr fortíðinni atburði sem virðast búa yfir einhverju samræmi og segir síðan: Þetta er saga Íslands.¹

Ég hef, rétt eins og Saramago, haldið því fram í nýlegum skrifum mínum að fortíðina sé ekki hægt að höndla og ég hef hvatt sagnfræðinga til að hverfa frá draumsýn um endurgerð fyrri tíðar – fortíðardraumum.² Í þessu sam- bandi hef ég hafnað yfirlitshugsun í sagnfræði og stórsögum (e. *grand narratives*) sem hættir til að hefta fleyga hugsun sagnfræðinga. Ég hef þess í stað lagt til nokkuð sem ég nefni „einvæðingu sögunnar“ sem er nokkurs

1 Þröstur Helgason, „Lífið er svört skáldsaga. Viðtal við José Saramago.“ *Morgunblaðið* 11. september 2003.

2 Í eftirtöldum greinum sem ég hef nýlega birt er komið inn á þetta efni með einum eða öðrum hætti: „Að kasta ellibelgnum“, bls. 144-159; „Fanggæsla vanans. Til varnar sagnfræði. Fyrri grein.“ *Skirnir* 176 (haust 2002), bls. 371-400; „Að stíga tvisvar í sama strauminn. Til varnar sagnfræði. Síðari grein.“ *Skirnir* 177 (vor 2003), bls. 127-158; „*The Singularization of History: Social History and Microhistory within the Postmodern State of Knowledge.*“ *Journal of Social History* 36 (Spring 2003), bls. 701-735; „Aðferð í uppnámi. Tuttugasta öldin vegin.“ *Saga* 41:1 (2003), bls. 15-54.

konar tilbrigði við hugmyndafræði einsögunnar. Þessi nýja hugmyndafræði byggist á tilraun til að rannsaka í þaula brotin sem varðveist hafa frá liðinni tíð, ekki í þeim tilgangi að fá yfirlit yfir söguna heldur til þess að öðlast betra færi á að *hugsa um fortíðina*. Hér er meginmarkmiðið því ekki fyllri og meiri þekking heldur ákjósanlegri staða til gagnrýnnar hugsunar. Til að hægt sé að komast í þá stöðu er afar mikilvægt að skilja eigin hugsun, hvernig *sjáfið* verður til og hvaða tækifæri mannskepnar hefur til að vega og meta vegferð sína. Minni einstaklinga hefur í þessu samhengi orðið mörgum fræðimönnum djúgt yrkisefni. Í hringiðu hversdagsins hafa möguleikar mannsins til að muna dofnað vegna gríðarlegs áreitis úr öllum áttum. Við hættum því að leggja hlutina á minnið en *reynum* hugtök, aðstæður, fortíðina og eigin sýn á veruleikann stöðugt á nýjan hátt. En til þess að eiga þess kost að skilja reynslu-hugtakið á þennan hátt er afar mikilvægt fyrir hvern og einn að eiga þess kost að meta mótun eigin sjálfs. Sömu sögu er að segja um sagnfræðinga og aðgang þeirra að hugmyndinni um sjálfið. Til þess að eiga kost á að fjalla um fortíðina er mikilvægt að að skilja mótunarferli sjálfsins. Rannsóknir á þróun sjálfstjáningarinnar sem allar heimildir byggjast á hljóta því að styrkja möguleika fræðimanna til að rannsaka fortíðina. Af þessum ástæðum lít ég svo á að persónulegar heimildir séu lykilheimildir fyrir fræðilegar rannsóknir. Samspilið milli minnis, minninga og tjáningar opnar óneitanlega óvænt tækifæri til gagnrýnnar hugsunar og athugunar á því hvernig þetta snertir viðfangsefni sagnfræðinga. Ég hef til dæmis gert atlögu að nokkrum ólíkum fræðasviðum innan sagnfræðinnar og beitt persónulegum heimildum til að nálgast viðfangsefni sem tengjast þeim á nýjan hátt. Tekin hafa verið til gagnrýnnar umfjöllunar fræðasvið eins og kvennasaga, félagssaga, saga Vesturheimsrannsóknna, hugarfarssaga, heimildafræði, lýðfræðirannsóknir og íslensk sagnfræði almennt að ógleymdri einsögunni.¹ Slíkt endurmat hefur að stórum hluta

1 Sjá umfjöllun mína um staðnaða stöðu kvennasögunnar og rökstuðning fyrir kynjafræðunum í greininni: „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 137-177. Þessari gagnrýni hefur Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur svarað á þann hátt að ég hafi ekki skilið undirstöður kvennasögunnar. Sjá: Margrét Guðmundsdóttir, „Landnám kvennasögunnar á Ísland.“ *Saga* 38 (2000), bls. 229-247. Gagnrýni mína á félagssöguna má meðal annars finna á nokkrum stöðum í greininni „*The Singularization of History: Social History and Microhistory within the Postmodern State of Knowledge*.“ Önnur grein sem nefnist: „Einsaga á villigötum?“ *Íslenskir sagnfræðingar*. Seinna bindi. *Viðhorf og rannsóknir*. Ritstjórar Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 2002), bls. 467-476. Í þessum tveimur greinum er fjallað um stöðu félagssögunnar á gagnrýnninn hátt. Loftur Guttormsson hefur sett út á gagnrýni mína á félagssöguna í eftirfarandi grein: „Stórt og smátt í sagnfræði. Athugasemdir í tilefni af einsöguskrifum Sigurðar Gylfa Magnússon sagnfræðings.“ *Skirnir* 175 (haust

byggst á margþættri notkun persónulegra heimilda og markvissri greiningu á birtingarmyndum sjálfsins.

Sú atburðarás sem hratt af stað athugun minni á bréflegum samskiptum við ættingjana leiddi fleira í ljós. Ég hafði varðveitt mörg bréf sem mér höfðu borist þegar ég var í sveit norður í landi, nánar til tekið á Egilsá í Skagafirði hjá Guðmundi L. Friðfinnsyni, bónda og rithöfund, og fjölskyldu hans frá sex ára aldri og næstu þrjú sumrin. Að auki fann ég töluvert af bréfum frá sumardvöl minni í Hrunamannahreppi í Árnessýslu, en þar var ég frá níu ára aldri og fram yfir fermingu. Ég dvaldi á Miðfelli hjá miklu úrvalsfólki, Margréti Sigurðardóttur og syni hennar Sigurði Gunnlaugssyni. Á þessum sama bæ, tæpum áttatíu árum fyrr, var Helgi afi minn Magnússon járnsmiður og kaupmaður í Reykjavík alinn upp frá tíu ára aldri til tvítugs (1882-1892). Hann var tekinn í fóstur af föðursystur sinni, Margréti Magnúsdóttur í Miðfelli, en hún fóstaraði á sama tíma systurson sinn, séra Árna Þórarinsson. Miklir kærleikar voru jafnan með þeim frændum og fósturbræðrum, afa mínum og séra Árna. Sá síðarnefndi var þekktur fyrir lifandi sagnagáfu sína eins og glögglega kom fram í endurminningariti eftir Þórberg Þórðarson sem síðar verður vísað til. Fjölskylda mín hafði því sterkar taugar til þessara slóða enda áar mínir flestir frá Langholti, Miðfelli, Galtafelli, Kópavatni og Birtingarholti í Hrunamannahreppi. Þessi tengsl má greina í mörgum bréfanna sem mér bárust á þessum árum og óhætt er að segja að frændgarður minn í Hreppum hafi gefið mér betra tækifæri til að skilja minningar fjölskyldu minnar en ella hefði verið. Endalausar sögur af séra Árna og öðrum höfðingjum úr þessu byggðalagi ylja manni um hjartarætur. Í það minnsta situr þessi tími rækilega í minninu og hefur haft heilmikla þýðingu fyrir líf mitt. Allt að því viðstöðulausar frásagnir mæltar fram við eldhúsborðið á heimili mínu eða á mannamótum innan fjölskyldunnar af Hreppamönnum og frændum og frænkum á þeim slóðum

2001), bls. 452-471. Ég hef svarað þessari gagnrýni Loftis í tveimur Skirnisgreinum sem tíundaðar verða síðar í bókinni. Þá er hægt að nefna gagnrýni mína á rannsóknir á Vesturheimsferðum sem mér finnst hafa dregist mjög aftur úr sambærilegum rannsóknum víða um heim. Sjá: „Sársaukans land. Vesturheimsferðir og íslensk hugsun.“ *Burt – og meir en bjar-leið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (Reykjavík, 2001), bls. 13-69. Sigurjón Björnsson fyrrverandi prófessor í sálfræði og gagnrýnandi *Morgunblaðsins* veittist harkalega að þessum inngangskafli mínum í greininni: „Vesturheimsferðir.“ *Morgunblaðið* 25. nóvember 2001. Loks má nefna gagnrýni mína á íslenska sagnfræði almennt, eða sérstaklega íslensku sögustofnunina eins og ég kys að nefna þá sem stjórna faginu hér á landi. Sjá: „Aðferð í uppnámi. Tuttugasta öldin vegin.“ Þessari gagnrýni hafa Gunnar Karlsson, Helgi Skúli Kjartansson, Loftur Guttormsson og fleiri svarað á Gammabrekku, í *Skírni* og í *Sögu*.

hafa fylgt mér inn í fullorðinsárin. Til samans hafa þessar frásagnir, reynsla mín úr sveitinni og margvíslegt skrifað efni gert það að verkum að minningin um þennan hluta lífs míns hefur enst betur en margt annað sem drifið hefur á daga mína. Það er engu líkara en ég hafi reynt á eigin skinni hvernig munnmæli hafa borist milli kynslóða á fyrri öldum og öðlast merkingu í minni þeirra sem áttu ekki endilega aðild að þeim atburðum sem lýst er. Hér hefur sameiginlegt minni fjölskyldunnar því óbeint verið að verki.

En ekki er öll sagan sögð: Ég hef nefnilega ekki aðeins varðveitt bréf sem tengjast æsku minni og dvöl í Skagafirði og Hreppum heldur einnig frá öðrum tímamótum í lífi mínu. Þannig er ákveðna samfellu að finna í minningum mínum og í ofanálag tók ég upp á þeirri iðju árið 1996 að halda dagbók sem staðið hefur yfir óslitið síðan. Þau skrif eru meira í ætt við hugmyndaskrif þó eflaust megi rekja sig eftir ákveðnum þræði í þessum bókum. Dagbókin er orðin rúmlega fjögur þúsund blaðsíðna löng og vægi hennar fyrir sálarlíf mitt hefur smátt og smátt aukist.

Það merkilega við þessi skrif er að þau hafa alls ekki verið meðvituð. Mér er næst að halda því fram að ég hafi einfaldlega slystast til að halda efninu til haga. En ef til vill er hér komin skýringin á því hvers vegna ég hef sótt svo mjög í persónulegar heimildir á fræðafærli mínum.

Það einkennilega við dagbókarskrif mín og vörslu bréfanna er að ég hef nánast aldrei látið mér til hugar koma að lesa þau. Það sést best á því að ég vissi í raun lítið um hve mikið af þeim bréfum sem mér höfðu borist um ævina hafði varðveist. Dagbækurnar lít ég aldrei í nema ef ég þarf að leita að ákveðnu atriði eða upplýsingum sem ég veit að þar er að finna. Þessi skrif eru öll í *núinu*, miklu frekar *jáning* sem hefur þýðingu á þeirri stundu þegar hún er látin í ljósi en *varðveisla* minninga. Þau missa vægi sitt eftir því sem frá líður. Jafnvel þýðingarmikil atriði úr lífinu hverfa í móðu minninganna og skjótast upp á yfirborðið fyrir tilviljun á borð við að bréf finnst með upplýsingum um aðdraganda ákveðinna atburða og niðurstöðu þeirra. Þegar allt kemur til alls hafa einstök atvik ef til vill takmarkað vægi fyrir þann sem hélt á penna, í það minnsta allt annað en þegar atburðirnir gerðust. Þetta leiðir til þeirrar niðurstöðu minnar að maðurinn sé nú, á hinum póstmóðernísku tímum, ekki *einn heldur margur* og trúlega hafi svo verið frá fyrstu tíð. José Saramago velti fyrir sér svipuðum hlutum í viðtalinu sem áður var vitnað til er hann benti á að barnið „[...] sem ég var er ekki lengur til. Líkami minn og hugur minn eru sífellt að breytast, bæði er ég allt annar en þegar ég var barn og sá sami.“¹ Það er því álitamál hvort

1 Þröstur Helgason, „Lífið er svört skáldsaga.“

hægt sé að tala um að hver einstaklingur sé einn og sami maðurinn alla ævi. Umskiptin hjá mörgum eru slík að nær væri að ræða um sjálfið í fleirtölu.

Rannsóknarverkefni – Uppbygging rannsóknarinnar var þannig hugsuð að reynt var að draga fram spennuna sem mátt hefur greina í fræðasamfélaginu um nokkra hrið. Hana er einkum að finna á milli þeirra sem telja að hægt sé að draga fram í dagsljósið atburði og hugtök úr fortíðinni og endurgera þau í fræðilegum texta og hinna sem hafna slíkri nálgun. Síðari hópurinn er þeirrar skoðunar að fortíðin sé glötuð með öllu og við getum í besta falli brugðið daufri birtu á einstaka augnablik hennar. Þessum átökum verða gerð skil með margvíslegu móti út allt verkið með það í huga að sýna breytingarnar sem hugvísindafólk hefur reynt á síðustu tæpu tuttugu árum.

Ég gerði mér ljóst að umfang rannsóknarinnar væri það mikið að ég kæmi því ekki með góðu móti fyrir í einni bók. Ég ákvað því að skipta henni upp í tvær sjálfstæðar bækur. Bókinni sem nú kemur út, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*, er ætlað að fjalla um sjálfsbókmenntir á tuttugustu öld og helstu einkennum þeirra. Ég legg áherslu á að erfitt er að njörva niður ákveðnar skilgreiningar á hverjum flokki sjálfsbókmennta. Hver þeirra er margræður og fjölbreytni er ríkjandi. Þess vegna hef ég tekið þann kostinn að segja deili á helstu einkennum sjálfsbókmennta með lýsandi dæmum sem mér þykja henta til slíkra rökræðna. Að því loknu kynni ég samhengið sem sjálfsbókmenntir hafa þrífist í og skýri hvernig fræðimenn hafa nýtt þessar heimildir á tuttugustu öld. Loks mun ég ræða nýlegar birtingarmyndir sjálfsins á þessum vettvangi og greina hina menningarlegu orðræðu sem fram fer í samhengi þess.

Í öðrum og þriðja hluta hér á eftir verður umfjöllun um birtingarform sjálfsins meginefnið, hvaða leiða fólk hefur leitað til að tjá skoðun sína á sjálfu sér og samtíð sinni. Sjálfsævisögur, endurminningarit, samtalsbækur, skáldævisögur og ævisögur verða skilgreindar nákvæmlega. Einnig verður hugað að skyldum heimildum eins og dagbókum, bréfum, ýmsum opinberum heimildum, minningargreinum, þjóðlegum fróðleik og því sem ég nefni skynræna miðlun margvíslegra heimilda; skynjun heimilda ræði ég þó mest í fjórða kafla bókarinnar. Allar þessir heimildaflokkar teljast til sjálfsbókmennta eins og ég skilgreini þær. Meginhugmyndin með þessari umfjöllun er að leitast við að draga skýrar línur milli einstakra birtingarforma og velta vöngum yfir því hvernig þau hafi verið nýtt á tuttugustu öld. Tekin verða mörg dæmi úr hverjum flokki og reynt að segja ákveðna þróunarsögu á sama tíma. Þessi umfjöllun ætti að skýra vel stöðu heimilda-

flokkanna sem hér koma við sögu og treysta hugmyndir fræðimanna og áhugafólks um þá. Öll verður þessi umfjöllun gagnrýni á einstök útgefin verk sem mörg hafa litið dagsins ljós án skýrrar stefnu og útgáfuhugmynda. Enginn vafi leikur á því að sjálfsbókmenntir snerta marga fleti menningarinnar og um efni þeirra er tekist vegna þess að umfjöllunarefnið tengist ótal einstaklingum og atburðum í lífi höfunda.

Í fjórða hluta verður fjallað um hina fræðilegu umgjörð sjálfsbókmennta og hvernig fræðaheimurinn hefur helst nálgast þær á tuttugstu öld. Í fimmta hluta mun ég leggja áherslu á að draga fram öll þau öfl sem koma við sögu í sjálfsbókmenntum og greina hagsmuni þeirra. Við sögu koma aðalpersónur, höfundar, aukapersónur (sem lenda í verkunum án þess að vera spurðar), lesendur, gagnrýnendur og bókaútgefendur, en þessir hópar hafa oft afar ólíkar væntingar og hugmyndir um gildi verkanna. Hér verður í brennidepli hin samfélagslega umræða sem spratt upp í kjölfar útgáfu ævisögunnar *Halldór* eftir Hannes Hólmstein Gissurarson, en hún teygði sig yfir rúmlega eins og hálfs mánaðar tímabil í kringum áramótin 2003 og 2004. Þar koma fram margir áhugaverðir fletir sem tengjast mikilvægi og stöðu sjálfsbókmennta í samtímanum.

Aftan við sjötta hluta sem geymir niðurstöður verða tvær viðamiklar skrár:

(1) Monika Magnúsdóttir sagn- og bókasafnsfræðingur hefur tekið saman skrá yfir allar prentaðar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur (viðtalsbækur) með bókfræðilegum upplýsingum um hverja bók. Þessi skrá er hvalreki fyrir alla áhugamenn um persónulegar heimildir og á vonandi eftir að ýta undir notkun þeirra við rannsóknir.

(2) Kári Bjarnason, starfsmaður handritadeildar Landsbókasafns Íslands, hefur tekið saman skrá yfir sjálfsævisögulegt efni í handritum. Þessi skrá kemur á óvart þar sem sjálfsævisögulegt efni í handritum er mikið að vöxtum og engum blöðum er um það að fletta að hún á eftir að auðvelda rannsóknir á þessum heimildaflokki í framtíðinni.

Síðari hluti rannsóknarinnar, sem mun birtast á næsta ári undir heitinu *Sjálfssögur. Minni, minningar og saga*, felur í sér greiningu á heimi sjálfsbókmennta, með sérstakri áherslu á sjálfsævisögur. Þar verður leitast við að skýra þróun sjálfsævisagna hér á landi og kafað í helstu áhrifaþætti sem fram koma í texta þeirra, efnisþætti og áherslur.

Ég vil leggja áherslu á að bækurnar eru tvö *sjálfstæð* verk. Þær standa einar og sér án þess að nauðsynlegt sé að tengja þær saman en eru þó spröttar úr sömu rannsókn og munu því falla vel saman þegar meta skal heildaráhrif sjálfsbókmennta á íslenska menningu. Áhugafólk um þessi

fræði mun því sjálfsagt hafa not fyrir bæði verkin þótt áherslur séu að hluta ólíkar.

Í bókunum báðum verða sjálfsævisögur settar í öndvegi og í ákveðið hugmyndafræðilegt samhengi. Verkinu öllu er ætlað að sýna fræðimönnum fram á mikilvægi persónulegra heimilda og hvernig hægt er að nýta þær við sagnfræðirannsóknir. Hér er um mikinn heimildasjóð að ræða en úrvinnsla heimildanna bíður fræðimanna framtíðarinnar, hvort sem hin meginndlega aðferð félagsvísindanna verður ofan á eða hin eigindlega rannsóknaraðferð einsögunnar. Framtíðin ein getur skorið úr um það.

II. Sjálfsbókmenntir á tuttugustu öld

1. Hvers vegna sjálfsævisögur?

Saga alþýðumenningar; hversdagssaga, menningarsagan nýja og einsaga, byggjast að miklu leyti á vitnisburði einstaklinga. Það sama má segja um fjölda annarra greina innan sagnfræðinnar, þær eru mjög háðar persónulegum heimildum. Þetta á einkum við um félagssögurannsóknir í víðum skilningi en fræðimenn sem þær stunda leita gjarnan eftir vitnisburði einstaklinga, ýmist með beinum eða óbeinum hætti. Huglægur vitnisburður fólks úr fortíðinni birtist einna helst í sjálfsævisögum, dagbókum, persónulegum bréfum (einkaskjölum), endurminningaritum, samtalsbókum og viðtölum, svörum við fræðilegum spurningalistum og ljós- og kvikmyndum auk málverka og teikninga (skynrænna miðla). Þessir heimildaflokkar tilheyra oftast þeim hópum fólks sem bæði hafa hlotið menntun og komist til áhrifa, fólki sem starfs síns vegna hefur þurft að tjá sig skriflega eða með listrænum hætti. Sú iðja leiddi oft á fyrri tímum til þess að sama fólk tjallaði um persónulegt líf sitt ýmist í dagbókum eða trúnaðarbréfum. Starfsvettvangur þess og verksvið virkaði sem hvati fyrir frekari umfjöllun um lífið og tilveruna sem eðlilega tengdist náði þeirra eigin persónu.

Sami hópur hafði oft þann háttinn á að líta yfir farinn veg á efri árum og festa á blað það markverðasta sem á dagana hafði drifið. Þetta kom bæði til af löngun til að gera upp starf og lífsferil og þörf til að velta fyrir sér eigin þroska og stöðu í samfélaginu. Á síðari hluta tuttugustu aldar breyttist þessi tjáning nokkuð, bæði tjáningarmátinn og tímasetningin. Fjölmiðlar og sífellt hraðari nútímasamskipti skópu ný svið og tækifæri fyrir einstaklinga til að koma reynslu sinni á framfæri, meðvitað eða ómeðvitað. Tækninýjungar á sviði ljósmynda, kvikmynda og tölvubúnaðar gerðu fólki úr öllum geirum samfélagsins kleift að segja sögu sína með margvíslegu móti. Fjölskyldur tóku upp á myndband atburði úr fjölskyldubodum og horfðu jafnóðum á þá í sjónvarpsviðtækjum sínum. Einstaklingar út um allan heim settu upp tæki á heimilum sínum sem gáfu ókunnugum tækifæri til að fylgjast með öllum gerðum þeirra og athöfnum á veraldarvefnum. Frummyndir og eftirmyndir hafa runnið saman í eitt – veruleiki og sýndarveruleiki blandast með þeim hætti að á köflum er ógjörningur að greina stöðu

fólks í heiminum. Þessi umskipti hafa gjörbreytt viðhorfum margra húnanskra fræðimanna til heimilda og notkunarmöguleika þeirra. Persónulegar heimildir fengu fyrir bragðið alveg nýja merkingu sem hafði áhrif á hvernig við fjöllum um viðfangsefni fræðigreinarinnar í samtímanum. Þetta samspil orðs, myndmáls, hugsunar og fræða verður viðfangsefni bókarinnar.

Hefðin – Bergsteinn Jónsson fyrrum prófessor í sagnfræði fjallaði um íslenskar ævisögur og sjálfsævisögur í stuttri en skemmtilegri grein í tímaritinu *Sögu* árið 1987. Þar gerði hann meðal annars lauslega könnun á ævisöguritun alþingismanna:

Alþingismannatal 1845-1975 er hið nýjasta sinnar tegundar á þessari stundu. Við lauslega athugun þess taldist mér, að úr 611 manna hópi, sem tekið hafði sæti á alþingi umrætt tímabil, hafi 18 því sem næst eða alveg lokið sjálfsævisögu; sex hafa dáið frá slíku verki í miðjum klíðum; um aðra sex hafa verið ritaðar rækilegar ævisögur að þeim gengnum; loks eiga sjö hlut að samtalsbókum, sem fjalla um ævi þeirra og störf að verulegu leyti.¹

Þá bendir Bergsteinn á að margir heldri menn hafi fengið umfjöllun í ævisöguágripi *Andvara*, sem var og er fastur liður á dagskrá tímaritsins, en oft sé um slíkar lofrullur að ræða að erfitt geti reynst að taka mark á þeim. Á þessu verklagi hefur orðið nokkur breyting á síðari tímum. Margir fræðimenn hafa fengið áhuga á að glíma við ævisöguformið af meiri einurð en áður og þá með það í huga að hefja það til vegs og virðingar sem vísindalegt tæki til greiningar á stöðu einstaklinga í heiminum.²

Fyrr á tímum lagði alþýðufólk í hinum vestræna heimi og víðar ekki í vana sinn að rita hugsanir sínar og langanir eða tjá sig um atburði líðandi stundar. Hversdagslífið sat í fyrirrúmi. Þá hafði það einnig áhrif langt fram á síðari hluta nítjándu aldar að ritföng voru af skornum skammti. Þar að auki var ekki hægt að ganga að því sem vísu að allur almenningur gæti tjáð sig í rituðu máli. Læsi var í flestum bændasamfélögum munaður þeirra sem nutu nokkurra efnislegra gæða. Af þessu leiðir að nútímamaðurinn á ekki

1 Bergsteinn Jónsson, „Íslenskar ævisögur. Hugleiðingar í tilefni af sjálfsævisögu Halldórs E. Sigurðssonar.“ *Saga* 25 (1987), bls. 206.

2 Hér vísa ég í ítarlega umfjöllun um ævisögur síðar í bókinni. Sjá athyglisverða grein Guðmundar Hálfðanarsonar um íslenska ævisöguritun: „Biskupasögur hinar nýju. Um ævisögur fjögurra stjórnmálamanna.“ *Saga* 31 (1993), bls. 169-190.

mjög greiðan aðgang að heimssýn, gildismati og tilfinningalífi þorra almennings á fyrri öldum.¹

Þó að yfirgnæfandi meirihluti alþýðufólks hafi ekki átt þess kost eða ekki séð ástæðu til að tjá sig um líf sitt í rituðu máli, þá skildi nokkur fjöldi lágstéttarfólks eftir sig ritaðar heimildir. Ástæða er til að ætla að þessi hópur hafi verið hlutfallslega stór á Íslandi, sérstaklega á síðari hluta átjándu aldar og á nítjándu öld. Það vekur því athygli að persónulegar heimildir hafa aðeins í undantekningartilfellum náð athygli sagnfræðinga hér á landi. Skipulögð greining þeirra hefur einfaldlega ekki verið tíðkuð. Oftast hafa sagnfræðingar til dæmis gripið til sjálfsævisagna til að fá staðfestingu á tilteknum atburðum eða til að sýna fram á þátttöku ákveðinna einstaklinga á afmörkuðum sviðum þjóðlífsins (eins og í stjórnmálum). Persónulegar heimildir hafa því lengst af verið mjög vannýttar fræðiheimildir bæði hér á landi og erlendis.²

Sjálfsbókmenntir eru á margan hátt heppilegt viðfangsefni þegar athyglinni er beint að tilvistargrundvelli hugvísinda almennt. Sagnfræðin byggist til dæmis, eins og sjálfsævisagan, á minni fólks og persónubundinni reynslu einstaklinga af umhverfi sínu og athöfnum. Sérhver frásögn eða tjáning, hvaða nafni sem sem hún nefnist, er því byggð á persónulegri reynslu, jafnvel í þeim tilfellum þegar höfundur gerir meðvitaða tilraun til að forðast að taka afstöðu til umhverfisins. Í formála að bókinni *Brautryćjendur* kemst Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri svo að orði: „Sagan hafði reyndar ævinlega mótast eitthvað af hugsun söguritarans, dómum hans eða hleypidómum og að því leyti er öll saga nokkurskonar sjálfssaga. Á vissan hátt verður sjálfsævisagan líka oftast nær almenn saga á einhvern hátt, hún verður minningabók um menn og málefni.“³ Í huga flestra þýðir þó ekki að draga jafnaðarmerki milli sagnfræðirannsóknna og sjálfsævisagna. Sagnfræðingum er kennt að leita af sér allan grun, að treysta ekki aðeins á minni einnar persónu við túlkun atburða (eins og sjálfsævisögur gera oftast) heldur draga fram í dagsljósið vitnisburð margra og af ólíkum toga. Í mínum huga er þarna ekki um eðlismun að ræða (hvor tveggja byggjast á

1 Sjá umfjöllun um þetta atriði í bókinni *Microhistory and the Lost People of Europe*. Ritstjórar Edward Muir og Guido Ruggiero. Þýðing Eren Branch (Baltimore, 1991).

2 Að þessu verður vikið nánar síðar í bókinni þar sem gerð verður grein fyrir ástæðunum fyrir áhugaleysi fræðimanna en einnig nefnd dæmi um sagnfræðinga og aðra fræðimenn sem hafa nýtt sér heimildir af þessu tagi í rannsóknum sínum.

3 Vilhjálmur Þ. Gíslason, „Formálsorð.“ *Brautryćjendur. Þrjár sjálfsævisögur. Páll Melsted, Tryggvi Gunnarson, Jón Ólafsson*. Vilhjálmur Þ. Gíslason sá um útgáfu (Reykjavík, 1950). bls. ix.

persónulegum athugunum ákveðinna einstaklinga), mikið frekar stigsmun sem þó getur skipt sköpum.

Upprifjun – Ítalski einsögumaðurinn Carlo Ginzburg, en hann er holdgervingur þeirrar tegundar félags- eða menningarsagnfræði sem ég hef kosið að nefna *einsögu* á íslensku en heitir á ítölsku *microstoria*, hefur ritað áhugaverða grein um upphaf einsögurannsókna sem birtist í tímaritinu *Critical Inquiry*.¹ Greinin var síðar þýdd á íslensku og birtist í bókinni *Molar og mygla* árið 2000 og nefnist þar „Einsaga: Eitt og annað sem ég veit um hana“. Ginzburg rekur hugmyndasögu fræðigreinarinnar og ætlaði í fyrstu að gera það með því að byggja á upprifjun eigin minninga. Ginzburg taldi það sjálfsagt þar sem hann var einn þeirra sem mótuðu einsöguna á áttunda áratugnum. Umfjöllun hans um þessa tegund sagnfræðilegrar nálgunar er því um leið sjálfsævisaga hans. Þetta óvenjulega tækifæri kom Ginzburg í nokkuð óvæntan vanda. Þegar hann ætlaði sér að ræða eitt helsta einkenni einsögunnar, að smækka viðfangsefnið (e. *reducing the scale of observation*), kom í ljós að hann átti í vandræðum með að skýra hvernig sú hugmynd kviknaði:

Ég átta mig ekki alveg á því hvað rak mig til að taka þessa ákvörðun á sínum tíma. Ég veit ekki hvað gera skal með þau atriði sem koma upp í hugann þegar ég hugsa um þetta í dag vegna þess að ég vil forðast að þvinga upp á fortíðina fyrirætlunum sem hafa verið að þróast með mér öll þessi ár. Smám saman áttaði ég mig á því að fjöldinn allur af atburðum og tengingum sem ég var algjörlega ómeðvitaður um átti þátt í að móta þær ákvarðanir sem ég hélt að ég hefði tekið á sjálfstæðan hátt. Þetta er harla ómerkileg staðreynd í sjálfu sér en hún kemur þó alltaf jafn mikið á óvart vegna þess að hún er í mótsögn við stórfenglegustu hugaróra okkar um eigið ágæti.²

Ginzburg spyr síðan hvort hið pólitíska ástand á Ítalíu upp úr 1970 hafi ekki haft áhrif á skoðanir hans og bendir á að ómögulegt sé að segja til um það.

1 Carlo Ginzburg, „Microhistory: Two or Three Things That I know about It.“ *Critical Inquiry* 20 (Autumn 1993), bls. 22-23. Ég geri grein fyrir þessari aðferð og nafngiftinni í bókinni: *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997). Sjá einnig: Sigurður Gylfi Magnússon, „Félagssagan fyrr og nú.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 17-50. Loks má benda á rökstuðning minn fyrir þýðingunni og eðli einsögunnar í grein minni: „Fanggæsla vanans“, bls. 371-400.

2 Carlo Ginzburg, „Einsaga: Eitt og annað sem ég veit um hana.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5. Ritstjórar Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein. Þýðing Björn Þorsteinsson og Sigrún Sigurðardóttir (Reykjavík, 2000), bls. 34-35.

Hann bætir síðan við: „[...] en mig grunar samt sem áður að ástæðurnar að baki ákvörðunum mínum sé annars staðar að finna.“¹ Leiðin sem Ginzburg velur síðan er að beita rannsóknaraðferð einsögunnar til að komast að því hvernig greinin sjálf þróaðist. Minni hans og hugur sem áttu þátt í mótun þeirrar sögu dugðu ekki að hans mati. Þannig leitaði hann eftir merkingu orðsins einsaga; hvar orðið kæmi fyrir í textum sagnfræðinga eða eitthvert afbrigði þess og við hvaða aðstæður það var notað í ólíkum tilfellum. Þannig náði hann smátt og smátt að byggja upp heillega mynd af þróun einsögunnar og þeim merkingum sem höfðu áhrif á mótun hennar.

Spurningin sem eftir stendur er þessi: Leiða rök Ginzburg til þess að hafna verði sjálfsævisögunni sem heimild og þá á þeim forsendum að á minninu sé ekki að treysta? Engum blöðum er um það að fletta að tilraunir Ginzburg til að byggja greiningu sína á minninu leiða hugann að almennri virkni þess og því hvaða hlutverki það þjónar í tilraunum okkar til að skilja liðna tíð. Augljósir annmarkar eru á varðveislu minninganna sem geta haft margvísleg áhrif á hvernig þær nýtast. Slys eða óhöpp, sjúkdómar eða ýmis konar niðurbrot viljans getur breytt minningum okkar eins og hendi sé veifað og jafnvel þurrkað þær út. Bestu aðstæður þar sem einstaklingur hefur lifað í sátt og samlyndi við sjálfan sig og aðra eru engin trygging fyrir því að minnið haldist óskert. Þegar allt kemur til alls er ekki hægt að kalla fram lífið í minninu eins og því vatt fram, endursögnin er jafnan háð aðstæðum og skilyrðum í núinu.

Vangaveltur Ginzburg kalla fyrst og fremst á að fjallað sé um minnið og minningar sem greinanleg hugtök, að gerð sé tilraun til að varpa ljósi á starfsemi minnisins og mikilvægi þess um leið og takmarkanir þess eru ræddar. Ég hygg að rök Ginzburg beini einmitt sjónum að takmörkunum sjálfsævisögunnar sem heimildar en um leið vísa þau veginn að ákveðnum kostum hennar. Ljóst er að minningar Ginzburg léku stórt hlutverk í rannsókn hans á upphafi einsögunnar þó svo að hann treysti þeim ekki algjörlega. Þótt hann hafi ákveðið að skilgreina ekki minningar og minnið í greiningu sinni fann hann leið til að nýta hvort tveggja í tengslum við aðrar heimildir.

Þegar allt kemur til alls sýnist mér að Ginzburg hafi beitt aðferð sem langflestir sjálfsævisöguhöfundar grípi sjálfir til við ritun eigin bóka, það er að treysta í fyrstu á minnið en leita síðan í aðrar nærtækar heimildir þegar þeir átta sig á því að óminnishegrinn hefur hlaupið með þá í gönur. Ég er þeirrar skoðunar að sérhver sjálfsævisöguritari beiti ómeðvitað aðferð

1 Carlo Ginzburg, „Einsaga: Eitt og annað sem ég veit um hana“, bls. 35.

einsögunnar við vinnslu verka sinna. Þeir leita eftir minningabrotum úr lífi sínu sem, eins og dæmið sem ég tók af sjálfum mér í fyrsta kafla, rifjast oft upp við ákveðnar aðstæður (bréf koma til dæmis í leitirnar) og hefja síðan lestur eigin lífs með aðferð textagreiningarinnar að vopni. Sú aðferð felst í því að hver höfundur les í „texta“ lífs síns, rannsakar þau teikn sem liggja á borðinu og geta vísað veginn að sjálfinu. Höfundar sjálfsævisagna beita textagreiningu af mismiklum fimleika en engu að síður raðar fólk saman minningabrotunum með aðstoð *texta* sem ýmist er að finna í hlutgerðum veruleika þeirra (á gangi um stræti og torg sögusviðsins) eða í rituðu formi sem varðveist hefur í skrifborðsskúffum eða á öðrum geymslustöðum. Ljósmyndir eða kvikmyndaupptökur af tilteknum atburðum geta hjálpað til við upprifjun atburða. Ótal smáatriði sem hver og einn temur sér í hversdagslífinu geta kallað fram minningar sem annars væru huldar þoku. Alþekkt er til dæmis að skákmenn muna ótrúlega vel gamlar skákir sem þeir tefldu og það sem meira er, þeir muna oft við hvaða aðstæður þær fóru fram.¹ Þannig mynda þessir þættir ákveðnar vörður í lífi þeirra sem þeir geta síðan fíkrað sig eftir við upprifjun gamalla atburða. Tilbrigði *textans* fléttast saman við persónulegt minni einstaklingsins og úr verður verk sem skilgreinir *sjálf* höfundar eins og hann eða hún heldur því fram.

Margar leiðir eru að mínum dómi færar til að nýta sjálfsbókmenntir við vísindarannsóknir. Skiptir þar einu hvort stuðst er við eitt verk eða fjölmörg, hvort beitt er eigindlegum aðferðum að hætti einsögumanna eða megindlegum rétt eins og langflestir félagssögumenn gera sem vinna með sögulega lýðfræði í anda fjölsögulegra rannsókna. Ég hygg að sjálfsbókmenntir geti vísað okkur á mikilvæg álitamál sem tengjast hugvísindum og með greiningu þeirra fáist tækifæri til að skilja styrk og takmarkanir hinnar vísindalegu orðræðu.

Mótsagnir – Sjálfstjáning tengist ákveðinni þversögn í fræðilegu samhengi; skilgreiningar sjálfsbókmennta fæða af sér endalaus tilbrigði slíkra túlkana. Skörun á milli einstakra flokka sjálfsbókmennta hefur aukist mikið á síðari tímum en sú staðreynd hefur dregið úr markvissum skilningi fólks á fyrirbærinu. Á sama tíma hafa þessir heimildaflokkar orðið áhugaverðari, meira spennandi viðfangsefni fyrir fræði- og listamenn. Ég vil gangast við ofangreindri þversögn. Um leið og ég gef ákveðna grunnlýsingu á hverjum

1 Hér má vísa í tímaritið *Skák* sem hefur gefið út fjölda skákpátta á undanförunum árum þar sem ferill og einstakar skákir íslenskra skákmanna eru raktar í föstum þætti tímaritsins sem heitir „Íslenskir skákmeistarar“. Sjá til dæmis slíka umfjöllun um Braga Halldórsson í *Skák* 3. tbl., 52. árg. 2001, bls. 257-280.

flokki fyrir sig hér á eftir vil ég hvetja þá sem nýta sér þessar tegundir bókmennta til að hugleiða mikilvægi þeirra og ólíka stöðu. En í sama mund mun ég ekki hika við að viðra öll þau afbrigði sem ég tel mikilvæg í hverjum flokki, afbrigði sem á stundum grafa undan sjálfri skilgreiningunni. Hér mun því birtast ákveðin togsteita milli löngunarinnar til að draga upp skýra og markvissa skilgreiningu á þeim birtingarformum sjálfsins sem gerð verða að umtalsefni og staðfestingar á því að afbrigði flokkanna séu mýmörg.

Hin hefðbundna sjálfsævisaga verður meginviðfangsefni rannsóknarverkefnisins. Ég mun því skilgreina hana í frekar stuttu máli í þessum kafla en bendi á að hún verður síðar tekin til gagngerrar umfjöllunar í bókinni *Sjálfssögur*. Sú greining byggist aðallega á sjálfsævisöguskrifum rúmlega þrjú hundruð og fimmtíu Íslendinga en að auki hef ég skoðað hundruða annarra verka á sviði sjálfsbókmennta sem finna má í skráum hér aftar í bókinni.¹ Þar kemur fram að bækur sem falla í framangreinda flokka séu rétt rúmlega eitt þúsund. Hér er því á ferðinni stórt heimildasafn sem gefur af skiljanlegum ástæðum góða möguleika á fræðilegum rannsóknum.

Sjálfsævisögurnar þrjú hundruð og fimmtíu sem mynda kjarnann í greiningu minni voru allar nýttar á óbeinan hátt í doktorsritgerð minni sem fjallaði um alþýðumenningu á Íslandi 1850-1940 og öðrum verkum sem ég hef gefið út. Í doktorsritgerðinni endaði ég þó á því að nýta mér markvisst um tvö hundruð og fjörutíu bækur sem féllu vel að rannsókninni á alþýðumenningu. Til að gefa lesendum til kynna samsetningu þessa gagnagrunnar má geta þess að langflestar sjálfsævisögurnar komu út sem sjálfstæð verk í bókarformi. Tuttugu og fimm sjálfsævisögur voru þó gefnar út í tímaritum og voru milli tíu til tvö hundruð síður. Tuttugu og þrjár samtalsbækur og endurminningarit eru hluti af þessu safni og þrjár slíkar voru birtar í tímaritum. Af þessum tvö hundruð og fjörutíu verkum eru aðeins fjörutíu og þrjú skrifuð af konum.² Það fer ekkert á milli mála að mun færri konur hafa skrifað sjálfsævisögur en karlar; rétt um tólf prósent af útgefnum sjálfsævisögum eru eftir konur. Fræðimenn sem nýta persónu-

1 Þessi listi var að mestu unninn upp úr „Ritskrá íslenskrar sögu“ sem verið hefur í vinnslu á vegum Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands undir forystu og stjórn Gunnars Karlssonar prófessors frá því fyrir 1980. Skrána má nú nálgast á vef Heimildastofnunar: heimildir.is þar sem leita má eftir sögulegu efni sem birst hefur í innlendum blöðum og tímaritum. Annað efni var gripið héðan og þaðan og þá sérstaklega úr spjaldskrá Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

2 Þessar fáu konur sem skrifuðu sjálfsævisögur er hægt að jafna út með notkun spurningaskráa en þar eru konur í meirihluta heimildamanna. Þá eru til í nokkrum mæli sjálfsævisögubrot kvenna sem birst hafa í blöðum og tímaritum.

legar heimildir í megindlegum tilgangi geta þó bætt skortinn á sjálfsævisögum kvenna upp með notkun annarra gerða persónulegra heimilda þar sem konur láta mikið að sér kveða. Konur eru til dæmis gjarnan í hlutverki bréfritara eða heimildamanna Þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns Íslands. En langstærsti hluti sjálfsævisagnanna sem hér eru nýttar var ritaður af körlum sem voru aldir upp í sveit og dvöldu þar mestan hluta ævi sinnar.

Sjálfsbókmenntir sem gefnar voru út á fyrri hluta tuttugustu aldar og fram á þann síðari voru að stærstum hluta karlabókmenntir. Þar lýstu karlar ævi sinni og reynslu í lok æviferilsins. Á síðari hluta aldarinnar breyttist þetta á þann hátt að konur urðu mun meira áberandi í almennri sjálfstjórningu. Það gerðist á sama tíma og fólk tók sig til og ritaði sjálfsævisögu sína mun yngra en áður þekktist og form sjálfstjórnarinnar urðu fjölbreyttari.¹

Ég gerði í tengslum við doktorsritgerðina sérstaka athugun á hundrað sjötíu og níu sjálfsævisöguritum og í ljós kom að aðeins fjórir voru fæddir fyrir 1850, tíu 1850-1859, tuttugu og fimm 1860-1869, tuttugu og níu 1870-1879; þrjátíu og fimm 1880-1889, þrjátíu og átta 1890-1899, tuttugu og sjö 1900-1909, sex 1910-1919 og fimm eftir 1920.² Þetta yfirlit nær til sjálfsævisagna sem komu út í byrjun tuttugustu aldar frá höfundum sem fæddir voru á nítjándu öld. En hafa verður í huga að tímasvið doktorsritgerðar minnar var 1850 til 1940 þannig að höfundar fæddir eftir 1920 komu varla til greina í þetta úrtak. Athyglisvert er að landfræðileg dreifing höfunda við fæðingu er jöfn milli landshluta (rétt um tíu prósent þeirra eru úr hverjum landshluta) nema rúmlega fjörutíu prósent höfunda eru af Norðurlandi.³ Allar þessar tölulegu upplýsingar eru áhugaverðar og þá sérstaklega í samanburði við heildarfjöldann sem birtist í skrá Moniku Magnúsdóttur aftast í bókinni.

Sjálfsbókmenntir nýtast vel til að greina hvernig sjálfið hefur mótagist í íslenskum menningarheimi. Öll eiga verkin það sameiginlegt að tjá persónulegar skoðanir höfundar, oft án mikilla málalenginga. Heimildir eins og einkabréf og dagbækur eru á vissan hátt notadrygri fyrir fræðimenn en sjálfsævisögur vegna nálægðar höfunda við atburðina í tíma, en einnig

1 Um þessa þróun verður fjallað nokkuð ítarlega í lok bókarinnar *Sjálfssögur* sem og hvernig sjálfsævisöguformið hefur nýst sjálfstjórnun kvenna. Einnig má sjá viðtal við mig í hinu feminíska tímariti *Veru* um konur og sjálfið. Sjá: Bára Magnúsdóttir, „Sjálfstjórnun kvenna. Viðtal við Sigurð Gylfa Magnússon.“ *Vera* 24:3 (2003), bls. 24-25.

2 Rúmlega sextíu einstaklingar eru ekki með í þessu yfirliti vegna ónógra upplýsinga.

3 Sigurður Gylfi Magnússon, *The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850-1940*. Doktorsritgerð frá Carnegie Mellon háskólanum í Bandaríkjunum, 1993, bls. 22-23.

vegna þess að upphaflega var þeim ekki ætlað að koma fyrir almennings-sjónir. Styrkur persónulegra heimilda vex til muna þegar þeim er teflt saman við aðrar frásagnarheimildir. Hægt er að skapa „heimildahóp“, nokkurs konar gagnabanka, sem getur reynst öflugt tæki til að skýra og greina atburðarás í seinni tíma sögu (sérstaklega á nítjándu og tuttugustu öld). Mikilvægast er þó að lesendur átti sig á að hver bók, sjálfsævisaga eða önnur tegund sjálfsbókmennta, er sjálfstætt verk sem nauðsynlegt er að greina á eigin forsendum. Eitt af því sem leggja ber áherslu á í slíkri greiningu er staða höfundarins í verkinu og hvaða öfl og aðilar hafa áhrif á minningar hans eða hennar.

2. Sjálfsbókmenntir – skilgreiningar

Hugtök sem tengjast sjálfsbókmenntum – birtingarformum *sjáfsins* – er mikilvægt að greina í samhengi við reynslu höfunda. Ég beiti nýja hugtakinu *sjálfsbókmenntir* þegar ég ræði ýmsar tegundir sjálfsævisögulegra heimilda sem birtast í ólíkum *sjáfsögum*. Hér er því um að ræða samheiti yfir mismunandi heimildir sem fjalla um sjálfið, allt frá sjálfsævisögum til ævisagna, og hvernig höfundar hafa mótað það og skilgreint út frá eigin reynslu.

Eins og bent verður á með jöfnu millibili í þessari bók, þá eiga þeir sem fjalla um bækur sem ég flokka með *sjálfsbókmenntum* það til að slá saman mjög ólíkum gerðum. Þannig er rætt jöfnum höndum um sjálfsævisögur og ævisögur þó mikill munur sé á gerð þeirra og uppbyggingu. Erlendis er stundum fjallað um „ego-history“, þá er vísað í verk sem fjalla um sjálfs-tjáningu fólks. Hugtakið er sambærilegt við þau sem hér eru kynnt.¹

Matthías Viðar Sæmundsson heitinn, dósent í íslensku í Háskóla Íslands, notar „bókmenntir um sjálfið“ í umfjöllun sinni um þessa flokka í bókmenntasögu Máls og menningar.² Ég tel að hugtakið sjálfsbókmenntir þjóni vel þeim tilgangi að ná utan um sameiginleg einkenni sjálfsævisagna og annarra persónulegra heimilda.

Hugtakið *sjáfsögur* hefur einnig verið notað í bókmenntafræðinni yfir það sem á ensku nefnist „metafiction“.³ Hugtakið vísar þá í umfjöllun skáldsögu um skáldsögu, það er skáldsögu sem felur í sér umfjöllun um eigin veruleika og frásögn. Hér verður hugtakið aðallega notað um ólíkar sögur, oft frásagnarbrot eða einingar, sem birtast í sjálfsbókmenntum.⁴

Ég mun leggja sérstaka áherslu á að greina samband höfunda og aðalpersóna í þeim bókum sem teknar verða fyrir og leiða í ljós ólíka en mikilvæga stöðu hvors hóps. Hér verður hugað að ábyrgð aðalpersóna og höfunda gagnvart viðfangsefninu, sjálfum sér og lesendum. Markmiðið er að

1 Sjá til dæmis Jeremy D. Popkin, „Ego-histoire and Beyond: Contemporary French Historian-Autobiographers.“ *French Historical Studies* 19 (Fall 1996), bls. 1139-1167.

2 Matthías Viðar Sæmundsson, „Bókmenntir um sjálfið.“ *Íslensk bókmenntasaga III*. Ritstjóri Halldór Guðmundsson (Reykjavík, 1996), bls. 112-143.

3 Sjá frekari útskýringar á hugtakinu hjá Lindu Hutcheon, *Narcissistic Narrative: The Meta-fictional Paradox*. Ný útgáfa (New York, [1980] 1984).

4 Hugtakið er einnig heiti bókarinnar *Sjáfsögur* sem kemur út 2005 eins og fram kom í innangangskafli bókarinnar.

draga fram í dagsljósið hvernig sjálfið verður til og hvort það hefur margar ásyndir í hverjum manni sem birtast í ólíkum gerðum sjálfsbókmennta.

Sjálfsævisögur

Sjálfsævisaga er skrifleg tilraun einstaklings til að taka saman og gera skipulega grein fyrir eigin ævi, segja sína eigin sögu með eigin orðum. Þýðingarmesta atriðið er að sá sem segir sögu sína skráir hana einnig og velur þar með það sem hann eða hún telur markverðast við lífshlaup sitt. Milliliðirnir milli höfundar og lesanda eru því sem næst engir, ef frá eru taldir útgefendur, umsjónarmenn útgáfunnar og prentiðarmenn. Það fer ekkert á milli mála að í sumum tilfellum geta þessir aðilar haft áhrif á endanlegan frágang textans. Útgefendur geta til dæmis hvatt ákveðna einstaklinga til að skrifa sjálfsævisögu og leggja þá áherslu á einhverja sérstaka atburði í lífi sínu eða tiltekinn hluta ævistarfsins.¹

Áhrifavaldar – Þeir sem búa bókina til prentunar geta einnig haft umtalsverð áhrif á hvernig lesandinn skynjar verkið með uppsetningu þess, úrfellingu ákveðinna efnisþátta og jafnvel umritun hluta verksins. Um þetta er meðal annars fjallað í bók Guðrúnar Borgfjörð (f. 1856) *Minningar*, en bróðursonur hennar Agnar Kl. Jónsson sá um útgáfuna. Guðrún var látin þegar bókin var gefin út og Agnar segir svo frá undirbúningi útgáfunnar:

Við þann undirbúning hef ég notið þrýðilegrar aðstoðar Árna Böðvarssonar stud. mag., sem hefur skrifað upp allt handritið, fært það til hinnar núgildandi stafsetningar og sett öll greinarmerki. Hann hefur einnig skipt handritinu niður í kafla og samið fyrirsagnir þeirra. Þar að auki hefur hann lesið 2. próförk og veitt mér ýmiss konar aðstoð aðra, og kann ég honum beztu þakkir fyrir þetta samstarf, sem hefur verið með ágætum. Ég fór svo yfir uppskrift Árna og lagfærði efnið eftir því, sem mér þótti betur mega fara, flutti til dæmis setningar eða smákafla til og strikaði út endurtekningar, þar sem um þær var að ræða. Auk þess hef ég felld burtu kafla og kafla á stöku stað og mannanöfn á nokkrum stöðum, þar sem þannig hefur verið skýrt frá mönnum eða málefnum, stundum eftir sögusögn annarra, að það kynni að geta sært viðkomandi ættingja, sem enn eru á lífi.²

1 Hér má benda á skemmtilega frásögn Sigurðar Nordal af því hvernig þeir Guðmundur G. Hagalín og Eldeyjar-Hjalti náðu saman en hún birtist í formála að frægu endurminningariti. Sjá: Guðmundur G. Haglín, *Saga Eldeyjar-Hjalta. Skráð eftir sögn hans sjá,fs* I (Reykjavík, 1939), bls. 1-5.

2 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*. Agnar Kl. Jónsson gaf út (Reykjavík, 1947), bls. 180.

Það er ekki að efa að Agnari og Árna hefur gengið gott eitt til og vafalaust hefur þeim tekist að færa textann til betra horfs. En hinu verður ekki neitað að breytingar af þessu tagi hafa áhrif á gerð textans. Aðeins það að færa stafsetningu til nútímahorfs hefur mikil áhrif á þau skilaboð sem lesandanum eru send í bókinni.¹ Til þess að gæta sanngirni skal þess getið að oft er ritstjórn af þessu tagi fullkomlega nauðsynleg og raun forsenda þess að bækur í handritum séu gefnar út. En aðstæður af þessu tagi leiða hugann að því hvernig tjáning fólks kemst til skila jafnvel þegar hreinasta form sjálfstjáningar verður að lúta lögmálum sem eiga ekkert skylt við innihald hennar. Hvaða rödd heyrir þegar höfundur les úr útgefnu verki sínu? Fá áheyrendur að kynnast reynslu höfundar eða er ómögulegt að fanga hana í texta?

Í sumum tilfellum getur umsjón með útgáfu texta kallað á umtalsverðar breytingar sem oft gjörbylta yfirbragði bókarinnar og innihaldi. Í flestum tilfellum er ekki nokkur leið að dæma um slíkt þar sem frumeintakið hefur sjaldnast varðveist og samanburður því útilokaður. Þekkt dæmi um slíka ritstýringu er útgáfa Steingrims Matthíassonar læknis á handriti föður síns séra Matthíasar Jochumssonar (f. 1835) „endurbætt“. Við samanburð kemur í ljós að verulegur munur er á handriti skáldsins og endanlegri útgáfu bókarinnar. Steingrímur tjallar sjálfur um þetta á opinskáan hátt í eftirmála að bókinni:

Ritið, sem hér liggur fyrir prentað, er nokkuð frábrugðið handritinu. Að vísu ekki að efni, heldur að skipulagi. Ýmsir kaflar eru dregnir saman í heild, sem voru í pörtum á víð og dreif. Faðir minn hafði skift öllu í langa kafla með einni fyrirsögn fyrir hverjum, engum eða fáum kapitúlaskriftum og engum undirfyrirsögnum. Þessu fann ég ástæðu til að breyta til að gjöra ritið girnilegra til fróðleiks. Hef ég bylt víða efninu til, gjört suma kaflana lengri, en suma styttri og síðan skift þeim aftur í smærri leskafla með sérstökum fyrirsögnum, er ég hef valið. Hér og hvar hafði faðir minn endurtekið ýmislegt úr fyrri köflunum og fleigað inn í lesmál hinna. Þar valdi ég úr og hafnaði, eftir því, sem mér fanst bezt fara.

Á stöku stað hef ég, að ráðum móður minnar, felt úr nokkrar smáklausur.

1 Benda má á að um þetta atriði eru skiptar skoðannir meðal fræðimanna og margir eru þeirrar skoðunar að hiklaust eigi að „normalisera“ texta, það er færa eldri texta í búning nútíma stafsetningar. Um þetta hef ég ritað ásamt meðritstjóra mínum Kára Bjarnasyni í formála að fimmta bindi Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar: Sjá: „Formáli.“ *Burt – og meir en þájarleið*, bls. 7-10. Sjá einnig umfjöllun um útgáfu texta í greinum sem birtust í ráðstefnuritinu *Íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002*. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002). Þær birtust í kafla sem nefndist *Undirstaða sagnarfræðirannsókna: Heimildauitgáfur* og áður var vitnað til.

Þær hef ég innilokað í svigum með rauðu bleki í handritinu. Getur sá, er síðar kynni að gefa út ritið á ný, tekið þær með ef sýnist, en þær skifta litlu máli.¹

Eins og sjá má hefur Steingrímur ekkert að fela en þetta dæmi undirstrikar að oft er erfitt að ganga úr skugga um að texti sjálfsævisögu sé allur frá höfundi kominn. Í þessu ákveðna tilfelli er einkum þrennt sem athygli vekur: Í fyrsta lagi hika Steingrímur ekki við að búa til „aðra bók“, ef svo má að orði komast, úr handriti föður síns. Handritið var alls ekki prenthæft þegar skáldið féll frá þannig að umtalsverð vinna við verkið var skilyrði þess að það kæmi út. Umfang breytinganna og áræðnin við þær er eftirtektarverð.

Í öðru lagi er merkilegt að Steingrímur hefur merkt mjög samviskusamlega inn í handrit föður síns allar breytingar sem gerðar voru. Það gerir hann til þess að tryggt sé að þeir sem áhuga hafa geti kannað frumhandritið og áttað sig á hverju hann hafi hnikað til. Breytingar Steingríms eru í raun svo umfangsmiklar að það hlýtur að teljast álitamál hvort ekki sé rétt að telja hann meðhöfund. Allt er þetta einkar athyglisvert í ljósi þess hversu áhrifarík sjálfsævisaga Matthíasar var fyrir þróun sjálfsævisagna á Íslandi á tuttugustu öld.

Í þriðja lagi vekur mikla athygli að stórskáldið séra Matthías skuli hafa gefist upp gagnvart því verkefni að rifja upp ævi sína, verkefni sem þó stóð yfir í mörg ár. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson sagnfræðingur hefur fjallað um sjálfsævisöguritun séra Matthíasar í grein sem hann nefnir: „Allt lífið, öll tilveran er órekjandi vefur“, þar sem hann ber kerfisbundið saman hina útgefnu sjálfsævisögu og handrit skáldsins og setur í samhengi kveðskapar hans og vitsmunarlífs. Í greininni kemur eftirfarandi fram meðal annars:

Af handritasögu Matthíasar má sjá að eftir að hann sneri sér að því að rita minningar sínar, sótti það verkefni gríðarlega á hann. Minningarnar létu hann ekki í friði. Það sem meira var, hann náði aldrei að lokka fram annað en minningabrot frá langri ævi. Glíma hans við sjálfan sig og óljósar minningar eru á köflum átakanlegar, sérstaklega ef haft er í huga hvers konar hamhleypa skáldið var að jafnaði við skriftir. Nægir þar að benda á ljóð hans og bréfaskriftir, en haft var á orði að hann umhverfðist gjarnan þegar hann mundaði stílvopnið.²

1 Matthias Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Akureyri, 1922), bls. 438-439.

2 Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, „Allt lífið, öll tilveran er órekjandi vefur. Um sjálfsævisögu Matthíasar Jochumssonar.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 179.

Þessi átök Matthíasar urðu til þess að fjöldi handrita sem fjölluðu um sömu tímabil í ævi hans lá fyrir er hann dó. „Ekki fer á milli mála að smátt og smátt náði Matthías að kalla fram einstök minningabrot“, segir Jón Aðalsteinn í umræddri grein og bætir við, „sem voru „að vafrast í þöku minnis [...] í meira en tíu ár.“ En átökin leyndu sér ekki, hinn mikli fjöldi handrita og endurrita eru til vitnis um það. Þegar skáldið féll frá stóðu eftir ósamstæð minningabrot manns sem hafði leitað logandi ljósi að fortíð sinni.“¹ Hér kemur fram að maður sem var vanur að tjá sig í rituðu máli, og hafði beinlínis unun af því, gafst upp gagnvart sjálfum sér og viðfangsefninu. Hann tapaði í glímunni við eigið minni, eigið sjálf.

Tækifærið sem gafst til samanburðar handrita og hins útgefna texta er sjaldgæft en það sýnir að ekki er einfalt að koma böndum á eigin ævi; að skilja sjálfan sig og tilveru sína í samhengi tíma og rúms. Það á sérstaklega við þá sem taka þessa iðju hátíðlega eins og séra Matthías gerði, að einsetja sér að draga ekkert undan:

En fyrir þá sök, að ég hef verið, að ég hygg, að upplagi meiri fríhyggju-maður en almennt gjörðist, finst mér sem innri skylda knýi mig heldur en ekki til þess að ráðast í tilraun þessa, þótt aldrei leiði hún annað í ljós en nokkur drög eða drætti minnar innri sögu – alt óskýrt eða hálfskýrt, eða þá sundurslitið og flest án lifandi litbrigða. Svo eru nálega allar sjálfsævisögur vanar að vera. Vitund vor er sundurdeild, og margt, sem á einhvern hátt til hennar nær, fer eins og fyrir ofan garð og neðan, en minnið er harla misjafnt að trúleik, festu og auðlegð; einungis sumt leggjum vér á minnið, og einungis lítill hluti þess, er vér skynjum, geymist í minninu [...]. Ég er kominn á þann aldur, að mér ber að forðast alla fordild og alla dul, en reyna sem bezt að sýna virkileikann. En með því er ekki ætlun mín, né skylda, að ég hygg, að segja frá öllu, sem eitthvað mætti sýnast koma við mína innri eða ytri sögu. Slíkt reynir enginn heilvita maður. Tilgangur minn er yfirleitt þessi: að reyna eftir minni og megni að skýra fyrir niðjum mínum og vinum uppruna minn og andlegan vöxt úr óviti bernskunnar, lunderni mitt, og innri og (að nokkru leyti) ytri kjör, svo og samband mitt og viðskipti við umheiminn.²

Fáir íslenskir sjálfsævisöguritarar hafa jafn vel og séra Matthías komið orðum að tilraunum sínum til að skilja sjálfan sig. Hann setti sér strax í upphafi það takmark að nýta sér nýju vísindin sem Sigmund Freud hafði hafið til vegs og virðingar undir lok níttjándu aldar, sálarvísindin, og gera í

1 Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, „Allt lífið, öll tilveran er órekjandi vefur“, bls. 179.

2 Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af já, fú, mér*, bls. 3-4.

raun tilraun á sjálfum sér. „Þektu sjálfan þig!“ segir séra Matthías á einum stað í formálanum og heldur áfram: „Það er hægt að segja. En hver gerir það til hlítar? Ég hefi lengi lagt stund á að kynna mér sálarfræði, og veit vel, að hún má heita ný vísindagrein í sögu mannkynsins, og er enn að miklu leyti lík myrku meginlandi, þar sem ótal stærðir og stórmerki eru sáralítið könnuð og flestir ferðast eftir ágizkuðum stefnum. [...] En, svo ég fari hér ekki lengra, þá vildi ég hafa örlítið bent til þess, hve sárt ég finn til vanefna minna að segja rétt frá, þó að ekki væri nema stöku atriðum úr ævi minni.“¹ Hér gefst skáldið í raun upp fyrir viðfangsefninu en vill þó þráast við að sópa brotum sálarlífs síns saman og mynda einhverja ófullkomna heild.

Fyrir í inngangskaflanum hafði séra Matthías komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Ég veit að erfitt er, að finna og varðveita hinn rauða þráð, sem er samferða og samanheldur vitundar- og persónulífinu. Þegar því einhver mótsögn eða berleg skoðunarskipti koma fram í því, sem menn segja, yrkja eða rita, þá verður vandinn að skýra rétt og þýða tildrögin [...]. En þótt minnisskorturinn valdi miklu hiki og mörgum meinlokum og missögnum þeim, sem rétt vill segja frá liðnum dögum sínum og annara, þá er hitt atriðið: að segja óhlutdrægt frá sjálfum sér ennþá vandameira. Og eflaust fyrir þá sök finnast svo fáar góðar og áreiðanlegar sjálfsæfisögur, sögur, sem ekki bera lit eða bletti eftir sjálfselsku eða sjálfsblekkingar. Og enga slíka æfisögu minnst ég að hafa lesið, þá er ekki bar merki hins frábrugðna eða sérkennilega hjá höfundinum, eins þótt þeir verið hefðu hinir vitrustu og hreinskilnustu menn [...].²

Í huga séra Matthíasar er engum gefið að þekkja sjálfan sig til hlítar og því telur hann myndina af fortíðinni vera brenglaða. En segja má að þessi meinloka flestra ef ekki allra sjálfsævisöguritara sé einmitt eitt það allra áhugaverðasta við fortíðina og þann vitnisburð sem um hana er að finna. Spurningin er: Hver er þessi saga sem við fjöllum um, greinum og ræðum? Er hægt að ímynda sér að nokkrum einstaklingi takist að finna „rauða þráðinn“ í ævi sinni? Svarið er auðvitað neikvætt: Enginn skilur sjálfan sig til fullnustu en tilraunin til að ná endum saman er rannsóknar virði.

Það eru fleiri en vinir og ættingjar sem geta haft áhrif á endanlega útgáfu verka eins og sjálfsævisagna. Jafnvel prentiðnaðarmenn geta haft umtalsverð áhrif á útlit og uppsetningu bókar og þar með mótað tilfinningu lesandans fyrir efninu, svo og útgefendur með kynningu á efni verksins. En

1 Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, bls. 7.

2 Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, bls. 4-6.

þegar betur er skyggst um bekkir kemur þó í ljós að í flestum tilfellum eru það höfundarnir sjálfir sem ráða ferðinni. Víst er að höfundur er ábyrgur fyrir texta sínum og stendur og fellur með honum. Sú vitneskja tryggir að höfundur reynir oftast í lifandi lífi að eiga síðasta orðið í sambandi við þau verk sem bera nafn hans. Sjálfsævisaga er nefnilega nokkurs konar einkaskoðun á lífinu og tilverunni sem höfundur hefur oftast öðlast á langri vegferð. Þessi einföldu sannindi gera sjálfsævisöguna að afar áhugaverðum vitnisburði um fortíðina, jafnvel þótt ýmsir geti haft áhrif á endanlega niðurstöðu hennar.

Hvers konar heimild? – Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur hefur séð ástæðu til að skipta sjálfsævisögum í tvennt eftir efni þeirra í stuttri grein um þessa tegund bókmennta: „Sjálfsævisögum, frásögnum í 1. persónu, er tíðkanlegt í heimildarfræði að skipta í eiginlegar sjálfsævisögur og hins vegar „minningar“. Er þá við það miðað, að í „sjálfsævisögum“ sé æviferill sögumanns í forgrunni og hvaðeina það sem hefur skapað honum örlög; hins vegar séu „minningar“ einkanlega frásögn af því sem almennt telst fróðlegt og sögumaður þekkir af eigin raun. Hann er þá fremur heimildarmaður en söguhetja.“¹ Hér viðrar Helgi Skúli sjónarmið sem voru ríkjandi í sagnfræðinni á síðari hluta tuttugustu aldar og byggðust á þeirri skoðun að ekki væri hægt að nýta sjálfsævisögur vegna hinna huglægu einkenna. Þó væri ákveðinn hluti sjálfsævisagna (sem hann nefnir „minningar“) þannig úr garði gerður að hlutveruleikanum væri lýst meira. Slíkum ritum væri frekar treystandi samkvæmt yfirlýstum skoðunum fræðanna, það er þeim sem mest nýttu sér meginlegar rannsóknaraðferðir.

Helgi Skúli bendir á síðar í greininni að hér sé aðeins um skilgreiningaratriði að ræða en í raunveruleikanum séu þessar tvær „gerðir“ sjálfsævisagna samtvinnuðar í flestum sjálfstæðum bókum.² Ég hygg einmitt að nánast útilokað sé að draga upp þennan greinarmun sem Helgi Skúli telur vera á formunum tveimur þar sem yfirgnæfandi meirihluti sjálfsævisagna byggist á blöndu úr reynsluheimi einkalífs og þjóðlífs (opinbers lífs), eins og það kemur höfundi fyrir sjónir. Það getur skipt máli að bera kennsl á frásögn þar sem höfundurinn er mjög sýnilegur í samanburði við frásögn þar sem höfundurinn dylst lesendum. Slíkt gefur ákveðna vitneskju um stöðu höfundar í textanum. En þegar allt kemur til alls geta jafnvel lýsingar

1 Helgi Skúli Kjartansson, „Sagan beint í æð. Hugleiðing um minningarbækur.“ *Ný saga* 1 (1987), bls. 81.

2 Helgi Skúli Kjartansson, „Sagan beint í æð“, bls. 81.

sem virðast hlutlausar og fjarri sjálfi sögumanns verið mikilvægur vitnisburður um skoðanir hans og viðhorf.

Í bókinni *Íslensk stífræði* er stuðst við skilgreiningu hins þekkta franska fræðimanns Philippe Lejeune þegar umræðan berst að sjálfsævisögum. Þar koma eftirfarandi sjónarmið fram:

Sjálfsævisagan hefur verið skilgreind þannig að hún sé „frásögn í endurliti í óbundnu máli þar sem einhver segir frá sínu eigin lífi og leggur megináherslu á sjálfan sig sem einstakling, einkum á sögu eða þróun eigin persónuleika.“ Með slíkri afmörkun greinist hún frá öðrum skyldum bókmenntagreinum: endurminningum sem segja meira frá umhverfi og samtíð en einstaklingnum sjálfum, sjálfsævisögulegum skáldsögum, einkabréfum, sjálfslýsingum, dagbókum, ævikvæðum.¹

Hér er talin ástæða til að gera greinarmun á „eiginlegum sjálfsævisögum“ og „endurminningum sem segja meira frá umhverfi og samtíð en einstaklingnum sjálfum“ á líkum nótum og Helgi Skúli gerði og áður var minnst á. Ég vil ítreka að ef bækur greina aðeins frá „umhverfi og samtíð“ án þess að einstaklingurinn sjálfur komi þar við sögu, þá eiga slíkar bókmenntir ekkert skylt við sjálfsævisögur. Ef til vill má halda því fram að þær tilheyri þá frekar „þjóðlegum fróðleik“ og sagnaþáttum af því tagi. En eins og vikið verður að í næsta kafla geta slíkir sagnaþættir haft ákveðna sjálfsævisögulega eiginleika án þess að flokkast til sjálfsævisagna. Ef frásagnir af „umhverfi og samtíð“ eru hins vegar fluttar frá sjónarhóli höfundar og hann er hluti lýsingarinnar er um „eiginlega sjálfsævisögu“ að ræða, án tillits til þess hversu sýnilegur hann er í frásögninni. Með öðrum orðum er ofangreindur munur ekki hjálplegur við skilgreiningu og notkun sjálfsævisagna í hugvísindum. Þegar allt kemur til alls getur reynst erfitt að greina höfundinn frá textanum. Það er alltaf einhver sem heldur á penna, segir söguna. Þess vegna ber efni eins og þjóðlegur fróðleikur yfirbragð sjálfsævisögulegrar tjáningar.

Vilhjálmur Þ. Gíslason sem áður var vitnað til ræðir þessi atriði á örlítið öðrum nótum en hér hefur verið gert og skýrir álitamálin ágætlega:

Á fyrsta tug þessarar aldar deildu tveir íslenzkir sögumenn dálítið um eðli og vinnubrögð ævisöguritunarinnar, hvort það væri nóg að segja söguna og láta hana síðan tala máli sínu ótúlkaða, eða hvort höfundurinn ætti sjálfur að beita sálarfræði sinni til skýringar á mönnum og háttalagi þeirra. Flestar

1 Þorleifur Hauksson (ritstjóri) og Þórir Óskarsson, *Íslensk stífræði* (Reykjavík, 1994), bls. 564.

íslenzkar sjálfsævisögur eru persónulegar minningabækur og bregða fyrir sig báðum þessum aðferðum. Á þennan hátt hafa orðið til ágætar sjálfsævisögur, skemmtilegar og fróðlegar, fullar af ættfræði og persónusögu, skringilegheitum og sérkennilegu, skæru ljósi, sem brugðið er yfir lífsbaráttu og líf skjör fólksins. Að þessu leyti eru minningabækurnar merkar söguheimildir.¹

Eins og sjá má af dæmum sem hér hafa verið nefnd er oft erfitt að setja verk eins og sjálfsævisögur í tilteknar kvíar. Skilgreiningarvandinn hefur staðið þessum heimildaflokki fyrir þrífum þannig að þeir sem hafa tjáð sig um eðli hans og gerð hafa iðulega látið vera að rannsaka nægilega gaumgæfilega einkenni sjálfsævisagna. Ólíkum flokkum sjálfsbókmennta hefur hiklaust verið slegið saman, eins og dæmin hér að framan sýna, með þeim árangri að fræðimenn hafa tæplega treyst sér til að nýta efni sem fellur undir persónulegar heimildir. Í það minnsta hefur notkun þeirra verið miklum skilyrðum háð í fræðasamfélaginu eins og vikið verður að síðar í þessari bók.

Sjálfsævisögur eru af ýmsum gerðum en mótast fyrst og fremst af tvennu: Annars vegar af því hversu sýnilegur höfundurinn er í frásögninni, að hve miklu leyti hún snýst um líf hans sjálfs (þannig er skorið úr því um hvers konar verk er að ræða). Hins vegar ræðst gerð og mótun sjálfsævisögu af því hvort fleiri en aðalpersónan hafa komið að skrásetningu atburðanna eða útgáfu verksins.

Seinna atriðið er til merkis um það sem mestu máli skiptir fyrir sagnfræðinga. Það er í raun lykilatriði fyrir þá þegar þeir glíma við gildi heimilda almennt að gera skýra grein fyrir því hver hafi haldið á penna; að afhjúpa tengsl skrásetjara við heimildina og atburðina sem frá er greint. Þá er einnig mikilvægt fyrir sagnfræðinga að átta sig á því hver hafi verið tilgangurinn með ritun heimildanna. Um síðari þáttinn verður rætt í bókinni *Sjálfssögur*, en hér er ætlunin að fara nokkrum orðum um hinn fyrri – stöðu höfundarins í textanum.

Í yfirlitshlutum meirihluta sjálfsævisagna sem gefnar voru út á fyrri hluta tuttugstu aldar og langt fram á þann síðari er um að ræða verk bænda eða fólks sem hafði alið allan sinn aldur í sveit. Bækur þessar bera nær undantekningarlaust þjóðfélagsstöðu höfunda vitni. Böðvar Magnússon (f. 1877), bóndi á Laugarvatni, er ágætt dæmi um sjálfsævisöguritara sem stígur fram og rekur sögu sína og verklegra framkvæmda í sinni sveit. Bók hans er í vissum skilningi óður til vinnunnar og vinnuhörkunnar: „Faðir minn var afarmikill verkmaður, að hverju sem hann gekk, og gekk á undan fólki sínu

1 Vilhjálmur Þ. Gíslason, „Formálsorð“, bls. ix-x.

til allra verka alla ársins tíma.“¹ Böðvar lofsyngur ekki aðeins vinnuna heldur veltir fyrir sér ástæðunum fyrir áhuganum á henni í sveitunum: „Það var annars merkilegt, hve duglegir húsbændur höfðu lag á því að láta alltaf vinna af kappi og láta fólkið aldrei sjá út úr því, sem það hafði að gera. Við þetta hafði fólkið alizt upp og undi þessu furðu vel.“² Og þeir uppskera sem sá, er innihald sjálfsævisögu Böðvars og fjölda annarra sjálfsævisöguhöfunda sem fjalla um líf sín og störf í sveitum landsins.

En það eru ekki allar sjálfsævisögur úr sveitinni ritaðar með búnað og fiskveiðar í huga. Fjölmargar bera einkenni fjölskrúðugra mannlýsinga og athafna sem tengjast atvikum og örlögum fólks sem átti allt sitt undir sól og regni. Slíkar bækur eru fyrst og fremst áhrifamikill vitnisburður um líf og kjör fólks. Eitt ágætasta dæmið um slíka frásagnargáfu er að finna í verkum Guðbjargar Jónsdóttur (f. 1871) á Broddanesi á Ströndum.³ Hún kemst svo að orði um breytingar sem líf hennar hafði tekið:

Þó að æviár mín sjeu ekki ýkjamörg, þá hefur orðið sú breyting á þeim að furðu gegnir. Og jeg sjálf er stundum lík til geðs og kerlingin sem ekki þekti sjálfa sig. Á mínum ungdómsárum held jeg að engan hafi getað órað fyrir öllu sem nú er komið á daginn, því að það má heita að við eins og lifum í öðrum heimi en þá var. Og að spá því að svona mundi þetta verða hefði gengið goðgá næst. Því að gamla fólkið vildi helst engu breyta af því sem það hafði vanist.⁴

Margir sjálfsævisöguritarar úr bændastétt náðu markmiðum sínum; urðu bústólpar og fremstir í sinni sveit. En héraðshöfðingjarnir sátu ekki einir að skriftum. Drjúgur hópur sjálfsævisöguritara segir frá erfiðri sambúð við náttúru og samfélag; baráttunni um brauðið. Torfi Þorsteinsson (f. 1908) ritaði bókina *Lífsmörk í spori* og segir þar meðal annars frá æsku sinni og uppvesti. Erfið kjör fjölskyldunnar á Austfjörðum þar sem hún bjó lengstum, verður honum hugleikið umfjöllunarefni í bókinni:

Í Gamla-Garði varð verksvið móður minnar fyrstu ár þessarar aldar, þar sem hún helgaði sig móðurhlutverki ungra barna, gekk fáliðuð að heyskap á sumrin og hirti bústofninn í fjarveru föður míns á veturna. Faðir minn stundaði hins vegar sjó á Austfjörðum á sumrin, kom heim á haustin, stund-

1 Böðvar Magnússon, *Undir tindum. Ævisögupættir og sagnir* (Akureyri, 1953), bls. 117.

2 Böðvar Magnússon, *Undir tindum*, bls. 121.

3 Guðbjörg Jónsdóttir, *Minningar frá bernsku og æskuárum* (Reykjavík, 1929). – Guðbjörg Jónsdóttir, *Gamlar glæður. Pættir úr daglegu lífi á Ströndum á síðari hluta 19. aldar*. Helgi Hjörvar bjó til prentunar (Reykjavík, 1943).

4 Guðbjörg Jónsdóttir, *Við sólarlag* (Reykjavík, 1952), bls. 154.

um með smáan hlut, gaf sig að sjómennsku frá Bjarnahraunssandi á veturna og fór aftur í atvinnuleit til Austfjarða, þegar voraði á ný.¹

Sjálfsguritarar sem svona var ástatt fyrir náðu oftast, að því er virðist, að klóra sig út úr erfiðleikunum og komast til manns. Þau átök gátu verið dramatísk og margir báru greinilega aldrei sitt barr. Enn aðrir sem rita sjálfsævisögu náðu sér aldrei á strik, urðu undir í lífsbaráttunni og skrifa sögu sína við bág kjör. Frægasta dæmið er ef til vill verk Jóhannesar Birkilands (f. 1886) sem hann nefndi *Harmsaga afi minnar. Hvers vegna ég varð auðnuleysingi*.² Engu er líkara en Jóhannes dragi ekkert undan í frásögn sinni sem telja verður með allra athyglisverðustu sjálfsævisögum frá þessu tímabili. Hann hraktist á milli fólks, staða og heimsálfa og undi hag sínum hvergi. Á vissan hátt er verkið magnað uppgjör einstaklings við samtíð sína, manns sem átti við andlega erfiðleika að etja en náði þó að rita heilsteypta sögu um líf sitt.

Þéttbýlisbúar rituðu einnig sínar sögur og leiða þar fram vitnisburð um nývæðingu og uppbyggingu, mjög gjarnan við erfiðar aðstæður. Þar kom við sögu fólk af öllum stigum þjóðfélagsins sem taldi sig eiga erindi við samtíð sína. Í þessum sögum gægist nútíminn fram og lesendur fá tækifæri til að virða fyrir sér sambúð sveita og þéttbýlis eins og hún var varðveitt í hugarfylgsnum höfunda. Eitt besta dæmi um sjálfsævisögu af þessu tagi er verk Tryggva Emilssonar (f. 1902) sem kom út í þremur bindum á síðari hluta áttunda áratugar tuttugustu aldar. Vinnudagur foreldra hans gat oft verið langur, en þar sem ég gríp niður í frásögn hans bjó fjölskyldan rétt ofan við Oddeyrina á Akureyri og börnin voru átta talsins:

Það var komið haust 1906, faðir minn vann við grútaskatlana á Oddeyrinni, hann fór á fætur fyrir allar aldir á morgnana að glæða eldinni undir kötlunum og kom oft seint heim á kvöldin. Ef illa viðraði var hann stundum holdvotur því engin voru hlífðarfötin en við þau kjör urðu menn að setta sig og þótti gott að hafa vinnu. [...]

Móðir mín hugsaði vel um sitt heimili, hún sótti vatnið ýmist í brunninn eða lækinn sem rann úr mýrinni rétt við túngarðinn, hún sá um fjósið og gætti kindanna og hélt bænum svo hreinum að til þess var tekið, hún fór næstum daglega að kaupa fisk í soðið og bar heim og eins annan varning, svo voru sífelldir þvottar og eldunarannir og hún varð að færa föður mínum mat tvisvar á dag og fyrir kom að hún hljóp í fiskþurrkun á eyrunum fyrir

1 Torfi Þorsteinsson, *Lífsmörk í spori: Minningar og fróðleiksþættir* (Akureyri, 1982), bls. 20.

2 Jóhannes Birkiland, *Harmsaga afi minnar. Hvers vegna ég varð auðnuleysingi* (Reykjavík, 1945-1946).

neðan klappirnar, aldrei sást út úr daglegum önnum en þó hafði hún ætíð nægan tíma til að sinna börnunum sínum [...].¹

Æ fleirum tókst að forðast fátæktina eftir því sem leið á tuttugustu öldina og önnur viðfangsefni verða ríkjandi hjá sjálfsævisöguhöfundum.

Áberandi er að konur koma lítið við sögu sem höfundar þessara verka. Aðeins örfáar sjálfsævisögur kvenna voru gefnar út á fyrri hluta tuttugustu aldar og sjónarhorn þeirra er mjög karllægt svo ekki sé meira sagt. Viðfangsefnin eru lík og frásagnarháttur sömuleiðis.² Hlutveruleikinn nær mestri athygli hjá langflestum höfundum sjálfsævisagna, konum og körlum, og um hann er fjallað frá öllum hliðum. Hér stíga því fram fulltrúar lýðfrjálsrar þjóðar og skýra frá því hvernig þeir lögðu fram sinn skerf til mótnar hins unga ríkis. Í vissum skilningi er fólkið sjálft og sálarlíf þess aukaatriði; það er aðeins endrum og eins gert að umtalsefni.

Sjálfsævisögur sem ritaðar voru fyrir miðja síðustu öld voru langflestar tilraun til að lýsa stöðu fólks við nýjar aðstæður. Höfundurinn stígur gjarnan fram og segir sína sögu án þess að afsaka framferði sitt. Lesendur njóta þeirra forréttinda að þekkja sögusviðið vel og greinilegt er að höfundar gera ráð fyrir að lesendur eigi auðvelt með að setja sig í spor þeirra.³

Mikilvægt frávík er frá því einkenni sjálfsævisögunnar að aðalpersónan gangi fram fyrir skjöldu og standi ein og óstudd frammi fyrir lesendum sínum. Nokkrar sjálfsævisögur hafa verið ritaðar þannig að höfundurinn dylst í verkinu. Hann eða hún treystir sér ekki til að stíga fram og mæta lesendum augliti til auglits oftast vegna þess að sagan er svo átakanleg. Höfundum slíkra verka reynist erfitt að rísa undir eigin sögu. Reynslusaga höfundar hefur fengið svo mikið á hann að sálarlífið er rústir einar. Niðurrif sjálfsins er hér algert og átakið við sjálfsævisöguritunina svo mikið að höfundur telur sig þurfa að nota dulnefni. Frásögnin virðist nánast vera síðasta hálmstráíð – leið út úr eigin harmsögu. Þannig skýla dulnefni til dæmis höfundum tveggja sjálfsævisagna sem komu út á síðari hluta tuttugustu aldar með rúmlega tuttugu ára millibili. Hér er um að ræða bækurnar *Misjéfn er mannsævin* sem kom út árið 1979 og *Launhelgi lyganna* sem

1 Tryggvi Emilsson, *Fátækt fólk. Æviminningar I* (Reykjavík, 1976), bls. 68-69.

2 Ragnhildur Richter er sá fræðimaður sem mest hefur fjallað um sjálfsævisögur kvenna hér á landi. Áherslur hennar eru nokkuð aðrar en mínar eins og síðar verður vikið að í rannsókninni. Sjá: Ragnhildur Richter, *Lífað í röndinni á mannfélaginu. Um sjálfsævisögur kvenna* (Reykjavík, 1997).

3 Það skal ítrekað að nánari grein verður gerð fyrir íslenskum sjálfsævisögum í bókinni *Sjálfsögur* og því er aðeins lauslega rætt um gerð þeirra og stöðu hér í þessum kafla.

var gefin út árið 2000.¹ Báðar bækurnar greina frá hrottalegri meðferð og ofbeldi í garð höfunda í æsku sem hefur sett mark sitt á allt lífshlaup þeirra. Báðar lýsa sögurnar fjölskylduharmleik þar sem margir koma við sögu. Einkum á þetta við söguna *Launhelgi lyganna* þar sem ofbeldi og yfirgangur teygir sig yfir þrjár kynslóðir. Þessi bók vekur upp áleitnar spurningar sem fræðimenn erlendis hafa glímt mikið við, en þær tengjast hegðunarmunstri ofbeldisfólks og áhrifum þess á umhverfi sitt, þar á meðal fjölskylduna.²

Höfundur fyrri bókarinnar, sem nefndi sig Geir Hansson, var vanræktur af fjölskyldu sinni árum saman þannig að hann ólst að mest upp á götum Reykjavíkur um miðja tuttugustu öld. Meginefni bókarinnar er lýsingar á ofdrykkju móður og almennri óreglu í samfélaginu sem leiðir til svívirðilegrar meðferðar á kornungum dreng. Óreglan fellur inn í hegðunarmunstur þjóðarinnar sem mótast af fjálslegri meðferð og viðhorfum til áfengis þar sem hvatt er til drykkju og ólífnaðar. Enda virðist öllum standa á sama um örlög barnsins.

Þessar sögur ná báðar að skapa ákveðna spennu milli lesandans og bókarinnar vegna þess að höfundarnir dyljast og efni bókana er óvenju opinskátt. Fæstir sjálfsævisöguritarar treysta sér til að leysa frá skjóðunni á líkan hátt og þessir höfundar gera nema ef til vill Jóhannes Birkiland sem nefndur var hér að framan. Spurningunni um hvort sú ákvörðun höfunda að nota dulnefni hafi áhrif á trúverðugleika bókana er erfitt að svara. Ég hygg að sársaukinn sem lesa má á hverri síðu verði til þess að flestir lesendur sætta sig við leið höfunda. Þó er beint og milliliðalaust samband undir nafni enn áhrifameiri miðlun, en þá er líklegt að frásagnirnar hefðu einnig verið orðaðar á annan hátt.

1 Baugalín, *Launhelgi lyganna* (Reykjavík, 2000). – Geir Hansson, *Misjéfn er mannsævin* (Reykjavík, 1979). Baugalín og Geir Hansson eru dulnefni. Nemandi minn Hilma Gunnarsdóttir ritaði um þessar bækur í námskeiði í Háskóla Íslands haustið 2001 sem bar yfirskriftina „Minnið, sagan og persónulegar heimildir“. Sjá: Hilma Gunnarsdóttir, „Eitt ævilangt augnablik. Af sjálfsævisögnum *Launhelgi lyganna* og *Misjéfn er mannsævi*.“ (E).

2 Um áhrif fátæktar á hegðun fólks og lífsmunstur hefur mikið verið rætt í Bandaríkjunum. Ein áhrifamesta bókin á þessu sviði er: *The “Underclass Debate”: Views From History*. Ritstjóri Michael B. Katz (Princeton, 1992). Þá hafa verið unnar áhugaverðar rannsóknir á samfélögum í Evrópu á fyrri hluta nýaldar þar sem reynt er að tengja efnahag við mótun persónuleika einstaklinga. Sjá til dæmis: Palle Ove Christiansen, „Culture and Contrasts in a Northern European Village: Lifestyles Among Manorial Peasants in 18th-Century Denmark.“ *Journal of Social History* 29 (Winter 1995), bls. 275-294.

Endurminningarit

Undir *annan* flokk sjálfstjáningar falla þau bókmenntaverk sem ég hef kosið að nefna *endurminningarit*, en þau einkennast af samspili aðalpersónunnar og skrásetjara. Minningar fyrri aðilans eru skrásettar af þeim síðari að hluta eða að öllu leyti, langoftast með fyrstu persónu frásögn. Mjög misjafnt er hversu stóran þátt skrásetjari á í verkinu og sömuleiðis er undir hælinn lagt hvort gerð er grein fyrir því hvernig samvinnunni hafi verið háttað. Sagnfræðilegt gildi slíkra verka fer að sjálfsögðu mjög eftir því hver þáttur aðalpersónunnar er: Ef hann liggur ljós fyrir eru meiri líkur en ella á að fræðimenn treysti sér til að nýta frásögnina í verkum sínum. Þó verður að koma skýrt fram að þáttur skrásetjara hlýtur alltaf að vera umtalsverður, bæði hvað varðar efnisval og uppbyggingu. Því verður að meta endurminningarit á öðrum forsendum en hefðbundnar sjálfssævisögur (þar sem aðalpersónan er jafnframt skrásetjarinn). Oft eru endurminningarit nær því að flokkast með ævisögum þar sem þáttur höfundar er alger vegna þess að aðalpersónan er nær undantekningarlaust fallin frá. Til sam-
anburðar má hafa í huga að í endurminningaritum hefur aðalpersónan að öllum líkindum lagt blessun sína yfir textann og er þannig ábyrg fyrir efni verksins ekki síður en höfundur sjálfssævisögu eða ævisögu.

Samvinna – Í mörgum tilfellum er afar erfitt að greina hvert hlutverk skrásetjara endurminningarita hefur verið, hvort það hefur verið afgerandi í þeim skilningi að viðkomandi geti með réttu talist höfundur bókarinnar eða hvort hann eða hún hefur unnið sem ritari þess sem segir sögu sína. Gott dæmi um þetta er endurminningarit Knuds Zimsens (f. 1875) borgarstjóra í Reykjavík. Í formálsorðum bókarinnar *Úr bæ í borg* sem Knud ritar er vinnulagi bókarinnar lýst og þar kemur eftirfarandi fram um samstarf hans og Lúðvíks Kristjánssonar sem, eins og segir á titilsíðu, „færði í letur“: „Hef ég þar orðið að leita til gamalla bréfa, blaða, fundargerða nefnda og bæjarstjórnar. Hefur herra Lúðvík Kristjánsson, ritstjóri, unnið sleitulaust að söfnun allra skilríkja, auk þess sem hann hefur fært alla bókina í letur.“¹ Hér virðist ekkert fara á milli mála hver ræður ferðinni. Lúðvík virðist starfsmaður verkefnisins en ekki eiginlegur höfundur, eða nokkurs konar tæknilegur verkstjóri. Samt sem áður flokka ég bókina með endurminningaritum vegna þess að Lúðvík hefur örugglega haft mikil áhrif á endanlega gerð bókarinnar. Vel er hægt að túlka framsetningu verksins

1 Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Lúðvík Kristjánsson færði í letur (Reykjavík, 1952), bls. 7.

sem stílbragð Lúðvíks, að hann hafi viljað draga sig í hlé í frásögninni til þess að láta borgarstjóranum eftir sviðið.

Samspil aðalpersónunnar og skrásetjara er oft gert opinbert á mjög skýran og greinilegan hátt. Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur sem skrifaði bókina *Af Halamiðum á Hagatorg*, minningar Einaris Ólafssonar (f. 1896) í Lækjarhvammi, gerir grein fyrir því hvernig að ritun bókarinnar var staðið, en Þórunn nefndi hana ævisögu. Hún heimsótti Einar reglulega í nokkra mánuði og tók samtal þeirra upp á segulband. Upp úr því spjalli skrifaði hún svo bókina í fullu samráði við Einar.¹ Hér má ljóst vera að mikil samvinna hefur verið milli Þórunnar og Einaris en þó fer ekkert á milli mála að Þórunn er höfundurinn. Bókin er þess vegna ekki sjálfsævisaga heldur endurminningarit.

Í ritdómi í *Morgunblaðinu* um bók Þórunnar, sem Sigurjón Björnsson, fyrrverandi prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands ritaði, er hún talin höfundur bókarinnar: „Frásögnin er í fyrstu persónu, eins og um sjálfsævisögu væri að ræða og verður lesandinn hvergi var við ritarann. [...] Ég geri þær kröfur til ævisagna (og á þar einkum við sjálfsævisögur. Þessa bók tel ég þar í flokki, þó að hún sé í letur færð af öðrum), að þær séu vel læsilegar, á vönduðu máli og helst fremur skemmtilegar.“² Höfundur ritdómsins virðist að nokkru leyti gera sér grein fyrir muninum á sjálfsævisögum og endurminningaritum en það merkilega er að hann kýs samt að slá þessum hugtökum saman í umfjöllun sinni. Niðurstaðan er umfjöllun sem getur kallað á misskilning í sambandi við notkun hugtakanna og þá um leið glötuð tækifæri við að beita heimildunum með markvissum hætti. Sigurjón komst að þeirri niðurstöðu að bók Þórunnar væri bæði vel rituð og skemmtileg og næði því að fylla þær kröfur sem hann gerði til slíkra verka.

1 Þórunn Valdimarsdóttir, *Af Halamiðum á Hagatorg. Ævisaga Einaris Ólafssonar í Lækjarhvammi* (Reykjavík, 1986), bls. 7-8.

2 Sigurjón Björnsson, „[Ritdómur] Einaris saga Ólafssonar.“ *Morgunblaðið* 12. desember 1986. Annars eru ritdómar og ritfregnir kápítuli út af fyrir sig sem ekki verður farið út í hér að sinni. Fræðimenn hafa gjarna látið í ljósi mikla óánægju með ritdóma í blöðum. Sjá til dæmis umfjöllun Margrétar Guðmundsdóttur sagnfræðings: „Svart-hvít gagnrýni. Sagnfræðirit í fjölmiðlum.“ *Ný saga* 4 (1990), bls. 28-33. Margrét samdi greinina upp úr erindi sem hún flutti á ráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands árið 1989 um gagnrýni í fjölmiðlum. Nokkur fótur er fyrir þessu sígilda umkvörtunarefni enda eru ritdómarar oft almennir áhugamenn en ekki sérfræðingar um efni bókanna. Sérfræðingarnir fá ekki heldur góða útreið hjá ungum sagnfræðingi, Brynhildi Ingvarsdóttur, í *Skirni* um miðjan síðasta áratug tuttugustu aldar: „Hvað er á seyði í sagnfræðinni? Erlendar hræringar og íslenskir sagnfræðingar.“ *Skirnir* 170 (vor 1996), bls. 105-143. Ef til vill má segja að nær allir verði að taka sig á í þessum efnum til þess að þetta mikilvæga bókmenntaform fái notið sín. Ég mun gera þátt gagnrýnenda að umtalsefni í lokakafla bókarinnar og þá í samhengi við aðra sem koma að gerð og umfjöllun um þessar tegundir bókmennta.

Það er úrslitaatriði að skilgreina hugtök skýrt því að sú aðgerð eykur notkunarlíkurnar til muna og möguleika textans við fræðilega greiningu. Ef skilgreiningum er beitt markvisst er líklegt að fræðimenn geri sér frekar en ella grein fyrir styrk heimilda, kostum og göllum, og ég hygg að þeir sem ritrýna bækur hafi einnig mikil not fyrir örugga merkingu hugtaka og flokkun þeirra. Staðreyndin er sú að ónóg umræða um formgerð sjálfsbókmennta, um raunverulegt innihald og stöðu þessara bókmennta bæði fyrir sagnfræði, bókmenntir og aðrar vísindagreinar, hefur gert það að verkum að langstærstur hluti þeirra hefur lengstum verið hunsaður í almennri fræðiumræðu. Í tilfelli Sigurjóns Björnssonar er litið framhjá grundvelli sjálfsævisögunnar, því sem skapar henni sérstöðu – höfundur og aðalpersóna eru jafnan sami einstaklingurinn – og fyrir bragðið tapast tækifæri til innihaldsríkrar greiningar á verkinu.

Opinn aðgangur – Mikilvægt er að hugleiða hversu vel aðalpersónan er búin undir ritun verksins. Lesendur geta aflað sér þýðingarmikilla upplýsinga um það með því að kanna samstarfsformið milli höfundar og aðalpersónu. Ekkert fer á milli mála að fólk hefur verið mishirðusamt um líf sitt og hvernig því hefur undið fram. Einnig er misjafnt hvernig fólk hefur kosið að varðveita gögn og heimildir um sjálf sig. Fáir ritarar endurminningarita geta trúlega skrifað eins og Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi, gerði er hann fjallaði um viðfangsefni sitt Steingrím Hermannsson (f. 1928) forsætisráðherra: „Ég hef haft óheftan aðgang að öllum skjölum í fórum Steingríms: einkabréfum, dagbókum, persónulegum spjaldskráum og minnisblöðum, handrituðum minnispunktum úr stjórnarmyndunarviðræðum, ítarlegu ræðusafni Steingríms, ásamt blaðagreinum og handritum auk opinberra og prentaðra heimilda eins og rakið er í heimildaskrá.“¹ Allir sem lesa bók Steingríms skilja fljótt að Dagur á stóran þátt í mótun verksins þó svo mikil áhersla sé lögð á farsæla samvinnu þeirra tveggja og reyndar aðstandenda beggja eins og kemur fram í eftirmálum allra bókanna þriggja. Dagur tók ekki bara viðtöl við Steingrím Hermannsson heldur vann hann í anda vandaðra ævisöguritarar umfangsmikla heimildavinnu sem tengdist söguefni hans. Í vissum skilningi má því segja að munurinn milli endurminningarita og ævisagna sé í slíkum tilfellum frekar lítill og fljótandi. Hann felst þó alltaf í þeim aðstöðumun að höfundur endurminningarits getur leitað til aðalpersónunar og spurt hann eða hana álits á tilteknum

1 Dagur B. Eggertsson, *Steingrímur Hermannsson. Ævisaga II* (Reykjavík, 1999), bls. 348.

vafaatriðum. Um leið er höfundur oftast háður skoðunum aðalpersónunar, það er ef verkið er unnið í þökk þess síðarnefnda.

Endurminningarit Steingríms Hermannssonar vekur athygli fyrir það að svo virðist sem Steingrímur hafi í raun búið sig undir ritun bókarinnar alla sína ævi. Hann hefur unnið að viðtækri gagnasöfnun um sjálfan sig nánast frá blautu barnsbeini og reiðir þau gögn fram skilyrðislaust þegar ritunin hefst. Það sem meira er, þessi gögn eru öll vel flokkuð og aðgengileg vegna hirðusemi Steingríms sjálfs.

Stundum er sagt um stjórnámálamenn að þeir séu uppteknir af ímynd sinni. Trúlega kemur það til af eðlilegum ástæðum þar sem stjórnámálapátt-taka krefst þess að þeir skerpi og móti ímynd sína í starfi. Stöðugt návígi við kjósendur, fjölmiðla og eigin lífsafstöðu krefst slíkrar hegðunar. Steingrímur Hermannsson var alinn upp á heimili forsætisráðherra, raunar á opinberu heimili þess embættis, í ráðherrabústaðnum sjálfum við Tjarnargötu í Reykjavík. Öruggt má telja að hann hafi skynjað snemma á lífsferlinum hvað þyrfti til að verða farsæll stjórnámálamaður. Dagur gefur reyndar í skyn að hann hafi farið óvenjulegar leiðir að því marki, því maðurinn sjálfur sé eins mótsagnakenndur og íslensk veðrátta. Best gæti ég trúað að Steingrímur hafi byggt upp skjalasafn sitt eins og vörður sem leiddu áhugasama stjórnálaskýrendur að ákveðinni niðurstöðu um persónuna Steingrím Hermannsson. Það er svo annað mál hvort það hefur tekist. Ég væni Steingrím ekki um óheiðarleika, geri því aðeins skóna að hann hafi unnið markvisst, meðvitað og ómeðvitað, að því að skapa ímynd sína sem stjórnámálamaður, rétt eins og við gerum ef til vill öll í nokkrum mæli. Hann gerði það bara af meiri einbeitni en flestir aðrir vegna uppeldis síns, stöðu fjölskyldunnar og eigin hlutverks í samfélaginu.

Lengi hefur verið vitað að Jón Sigurðsson forseti eyddi markvisst gögn-um um sjálfan sig í þeim tilgangi einum að ekkert skyggði á ímynd hans sem forystumanns í sjálfstæðisbaráttunni. Jón var ef til vill fyrsti nútíma stjórnámálamaðurinn á Íslandi í þessum skilningi og víst er að margir koll-egar hans á tuttugustu öldinni unnu ötullega að því að móta skoðun al-mennings á eigin persónu til að tryggja sér lýðfylgi og fögur eftirmæli. Þannig eru endurminningaskrif sem og önnur sjálfsævisöguleg tjáning hluti af þeim iðnaði sem tengist ímyndasmíð fólks í samtímanum.¹

1 Um þetta hef ég fjallað nokkuð í bók um Magnús Hj. Magnússon og dagbókariðju hans sem nefnist *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins*. Sjá: „Magnús og mýtan“, bls. 84-97. Þá má enn benda á grein Guðmundar Hálfðanarsonar, „Biskupasögur hinar nýju“. Þar tekur hann einmitt fyrir ævisögur sem eru ritaðar til að minnast fallins stjórnámálaleiðtoga og búa til mynd eða ímynd af störfum hans með það í huga að styrkja málstað þess flokks sem hann tilheyrði.

Aðalpersónur endurminningarita eða sjálfsævisagna þurfa ekki að vera stjórnmálamenn til þess að vera uppteknar af ímynd sinni. Nýlega birtist til dæmis endurminningarit Sonju de Zorrilla (f. 1916) sem Reynir Traustason blaðamaður ritaði en hún auðgaðist gríðarlega á verðbréfa-markaðnum í New York á síðari hluta tuttugustu aldar.¹ Samvinna þeirra fór fram í gegnum síma þar sem Sonja þóttist aldrei vera nægilega vel til höfð til að hitta höfund eigin endurminninga:

„Darling, ég á eftir að fara í hárgreiðslu. Þú færð ekki að sjá mig svona,“ var einatt viðkvæðið. Svona gekk það í nokkra daga. Símtölin voru löng en Sonja sá eitt og annað því til fyrirstöðu að hitta mig. Mál þróuðust þannig að í stað þess að eiga umræddan fund sagði hún sögu sína í síma. Þannig varð það að vera.

Næstu fimmtán mánuðina voru símtöl næstum því á hverjum degi; stundum oftar en einu sinni sama daginn. Símtölin voru löng og saga Sonju rann fram eins og elfur.²

Þarna var á ferð kona sem vissi að ímynd hennar mátti ekki bíða hnekki og því komst hún aldrei til þess að hitta Reyni Traustason. Þó svo að hér sé um öfgakennt dæmi að ræða breytir það því ekki að fjölmargir nútímahöfundar sjálfsbókmennta eru mjög meðvitaðir um stöðu sína í textanum og gera allt til að hafa stjórn á því hvernig um þá er fjallað.

Afskaplega velheppnað endurminningarit sem byggðist á mikilli samvinnu höfundar og aðalpersónunnar er bókin um listamanninn Guðmund Guðmundsson (f. 1932), Erró, sem Aðalsteinn Ingólfsson ritaði. Þar er allt eins og best verður á kosið. Höfundurinn gerir í upphafi samkomulag við Erró um að fá aðgang að öllum heimildum um hann. Erró sjálfur hafði frá fyrstu tíð sankað að sér gríðarlegu efni um sjálfan sig og list sína. Efnið sem Aðalsteinn gat unnið úr var til dæmis „[...] þúsundir ljósmynda úr einkasafni sínu [Errós] sem hann hafði límt upp í tímaröð.“³ Þetta efni sem Erró hafði safnað tengdist vinnu hans sem listamanns og aðferðum sem hann beitti við listsköpun sína. Með öðrum orðum, Erró lagði til það efni sem hann hafði áhuga á að koma á framfæri. Hér er átt við myndræna samantekt um lífshlaupið. Aðalsteinn fékk hana síðan til úrvinnslu en að auki afhenti Erró honum skrá yfir hugsanlega heimildarmenn sem gætu frætt hann um feril sinn og skipti þar litlu hvort um var að ræða vini, viðhlajendur eða beina óvildarmenn. Og Aðalsteinn skýrir enn frekar heimildavinnuna:

1 Reynir Traustason, *Sorja. Líf og leyndardómar Sorju W. Berjainsson de Zorrilla* (Reykjavík, 2002).

2 Reynir Traustason, *Sorja*, bls. 360.

3 Aðalsteinn Ingólfsson, *Erró. Margfalt líf* (Reykjavík, 1991), bls. 5.

Frásögn Errós er styrkt með annars konar heimildum, dagbókum, einka-
bréfum, gömlum viðtölum, blaðaúrklippum og upplýsingum fjölmargra
samtímamanna listamannsins. Eftir að hafa gefið þennan höggstað á sér,
lagði Erró sig í líma við að útvega mér heimildarmenn, heimildir og aðstöðu
til að vinna úr þeim, og var um leið óspar á eigin tíma og vináttu.¹

Og ekki nóg með að aðalpersónan hafi vísað á fólk heldur afsalaði hann sér
öllum rétti til að breyta texta þeirra sem rætt var við. Hér er mikilvæg
vitneskja á ferðinni fyrir lesendur. Höfundurinn fleygar frásagnir heimild-
armanna á áhrifaríkan hátt inn í umfjöllun sína rétt eins og klippimynd frá
Erró sé á ferð. Á þennan hátt komu fimmtíu viðmælendur við sögu bók-
arinnar og auka því til muna gildi hennar sem heimildaverks. Oft er dregin
upp mótsagnakennd og margbrotin mynd af listamanninum – samfellunni
er fórnað fyrir ólík blæbrigði lífsins. Loks birtist í þessari bók gríðarlegur
fjöldi ljósmynda, bæði úr lífi Errós og einnig af verkum hans. Sá þáttur
bókarinnar er einfaldlega kapítuli út af fyrir sig en sjónræn miðlun getur
nýst ákaflega vel þegar sjálfstjáning er á dagskrá rannsóknarverkefna.

Engu er líkara en Aðalsteinn Ingólfsson hafi átt þess kost að vinna með
óskaefni við kjöraðstæður. Samband höfundar og aðalpersónunnar er byggt
upp á trausti og listamaðurinn er það stór í sniðum að hann treystir sér til að
taka þá áhættu að veita höfundinum fullan aðgang að lífi sínu. En lesandinn
verður að hafa í huga, rétt eins og þeir sem lesa endurminningarit Stein-
gríms Hermannssonar, að allur búningur verksins og aðdragandinn byggist
á ákveðinni orðræðu, retórik, sem er til þess fallin að styrkja tiltrú bæði
höfundar á sambandinu við aðalpersónuna (hér eru öll spil lögð á borðið til
úrvinnslu) og lesanda á gildi verksins (hér hefur engu verið leynt, allur
aðgangur að efninu hefur verið frjálts og óþvingaður). Þessi umgjörð og
málatilbúnaður er hluti af verkinu öllu sem mikilvægt er fyrir lesandann að
vega og meta.

Reynir Traustason dregur svipaða sögu fram í eftirmála að bók sinni um
Sonju de Zorrilla, rétt til að undirstrika að óhætt sé að treysta verkinu þó svo
hann og aðalpersónan hafi aldrei hist: „En allt sem Sonja sagði stóðst við
nánari skoðun eins og stafur á bók. Hún gaf góðfúslega leyfi sitt til þess að
rætt væri við vini hennar og vandamenn og aflað nauðsynlegra gagna.
„Darling, auðvitað talarðu við fólkið,“ var svarið þegar spurt var hvort ræða
mætti við þennan eða hinn.“² Reynir bendir síðan á að leitað hafi verið til

1 Aðalsteinn Ingólfsson, *Erró*, bls. 5.

2 Reynir Traustason, *Sonja*, bls. 360-361.

fjölmargra heimildarmanna bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum og þannig hafi bókinn orðið til. Hér ber allt að sama brunni, lesendum er bent á að verkið standist alla skoðun hvernig sem á hana væri litið. Sömu tilfinningu fá lesendur við lestur endurminningarita Errós og Steingríms Hermannssonar; þar hafi höfundar haft fullan aðgang að aðalpersónunni og þeir hafi lagt sig alla fram við að ljúka upp leyndum þáttum í lífi þeirra.

Ábyrgð höfundar – Samstarf höfundar endurminningarits og aðalpersónu er oft margbrotið og hefur ólíkar birtingarmyndir. Frægt er mál er spannst í kringum endurminningarit Esra Péturssonar (f. 1918) geðlæknis sem Ingólfur Margeirsson skráði.¹ Þar var tekist á um berorðar lýsingar á sambandi Esra og eins sjúklings hans. Ljóst er að Esra braut þar öll siðalögmál lækna, bæði með sambandi sínu við sjúklinginn og síðan frásögninni af sjúkrasögu hennar og af kynferðislegu samneyti þeirra. Segja má að Esra hafi stráð salti í sárin er hann sagði frá þessari sorgarsögu umbúðalaust í endurminningaritinu eftir að sjúklingur hans hafði fallið fyrir eigin hendi. Til að bæta gráu ofan á svart bar Esra upp á foreldra konunnar að þau ættu sök á ógæfu hennar. Sú frásögn, í sambland við upphafið sjálfshól Esra, hratt af stað mikilli umræðu um frásagnir af þessu tagi. Hörð viðbrögð komu fram hjá aðstandendum konunnar, stéttarbræðrum og -systrum Esra (honum var um síðir vikið úr Læknafélagi Íslands) og almenningi. Nær allir gerðu sér grein fyrir að þarna hafði Esra gengið of langt í frásögn sinni, svo langt að það hafði veruleg áhrif á þálfandi fólk sem tengdist ofangreindu máli.

Esra var ekki sá eini sem fékk ákúrus fyrir frásögn sína. Höfundur bókarrinnar, Ingólfur Margeirsson blaðamaður, var einnig gagnrýndur harðlega og honum legið á hálsi fyrir þátt sinn í verkinu. Ingólfur var þó kokhraustur og taldi mikla heppni að fá þvílíkan efnivið sem frásögn Esra var upp í hendurnar. Og Ingólfur ætlaði sér ekki lítið í bókinni, það er að beita kenningum sjálfs Sigmunds Freuds á viðfangsefni sitt. „Séu höfundar og sá sem segir sögu sína meðvitaðir um kenningar Freuds og aðferðir sálkönnunar“, segir Ingólfur í formála að bókinni, „er því fátt sem í vegi stendur að nýta sér þá einstöku aðferð sem Freud skapaði til að skilja ævi viðkomandi af meiri dýpt en tíðkast í ævisögum almennt.“² Ekki er laust við að Ingólfi hafi heldur fatast flugið í svifi sínu á sporbraut sálkönnunar í anda Freuds því eins og áður sagði komst bókinn og þáttur höfundar í

1 Ingólfur Margeirsson, *Sálumessa syndara. Ævi og eftirþankar Esra S. Péturssonar geðlæknis og sálkönnuðar* (Reykjavík, 1997).

2 Ingólfur Margeirsson, *Sálumessa syndara*, „Formáli höfundar“, ótölusettur.

hámaeli stuttu eftir útgáfu hennar og endaði um síðir fyrir dómstólum þar sem bæði Ingólfur og Esra voru fundnir sekir í Hæstarétti fyrir skrif sín.¹

Málið í kringum bókina vekur sannarlega upp margar spurningar um ábyrgð höfunda verka af þessu tagi: Hversu langt eiga þeir að ganga í frásögn sinni? Hvenær eiga þeir að taka af skarið og stoppa aðalpersónu sem er greinilega á villigötum og koma vitinu fyrir hana? Hér eru á ferðinni samviskuspurningar sem allir höfundar standa frammi fyrir er þeir fjalla um viðfangsefni sín. Höfundar bóka af hvaða tagi sem er takast á við slíkar spurningar í daglegri vinnu sinni og gera upp við sig hvort þeir vilja tengja nafn sitt við gjörninga líka þeim sem Esra lýsti í frásögn sinni. Höfundar gera sér ljóst að hægt er að segja efnislega frá atburðum án þess að rjúfa trúnað eða brjóta á friðhelgi fólks á jafn afgerandi hátt og gert var í bók Ingólfs. Ef til vill hafa önnur sjónarmið en sannleiksástin verið höfð að leiðarljósi við ritun þessarar bókar.

Ingólfur Margeirsson tók þann kostinn að taka frásögn Esra gilda, og hafði örugglega góðar ástæður fyrir þeirri ákvörðun. En sínum augum lítur hver á silfrið: „Talsvert fjaðrafok var um seinustu jól vegna ævisögu Esra Péturssonar læknis, enda þótti mörgum þar vegið að friðhelgi látins sjúklings með tillitslausum og óskammfeilnum hætti“, segir Matthías Viðar Sæmundsson í grein í *DV* árið 1998 og heldur síðan áfram með þessum orðum: „Ættingjar kröfðust því rannsóknar, málarekstur hófst, stefnur gengu og nú er dómur genginn í málinu, jafnframt því sem höfundurinn, Ingólfur Margeirsson, harmar hlutinn sinn og málfrelsi Íslendinga. Þetta virðist því vera sígilt dæmi um baráttu einstaklings og kerfis, sagan eilífa um það góða (Ingólf/Esra) og hið illa (ættingja/dómstóla).“²

Grein Matthíasar Viðars gerir að umtalsefni ályktun Rithöfundasambands Íslands um það sem hann nefnir „vandræði Ingólfs“: „Í henni“, segir Matthías, „er steipt saman tuggum um hlutverk rithöfunda og blaðamanna, að upplýsingar geti móðgað, hneykslað og raskað hugarró, að ekki skuli draga tíðindamenn til ábyrgðar eins og tíðkaðist forðum.“ Matthías gagnrýnir síðan Rithöfundasambandið fyrir þá furðulegu niðurstöðu að friðhelgi einkalífsins sé lítils virði, í það minnsta í samanburði við mikilvægi þess að rithöfundar og blaðamenn geti sagt frá því sem mönnum er helgast án nokkurar íhlutunar löggjafans. Matthías Viðar lætur í ljós þá skoðun að í mörgum tilfellum sé málfrelsi „samheiti taumlausrar frekju, jafnvel söluáhalda, tæki í markaðssetningu fjölmiðla.“ Hér vísar Matthías trúlega í þá

1 Sjá dómsmál nr. 252/1998 fyrir Hæstarétti, „Ákærvaldið gegn Ingólfi Erni Margeirssyni“. Sjá vef Hæstaréttar: www.haestirettur.is (*Vef*).

2 Matthías Viðar Sæmundsson, „Esra Pétursson og rithöfundarnir.“ *DV* 11. maí 1998.

staðreynd að Ingólfur var ekki aðeins höfundur bókarinnar heldur einnig útgefandi og hafði því beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Og Matthías Viðar kemst að eftirfarandi niðurstöðu: „Höfundar eru ekki hafnir yfir raunir og réttindi annars fólks, eins og ráða má af ályktun Rithöfundasambandsins, þeir hljóta að bera ábyrgð á orðum sínum, hvort sem um skáldskap, blaðaskrif eða ævisögur er að ræða, enda getur málfrelsi að öðrum kosti snúist í ógeðfellda andstæðu sína.“

Árið 1995, tveimur árum fyrir útgáfu *Sálumessu syndara*, ritaði Ingólfur Margeirsson grein í *Lesbók Morgunblaðsins* um þá iðju sem hann nefnir ritun „ævisagna“. ¹ Ingólfur er þar greinilega að ræða um endurminningarit þar sem hann vitnar stöðugt í samband höfunda og viðmælanda. ² Markmið greinarinnar er aðeins eitt, að vekja athygli á þætti höfunda endurminningarita við mótun verkanna. Svo mikill er sannfæringarkraftur Ingólfs í þessu sambandi að hann náði að sannfæra mig og örugglega fleiri um mikilvægi höfunda við gerð bóka af þessu tagi: „Stundum segja visir menn: Skáldsagnahöfundurinn er skáldsagan, ljóðskáldið er ljóðið, leikskáldið er leikritið. Þá má spyrja: Er ævisagnahöfundurinn ævisagan? Getur ævisaga annarrar persónu endurspeglad höfundinn? Svárið er já: Ævisagan endurspeglar ávallt höfundinn, slæman eða góðan. Sannur ævisagnahöfundur skrifar sjálfan sig inn í ævisögu annars manns. [...] Það er ævisagnahöfundurinn sem hlustar á viðmælandann og metur hann, velur það efni sem hafnar í bókinni og hverju er sleppt.“ Hér mælir Ingólfur heilastur og niðurstaða hans í þessari grein kemur því ekki á óvart:

Menn verða að gera sér grein fyrir að ritun ævisögu er í senn viðkvæm og mannúðleg. Viðkvæm því höfundur þarf að endurskapa göngu einstaklings á jörðinni. Ábyrgð höfundarins er því mikil, það er hann sem þarf að setja fram atburði, verk, tilfinningar og hugsun viðmælandans. Mannúðleg, því heiðarleg ævisagnaritun er í eðli sínu hreinsandi fyrir líf viðkomandi, eins konar andleg meðferð, uppgjör og uppstökkun, sálarleg vörutalning. [...] Kjarni ævisögunnar er húmanismi; mannhyggja, því sönn ævisagnaritun er í eðli sínu djúpur og einlægur áhugi á manninum og lífi hans á jörðinni.

Furðuleg er sú mannúð sem liggur að baki bókinni *Sálumessa syndara*. Í dómsorði Héraðsdóms frá 8. maí 1998 segir þegar málavextir eru raktir: „Ákærði [Ingólfur Margeirsson] segist hafa verið bundinn trúnaði við

1 Ingólfur Margeirsson, „Hin sálfræðilega ævisaga.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 4. nóvember 1995.

2 Lesendur eru beðnir um að hafa þetta í huga þegar þeir lesa tilvitnanir í grein Ingólfs hér á eftir.

meðákærða og litið á það sem skyldu sína að skrásetja ævifrásögn hans svo hún kæmist rétt til skila í bókinni. *Kveðst hann hafa litið á sig sem ritsjóra verksins, fyrst og fremst.*¹ Eitthvað er þáttur höfundarins hér orðinn léttvægur miðað við fyrri lýsingar Ingólfs í *Lesbók Morgunblaðsins* frá 1995. Skyndilega vill hann ekki kannast við að eiga mikinn þátt í verkinu.

Þegar allt kemur til alls sýnir saga endurminningarits Esra Péturssonar og dómsmálið sem spannst í kringum það fram á þau sannindi sem Ingólfur Margeirsson hélt á lofti 1995, að ábyrgð höfundarins er afar mikil við ritun bóka af þessu tagi. Um ástæður sinnaskipta Ingólfs er erfitt að fullyrða. Ef til vill tókst Esra að dáleiða Ingólf, en það er einmitt eitt af því sem sá síðarnefndi telur að höfundum endurminningarita stafi hætta af, nefnilega að „[...] ævisagnahöfundurinn verði of ástfanginn af viðfangsefninu, heillist upp úr skónum af persónunni og ævi hennar, þannig að viðmælandinn nái of miklum tökum á höfundinum.“ Af málflutningi Ingólfs má ráða að hann sé þeirrar skoðunar að höfundurinn búi til manninn sem bókinn fjalli um, skapi einingu úr óreiðunni.

Ingólfur leggur áherslu á að höfundurinn megi ekki skálda, það sé dauðasynd. Hér kemur hann að merkilegu atriði sem snýst um tilraun til að skapa einingu úr æviferli manns án þess að skálda. Spurningin er: Hvernig er það hægt? Ekki er hægt að ætlast til þess að höfundur endurgeri líf þess sem í hlut á algjörlega eins og það var; hann verður því að skálda eða skapa frásögn sem líkist lífi einstaklingsins að einhverju leyti. Annars gengur röksemdafærslan um mikilvægi höfundarins ekki upp. Engu er líkara en Ingólfur komi ekki auga á þá klemmu sem höfundur hugverks stendur frammi fyrir hverju sinni – hvað felist í valinu á milli aðal- og aukaatriða. Uppbygging hvers endurminningarits byggist á slíku vali milli efnisatriða sem tengjast lífi aðalpersónunnar. Ábyrgð höfunda endurminningarita felst meðal annars í mati á öllum æviferli aðalpersónunnar auk persónulegra einkenna hennar. Ingólfi mistekst að vinna skipulega úr efniviði sínum, á þann hátt sem hann taldi í Lesbókargreininni frá 1995 að gera skyldi. Fyrir bragðið verða vonbrigði lesandans mikil. Sú staða sem lesandinn er settur í verður ennþá meira sláandi fyrir þær sakir að Ingólfi hafði áður tekist óvenju vel upp er hann ritaði eftirminnilega bók um ævi Guðmundu Elíasdóttur (f. 1920) söngkonu.²

1 Dómur Héraðsdóms kemur fram í dómi Hæstaréttar nr. 252/1998 „Ákærvaldið gegn Ingólfi Erni Margeirssyni.“ Tekið skal fram að skáletrun er mín.

2 Ingólfur Margeirsson, *Lífjátning. Endurminningar Guðmundu Elíasdóttur söngkonu* (Reykjavík, 1981). Með nokkrum sanni má segja að hér fari fyrsta flokks endurminningarit.

Mörgum árum síðar leit Ingólfur til baka á þessa atburðarás í viðtali í *Fréttablaðinu* og minntist þeirrar stundar þegar hann stóð fyrir Hæstarétti og beið dóms: „Rétturinn var fullskipaður og þegar ég sá sjö dómara standa í þessum glæsilegu bláu skikkjum sínum, hver og einn með bókina í höndum sér þá sagði ég: Jæja, nú kemst ég ekki lengra sem rithöfundur. Þetta er toppurinn.“¹

Í sögulegu ljósi – Upphaf endurminningarita á Íslandi má rekja vestur á Ísafjörð til samvinnu þeirra Guðmundar G. Hagalín og Sæmundar Sæmundssonar (f. 1869) skipstjóra en afrakstur hennar birtist í bókinni *Virkir dagar*.² Í eftirmála að annarri útgáfu bókarinnar (sem fyrst kom út árið 1936) lýsir Guðmundur aðdragandanum að bókinni. Þar nefnir hann að fundum þeirra Sæmundar hafi borið saman fyrir tilviljun, en strax við upphaf kynna þeirra hafi tekist með þeim mikil vinátta og hún hafi fengið Guðmund til að hugleiða

[...] hvort ekki mundi gerlegt að færa þannig í letur sögur karla og kvenna daglegs lífs, samtíðarmanna, sem gæddir væru þreki, seiglu og framtaki, að sögurnar hefðu að nokkru svipaða kosti og Íslendingasögurnar, væru tjörlega skráðar, flyttu minnisstæðar mannlýsingar, greindu frá athyglisverðum líf skjörum og lífsviðhorfum, atvikum og atburðum – hefðu í sér fólgin fróðleik um hugsunarhátt og menningu, atvinnulíf, lífshætti og lífsbaráttu, brúuðu að einhverju leyti bilið milli kynslóðanna og hvettu til manndóms og framsækni.³

Hér færðust menn mikið í fang og meginhugmyndin var að sýna lesendum fram á að í landinu byggji fólk sem gæti tekist á við framtíðina af þeim styrk sem hæfði frjálsborinni þjóð – að andi Íslendingasagnanna lifði enn! Endurminningaritið sprettur því upp í hinu pólitíska andrúmslofti sjálfstæðisbaráttunnar sem fyrstu áratugir tuttugustu aldar skópu. Þar var kallað eftir vitnisburði um að almenningur gæti axlað þá ábyrgð sem sjálfstæðið legði á herðar hvers manns. Í sveita síns andlits legði hver einasti verkmaður sitt lóð á vogarskálarnar sem tryggði framtíð þjóðarinnar. Þannig má segja að endurminningaritin hafi verið vopn í höndum þeirra sem vildu halda fram ágæti þjóðarinnar. Leiðin sem var valin byggðist á traustum

1 „Held áfram að vera til.“ *Fréttablaðið* 4. apríl 2004.

2 Sjá umfjöllun Jóns Guðnasonar um þessa þróun í grein sem nefnist: „Um munnlegar heimildir.“ *Saga* 27 (1989), bls. 7-28.

3 Guðmundur G. Hagalín, *Virkir dagar. Saga Sæmundar Sæmundssonar skipsjóra, skráð eftir frásögn hans sjáfs*. Önnur útgáfa (Akureyri, 1958), bls. 595.

grunni söguþjóðarinnar og var auk þess góð skemmtun í höndum manna á borð við Guðmund G. Hagalín.

Guðmundur greinir síðan frá ýmsum tilraunum sínum í sambandi við framsetningu forms og efnis og er það hin merkilegasta lesning sem sýnir að honum hefur verið mjög umhugað að koma efninu til skila á sem allra skýrastan hátt. Síðan bætir hann við: „Ég vissi, að frægir erlendir samtíðarhöfundar höfðu skrifað ævisögur með nýju sniði, fært formið nær skáldsögunni en áður hafði tíðkast. Ég las nokkrar slíkar bækur og komst að þeirri niðurstöðu, að þarna væri farin svipuð leið og ég hafði hugsað mér. En þessir höfundar höfðu – eins og fyrirrennarar þeirra um ævisagnaritun – valið fræg stórmenni sem söguhetjur, ekki menn úr hópi hinnar stritandi alþýðu.“¹ Loks greinir hann nákvæmlega frá því hvernig bókin var unnin og óhætt er að segja að Sæmundur hafi verið með í ráðum á öllum stigum verksins. Hér er mikilvægt að átta sig á áhersluatriði Guðmundar, hvaða þjóðfélagshópa hann taldi æskilegt viðfangsefni. Saga stórmenna var þekkt og geta þeirra til góðra verka var kunn. Orðræðan í blöðum og tímaritum nítjándu aldar og fram á þá tuttugustu snerist mjög um þau rök að fólk þyrfti að vinna fyrir frelsinu, að það þyrfti að leggja mikið á sig til að þjóð gæti talist hæf til að höndla þá ábyrgð sem frelsið legði sérhverjum á herðar.² Það er engu líkara en endurminningaritin hafi orðið vettvangur fyrir vitnaleiðslu fólks (aldamótakynslóðarinnar) sem vildi staðfesta að það hefði staðið sína plikt og að framganga þess mætti verða nokkur hvatning í framtíðinni.

Ekki voru allir jafn hrifnir af þessari þróun á sínum tíma. Guðbrandur Jónsson, prófessor í Háskóla Íslands, lét eftirfarandi orð falla í formála á sjálfsævisögu séra Jóns Steingrímssonar eldklerks rétt fyrir miðja tuttugustu öldina:

Nú á dögum tíðkast hér á landi sérstök tegund sjálfsævisagnagerðar, sem er að ýmsu leyti varhugaverð, enda þótt vel geti farið. Það er, að ævisagnahöfundarnir treysta sér ekki, eða er ekki treyst til að skrifa sjálfstætt, og fá þeir sér þá, eða er fenginn hjálparmaður; kennir hann þeim, hvernig skuli fara bleki um og nema land hins auða pappírs, eða semur beinlínis fyrir þá. Enda þótt niðurstaðan verði að jafnaði áferðarfalleg, þar eð hjálparliðið er venjulegast prýðilegir kunnáttumenn, er aðferðin þó viðsjárverð, því lesandinn veit auðvitað óglögg, hvenær hann stendur augliti til auglits við

1 Guðmundur G. Hagalín, *Virkir dagar*, bls. 595.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 87-120.

aðalhöfundinn og hvenær hann er með hjálparhelluna undir fótum; og þó er þetta ekki einskisvert.¹

Guðbrandur kemst hér hnyttilega að orði og sér í hendingu vanda þessara rita. En hann slær af kröfunum þegar sveitungi hans Eldeyjar-Hjalti á í hlut enda „[...] er þessi sjálfsævisaga ein hin ágætasta, sem til er á íslenzka tungu, og má það vera sómi öllum oss, sem af skaftfellsku bergi erum brotnir, að tvær helztu íslenzku sjálfsævisögur skuli vera ættaðar úr Skaftafellssýslu.“²

Fyrsta endurminningaritið sem unnið var af konu og um konu hér á landi var bók Elínborgar Lárusdóttur *Tvennir tímar* sem fjallaði um lífshlaup Hólmiðar Hjaltason (f. 1870).³ Bókin var gefin út árið 1949 en tveimur árum síðar kom út annað endurminningarit konu sem karlmaður tók saman. Sú bók fjallaði um stormasamt lífshlaup Helgu Sörensen (f. 1859) og nokkrum árum síðar vann Guðmundur G. Hagalín, frumkvöðull þessarar tegundar bókmennta, bók um Moniku Helgadóttur (f. 1901).⁴ Í hönd fór skriða slíkra bóka sem átti eftir að rétta hlut kvenna í útgefnum verkum á sviði sjálfsævisögulegrar tjáningar.

Sannleikurinn – Á hinum endanum á kvarða sannleikans má ef til vill staðsetja snilldarverk Þórbergs Þórðarsonar, *Ævisögu Árna þrífasts Þórarinssonar*, sem vitnað var til í fyrsta kafla bókarinnar. Verkið fékk fljótt það orðspor að þar væri farið frjálfslega með staðreyndir. Þórbergur gerir þetta að umtalsefni, auk ritunar verksins, í minningarorðum um séra Árna Þórarinsson (f. 1860) sem birtust fyrst í dagblaðinu *Ejóðvíjanum* og síðar sem eftirmáli að heildarútgáfu verksins árið 1970: „En séra Árni var sagður ósannsögull. Sumir hafa kallað hann „stórlyginn“. Og ýmsir hafa fórnað

1 Guðbrandur Jónsson, „Formáli.“ *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar eftir sjáfan hann*. Skaftfellinga rit I. Guðbrandur Jónsson sá um útgáfuna. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1945), bls. xvi.

2 Guðbrandur Jónsson, „Formáli“, bls. xvi-xvii. Þess má geta að Guðmundur G. Hagalín ritaði endurminningarit Eldeyja-Hjalta.

3 Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar. Endurminningar Hólmiðar Hjaltason* (Akureyri, 1949). Þess má geta að Hólmiðar var eiginkona Guðmundar Hjaltasonar sem gaf út sjálfsævisöguna: *Ævisaga Guðmundar Hjaltasonar skráð af honum sjálfum og þrír fyrirlestrar* (Reykjavík, 1923). Þá má geta þess að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ritaði ágætt endurminningarit um dóttur Guðmundar og Hólmiðar sem nefnist: *Þegar sálin fer á kreik. Minningar Sigurveigar Guðmundsdóttur* (Reykjavík, 1991). Verk af þessu tagi innan sömu fjölskyldu bjóða sannarlega upp á áhugaverða rannsóknarfleti og dæmi eru um fleiri slíkar tengingar.

4 Jón Sigurðsson, *Helga Sörensdóttir, Ævisaga rituð eftir sögn hennar sjáfrar* (Reykjavík, 1951). – Guðmundur G. Hagalín, *Konan í dalnum og dæturnar sjö. Saga Moniku Helgadóttur á Merkigili* (Akureyri, 1954).

talsverðu af sjálfum sér til þess að gera þennan áburð að þjóðtrú.“¹ Þórbergur er þarna einkum að bregðast við ýmsum sögusögnum í sambandi við samvinnu þeirra félaga. Hann ræðir meðal annars þá kviksögu sem margir höfðu í flimtingum að saga séra Árna yrði nú einkennileg smíð, „[...] þar sem lygnasti maður landsins segir frá og sá trúgjarnasti færir í letur.“² Þórbergur skýrir nákvæmlega frá vinnutilhöguninni við ritun verksins og lýsir því hvernig bókin hafi teygst upp í 1700 blaðsíður. Hann leggur sig í líma við að sýna fram á að Árni hafi verið sannsögull maður sem þó kunni þá list að ýkja að hætti skálda.

Þórbergur veltir því síðan fyrir sér hvernig beri að skilgreina sjálfsævisögur. Að hans áliti eiga þær ekkert skylt við sannleikann: „Kritískar útgáfur á slíkum bókmenntum sanna, að þeim er varlega treystandi sem sögulegum heimildargögnum, jafnvel þó að höfundarnir hafi verið valinkunnir heiðursmenn.“³ Þórbergur lætur síðan fylgja hugleiðingu um eðli sjálfsævisögunnar:

Sjálfsævisagan er frásögn af ævi manns og umhverfi eins og hann lifir þetta upp í endurminningunni. Þessar upplifanir hljóta alltaf að verða meira eða minna frábrugðnar að blæ og efni sjálfum atvikunum, sem höfundurinn lifði á sínum tíma í heimi reynslunnar. Í fyrsta lagi er hann undirorpinn þeim veikleika, að minni hans skeiki hér og þar, þegar hann horfir til baka yfir veg, sem er fyrir löngu farinn. Þar að auki breytir tíminn blæ atvikanna. Ennfremur lifa menn atvikin með ólíkum hætti, bæði þegar þeir mæta þeim og rifja þau upp í endurminningunni. Jafnvel sami maðurinn lifir atvikin öðruvísi um tvítugsaldur en þegar hann er fertugur. Þessi munur á sér rætur í gáfnaðari manna, tilfinningalífi, innræti, athyglisgáfu, menntun, heilsufari, stétt og stöðu, efnahag, aldri og aldarhætti. Höfundur, sem gæddur er stílgáfu og miklum frásagnarhæfileika, freistast til að mála ýmislegt með sterkari litum en efni eru til. Hjá höfundi með litla stílgáfu og lélegan frásagnarhæfileika verða litirnir hins vegar daufari en í veruleikanum. Hvorugur segir því „sanna“ ævisögu.⁴

Þessi frábæri rökstuðningur Þórbergs segir fyrst og fremst mikla sögu um það hvaða viðhorf menn höfðu til sagnfræðinnar, það er að fræðimenn eigi þess kost að komast að hinu sanna um fortíðina. Hugmyndir hans um sjálfsævisögur eru einkar næmar og innihaldsríkar og ég get tekið undir

1 Þórbergur Þórðarson, *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar*. Síðara bindi. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1970), bls. 559.

2 Þórbergur Þórðarson, *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar*, bls. 557.

3 Þórbergur Þórðarson, *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar*, bls. 561.

4 Þórbergur Þórðarson, *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar*, bls. 562.

hvert einasta orð í forsendum röksemdafærslunnar. Það er aðeins ályktunin sem er óviðunandi, það er að sjálfsævisögur nýtist ekki við sagnfræðirannsóknir eins og Þórbergur virðist ýja að. Í huga Þórbergs var frásagnarháttur séra Árna „[...] ekki lygi, heldur list.“ Einkenni sjálfsævisagna er að mati Þórbergs að mála lífið lítið eitt sterkari litum en efni stóðu til. Lokaniðurstaða Þórbergs um frásögn séra Árna er því eftirfarandi: „Hann hefur látið færa í letur mjög merkilegar menningar- og sálarlífslýsingar á því byggðarlagi, sem hann dvaldist lengst í og var hans sérfræðigrein, og þetta hefur hann gert af meiri einurð og heiðrikari hreinskilni og auk þess með listrænna og sérstæðara handbragði en flestir, ef ekki allir sjálfsævisöguritarar hér á landi, jafnvel þó að vitnað sé langt aftur í aldir.“¹ Vart er hægt að hugsa sér sterkari rök fyrir notkun sjálfsævisagna og endurminningarita við fræðirannsóknir, svo framarlega sem fræðimenn ástunda rannsóknir sínar af varfærni og heimildirnar eru settar í eðlilegt samhengi viðfangsefnisins, nefnilega verksins sjálfs. Ekki fer á milli mála að Þórbergi var mikið niðri fyrir þegar hann ritaði þessar línur, en hér er sagan rakin vegna þess að eftirmálar eins og þessi eru fátiðir. Slík skrif veita óvenjulega innsýn í hugsun þeirra sem að endurminningaritum standa.

Endurminningarit geta reynst frábær vitnisburður um líf fólks frá fyrri tíð og ef samvinnan tekst vel á milli höfundar og aðalpersónunnar fá lesendur oft að skyggnast inn í heim sem útilokað væri að nálgast eftir öðrum leiðum. Þáttur sérfræðingsins sem vinnur bókina getur skipt sköpum. Vegna þekkingar sinnar og reynslu af rannsóknarvinnu við bókaskrif tekst honum þegar best lætur að aðstoða aðalpersónuna við að kalla fram þær minningar sem hún telur mestu skipta í lífi sínu. Með þessum hætti hafa verið skapaðar eftirminnilegar bækur um fólk og samfélög.

Samtalsbækur

Pričji flokkur sjálfsbókmennta er hinar svokölluðu „samtalsbækur“ sem búa yfir mörgum eiginleikum þeirra verka sem byggjast á sjálfskönnun. Kosturinn við þessa tegund bókmennta er að oftast fer ekkert á milli mála hvað er frá aðalpersónunni komið og hvað frá skrásetjara vegna þess að verkið er afmarkað af beinum spurningum og svörum. Samtalsbækur eru því þannig skilgreindar að greinilega komi fram þær spurningar sem höfundur bókarinnar setur fram og svör aðalpersónunnar. Af þessum ástæðum er ljóst að skrásetjarinn hefur oft mikil áhrif á um hvað er rætt svo og

1 Þórbergur Þórðarson, *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar*, bls. 563.

uppsetningu efnis. Samtalsformið er þó viðkvæmt bókarefni. Mjög auðvelt er að misnota það þannig að annar hvor aðilinn, aðalpersóna eða skrásetjari, snúi frásögninni sér í vil og gangi á sveig við óþægilegar minningar eða atburði. Þess vegna er mikilvægt að meta verk af þessu tagi á gagnrýninn hátt.

Samtal sem bókmenntir – Matthías Johannessen skáld og fyrrverandi ritstjóri *Morgunblaðsins* hóf samtalsbókaformið til vegs og virðingar er hann nýtti sér reynslu sína úr blaðaheiminum og skrifaði upp samtöl við nokkra þjóðþekkt einstaklinga á síðari hluta sjötta áratugar tuttugustu aldar og fyrri hluta þess sjöunda. Þar fylgdi hann reyndar í kjölfar tveggja ritstjóra *Morgunblaðsins*, Valtýs Stefánssonar sem birti nokkrar bækur með samantekt úr viðtölum sem hann vann sem ritstjóri blaðsins og Vilhjálms Finsens sem gaf út bók sem samanstóð af viðtölum hans við Íslendinga búsetta í útlöndum.¹ Ekki má gleyma því að Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, blaðamaður á *Alfýðublaðinu*, gaf út margar bækur með viðtölum við fólk af vettvangi þjóðlífsins um svipað leyti og Vilhjálmur Finsen og Valtýr, það er á sjötta áratugnum, undir heitinu *Við byggðum þessa borg*.² Upphaf þessa bóka-flokks má reyndar rekja til Vilhjálms en hann gaf út í byrjun sjötta áratugar tuttugustu aldar bókina *Fólkið í landinu*.³ Þessir höfundar beittu samtalsforminu af list til að leiða fram á sjónarsviðið fólk úr ólíkum geirum mannlífsins. Í viðtölunum fékk það að láta ljós sitt skína um efni sem það gjörþekkti. Valtýr og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, sem voru stórtækastir, nýttu hæfileika sína sem blaðamenn til að gera efnið bæði aðgengilegt og uppbyggilegt; þar var sögð saga þeirra sem byggðu þetta land. Matthías nýtti sér samtalsformið á mun viðtækari hátt, tók það inn á nýtt svið og gerði samtalsbækurnar að nokkurs konar bókmenntaformi. Þannig varð til dæmis bókin um Þórberg Þórðarsson (f. 1889) til, en hún var nefnd *Í kompaní við all,fið*.⁴ Nokkrum árum síðar gaf Matthías út tvær bækur um Pál Ísólfsen (f. 1893) sem báru heitið *Hundapi, fan og hæfið* og *Í dag skein sól*.⁵ Í þessum verkum leikur Matthías sér með viðmælendum sínum að

1 Valtýr Stefánsson, *Þau gerðu garðinn frægan* (Reykjavík, 1956); *Myndir úr þjóðl,finu. Fimmtíu viðtöl* (Reykjavík, 1958); *Menn og minningar. Fimmtíu þættir* (Reykjavík, 1959). – Vilhjálmur Finsen, *Hvað landinn sagði erlendis* (Akureyri, 1958).

2 Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Við byggðum þessa borg* I-III (Reykjavík, 1956-1958).

3 Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Fólkið í landinu* I-II (Reykjavík, 1951-1952).

4 Matthías Johannessen, *Í kompaní við all,fið. Matthías Johannessen talar við Þórberg Þórðarsson* (Reykjavík, 1959). Í umfjöllun um bækur Matthíasar naut ég góðs af nemandaritgerð Hrafnkels Lárussonar úr námskeiði sem ég hélt við sagnfræðiskor Háskóla Íslands haustið 2001 og nefndist „Minnið, sagan og persónulegar heimildir“ (E).

5 *Í dag skein sól. Matthías Johannessen ræðir við Pál Ísólfsen* (Reykjavík, 1964); *Hundapi, fan*

hugmyndum og hugsunum um samtíð þeirra og fortíð og verður sjálfur mun meira áberandi í öllu ferlinu en forverar hans.

Á síðari hluta áttunda áratugar tuttugustu aldar komu síðan út þrjár bækur sem nefndar voru *M Samtöl I-III* og innihéldu stutt viðtöl sem Matthías hafði tekið á tuttugu og fimm ára ferli sínum sem blaðamaður á *Morgunblaðinu*. Þar var hann á svipuðum slóðum og Valtýr og Vilhjálmarir tveir rúmum tuttugu árum áður. Í formála að fyrstu bókinni segir Eiríkur Hreinn Finnbogason eftirfarandi um tilefni þessarar útgáfu: „Matthías tók við samtalsþáttum blaðsins af Valtý Stefánssyni ritstjóra. Það var í rauninni Valtýr sem hóf blaðasamtölin til vegs og virðingar hér á landi og gerði þau ekki einungis vinsælt, heldur einnig mikilvægt lesefni, til að mynda fyrir þjóðháttufræði og sagnfræði.“¹ Ekkert fer á milli mála að í bókunum sem Matthías vann með Þórbergi og Páli á höfundur í raunverulegum samræðum við viðmælendur sína og hugmyndir hans og skoðanir koma skýrt fram. Bækurnar eru í sjálfum sér frábær heimild um ákveðna samræðuhefð sem mótaðist á sjötta og sjöunda áratug tuttugustu aldar og merkilegar fyrir það hvernig einstaklingar eins og þessir þrír, Matthías, Þórbergur og Páll, nálgust hver annan í opinberu samtali. Framsetning Matthíasar og frásagnaraðferð er frábrugðið því sem þekkt er í sjálfsævisögum og endurminningaritum þar sem hann stekkur inn í samtölin á milli kynninga á aðalpersónum og einræðna þeirra. Samtalsformið er þó notað til að leiða lesendur smátt og smátt að efninu og kjarna þess, það er lífi og starfi viðmælandans. Matthías gerir samtalið sjálft að viðfangi bókarinnar og nær þannig að draga lesendur inn að miðju þess. Þannig skynja þeir í hvernig skapi Matthías og Þórbergur eru frá einni stund til annarrar og einnig hvernig samskiptum þeirra er háttað; hvaða breytingum þau taka frá upphafi bókarinnar og til endaloka hennar. Lesandinn áttar sig á því að Þórbergur, sem var greinilega á öndverðum meiði við Morgunblaðsritstjórnann í stjórnámálum, var ekki allt of viljugur að gefa sig í verkið í fyrstu. Þórbergur losar síðan tókin og leikur þá við hvern sinn fingur. Þórbergur fer greinilega sínu fram í viðtalinu þegar hann vill svo við hafa, hefur forystu og þeytist á milli staða og tímabila, eins og ekkert sé. Matthías situr viljandi í farþegasætinu og grípur inn í rétt til að skerpa á áherslum og draga fram

og hefið. *Matthías Johannessen ræðir við Pál Ísólfsson* (Reykjavík, 1961). Árið 1972 kom síðan út bók með samtölum við Halldór Laxness sem nefndist *Skeggræður gegnum tíðina* (Reykjavík, 1972).

- 1 Eiríkur Hreinn Finnbogason, „Formáli.“ *M Samtöl I* (Reykjavík, 1977), bls. 5. Sjá einnig Matthías Johannessen, *M Samtöl I-III* (Reykjavík, 1977-1979). Þess má geta að viðtöl Vilhjálms Finsens voru langflest tekin á árunum 1922-1938 þegar hann var hættur sem ritstjóri *Morgunblaðsins* og hafði tekið til við að starfa sem blaðamaður í Osló.

skýrari drætti. Á stundum lætur hann sjálfur gamminn geysa og á einnig til að lýsa aðstæðum og svipbrigðum Þórbergs. Sem dæmi um samræðuhætti þeirra félaga má taka eftirfarandi texta:

[Matthías] Heldur þú, að lífið eftir dauðann sé skemmtilegt?

[Þórbergur] Nei, ég held það sé leiðinlegt fyrst, fyrir allan þorra manna. Við sofnum burt héðan frá hákarli, hangikjöti, koníaksnafs og uppáferðum og vöknum í ókennilegum heimi, sem hefur ekki neitt af þessu að neinu gagni. Þetta er svona svipað því að flytjast úr Suðursveit norður í Angmagsalik. En svo held ég nú birti yfir þessu smátt og smátt, það verður meiri og meiri fegurð í kringum okkur, hákarlinn og hangikjötið gleymist, uppáferðirnar breytast í kynlausar ástaryfirhellingar og það verður sennilega mikið af sínfóníum, pasagalíum, óperettum, rapsódíum og varíasjónum. Þá fer ég að hitta Árna prófast Þórarinsson.¹

Matthías er á vissan hátt mun sýnilegri í bókinni um Pál Ísólfsson en í samræðum þeirra Þórbergs. Hann lýsir umhverfi og viðmælandanum á mun fyllri hátt en fyrr og tengir einnig frásögnina meira við líðandi stund. Þannig virðast þessar bækur meira unnar af hendi Matthíasar þó svo hann haldi fyrri einkennum samtalsformsins sem birst höfðu í bókinni um Þórberg; samtalið hefst án fyrirvara og endar sömuleiðis án mikils aðdraganda.

Þriðja bókin, *Skeggræður gegnum tíðina*, viðtöl við Halldór Kiljan Laxness (f. 1902), er uppbyggð á annan hátt þar sem mest er um gömul viðtöl Matthíasar við Halldór. Sú bók hefur sannarlega ákveðna hugmyndafræðilega uppbyggingu sem er trúlega ætlað að draga fram einkenni Halldórs sem rithöfundar og hugsuðar. Haukur Ingvarsson bókmenntafræðingur hefur bent á að með stöðugum og reglulegum viðtölum við Halldór hafi ritstjóri *Morgunblaðsins*, Matthías Johannessen, haft mótandi áhrif á hvernig samtíðin las verk Halldórs.² Hugmynd Hauks um áhrif Matthíasar dregur fram áhrifamátt viðtalanna sem samskiptaforms. Þegar blaðamaður og ritstjóri mál gagns borgaraaflanna í landinu, eins og Matthías, fer af stað og tekur síendurtekin viðtöl við nóbelskaldið, þá er ljóst að hugmyndir hans og skoðanir fara að hafa áhrif á hugsun fólks um verk skáldsins. Þessi tilgáta um áhrifamátt túlkana Matthíasar Johannessens í *Morgunblaðinu* fellur inn í klassíska umgjörð umfjöllunar um „menningarlegt auðmagn“; um þá hugmynd að tekist sé á um eignarhald yfir textum og hugverkum sem

1 Matthías Johannessen, *Í kompaní við allfið*, bls. 26-27.

2 Haukur Ingvarsson lét þessa skoðun í ljósi í samtali við mig í nóvembermánuði 2003 í M.A.-námskeiði sem ég kenndi ásamt öðrum við íslenskuskor í Háskóla Íslands sem hét: „Sjálfsævisögur – ævisögur – skáldsögur.“ (I). Haukur á örugglega eftir að útfæra þessa hugmynd á næstu árum í sambandi við rannsóknir sínar á Halldóri Kiljan Laxness.

veita þeim sem komast yfir þau, í óeiginlegri merkingu, ákveðið vald í samfélaginu. Um Halldór Kiljan Laxness var barist með kjafti og klóm nær alla tuttugustu öldina og víst má telja að þeirri baráttu sé hvergi nærri lokið.

Aðferð Matthíasar er fullkomlega heiðarleg og óeigingjörn. Viðtöl hans við Halldór Kiljan lýsir upp þær hugmyndir sem Matthías hefur um skáldbróður sinn og dregur fram hvað samtalsformið getur reynst áhrifaríkur miðill. Vegna traustra taka á forminu fer hugmyndaheimur Matthíasar að stjórna viðtökum fólks á verkum Halldórs Kiljans. Samtalsbækur Matthíasar sýna höfund bókanna í skýru ljósi, svo og viðmælendur hans og samtíðina alla. En þær afhjúpa einnig tjáningu og tilfinningu manna fyrir efni og atburðum sem ekki er auðvelt að koma til skila eftir öðrum leiðum. Hér er samtalsforminu gert hátt undir höfði og það styrkir ramma bókanna og skapar tilfinningu fyrir því hvernig sambandi spyrils og viðmælanda var háttað.

Athyglisvert er að huga að muninum á samtalsbókum og endurminningaritum, einkum þar sem þeir sömu koma að verki. Valtýr Guðmundsson ritaði til dæmis fræga bók um Thor Jensen (f. 1863) sem er ágætt dæmi um endurminningarit sem verður til úr löngu samtali sem þeir félagar áttu vegna fyrirhugaðrar blaðagreinar. Eiríkur Hreinn Finnbogason nefndi það „blaðasamtal“, en það átti að birtast í *Lesbók Morgunblaðsins*. Í nokkurs konar eftirmála að bókinni lýsir Valtýr því hvernig hugmyndin breyttist úr blaðagrein í endurminningarit. Hann bendir á að Thor hafi verið mikill reglumaður sem haldið hafi til haga smáu sem stóru er tengdist lífi hans. Síðan bætir Valtýr við: „Hér var ábyrgðin ekki önnur en sú að klæða hugsanir hans í búning samfelldrar frásagnar.“¹ Þó má lesa út úr eftirmálanum að Valtýr hefur verið afar þýðingarmikill hlekkur og ráðandi við mótun verksins.

Misnotkun formsins? – Á síðari árum hafa komið út samtalsbækur með reglulegu millibili en þó án þess að þær hafi vakið verulega athygli eða þokað þessu formi persónulegrar tjáningar inn á nýjar brautir. Ef til vil kann skýringin á frekar hægfara þróun þeirra að vera tengd þeirri sprengju sem varð á blaða- og tímaritamarkaðnum á síðustu tuttugu árum síðustu aldar. Helgarviðtöl blaða og stór tímaritsviðtöl virðast hafa ýtt samtalsbókunum til hliðar að mestu. Auk þess hefur áherslan færst frá samtalsforminu yfir til endurminningaritanna en þeim hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu

1 Valtýr Stefánsson, *Framkvæmdaár. Minningar* [Thor Jensen] II. Skrásett hefur Valtýr Stefánsson (Reykjavík, 1955), bls. 248.

áratugum. Samtalsbækur hafa þó haldið velli og árlega kemur út efni sem tilheyrir þessum flokki bóka.

Samtalsformið er afar viðkvæmt og getur auðveldlega farið úr böndunum, sérstaklega ef ekki er jafnræði milli spyrils og viðmælanda. Mjög auðvelt er að nýta sér það til þess að koma ákveðnum sjónarmiðum á framfæri, í beinu áróðurstríði um menn eða málefni. Dæmi um þetta er samtalsbók Ólafs Ragnarssonar, blaðamanns og bókaútgefanda, og Gunnars Thoroddsens (f. 1910) forsætisráðherra.¹ Gunnar, sem hafði verið viðriðinn stjórnsmál á Íslandi í áratugi og komið nálægt öllum helstu valdastofnunum lýðveldisins á tuttugustu öld, var sannarlega verðugt viðfangsefni fyrir áhugafólk um samtímasögu. Greinilegt er af bókinni að Gunnar hefur stjórnað allri uppbyggingu hennar. Öll umfjöllunin miðaði á áberandi hátt að því að auka á dýrð hans og ágæti. Hún var liður í ákveðnu áróðursstríði sem hann átti í við marga samflokksmenn sína í Sjálfstæðisflokknum. Fréttamaðurinn Ólafur Ragnarsson virðist aldrei hafa fengið tækifæri til að spyrja Gunnar ágengra spurninga, manninn sem var bæði umdeildur allan sinn feril og einn af hugmyndafræðilegum kenningasmiðum eins stærsta stjórnsmálaflokks landsins. Annaðhvort hafa Ólafur og Gunnar gert með sér þann samning að sá síðarnefndi réði algjörlega ferðinni eða Ólafur hefur verið ofurliði borinn. En þó að verkið líði fyrir gagnrýnislausu umfjöllun um menn og málefni er það engu að síður vitnisburður um skoðanir Gunnars Thoroddsens á sjálfum sér og framlagi sínu til samfélagsins. Á þeim forsendum er verkið áhugavert þótt það sé gallað að öðru leyti.

Annað dæmi má nefna sem sætti mikilli gagnrýni á sínum tíma en það var viðtalsbók Jóns Guðnasonar, prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands, við Einar Olgeirsson (f. 1927), fyrrverandi alþingismann, ráðherra og helsta talsmann sósíalista á Íslandi.² Bókina sem nefndist *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar* ritdæmdi Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, í tímaritinu *Sögu*.³ Þór fann bókinni flest til foráttu og gagnrýndi söguskoðun Einars harkalega. Þór fannst eins og hann hafi ekki tekið tillit til þróunar í heimsmálunum næstu áratugina á undan; rangfærslur og útúrsnúninga væri að finna á hverri blaðsíðu. Um þátt Jóns Guðnasonar hafði hann eftirfarandi að segja:

1 Ólafur Ragnarsson, *Ólafur Ragnarsson ræðir við Gunnar Thoroddsen* (Reykjavík, 1981).

2 Jón Guðnason, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar* [Einar Olgeirsson]. Jón Guðnason skráði (Reykjavík, 1980). Sjá einnig síðari bókina: Jón Guðnason, *Krcftaverk einnar kynslóðar*. [Einar Olgeirsson]. Jón Guðnason skráði (Reykjavík, 1983).

3 Þór Whitehead, „[Ritdómur] Einar Olgeirsson, Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar. Jón Guðnason skráði.“ *Saga* 19 (1981), bls. 304-322.

Meðferð Einars á prentuðum heimildum leiðir hugann að þætti skrásetjarans, Jóns Guðnasonar. Jón skýrir frá því í formála, að hann hafi reynt að láta „orðalag Einars og frásagnarhátt haldast eins og frekast voru tök á“ (bls. 9). Þetta skýrir margt, en þó hljóta menn að undrast, hvernig Einar gat hallað frásögn sinni svo mjög sem raun ber vitni án þess að Jón reyndi að rétta hana af, t.d. með því að vekja athygli á augljósustu gloppunum. Skrásetjarinn getur þó ekki kastað af sér allri ábyrgð á þeim missögnum, sem eru í tilvitnunum Einars í prentuð rit. Nafn hans á titilblaði hefði átt að vera lesandanum trygging fyrir því, að lágmarkskröfur sagnfræðinnar um meðferð heimilda væru í heiðri hafðar. Á það skortir.¹

Hér er enn vikið að viðkvæmu sambandi aðalpersónu og skrásetjara og ekkert fer á milli mála að hægt er að ganga á rétt annars hvors þannig að hann fái bágð fyrir. Jón gerir í bókinni nokkra grein því fyrir hvernig starfinu hafi verið háttað:

Sá háttur var hafður á, að Einar Olgeirsson rakti sögu frelsisbaráttunnar og óf saman við hana hugleiðingum sínum og minningum. Hann studdi mál sitt með allmörgum tilvitnunum í heimildir, og er þeirra getið neðanmáls í þessari bók ásamt fleiri, þar sem ýtarlegra er sagt frá ýmsu en hér er gert. Bók þessi er unnin upp úr viðtölum okkar Einars, sem tekin voru upp á segulbönd, og minnispunktum, sem hann skaut að mér þess á milli, er honum hafði dottið eitthvað nýtt í hug.²

Jón hefur þann háttinn á að gera mjög skýran greinarmun á spurningum sem hann leggur fyrir Einar og frásögum hans og viðbrögðum. Einar kys að segja sögu sína þannig að hún fylgi þeim hugsjónum og skoðunum sem hann barðist fyrir í áratugi. Ef hann hefur ekki fylgst með alþjóðlegri samtímaumræðu á ritunartíma bókarinnar, eins og Þór lætur í veðri vaka, þá býður slík umfjöllun aðeins upp á úrvinnslu sagnfræðinga framtíðarinnar. Þar verður Einar Olgeirsson ekki kallaður til vitnis. Viðtalið er aðeins heimild um viðhorf Einars til sögunnar og þjóðfélagsmála. Um það er ekki deilt að annað rit hefði verið hægt að rita sem fjallaði um þessar skoðanir Einars og bæri þær saman við skoðanir andstæðinga hans bæði fyrr og síðar. Jón gerir ekki tilraun til að slá ryki í augu lesenda sinna, lætur aðeins rödd Einars hljóma. Það hlýtur að teljast fullgilt sjónarmið að vilja gefa þessum aldna stjórnmálaleiðtoga tækifæri á að tjá sig um skoðanir sínar og sjónarmið þó svo þau kunni að vera á skjön við viðhorfin í alþjóðastjórnmálum á þeim tíma þegar bókin er rituð.

1 Þór Whitehead, „[Ritdómur] Einar Olgeirsson, Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar“, bls. 320-321.

2 Jón Guðnason, „Formáli.“ *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar*, bls. 9.

En hver er þá munurinn á vinnubrögðum Ólafs Ragnarssonar og Jóns Guðnasonar? Trúlega er hann hverfandi lítill. Verkin sýna aðeins að samtalsformið virkar vel þegar miðla þarf tilteknum skoðunum eða lýsingu á hversdagslegum hlutum sem tengjast viðhorfi viðmælanda til manna eða málefna. Ef til vill gerir lesandinn þær kröfur til aðalpersónunnar sem enn er virk á sviði stjórnmalanna að hún standi fyrir máli sínu, sérstaklega þegar hún er leidd fram af sérfræðingi sem er vandur að virðingu sinni. Lesandinn áttar sig trúlega á að í báðum ofangreindra tilvika er búin til helgimynd og það innan forms sem býður upp á ágenga gagnrýni spyrilsins.

Jón Guðnason horfir á efni sitt sem sögulegt viðfang og hefur áhuga á að draga fram sjónarmið manns sem er horfinn af opinberum vettvangi. Sú afstaða er afar skiljanleg þó svo að mikilvægt sé að ítreka að hann hefði að sjálfsögðu getað farið aðra leið. Afstaða lesanda og væntingar ráða því miklu um hvernig verk af þessu tagi eru metin. Þess er vænst að maður sem enn er viðriðinn opinbera þjóðlífsumræðu svari knýjandi spurningum um samtíma sinn með opnum hug en ekki er búist við því að hinn sem sestur er í helgan stein gjörbreyti viðhorfum sínum til sögunnar vegna „nýrra“ upp-götvana í alþjóðastjórnmalum. Lesandinn hefur frekar áhuga á að kynnast því hvernig hann sá heiminn þegar hann var sjálfur þátttakandi í stjórn-málastarfi landsins.

Átta árum síðar svarar Jón Guðnason á óbeinan hátt Þór Whitehead, samstarfsmanni sínum við Háskóla Íslands, í grein sem fjallar um munnlegar heimildir. Jón gerir þar meðal annars grein fyrir því hvernig hann vann viðtölin við Einar Olgeirsson. Hann bendir á að hann hafi viljað forðast að gera viðmælanda sínum upp skoðanir og hafi lagt áherslu á að vera frásögn hans trúr. „Í frásögn Einars eru stríðir strengir og ádeilutönn,“ segir Jón Guðnason og bætir við:

Slíkt getur verið hressilegt í greinum og hugvekjum sem lesnar eru með hvíldum, en álitamál er hvort slíkur frásagnarháttur fari vel í langri frásögn. Eftir nokkra umhugsun ákvað ég að láta hann halda sér þar sem hann er lýsandi fyrir tíðarandann á þeim umbrotatímum sem sögumaður sagði frá, tímum mikilla átaka og andstæðna. Saga hans gefur með því móti sannari mynd en farið væri að draga úr ádeilum og slæva broddana.¹

Jón fetar hér mikilvæga leið og býr sagnfræðingum framtíðarinnar í hendur vitnisburð um mann sem leit stjórnmalasöguna augum stéttarandstæðna og átaka og stóð í fylkingarbrjósti þeirra sem börðust fyrir málefnum verka-

1 Jón Guðnason, „Um munnlegar heimildir.“ *Saga* 27 (1989), bls. 26.

lýðsins. Þessi bók er fyrir bragðið heimild um skoðanir Einars Olgeirssonar árið 1980 og fullgild sem slík.

Óheillabraut – Vegna þess að samtalsformið er viðkvæmt og getur auðveldlega verið misnotað fer ekkert á milli mála að ákveðin ábyrgð hvílir á höfundum slíkra verka. Gylfi Gröndal rithöfundur var gagnrýndur af Helgu Kress, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, fyrir það hvernig hann stóð að samtalsbók við Margréti Jónsdóttur (f. 1899), ekkju Þórbergs Þórðarsonar. Helga gagnýnir Gylfa fyrir „[...] að skapa nýja bókmenntategund, sem er viðtalsgerð áður prentaðra heimilda.“¹ Hér vísar Helga til þess að Gylfi byggir meginhluta bókar sinnar á „uppgerðu samtali“. Helga skýrir þetta á eftirfarandi hátt: „Eru heimildirnar sem notaðar eru oftast nefndar einhvers staðar í textanum, þar sem stundum er vitnað beint í þær, en þess er ekki getið að sjálft samtalið sé samið upp úr þeim.“² Helga rekur síðan aðferð Gylfa með þessum orðum: „Aðferðin felst í því að víkja til orði og orði, brjóta upp setningar og efnisgreinar og gera þær talmálslegri, m.a. með því að færa óbeina ræðu yfir í beina. Þá er skipt um sögumann, Margrét t.a.m. látin segja „ég“, þegar Þórbergur eða einhver önnur heimild segir „Margrét“.“³ Heimildirnar sem Gylfi notar eru margvíslegar, þar á meðal eru draugasögur sem hafðar voru eftir Margréti í *Gráskinnu hinni meiri* eða bróður hennar, viðtöl við hana og Þórberg (til dæmis er samtál Matthíasar og Þórbergs í bókinni *Í kompaní við allfið* tekið inn í bókina að hluta), og þá „[...] eru ritgerðir og bækur Þórbergs sjálfs teknar hressilega til handargagns. Er kaflinn „Stílisti og ritsnillingur“ að miklu leyti unninn upp úr minningargrein Þórbergs um Jón Thoroddsen í *Aiþýðublaðinu* 3. janúar 1925 [...].“⁴ Niðurstaða Helgu er sú að bókin bæti litlu sem engu við þekkingu manna á sambandi þeirra Margrétar og Þórbergs. Það sem meira er, vegna lélegra vinnubragða sé víða illa farið með þekktar heimildir. „Það má vera ljóst að ekki er mikið frá Margréti sjálfri í bók sem þannig er unnin“, segir Helga Kress um þessar vinnuaðferðir Gylfa Gröndals.⁵

Erfitt er að geta sér til um tilgang Gylfa með þessum tilburðum og ekki er auðvelt að skilja hvernig hann hefur ímyndað sér að bók af þessu tagi

1 Helga Kress, „[Ritdómur] Á Gljúfrasteini. Edda Andrésdóttir ræðir við Auði Sveinsdóttur Laxness; Gylfi Gröndal: Við Þórbergur.“ *Saga* 23 (1985), bls. 314. Sjá bók Gylfa sem ber heitið: *Við Þórbergur. Margrét Jónsdóttir ekkja Þórbergs Þórðarsonar segir frá* (Reykjavík, 1984).

2 Helga Kress, „[Ritdómur] Á Gljúfrasteini“, bls. 314.

3 Helga Kress, „[Ritdómur] Á Gljúfrasteini“, bls. 315.

4 Helga Kress, „[Ritdómur] Á Gljúfrasteini“, bls. 315.

5 Helga Kress, „[Ritdómur] Á Gljúfrasteini“, bls. 317.

yrði tekið. Ljóst er að bókin afbakar þær heimildir sem þekktar hafa verið um efnið. Hér er því ábyrgð höfundar mikil og verkið víti til varnaðar.

Helga Kress gerði í framangreindum ritdómi nokkra úttekt á þeim samtalsbókum (eða viðtalsbókum eins og hún nefnir þessar bókmennir) sem út komu árið 1985. Hún bendir á að fram hafi komið í ritdómi bandarískrar fræðikonu að nafni Elizabeth Hardwick um þessa tegund bóka að þær geti vart talist til bókmennta né sagnfræði, „[...] heldur [sáu þær] aðeins auðveldasta leið höfunda til að búa til bók“, eins og Helga kemst að orði.¹ Segulbandið sé látið mala og síðan sé sest við ritvélinu og samtalið sett á blað. Hardwick nefnir höfunda þessara bóka „talsafnara“, eftir því sem Helga segir, og segir að þeir beiti lítið kostum góðra höfunda eins og hugmyndaflugi og sköpunargáfu. Slíkt sé í algjöru lágmarki. Helga birtir síðan lista yfir tíu bækur sem komu út á Íslandi fyrir jólna 1985 og bendir á að það sé engin tilviljun að flestir höfundar þeirra séu blaðamenn. Og hún bætir við: „[...] enda lítill munur á blaðaviðtölum og viðtalsbókum annar en lengdin og heimur bókanna af sama toga og fjölmiðlaheimurinn.“² Þegar horft er um öxl kemur hið sorglega í ljós í sambandi við blaðaviðtöl, að alltaf er verið að ræða við sama fólkið sem sjaldnast hefur frá nokkru markverðu að segja! Ég er því þeirrar skoðunar að þessi vettvangur verði því miður oft hugmyndafræðileg flatneskja.

Samkeppni á dagblaða- og tímaritamarkaði gerði það að verkum að hraðinn setti mark sitt á flest sem gefið var út seint á tuttugustu öld. Niðurstaðan varð því í mörgum tilfellum illa unninn og sundurlaus texti sem hrópaði á frekari úrvinnslu og yfirlegu. Ein birtingarmynd slíkrar öfugþróunar er einmitt bókin sem Helga Kress gagnrýndi sem mest og Gylfi Gröndal „ritaði“ og lagði Margréti Jónsdóttur í munn. Það verk er á vissan hátt tákn fyrir átakanlega stöðu samtalsformsins á síðari tímum. Á svipuðum tíma og Gylfi Gröndal gaf út verk „sitt“ kom út hver bókin af annarri þar sem blaðamenn eða „sérfræðingar“ í slíkum skrifum tóku viðtöl við fólk, stundum að því er virtist á einu sumri, og birtu um haustið sem samtalsbók eða endurminningarit. Bók Eiríks Jónssonar blaðamanns um ævi Margrétar Róbertsdóttur (f. 1932) er lýsandi dæmi.³ Ævi Margrétar var ótrúlega viðburðarík, enda var hún á harðahlaupum í lok síðari heimsstyrjaldar undan Rauða hernum þegar Þýskaland stóð í ljósum logum. Fá-

1 Ritdómur Hardwick nefndist „The Teller and the Tape.“ *The New York Review of Books* 30. maí 1985.

2 Helga Kress, „[Ritdómur] Á Gljúfrasteini“, bls. 306.

3 Eiríkur Jónsson, *Lífssíriðið. Æviferð Margrétar Róbertsdóttur úr þriðja ríki Hitlers til Þorlákshafnar* (Reykjavík, 1990).

tækt, umkomuleysi og síðasti áfangastaðurinn – Ísland – skapaði kjörefni í áhugaverða bók. Höfundur nær hins vegar aldrei utan um hina stórbrotnu sögu og lesandinn stendur að lestri loknum eftir ringlaður og eitt spurningarmerki. Persónur og leikendur koma og fara án þess að þeim séu gerð viðunandi skil og sagan nær aldrei því flugi sem söguefnið verðskuldar.

Ef til vill er ósanngjarnt að skella skuldinni á blaðamenn sem taka slík verk að sér í hjáverkum. Metnaðarleysi margra forleggjara er trúlega stærsta vandamál bókmennta og fræða í heiminum nú til dags. Samtalsformið virðist hafa orðið sérstaklega illa úti í þeim viðskiptum. Blómaskeið þess var stutt og skildi eftir sig fá verk sem náðu einhverju flugi.

Skáldævisögur

Fjórði flokkurinn, skáldævisögur, hefur nýlega verið greindur sem sérstök tegund sjálfsbókmennta. Hér er um að ræða bókmenntaform nú til dags þar sem yfirlýst markmið höfundar, sem jafnframt er aðalpersónan, er að fara fjálslega með einstaka atburði í lífi sínu og í raun allt lífshlaupið þegar hann greinir frá hugmyndum og aðstæðum sem því tengdust. Höfundar slíkra verka telja sig einfaldlega ekki bundna af ramma eigin lífs, þess „sem gerðist í raun og veru“, heldur taka þeir sér það skáldaleyfi sem þarf til að gera frásögnina þannig úr garði að hún hæfi betur tilfinningu þeirra fyrir eigin lífi. Þessi flokkur hefur því hingað til verið skilgreindur sem sjálfsævisögur sem gefa höfundum rými til að skálda í eyðurnar, losa um þau bönd sem æviferillinn setur flestum sjálfsævisögum. Að auki er þessi tegund bóka einnig kennd við atvinnu höfunda sem langoftast hafa verið skáld.

Gunnþórunn Guðmundsdóttir bókmenntafræðingur bendir réttilega á að hugtakið sé til nokkurra vandræða. „Ég mun hins vegar ekki beita því hér [hugtakinu skáldævisaga],“ segir Gunnþórunn neðanmáls í grein um sjálfsævisögur þar sem hún ræðir um skilning sinn á formi sjálfsbókmennta, „því ég tel að hugtakið sjálfsævisaga nái yfir tilraunir með formið, auk þess sem ég er ekki viss um að gagnlegt sé að taka burtu „sjálfið“ úr heitinu.“¹ Gunnþórunn vísar til þeirrar staðreyndar að allir þessir ólíku flokkar eru á einn eða annan hátt birtingarmyndir sjálfsins og óþarft sé að taka afstöðu til sannfræðilegrar stöðu þess í textanum. Vandamálið við hugtakið skáldævi-

1 Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf. Sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmóðernisma.“ *Skírnir* 177 (vor 2003), bls. 110. Gunnþórunn hefur einnig gefið út áhugaverða bók sem fjallar einmitt um skilin á milli sagnfræði og skáldskapar. Sjá *Borderlines: Autobiography and Fiction in Postmodern Life Writing* (New York, 2003).

saga kemur ágætlega í ljós þegar fjallað verður um verk eins og bók Steinunnar Jóhannesdóttur rithöfundar um Guðríði Símonardóttur, en í raun er þar á ferð skáldævisaga sem þó er ekki sjálfsævisaga heldur sambland af ævisögu og skáldsögu! Ef hugtakið er tekið bókstaflega, þá er bók Steinunnar skáld-ævisaga sem þó er jafnan flokkuð sem söguleg skáldsaga. Sömu sögu er að segja um bók Oddnýjar Sen, *Kínverskir skuggar*; skáld-ævisögu sem er ekki ætlað að fjalla um ævi höfundar heldur ömmu hennar en út frá hugmyndum sem hún hefur af frásögnum um hana. Þessi verk ættu að rúmast innan skilgreiningar skáldævisagna þó svo þeim hafi ekki verið skipað í þann flokk vegna þess að könnunin á sjálfi höfundar er ekki í fyrir-rúmi. Ég hef kosið að styðjast við hugtakið skáldævisaga og þá í þeirri merkingu að um sé að ræða tilbrigði við sjálfsævisögur sem hafi þá sérstöðu að sannfræði sögunnar fylgi breytilegum viðmiðum – það sé eitt af yfirlýstum markmiðum með ritun verksins að stökkva á milli sviðanna tveggja; sannfræði og skáldskapar.¹

Sjálfíð og sannleikurinn – Nokkur atriði er mikilvægt að hafa í huga þegar helstu þættir sem tengjast skáldævisögum eru skoðaðir:

Í fyrsta lagi er ekki mjög langt síðan menn báru kennsl á skáldævisögur sem sérstakt fyrirbæri þó svo að slíkar bókmenntir hafi verið til árum saman hér á landi. Það mun hafa verið Guðbergur Bergsson (f. 1932) rithöfundur sem fyrstur notaði þetta hugtak en hann ritaði skáldævisögur í lok tuttugustu aldar sem vöktu verðskuldaða athygli.² Áður höfðu höfundar á borð við Halldór Kiljan Laxness, Sigurð A. Magnússon (f. 1928) og Málfríði Einarasdóttur (f. 1899) ritað bækur af þessum toga að ógleymdum Þórbergi Þórðarsyni. Sá sem reið trúlega á vaðið hérlandis með tilraunir í þessa átt var þó enginn annar en Benedikt Gröndal (f. 1826) í bók sinni *Dægradvöl*.³ Sú bók hafði gríðarlega mikil áhrif á sjálfsævisöguritun hér á

1 Um skáldævisöguhugtakið hefur Soffía Auður Birgisdóttir ýmislegt ritað meðal annars í bókinni *Heimur skáldsögunnar*. Sjá „Sannleikur í æðra veldi. Um Íslenzkan aðal eftir Þórberg Þórðarson.“ *Heimur skáldsögunnar*. Ritstjóri Ástráður Eysteinnsson (Reykjavík, 2001), bls. 273-284.

2 Guðbergur Bergsson, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar. Skáldævisaga* (Reykjavík, 1997). – *Eins og steinn sem hafði fagar. Skáldævisaga* (Reykjavík, 1998).

3 Halldór Kiljan Laxness, *Í túninu heima* (Reykjavík, 1975); *Úngur eg var* (Reykjavík, 1976); *Sjömeistarasagan* (Reykjavík, 1978); *Grikklandsárið* (Reykjavík, 1980). – Sigurður A. Magnússon, *Undir kalsjörnu. Uppvaxtarsaga* (Reykjavík, 1979); *Möskvar morgundagsins. Uppvaxtarsaga* (Reykjavík, 1981); *Jakobs glíman. Uppvaxtarsaga* (Reykjavík, 1983); *Skilningstréð. Uppvaxtarsaga* (Reykjavík, 1985); *Úr snöru fuglarans. Uppvaxtarsaga* (Reykjavík, 1986). – Málfríður Einarasdóttir, *Samastaður í tilverunni* (Reykjavík, 1977). Sjá einnig umfjöllun um þessar bækur Halldórs Kiljans Laxness, til dæmis: Halldór Guðmundsson,

landi. *Dægradvöl* Gröndals og *Sögukafjar* cf. *Já, fú, mér* sem séra Matthías Jochumsson ritaði komu út um líkt leyti á öðrum áratug tuttugustu aldar. Þessi öndvegisverk voru fyrstu sjálfsævisögurnar með nútímasniði sem voru gefnar út hér á landi. Athyglisvert er að bera þessar tvær bækur saman þar sem hægt er að skipa þeim hvorri á sinn enda sannleikskvarðans; séra Matthías heltekinn af sannleiksleitinni og „hinum rauða þræði“ ævi sinnar en Benedikt Gröndal frjáls eins og fuglinn í svifi sínu um óminnislendur minninganna. Á meðan Gröndal tekst á við verkefnið af dæmalausri léttúð og munúð hökti séra Matthías á hverri hugsun. Enda varð niðurstaða hans ófullburða handrit sem aðrir gerðu að heillegu verki eftir lát hans, eins og áður hefur verið rakið.

Skammt er síðan sagnfræðingar tóku að líta á skáldævisögur sem not-hæfar heimildir en ennþá skemmra er síðan fyrirbærinu var fundið nafn. Trúlega er mikill meirihluti fræðimanna enn lítið hrifinn af þessum verkum. Sagnfræðingar eru flestir þeirrar skoðunar að þær dragi skammt við sagnfræðirannsóknir. Ástæðan er trúlega sú að sagnfræðingar eru enn mjög upp-teknir af sannleikshugtakinu og leitinni að fortíðinni. Heimildir sem byggjast að nokkru leyti á spuna og ímyndunum þykja ekki sérlega traustvekjandi í þessu samhengi.¹

Í þriðja lagi má leiða að því rök að skáldævisögur verði það form sjálfsævisagna sem verður ríkjandi á tuttugustu og fyrstu öldinni. Breytt viðhorf til sannleikans í fræðunum og þjóðlífi hefur gefið höfundum tækifæri til að færa í stílinn og draga upp mynd af lífshlaupinu sem fellur betur að fagurfræðilegri tilfinningu höfundar en ímyndaðri vitneskju um „raunverulega“ fortíð. Guðbergur Bergsson bendir á að þó svo að sjálfsævisögur geti aldrei orðið annað en eitt form skáldskapar, þá liggi ákveðin sannleikslöngun til grundvallar öllum minningum höfunda sem nefna má *ti,finningalegan sannleika*. Hann kemst svo að orði í nokkurs konar formála að fyrri hluta skáldævisögu sinnar:

„Skrýtnastur er maður sjálfur. Um minningasögur Halldórs Laxness.“ *Tímarit Máls og menningar* 53:3 (1992), bls. 20-30. – Sigprúður Gunnarsdóttir, „Leitin að upptökum Nílar. Um minningabækur Halldórs Laxness.“ *Tímarit Máls og menningar* 59:2 (1998), bls. 81-95.

- 1 Það má benda á þessi sjónarmið víða í umfjöllun sagnfræðinga. Sjá til dæmis ritgerð Lofts Guttormssonar, prófessors við Kennaraháskóla Íslands: „Stórt og smátt í sagnfræði“, bls. 452-471. Þá hefur Gunnar Karlsson þrífaldlega látið þá skoðun í ljósi að sagnfræðingar muni missa endanlega sjónar af hlutverki sínu ef þeir hætta að leita sannleikans: „Ég ber sist á móti því að það er erfitt að nálgast fortíðina, og á hinn hreina hlutlæga hátt sem vísindahyggejan í sagnfræði boðaði nálgumst við aldrei nema litla afskorna bíta hennar. Á hinn bóginn held ég að einlæg leit að sannleika um fortíðina sé lífsneisti sagnfræðinnar. Ef við slökkvum hann í vígaferlum um kenningar um fortíðina þá er erindi okkar orðið lítið.“ Gunnar Karlsson, „Um fræðilegan hernað og plágurnar miklu.“ *Saga* 35 (1997), bls. 237.

Ævisögur [og hér á höfundur við sjálfsævisögur] eru ekki til, strangt á titið, því fátt glatast jafn algerlega og ævi manns, þannig að aðeins er hægt að færa í letur löngun hans til að varðveita andblæ hennar í orðum.

Einnig er það að atburðir sem slíkir gerast bara einu sinni á ævinni, en eftir það geta þeir gerst hvað eftir annað og með ýmsum og ólíkum hætti í huga manns sjálfs og þeirra sem hafa heyrt um þá.

Þetta verk er sagnfræðilega rangt. Því er einungis ætlað það hlutverk að vera nokkurn veginn rétt, tilfinningalega séð, hvað höfundinn varðar. Þetta er því skáldævisaga.¹

Guðbergur varpar hér fyrir róða kröfunni um hið hlutlæga raunsæi og glímur við vanda minningaframleiðslunnar á uppbyggilegan hátt. Tími póst-móðernismans er hér genginn í garð og fræðimenn jafnt sem aðrir (eins og höfundar sjálfsævisagna / skáldævisagna) verða að horfast í augu við afleiðingar hans. Tíminn sem hugtak er kominn á flot svo og þær tíðir sem varðveita hann, hvort sem það er fortíðin, samtíðin eða framtíðin.

Einkenni og staða – Höfundar skáldævisagna hafa af eðlilegum ástæðum verið nokkuð uppteknir af því að gera grein fyrir eðli verka sinna, staðsetja þau á kvarða bókmenntanna. Sigurður A. Magnússon segir til dæmis í bók sinni *Undir kalsjörnu*: „Þessi saga rekur atvik sem gerðust í reyndinni en getur þó ekki talist sannsöguleg vegna þess að hún endurvekur og umskapar löngu liðna atburði samkvæmt lögmálum sem eru ekki altént virk í daglegu lífi.“² Þetta er einkar athyglisverð skýring hjá Sigurði, sérstaklega í ljósi þess að á síðari tímum hefur reynt erfitt að greina nákvæmlega þau „lög-mál“ sem eru að verki í daglegu lífi fólks. Skilin milli veruleikans og sýndarveruleikans eru að engu orðin. Hugsun fólks rennur saman í eina samfellu sem gerir ekki greinamun á sýnd og reynd.

Ekkert fer á milli mála að bækur Sigurðar höfðu mikil áhrif á þróun sjálfsævisagna á níunda áratugnum einkum í sambandi við bersögli og opinskáar tilfinningalegar lýsingar. Fyrsta bók hans, sem klædd var í búning skáldsögunnar, vakti mikla athygli fyrir berorðar lýsingar af tjölskyldu hans og vinum. Eftir að síðasti hluti þessara uppvaxtasagna kom út árið 1986, en í þeim hafði Sigurður breytt nöfnum og hliðrað til staðháttum, liðu rúm tíu ár þar til hann tók upp þráðinn á ný. Þá brá svo við að hann snéri sér að hinu hefðbundna sjálfsævisöguformi og fór að segja sögu sína án þess að klæða hana í þann búning sem fyrri bækur báru. Skýringu á þeim sinnaskiptum gefur Sigurður í forspjalli fyrstu bókarinnar af nýju gerðinni:

1 Guðbergur Bergsson, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*, bls. 7.

2 Sigurður A. Magnússon, *Undir kalsjörnu*, bls. 6.

Í *Uppvaxtarsögunni*, sem kom út í fimm bindum á árunum 1979-86, breytti ég velflestum mannanöfnum í því skyni að færa hana nær vettvangi skáldsögunnar. Það virðist ekki hafa haft tilætluð áhrif: hún var yfirleitt lesin og skilin sem ómengið sjálfsævisaga. Hef ég því brugðið á það ráð að halda flestum, en ekki öllum, nöfnum réttum í þessu verki, þó það lúti öllum sömu lögmálum og *Uppvaxtarsagan*. [Skáletruð nöfn í hornklofum eru dulnefni úr *Uppvaxtarsögunni*].¹

Sigurður A. Magnússon virðist mjög upptekinn af hugsuninni um hvers kyns texta hann er að skapa, rétt eins og aðrir sem fetað hafa þessa braut. Sannleikurinn virðist sigilt umfjöllunarefni og skiptir þar litlu hvort um skáld eða fræðimenn er að ræða.² Sigurður ræðir viðfangsefnið á eftirfarandi hátt:

Reyndar er mikið vafamál að nokkur sjálfsævisaga geti talist sannsöguleg, með því hún endurvekur og umskapar löngu liðna atburði samkvæmt lögmálum sem eru ekki altént virk í daglegu lífi. Hér er vitanlega bæði um það að ræða, að tjáningarmiðillinn, hin skráða frásögn, gerbreytir eðli og inntaki þeirra viðburða sem um er fjallað, og eins hitt að minni manna er ákaflega valt og virðist lúta óræðum persónulegum lögmálum þegar það velur og hafnar atvikum úr liðinni reynslu.

Milli tungunnar og veruleikans eru staðfest óbrúanlegt djúp. Í daglegu tali liggur það kannski ekki ævinlega í augum uppi, en kemur ljóslega fram í rituðu máli. Tungumálið er kerfi, formgerð og merking, en veruleikinn er slitróttur, formlaus og oftlega fjarstæðukenndur. Sama máli gegnir um endurminninguna. Hún er auðugri en tungumálið.³

Hér viðrar Sigurður skoðun sem hefur þýðingu fyrir alla sem glíma við fortíðina í einu eða öðru formi. Hann ræðir um raddblæ atburðanna og vitnar þar í argentínska skáldið Jorge Luis Borges sem hélt því fram að veruleikinn verði aldrei borin í orð, „[...] hann sé handan við mannlega tjáningu.“ Sigurður telur rétt eins og Guðbergur að mikilvægt sé að reyna að „[...] þokast útfyrir mörk tungunnar og *nálgast* mennska reynslu.“ Hér kemur því fram löngun eftir því að líkja eftir frummyndinni, lífinu sjálfu, í texta. Þess vegna tekur Sigurður ef til vill aftur þann kostinn að segja frá fólki og atburðum „rétt eins og þeir gerðust“ í lífi hans. Hann snýr því um síðir af leið skáldævisögunnar, þar sem sýnd og raun steypast í eitt, og til

1 Sigurður A. Magnússon, *Með háfum huga. Proskasaga* (Reykjavík, 1997), bls. 10-11.

2 Davíð Ólafsson fjallar um löngun fræðimanna til að leita sannleikans í eftirtalinni grein: „Fræðin minni. Einsaga, póstmóðernismi og íslensk sagnfræði.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5 (Reykjavík, 2000), bls. 78-90.

3 Sigurður A. Magnússon, *Með háfum huga*, bls. 11.

móts við upprunann og hina „réttu“ útgáfu af lífinu. Í lokaorðum Sigurðar kemur fram samband hans við viðfangsefnið og söguna með eftirfarandi hætti: „Þegar maðurinn skilgreinir sjálfan sig í samhengi við söguna, er það skáldskapur einsog sjálf sagan er skáldskapur, því hún er ekki annað en saga vindanna.“¹ Hér heldur hann enn í hugsun skáldævisögunnar þótt hann hafi klætt frásögn sína í form hefðbundinnar sjálfsævisögu. Sigurður telur nefnilega að það sé hverjum manni mikilvægt að þekkja goðsagnir ævi sinnar, „[...] velja ákveðna skáldsýn og vera meðvitaður um hvaða skáldsýn er valin. Þekking á viðeigandi goðsögnum ævinnar getur fært einstaklingnum orku til umbreytingar og aukins þroska [...].“² Sigurður endar síðan á að halda því fram að „lífslygin“ sé það sem einkenni sjálfsbjargarhvöt hvers manns. Þannig náum við að þrauka frammi fyrir sjálfum okkur. Þetta er óneitanlega frekar kaldhæðnislegt viðhorf til mannsævinnar og tilrauna manna til að byggja upp sjálfsmynd sína.

Viðhorfin sem hér hafa verið reifuð koma nokkuð á óvart þar sem lesandinn hefur það sterklega á tilfinningunni að Sigurður A. Magnússon haldi óvenju greinargóða dagbók, nokkurs konar collage-verk, þar sem ævi hans sé rakin í smáatriðum og af ótrúlegri nákvæmni frá degi til dags. Fræðimenn hafa velt fyrir sér hvaða hugsun liggi að baki slíkum gjörningi, að halda svo nákvæma skrá eða skýrslu um líf sitt að erfitt sé að greina á milli hennar og lífsins sjálfs.³ Í ljósi þessa verða orð Sigurðar sérstaklega athyglisverð og allt að því þversagnakennd. Ef lífið er einn allsherjar blekkingarvefur þá vekur það upp spurningu hvers vegna sá sem slíku heldur fram leggur á sig að varðveita hann, að því er virðist, með jafn afgerandi hætti og raun ber vitni í tilfelli Sigurðar A. Magnússonar. Það er eins og vonin um að varðveita andartakið, þessa stund þar sem allt verður til, blundi í Sigurði.

Nýjasta bók Sigurðar, *Ljósatími*, er í þessum anda. Hún er nokkurs konar úrklippusafn en það var hugtakið sem Ármann Jakobsson, íslenskufræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, notaði í ritdómi sínum um verkið í *DV*.⁴ Ármann lýsir ágætlega síðari hluta þessarar níu bóka skáld- og sjálfsævisöguhrinu Sigurðar A. Magnússonar (fimm skáldævisögur og fjórar sjálfsævisögur):

1 Sigurður A. Magnússon, *Með háfum huga*, bls. 12.

2 Sigurður A. Magnússon, *Með háfum huga*, bls. 12.

3 Sjá umfjöllun mína um Magnús Hj. Magnússon sem lifði nánast fyrir dagbókina: „Magnús og mýtan“, bls. 11-89.

4 Ármann Jakobsson, „Úrklippusafn skálds.“ *DV* 2. júní 2003.

Þetta form getur minnt á annálaritun þar sem samhengi milli kaflanna er stundum aðeins tímaröðin og sameiginleg aðalpersóna, Sigurður sjálfur. Oft er engu líkara en hér sé á ferð útgáfa á úrklippusafni Sigurðar og dagbókum, eins konar skýrsla um líf hans. Allar seinustu bækurnar fjórar hafa því verið á köflum losaralegar og engu líkara en höfundur hafi sankað aðeins of miklu að sér á kostnað heildarsýnarinnar. Í þessari nýjustu bók er enginn rauður þráður þó að utan um úrklippusafnið séu tveir rammakaflar þar sem höfundur veltir vöngum yfir ævi sinni og hlutskipti. Þar er hann íhugull en annars, en almennt lítur hann ekki nógu mikið upp frá skýrslugerðinni.¹

Ef til vill er þessi aðferð Sigurðar aðeins tímanna ták, samskonar tilraun og milljónir manna gera á netinu á hverjum degi út um allan heim. Í stað þess að „blogga“ (skrifa dagbók á netinu) heldur Sigurður sig einfaldlega við gamaldags aðferðir sjálfsævisögunnar. Að skrásetja líf sitt í smáatriðum – fjalla um atriði og atburði sem engu eða litlu máli skipta – er háttur sem sífellt fleiri hafa tileinkað sér á hinum póstmóðernísku tímum. Sú tilraun byggist á einfaldri löngun til að hafa fast land undir fótum í hraða nútímans. Að spyrna við fæti um stundarsakir og velta fyrir sér merkingu augnabliksins áður en það þýtur hjá.

Löng hefð – Þórbergur Þórðarson gerði ákaflega merkilegar tilraunir til að varpa ljósi á líf sitt í verkunum *Íslenskum aðli* og *Cfvitenum*, eins og það kom honum fyrir sjónir á ákveðnu tímaskeiði.² Hann sjálfur var ekki í nokkrum vafa um að hann væri að stíga þar mikilvægt spor eins og kemur fram í ritgerð Þorleifs Haukssonar íslenskufræðings í ReykjavíkurAkademíunni, um samspil dagbóka skáldsins og skáldævisagna hans. Þorleifur vitnar í viðtal sem tekið var við Þórberg eftir að *Íslenskur aðall* kom út:

„Þetta er ekki nein æfisaga í venjulegum skilningi. Það er harmleikur sálarinnar, sem ég hefi gert mér far um að segja frá í listrænu formi, og ef til vill er þetta einhver fyrsta tilraun, sem gerð hefir verið í íslenskum bókmenntum til þess að lýsa nafngreindum samtíðarmönnum eins og þeir eru.“³

- 1 Sigurður A. Magnússon, *Ljósatími: Einskonar uppgjör* (Reykjavík, 2003).
- 2 Helgi M. Sigurðsson hefur fjallað um bókmenntasköpun Þórbergs frá ýmsum hliðum. Sjá til dæmis: *Frumleg hreinskilni. Þórbergur Þórðarson og menningin á mölinni í upphafi aldar*. Rit Árbæjarsafns (Reykjavík, 1992).
- 3 Þorleifur Hauksson, „Saklaus eins og nýfæddur kálfur.“ *Arnarflug. Rejselekture for Örn Ólafsson på hans 60-års fødselsdag 4. april 2001* (Kaupmannahöfn, 2001) (E). Viðtalið sem Þorleifur vitnar til var birt undir heitinu: „Íslenskur aðall komin út. Bók um æsku fyrirstríðsáranna, hugsjónir hennar, brauðstrit, rómantik, ástarharma og guðlega upphafningu á augnablikum velgenginnar.“ Viðtal við höfundinn Þórberg Þórðarson. *Fjóðviðtalið* 20. maí 1938. Sjá einnig umfjöllun Þorleifs um verk Þórbergs í bókinni *Sagnalist. Íslensk stífræði II – Skáldsögur 1850-1970* (Reykjavík, 2003), bls. 196-211.

Frásagnaraðferð Þórbergs í bókunum tveimur er einstæð í íslenskum bókmenntum að álit Þorleifs og hann segir Þórberg sjálfan hafa fullyrt, „[...] að þær væru eina nýjung sem komið hefði fram í íslenskum bókmenntum síðastliðin 100 ár, þ.e.a.s. síðan Bjarni og Jónas innleiddu rómantísku stefnuna.“ Þorleifur ber saman frásagnir úr *Íslenskum aðli* og dagbókum Þórbergs, en hann hélt frægar dagbækur áratugum saman sem varðveittar eru í handritadeild Landsbókasafns og sýnir fram á nákvæmni hans í sambandi við ýmis smáatriði sem tengjast frásögninni. Hann bendir einmitt á að dagbækurnar gefi tækifæri til að bera saman annars vegar líf Þórbergs eins og það birtist í dagbókunum og hins vegar lífið eins og því vindur fram á síðum skáldævisagna hans. Þó svo nákvæmni Þórbergs sé viðbrugðið, þá verða bækur hans að teljast „expressjónískar“ að álit Þorleifs, „[...] í þeim skilningi að lýsing hins ytra er í raun birting á hugarástandi sögumannsins.“ Niðurstaða greiningar Þorleifs er einkar athyglisverð:

Höfundur sem velur sér lifandi persónur og söguefni úr samtíð sinni má ekki láta hanka sig á því að fara vitlaust með staðreyndir. Hann þarf að bregða upp svo ljóslifandi myndum af persónunum að þeir sem umgengust þær í holdinu kannist við málfar og takta. Allt sem lesandi getur gengið úr skugga um á að vera rétt, hárrétt. Því þá trúir hann líka hinu!¹

Hér bregður Þorleifur upp þýðingarmiklu atriði í sambandi við tengsl sögumanns við lesendur sína og hvernig báðir nálgast hugsmíðina. Er ekki hér kominn galdurinn við skáldævisögurnar, rétt eins og Guðbergur benti á með tilvísuninni í „tilfinningalegan sannleika“, að segja aldrei skilið við löngunina til að nálgast fortíðina eins og hún kemur aðalpersónunni fyrir sjónir, án þess að vera alltaf að eltast við „sannleikann“ í hinum strangvísindalega skilningi þess orðs.

Greina má önnur sjónarmið í „minningabókum“ Halldórs Kiljans Laxness sem hann nefndi sjálfur skáldsögur í ritgerðaformi en hafa hér verið flokkaðar sem skáldævisögur. Halldór hikar í það minnsta ekki við að stökkva yfir sögu einstaklinga, þekktra atburða og fyrirbæra til þess að búa til skáldverk, eða eins og Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur orðar það í grein um þessar bækur Laxness: „[H]öfundur styðst við þessi tilteknu æviár sín, en hann [fyrirvarinn um verkið] tryggir honum eins konar skáldaleyfi sem hann er óhræddur við að notfæra sér [...]“.² Smáatriði atburðarásarinnar eru ekkert endilega að þvælast fyrir í textanum. Halldór Guðmundsson

1 Þorleifur Hauksson, „Saklaus eins og nýfæddur kálfur.“

2 Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 20-30.

leiðir einmitt í ljós vinnubrögð nafna síns frá Laxnesi og bendir á að bækurnar séu einstakar heimildir um „[...] aðferð sagnamannsins Halldórs Laxness, þetta eru hans skáldskaparmál, og um lífssýn sem er svo nátengd sagnalistinni.“¹ Aðalatriðið er þó að bækur Halldórs eru fyrst og fremst sjálfskönnun skáldsins, rétt eins og sjálfsævisögur eru gjarnan hjá þeim sem ekki eru vanir að halda um penna en rita samt sögu sína. Hér eru því sögur um mótun skálds eins og Halldór Guðmundsson orðar það í ritgerð sinni, og bætir því við að „[...] höfundur notar efni úr æsku sinni en umskapar og færir til að vild – um hálfa öld ef því er að skipta.“²

Halldór Guðmundsson gerir ágætlega grein fyrir því að aðferðir þeirra Þórbergs og Halldórs eru ólíkar og vísar þar meðal annars í gagnrýni sem Halldór fékk á sig eftir útgáfu *Skáldatíma* og sérstaklega gagnrýni á lýsingu af Erlendi Guðmundsyni: „Þórbergur var ekki þar hrifinn, og fannst Erlendur gerður bæði leiðinlegri og hverdagslegri en hann var, einmitt með þessari nánast mýstísku upphafningu yfir búksorgir og hverdagsleg málefni [...]“.³ Eins og Þorleifur Hauksson bendir á lætur Þórbergur alls ekki hanka sig á að skrumskæla þekkt kennileiti í hversdagslífinu, þeim er öllum til skila haldið. Halldór Guðmundsson segir að hjá Halldóri Kiljan Laxness skolist ýmislegt til vegna rangminnis hjá skáldinu „[...] aðrar [staðreyndir] eru úr lagi færðar af bókmenntalegum ástæðum, vegna þess að sagan krefst þess. Þannig segist Halldór hafa skrifað ósköpin öll frá sjö ára aldri, en tekið sig til áður en hann flyst í bæinn 1914 og farið með allt út á tún og brennt.“⁴ Halldór Guðmundsson sýnir fram á að þetta standist engan veginn en bruninn sé „uppdiktaður af sýmbólskri nauðsyn“ og má það til sanns vegar færa. Halldór tilgreinir síðan nokkur skemmtileg dæmi þar sem Laxness færir atvik til og þjappar atburðarásinni saman að vild, oft þannig að eitthvað sem gerðist á síðari hluta ævi hans fær rúm í æskuminningunum sem greina frá fyrstu tveimur áratugum lífs hans.

Að lenda í skáldævisögu – Halldór Guðmundsson veltir því fyrir sér hvernig það sé að verða fyrir því að lenda í minningum Laxness þar sem atburðir og persónur eru umskapaðar. „Það er mórölsk spurning“, segir Halldór Guðmundsson, „að hve miklu leyti slíkt er réttlætanlegt, sjálfsagt myndu fæst okkar vilja vera kveikja skáldskapar annars manns, undir fullu

1 Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 21.

2 Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 30.

3 Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 23.

4 Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 23.

nafni.“¹ Hér er komið að afar áhugaverðu efni sem ég býst við að höfundar allra skáldævisagna hafi glímt við, rétt eins og Sigurður A. Magnússon kom inn á í næstsíðustu sjálfsævisögu sinni, nefnilega hver er réttur þeirra sem verða persónur og leikendur í slíkum verkum. Halldór Kiljan Laxness sjálfur var ekki óvanur slíkum vinnubrögðum rétt eins og *Heimsíjós* og persónusköpun Ólafs Kárasonar sanna. Eins og kunnugt er var Magnús Hj. Magnússon dagbókarritari af Vestfjörðum fyrirmynd Ljósvíkingsins en hann hafði ekki legið lengi í gröf sinni þegar Laxness hóf ritun *Heimsíjós*, eða rétt tæp fimmtán ár.² Halldór hefur örugglega staðið frammi fyrir siðferðislegri spurningu þegar hann ákvað að ráðast í verkið en eitt er víst að hann hefur ekki hugsað sig lengi um. Niðurstaðan var eitt af stórbrotnustu verkum tuttugustu aldar þar sem alþýðumaður af lægstu stigum var hafinn upp og vegsamaður á forsendum ástar sinnar á skáldskapnum. Ekkert annað skipti máli – allt annað varð að víkja fyrir menningarviðleitni hans.

Sýslungar Magnúsar á Vestfjörðum litu þennan gjörning öðrum augum. Árið 1998 fékk ég bréf frá konu sem ættuð var af Vestfjörðum og var barnabarn Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings sem var frændi Magnúsar Hj. og skáldyrðingur eins og hann. Þessi kona, Ásta S. Reynis, sem er búsett í Reykjavík, sagði þau tíðindi að hún hefði verið að lesa bók mína *Menntun, ást og sorg* og þar hefði hún rekist á tilvísun í bréf sem Þórður afi hennar hafði sent Niels Jónssyni á Gjögri, einni af aðalpersónum bókar minnar.³ Þórður var þar að svara erindi Nielsar um hvað gera skyldi við dagbækur bróður þess síðarnefnda, Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf, sem þá var nýlega fallinn frá. Ég lét þau orð falla í bókinni að bréf Nielsar væri að öllum líkindum glatað en svarbréf Þórðar var firnagott og skemmtilegt. Í bréfi Ástu kom fram að bréf Nielsar væri aldeilis ekki glatað því afi hennar hefði skrifað það upp í dagbók sína og hana hefði hún undir höndum.

Að lestri loknum hringdi ég í Ástu og spurði hvort ég hefði skilið hana rétt að Þórður Þórðarson Grunnvíkingur hefði einnig haldið dagbók og kvað hún já við því. Ég þóttist hafa himin höndum tekið þar sem ég taldi víst að dagbók Þórðar væri mikill kjörgripur (sem einmitt kom á daginn). Ég spurði þá Ástu hvort hún hefði látið sér til hugar koma að afhenda dagbók afa síns á safn og benti henni á „Dag dagbókarinnar“ sem væri á næsta leiti því hann átti að halda 15. október 1998. Ásta sagðist hafa hugleitt það á undanförnum misserum en fyrr hefði það ekki komið til greina. Ég varð

1 Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 26.

2 Sjá umfjöllun Sigurðar Gylfa Magnússonar, *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins*, bls. 11-15.

3 *Menntun, ást og sorg*, bls. 66-68.

hissa á svari hennar og spurði hverju þetta sætti. Þá sagði hún mér þá sögu að faðir hennar hefði varðveitt þessa bók föður síns eins og sjáaldur auga síns. Rétt áður en hann dó hefði hann afhent henni dagbók Þórðar og látið svo um mælt að hún skyldi ekki fara á safn fyrr en Kiljan væri allur. Eins og kunnugt er lést Halldór Kiljan Laxness á fyrri hluta árs 1998 og því taldi Ásta óhætt að koma dagbókum afa síns á safn. Ástæðan var einfaldlega sú að faðir Ástu vildi ekki að Halldór kæmist í dagbækur föður síns og nýtti sér efni þeirra á sama hátt og hann hafði gert í tilfelli Magnúsar Hj. frænda þeirra.¹ Þessi saga er ágætt dæmi um þau áhrif sem skrif Halldórs höfðu á samtímafolk. Enginn vafi er á að Halldór Kiljan óð inn í líf Magnúsar og nýtti sér minningabrot úr stormasamri ævi hans að vild, að því er virðist án þess að hugleiða mikið hvaða þýðingu minningin um Magnús hefði á afkomendur hans. Listin hafði forgang. Það samfélag sem ól Magnús hélt öðrum sjónarmiðum á lofti. Þar ríktu önnur gildi og lögmál. Það þótti nefnilega ekki góður siður að taka til sín efni annarra án þess að spyryja leyfis, jafnvel þó tilgangurinn væri göfugur.

Þessi saga er margbrotin og afar áhugaverð. Sigprúður Gunnarsdóttir bókmenntafræðingur kemur að þessari vinnuaðferð skáldsins að nýta sér efni úr samtímanum er hún ræðir frásögn Halldórs Kiljans af ömmu sinni og sagnakonunni Halldóru Álfisdóttur og bendir á að hlutirnir hafi snúist við í skáldævisögum Halldórs: „Margóft hefur verið bent á að Ljósvíkingurinn sæki persónueinkenni til skapara síns, Halldórs Laxness, en þarna má halda hinu gagnstæða fram, að skaparinn þiggi einkenni frá sköpunarverkinu!“² Halldór nýtti sér með öðrum orðum ekki aðeins efni úr æviskeiðum annarra heldur hikaði hann ekki við að snúa sinni eigin ævi á haus. Halldór Guðmundsson leysir skemmtilega úr þessari klemmu um siðferðislega stöðu nafna síns í textanum með því að benda á að einstakir frásagnapættir Laxness „[...] geyma sannleik frásagnarinnar, eða öllu heldur kjarna, sem ekki verður endursagður auðveldlega með öðrum hætti.“³ Það er síðan viðfangsefni hugvísindamanna hvort og hvernig þeir treysta sér til að nýta sér þann kjarna í rannsóknarverkum sínum.⁴

1 *Viðtal* Sigurðar Gylfa Magnússonar við Ástu S. Reynis í október 1998 (I).

2 Sigprúður Gunnarsdóttir, „Leitin að upptökum Nilar“, bls. 85.

3 Halldór Guðmundsson, „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 27.

4 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, hefur til dæmis nýtt minningaskrif Halldórs Kiljans Laxness á frekar óvenjulegan hátt í ævisögu sinni um skáldið. Aðferð hans virðist vera einföld, að nýta þessar bækur eins og um sannfræðileg verk sé að ræða, það er sjálfsævisögur í hefðbundnum skilningi. Hann virðist því ekki taka tillit til rannsókna fræðimanna eins og Halldórs Guðmundssonar og Sigprúðar Gunnarsdóttur og gengur þvert á niðurstöður þeirra um verk Halldórs Kiljans. Sjá: Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness* (Reykjavík, 2003).

Grein Sigbrúðar fjallar um minningarit (skáldævisögur) Halldórs og er sömu skoðunar og Halldór Guðmundsson, að bækurnar „[...] geyma markvissa sjálfslýsingu og sjálfssköpun.“ Út frá þessari ábendingu Sigbrúðar má koma auga á ákveðna samsvörun milli skáldævisagna Laxness og hefðbundinna sjálfævisagna þó svo að leiðirnar að „sjálfslýsingunni og sjálfssköpuninni“ séu ólíkar. Og Sigbrúður gerir aðra áhugaverða athugasemd: „Þótt Halldór fari um víðan völl lýsir hann engu sem ekki snertir hann beint, engu sem ekki má spegla persónu hans í eða túlka út frá stöðu hans sjálfs sem upprennandi stórskálds.“¹ Sigbrúður gerir því skóna að glímutök fræðimanna á sjálfævisögulegu efni hafi breyst. Í stað þess að einblína á sannfræði sagnanna, þá

[...] beinast þær nú fremur að bókmenntasköpun sjálfævisögunnar, aðferðum hennar, möguleikum og takmörkunum. Bent er á að sjálfævisaga geymir aldrei einfaldlega sannleikann um ævi þess sem skrifar, heldur sé hún eins og hver önnur skáldsaga þar sem lögmál persónusköpunar og byggingar eru í fullu gildi. Í hefðbundinni sjálfævisögu eru óskyldir hlutir tengdir saman til að mynda merkingu sem er í samræmi við lokaútkomuna, stöðu og líf þess sem segir söguna, sögumanns og höfundar.²

Ég treysti mér ekki til að taka undir það sjónarmið Sigbrúðar að sjálfævisögur séu í svo sterkum tengslum við ritunartímann að hann sé í raun viðfang bóka af þessu tagi. Mér sýnist þó að margir fræðimenn séu að breyta afstöðu sinni til persónulegra heimilda og séu tilbúnir að líta á texta sem hluta af mótunarferli hugsunar og hugmynda og séu jafnvel til í að heimfæra þá hugsun yfir á nánast allar heimildir sem varðveist hafa; þær lúti þá lögmálum sem er að finna í samhengi einstaklingsins sem heldur á penna, formsins sem tjáningin fer fram í og viðtakendanna sem lesa textann. Sigbrúður bendir þó á undir lok greinarinnar að sögutímarnir séu tveir: Annars vegar æska höfundar og hins vegar áttundi áratugur tuttugustu aldar, og undir það sjónarmið get ég tekið heils hugar. Hægt er að halda því fram að svo sé um langflestar sjálfævisögur, þær taka í það minnsta mið af tveimur tímasviðum í senn. Í fyrsta lagi er það grunnurinn sem minningin stendur á í upphafi og í öðru lagi ferlið sem mótar vinnslu og ritun verksins.

Skáldævisögur eru sannarlega hluti af nýrri birtingarmynd sjálfsins sem bæði er sundrað og órætt. Þó formið sé gamalt og gróíð í meðförum skálda

1 Sigbrúður Gunnarsdóttir, „Leitin að upptökum Nílar“, bls. 81.

2 Sigbrúður Gunnarsdóttir, „Leitin að upptökum Nílar“, bls. 82. Sjá einnig bók Sigbrúðar sem ber þessari nýju hugsun ágætt vitni: *Fjósakona fór út í heim. Sjá,fsmynd, skáldskapur og raunveruleiki í ferðasögum Önnu frá Moldnúpi*. Ung fræði 2 (Reykjavík, 1998).

nær alla tuttugustu öldina hefur skáldævisagan nú öðlast nýja merkingu í höndum mikið stærri hóps sem tjáir sig um eigið líf. Við hinar nýju aðstæður verður glíman við sjálfið mun meira krefjandi en innan marka hinnar hefðbundnu sjálfsævisögu og tengist örugglega lesandanum og lífsstöðu hans eða hennar á ágengari hátt. Einkenni skáldævisögunnar hafa þannig haft áhrif út fyrir eigin mörk, breytt nálgun höfunda sjálfsævisagna og endurminningarita til viðfangsefnisins og hleypt lífi í frumlegar tilraunir með sjálfið. Hver skáldævisaga verður því skáldævisögulega reynsla lesandans, með goðsögnum og svipmyndum úr hefð, sögu og samtíð.

Ný tegund – Á síðustu árum hefur skáldævisöguformið gengið í endurnýjun lífdaganna með örstuttum og oft sundurlausum frásögnum sem tengjast á óráðan hátt lífi höfundarins. Þannig hefur skáldið Óskar Árni Óskarsson ritað óvenju spennandi frásögn sem tengist bernsku hans.¹ Texti *Lakkrisgerðarinnar* er knappur en birtir sjálfið í sambengi við minningarbrotin sem eru viðfang hans. Övist er um stöðu höfundarins sjálfs, er hann hluti af frásögninni eða stendur hann í (óra)tjarlægu sambandi við sinn eigin texta, rétt eins og oft á við um höfunda hefðbundinna sjálfsævisagna? Sömu sögu er að segja um verk Einars Mús Guðmundssonar *Kannski er pósturinn svangur* en það lýsir upp sjálf höfundar og hvernig hann leikur sér með ólíkar myndir þess.² Birtubrigði daganna verða Hannesi Péturssyni skáldi yrkisefni í samnefndri bók. Höfundurinn stendur við strönd og horfir út á slétt hafið og lýsir því sem fyrir augu ber af hógværð og smekkvísi.³ Halldóra Kristín Thoroddsen opinberar 90 sýni úr minni sínu og texti hennar sem er bæði látlaus og sprenglæðilegur segir sögu Halldóru í stuttum frásagnarbrotum.⁴ Ólgan í Guðrúnu Evu Mínervudóttur er áberandi þegar hún flettir ofan af skyndimyndum lífs síns í bók sem nefnist *Albúm*. Í hverju textabroti er að finna hárbeitt eggjárn sem skera inn að beini.⁵ Myndir höfundanna af eigin sjálfi eru upplýsandi, í raun ótrúlega skýrar, og efnistöð þeirra og staða í textanum hafa haft mikil áhrif á fræðimennsku mína. Ég hef fundið ákveðinn samhljóð í efni þessara verka og í því sem ég nefni „einvæðingu sögunnar“, þeirri hugmyndafræði sem hvetur til þess að horft sé á einstök brot úr fortíðinni og þau vegin og metin af eins mikilli nákvæmni og kostur er. Ég spyr mig síðan hvers virði slík lúsar-

1 Óskar Árni Óskarsson, *Lakkrisgerðin. Smáprósar* (Reykjavík, 2001).

2 Einar Már Guðmundsson, *Kannski er pósturinn svangur. Sögur* (Reykjavík, 2001).

3 Hannes Pétursson, *Birtubrigði daganna. Lausablöð* (Reykjavík, 2002).

4 Halldóra Kristín Thoroddsen, *90 sýni úr minni mínu* (Reykjavík, 2002).

5 Guðrún Eva Mínervudóttir, *Albúm. Skáldsaga* (Reykjavík, 2002).

greining sé og hef fengið svar við þeirri spurningu hjá ofanefndum höfundum. Þar virða skáldin fyrir sér veruleika sinn á óvenjulegan hátt, veruleika sem er mismikið tengdur sjálfsveru þeirra og reynslu. Staða höfundanna innan og utan textans er viðfangsefni þeirra og sú staðsetning er jafnan umfjöllunarefni annarra höfunda sem glíma við eigið sjálf – í samhengi fortíðar.

Á ofangreindum forsendum byggist verk mitt *Snöggir blettir*, tilraun með samspil ljósmynda og texta sem sett er í skorður sjálfsævisögunnar.¹ Þessi „ekki“ sjálfsævisaga skoðar ljósmyndir án viðurkenndra þekkingarfræðilegra viðmiða með það í huga að kanna hvað þær hafa einar og sér upp á að bjóða. Bækur Eiríks Guðmundssonar og Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur sprengja einnig upp form sjálfsævisögunnar og með þeim árangri að höfundarnir geysast um sviðið án þess að skeyta um hefðbundin mörk hennar og skorður.² Eiríkur og Oddný slá alveg nýjan tón í sjálfs- eða skáldævisöguflórunni og líklegt verður að teljast að verk þeirra eigi eftir að hafa áhrif á fjálslegri nálgun á næstu árum.

Skáldævisagan býður upp á ákveðna skörun bókmenntaforma. Hún liggur alls staðar og hvergi. Í öllum sjálfsævisögum er að finna skáldskap; í uppbyggingu textans, framsetningu höfunda af atburðum og hugmyndum og heildarskilningi á lífinu. Allt lýtur þetta lögmálum skáldskaparins, þess búnings sem frásögnin fær í textanum. Í skáldævisögum gengst höfundurinn veruleika skáldskaparins opinberlega á hönd og vinnur með hann. En aðrar leiðir eru einnig færar.

Nemandi minn Ingibjörg Sigurðardóttir vinnur að meistararitgerð við íslenskuskor Háskóla Íslands sem segja má að sé á mörkum ýmissa bókmenntagreina.³ Rannsóknin er gott dæmi um skörun bókmenntagreina – reynsla, minni, minningar og goðsagnir blandast saman í efnistöfum höfundar. Viðfangsefnið er óvenjulegt: Amma hennar, móðir og hún sjálf mynda kjarna ritgerðarinnar; goðsagnir sem lífið hefur sveipað minningu þessara kvenna. Amman er þungamiðja verksins og í vissum skilningi er hér um hefðbundna ævisögu að ræða. En um leið verður verkið endurminningarit móður Ingibjargar þar sem hún nýtir hana til þess að fá vitneskju um ömmu sína sem hún kynntist aldrei sjálf í lifandi lífi. Viðfangsefnið kemur loks saman í reynslu hennar sjálfrar af goðsögninni af þessari

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Snöggir blettir* (Reykjavík, 2004).

2 Eiríkur Guðmundsson, *39 þrep á leið til glötunar*. Svarta línan (Reykjavík, 2004). – Oddný Eir Ævarsdóttir, *Opnun kryppunnar. Brúðuleikhús*. Svarta línan (Reykjavík, 2004).

3 Ingibjörg Sigurðardóttir, „[Nafnlaus].“ (*E*).

sterku og áhrifamiklu konu sem hefur enn, áratugum eftir dauða sinn, afgerandi áhrif á líf afkomenda sinna. Ingibjörg reynir á mörk margra bókmenntagreina og leikur sér með skörunarhugtakið í verki sínu. Minni höfundar og annara er hér notað til að ráðast inn í helg vígi persónulífsins af dirfsku, ef til vill meiri dirfsku en áður hefur þekkt; tímabær sagnfræði.

Tilraunir með sjálfið og minnið hafa orðið æ algengari á síðari tímum þar sem höfundar hafa fótað sig innan marka skáldævisagna. Eins og áður hefur komið fram eru nýjustu tilraunirnar í þessa átt bækur sem komið hafa út í „Svörtu línu“ bókaforlagsins Bjarts. Bragi Ólafsson rithöfundur og bókmenntafræðingarnir Hermann Stefánson, Jón Karl Helgason og Þröstur Helgason hafa allir birt verk í þessari nýju ritröð og hvert þeirra er á sinn hátt stef við skáldævisöguformið.¹ Bragi, Hermann og Þröstur bregða allir upp svipmyndum sjálfsins og virða það fyrir sér frá ólíkum hliðum. Er það Þröstur Helgason sem fróar sér í sturtu í lýsingunni af búningssklefum karla í almenningsbaðhúsi í bók hans *Einkavegir* eða er einhver allt annar þar á ferð? Getur verið að Þröstur hafi verið í gervi líkvagnsins sem gleðikonurnar í Barcelona nýttu fyrir viðskipti sín? Hvar fékk hann tækifæri til að fylgjast svona nákvæmlega með athöfnum fólksins frá mörgum hliðum? Er Hermann Stefánsson til eða situr hann bara fyrir á ljósmynd á bókarkápu verks sem ber nafnið *Þjónhvefingar* – líkami í sjóstakk með hjálm. Hann gæti allt eins verið hugarsmíð Hallgríms Helgasonar rithöfundar sem birtist sem tilvísun á sömu kápu. Hér er sjálfið komið á flot (eða bara á sjó!), stekkur á milli birtingarforma og tilvísana, en hefur jafnan skírskotun í mótun þess sjálfs og stöðu í textanum.

Jón Karl Helgason stígur ekki sjálfur inn í sinn texta en hann leikur sér með minnið á annan hátt en gert hefur verið hér á landi. Hann varpar ljósi á baráttuna um minninguna og þá áleitnu spurningu: Hver á minnið og minningar fólks? Í vissum skilningi er það eitt helsta viðfangsefni skáldævisagna, nefnilega spurningin: Hver á minningar einstaklinga, hópa eða samfélaga? Getur einstaklingurinn farið með minni sitt og annara þannig að ókunnugt fólk dragist inn í þann leik sem minningaframleiðslan er ótilkvatt og án þess að vera spurt, og atburðir þeim tengdir séu bæði teygðir og togaðir að vild? Er Jón Karl skýrsluhöfundurinn sem tekur saman þræði fyrir erlendan matsmann eða hvernig öðlast hann yfirburðaþekkingu á efni frásagnarinnar í textanum? Í frásögnum um minningar er viðmiðið alltaf

1 Bragi Ólafsson, *Við hinir einkennisklæddu*. Svarta línan (Reykjavík, 2003). – Hermann Stefánsson, *Þjónhvefingar. Fjarvistarsannanir fyrir íslenskan veruleika*. Svarta línan (Reykjavík, 2003). – Jón Karl Helgason, *Ferðalok. Skýrsla handa akademíu*. Svarta línan (Reykjavík, 2003). – Þröstur Helgason, *Einkavegir*. Svarta línan (Reykjavík, 2003).

einstaklingurinn sem segir frá, hvort sem það er Jón Karl sjálfur eða bara ótilgreindur sögumaður.

Í viðtali Þrastar Helgasonar við Einar Kárason rithöfund í *Lesbók Morgunblaðsins* kemst Einar svo að orði þegar hann ræðir um frásagnarhátt örlagasagna: „Vinir mínir í bókabransanum hafa til dæmis sagt mér að sannar örlagasögur verði að gefa út undir höfundarnafni. Það hefur verið reynt að gefa út bækur um kynferðislega misnotkun, heimilisofbeldi og slíkt undir dulnefni og það tekur enginn mark á þeim, enginn hefur áhuga nema höfundurinn og sögupersónan séu sama manneskjan.“¹ Eins og fram kom hér fyrr í bókinni efast ég um að þetta sjónarmið Einars standist vegna þess að innan þessara bókmennta – sjálfsbókmennta – hafa mörkin milli höfundar og aðalpersónunnar alltaf verið óljós. Ekkert fer á milli mála að í skáldævisögum kemur höfundurinn ekki fram undir dulnefni, hann er sá eini sem má örugglega greina en allir aðrir eru „dulkóðaðir“. En ekki er allt sem sýnist. Athygli vekur bók skáldkonunnar Lindu Vilhjálmsdóttur sem nefnist *Lygasaga* en í frásögn hennar sem er sjálfsævisöguleg hliðrar hún sér hjá því að nefna réttu nafni nokkrar persónur sem tengjast henni á beinan hátt.² Í þessum skilningi er verkið tímalaut, það gæti gerst nánast hvar sem er og hvenær sem er. Bók Lindu er óvenju athyglisvert verk á sviði sjálfstjáningar vegna þess að hún hleypir lesendum nærri sér en í sama mund eru þeir í órafjarlægð. Það sem meira er, erfitt er að greina hina „réttu“ Lindu Vilhjálmsdóttur vegna þess að allt líf hennar hefur byggst upp á blekkingu. Nálgun Lindu sýnir ákveðna strauma í samfélaginu sem einkennast af því að sífellt fleiri hafa kosið að gangast við blekkingunni í lífi sínu. Þegar það gerist verður spurningin um stöðu höfundarins enn flóknari en svo að hægt sé að ræða um *dulnefni* eða *réttnefni* höfunda. Sá sem er réttnefndur kann eftir allt saman að skýla sjálfum sér bak við blekkingar lífs síns. Mörkin milli sjálfsævisögunnar og skáldsögunnar verða fyrir bragðið illgreinanleg eins og raunin er í *Lygasögu* Lindu. Verkið er því enn eitt stigið í síbreytilegu umhverfi skáldævisagna.

Skáldævisögur kalla fram spurningar án þess að gefa við þeim svör. Það er einmitt galdur þessara verka, þau láta hverjum og einum eftir að taka afstöðu til verksins í tíma og rúmi. *Frásagnarháttur, stíll, sannleikur, minni, sjá.fog líkami* hafa mismunandi vísanir í skáldævisögum, vísanir sem öðlast eingöngu merkingu í hugarheimi þeirra sem lesa og máta ofangreind

1 Þröstur Helgason, „Góð saga er bara góð saga.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 22. nóvember 2003.

2 Linda Vilhjálmsdóttir, *Lygasaga* (Reykjavík, 2003). Linda nefnir nokkur mannanöfn en það eru þá einstaklingar sem standa fyrir eitthvað annað en sjálfa sig, eins og prestar og barþjónar.

hugtök við eigið sjálf.¹ Skáldævisögur verða ef til vill dýnamískari mótunarstaður sjálfsins en flestar aðrar myndir þess í ólíkum flokkum sjálfsbókmennta og þeirra er trúlega framtíðin.

Ævisögur

Í *fimmta* lagi má flokka ævisögur með sjálfsbókmenntum. Ævisögur eru gjarnan rannsóknarverk þar sem reynt er að kafa ofan í líf tiltekins einstaklings á eins nákvæman hátt og kostur er og draga fram persónueinkenni viðkomandi með öllum tiltækum heimildum. Aðalpersónan er sett í samhengi sinnar eigin hugsunar, samfélagsins og nánasta umhverfis. Að öllu jöfnu eiga ævisögur fátt skylt við sjálfsævisögur þar sem höfundur verksins hefur langsjaldnast aðgang að aðalpersónunni og þarf ekki einu sinni að hafa hitt hana í lifanda lífi (ævisögur manna eru yfirleitt skrifaðar að þeim gengnum).² Margar ævisögur eru þó byggðar á ófullgerðum sjálfsævisögum, dagbókum, svo og stórum bréfasöfnum sem endurspeгла sjálf viðfangsefnisins. Góður ævisöguritari kappkostar að kynna sér eins rækilega og mögulegt er allar fáanlegar heimildir sem tengjast aðalpersónunni og kafa í einstaka þætti þeirra. Gildi slíkra bóka sem fræðirita fer algjörlega eftir því hvernig höfundurinn fer með heimildir, einkum þær sem eru frá þeim sem bókinn fjallar um. Þar er spurningin sú hvort höfundur hafi gert tilraun til að greina heimildirnar, rannsaka einstaka drætti þeirra og setja þær í samhengi hugsunar og gerðar aðalpersónunnar.³ Hvernig svo sem á málum

- 1 Soffía Auður Birgisdóttir ræðir sömu atriði í nýlegri grein og telur að afstaða höfunda til þessara hugtaka segi til um hvort um sé að ræða sjálfsævisögu eða skáldævisögu. Sjá „Skáldævisagan. Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein.“ *Skíma* 27:2 (2004), bls. 41-44. Í *Skímu* eru birtir fyrirlestrar sem fluttir voru á málþingi Félags íslenskra fræða í mars 2003 um ævisögur og sjálfsævisögur. Þar voru þátttakendur, auk Soffíu Auðar, meðal annars Steinunn Jóhannesdóttir, Gunnþórunn Guðmundsdóttir, Þórunn Valdimarsdóttir, Ragnhildur Richter og Ásdís Egilsdóttir.
- 2 Þess má geta að Ingi Sigurðsson tók árlega saman skrá fyrir tímaritið *Sögu* á árunum 1974 til 1979 um bækur sem þar eru nefndar einu nafni *ævisögur*, en þar er allt þetta efni sem hér hefur verið sundurgreint og skipt upp í flokka tekið saman undir einn hatt. Sláandi er hve fáar fullburða ævisögur koma út á þessu tímabili, þó svo að ævisagnaþættirnir séu nokkuð fyrirferðarmiklir. Árið 1974 er ein ævisaga gefin út, en með góðum vilja má koma þeim upp í þjár og þá með því að sveigja skilgreininguna nokkuð. Árið 1975 er ein ævisaga gefin út samkvæmt samantekt Inga Sigurðssonar, annað eins árið 1976, engin árið 1977, ein 1978 og ein 1979. Af þessari upptalningu sést að ævisögunni hafa ekki verið gerð mikil skil á áttunda áratugnum og ekki fór að rofa verulega til fyrr en á þeim tíunda, eins og vikið verður að hér á eftir.
- 3 Gott dæmi um verk þar sem þetta mistekst að stórum hluta er bók Gunnars M. Magnúss: *Skáldið á Þröm. Ævisaga Magnúsar Fj. Magnússonar* (Reykjavík, 1956). Sjá umfjöllun mína um þessa bók í: *Kraftbirtingarhjómur Guðómsins*, bls. 11-16.

er haldið getur ævisaga flokkast sem áhugaverð sagnfræði þó að hún sé ef til vill ónothæf sem heimild og vitnisburður um viðhorf aðalpersónunar sjálfrar. Ævisaga er því hluti af þeim flokki sagn- eða bókmenntafræðirannsókna sem tengist persónusviðinu og lýtur sömu lögmálum og önnur fræðiverk; þau eru ýmist vönduð eða til þeirra er kastað höndunum.

Ævisögur í brennidepli – Á undanförnum árum hefur vegur ævisagna vaxið mjög á Íslandi og út hafa komið vandaðar ævisögur, oftast um þekktu einstaklinga. Ævisagan er flókið bókmenntaform sem verðskuldar fyllstu athygli. Í löndum eins og Bretlandi og í Bandaríkjunum er löng hefð fyrir ævisöguskrifum. Fræðimenn hafa sömuleiðis mikið fjallað um slík skrif og merkingu þeirra.¹ Á síðustu árum hafa íslenskir fræðimenn á borð við Guðjón Friðriksson, sagnfræðing í ReykjavíkurAkademíunni, Pál Valsson, bókmenntafræðing og útgáfustjóra Máls og menningar, Viðar Hreinsson, bókmenntafræðing í ReykjavíkurAkademíunni, Huldu Sigurborgu Sigtryggisdóttur, sagnfræðing og framhaldsskólakennara og Jakob F. Ásgeirsson stjórnmálafræðing, svo nokkrir séu nefndir, ritað ævisögur um menn á borð við Jónas frá Hriflu, Pétur Benediktsson, skáldin Einar Benediktsson, Jónas Hallgrímsson og Stephan G. Stephansson og gullsmiðinn og vesturfarann Sumarliða Sumarliðason.² Trúlega verður þess ekki langt að bíða að búið verði að rita ævisögur séra Matthíasar Jochumssonar, Gríms Thomsens og Jóhanns Sigurjónssonar. Þá er Jón Sigurðsson forseti sígilt viðfangsefni: Á tuttugustu öld komu út nokkrar ævisögur Jóns forseta og Guðjón Friðriksson er nýbúinn að bæta við nýrri ævisögu um þennan leiðtoga sjálfstæðisbaráttunnar nú í byrjun þeirrar tuttugustu og fyrstu.³ Og sjaldan er ein

1 Sjá til dæmis eftirtalin verk: Scott E. Casper, *Constructing American Lives. Biography and Culture in Nineteenth-Century America* (Chapel Hill, 1999). – Richard D. Altick, *Lives and Letters: A History of Literary Biography in England and America* (New York, 1969). – David Amigoni, *Victorian Biography: Intellectuals and the Ordering of Discourse* (New York, 1993). – Ruth Hoberman, *Modernizing Lives: Experiments in English Biography, 1918-1939* (Carbondale, 1987). – Ira Bruce Nadel, *Biography: Fact, Fiction, and Form* (New York, 1984). – Ray Monk, *Ludwig Wittgenstein. The Duty of Genius* (London, 1990). Sjá einnig aðra ævisögu eftir Ray Monk, *Bertrand Russell: The Spirit of Solitude, 1872-1921* (New York, 1996).

2 Guðjón Friðriksson, *Einar Benediktsson, Ævisaga I-III* (Reykjavík, 1997-2000). – Páll Valsson, *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga* (Reykjavík, 1999). – Jakob F. Ásgeirsson, *Pétur Ben. Ævisaga* (Reykjavík, 1998). – Hulda Sigurborg Sigtryggisdóttir, *Frá Íslandi til Vesturheims. Saga Sumarliða Sumarliðasonar gullsmíðs frá Æðey* (Reykjavík, 2002). – Guðjón Friðriksson, *Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu I-III* (Reykjavík, 1991-1993). – Viðar Hreinsson, *Landneminn mikli. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar* (Reykjavík, 2002); *Andvökuskáld. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar* (Reykjavík, 2003).

3 Sjá fræga ævisögu Páls Eggerts Ólasonar, *Jón Sigurðsson I-V* (Reykjavík, 1929-1933) en hún var rétt rúmlega 2300 blaðsíður. Sú ævisaga kom síðar út í styttri útgáfum. Einar Laxness tók

báran stök. Páll Björnsson, sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, vinnur að bók um Jón forseta sem þó er með nokkuð öðru sniði en fyrri verk þar sem hún mun fjalla um viðtökur og notkun ímyndar Jóns í samtímaumræðunni á tuttugustu öld. Hún hefst því við jarðarför Jóns forseta. Verkið er einmitt dæmi hvernig hægt er að vinna með ævi einstaklinga á fjölbreytta vegu.

Á tuttugustu öld voru ritaðar merkar bækur um menn á borð við Skúla Thoroddsen eftir Jón Guðnason, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, um Steingrím Thorsteinsson hefur Hannes Pétursson skáld ritað bók og Matthías Johannessen skáld og ritstjóri tók saman bók um Ólaf Thors. Einar Laxness sagnfræðingur ritaði ævisögu Jóns Guðmundssonar, Kristján Albertsson ævisögu Hannesar Hafstein og loks má nefna hina miklu ævisögu Tryggva Gunnarssonar bankastjóra sem sagnfræðingarnir og háskólaprófessorarnir Bergsteinn Jónsson og Þorkell Jóhannesson unnu að í áratugi.¹ Hér er engan veginn um tæmandi lista að ræða en allar eru þessar ævisögur unnar eftir ítarlega heimildaleit og rannsóknarvinnu; á stundum eftir áratuga starf.²

Athyglisvert er að langmest hefur verið ritað um skáld og stjórnmálamenn en aðrir hópar hafa borið skarðan hlut frá borði. Af því leiðir að um mjög fáar konur hefur verið fjallað í ævisögum. Þetta kann að hljóma undarlega nú í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar en það er engu að síður staðreynd. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Björg C. Þorláksson, Stefanía Guðmundsdóttir og Guðríður Símonardóttir eru í hópi örfárra kvenna sem teknar hafa

saman stutta ævisögu Jóns sem nefnd var: *Jón Sigurðsson forseti 1811-1879. Yfirlit um ævi og starf í máli og myndum* (Reykjavík, 1979). Sjá einnig ævisögu Guðjóns Friðrikssonar sem heitir: *Jón Sigurðsson. Ævisaga I-II* (Reykjavík, 2002-2003). Bækur Guðjóns um Jón Sigurðsson eru nákvæmlega 1200 blaðsíður þannig að foringinn mikli hefur fengið drjúga athygli á síðustu sjöttu árum og er þó ekki allt talið hér.

- 1 Einar Laxness, *Jón Guðmundsson aþingismaður og ritstjóri. Þættir úr ævisögu* (Reykjavík, 1960). – Hannes Pétursson, *Steingrímur Thorsteinsson. Líf hans og list* (Reykjavík, 1964). – Matthías Johannessen, *Ólafur Thors. Ævi og störf I-II* (Reykjavík, 1981). – Þorkell Jóhannesson ritaði fyrsta bindið að ævisögu Tryggva Gunnarssonar og hluta af öðru bindi á móti Bergsteini Jónssyni sem ritaði þriðja bindið einn. Sjá: *Tryggvi Gunnarson I-III* (Reykjavík, 1955, 1965 og 1972). Samtals eru þessar bækur um 1800 blaðsíður. Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen I-II* (Reykjavík, 1968 og 1974). – Kristján Albertsson, *Hannes Hafstein. Ævisaga I-III* (Reykjavík, 1961-1964). Bók Kristjáns er af einhverjum ástæðum skipt upp í tvo hluta og síðari hlutanum í tvennt; hvor þeirra kom út sitt árið.
- 2 Hér má enn bæta við ævisögum sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur ritað, fyrst bókinni: *Jón Þorláksson forsætisráðherra* (Reykjavík, 1992) og síðar samtalsbók/ævisögu: *Benjamin H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða*. Hannes Hólmsteinn Gissurarson skráði eftir sögn hans sjálfs (Reykjavík, 1996), og loks ævisögu sem Ásgeir Jakobsson ritaði: *Óskars saga Halldórssonar. Íslandsbersi* (Reykjavík, 1994).

verið fyrir í heilum bókum.¹ Ævisögur þeirra eru óneitanlega mjög ólíkar að gerð og umfangi en eiga það sameiginlegt að vera unnar á frumlegan og hugvitssamlegan hátt. Þær fjalla allar um þjóðþekkta einstaklinga sem hafa unnið sér eitthvað sérstakt til frægðar bæði með daglegri framgöngu og í opinberu lífi. Björg C. Þorláksson varð þó ekki þjóðkunn manneskja fyrir en Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hafði ritað um hana sérstaka bók. Engum blöðum er um það að fletta að Björg var stórmerkileg kona sem verðskuldaði ævisöguna, afrek hennar voru slík.

Minnismerki – Dæmigert viðfangsefni ævisöguritara hefur hingað til verið framvarðasveitin í sjálfstæðisbaráttunni og ævi karla í henni, svo og þeir karlar sem „erfðu landið“ á tuttugustu öld. Eins og fram hefur komið hafa flest þessara verka verið umfangsmikil og byggst á rækilegum rannsóknnum, með sterkri tengingu við þjóðarsöguna og þjóðernishyggjuna.² Ævisögur eru því í langflestum tilvikum hugsaðar sem minnismerki um aðalpersónuna og þann málstað sem hún stóð fyrir. Í þessu sambandi er athyglisvert að bera saman ævisögurnar sem minnismerki annars vegar og hins vegar þau minnismerki sem gjarnan eru steipt í brons eða steypu og standa við götur og torg. Nákvæmlega sama mynstur er þar að finna. Stytturarnar eru af stjórnmálamönnum (landnámsmönnum) og skáldum (rithöfundum) sem standa á stalli í einhverju opinberu rými og hafa flest fengið umfjöllun um sig í ævisögum. Gísli Halldórsson arkitekt, íþróttافرömuður og forseti borgarstjórnar Reykjavíkur til margra ára, er einn fárra sem settur hefur verið á stall á áberandi stað og steypur í brons án þess að um hann hafi verið rituð bók.³ Hann er reyndar enn í tölu lifenda og því aldrei að vita hvað gerist að honum gengnum.

1 Briet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið. Bók um Brieti Ejjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar* (Reykjavík, 1988). – Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Ejörg. Ævisaga Ejjargar C. Þorláksson* (Reykjavík, 2001). – Steinunn Jóhannesdóttir, *Reisubók Guðríðar Símonardóttur. Skáldsaga byggð á heimildum* (Reykjavík, 2001). Eins og sést af nafni síðustu bókarinnar leggur höfundur áherslu á að um skáldsögu sé að ræða sem er byggð á umfangsmikilli heimildavinnu.

2 Aðalgeir Kristjánsson ritaði til dæmis doktorsritgerð um Brynjólf Pétursson sem nefnist: *Brynjólfur Pétursson. Ævi og störf* (Reykjavík, 1972). Þá má einnig nefna rit Nönnu Ólafsdóttur, *Baldvin Einarsson og Ljóðmálataf hans* (Reykjavík, 1961). Áður hafði Jón Helgason biskup ritað ævisöguna: *Tómas Sæmundsson. Æfiferill hans og afstaf* (Reykjavík, 1941). Sjá einnig ævisögu Benedikts frá Auðnum sem Sveinn Skorri Höskuldsson ritaði en þar er mikið verk á ferð: *Benedikt á Auðnum. Íslenskur endurreisnarmaður* (Reykjavík, 1993).

3 Jónas Jónsson frá Hríflu hafði einnig orðið þessa heiðurs aðnjótandi og trúlega má finna fleiri dæmi hér á landi. Þessi háttur hefur einna helst tíðkast í einræðisríkjum þar sem slíkar styttnar eru táknn kúgunar og valds.

Með konurnar er þessu örlítið öðruvísi farið. Ef þær eru steypar í brons er það sjaldnast einstaklingurinn sem fær þann heiður heldur sú ímynd kvenna sem samfélagið heldur á lofti, sameiginlegt tákn þeirra eins og Pallas Aþena, þvottakonan, móðir og svo framvegis. Björg C. Þorláksson mun víst vera eina konan sem fengið hefur stytta af sér á opinberum vettvangi í höfuðstaðnum. Þá var reist listaverk í Vestmannaeyjum eftir myndhöggvarann Ragnhildi Stefánsdóttur af Guðríði Símonardóttur. Ævi-sögurnar og myndastytturarnar standa í þessum skilningi á sama hugmyndafræðilega grunni. Báðum er ætlað að vera „minni“ þjóðarinnar af atburðum eða einstaklingum sem mikilvægt þykir að haldið sé á lofti. Hér er því verið að búa til fortíð sem vert er talið að minnast og þjóðinni er ætlað að leggja á minnið.

Fræði eða áróður? – Eins og sést af upptalningunni hér að framan hefur nokkur hópur fræðimanna nýtt sér ævisöguformið til að rita um mun stærri viðfangsefni en persónuna sem bækurnar fjalla um. Þannig hafa fræðimenn lagt í miklar rannsóknir vegna ævisagnaritunar og þær hafa orðið hluti af fræðilegri orðræðu. Í þessu sambandi má nefna sagnfræðingana og háskólakennarana Má Jónsson, Gunnar Karlsson og Inga Sigurðsson, en þeir fjalla fyrst og fremst um atburði og tímabil sem aðalpersónan hefur tengst.¹ Bók Mús um Árna Magnússon er í sjálfu sér hrein og bein ævisaga þar sem handritasafnarinn er í aðalhlutverki og líf hans er brotið til mergjar með áherslu á hið mikla menningarstarf hans. Már kafar í vinnuaðferðir Árna og lýsir upp þann handritaheim átjándu aldar sem hann mótaði manna mest.

Ingi Sigurðsson ritar meira um tíma Magnúsar Stephensens og þá hugmyndastefnu sem hann aðhylltist án þess að láta eftir sér að taka til umfjöllunar persónuleika Magnúsar sjálfs nema að mjög takmörkuðu leyti. Gunnar Karlsson fer svipaða leið. Hann ákvað í samráði við afkomendur Jóns á Gautlöndum að rita um sjálfstæðisbaráttu Suður-Þíngeyinga og það umbrotaskeið í sögu þjóðarinnar sem þá stóð sem hæst og „[e]f Jón á Gautlöndum verðskuldaði ævisögu vegna félagsmálaforystu sinnar“, eins og Gunnar kemst að orði „kæmi af sjálfu sér að hann yrði meðal aðalpersóna í því riti.“² Að auki ákvað Gunnar að gera Jóni sérstök skil í lok bókarinnar. Þarna er farin athyglisverð leið að persónu þess einstaklings sem er kveikjan að bókinni og útkoman er í alla staði vel heppnuð doktorsritgerð höf-

1 Már Jónsson, *Árni Magnússon. Ævisaga* (Reykjavík, 1998). – Ingi Sigurðsson, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens* (Reykjavík, 1996). – Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þíngeyinga og Jón á Gautlöndum* (Reykjavík, 1977).

2 Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þíngeyinga*, bls. xiii.

undar. Gunnar staðsetur ritið innan fræðigreinarinnar á eftirfarandi hátt: „Ritið varð þannig að nokkru leyti héraðssaga en að nokkru leyti ævisaga.“¹ Hún er þó fyrst og fremst pólitísk þjóðarsaga með vísun í rætur hennar í sveitameningunni norðan heiða. Bókin hefur skírskotun langt út fyrir líf Jóns á Gautlöndum.

Eins og áður sagði hafa margir mikilvirkir stjórnmálaleiðtogar tuttugustu aldarinnar sem hafa orðið viðfangsefni ævisagnahöfunda lent í þeim hremmingum að lífi þeirra og starfi hefur verið reistur minnisvarði í stað þess að um þá hafi verið fjallað á gagnrýninn hátt, jafnt persónuleika þeirra og hugmyndafræði. Guðmundur Hálfðanarson kemur inn á þetta í grein sinni um ævisagnarritun í lok tuttugustu aldar þar sem hann ber saman form biskupasagnanna fornu og ævisagna stjórnmálamanna nútímans. Hann bendir meðal annars á eftirfarandi atriði:

Að vissu leyti byggjast skyldleikatengsl biskupasagna og ævisagna stjórnmálamanna 20. aldar einfaldlega á frásagnarforminu, þ.e. skyldleikinn helgast af þeirri staðreynd að í báðum tilvikum er um að ræða ævisögur. [...] Raunar tengjast þessar bókmenntahefðir á annan hátt þar sem þær eru báðar hvort tveggja í senn lífssögur valdamikilla einstaklinga og nokkurs konar þroskasögur stofnana, eða réttlætning á því valdakerfi sem einstaklingarnir studdust við.²

Hér drepur Guðmundur á mikilvægt atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar ævisögur stjórnmálaleiðtoga eru lesnar. Höfundurinn heldur yfirleitt tiltekinni orðræðu að lesandanum þar sem lögd er áhersla á að sýna fram á merkingu þess valds sem aðalpersónan fór með. Guðmundur bendir á að ævisögur stjórnmálamanna hafi tilhneigingu til að sveigjast ýmist til helgisagnagerðar eða vera tilraunir til að vinna á vísindalegan hátt að rannsókn viðfangsefnisins þar sem æviferill aðalpersónunnar er notaður sem spegill á samtíð hans. Guðmundur bendir á að fyrri gerðin hafi verið ráðandi hér á landi og nefnir sérstaklega ævisögu Ásgeirs Ásgeirssonar sem Gylfi Gröndal ritaði og ævisögu Hermanns Jónassonar sem Indriði G. Þorsteinsson skrifaði.³ Í stuttu máli fá þessar ævisögur frekar hraklega útreið hjá Guðmundi og lítur hann svo á að þær hljómi „oft eins og langar

1 Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þingeyinga*, bls. xiii.

2 Guðmundur Hálfðanarson, „Biskupasögur hinar nýju. Um ævisögur fjögurra stjórnmálamanna.“ *Saga* 31 (1993), bls. 170.

3 Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson. Ævisaga* (Reykjavík, 1992). – Indriði G. Þorsteinsson, *Fram fyrir skjöldu 1896-1939. Ævisaga Hermanns Jónassonar forsætisráðherra* (Reykjavík, 1990).

minningagreinar, þar sem hvergi er dregið undan í lofgerð um hina látnu en allir lestir látnir kyrrir liggja“.

Guðmundur ræðir síðan tvær ævisögur sem fara nokkuð aðra leið en þær fyrrnefndu. Þar er leitast við að vinna með persónurnar í þeim tilgangi að lýsa upp stærra samhengi. Hér er vísað í ævisögu Jóns Þorlákssonar sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson ritaði og ævisögu sem Guðjón Friðriksson vann um hinn umdeilda leiðtoga framsóknarmanna Jónas Jónsson frá Hríflu.¹ Guðmundur bendir á að ævisaga Jóns Þorlákssonar snúist aðeins að takmörkuðu leyti um persónu Jóns en þess í stað um upphaf íhaldsstefnunnar hér á landi og þá flokka sem við hana hafa verið kenndir. „Ævisaga Jóns Þorlákssonar“, segir Guðmundur Hálfðanarson „er margslungin bók. Skipulag hennar er þrauthugað og á bakvið verkið liggur bæði víðtæk og hugvitsamleg heimildavinna.“² Guðmundur heldur síðan áfram að lýsa kostum verksins og bendir á að það sé ritað á allt öðru plani en bækur rithöfundanna Gylfa Gröndals og Indriða G. Þorsteinssonar. Þó sé ekkert um það að villast að Hannes sé í aðdáendahópi Jóns og dragi ekki dul á það. Þetta verk er því ævisaga flokks frekar en manns, en hvor um sig hafa alltaf rétt fyrir sér.³ Verkið verður um leið tilraun til að skýra hvernig best sé að líta á sögu sjálfstæðisbaráttunnar og þau áhrif sem Jón hafði á þá framvindu. Guðmundur bendir loks á að bók Hannesar detti á köflum niður í vemmilegar skírskotanir til umdeilda verka sem unnin hafa verið á síðari árum í skjóli Davíðs Oddssonar, vinar og átrúnaðargoðs höfundar. Þannig missi bókina stórlega gildi sitt og falli þrátt fyrir ofangreinda kosti í flokk helgisagna.

Loks fjallar Guðmundur um bók Guðjóns Friðrikssonar um Jónas frá Hríflu. Ekkert fer á milli mála að Guðmundur hefur hrifist mjög af efnistöku höfundar sem einkennast af einlægum áhuga á að kynnast margflóknum persónuleika aðalpersónunnar. Enda dregur Guðjón ekkert undan og bregður bæði upp jákvæðum og neikvæðum myndum af Jónasi og leitast við að skilja þennan þverstæðukennda persónuleika á forsendum hinnar sálfræðilegu ævisögu. Hér skiptir mestu máli að Guðjón „kemur til leiks með óbundnar hendur, rekinn áfram af forvitni um þennan undarlega mann frekar en áhuga á að reisa honum minnisvarða,“ eins og Guðmundur kemst að orði.⁴ Guðmundur gagnrýnir Guðjón fyrir að vinna of takmarkað úr

1 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson forsætisráðherra*. – Guðjón Friðriksson, *Saga Jónasar Jónssonar frá Hríflu* I-III.

2 Guðmundur Hálfðanarson, „Biskupasögur hinar nýju“, bls. 177.

3 Guðmundur Hálfðanarson, „Biskupasögur hinar nýju“, bls. 180.

4 Guðmundur Hálfðanarson, „Biskupasögur hinar nýju“, bls. 185.

heimildunum, þar sem hann kýs oft að birta efni frá hendi Jónasar óstytt, sem gerir það að verkum að „framsetningin er mjög hrá á köflum [...]“ og verður þannig sundurlaus fyrir bragðið. Úrvinnsluna vantar. Guðmundur sýnir þó fram á að bók Guðjóns geri persónu Jónasar frá Hriflu góð skil og smám saman átti lesandinn sig á hvaða mann hann hafi haft að geyma. Þar með sé tilganginum náð.

Greining Guðmundar á þessum fjórum ævisögum er athyglisverð og beinir sjónum að fjölbreytileika ævisagna sem ritaðar hafa verið á Íslandi. Það er mikilvægt fyrir lesendur þessara bóka að gera sér góða grein fyrir stöðu höfundarins við lesturinn og reyna að horfa á efnið úr nokkurri fjarlægð, sérstaklega þegar ævisögur stjórnmálamanna eru metnar.

Hefðbundið vinnulag – En hvernig hafa aðrir ævisöguritarar farið að við vinnu sína? Mjög misjafnt er hvernig þeir kjósa að gera grein fyrir vinnubrögðum sínum og verklagi. Það vekur nokkra athygli að fræðimenn á borð við Pál Valsson og Jakob F. Ásgeirsson, báðir höfundar stórra verka, kjósa að segja lítið sem ekkert um hvernig staðið var að rannsóknavinnunni né hvers konar heimildir þeir hafa verið með í höndunum. Páll vinnur úr efni-viði sínum í ævisögu Jónasar Hallgrímssonar, greinir hann og dregur fram meginlínur í persónuleika viðfangsefnisins. Jakob hefur á hinn bóginn þá tilhneigingu að láta heimildirnar ráða ferðinni, breiða úr þeim að gömlum og góðum sið ævisöguritara á Íslandi á tuttugustu öld. Jakob lætur þess getið í bók sinni um Pétur Benediktsson að

[m]ikil heimildavinna liggur að baki þessari bók, þótt margt sé enn ókannað. Það getur ekki verið markmið ævisögu að segja „alla sögu“ – slíkt er ekki hægt – heldur að segja nóg til þess að lesandinn fái sannferðuga mynd af manninum sem sagt er frá og samtíma hans. Að þessu leyti er ævisöguhöfundur í svipuðu hlutverki og portrettmálari, þótt vissulega hafi hann „sagnfræðilegar skyldur“ sem listmálarinn er óbundinn af. Hér hefur sú leið verið farin að rekja sögu Péturs með hefðbundnum hætti ár frá ári og láta hann sem mest tala sjálfan – og leyfa lesandanum að draga sínar eigin ályktanir um manninn af gerðum hans og orðum.¹

Það „að láta sögupersónuna tala sjálfa“ hefur ekki skýra merkingu. Það er óvenjuleg leið í sagnfræði sem fáir fræðimenn velja.² Oftast merkir það að

1 Jakob F. Ásgeirsson, *Pétur Ben.*, bls. 8.

2 Ef til vill má benda á einn sem hefur haldið þessu sjónarmiði á lofti en það er breski sagnfræðingurinn Arthur Marwick, *The Nature of History*. Þriðja útgáfa (London, [1970] 1989). Óhætt er að fullyrða að Marwick á sér fáa skoðunarbræður nema ef til vill meðal nokkurra íslenskra ævisöguritara eins og vikið verður að hér síðar í kaflanum.

aðalpersónunni er sleppt lausri í þessum verkum og langar beinar tilvitnanir birtast í ævisögunni, jafnvel heilar tíu blaðsíður!¹ Þetta á einkum við þær ævisögur eða endurminningarit þar sem höfundurinn er á einhvern hátt tengdur aðalpersónunni, annaðhvort hugmyndafræðilega eða tilfinningalega. Hann vill þá ekki hrófla við orðum „meistarans“, heldur gefa honum kost á að segja sögu sína án íhlutunar annarra, það muni enginn gera betur. Þessi aðferð er því nær algjörlega á kostnað gagnrýnnar greiningar; viðfangsefninu er fórnað fyrir stærri málstað og mikilvægari, að áliti höfundar. Niðurstaðan er jafnan þreytandi lofgjörð um fólk sem oft hefur lifað litríkri ævi, verk sem hafa lítið bókmenntalegt eða fræðilegt gildi en geta þjónað ákveðnum hópum vel sem fyrirmynd. Þannig eru ævisögur stórmenna stundum notaðar til að tengja nútímahugmyndir í stjórnmálum við lífsferil þeirra með það í huga að eigna þeim hlutdeild í frægð þeirra og frama.²

Um ofangreinda tegund ævisagna má nefna mörg dæmi, en nokkur verða hér að nægja. Bók Gunnars M. Magnúss um Magnús Hj. Magnússon, lausamann, barnakennara og fyrirmynd að Ólafi Kárasyni Ljósvíkingi, nefnist *Skáldið á Pröm* og kom út laust eftir miðja tuttugustu öld. Sú bók var ævisaga Magnúsar, en æviferil hans rakti Gunnar í smáatriðum og studdist þar við handrit Magnúsar sem eru mikil að vöxtum. Helsta aðfinnsla sem gera má við efnistöð Gunnars snýr einmitt að þeirri staðreynd að hann greindi illa á milli sinnar eigin frásagnar og texta Magnúsar; lesandinn veit á köflum ekki hver talar og við það missir frásögn Gunnars af stormasömu lífi Magnúsar oft og tíðum marks. Nálægð Gunnars við lífshlaup Magnúsar (Gunnar þekkti hann vel sem barn) var of mikil og háskinn og spennan sem einkenndi allt líf Magnúsar týndist í bókinni. Um bókina *Skáldið á Pröm* segir höfundur í formála: „Þetta er bók um Magnús Hj. Magnússon, vin minn, – aðra bók *eftir hann* væri maklegt að tekin væri saman.“³ Nálægð Gunnars við verkið knúði hann til þessara vinnubragða.

Sömu sögu er að segja um Bríeti Héðinsdóttur leikkonu sem sagði sögu ömmu sinnar Bríetar Bjarnhéðinsdóttur að mestu í gegnum bréf hennar sem

1 Sjá til dæmis verk Jakobs F. Ásgeirssonar, *Valtýr Stefánsson ritsjóri Morgunblaðsins* (Reykjavík, 2003), bls. 327-335 og víðar.

2 Nýjasta dæmið um þess konar notkun á ævi einstaklings er heimastjórnarhátíðarhöld ríkisstjórnar Íslands árið 2004. Sjá umfjöllun mína: „Kennileiti minninga.“

3 Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Pröm*, bls. 5. Ósk Gunnars rætist með bókinni *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins*, en þar eru birt sýnishorn úr gríðarlega umfangsmiklum handritum Magnúsar. Að auki er þar að finna tæplega eitt hundrað blaðsíðna inngangskafla eftir mig sem heitir „Magnús og mýtan“. Löngu eftir að *Skáldið á Pröm* kom út var gefin út viðauki við þá bók, einnig eftir Gunnar M. Magnúss, sem nefndist: *Ósagðir hlutir um skáldið á Pröm* (Hafnarfjörður, 1973).

fjölskyldan hafði varðveitt. Bríet Héðinsdóttir gerði sér þó alveg grein fyrir því hvers konar verk hún tók saman: „Stór fyrirvari er því á öllu sem stendur í þessari bók, bæði um manneskjur og atburði. Sjálft valið úr efninu felur líka óhjákvæmilega í sér mat og túlkun, að ekki sé talað um það sem ég hef sjálf skrifað lesanda til glöggvunar og til að reyna að halda sambengi.“¹ Hér tæpir Bríet á mikilvægu atriði, að jafnvel þeir höfundar sem ætla að láta aðalpersónuna „hafa orðið“ eru fyrst og fremst að nota hana sem mál pípu fyrir sína eigin rödd. „En með leyfi að spyrja“, segir Bríet Héðinsdóttir: „Hvað er annars hlutlaus frásögn eða ályktun? Er slíkt til? Vísitandi fer ég hvergi rangt með. En ég sá mig nauðbeygða að skrifa þessa bók í fyrstu persónu til að draga fjöður yfir áður nefnda fyrirvara.“² Hér er gengið hreint til verks og lesandinn er tilbúinn í glímuna við bókina, skilur alla fyrirvara sem þarf að skilja. Þannig mættu fleiri ævisagnahöfundar standa að verki.

Áður var dregið á þá sem rita um foringja lífs síns, fyrirmyndir sínar í pólitísku starfi, einstaklinga sem hafa haft veruleg áhrif á höfundinn hugmyndafræðilega og jafnvel á annan þankagang hans. Gott dæmi um þessa tegund ævisagna eru bækur Matthíasar Johannessens um Ólaf Thors. Matthías dregur enga fjöður yfir aðdáun sína á manninum og viðfangsefninu. Aðferð hans er í raun sáræinföld:

En ég hef reynt að komast eins nálægt hugsun og hugarfari Ólafs Thors og mér hefur verið unnt og þá auðvitað fyrst og síðast með því að vitna í hann sjálfan, leyfa honum sjálfum að taka til máls og segja nú ýmislegt það, sem hann hugsaði, en átti, af augljósum ástæðum, ekki kost á að láta koma fyrir almenningssjónir, þegar atburðirnir gerðust; þegar úthverfan eða yfirborðið eitt varð að snúa að almenningi, en innri maðurinn átti þess ekki kost að tala við annan en sjálfan sig, í hæsta lagi örfáa trúnaðarvini.³

Verk Matthíasar ber þessari aðferð merki enda bækurnar til samans tæpar eitt þúsund blaðsíður. Matthías er sér afar meðvitaður um þetta og skýrir síðar í eftirmála sínum að hann telji sig fara öðruvísi að en oftast er gert í „pólitískum heilagra manna sögum“, eins og hann kemst að orði. Matthías telur að Ólafur verji sjálfur málstað sinn og þar þurfi hann ekki að koma nærri: „Hitt er svo annað mál“, heldur Matthías áfram, „að þetta ritverk um Ólaf Thors hefur sízt af öllu þann metnað að vera stjórnmálasaga Íslands þann tíma, sem það tekur yfir. Ef svo væri, hefði ég ritað hana með nokkuð öðrum hætti.“⁴

1 Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, bls. 15.

2 Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, bls. 15.

3 Matthías Johannessen, *Ólafur Thors* II, bls. 363-364.

4 Matthías Johannessen, *Ólafur Thors* II, bls. 364.

Í eftirmála, sem er í allra lengsta lagi, stiklar höfundur um sögu sviðið í nokkrum ákafa og hleður upp sögum um Ólaf og afrek hans. Sá andi sem kemur fram í þeim texta Matthíasar er lýsandi fyrir bókina alla; einlæg aðdáun á viðfangsefninu og kappsamar tilraunir til að leiða kosti þess fram á sjónarsviðið. Og Matthías lýsir hugmyndum sínum um ævisöguritun af þessu tagi með eftirfarandi orðum:

Fræðilegar skírskotanir og alls kyns athugasemdir eiga að mínum dómi ekki heima í þessu ritverki. Vítin eru til að varast þau. Romain Rolland skrifar merka bók um Händel og upplýsandi ritgerð um Beethoven, en sá ljóður er á frásögn þessa franska meistara, að hann hrúgar viðstöðulaust upp athugasemdum neðanmáls, og verða þær heldur hvimleiðar og nánast óskiljanlegt, hvers vegna svo langt mál, sem þar birtist neðanmáls, á ekki með fullum rétti heima í meginfrásögninni.¹

Matthías leggur áherslu á að hann geri sér grein fyrir að leiðin sem hann hafi valið sé ekki gallalaus. Hún sé engu að síður sú sem hann hafi helst talið hæfa efninu. Matthías hefur þannig kosið að fara ritunarleið sem skilur viðfangsefnið eftir nánast órannsakað. Lesandinn kynnist miklu efni sem Ólafur Thors hefur ritað eða látið eftir sér hafa en minna fer fyrir greiningu á persónuleika hans, athöfnum og gjörðum.

Matthías Johannessen reri ekki einn á báti við ævisögugerð af þessu tagi. Fyrir fór Páll Eggert Ólason sem hafði þetta að segja um ritun bókar sinnar um Jón forseta:

Ekki þarf hér heldur margt að segja um meðferð höfundar á efni því, er smám saman lá fyrir hendi og rannsóknir leiddu í ljós. Hann hefir forðazt þær hálfheimspekilegu hugleiðingar, sem nokkuð eru nú tíðar orðnar um það, hvernig taka skuli á efni. Vitanlega er mestur gaumur gefinn að hinu séríslenzka efni; hið almenna útlenda efni er ekki tekið með, að öðru en því, sem þarf til skilnings á innlendum hræringum eða viðburðum; almennar fræðslubækur nægja að öðru þar.²

Páll Eggert og Matthías eru hér á svipaðri bylgjulengd, nema sá fyrrnefndi er ekki sérlega margorður um verk sitt og er heldur ekki mjög áhugasamur um að gefa lesendum kost á að skilja heimildavinnuna. Ekki fer á milli mála að hún hlýtur að hafa verið umtalsverð í verki af þessu tagi: „Óþrotlegt nálega“, segir Páll Eggert, „væri að greina heimildir, enda þarflaust að gera hér skrá um þær, er notaðar hafa verið, með því að greinilega eru táknaðar

1 Matthías Johannessen, *Ólafur Thors* II, bls. 371.

2 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* V, bls. 425-426.

jafnóðum neðanmáls, en þar að auki eru allar þær dyngjur handrita og skjala og annarra rita, sem höfundur hefir kannað, til þess að viðað sér efni, og gagnslaugar hafa orðið að því leyti.“¹

Vísindaleg vinnubrögð – Í seinni tíð hafa fræðimenn lagst í miklar pælingar um viðfangsefni sín, svo miklar að sumum verkunum hafa fylgt langar fræðilegar greinargerðir. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, mannfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, gerir grein fyrir aðferðafræðilegri nálgun sem lá að baki ævisögu þeirri sem hún ritaði um Björgu C. Þorláksson. Í fyrsta lagi kemur fram að verkið hafi verið í smíðum í mörg ár og að mun fleiri hafi komið nálægt vinnslu þess en títt er um hefðbundnar ævisögur. Ævisaga Bjargar var nefnilega studd rannsóknum fjölda fræðafólks sem sökkta sér niður í hið víðfeðma fræðasvið aðalpersónunnar.² Af þessari vinnu nýtur Sigríður Dúna svo sannarlega góðs. Ævisagan er því í raun strangvísindalegt rannsóknarverkefni sem er byggt upp eins og hver önnur vísindarannsókn án þess þó að höfundur falli í þá gryfju að sökkva sér í sértæk vandamál fræðigreinar sinnar. Þvert á móti er bókin afar læsileg og beinlínis skemmtileg. Um fræðilega nálgun sína hefur Sigríður Dúna þetta að segja: „Ég hef notað ýmsa fræðilega vegvísa til að greina ævi Bjargar. Helsta vil ég nefna vegvísi kynjafræðilegrar ævisöguritunar og vegvísi mannfræðilegrar umfjöllunar um áhrif höfunda á fræðilega umfjöllun sína.“³ Sigríður Dúna skýrir síðan hvað við er átt í þessu sambandi og bendir meðal annars á að „[s]aga einnar konu fær við það tilvísun í sögu fleiri kvenna því hinn kynbundni veruleiki er konum sameiginlegur.“ Sigríður Dúna leitar af þessum sökum að fyrirmynd Bjargar, hvernig einkalíf og opinbert líf skarast og skoðar samband kynferðis og þessara sviða. „Á þessum grunni er líf persónunnar frá vöggu til grafar skoðað“, segir Sigríður Dúna „eins og ferli þar sem hver kafli mótir þann sem á eftir kemur og þeirri sýn fylgir greining mín.“⁴

Sigríður Dúna skýrir einnig þátttökuaðferð mannfræðinnar og heimfærir hana upp á verkefni sitt. Þar verður hún sjálf viðfang sem kona, fræðimaður, fyrrverandi stjórnmalakona, eiginkona og móðir, svo nokkuð sé nefnt. „Ég skoða ævi Bjargar sem vettvang þar sem margar raddir hljóma. Sumar raddirnar eru mun persónulegri og einlægari en mannfræðingur getur átt

1 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson V*, bls. 424.

2 Sjá síðara bindi þessa mikla verks: *Ejörg: Verk Bjargar C. Þorláksson*. Ritstjóri Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (Reykjavík, 2002). Höfundar að þessari bók eru fimm auk ritstjóra.

3 Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Ejörg*, bls. 338-339.

4 Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Ejörg*, bls. 339.

von á að heyra á vettvangi. Þær er að finna í einkabréfum sem ekki voru ætluð öðrum en viðtakandanum og tengsl rannsakandans við viðfangsefnið verður því enn nánara en ella.“¹ Höfundur gerir síðan grein fyrir hinum margradda kór sem hún stjórnaði við vinnslu verksins og þar kenndi ýmissa grasa eins og gengur við gerð ævisagna. Hér leggur Sigríður lesendum sínum í hendur ákveðnar upplýsingar sem eru líklegar til að skýra hvernig verkið varð til og um leið auðveldar hún lesturinn. Hér er því allt til fyrirmyndar.

Jón Viðar Jónsson leikhúsfræðingur ritaði doktorsritgerð sína um fyrstu leikkonu Íslands, Stefaníu Guðmundsdóttur. Hann beitir þeirri aðferð að lesa bæði leikritin sem Stefanía lék í og leikdóma, auk umsagna annarra um hana sem persónu. Allt var þetta gert til þess að meta hæfileika hennar og framlag til leikhússins. Jón gerir Stefaníu þannig að viðfangi sem er ákjósanlegt til að varpa ljósi á leikhúsheiminn allan. Með þessu móti verður verk Jóns margfalt yfirgripsmeira en hefðbundin ævisaga.² Eftir að hafa varið doktorsritgerð sína komst Jón Viðar í mikið bréfasafn sem afkomendur og vinir Stefaníu varðveittu. Þá ritaði Jón Viðar eiginlega ævisögu Stefaníu og nýtti sér þar rannsóknarvinnuna úr doktorsritgerð sinni.³ Jóni tekst með þessari samþættingu strangvísindalegrar rannsóknar og úrvinnslu úr umfangsmiklu safni persónulegra heimilda að skapa mjög áhugavert rit um Stefaníu, leikhúsheim þess tíma og bregða ljósi á samtíð hennar. Í eftirmála síðari bókarinnar lætur Jón Viðar þessi orð falla um ævisöguritun:

Að undanfögnu hefur mátt heyra raddir um, að tilfinnanlegur skortur sé á fræðilegum og gagnrýnum ævisögum eða ævilýsingum íslenskra merkismanna, ekki síst listamanna. Þar blasir við hver eyðan annarri stærri, svo að óþarft er að hafa mörg orð um. Ýmsar ævisögur eru sönnu til, en flestar komnar til ára sinna; sumar geta varla talist annað en drög.⁴

Jón Viðar telur að ein skýringin á stöðu ævisagna hér á landi sé sú að fræðimenn hafi ekki haft mikinn áhuga á persónusögu almennt og má það til sanns vegar færa. Félagssagnfræðingar hafa nefnilega lengst af beint sjónum sínum að öðrum efnum en þeim sem tengdust mikilmönnum eða lífi

1 Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Ejörg*, bls. 340.

2 Jón Viðar Jónsson, *Geniet och Vägvisaren. Om den isländska skådespelerskan Stefania Guðmundsdóttir (1876-1926) och författaren och regissören Einar H. Kvaran (1859-1938)* (Stokkhólmur, 1996).

3 Jón Viðar Jónsson, *Leyndarmál frú Stefaníu. Stefania Guðmundsdóttir leikkona, samtíð og samferðamenn* (Reykjavík, 1997).

4 Jón Viðar Jónsson, *Leyndarmál frú Stefaníu*, bls. 435.

annarra einstaklinga. En Jón Viðar er ekki alveg viss um að það séu einu skýringarnar:

Sannleikurinn er sá, að rannsókniir á ævi og verkum yfirburðafólks, sem afkastar miklu á langri ævi, tekur virkan þátt í samtíð sinni og á margvísleg samskipti við fjölda samferðamanna, eru óhemju tímafrekar. Munu fáir gera sér fulla grein fyrir því aðrir en þeir, sem í hafa komist. Til marks um það má m.a. hafa, að rit það, sem lesandinn heldur nú í hendi sér, hefur verið sjö ár í undirbúningi, sé öll rannsóknarvinna að baki þess talin með. Á þessu verða bókaútgefendur og aðrir styrktaraðilar rannsókna og útgáfu að átta sig, eigi íslensk ævisagnaritun að rétta úr kútnum.¹

Jón Viðar kemur þessari hugsun á framfæri í lok tuttugustu aldar og það verður að teljast merkilegt að höfundur hafi talið sig þurfa að láta slík orð falla eftir nær aldarlanga þróun íslensks bókamarkaðar og þar sem gríðarlegur áhugi er á persónusögu meðal almennings. En óhætt er að taka undir orð Jóns Viðars og ekki er ólíklegt að hér sé skýringin fundin á því hvernig ævisagan þróaðist lengst af á tuttugustu öld. Í mörgum tilfellum er nefnilega frekar um að ræða heimildarit um ævi og störf valinkunnra einstaklinga en vísindalegar ævisögur þar sem höfundur glímir við persónueinkenni söguhetjunnar.

Á níunda áratug tuttugustu aldar ritaði Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur bók sem vakti mikla athygli og nefndist *Snorri á Húsafelli*.² Þórunn lýsti vinnslu verksins í grein í *Tímariti Máls og menningar* og segja má að hún hafi beitt hinni svonefndu „innlifunarkenningu“ breska sagnfræðingsins R.G. Collingwoods við vinnslu verksins.³ Sjálf lítur Þórunn svo á að hún hafi fengið kúrsinn úr annari átt: „Aðferðin er skyld aðferð franska skólans sem nefndur hefur verið skóli annalista. [...] Sagnfræðin sem kennd er við franska annalista hefur aftur á móti allt mannlífið í fókus.“⁴ Aðferð Þórunnar felst í því að kynna sér sem allra mest tímabilið sem sagan gerist á og lifa sig síðan inn í aðstæður og hugsun aðalpersónunnar. Þórunn lýsir vinnulagi sínu í einum af upphafsköflum bókarinnar þannig að unnið hafi verið „samkvæmt eiðstaf sagnfræðinga, molar úr heimildum eru greindir og tengdir saman og til þeirra vísað.“⁵ Hún heldur því fram að ef ekki væri vísað í heimildir, þá væri verkið „fræðilega botnlaust“ og bætir síðan við:

1 Jón Viðar Jónsson, *Leyndarmál frá Stefaniu*, bls. 435-436.

2 Þórunn Valdimarsdóttir, *Snorri á Húsafelli. Saga frá 18. öld* (Reykjavík, 1989).

3 R.G. Collingwood, *The Idea of History* (London, 1946).

4 Þórunn Valdimarsdóttir, „Hugleiðingar um aðferðafræði, sprottnar af ritun ævisögu Snorra á Húsafelli.“ *Tímarit Máls og menningar* 50:4 (1989), bls. 460.

5 Þórunn Valdimarsdóttir, *Snorri á Húsafelli*, bls. 13.

„En til þess að ná víðari lesendahópi en sagnfræðinga hef ég reynt að setja heimildamolana þannig saman að fleiri nenni að lesa. Til að létta textann beiti ég á stöku stað innlifun og sé fyrir mér myndir, spinn ekki atburði heldur reyni að festa innri augu eins og myndavél á því sem heimildir gefa í skyn.“¹

Þórunn er að öðru leyti ekki mjög margorð um hvernig hún ber sig að við ritun verksins í greininni í *Timariti Máls og menningar*. Þó koma fram í máli hennar áhugaverðar skoðanir á því hvernig beri að vinna sagnfræðiverk:

Ég skrifa lýsandi sagnfræði. Reyni að lýsa heimi sem er týndur. Þefa uppi heimildir sem gefa mynd og tilfinningu fyrir horfnum tíma. Andstæðan við slíka lýsandi sagnfræði er greinandi sagnfræði. Slík aðferð á best við í samtímasögu, þegar menn greina raunveruleika sem allir skynja og er þekkt stærð. Vafasamara er að beita greiningu við ritun sögu fyrri alda því þar vöðum við í svo mikilli þöku. Ég reyni með lýsingunni að gefa almenna mynd af raunveruleika átjándu aldar frekar en rannsaka einn sérfræðilegan þátt þeirrar sögu.²

Þórunn gefur í skyn að úr ýmsu sé að móða í heimildasjóðnum þegar átjándi öldin er til umfjöllunar: „Og eftir að hafa stundað þessa iðju fast og lengi verður til í huga manns mynd af landinu handan við heimildirnar. Og sjá: Sá sem leggur í reisu til fyrirheitna landsins og opnar heimildapúfur lítur upp og þykist skynja þá tíð er átjándi öldin lá hér í landi, hvernig mark hún setti áður en hún hvarf eins og lög gera ráð fyrir út í buskann.“³ Hún bendir á að „[þ]að eina sem ekki má er að ljúga, að segja eitthvað sem ekki er heimild fyrir.“⁴ Og þar stóð hnífurinn í kúnni.

Már Jónsson sagnfræðingur gagnrýndi Þórunni fyrir að ganga of langt í „innlifuninni“, að hafa sagt skilið við sagnfræðina og gengið skáldskapnum á hönd.⁵ Gagnrýni Mús var skiljanleg og fyrirséð þar sem verkið er óvenjulegt og braut í vissum skilning blað í ritun sagnfræðiriti hér á landi. Í það minnsta hefði komið nokkuð á óvart ef ekki hefði verið rætt um aðferð Þórunnar á gagnrýninn hátt, rétt eins og Már gerði með því að kafa í grundvallarforsendur ritsins. Það sem kemur á óvart í gagnrýni Mús eru ásanir hans um að Þórunn láti sér nægja „fremur venjuleg sagnfræðileg vinnu-

1 Þórunn Valdimarsdóttir, *Snorri á Húsafelli*, bls. 13.

2 Þórunn Valdimarsdóttir, „Hugleiðingar um aðferðafræði“, bls. 460.

3 Þórunn Valdimarsdóttir, „Hugleiðingar um aðferðafræði“, bls. 461.

4 Þórunn Valdimarsdóttir, „Hugleiðingar um aðferðafræði“, bls. 462.

5 Már Jónsson, „Spuni og saga.“ *Timarit Máls og menningar* 51:3 (1990), bls. 103.

brögð, en notar hugmyndaflugið til skáldskapar.“¹ Már varpar fram knýjandi spurningum sem tengjast sambandi sagnfræðingsins við fortíðina. „Er fortíðin til í raun og veru“, spyr Már, „eða er hún sköpunarverk sagnfræðinga sem taka hana að sér?“² Mér sýnist Már gera því skóna að Þórunn hafi afgreitt fortíðina sem glataða og að til hennar sé ekki hægt að ná nema hugsanlega með því að setja sig í spor þeirra sem skópu söguna; að lifa sig inn í aðstæður þeirra með tilteknum hætti. Már virðist á hinn bóginn setja sig í þær fræðilegu stellingar að fortíðina sé hægt að nálgast í gegnum heimildirnar, að þær vísi veginn og eftir þeim vegvísi eigi fræðimenn að fara. Mér sýnist aftur á móti að hugmyndir þeirra Márs og Þórunnar um fortíðina séu í raun sláandi líkar. Bæði telja þau að hægt sé að nálgast hana, að hún sé í raun og veru til, og ákveðnum aðferðum verði að beita til þess að hægt sé að ná til hennar. Ágreiningur þeirra er hins vegar um leiðirnar að þessu marki en grunnhugsunin er sú sama, nefnilega að fortíðin sé þarna og hana sé hægt að galdra fram ef rétt er að farið.

Ég er þeirrar skoðunar að „innlifunarkenning“ Collingwoods gangi engan veginn upp. Ekki er hægt að leggja það á nokkurn mann að setja sig í spor annars einstaklings, hvorki í samtímanum né frá öðru tímabili. „Þýðing-artengslin“ milli menningarsvæða, tímabila og fólks úr fortíðinni eru svo flókin að það er óhugsandi að halda því fram að unnt sé að ná tökum á hugmyndum löngu genginna manna.³ Af sömu ástæðu er útilokað að ætla sér að endurgera veruleikann, að kalla fram löngu liðna tíð, eins og svo marga sagnfræðinga dreymir um að gera.⁴ Innlifunarkenningin er útfærsla þeirrar löngunar, tilraun til að kalla fortíðina fram eins og hún var, og tilbrigði við þá hugmynd að mannskepnan hafi alltaf verið sömu eðlislægum eiginleikum búin – að allir séu eins inn við beinið.

Þórunn Valdimarsdóttir lýsir því yfir að „[s]iðlaust er að skrifa ævisögu manns sem horfinn er af vettvangi og getur hvorki leiðrétt né ritskoðað það sem um hann er skrifað.“⁵ Þessa athyglisverðu yfirlýsingu rökstyður Þórunn ekki frekar. Hér er þó trúlega vísað til ábyrgðar þeirra höfunda sem rita um ævi annarra, nokkuð sem mér hefur orðið tíðrætt um í þessum kafla. Mér sýnist að höfundar eins og Þórunn og Steinunn Jóhannesdóttir, svo

1 Már Jónsson, „Spuni og saga“, bls. 103.

2 Már Jónsson, „Spuni og saga“, bls. 103.

3 Sjá grein mína „Einvæðing sögunnar.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvík 5 (Reykjavík, 2000), bls. 116. Sjá einnig góða umfjöllun um þetta atriði hjá breska sagnfræðingnum Keith Jenkins, *Re-thinking History* (London, 1991), bls. 39–47.

4 Ég ræði um hugmyndina um fortíðina í ýmsum verkum, meðal annars í grein minni „Að kasta ellibelgnum“, bls. 144–159.

5 Þórunn Valdimarsdóttir, *Snorri á Húsafelli*, bls. 13–14.

nokkrir séu nefndir, axli þá ábyrgð af einurð og festu. Steinunn vinnur á líkum nótum og Þórunn, þó svo hún staðsetji sína bók meðal skáldsagna. Undir titill hennar er „skáldsaga byggð á heimildum“ og rétt eins og Þórunn leikur Steinunn sér á mörkum sagnfræði og skáldskapar.¹ Hin óljósu mörk milli skáldskapar og sagnfræði eru einmitt eitt af því sem gerir þessar bækur að spennandi viðfangsefnum. Steinunn gerir til dæmis í eftirmála grein fyrir „upplifun“ sinni af efninu, Guðríði, umhverfi því sem hún tengdist bæði hér á landi og við Miðjarðarhafið og glímu sinni við samtímann og fortíðina. Þessi eftirmáli bókar Steinunnar er einkar áhugaverður og gefur lesandanum góða tilfinningu fyrir hvers konar glímu Steinunn háði við viðfangsefnið. Það er ekki oft sem höfundar hafa það þor að skýra lesendum frá vanmætti sínum gagnvart viðfangsefninu, götunum í þekkingu sinni og hvernig fortíðin ber þá ofurliði. Miklu oftast finnur maður fyrir hinum alvitra og skarpskyggna höfundi sem veit allt sem vita þarf; hann einn getur leitt lesandann í allan sannleika um efnið. Þannig birtist, að mér virðist, niðurstaða þeirra sem byggja á „innlifuninni“; samfelld frásögn þess sem allt veit og allt skilur vegna þess að hann eða hún býr yfir þeim hæfileika að lifa sig inn í löngu liðna atburði. Fyrir bragðið verða eyðurnar í þekkingu okkar fáar og í það minnsta auðfylltar með hugvitsamlegum lýsingum. Í þessum tilfellum verður lesandinn eins og leikskólabarn sem hlýðir á fósturuna segja sögu sem hún ein kann og skilur. Steinunn fer aðra leið, hún leyfir lesandanum óhikað að taka þátt í þessu púsluspili sem hún setur saman og nær þess vegna að margfalda áhrifin af lestri bókarinnar.

Í þessum tveimur síðasttöldu ævisögum stökkva höfundarnir á milli heimilda sem til eru um einstaklinginn sem er til umræðu og tímabilið þegar þeir lifðu og sinna eigin hugmynda um efnið. Hvort sem við tölum um „innlifun“ eða skáldskap tengist þetta sígildu umræðuefni sagnfræðinga um þau skil sem eru á milli skáldskapar og sögu.

Þórunn Valdimarsdóttir fékk nokkur viðbrögð við aðferðinni sem hún beitti við ritun bókarinnar um Snorra á Húsafelli. Almennt var talið að framsetning Þórunnar væri djörf og að hún tæki ákveðna áhættu með aðferðinni, ögraði þeim sagnfræðingum sem legðu áherslu á að greina mjög skýrt á milli sagnfræði og skáldskapar.² Már Jónsson ræddi til dæmis sérstaklega skáldlega tilburði Þórunnar:

1 Steinunn Jóhannesdóttir, *Reisubók Guðríðar Símonardóttur*.

2 Brynhildur Ingvarsdóttir ritaði um viðbrögð sagnfræðinga við verki Þórunnar. Sjálf tók hún mjög upp hanskan fyrir Þórunni og verk hennar. Brynhildur taldi það bera með sér ferska vinda inn í íslenska sagnfræði og má það til sanns vegar færa. Sjá: Brynhildur Ingvarsdóttir, „Hvað er á seyði í sagnfræðinni?“, bls. 104–143.

Setningar sem geta sagt mikið í skáldskap verða hjákátlegar í sagnfræði: „Undiralda er í vitundinni og gangan slær ólgunni takt.“ (40) Í sagnfræðiriti kemur ekki til greina að svona setning varpi ljósi á nokkurn hlut vegna þess að hún er helber uppsuni. Höfundur veit ekki hætishót um þetta og lesandi getur ekki treyst orðum hans.¹

Þessi umræða átti sér stað í lok níunda áratugarins en tæpum tíu árum síðar ritar Guðjón Friðriksson ævisögu Einars Benediktssonar og fetar að nokkru leyti í fótspor Þórunnar. Hann hikaði ekki við að sviðsetja og búa til aðstæður sem honum finnst hæfa efniinu í þeim tilgangi að gera bókina læsilega. Áberandi var að bók Guðjóns fékk skínandi viðtökur meðal sagnfræðinga og fáir létu í ljós óánægju með þetta vinnulag hans. Leiða má að því líkur að viðhorfið í fræðaheiminum, bæði hér á landi og erlendis, hafi einfaldlega tekið miklum stakkaskiptum. Umræðan um sannfræði sagnfræðiriti hefur breyst þannig að margir eru nú þeirrar skoðunar að ekki sé til nein einföld leið að sannleikanum. Guðjón segir svo frá í eftirmála fyrsta bindis ævisögunnar um Einar Benediktsson: „Aðferð mín við ritun sögunnar er að sviðsetja atburði meira en ég hef gert í fyrri verkum mínum. Sú sviðsetning er þó gerð samkvæmt bestu heimildum og hvergi gengið í berhögg við þær. Vonast ég til að bókin verði fyrir vikið læsilegri en ella.“² Leiðinni sem Guðjón velur er fyrst og fremst ætlað að létta undir með lesendum. Þórunn Valdimarsdóttir beitir henni á svipaðan hátt en einnig sem aðferð við greiningu; hún setur sig í spor aðalpersónunnar og ímyndar sér hvernig hún tók á sínum málum, og það er hugmyndafræðileg leið sem Þórunn velur. Á þessu hygg ég að sé nokkur munur.

Í áðurnefndum eftirmála gerir Guðjón grein fyrir heimildunum sem hann studdist við og hvar hann hafi leitað eftir efni innanlands og utan. Guðjón hélt einnig upplýsandi fyrirlestur hjá Sögufélagi um rannsóknarvinnu sína í tengslum við útgáfu bókanna þar sem fram kom hvernig hann nálgadist viðfangsefnið og hvaða heimildir komu að mestum notum.³ Öll slík umræða er til fyrirmyndar og í sjálfu sér nauðsynleg til þess að lesandinn geti gert sér grein fyrir hvers konar verk hann er með í höndunum. Óhætt er að hvetja ævisöguritara framtíðarinnar til að gera eins skýra grein fyrir vinnulagi sínu og heimildum og kostur er, og draga þar helst ekkert undan. Ég tel að áhrifaríkasta leiðin sé sú sem gefur höfundi kost á að eiga samræður við lesandann um stöðu þekkingarinnar – magn og eðli heimilda

1 Mór Jónsson, „Spuni og saga“, bls. 105-106.

2 Guðjón Friðriksson, *Einar Benediktsson I*, bls. 390.

3 Guðjón Friðriksson, „Sagnfræði og ævisögur.“ Fyrirlestur haldinn í Sögufélagi 16. desember 1999 (E).

og hika ekki við að skýra frá því þegar heimildir skortir, yfirsýn vantar og þræðir eru trosnaðir. Það er almennum lesendum mikilvægt að skilja hvernig verkið varð til, hvers konar verk þeir eru með í höndunum; án slíkrar vitneskju er ekki hægt að staðsetja það í þekkingarbúri hugans.¹ Mér hefur því miður virst sem margir höfundar séu beinlínis hræddir við að viðurkenna eyðurnar í verkum sínum, að láta uppiskátt að þeir hafi ekki aðgang að ákveðnum þáttum í lífi aðalpersónunnar. Þess vegna er gripið til þess ráðs að gera allt til að halda samfelldri frásögn. Annar hópur höfunda hefur jafnvel gengið svo langt að halda því fram að með því að vísa í fyrri rannsóknir annarra fræðimanna verði verkið óaðgengilegt, slíkt þyngi textann og hægi atburðarásina. Hvorutveggja vísa ég á bug og hvet ævisöguritara framtíðarinnar á ný til að segja sögu rannsóknarinnar, skýra frá störfum sínum og setja sig í spor leynilögreglumannsins sem tekst á við gátuna sem fylgir viðfangsefninu, þess sem þefar uppi einstök smáatriði í textanum – rétt eins og um spennandi reyfara sé að ræða.²

Eins og sjá má af þessari upptalningu áhugaverðra ævisagana hafa höfundar þeirra farið ólíkar leiðir. Undirstrika verður að hér er tæpt á nokkrum ólíkum gerðum ævisagna, rétt til að sýna hversu fjölbreytt vinnubrögð höfunda eru og hversu misvel hefur verið á málum haldið.

Einstaklingar og saga þeirra heilla annað fólk, þeir draga til sín athyglina og okkur finnst sjálfsagt að reyna að skilja skoðanir þeirra og hugsanir. Ef til vill tengist þessi viðleitni löngun mannsins til að skilja sjálfan sig, fólkið í samfélaginu og samtímann. Tengslin milli ævisagna og sjálfsævisagna eru af þessum sökum mikil og rétt eins og haldið var fram fyrir í kaflanum liggur sama hugsun að baki hvorutveggja – að sýna hvernig sjálfið hefur orðið til.

Erlend ævisagnagerð – Hér á landi hefur lítið verið hugað að rannsóknum á ævisagnahefðinni og hvernig hún hefur þróast. Því er erfitt að segja mikið til um stöðu ævisögunnar nú fyrir en nákvæmar rannsóknir liggja fyrir um uppbyggingu ævisagna, efnistöð og leiðir.

Erlendis er þessu öðruvísi farið enda hefur ævisagan sem bókmenntaform notið gríðarlegra vinsælda meðal almennra lesenda. Athygli fræðimanna hefur beinst að því umhverfi sem ævisagan hefur orðið til í og

1 Mér hefur virst að þess misskilnings gæti hjá mörgum höfundum ævisagna á síðari árum að nauðsynlegt sé að breiða yfir eyðurnar í þekkingu á viðfangsefninu. Slík vinnubrögð geta haft skaðvænleg áhrif á ævisögugerðina og dregið úr mætti frásagnarinnar.

2 Þetta er í raun sú leið sem Carlo Ginzburg og margir einsögufræðingar hafa farið. Mörg þeirra hafa einmitt notið einmuna lýðhylli samanber verk Ginzburgs, *The Cheese and the Worms*.

hvernig hún hefur breyst að innri byggingu og efnistöðum frá einum tíma til annars. Þar hefur verið hugað að því hvernig fræðiumræða samtímans hefur tekið á viðfangsefninu, hvaða gerðir ævisagna hafa helst náð athygli lesenda og tengslum formsins við ritunartímann og þjóðarsöguna. Allt eru þetta viðamikil rannsóknarsvið sem leitt hafa í ljós áhugaverðar niðurstöður. Ég ætla að fara nokkrum orðum um umfangsmikla rannsókn bandaríska sagnfræðingsins Scotts E. Caspers sem nefnist *Constructing American Lives* en þar er ævisagan á nítjándu öld fyrst og fremst tekin til umfjöllunar ásamt þeim breytingum sem hún gekk í gegnum á þeirri tuttugustu.¹ Fram kemur í máli Caspers að verk sem voru unnin á þessum tveimur öldum séu með nokkuð ólíku sniði vegna þess að miklar breytingar urðu á ævisagnaritun í upphafi tuttugustu aldar. Þá sýnir hann að hin svonefnda „sálfræðilega ævisaga“ sem byggðist mjög á nýjum hugmyndum sálarfræðinnar og ekki síst manna á borð við Sigmund Freud, hafi tekið við. Þau vísindi voru á bernskuskeiði í lok nítjándu aldar en áhrifa þeirra tók strax að gæta í framhaldinu.

Á tímabili viku helstu einkenni nítjándu aldar ævisagna til hliðar, sérstaklega hið pólitíska og siðferðislega yfirbragð þeirra. En það voru ekki aðeins áhrif frá sálarfræðinni sem breyttu hugmyndum ævisöguritara um viðfangsefnið. Ýmsir sagnfræðingar í upphafi tuttugustu aldar höfðu einmitt komist á þá skoðun að sagan væri ekki eingöngu byggð á framlagi þekktra manna, önnur öfl væru að verki við mótun og þróun þjóðfélaga. Breytingar innan sagnfræðinnar höfðu af þessum sökum áhrif á mótun hugmynda manna um stöðu ævisagna og þá einstaklinga sem teknir voru til umfjöllunar.

Casper bendir á að umfjöllun um ævisögur hafi í seinni tíð verið mjög alþjóðleg. Hann beitir sjálfur hugtakið *transatlantic* sem er í miklum metum hjá fræðimönnum nú um stundir.² Þar er átt við að bandarískir lesendur voru jafn áhugasamir um ævisögur frá Evrópu, sérstaklega frá Bretlandi, eins og frá sínum eigin heimaslóðum. Ævisagan laut að nokkru leyti sama lögmáli og alþjóðatungumálið esperantó; hún átti sér engin landamæri. Hugtakið *transatlantic* dregur fram margræð tengsl ævisögunnar við hópa jafnt innan sem utan reynsluheims aðalpersónunnar. Útgáfusvæðið verður fyrir bragðið margfalt stærra en ætla mætti í fyrstu og hefur skírskotun langt út fyrir mörk hreppa, sýslu eða landa – merking verkanna berst

1 Scott E. Casper, *Constructing American Lives*.

2 Sjá umfjöllun um þetta hugtak í inngangskafli Sigurðar Gylfa Magnússonar, „Sársaukans land.“ Sjá einnig Norman J. Wilson, *History in Crisis? Recent Directions in Historiography* (Upper Saddle River, 1999), bls. 130-132.

jafnvel heimsálfa á milli. Casper heldur því reyndar fram að lengst af á nítjándu öldinni hafi ævisögur verið mjög í sama anda og evrópsku miðaldasögurnar. Áhersla var öll á að þjóna ákveðnum siða- eða samfélagsgildum sem þá voru efst á baugi innan kirkjunnar eða hjá ráðandi öflum. Casper lætur þess getið að breytinga hafi farið að gæta þegar menn áttuðu sig á margræðni ævisögunnar: „Lífi þarf fyrst að lifa og svo þarf að skrifa um það“, hefur hann eftir fræðimanni í lok nítjándu aldar sem var að viðra hin nýju viðhorf, „og svo þarf að lesa um það – þá fyrst nær ævisagan fullum styrk.“¹ Ævisagan um aldamótin 1900 tengdi því viðfangsefnið, höfundinn og lesandann saman á meira afgerandi hátt en formúluskrif nítjándu aldar höfðu gert.

Ofangreindar skoðanir komu fram um svipað leyti og hinn akademíski heimur skiptist upp í smærri einingar en áður, þegar aukin sérhæfing var talin nauðsynleg, og ýmsir höfðu áhyggjur af að yfirsýn yfir viðfangsefni myndi glatast. Talið var að ævisagan gæti öðlaðist meira vægi en áður þar sem hún byggi yfir þeim eiginleikum að beina ljósi rannsókna að öllum athöfnum mannsins og draga fram margvíslega reynslu fólks úr hinu daglega lífi. Tvenns konar sjónarmið tókust því á í lok nítjándu aldar, annars vegar voru mikilmenni hafin upp til skýjanna á rómantískan hátt og hins vegar voru menn tengdir svo rækilega við samfélagið og þróun þess að aðalpersónan sjálf týndist, til hennar spurðist vart. Millileiðin var talin æskilegust. Þá var blandað saman einstaklingnum og þeim persónueinkennum sem hann hafði til að bera og þeim fjölbreyttu áhrifum samfélagsins sem fósturaði hann. Sálfræðilega ævisagan var sú leið sem nútími tuttugustu aldar kallaði eftir, að áliti Caspers, og hann bætir við: „Atburðir, orð og einkalíf þóttu ekki lengur augljósar leiðir til skilnings á persónuleikanum. Í staðinn varð þetta bæði teikn um hið djúpsálarlega og hula yfir einkenni þess. Freudísk sálarfræði hafði djúpstæð áhrif á þessa nýju ævisögu.“² Höfundur bendir á að sálgreinirinn hafi verið hvorttveggja í senn ævisagnaritari og læknir þar sem hann safnaði upplýsingum um aðalpersónuna og greindi þær. Þetta var gert með það í huga að draga fram ástæðurnar sem lágu að baki lífshlaupi viðkomandi. Þessum ævisögum var ætlað að beinast inn á við; þær beindust eingöngu að persónunni sjálfri og aðdráttarafl þeirra var

1 „A life must first be lived, and then it must be written, and then it must be read, before the power of a biography is complete.“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 322.

2 „No longer were actions, words, or even domestic privacies presumed to be transparent windows into character. Instead, they became both clues to and veils over the deeper psyche. Freudian psychology profoundly influenced this new biography [...].“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 324.

fyrst og fremst forvitni lesenda um samsetningu dýpstu hugsana og gerða meðbræðra sinna og -systra.

Nítjándu aldar ævisöguritarar „[...] höfðu lagt áherslu á félagslega og menningarlega stöðu ævisögunnar; vald hennar til að hafa áhrif á siðferðislegt og borgaralegt líf einstaklinga ásamt því að fella líf þeirra inn í þjóðarsöguna“ eins og Casper kemst að orði.¹ Þetta er einmitt á þeim tíma þegar borgarastéttin var að taka miklum breytingum í Evrópu og Bandaríkjunum og nauðsynlegt var talið að temja hið persónulega svið. Það varð að siða almúgann og skýra út fyrir honum hvernig best væri að haga sér til þess að komast í stöðu hinna siðuðu (millistéttarinnar).² Síðar voru þessar áherslur litnar hornauga, það er að ævisöguritarinn væri gerður hluti af stærri heild, þátttakanda og áhrifavaldi í sögu þjóðarinnar eða annarra smærri eininga.

Áhrif hinnar sálfræðilegu ævisögu voru skammvinn. Sagnfræðingar sneru nefnilega baki við henni um síðir, aðallega vegna þess að margir þeirra þóttust komast að því að ævisagan væri einfaldlega ekki gott form til að lýsa samfélögum og vandamálum þeim tengdum. Ævisöguritarar freistuðust því enn á ný til að fylgja auðveldu leiðinni, gömlu formúlunni, og gengu út frá upphafningu í anda helgimynda miðalda af lífi aðalpersónunnar. Hinn „fræðandi“ þáttur þeirra hélt áfram að vera áberandi; endalausir „fróðleiksmolar“ voru kynntir til sögunnar og frásögninni var ætlað að hjálpa lesendunum við að „búa sig til“. „Líf þekktra einstaklinga hélt því áfram að vera börnum til siðferðilegrar og sögulegrar leiðsagnar og að festa í sessi ættjarðarást, þjóðernistilfinningu og kynjahlutverk. Margir fullorðnir nýta ævisöguna til að nálgast söguna.“³ Þannig hélt nítjándu aldar aðferðin við ævisöguritunina velli langt fram eftir tuttugustu öldinni. Á síðustu árum hafa sjónvarpsstöðvar í Bandaríkjunum gert sérstaklega út á ævisögubætti og sumar þeirra hafa einbeitt sér að þess konar efni við gríðarlegar vinsældir meðal almennings en við litla hrifningu fræðaheimsins.

Sjálfsbókmenntir fengu aukið vægi innan akademíunnar undir lok tuttugustu aldar og sérstaklega hjá mannfræðingum, félagsfræðingum og sagnfræðingum sem unnu með munnlegar heimildir en þeir „[...] nota lífssögur

1 „[...] had emphasized biography's social and cultural work: its power to shape individuals' moral and civic lives and to insert individuals' lives into the nation's history.“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 324.

2 Peter N. Sterans, *European Society in Upheaval*. Önnur útgáfa (New York, 1975).

3 „The lives of eminent figures continue to offer children moral and historical lessons and to build their patriotism, ethnic identity, and concepts of gender roles. For many adults, biography is the preferred form of history.“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 325.

sem heimildir í þeim tilgangi að endurgera menningu.“¹ Ævisagan hefur velkst á milli fræðasviða án þess að eiga fastan samastað en hefur þó haft umtalsverð áhrif á stóra hópa lesenda. Ef hugað er örlítið nánar að breytingunum í Bandaríkjunum frá hinni siðferðis- og þjóðfélagslegu ævisögu yfir í hina sálfræðilegu er eftirtektarvert að umskiptin höfðu áhrif á hvernig lesendur mátu sjálfa sig og lásu ævisögur: „Freud og samtímamenn hans og lærisveinar mögnuðu upp áhuga fólks á sínu eigin geðslagi.“² Casper varpar síðan fram þeirri tilgátu að þessi áhugi hafi ef til vill orðið til þess að skapa grundvöll fyrir sjálfsævisögulega þörf „[...] þar sem það að segja sína eigin sögu hefur meðferðarlegt gildi, og að heyra aðra segja sína sögu (ekki aðeins að hlýða á hvernig aðrir urðu til) býður skilning á því hvernig hægt sé að segja sína sögu (ekki aðeins hvernig hægt sé að skapa eigið sjálf).“³

Þessi umfjöllun Scotts E. Caspers er allrar athygli verð og gagnleg til samamburðar á þróun og gerð íslensku ævisögunnar. Ég hygg að greina megí flest einkenni sem finna má í bandarískri ævisagnahefð hjá íslenskum ævisöguriturum. Flæði hugmynda milli meginlanda beggja vegna Atlantshafsins var stöðugt og mótaði mjög afstöðu og hugmyndir fólk í báðum heimsálfum. Þó stóð íslensk nútímaævisöguritun slíkum rittilraunum erlendis að baki þar sem fullburða ævisögur voru fáar til hér á landi. Sú var raunin lengst af tuttugustu öldinni og vinnubrögðin við ævisöguritun voru oftast fálmkennd.

Misjafn sauður – Hér á landi voru ævisögur framan af meira í ætt við helgimyndir en gagnrýna umfjöllun um menn og samfélög. Þær voru ævisögur með siðferðislegum undirtóni sem var ætlað að treysta stöðu þjóðríkisins. Mest hefur þó borið á ævisögum sem eru sambland af upphafningu viðfangsefnisins og tilraun til að segja skemmtilega sögu, að gömlum og góðum íslenskum sið. Ævisöguritun hér á landi tók þó nokkrum breytingum undir lok tuttugustu aldarinnar. Hin sálfræðilega eða hugmyndafræðilega ævisaga varð fyrirmynd margra höfunda. Nýjustu afurðirnar á þessu sviði eru einkar athyglisverðar. Upp úr stendur ævisaga Stephans G. Stephans-

1 [...] use life stories as data in the reconstruction of cultures.“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 326.

2 „Freud and his contemporaries and disciples intensified people’s interest in their own psychological selves.“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 326.

3 „[...] one in which telling one’s own story becomes a form of therapy, and in which hearing the self-told stories of others (not just hearing the stories of self-made others) offers examples in how to tell one’s own story (not just how to make one’s own self).“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 326.

sonar sem Viðar Hreinsson ritaði í tveimur bindum en þar nær hann að kafa ofan í hugmyndafræðilegar forsendur fyrir tilveru skáldsins og opinberar um leið óvenjulega afstöðu hans til lífsins. Verkið er afar vandað og fáar ævisögur hérlandis standast samanburð við það. Nokkur atriði skipta þar sköpum: Viðari tekst að tengja verk Stephans og daglega framgöngu við framsæknar hugmyndir bandarísku heimspekinganna Ralphs Waldo Emersons og Henry Davids Thoreau svo ekki sé minnst á skáldið Walt Whitman og verk hans *Söngurinn um sjá, fan mig*, en sú sýn varpar nýju ljósi á tilurð alþýðumennningarinnar hér á landi og í Vesturheimi.¹ Íslensk alþýðumenn-ing var sá grunnur sem Stephan G. byggði lífsskilning sinn á. Í nýju umhverfi á framandi slóðum fékk þessi þáttur í lífi hans allt aðra merkingu og vægi. Viðari tekst að varpa ljósi á þetta mótandi ferli og sýnir um leið svo ekki verður um villst að hugtakið *transatlantic* getur haft mjög góð áhrif á rannsókn fræðimanns. Ástæðan er að hugtakið krefst þess að hugað sé að tengslum milli ólíkra menningarheima og þau skýrð í samhengi – jafnt innan sama menningarsvæðis og utan. Stephan G. átti í samræðu við sjálfan sig, samferðamenn sína bæði á Íslandi og í Kanada og menningarheima sem byggðust á flókinni menningarfræðilegri sýn á samtíðina. Með því að gangast við þessum tengslum tekst Viðari að lýsa upp atburði, söguleg fyrirbæri og hugmyndir sem væru óskiljanleg nema þau væru mæld á vogarskálum landanna þriggja: Íslands, Kanada og Bandaríkjanna.

Þótt margar frábærar ævisögur hafi komið út hér á landi í seinni tíð sem byggjast á umfangsmiklum rannsóknum á persónulegum heimildum og öllu umhverfi ævisögunnar hafa margir höfundar fetað aðra slóð. Þeir hafa margir kosið að stytta sér leið og skrifað ævisögur sem eingöngu eru byggðar á prentuðum heimildum. Oftast hafa slík verk bætt litlu við þá mynd sem þekkt var af aðalpersónunni. Hér má nefna forsetabækur Gylfa Gröndals rithöfundar en hann kaus til dæmis við ritun ævisögu Sveins Björnssonar forseta að sniðganga umfangsmikið persónulegt bréfasafn sem var lengstum í forum ættingja hans.² Hætt er við að slík vinnubrögð bæti ekki miklu við þekkingu á fyrsta forseta lýðveldisins enda hafði Sveinn sjálfur ritað sjálfsævisögu. Gylfi skilgreinir verk sitt í eftirmála að bókinni um Svein á eftirfarandi hátt: „Ég hef löngum verið smeykur við afdráttar-

1 Walt Whitman, *Söngurinn um sjá, fan mig*. Önnur útgáfa. Sigurður A. Magnússon þýddi og ritaði formála (Reykjavík, 2002).

2 Viðtal við Svein Davíðsson í októbermánuði 1998 (*V*). Sveinn benti á að í kjallara æskuheimilis síns hafi gögn afa síns verið geymd áratugum saman. Eftir samtal okkar var gengið í að koma þessum gögnum Sveins forseta á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til varðveislu og þar er þau nú að finna.

lausar skilgreiningar á tegund bóka. *Ævisaga* er stórt orð, þótt ég hafi notað það um forsetabækurnar; samantekt væri ef til vill réttasta orðið, en telst víst of mikil högværð nú á dögum.“¹ Þar hitti Gylfi naglann á höfuðið, bókin er ekki ævisaga í þeirri merkingu sem hér hefur verið lögð í orðið heldur samantekt sem unnin er upp úr útgefinni sjálfsævisögu aðalpersónunnar og prentuðum blaðafrásögnum. Spyryja má hvaða tilgangi slík skrif þjóni, sérstaklega þegar þeim er gefið heitið ævisaga eins og í undirtitli þessarar bókar. Til greina kemur að metnaðarleysi útgefanda ráði hér ferðinni, hin skiljanlega löngun til að koma efni á framfæri með sem minnstum tilkostnaði, eða áhugaleysi höfundar að takast á við viðfangsefnið. Slíkt er að sjálfsögðu á kostnað gæða og vandaðra vinnubragða og leynir sér ekki þegar slík verk eru metin.

Nýjasta afurð óvandaðra vinnubragða á sviði ævisagnaritunar er bókin *Halldór* eftir Hannes Hólmstein Gissurarson.² Verkið var afhjúpað rétt fyrir júlín 2003 af Páli Björnssyni sagnfræðingi og bókmenntafræðingnum Helgu Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, Páli Baldvin Baldvinssyni leikhúsfræðingi og Gauta Kristmannssyni, adjunkt í þýðingarfræðum við Háskóla Íslands, í gagnrýni í hljóðvarpi, sjónvarpi og í blöðum. Þau bentu á að bókin væri samsuða úr verkum annarra; Halldórs Kiljans Laxness sjálfs og fræðimanna sem unnið hafa að rannsóknum á verkum skáldsins.³ Helga Kress kemst svo að orði um verk Hannesar Hólmsteins: „Uppistaðan í bók Hannesar eru grundvallarrit Peters Hallbergs um ævi og störf Halldórs Laxness. Þetta er þó ekki svo að skilja að hann vinni

1 Gylfi Gröndal, *Sveinn Eyjörnsson. Ævisaga* (Reykjavík, 1994), bls. 349. Það skal tekið fram að Gylfi nefnir í þessum eftirmála að hann hafi stuðst við frumheimildir við gerð bókanna um Kristján Eldjárn og Ásgeir Ásgeirsson.

2 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Halldór 1902-1932*.

3 Páll Björnsson flutti gagnrýni sína í Kastljósþætti Ríkissjónvarpsins 18. desember 2003 og sagði þar meðal annars: „Verkið hefur nokkra augljósa galla. Brugðið er upp myndum af þeim fjölmörgu stöðum sem skáldið dvaldist á, og í stuttu máli sagt þá er lýsing þeirra staða sem ég þekki best heldur ónákvæm og á köflum röng. Þá eru sumar tilvísanir í heimildir í ruglingi. Þá finnur maður dæmi um rangar þýðingar og ósamkvæmni í þýðingum í manna- og staðarnöfnum. Síðan vantar gæsalappir hér og þar, en þær eru jú notaðar til að afmarka beinar tilvitnanir. Svo mætti einnig nefna hluti sem skipta minna máli, t.d. alltof margar prentvillur og rangar orðaskiptingar.“ Gauti Kristmannsson flutti gagnrýni sína í menningarþættingum Víðsjá á Rás 1 í Ríkisútvarpinu 22. desember 2003. Páll Baldvin flutti sinn pistil sama dag á Stöð tvö. Ofangreindar gagnrýnisraddir voru efnismiklar en í kjölfarið fylgdu umkvartanir vegna bókarinnar af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna að íbúi í Mosfellssveit, Bjarki Bjarnason, ritaði grein í *Morgunblaðið* þar sem hann benti á nokkrar villur hjá Hannesi Hólmsteini sem tendust staðarnöfnum í sveitinni, eins og að Varmá sem rennur þvert í gegnum Mosfellsbæ sé ekki að finna uppi á Kjalarnesi líkt því sem segir í bók Hannesar! Sjá Bjarki Bjarnason, „Hannes og Halldór.“ *Morgunblaðið* 30. desember 2003.

úr þeim og taki til þeirra afstöðu, heldur fellir hann úr þeim orðréttu kafla í sitt rit. Þetta einkennir bók hans frá upphafi til enda, og er hreint ótrúlegt að lesa.¹ Þessi áfellisdomur Helgu var í fyrstu rökstuddur með nokkrum völdum dæmum en síðar, í byrjun aprílmánaðar, lauk hún við tvö hundruð og tuttugu blaðsíðna skýrslu sem hafði að geyma yfirgripsmikla samantekt á vinnubrögðum Hannesar Hólmsteins sem byggðust á því að Hannes gerði texta annarra að sínum og birti í bókinni *Halldór*.² Þessi skýrsla var nokkurs konar gagnagrunnur fyrir rannsóknir Helgu á verki Hannesar Hólmsteins og hún var undirstaða undir greiningu hennar á vinnulagi Hannesar og hugmyndafræðinni sem lá að baki ævisögunni um Halldór Kiljan. Niðurstöður fyrri hluta þeirra rannsókna birti Helga síðan í vorhefti tímaritsins *Sögu* árið 2004.³ Ljóst er að þetta verk Hannesar Hólmsteins á sér nánast engar hliðstæður í allri sögu sjálfsbókmennta á Íslandi.

Hannes Hólmsteinn gengur í bókinni þvert á allar viðteknar reglur vísindanna.⁴ Mjög margt áhugavert kom í ljós í sambandi við vinnulag hans bæði þegar hann svaraði sjálfur gagnrýnisröddum og í almennri umræðu í þjóðfélaginu um málið.⁵ Eftir stendur sú staðreynd að Hannes eignaði sér í mörgum tilfellum hugverk annarra án þess að geta heimilda, nokkuð sem hlýtur að teljast forkastanleg vinnubrögð. Skiptir þar einu hvort um er að ræða strangvísindalegt verk eða kynningarbækling fyrir fyrirtæki, höfundaréttinn skal ávallt virða. Það er fyrsta reglan sem allir læra í háskóla.

Tæknileg útfærsla verksins er kapituli út af fyrir sig en stóri vandinn við verk Hannesar Hólmsteins er þó sá að hann nýtir sér algjörlega gagnrýnislaust verk bæði Halldórs Kiljans Laxness og ýmissa fræðimanna án þess að leggja nokkurt mat á gildi þeirra. Til að skýra þetta frekar má benda á að

1 Helga Kress, „Fyllt í gap.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 27. desember 2003.

2 Helga Kress, *Skýrsla um meðferð texta og tilvitnana í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness* (Reykjavík, 2004), [www.hi.is/~helga/\(Vef\)](http://www.hi.is/~helga/(Vef)).

3 Helga Kress, „Meðal annarra orða. Um aðferðafræði og vinnubrögð við ritun ævisögu Halldórs Laxness. Fyrri hluti.“ *Saga* 42:1(2004), bls. 187-220. Síðari hluti rannsókna Helgu mun birtast á sama vettvangi haustið 2004.

4 Hér má benda á verk háskólakennaranna Friðriks H. Jónssonar og Sigurðar J. Grétarssonar, *Gagnfræðakver handa háskólanemum*. Þriðja útgáfa (Reykjavík, 2002), en þeir starfa báðir við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Sjá einkum blaðsíðu 32 þar sem rætt er um ritstuld undir fyrirsögninni „Ritstuldur er alvarlegt mál.“ Sjá einnig í sömu bók blaðsíður 76-81 um nauðsyn tilvísana í heimildir. Loks má nefna bók Gunnars Karlssonar, *Baráttan við heimildirnar. Leiðbeiningar um rannsóknartækni og ritgerðavinnu í sagnfræði*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 7 (Reykjavík, 1982) sem kennd hefur verið við sagnfræðiskor Háskóla Íslands til margra ára.

5 Umræðunni verður gerð sérstök skil síðar í bókinni þar sem aðferðum einsögunnar verður beitt til að draga fram helstu einkenni þeirra skoðana sem þar voru viðraðar.

Halldór Kiljan lýsir sýn sinni á fjölmarga þætti mannlífsins í minninga-bókum sínum og þær lýsingar tekur Hannes Hólmsteinn upp án þess að greina þýðingu þeirra og mikilvægi. Peter Hallberg bókmenntafræðingur gerir til dæmis að umtalsefni einstaka þætti í verkum Laxness í merkingum rannsóknum sínum og leggur mat á þá. Jafnvel þegar hann ritar einfalda samantekt á verkum Halldórs, þá er hún höfundarverk Hallbergs sem byggt er á hugsun hans. Höfundur sem tekur texta annars höfundar og smyr honum inn í frásögn sína án þess að auðkenna slíkt missir af gullvægu tækifæri til að eiga innihaldsríkar samræður við lesendur sína um efniviðinn sem hann hefur úr að spila, um atburðarás sem er óþekkt, um einstaka drætti lífsins sem erfitt er að skilja. Með því að þagga niður í röddunum sem hafa orðið í heimildunum, þeim sem gefa frásögninni innihald, er verkið flatt út í einþráða sögu sem skortir dýpt greiningar og samanburðar.¹ Hannes virðist hafa haft furðulega lítinn metnað við vinnslu bókarinnar og vinnubrögðunum er því víða ábótavant.

Nýir tímar – Bókamarkaðurinn hefur verið í mikilli getjun á síðari árum og forleggjarar og höfundar hafa leitað leiða til að koma efni á framfæri hratt og örugglega. Þannig hafa því miður verið gefin út illa unnin endurminningarit, ævisögur og sjálfsævisögur þar sem kjörefni hefur verið sóað. En útgefendur og höfundar hafa einnig notað hugmyndaflugið og beitt sér fyrir nýjungum á þessum markaði. Þótt ekki hafi verið mikið um það hér á landi að ritaðar hafi verið ævisögur um einstaklinga sem eru á lífi og það í óþökk þeirra, þá er það ekki algjörlega óþekkt fyrirbæri.² Slík verk geta þjónað

1 Kristján Jóhann Jónsson ritaði mjög skýran ritdóm um verk Hannesar og kemst að svipaðri niðurstöðu og hér er reifuð. Sjá Kristján Jóhann Jónsson, „Þeir sem geta alt, alt ...“ *Tímarit Máls og menningar* 1 (2004), bls. 117-123.

2 Hér má nefna bók Pálma Jónssonar, *Herra forseti Ólafur Ragnar Grímsson* (Reykjavík, 1996), og einnig bók sem Eiríkur Jónsson ritaði um Davíð Oddsson en hún ber titilinn: *Davíð. Líf og saga* (Reykjavík, 1989). Þessar bækur voru báðar unnar án samþykkis aðalpersónunnar. Bók Eiríks er frekar innihaldsrýr en Pálmi ritar bók sem er mjög í stíl rannsóknarblaðamennsku. Hún er í raun löng fréttaskýring um feril aðalpersónunnar og aðdraganda þess að hann var kosinn forseti. Í formála bókarinnar kemst höfundar svo að orði: „Ekki er reynt að túlka þá atburði sem Ólafur Ragnar hefur tengst eða verið þátttakandi í, né orð hans og gjörðir. Höfundur tekur því ekki afstöðu til umfjöllunarefnisins og túlkar það ekki á neinn hátt“ (bls. 7). Þetta verður reyndar að teljast afar sérkennileg yfirlýsing og er ef til vill byggð á þeim misskilningi sem margir blaðamenn virðast haldnir að hægt sé að rita um efni eins og þetta eða nokkurt annað á hlutlægan hátt. Höfundur gengst þó við því að hann velji efni í bókina! Sömu hugsunar gætti í leiðara *Morgunblaðsins* þegar ritstjórar blaðsins sáu ástæðu til að setja ofan í við framhaldsskólakennara sem hafði mælt dálksentímetra sem fóru í umfjöllun blaðsins um Íraksstríð Breta og Bandaríkjamanna. Hann hafði skipt þeim upp í fréttir sem studdu stríðið og þeim sem andmæltu því. Og leiðarahöfundur segir síðan: „Hverjum einasta blaðamanni, sem hafið hefur störf á ritstjórn Morgunblaðsins í marga

þeim tilgangi að koma af stað umræðu um viðkomandi einstakling eða verið gagnrýnið innlegg í athafnir þeirra og gjörðir. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur ritaði til dæmis bókina *Kári í jötunmód* um hinn umdeilda vísindamann og forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar Kára Stefánsson. Bókin vakti hörð viðbrögð hjá aðalpersóninni sem þóttist ekkert kannast við manninn sem lýst var í bókinni.¹ Kári hafði áður neitað að taka þátt í verkinu en Guðni hafði farið fram á samvinnu hans.² Hélt Guðni því jafnan fram að bókin væri eingöngu byggð á blaðafrásögnum og viðtölum annarra við Kára sjálfan en nóg var af slíku efni. Kári hafði um nokkurt skeið verið nær daglegur gestur í fjölmiðlum og því var hægur leikur fyrir Guðna að vinna bók sína.

Sú leið sem í bókum af þessu tagi er farin kemur trúlega ekki til með að dýpka skilning manna á ævi og störfum þeirra sem teknir eru fyrir en segja má að fjallað sé um þær ímyndir aðalpersónunnar sem birst hafa í fjölmiðlum. Af lestri bókar Guðna má sjá að hann hefur vandað til verksins. Ekki er ólíklegt að hann hafi lagt sig sérstaklega fram vegna þess að hann vissi að hún myndi fá nákvæman yfirlestur Kára Stefánssonar og annarra í kringum hann. Auðvelt er að ímynda sér að bókin hefði getað orðið mun ágengari og ályktunarglaðari um Kára og fyrirtæki hans.

Í kaflanum um skáldævisögur voru gerð að umtalsefni verk sem bera öll einkenni skáldævisagna en eru þó ekki sjálfsævisögulegs eðlis eins og skilgreining slíkra verka gerir ráð fyrir. Höfundurinn er ekki í hlutverki aðalpersónu þó svo að hann eða hún kunni að koma við sögu frásagnar sem er að stórum hluta spuni. Frekar er hér um að ræða ævisögur í skáldsöguformi. Ágætt dæmi er umdeild bók Oddnýjar Sen, *Kinverskir skuggar*. Bók Oddnýjar hefst með skáldlegri lýsingu á aðstæðum sem hún hefur ímyndað sér

undanfarna áratugi, hefur verið kennt það grundvallaratriði á fyrsta degi, að í fréttum blaðsins megi ekki vera skoðanir, hvorki blaðamannsins né blaðsins sjálfs. Fréttir eru frásagnir af atburðum eða ummælum manna um tiltekna atburði. Birtist frétt á forsiðu um mikla sókn Bandaríkjahers inn í Írak jafngildir sú frétt ekki því að Morgunblaðið sé að lýsa stuðningi við þá hernaðaraðgerð.“ „Leiðari: Fréttir og skoðanir.“ *Morgunblaðið* 17. apríl 2003. Þetta er út af fyrir sig stórmerkilegt viðhorf í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar.

1 Guðni Th. Jóhannesson, *Kári í jötunmód. Saga Kára Stefánssonar og Íslenskrar erfðagreiningar* (Reykjavík, 1999). Bók Guðna fékk töluverða fjölmiðlaumfjöllun þar sem Kári lýsti meðal annars yfir vanþóknun sinni á verkinu. Sjá til dæmis: Ármann Jakobsson, „Gúllíver í Putalandi.“ *DV* 8. desember 1999. – „Prins eða pappirstígur? DV gluggar í bókina sem var skrifuð í óleyfi um umdeildasta mann á Íslandi.“ *DV* 4. desember 1999. – „Sagnfræði hinnar liðandi stundar.“ *Morgunblaðið* 22. desember 1999 [Viðtal við Guðna Th. Jóhannesson]. – Guðmundur H. Frimannsson, „Íslenzkt samfélag, erfðavísindi og Kári Stefánsson.“ *Morgunblaðið* 23. desember 1999.

2 Hér má vísa í grein Guðna í *DV* þar sem hann svarar hvassri gagnrýni Kára sem fram hafði komið í fjölmiðlum. Guðni Th. Jóhannesson, „Kári í jötunmód.“ *DV* 29. febrúar 2000.

að hafi varðað líf ömmu sinnar og alnöfnu sem giftist kínverskum fræðimanni. Hjónin bjuggu í Kína um tíma, löngu áður en Oddný fæddist. Hún minnst frásagna ömmu sinnar og þeirra hugmynda sem hún hefur gert sér um líf hennar og bætir síðan við: „Ég ákvað því að segja sögu hennar eins og hún kom mér fyrir sjónir; sögu byggða á mörgum framandlegum goðsögnum og flóktandi skuggum sem tóku á sig lifandi form í huga mér. Smám saman birtist hún mér sem ung stúlka, klædd í einfaldan vaðmálaskjól með hnattlíkanið sitt í svartri fjörunni á Álftanesi ...“.¹ Hugmynd Oddnýjar er áhugaverð þar sem hún leikur sér með tákn og ímyndir úr fortíð sinni og fjölskyldunnar. En ættingjar hennar voru ekki yfir sig hrifnir. Föðursystir hennar, Signý Sen lögfræðingur, ritaði grein sem birtist í *Morgunblaðinu* um þetta verk Oddnýjar.² Hún byrjar á því að vísa í *Bókatiðindi* þar sem bók Oddnýjar frænku hennar er kynnt sem ævisaga um viðburðaríka ævi móður Signýjar. „Ævisaga sem byggð er á móðsuðu af staðreyndum“, segir Signý í grein sinni „skáldskap, söguburði og rangfærslum er ekki traustvekjandi.“ Hún rökstyður mál sitt á eftirfarandi hátt:

Eftir þessa kynningu er eðlilegt að menn líti svo á að ævisagan sé sönn, byggð á traustum heimildum, en móðir mín á tvö börn á lífi, mig og Jón Sen fiðluleikara, sem er faðir höfundar. Flestir samtíðarmenn móður minnar er þekktu hana vel eru fyrir löngu látnir. Höfundur var rétt fimm ára gömul er amma hennar lést hinn 9. júlí 1963. Hún hefur því ekki getað þekkt ömmu sína með þeim hætti og skynjað lífshlaup hennar svo náð að hún væri þess umkomin að færa í letur ævisögu hennar þrem áratugum síðar nema til kæmu traustar heimildir nákominna.

Hér er í raun klassísk togstreita um minnið á ferðinni: Hver á minningarnar og hvernig ber að fara með þær? Oft verður umræðan um viðkvæmt efni af þessu tagi afar persónuleg og sár. Einstaklingum sem tengjast minningunum nánnum böndum finnst að sér vegið og þykir helgi einkalífs síns (og fjölskyldunnar allrar) borin á torg. Það sem vekur athygli í þessu tilfelli er að styrinn stendur milli tveggja nákominna ættingja: „Að blanda saman á frjálsglegan hátt staðreyndum og hugarburði í svonefndum ævisögum mun að vísu ekki vera óþekkt fyrirbæri erlendis,“ skrifar Signý, „en að höfundur bókar sem tileinkar hana minningu ömmu sinnar og afa og lýsir samlífi þeirra á þann hátt eins og kom fram í kafla þeim er Morgunblaðið var svo vænt að birta sunnudaginn 23. þ.m. held ég að sé algert einsdæmi.“ Signý lýkur þessum orðum með því að benda á að frænka sín hefði getað farið

1 Oddný Sen, *Kínverskir skuggar* (Reykjavík, 1997), bls. 10.

2 Signý Sen, „Íslenskir skuggar.“ *Morgunblaðið* 28. nóvember 1997.

aðra leið: „Höfundur hefur verið nær að birta valda kafla úr eigin lífi, þar sem yrkisefni hennar hefur notið sín til fulls og ekki þarf að skálda í neinar eyður.“¹

Sú aðferð sem Oddný notar til að lýsa ævi ömmu sinnar er sannarlega þekkt erlendis. Skemmst er að minnast mikillar umræðu sem varð um ævisögu Ronalds Reagans forseta Bandaríkjanna sem sagnfræðingurinn Edmund Morris ritaði.² Morris, sem er þekktur fyrir ævisöguritun, fékk nánast óheftan aðgang að öllum gögnum um Reagan forseta. Og það sem meira var, Morris hafði einnig fullan aðgang að Reagan sjálfum í eigin persónu frá 1985 þegar hann var skipaður opinber ævisöguritari forsetans. Morris kaus að fara mjög óvenjulega leið við framsetningu efnisins. Sögumaður ævisögunnar er uppdiktaður, en honum er ætlað að leiða lesandann um völundarhús æviferils Reagans forseta. Þess þarf ekki að spyrja að aðferðin var álitin afar vafasöm og sérstaklega þótti mörgum sagnfræðingum að vísindalegum aðferðum fagsins vegið. Eg hygg að Morris hafi tekist á við afar viðkvæmt viðfangsefni á mjög áhugaverðan hátt. Hann spyr sjálfan sig, eftir að hafa verið á vappi með forsetanum í fæðingarbæ hans, hvers vegna forsetinn vilji ekki ræða um atburði sem gerðust mörgum áratugum áður. Þess í stað fjallaði Reagan forseti um sögur og atburði sem augljóslega var ætlað að tengjast þessum sama heimabæ hans en byggðust á fullkomnum spuna: „Þegar ég hlustaði á hann spurði ég sjálfan mig þeirrar spurningar hvort þeir sem stæðu í sömu sporum og hann og þyrftu stöðugt að geta í eyðurnar sem væru hluti af lífi þeirra, myndu ekki víkja sér undan þeim rétt eins og hann gerði, vitandi að þessar eyður væru nátengdar eða sambærilegar við tómið sem væri framundan?“³ Það er á þessum grunni sem Morris tekur ákvörðun um efnistöð sín og skilin milli ímyndunar og veruleikans mást út rétt eins og í lífi Reagans sjálfs. Sýndarveruleikinn var svæðið þar sem hann lifði og hrærðist í alla sína ævi og hann varð einnig vettvangur ævisögu Reagans.

1 Þess má geta að Oddný Sen hefur ritað aðra bók með svipuðum aðferðum. Sú fjallar um formóður Oddnýjar, Sigríði Jóhannesdóttur, sem uppi var á níjtánda öld. Bókin heitir *Vængjuð spor. Saga Sigríðar Jóhannesdóttur Hansen* (Reykjavík, 2003). Þetta verk er ekki ósvipað uppbyggt og verk Elínar Pálmadóttur, *Með fortíðina í farteskinu* (Reykjavík, 1996). Sjá ritdóm Sigurðar Gylfa Magnússonar, „[Ritdómur] Með fortíðina í farteskinu. Saga þriggja kynslóða íslenskra kvenna. Eftir Elínu Pálmadóttur.“ *Saga* 35 (1997), bls. 290–295. Í báðum verkum er sögð saga frá níjtánda öld og samtímanum; úr sveitasamfélaginu og nútímanum.

2 Edmund Morris, *Dutch. A Memoir of Ronald Reagan* (New York, 1999).

3 „Listening to him, I asked myself who of us, forced so brutally to confront the nothingness from which we have sprung, would not have turned away as he did, knowing it to be indistinguishable from—indeed, identical with—the nothingness that looms ahead?“ Edmund Morris, *Dutch*, bls. xix.

Í þessu viðfangi má minna á að Gunnar Smári Egilsson ritstjóri ritaði bók um íslenskan forseta. Hún nefndist *Bessastaðabækurnar* og fjallar um Ólaf Ragnar Grímsson fljótlega eftir að hann tók við forsetaembætti.¹ Sú bók er háðsádeila á Ólaf Ragnar enda er hún kynnt á bókarkápu sem „dagbækur litla stráksins að vestan sem varð forseti“. Hún markar nokkur þátta-skil þar sem hér er í fyrsta skiptið gengið fram fyrir skjöldu og forseti lýðveldisins hæddur opinberlega. Hér er því stigið stórt skref á sviði ádeilurita þar sem sjálf þekkt einstaklings er haft í flimtingum. Verkið er ekki eiginleg ævisaga heldur spuni í kringum ævi Ólafs Ragnars Grímssonar.

Framtíðin – Óháð þeim leiðum sem ævisagnahöfundar framtíðarinnar velja er mikilvægt að fræðimenn og rithöfundar fái tækifæri til að sinna þessu bókmenntaformi af heilum hug og nýta það sem tæki til að skýra fólk og samtíð þess. Engum blöðum er um það að fletta að ævisagan hefur risið til virðingar á Íslandi í seinni tíð en ég tel mikilvægt að lögð verði áhersla á að rannsaka á eins ítarlegan hátt og hægt er stöðu hennar og möguleika í hinum íslenska menningarheimi. Ég hygg að gagnrýnin umfjöllun um þær bækur sem þegar hafa verið ritaðar sé nauðsynleg og um leið verði dregnar fram þær leiðir sem færar eru við ævisöguritunina. Ef til vill væri æskilegt að leita eftir tengingu þessa bókmenntaforms við eldri gerðir frásagnar í landinu í viðleitni til að finna leiðir sem henta vel íslenskri hugsun og veruleika. Gylfi Gröndal ævisöguritari, sem áður hefur verið vitnað til, hefur tjáð sig um æskilegar leiðir við ævisöguritun:

Nú á dögum þykja gagnrýnar ævisögur svokallaðar girnilegastar, jafnvel í augum virtra fræðimanna. Svo áköf og einsýn er sú krafa tímans, að með öllu gleymist hve gagnrýni er hægt að láta í ljós með margvíslegum hætti. Hún felst ekki einvörðungu í stóryrðum, afhjúpun og offorsi, eins og margir virðast halda. Sú eina og sanna gagnrýni kemur af sjálfu sér, þegar satt og rétt er skýrt frá.²

Það væri einmitt fróðlegt að meta hvernig höfundar á borð við Gylfa Gröndal hafa farið með viðfangsefni sín, hvaða kvarða þeir nota við vinnu sína og hvert er í raun markmið þeirra með rituninni. Hjá mörgum íslenskum ævisöguhöfundum virðist nefnilega vera nokkuð á reiki hvert ferðinni er heitið. Scott E. Casper, sem áður var vitnað til í þessum kafla, kemst að eftirfarandi niðurstöðu um stöðu ævisöguritarans: „Nú til dags standa ævisöguritarar í þeirri trú að þeir, ekki viðfangsefnið og alveg örugglega ekki

1 Gunnar Smári Egilsson, *Bessastaðabækurnar. Sá,fræðileg tilraun* (Reykjavík, 1996).

2 Gylfi Gröndal, *Sveinn Eyrnsson*, bls. 349-350.

Guð, „búi til“ líf einstaklingsins í ævisögunni. Sumir þeirra játa fúslega að ritun ævisagna hafi breytt þeirra eigin lífi. En mjög fáir þeirra halda því fram að ævisagan búi yfir þeim mætti að móta líf lesandans.“¹ Skyldi þetta sjónarhorn eiga við íslenska ævisöguritarar? Það mætti ef til vill halda því fram að ævisagan sé í þessum skilningi Caspers sjálfsævisaga þess sem stýrir rannsókninni. Höfundurinn sé svo samofinn textanum og frásögninni allri að líf aðalpersónunnar og höfundarins renni saman og niðurstaðan verði fyrir bragðið mjög sjálfsævisöguleg. Ég er þeirrar skoðunar að slíkt sé í raun óhjákvæmilegt, eitthvað sem ekki er hægt að forðast með góðu móti. Ef til vill má segja að til verði „þriðji maðurinn“; einhvers konar mála-miðlun milli aðalpersónu og höfundar, endurvarp af ímyndaðri frummynd beggja. Í þessum skilningi renna sjálfsævisögur og ævisögur saman í eina textaheild sem verður ekki svo frábrugðin hefðbundinni sjálfsævisögulegri tjáningu.

1 „Today’s biographers believe that they, not the subjects themselves and certainly not God, “make” individual lives into biographies. Some of them happily confess how writing biography has changed their own lives. But very few argue that biography has the power to mold its readers’ lives.“ Scott E. Casper, *Constructing American Lives*, bls. 327.

3. Skörun sjálfsbókmennta

Í hvert skipti sem til greina kemur að nýta sjálfsævisögu, endurminningarit, samtalsbók, skáldævisögu eða ævisögu sem fræðilega heimild hefur verið ófrávikjanleg krafa sagnfræðinga að meta skuli sjálfstæði aðalpersónunnar í verkinu og tengsl hans eða hennar við viðfangsefnið. Í mörgum tilfellum er það auðvelt verk, í öðrum mjög snúið og stundum nær ógerningur. Síðari tíma viðhorf í fræðunum byggjast á því að hver heimild sé metin fyrir sig og þá sé beitt einföldum viðmiðunum almennrar skynsemi. Ég tel að fræðimenn eigi óhikað að nýta verk sem eru óvenjuleg og jafnvel á mörkum raunveruleika og tálsýnar. Viðhorfin sem þar vega þyngst opna fyrir notkunarmöguleika efnis sem erfitt er að rekja til höfundar síns. Þar getur leynst persónuleg tjáning sem beinist að samfélögum og fyrirbærum sem fræðaheimurinn telur skipta máli.

Sjálfsbókmenntir eru frásagnarheimildir þar sem frásögnin hefur varðveist í minni sögumanns (og í sumum tilfellum í persónulegum heimildum hans) og er oft miðlað mörgum árum eftir að atburðirnir áttu sér stað. En persónuleg heimild á borð við sjálfsævisögu getur einnig verið leif (ritleif) eins og í þessari rannsókn þar sem fyrirbærið sjálft er rannsóknar-efnið.¹ Hér er sá skilningur lagður til grundvallar sjálfsævisögum að hver þeirra sé skrifuð út frá sjónarhorni ákveðins einstaklings um eigin lífsreynslu. Enginn annar er nákvæmlega til frásagnar um ævina og það gerir hana einstaka. Þegar þetta ferli sem við köllum gjarnan lífshlaup er síðan komið á prent í formi sjálfsbókmennta hafa fræðimenn í höndunum óvenjulega heillandi og dýrmæta heimild.

Endurminningaritin koma til skjalanna í íslenskri menningu þegar sérhæfing samfélagsins hefur aukist og þau eru ákveðin birtingarmynd hennar. Valinkunnir einstaklingar taka sér fyrir hendur að rita bækur af þessum toga og velja til þess nokkuð fjölbreytta flóru fólks. Á þessum vettvangi finna konur til dæmis leið inn á sviðið á síðari hluta tuttugustu aldar. Eins og fram kemur í skrá Moniku Magnúsdóttur er heildarfjöldi endurminningarita á Íslandi þrjú hundruð fimmtíu og sjö og þar af eru sjötíu og tvö um konur eða tuttugu prósent. Tvö hundruð áttatíu og fimm endur-

1 Frásagnarheimildir eru oftast andstæða við hinar svokölluðu ritleifar sem orðið hafa til án þess að til þess væri ætlast að þær kæmu sérstaklega fyrir sjónir almennings. Sjá Sveinbjörn Rafnsson, *Skrift, skjöl og skjalascfn. Ágrip af skjafræði*. Ritsafn Sagnfræðistofnunnar 2 (Reykjavík, 1980), bls. 7-14.

minningarit eru um karla. Á móti má benda á að tólf prósent sjálfsævisagna sem gefnar hafa verið út frá upphafi til ársins 2002 eru eftir konur. Fjögur hundruð nítíu og tvær sjálfsævisögur eru hins vegar eftir karla. Alls eru sjálfsævisögur og endurminningarit kvenna eitt hundruð þrjátíu og níu allt tímabilið sem hér um ræðir (aðeins sextíu og sjö konur hafa skrifað sjálfsævisögu). Þar af komu eitt hundruð og fimm þessara verka út eftir 1960. Til dæmis komu aðeins þrjú endurminningarit kvenna út fyrir 1960. Hafa ber í huga að heildarfjöldi þeirra sjálfsbókmenntarita sem er í skrá Moniku er eitt þúsund og nítíu. Í stuttu máli sagt hafa þessar tegundir sjálfsbókmennta í yfirgnæfandi tilvika verið karlabókmenntir. En konur hafa sótt mjög í sig veðrið á síðari tímum og ekki er ósennilegt að hlutföllin eigi eftir að jafnast á næstu áratugum.

Það sem er athyglisverðast við stöðu þessara tegunda sjálfsbókmennta er að þær hafa í seinni tíð tekið að skarast. Skilin á milli sjálfsævisögu og skáldsögu – í þeirri tegund sem hér hefur verið nefnd skáldævisaga – hafa orðið óljósari með þeim afleiðingum að flæði skapast milli sannfræði og spuna. Það sem meira er, höfundar og lesendur eru farnir að gera ráð fyrir því að bilið á milli raunveruleika og sýndarveruleika sé óljóst og því sé eðlilegt að um hvort tveggja sé fjallað. Að auki hafa endurminningarit og ævisögur að hluta tekið á sig svipaða mynd. Í mörgum metnaðarfullum endurminningaritum vinnur höfundur meira sem ævisöguhöfundur; öll gögn sem tengjast aðalpersónunni eru grandskoðuð og unnið úr þeim á sem greinilegastan hátt. Eini munurinn á slíkum endurminningaritum og ævisögum er sá að aðalpersónan er enn á lífi þegar ritunin fer fram og hún er jafnframt mikilvæg heimild í verkinu. Ekki er ástæða til að gera lítið úr þessum mun því hann er sannarlega umtalsverður, einkum vegna þess að höfundurinn verður að vinna náðið með aðalpersónunni sem setur tjáningu hans skorður, ákveður jafnvel endanlegan texta.

Þá eru sum endurminningarit sjálfsævisögur í bland, einkum þegar höfundurinn tengist aðalpersónunni á einhvern hátt. Sama er að segja um ævisögur, þær geta verið með mjög sterkum sjálfsævisögulegum svip. Höfundurinn getur í slíkum tilfellum verið að segja sögu foreldra sinna og þá að sjálfsögðu sína eigin um leið. Þannig er verk Gísla Jónssonar *Frá foreldrum mínum* en það er einmitt bæði um hann sjálfan, systkini hans (hann var bróðir Guðmundar Kamban) og foreldra.¹ Með þessu móti hefur skörun ólíkra tegunda sjálfsbókmennta færst í vöxt, höfundar og aðalpersónur hika

1 Gísli Jónsson, *Frá foreldrum mínum. Íslensk baráttusaga* (Reykjavík, 1966).

ekki við að leika sér meira með formið og skáldævisögurnar eru að sjálf-sögðu besta dæmið um slíkar tilraunir.

Ævisagan hefur á vissan hátt sérstöðu af þeim sjálfsbókmenntum sem hér hafa verið til umræðu. Hún er unnin út frá öðrum viðmiðum þó að segja megi að ævisöguritun hafi í stórum dráttum fylgt svipuðum kennileitum og almenn tjáning sjálfsins og birtist með margvíslegu móti í heimildum. Í fyrstu voru ævisögur nýttar til að birta helgimyndir af fyrirmyndareinstak-lingum sem aðrir reyndu að líkja eftir. Sjálfsævisögur voru í upphafi af svipuðum toga – spegilmyndir af ástandi sem talið var æskilegt eða til eft-irbreytni. Þannig urðu sjálfsævisögur vörður í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinn-
ar þar sem fólk steig fram og vitnaði opinberlega um framlag sitt. Endur-minningaritin og samtalsbækurnar voru tæknivæddar útgáfur þessarar sam-félagskröfu; „sérfræðingar“ voru fengnir til að leiða fram vitni sem greiðlega greindu frá stöðu sinni í þjóðarsögunni.

Ævisögurnar hafa einnig breyst með tíð og tíma og þróast út í gagnrýna sýn á einstaklinga og samtíð, rétt eins og skáldævisögurnar (og fyrri formin sem hafa verið gerð að umtalsefni) sem gengu lengra í opinberun sjálfsins en áður þekktist. En þær hafa einnig tekið stakkaskiptum í þeim skilningi að höfundar hafa tekið upp á því að leika sér með formið, að reyna á þanþol þess og sjálfsögd viðmið. Sjálfsbókmenntir hafa frá fyrstu áratugum tuttug-ustu aldar boðið höfundum, aðalpersónum og lesendum upp á ótrúlega sveigjanleg form þar sem textinn er mótaður. Höfundar á borð við Benedikt Gröndal og séra Matthías Jochumsson, sem eru í vissum skilningi höfundar nútíma sjálfstjáningar, fetuðu svo ólíkar leiðir að sínum innri manni að him-inn og höf skilja að tjáningu þeirra. Sömu geðbrigða varð vart hjá höfund-um sjálfsbókmennta alla tuttugustu öldina en í upphafi nýrrar aldar stóðu lesendur frammi fyrir því að hefðbundin tjáningarform sjálfsins voru í ákveðnu uppnámi vegna óglögggra skila milli veruleika og sýndarveruleika. Ekki er gott að segja hvaða stefnu sjálfsbókmenntir muni taka í framtíðinni. Stórsögurnar (e. *grand narratives*) hafa lengst af mótað bæði tjáningarferli fólks innan sjálfsbókmenntanna og viðtökur slíkra bókmennta hjá almenn-um lesendum. Niðurrif stórsagnanna undir lok síðustu aldar hafa splundrað sjálfinu og stöðu þess í samfélaginu með þeim árangri að erfitt er að festa hendur á hefðbundnum viðmiðum sjálfsbókmenntanna. Skörun einstakra flokka þeirra er afleiðing af menningarlegu ástandi samfélagsins.

III. Orð, hugsun – sjálf

1. Heimildir tengdar sjálfinu

Hér á eftir verður rætt um nokkrar gerðir heimilda sem hafa áþekka eiginleika og þær sjálfsbókmenntir sem voru til umræðu í kaflanum hér að framman. Það sem hér um ræðir er þjóðlegur fróðleikur, dagbækur, bréf og fræðilegir spurningalistar (viðtöl sem munnlegar heimildir), minningagreinar og ýmsar tegundir opinberra heimilda. Hver þessara heimildaflokka hefur sín einkenni og nýtist því misjafnlega við fræðirannsóknir. Ég fer hér á eftir nokkrum orðum um stöðu þeirra og mikilvægi fyrir hug- og félagsvísindalegar rannsóknir og fyrir almenna lesendur.

Ég hef haldið því fram á öðrum stað að sjálfsævisagan sé eins og *stillimynd*; mynd sú sem hún gefur af lífi fólksins sem kemur við sögu er í vissum skilningi *stöðnuð*. Sjálfsævisögur og margar aðrar sjálfsbókmenntir eru samantektir á óteljandi atburðum úr lífi einstaklinga.¹ Við samantektina verða finni drættir lífsins gjarnan útundan, meðal annars vegna þess að þeir sitja ekki eftir í minni fólks eða þykja einfaldlega ekki í frásögur færandi. Þær myndir sem birtast okkur á síðum sjálfsævisagna sýna ekki greinilegar breytingar á hverju lífsþrepi og jafnvel ekki hreyfingar einstaklinga á milli lífsþrepa.² Kosturinn við sjálfsævisögurnar er aftur á móti sá að höfundurinn tekur saman með eigin orðum það sem hann telur markverðast við ævi sína. Slík samantekt veitir almennan skilning á æviferli einstaklinga og innsýn í viðhorf fólks til sinnar eigin tilveru; hvernig sjálfið hefur orðið til. Sá eiginleiki heimildar er beinlínis fágætur og afar mikilvægur fyrir skilning fólks á fortíðinni.

1 Ég ræði eðli sjálfsævisögunnar nokkuð í grein sem ég skrifaði árið 1995. Sjá Sigurð Gylfa Magnússon, „„Jeg er 479 dögum yngri en Nilli.““ Dagbækur og daglegt líf Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf.“ *Skírnir* 169 (haust 1995), bls. 309-311.

2 Hér er átt við þær breytingar sem hver einstaklingur glímir við á vegferð sinni frá vöggu til grafar. Hvert lífsþrep ber sérstök einkenni. Starfsemin á hverju lífsþrepi einstaklinga gefur ekki aðeins mjög sterka vísbendingu um virkni og þróun þess sem í hlut á heldur einnig um stöðu þjóðfélagsins í heild. Rannsóknaraðferð sú sem gjarnan er notuð við könnun á ævi fólks er kölluð lífsferlisgreining (e. *life-course analysis*) og verður fjallað um hana síðar í bókinni. Sjá Sigurð Gylfa Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940.“ *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990. Ritgerðir*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (Reykjavík, 1993), bls. 265-320.

Þegar haft er í huga að líf manna er samansett af óteljandi smáatvikum virðist það nánast ógjörningur að ætla sér að lýsa slíkri atburðarás til fulls. Ef til vill má segja að atburðir séu mismerkilegir, sumir marka þáttaskil en aðrir gleymast jafnhvort og þeir gerast. Undir ýmsu er komið hvað það er sem situr eftir í minni okkar. Sem dæmi má taka gönguferð sem einhver fer í sér til hressingar. Gönguferðin sjálf getur setið eftir í minninu, sérstaklega ef hún var farin til yndisauka eða eitthvað markvert gerðist. Hún getur jafnvel staðið fólki ljóslifandi fyrir hugskotssjónum árum eða áratugum eftir að hún var farin. En minningin sem lifir byggist ekki á nákvæmri hugsun um hvert skref sem var stigið eða hvert atvik sem henti á gönguferðinni, heldur á tilfinningunni sem göngumaðurinn hafði fyrir ferðinni og hugsanlega einhverjum sérstökum atburði sem átti sér stað. Eftir situr tilfinning fyrir „heild“ sem skapaði ástandið og öðlaðist einhverja merkingu í minningunni.

Sjálfsævisögur veita innsýn í túlkun á atburðum og lífi fólks sem einfaldlega er ekki hægt að öðlast annars staðar. Það eru í það minnsta fáar gerðir heimilda sem geta vísað okkur veginn að jafn persónulegum hugsunum og hugmyndum og þær, jafnvel þótt þær hafi farið í gegnum vinnslu hugartengsla og orðið fyrir bragðið „mannvirki“, hugarsmíð, sem einstaklingurinn skapar í samhengi við fjölmarga aðra þætti í lífi sínu. Sjálfsævisagan er í þessum skilningi ekki atburðurinn sjálfur. Hún er rétt eins og aðrar heimildir, hvaða nafni sem þær nefnast, einhvers konar endurvarp hugmynda, hugtaka eða atburða eins og skrásetjari taldi sig skilja þá.

Þótt fallist sé á ofangreinda röksemdarfærslu breytir það ekki þeirri staðreynd að langflestir líta svo á að ókostir sjálfsbókmennta séu augljósir. Samantektin og kostir hennar eru eins og áður sagði á kostnað smáatriðanna, en það geta einmitt verið þau sem sagnfræðingurinn, eða sá sem rannsakar þjóðfélag fyrri tíðar sækist eftir. Þá koma sjálfsbókmenntir einfaldlega ekki að gagni. Enn aðrir eru fljótir að benda á að sjálfsbókmenntir byggjast ósjaldan á upprifjun atburða sem eru oft áratuga gamlir og útilokað sé að muna öll smáatriði lífsins. Á móti má sýna fram á að það sé í sjálfu sér útilokað, undir hvaða kringumstæðum sem er, að leggja á minnið lífið eins og það „raunverulega gerðist“. Eftir því sem lengri tími líður frá því að atburðirnir gerðust og þar til þeir eru skrásettir, þeim mun minna man einstaklingurinn af einstaka atburðapáttum – því er ekki að neita. Nákvæmlega þetta atriði vefst fyrir mörgum fræðimönnum sem hika fyrir bragðið við að beita þessum margbrotna heimildaflokki við rannsóknir sínar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé „heildarminningin“ sem lifir í hugum fólks, þar sem hún hefur verið hluti af sjálfsmynd einstaklingsins öll þessi

ár, og að sú mynd endurspegli mótun hugarþels fólks frá vöggu til elliára. En það er einnig hægt að draga fram aðrar myndir af hverjum manni – hver einstaklingur er nefnilega margir menn; persónuleiki mannsins er samansettur úr fjölmörgum brotum sem við setjum síðan saman að vild við ólík tækifæri. Hvert tímaskeið hefur jafnvel sérstök einkenni og það er oft erfitt að finna samfelluna í hverjum manni milli ólíkra æviskeiða.

Þær gerðir heimilda sem hér verða ræddar eiga það allar sameiginlegt að vera nokkurs konar tilraunir með minnið eða minningar einstaklinga. Þær eru náskyldar sjálfsbókmenntaflokkunum sem ræddir voru í síðasta kafla og í vissum skilningi afsprengi þeirra en búa samt yfir mörgum sjálfstæðum eiginleikum sem nauðsynlegt er að gangast við. Uppspretta þeirra er í höfði einstaklingsins og niðurstaðan sem sett er á blað tekur mið af afstöðu höfundar til umhverfisins og sjálfs sín. Þessar heimildir eru vegvísir að sjálfi einstaklingsins, hvernig það verður til og hvaða þættir eru mikilvægir í mótun þess. Heimildirnar nýtast á mjög ólíkan hátt við rannsóknir innan hug- og félagsvísinda og almennir lesendur njóta þeirra gjarnan í ríkum mæli. Ítreka verður að þótt heimildirnar sem hér verða teknar til umfjöllunar beri mismunandi einkenni, þá tengjast þær á einn eða annan hátt persónulegri reynslu fólks frá fyrri tíð og eru þannig hluti af hinn svonefndu sjálfstjórningu sem rätt hefur verið um í þessari bók.

Þjóðlegur fróðleikur

Það efni sem telst til þjóðlegs fróðleiks er af margvíslegum toga en hefur oftast geymst í minni fólks í áratugi eða jafnvel flust á milli kynslóða í aldir og ratað um síðir á bók. Grundvöllur þjóðlegs fróðleiks (fyrir utan að varðveita góða sögu og flytja hana í heyranda hljóði) er sú hugsun að einstakir atburðir hafi ekki aðeins þýðingu fyrir þá manneskju sem í hlut á, heldur eigi þeir erindi til fólks sem bjó við svipuð kjör. Hver saga hefur því víða skirskotun þótt hún sé nánast alltaf lögd í munn einhverjum einstaklingi. En sjónarhorn fólks má greina í þessu efni vegna þess að það er jafnan flutt úr minni þeirra sem segja söguna sem gefur því sinn persónulega svip. Hægt er að greina stöðu sjálfsins í þessum sögum þó svo að ekki sé beinlínis gerlegt að tengja það við einstakar persónur í veruleikanum. Þjóðlegur fróðleikur getur því reynst áhugaverður vettvangur fyrir rannsóknir á stöðu og mótun sjálfsins.

Notkunarmöguleikar – Þjóðlegur fróðleikur er í huga flestra fyrir utan hina margræddu tjáningu um sjálfið. Þó er mikilvægt að átta sig á hinu persónulega sjónarhorni sem einkennir margt efni sem flokkast með þjóðlegum fróðleik. Hér vísa ég til dæmis í stuttar frásagnir sem birtust oft í blöðum og tímaritum áður fyrr (og gera reyndar enn) og fjalla helst um siði hvers konar og venjur sem tíðkuðust í æsku höfunda. Oft dregur sá sem segir söguna fram atriði úr eigin reynslu sem vissulega gefur frásögninni sjálfsævisögulegt yfirbragð. Margar greinar hafa til dæmis verið skrifaðar um Reykjavík og bæjarbraginn á ákveðnu tímabili eins og hann kom höfundum fyrir sjónir.¹ Sjálfsbókmenntalegt efni af þessu tagi nær til allra sviða samfélagsins. Sumar frásagnirnar eru mjög gagnlegar fyrir hugvísindalegar rannsóknir vegna nákvæmni þeirra, einkum lýsingar á persónulegu sjónarhorni höfundar á fólk, atburði eða staði, en aðrar hafa mikið menningar- eða bókmenntalegt gildi.² Þegar allt kemur til alls er ljóst að sjálfsbókmenntir af þessum toga eru mikilvægar fyrir menningarsögulegar rannsóknir af hvaða tagi sem er og sjálfur er ég sannfærður um að þýðing þeirra eigi eftir að aukast á næstu árum. Þar tek ég mið af þróun vísinda og fræða á allra síðustu árum sem hefur hneigst í átt til meiri könnunar á ólíkum merkingarheimum texta og atburða. Þar er ekki endilega lögð áhersla á að finna nákvæmlega út hver er höfundur þeirra sagna sem fram koma í textanum heldur í hvaða samhengi þær eru sagðar.³

Nú, á síðari tímum, hneigjast margir fræðimenn til að vinna með hverja heimild á hennar eigin forsendum, ganga út frá því sem vísu að hún standi fyrir sínu og geti veitt fræðimönnum mikilvægt tækifæri til að hugsa um fortíðina. Og það sem meira er, þessi nálgun ætti að veita fræðimönnum færi á að hugsa um fortíðina á fjórri hátt en áður þar sem losað hefur verið

1 Sjá til dæmis Klemens Jónsson, „Ýmis atriði úr lífinu í Reykjavík fyrir 40 árum.“ *Skírnir* 87 (1913), bls. 123-140. – Árni Óla, „Á fimmtíu ára afmæli sínu var Reykjavík torfbæjaborg.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 24 (1949), bls. 493-504. Þá eru einnig mörg ágæt dæmi um samskonar reynslu fólks af öðrum stöðum á landinu. Sjá til dæmis Eirík Eiríksson, „Lífnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld.“ *Skagfirðingabók* 14 (1985), bls. 57-105. – Kristleifur Þorsteinsson, „Sveitarsíðir í Borgarfirði fyrir 60 árum.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 5 (1930), bls. 243-247, 251-254.

2 Dæmi um þetta er grein Þórbergs Þórðarsonar sem heitir: „Lífnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi 19. aldar.“ *Landnám Ingólf. Söfn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir*. II. bindi (1936-1940), bls. 144-242. Einnig má nefna rit Þorvaldar Thoroddsens, *Lýsing Íslands* V, 2. og 3. hefti (Kaupmannahöfn, 1921-1922), bls. 265-373.

3 Hér má vísa í frábæra rannsókn á munnlegri sagnahefð í Afríku sem bandaríski sagnfræðingurinn Luise White gerði, *Speaking with Vampires. Rumor and History in Colonial Africa* (Berkeley, 2000). Þessi bók opnaði mér nýja sýn á möguleika okkar til að nýta þjóðlegan fróðleik á uppbyggilegan hátt.

um þau bönd sem skákuðu efni eins og þjóðlegum fróðleik út af borðinu. Mikilvægt er að minna á að þjóðlegur fróðleikur hefur verið litinn hornauga af sagnfræðingum og bókmenntafræðingum fram til þessa og lítið sem ekkert hefur verið unnið með heimildir af þessum toga innan þessara fræðigreina.¹ Þetta er dapurleg staðreynd þar sem efni sem tengt er þjóðlegum fróðleik er gríðarlegt að vöxtum og býður upp á óteljandi notkunarmöguleika.²

Það er ekki nóg með að sagnfræðingar og bókmenntafræðingar hafi sniðgengið þjóðlegan fróðleik í rannsóknum sínum heldur hefur frekar lítið verið rætt um tengsl hugvísinda almennt við „þjóðararfinn“ eins og hann birtist í sagnahefðinni eða þjóðlegum fróðleik. Árið 1981 gerðu sagnfræðinemar þetta viðfangsefni þó að umtalsefni í tímaritinu *Sögnum* og fengu nokkra fræðimenn til að tjá sig um þýðingu þessara tengsla undir fyrirsögninni: „Alþýðusagnfræði – háskólasagnfræði“. Margt athyglisvert er að finna í tímaritinu um viðhorf sagnfræðinga til þjóðlegs fróðleiks en eins og áður sagði þá hefur hann sjaldnast átt upp á pallborðið í rannsóknum þeirra.

Ingi Sigurðsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, skilgreinir til dæmis sagnþætti þannig, „[...] að þeir séu yfirleitt stuttir og spanni þröngt svið, oft í átthögum höfunda eða nálægum héruðum, í þeim speglist áhugi Íslendinga á persónusögu og ættfræði og þar komi iðulega fram þjóðsagnaefni, þættirnir séu oft ágætlega stílaðir og stundum lögð áhersla á skemmtigildi.“³ Ingi bætir síðan við þennan sama texta sem birtist einnig í bók hans *Íslensk sagnfræði* eftirfarandi atriði: „Þeir eru *saga*, frásögn. Oft eru þeir mikilvægur efniviður fyrir sagnfræðinga.“⁴ Ekki er alveg ljóst hvað Ingi hefur fyrir sér þegar hann staðhæfir að þjóðlegur fróðleikur sé mikilvægur fyrir sagnfræðinga því þess sjást lítil merki í nútíma fræðastarfi. Lýsing Inga á þjóðlegum fróðleik heillar ekki, hún dregur fólk ekki að þessu fræðasviði og hvetur ekki til notkunar efnis sem því tilheyrir. Þvert á móti er lýsingin fráhrindandi, sérstaklega í samhengi nútíma fræða og hvernig þau eru stunduð. Þar reyna fræðimenn einmitt að sniðganga efnis-

1 Sumir sagnfræðingar hafa talað niður til þessara efnisflokka þannig að á þeim má skilja að það sé ekki samboðið sagnfræðingum að leggja lag sitt við þannig efni. Sjá til dæmis ummæli Loftis Guttormssonar í greininni „Stórt og smátt í sagnfræði“, bls. 460.

2 Ein góð undantekning er á þessari reglu en það er hið ágæta verk Magnúsar Haukssonar, *Íslenskar heimildabókmenntir. Athugun á rótum íslenskra heimildaskáldsagna*. Studia Islandica 52 (Reykjavík, 1996).

3 Ingi Sigurðsson, „Staða alþýðlegrar sagnfræði í sagnaritun Íslendinga á 19. og 20. öld.“ *Sagnir* 2 (1981), bls. 18.

4 Sjá Inga Sigurðsson, *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 15 (Reykjavík, 1986), bls. 45, einnig 44-52.

þætti sem eru „stuttir og spann[a] þröngt svið“ þar sem slíkt efni er ekki talið líklegt til að varpa ljósi á heildina.

Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, dregur saman muninn á rannsóknarstigunum tveimur, alþýðusagnfræði og háskólasagnfræði, á eftirfarandi hátt: „Meginmunurinn er þó líklega sá að lærðir sagnfræðingar stefna að hærra alhæfingarstigi en alþýðumenn, þeir hafa áhuga á stærri heildum í sögunni. Hér getum við hugsað okkur tvo andstæða póla. Annars vegar eru þættir um Einkennilega Menn [Gunnar benti á fyrr í ritgerðinni að Ólafur Kárasón Ljósvíkingur hefði skrifað þessa þætti] þar sem hver maður nýtur virðingar sem einstaklingur og ekki er stefnt meðvitað að því að hann standi fyrir neitt annað. Því einkennilegri sem maðurinn er, því betra.“¹ Gunnar tekur síðan dæmi af hagsögurannsóknnum til samanburðar. Helgi Þorláksson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, er á svipuðum nótum. Þeir Gunnar eru báðir þeirrar skoðunar að hver hafi nokkuð til síns ágætis sem breyti þó ekki þeirri staðreynd að sagnfræðingar hafa lítið hirt um að nýta sér þessar fjölbreyttu heimildir.²

Ég hygg að viðhorf háskólaprófessoranna hafi haft mikil áhrif á að sagnfræðingar hafa sniðgengið þessar heimildir. Það er bagalegt þar sem heimildaflokkurinn er gríðarlegur að vöxtum og aðeins lítill hluti hans hefur verið prentaður. Öll handritasöfn eru stútfull af efni sem tilheyrja þjóðlegum fróðleik. Fræðimenn á öðrum fræðasviðum hafa sem betur fer hiklaust gengið í þennan heimildasjóð og þar má nefna þjóðfræði, mannfræði, íslensk fræði og jafnvel hluta bókmenntafræðinnar. Þær fræðigreinar sem lesa tákni og ímyndir inn í texta hafa tekið þessum heimildum fagnandi.

Ingi Sigurðsson tók saman efni um þjóðlegan fróðleik í bók sem fjallaði um þróun íslenskrar sagnfræði frá miðri nítjándu öld eins og áður hefur komið fram. Hugmyndafræði Inga byggist á hinni línulegu hugsun fræðanna, það er að hver atburðurinn reki annan og stefni þegar á heildina er lítið í framfaraátt. Ólafur Rastrick sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni hefur lýst hugmyndum Inga um sagnfræði á eftirfarandi hátt:

Í þessum skilningi verða nútímaritgerðir í sagnfræði e.k. skilgetið afkvæmi þeirra miðaldatexta sem á einhvern hátt fjölluðu um fortíð sína. Báðar textagerðirnar, nútímasagnfræðin og miðaldatextinn, eru í greiningunni láttnar lúta e.k. sameiginlegum innri markmiðum fræðigreinarinnar, nema hvað þær eldri urðu til í bernsku greinarinnar en sagnfræðin hefur náð fullorðinsárum í nútímatextanum.³

1 Gunnar Karlsson, „Hvað aðgreinir sagnfræði leikra og lærðra?“ *Sagnir* 2 (1981), bls. 29.

2 Sjá Helga Þorláksson, „Fræðimenn og fróðleiksfús alþýða.“ *Sagnir* 2 (1981), bls. 43.

3 Hér er stuðst við fyrirlestur Ólafs Rastricks sem hann flutti í Reykholti 6. nóvember 1999 um

Ólafur bendir að sjálfsögðu á að engin línuleg tengsl séu milli miðalda-textans og nútímasagnfræði, þau sé að finna í höfði sagnfræðinganna og hvergi annars staðar. Þetta skýrir að nokkru viðhorf margra sagnfræðinga til heimilda á borð við þjóðlegan fróðleik, hann telst einhvers konar ófullkomin útgáfa af fræðum og ekki þess verður að honum sé sinnt.¹

Ég hygg að afstaða ofan nefndra fræðimannanna til þjóðlegs fróðleiks byggist einkum á því að þeir vilja eðlilega draga skýr mörk á milli sinnar eigin fræðiiðkunar og alþýðumanna á átjándu, nítjándu og tuttugustu öld. Alþýðufræðimenn hafa yfirleitt þann háttinn á að setja ekki fram nýja túlkun á viðfangsefnum sínum heldur nota skilning annarra á fólki, atburðum og viðfangsefnum. Þannig safna þeir að sér fróðleiksmolum, eins og efnissöfnun þeirra er gjarnan nefnd, og leggja áherslu á að búa til áhugaverða frásögn sem hefur í raun afar lágt alhæfingarstig. Sagnfræðingar víða á hinn bóginn að sér heimildum, greina þær og leggja nánast alla vinnu sína í að draga fram mynd sem er byggð á rökum þess sem hefur yfirsýn yfir efnið. Þeir veita lesandanum með þessum hætti oft nýja sýn á viðfangsefni sitt.

Þessi munur á aðferðum háskólamenntaðra fræðimanna og alþýðufræðimanna kemur ekki í veg fyrir að efni sem síðarnefndi hópurinn hefur skapað geti orðið fóður í spennandi rannsóknir fyrrnefnda hópsins. Þvert á móti held ég að mikið starf sé framundan á þessum vettvangi og að þeir fræðimenn sem leggja á brattann muni fá umbun erfiðis síns.

Frjó nálgun – Magnús Hauksson íslenskufræðingur er sá sem unnið hefur úr þjóðlegum fróðleik á frjóastan hátt í bókinni *Íslenskar heimildabókmenntir*.² Þetta verk Magnúsar er umfangsmikið og höfundur gerir tilraun til að skilgreina þar hugtök sem eru tengd fræðasviðinu. Hann greinir síðan nokkur verk sem falla undir flokka eins og sagnaþætti og heimildaskáldsögur og skýrir þekkingarsvið þeirra og mikilvægi.³ Heimildabókmenntir,

grein sem Ingi Sigurðsson var um það bil að birta í tímaritinu *Sögu* um stöðu og þróun íslenskrar sagnfræði (*E*). Ég nýtti mér þessa tilvitnun í grein minni í *Sögu* árið 2003 sem heitir: „Aðferð í uppnámi“, bls. 28 og fjallaði um þessa framfarasinnaðu, línulegu hugmyndafræði Inga Sigurðssonar.

1 Sjá umfjöllun mína um stöðu íslenskrar sagnfræði í „Aðferð í uppnámi“.

2 Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir*.

3 Ég vil nota tækifærið til að draga til baka ummæli eða dóm sem ég felldi um þetta verk Magnúsar í bók minni *Menntun, ást og sorg*. Ég notaði bók Magnúsar sem dæmi um verk þar sem höfundur setti sig í mjög ákveðnar meginlegar stellingar þegar hann mæti eðli sagnfræðilegrar umfjöllunar. Ég áttaði mig á því síðar meir að mikið nær hefði verið að einblína á hina fjölmörgu kosti verksins og leitast við að sýna að það er fyrst og fremst dæmi um hugsunarhátt sagnfræðinga í lok niunda áratugar tuttugustu aldar og í upphafi þess tíunda. Sjá umfjöllun mína í *Menntun, ást og sorg*, bls. 25.

eins og Magnús nefnir þessa flokka, eru af ýmsum toga. Efni hinna svo-nefndu sagnabátta skiptir mestu máli fyrir umfjöllun þessarar bókar. Um þá segir Magnús:

Tvær síðustu aldir hafa fróðleiksmenn safnað heimildum um eftirminnilega einstaklinga og minnisverða atburði og skráð langa þætti og stutta um þá. Fróðleiksfýsnin hefur löngum knúið þessa menn áfram. Þeir hafa viljað halda til haga vitnisburði um liðna tíð án þess að gera sér von um frama eða há laun. Fyrir vikið hefur oft varðveist dýrmætt efni frá liðnum tíma.¹

Magnús segir að sagnaritin spanni nokkur þýðingarmikil svið mannlífsins eins og „[...] annála, staðfræði, mannfræði (ættfræði), ævisögur, atburðasögur og sögur héraða og sveita.“ Hann bendir á að sagnarit byggist á ákveðinni heimildaöflun, bæði ritaðs máls og munnlegra geymda. Formið mótaðist hjá sagnaritaranum góðkunna Gísla Konráðssyni sem háði í sín verk með samblöndun annálaformsins, munnmæla, þjóðsagna og Íslendingabátta hinna fornu (miðaldabókmennta), rétt eins og Hannes Pétursson vikur að í bók sinni *Misskipt er manna láni*.²

Magnús lætur það álit í ljósi að þessi tegund bókmennta eigi sér fáar hliðstæður í heiminum þótt hann treysti sér ekki til að fullyrða neitt um það. Félagslegar ástæður telur hann helstu skýringuna á vinsældum sagnabátanna:

Hér er samfélagið svo smátt að mögulegt er að hafa talsvert góða yfirsýn yfir það, flest fólk þekkti til margra manna víða um land, bæði hárra og lágra. Áhugi fyrir persónufróðleik er mjög mikill hér og stafar eflaust af þessum aðstæðum. Erlendis eru aðstæðurnar víðast hvar allt aðrar. Fólk týnist í fjölmenninu. Þar að auki hefur það mun meira af alls konar öðru efni sem eflaust hefur þar að auki eindreginn forgang hjá útgefendum fram yfir staðbundinn persónufróðleik og sagnir af sérkennilegum og eftirminnilegum persónum og minnisverðum atburðum.³

Magnús drepur hér á áhugavert atriði sem vert væri að rannska nánar, það er hvað veldur áhuga Íslendinga á persónusögu og hvort hann sé meiri en annarra þjóða. Höfundur tæpir hér á viðamiklu rannsóknarefni en ég hygg að munurinn á mörgum evrópskum bændasamfélögum og því íslenska hafi

1 Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir*, bls. 71-72.

2 Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir*, bls. 72. Sjá einnig Hannes Pétursson, *Misskipt er manna láni. Heimildabættir I* (Reykjavík, 1982), bls. 195.

3 Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir*, bls. 73, neðanmálsgrein.

oft verið tiltölulega lítill, sérstaklega á átjándu öld og í sumum tilfellum einnig á þeirri nítjándu.¹

Annálaritun hefur trúlega byggst að stórum hluta á fjölbreyttri sagnaritun eins og Magnús bendir á í bók sinni. Ítarlegar frásagnir af mönnum og atburðum á milli stuttra frásagna af svipuðum toga gefa til kynna að annálaritarar hafi haft sagnarit til að styðjast við. Davíð Ólafsson, sagnfræðingur í Reykjavík Akadémíunni, hefur reyndar bent á að oft hafi annálaritarar stuðst við dagbækur sínar eða annarra er þeir rituðu annálanna. Því komi töluvert ójafnvægi fram í þeim flestum, það er á milli almennra frásagna og nákvæmra staðbundinna lýsinga sem bæði geti byggst á persónulegri reynslu eða þá sagnabáttum eins og þeim sem Magnús Hauksson hefur gert skil í sinni bók.²

Magnús tekur frásagnir af einstökum stöðum og bæjum sem dæmi um efni sem tilheyri þessum flokki og áður er vísað til hér að framan. „Rit af þeim toga“, segir Magnús, „eiga sér eflaust að einhverju leyti fyrirmyndir í eldri ritum, t.d. biskupasögum, því þau hafa oft á tíðum að geyma mjög mikinn persónufróðleik og eru fyrst og fremst saga þeirra sem búið hafa á viðkomandi býli. Ævisagnaritun og mannfræði tengist því þessum flokki augljóslega en gríðarlegt efni fellur í þá flokka frá 19. og 20. öld.“³ Magnús gerir síðan góða grein fyrir ævisögulegu efni sem stóð á gömlum merg í íslensku menningarlífi fyrri alda. Ættfræðin hefur verið hluti af íslenskri menningu frá fyrstu tíð, eins og kunnugt er, og þróun ættartölurita hefur verið svipuð og sagnabáttanna að áliti Magnúsar:

Með beinaberum fróðleiknum um ættir fylgja stuttorðar klauser og smásagnir um sumt af því fólki sem við sögu kemur. Sams konar fróðleikur er ásamt munnmælasögnum og rituðum heimildum efniviður í samfelldari sögur, sagnabætti, af einstökum mönnum eða söfn sagna af þeim því oft er ekki um að ræða samfellda ævisögu heldur lauslega samtengdar smásagnir af sama manni. Ættfræði skipar oft veglegan sess í þessum ritum eins og við er að búast þegar litið er til rótanna og þess feiknarlega mannfræðiáhuga sem löngum hefur legið hér í landi.⁴

1 Hér mætti taka mörg skemmtileg dæmi en ég læt mér nægja að vísa í viðamikla rannsókn bandaríska sagnfræðingsins Eugens Webers, *Peasants into Frenchmen: The Modernization of Rural France 1870-1914* (Stanford, 1976).

2 Sjá Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 69-72. Sjá einnig bók Davíðs *Frá degi til dags*.

3 Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir*, bls. 74.

4 Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir*, bls. 75.

Loks nefnir Magnús einnig til sögunnar hinar svonefndu atburðasögur og héraðssögur sem oftast eru bundnar við tiltekna einstaklinga sem hafa haft áberandi áhrif á svæðinu. „Þær eru því mjög skyldar ævisögnum og atburðasögnum“, segir Magnús „en munurinn er sá að sögnum af ákveðnu svæði er safnað saman og mynda laustengda heild líkt og ævisögupættirnir sem hafa að geyma einstakar stuttar sagnir af sömu persónu og fyrir er minnst á.“¹

Berfættir sagnfræðingar – Öll handrita- og skjalasöfn landsins eru stútfull af efni sem flokkast með þjóðlegum fróðleik á einhvern hátt.² Við Davíð Ólafsson höfum haldið því fram í nýlegum ritsmíðum að alþýðufræðimenn á nítjándu öld, þeir sem skiluðu okkur stórum hluta þess efnis sem er varðveitt á handritasöfnunum, hafi gegnt margfalt stærra hlutverki við miðlun íslenskrar alþýðumenningar en áður hefur verið álitid.³ Við höfum lagt til að hugmyndir manna um útbreiðslu læsis séu teknar til gagn Gerrar endurskoðunar og þá sérstaklega hugmyndir um að kirkja og ríki hafi á átjándu öld haft úrslitaáhrif á læsi almennings í landinu. Loftur Guttormsson, sagnfræðingur og prófessor í Kennaraháskóla Íslands, hefur einkum haldið þessum hugmyndum á lofti og eignað þær píetismanum og hreyfingum í kringum kirkjuna sem og efldu ríkisvaldi.⁴ Sjálfur hef ég hafnað þessari hugmynd og lagt til að fræðafólk leitaði eftir styrk og stöðu íslenskrar alþýðumenningar með því að rannsaka sálarlíf einstaklinganna sjálfra með aðstoð persónulegra heimilda. Ég hef í bókinni *Menntun, ást og sorg* tengt erfiðar félagslegar aðstæður fólks, háa dánartíðni einstaklinga á öllum aldri (einkum barna), uppeldi og atvinnu ungs fólks og efnahag fjölskyldunnar við stöðu menntunar í landinu. Ég tel mig hafa sýnt fram á að börn og unglingar hafi flúið erfiðar tilfinningalegar aðstæður með því að leita á vit bókmennta og menntunar. Þangað sóttu þau siðferðislegar fyrirmyndir og leiðsögn í oft erfiðu og mótsagnakenndu lífi.⁵ Þar tel ég skýr-

1 Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir*, bls. 75-76.

2 Í þessu sambandi má vísa í skrá Kára Bjarnasonar handritavarðar yfir sjálfsævisögulegt efni sem varðveist hefur í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Skrána er að finna í bókarlok.

3 Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, „Barefoot Historians: Education in Iceland in the Modern Period.“ *Writing Peasants. Studies on Peasant Literacy in Early Modern Northern Europe*. Ritstjórar Klaus-Joachim Lorenzen-Schmidt og Bjørn Poulsen (Aarhus, 2002), bls. 175-209.

4 Loftur Guttormsson, „The Development of Popular Religious Literacy in the Seventeenth and the Eighteenth Centuries.“ *Scandinavian Journal of History* 15 (1990), bls. 7-35.

5 Ég ræði meðal annars um þessar hugmyndir í eftirtöldum greinum: „Siðferðilegar fyrirmyndir

inganna að leita á óvenju háu hlutfalli læsra einstaklinga í samfélagi sem treysti nær eingöngu á heimafræðslu.¹

Við Davíð Ólafsson höfum gengið enn lengra í rökum okkar. Við höfum hafnað því með mjög afgerandi hætti að lagasetning ríkisvaldsins og áhrif formlegra stofnana hafi ráðið úrslitum um útbreiðslu hinnar svonefndu alþýðumenningar, sérstaklega læsis. Þar komi til *þriðja aflið*, nefnilega alþýðufræðimennirnir sem sátu daglangt og árlangt við skriftir og dældu efni út í samfélagið. Þeir skiptu hundruðum á síðari hluta nítjándu aldar og eru mikið til ábyrgir fyrir því efni sem varðveist hefur í handritasöfnum.² Þeir voru nokkurs konar óformlegar stofnanir sem áhugasamir lesendur í samfélaginu áttu kost á að leita til. Handritamenningin skipaði mun mikilvægari sess í þessari sögu en áður hefur verið haldið fram. Flestir fræðimenn hafa horft mest til hinnar prentuðu menningar og þess vegna ekki komið auga á framlag hinna svonefndu neftóbaksskara. Verk þeirra voru álitin frumstæð og ónothæf fyrir fullgilda sagnfræðinga eins og áður var dregið á.

Alþýðufræðimennirnir vöktu yfir þessum verkefnum sínum. Þeir notuðu allar stundir sem gáfust til að lesa, skrifa og velta vöngum yfir umhverfi sínu. Þeir söfnuðu bókum og handritum, rituðu upp efni eftir munnmælum eða gömlum handritum í mun meira mæli en hægt er að ímynda sér auk þess sem þeir lánuðu samferðamönnum sínum oft lesefni eða skrifuðu upp úr handritum eftir pöntunum. Allt þetta tók mikinn tíma frá daglegu amstri þeirra og á meðan sultu þeir oft sáru hungri. Þessum hóp höfum við Davíð gefið heitið „berfættu sagnfræðingarnir“ („barefoot historians“), en nafnið er meðal annars dregið af erfiðum efnahagslegum aðstæðum þeirra.³ Við höldum því fram að starfsemi þessa hóps hafi verið svo gríðarlega umfangsmikil að hún hafi ráðið úrslitum fyrir framgang íslenskrar alþýðumenningar.

Sjálfur hefur ég rannsakað nokkra fulltrúa þessa fríða hóps sem eru ábyrgir fyrir framleiðslu hins svonefnda þjóðlega fróðleiks. Sveitarómaginn, lausamaðurinn, barnakennarinn, þurrabúðarmaðurinn og tukthúslimurinn Magnús Hj. Magnússon hélt til dæmis dagbók í nær aldartjórðung á síðari

á 19. öld.“ *Ný saga* 7 (1995), bls. 57-72; „From Children’s Point of View: Childhood in Nineteenth-Century Iceland.“ *Journal of Social History* 29 (Winter 1995), bls. 295-323.

- 1 Sjá umfjöllun í hefðbundnum anda um alþýðumenningu á Íslandi í inngangskafli Inga Sigurðssonar og Lofts Guttormssonar í bókinni *Alþýðumenning á Íslandi* sem kom út 2003. Sjá gagnrýni mína á verkið: „Ádrepa um alþýðumenningu.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 8. maí 2004.
- 2 Davíð Ólafsson, „Dagbækur í handritadeild Landsbókasafns.“ *Ritmennt* 3 (1998), bls. 109-131. Sjá einnig hina efnisteknu dagbókarskrá sem birt verður í bók hans *Frá degi til dags*.
- 3 Sjá Sigurð Gylfa Magnússon og Davíð Ólafsson, „Barefoot Historians“, bls. 175-209. Einnig má vísa í Davíð Ólafsson, „Skrifaðar í köldum og óhentugum sjóbúðum ...“ Sighvatur Grímsson Borgfirðingur og miðlun bókmenningar á Vestfjörðum á síðari hluta 19. aldar.“ *Ársrit Sögufélags Ísfræðinga* 43 (2003), bls. 229-243.

hluta nítjándu aldar og ákvað jafnframt að rita sjálfsævisögu auk þess sem hann hélt ýmsu til haga sem flokka má með þjóðlegum fróðleik. Magnús varð fyrirmynd að Ólafi Kárasyni Ljósvíkingi í *Heimsjóni* Halldórs Kiljans Laxness. Í mörgum mannlýsingum Magnúsar felast oft ótrúlegar sögur og mikil vitneskja um fortíð og samtið hans sem sýna ljóslega hið mikla starf hans á sviði alþýðufræðimennsku. Sem dæmi má taka eftirfarandi frásögn sem hefst með umfjöllun um handritauppskriftir sem Magnús segir jafnan samviskusamlega frá, en hér leiðir hún til mannlýsingar:

Gott veður, heiðbjart og stillt. Í þ.m. skrifaði ég upp *rímur* af *barndómi Jesú Krists*, eða *Mariurímur*, ortar 1654 af sr. Guðmundi Erlendssyni presti á Felli í Sléttuhlíð í Hegranesþingi. Eru þær rímur mjög óvída til. Í þessari sýslu (Ísafjarðar-) veit ég að eins af þeim í tveimur stöðum og er önnur afskriptin í eigu Sighvatar á Höfða, en hin er sú sem ég hef skrifað eptir, og er hún líka komin frá Sighvati og rituð með hans eiginhendi, en er nú eign Sveinbjarnar Kristjánssonar lausamanns á Flateyri. Sveinbjörn er kominn yfir þritugt að aldri, með góða hæfileika til sálar og lífs, á fyrri árum hans, í Dýrafirði viltist hann í óveðri og lá úti, en komst seint um síðir skriðandi á hnjám og höndum með þjáningum, heim til bæja; í þeim hrakningum kól hann svo að taka varð af honum aðra hendina, hina hægri, við olnboga, og svo framan af fingrunum á hinni vinstri, er hann því einhentur síðan, en getur þó gjört ótrúlega margt. Hefði hann ekki orðið fyrir því óhappi að missa hendina, hefði hann orðið meðal annars þjóðhagi á tré og járn. Hann (Sveinbjörn) er all-glaður í viðmóti, skemmtinn og fyndinn.¹

Þessi lýsing er ágætt dæmi um hvernig hinn forni menningararfur varðveittist í uppskriftum fólks öld fram af öld. Þessi þráður rofnaði aldrei. Fræðimennirnir leituðu hver annan uppi, sóttu hver í annars félagsskap og deildu með sér hinu sameiginlega áhugamáli, fræðunum. Það var þeirra yndi og oft eina yndið. Það er afar athyglisvert að á frekar afmörkuðu svæði á Vestfjörðum var að finna djúgan hóp fræðimanna og skáldyrðinga og er ástæða til að ætla að þeir hafi mótað menningarheim alþýðunnar að stórum hluta. Nokkra af þessum mönnum má telja „ofurfræðimenn“ og er þá einkum átt við Sighvat Grímsson Borgfirðing, Þórð Þórðarson Grunnvíking (sem ég minntist á fyrr í bókinni), Magnús sjálfan og bræðurna úr Strandasýslu, þá Halldór og Níels Jónssyni sem ég gerði skil í bók minni *Menntun, ást og sorg*. Þessir menn vissu allir hver af öðrum og í einhverjum skilningi má líta á þá sem igildi menningarstofnana eins og áður sagði. Við Davíð Ólafsson höfum reyndar gefið þessari óformlegu menningarstofnun sem tengdi ofan-

1 Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 28. febrúar 1899.

greinda menn heitið „Vestfjarðaakademían“. Þessir menn „framleiddu“ efni fyrir almenning, söfnuðu saman og varðveittu ýmiss konar fróðleik, unnu fræðigreinar í ættfræði, byggðasögu eða öðru sem tengdist sögu og birtu í blöðum um allt land. Það er óhætt að nefna þá „prentsmiðju fólksins“.¹ Áhrifa frá iðju þessara fræðimanna gætti vafalítið víða en færa má rök fyrir því að þau hafi verið stórlega vanmetin þegar framgangur íslenskrar alþýðumenningar hefur verið rannsakaður. Hitt er þó enn órannsakað hvaða áhrif þessar „óformlegu stofnanir“ höfðu á einstaklinga sem tengdust þeim – fólkið í landinu – og hvernig áhrif það samband hafði á framvindu alþýðumenningarinnar.

Ef tilvitnunin í frásögn Magnúsar er skoðuð enn frekar má sjá að inn í hana slæðist örlagasagan af Sveinbirni sem varð fyrir því óláni að missa aðra höndina. Magnús kenndi jafnan í bijósti um þá er höfðu á einhvern hátt orðið undir í lífinu. Hann hafði meðaumkun með lítilmagnanum og fór nær alltaf hlýjum orðum um hæfileika þeirra og tilvist. En Sveinbjörn hafði neista sem Magnús kunni að meta, fræðineista sem tengdi þá traustum böndum. Nokkrum dögum eftir þessa færslu, hinn 5. mars 1899, segir Magnús svo frá: „Jeg hélt frá Lambadal aptur út að Höfða til *Sighvats fræðimanns Grímssonar (Borðfirðings)* og gisti að hans um nóttina; svaf ég hjá Sighvati sjálfum, og bar margt á góma.“² Fræðimennirnir náðu sannarlega vel saman og það er engu líkara en þeir hafi ekki getað séð hvor af öðrum og viljað nýta tímann vel!

Það yndi sem Magnús hafði af samneyti við aðra fræðimenn kemur fram á margan hátt. Hann tók til dæmis saman skáldatal og taldi þar upp öll þau skáld sem hann þekkti, eða *skáldyrðinga* eins og hann nefndi þessa þján-ingabræður sína.³ Alls voru þeir tvö hundruð og tíu að tölu á öllu landinu samkvæmt skrá Magnúsar. Hann var aldrei kátari en þegar hann var sóttur heim af skáldyrðingi. Þegar þeir féllu frá voru þeir mærdir:

1 Kári Bjarnason handritavörður í handritadeild Landsbókasafns notaði eitt sinn þetta orðasamband þegar hann lýsti hinu mikla safni óprentaðra heimilda sem varðveitt er í Landsbókasafni. Sjá umfjöllun hans um menningararfinn í eftirfarandi riti: „María Guðsmóðir og menningararfurinn.“ *Fréttabréf Ættfræðifélagsins* 15 (febrúar 1997), bls. 3-12. Sjá einnig umfjöllun Sigurðar Gylfa Magnússonar og Davíðs Ólafssonar, „Barefoot Historians.“

2 *Lbs* 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 5. mars 1899.

3 *Lbs* 2235 4to – Gríma: „Skáld og hagarðingar á Íslandi 1902-03.“ Í bréfi sem Magnús sendi Þórði frænda sínum Þórðarsyni Grunnvíkingi lætur hann í ljósi skoðun sína á því hvernig hann er titlaður: „Blessaður, vertu ekki að skrifa mig sagnfræðing, því ég tek það fyrir háð, sem það og líklega er, því skens er mér alla tíð illa við. Það gjöri ég ekki öðrum.“ *Lbs óskráð* – Bréf Magnúsar Hj. Magnússonar til Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings, ritað á Suðureyri 17. mars 1913.

Um vorið andaðist í Önundarfirði (á Vöðlum?) Júlíus Sesar Þorsteinsson Breiðfirðingur, skrifari mikill, fæddur 12. júlí 1841. Hann var hár maður vexti og formannlegur á svip, skýr og fróður, þægilegur jafnan og orðheldinn. Ekki var honum kennt að skrifa í æsku og sjálfærði hann þá list um þrítugsaldur, og var hann þá sjómaður (við róðra) suður undir Jökli, en síðar skrifaði hann afarmikið, einkum rímur og sögur og er hann með þeim mestu í þeirri grein. Hann ritaði fallega og skilmerkilega hönd.¹

Magnús gerði jafnan grein fyrir því í dagbók sinni ef leiðir þeirra Sighvats Grímssonar Borgfirðings lágu saman svo og Þórðar Þórðarsonar Grunnvíking og fleiri sem töldust til alþýðuskálda og fræðimanna. Öðrum skáldum og verkum þeirra hældi hann ef honum þótti ástæða til: „Nýskeð voru prentaðar í Reykjavík: Rímur af Ingólfi landnámsmanni („Ingólfs rímur“) ortar af Símoni Dalaskáldi og með mynd hans framan við. Áhugi og dugnaður þess manns, við þessa ágætlega þjóðlegu list, rímnakveðskapinn, er aðdánlegur, og rétt einsdæmi á þessum tímum. Mun heilsa Símonar nú vera í góðu lagi, þar sem hann hefir afrekað slíkt verk á ný. Lengi lifi minning Símon Dalaskálds!“² Nokkrum dögum síðar segir hann frá dauða tveggja merkra fræðimanna: „5. þ.m. fórst bátur á Steingrímsfirði. Formaður: Sigurður Kárasón úr Bolungarvík. Hásetar: Halldór Jónsson bóndi í Miðdalsgröf, Jón E. Magnússon unglingspiltur í Steingrímsfirði og Sæmundur Benediktsson úr Bolungarvík, roskinn maður giptur, hógvær í lund og drengur góður.“³ Þarna segir Magnús frá fráfalli Halldórs Jónssonar dagbókarhöfundar sem ég hef fjallað nokkuð um í rannsóknum mínum.⁴ En Magnús hafði ekki lokið sér af þennan daginn:

Þann 20. þ.m. andaðist í Reykjavík hinn alkunni fræðimaður Jón Borgfirðingur, 86 ára gamall. Hann var einn af mestu forsvarsmönnum rímnakveðskaparins; er hans því sárt saknað af öllum, er unna slíkri snildarlist. Jón bókfræðingur var mikill maður vexti og formannlegur á svip. Ég sá hann einusinni, á Höfða í Dýrafirði sumarið 1895. Ég var þá staddur hjá

1 *Lbs* 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 19. ágúst 1910.

2 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 25. október 1912.

3 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. október 1912.

4 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*. Sjá einnig: *Bræður af Ströndum*. Nokkru síðar bendir Magnús á að hann hafi fengið bréf frá Þórði frænda sínum og þar kemur meðal annars þetta fram: „Nýlega hafði Þórður Þ. Grunnvíkingur ritað æfiminningu Halldórs Jónssonar, fræðimanns í Miðdalsgröf, er drukknaði í mannskaðanum á Steingrímsfirði 5. október þ.á.; er ritgerð sú prentuð í 43. tölublaði „Vestra“ þ.á. Segist Þórði þar vel. Nokkrar vísur hafði Þ. Grunnvíkingur og ort eftir Halldór fræðimann.“ *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 13. nóvember 1912. Sjá: Þórður Þ. Grunnvíkingur, „Eftirmæli.“ *Vestri* XI. árg. 43. tbl. 2. nóvember 1912, bls. 170.

Sighvati Gr. Borgfirðingi, fræðimanni á Höfða. Þangað kom og Jón Borgfirðingur, á fund Sighvatar, en hafði stutta viðdvöl, því hann var á ferð með gufuskipi er kom snöggvast inn til Þingeyrar.¹

Jón var ekki aðeins vinur Sighvatar því sonur hans Finnur Jónsson, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, hélt miklu og nánú sambandi við hann eins og raunar við fleiri fræðimenn á þessu svæði. Heimi hinna lærðu og alþýðumanna var á vissan hátt tvinnað saman á merkilegan hátt á síðari hluta nítjándu aldar.

Hafa verður í huga að hér að framan hefur verið fjallað um margs konar efni sem tengist þjóðlegum fróðleik en stór hluti þess er mjög markaður af sjálfsævisöglegrri tjáningu fólks á fyrri tímum. Allur er þessi menningarheimur vanmetinn og þá einkum vegna þess að fræðimenn, að undanskildum Magnúsi Haukssyni og örfáum öðrum, hafa ekki komið auga á hann og þar með verk þessara alþýðufræðimanna. Ég tel að það liggi hins vegar í loftinu að fræðimenn muni í auknum mæli snúa sér að innihaldi þessa margslungna efnis og slíkar rannsóknir muni varpa ljósi á kima menningarinnar sem lítið hefur verið fjallað um til þessa.²

Dagbækur og bréf

Dagbækur og bréf tilheyra flokki persónulegra heimilda og bæta ýmsum eiginleikum við aðrar ritaðar heimildir vegna nálægðar sinnar við atburðina sem þær lýsa. Þannig taka þær við þar sem kostum sjálfsævisögunnar sleppir.³ Dagbókin er sú heimild sem gefur til kynna í meiri smáatriðum og

1 *Lbs* 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: 31. október 1912. Þess má geta að út á spássíuna er strikað undir orðið *mikill* rétt á undan *maður* og bætt við *litill*, enda mun Jón Borgfirðingur hafa verið lágur maður vexti.

2 Í þessu sambandi má benda á að Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur hefur fjallað um fræðimenn í Skagafirði á líkum nótum og við Davíð Ólafsson um „Vestfjarðaakademíuna“. Þar var að finna öflugt samfélag manna sem hélt hópinn og hafði griðarleg áhrif á menningarstarfið á svæðinu. Sjá Viðar Hreinsson, „Íslenska akademían: Kotungar í andófi.“ *Skirnir* 173 (haust 1999), bls. 255–288. Í þessari „akademíu“ voru menn á borð við Gísla Konráðsson, Jón Espólin og jafnvel tuttugustu aldar maðurinn Kristmundur Bjarnason, svo einhverjir séu nefndir. Þessir hópar spanna því átjándu, nítjándu og tuttugustu öldina og höfðu áhrif hver með sínum hætti. Ekki má gleyma því að Viðar hefur síðan einbeitt sér að rannsóknum á einum af skagfirsku akademíunum, nefnilega Stephani G. Stephanssyni.

3 Ég hef fjallað ítarlega um kosti og galla dagbóka og bréfa sem sagnfræðilegra heimilda í bókinni *Menntun, ást og sorg*, bls. 45–68, og í *Kraftbirtingarhjómi Guðdómsins*, bls. 63–84. Hér á eftir verður stuðst við þá umfjöllun auk greinar minnar: „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli“, bls. 309–347, en þar ræði ég líka um styrkleika dagbókarinnar sem sagnfræðilegrar heimildar. Sjá einnig umfjöllun Davíðs Ólafssonar um þróun og ólíka eiginleika dagbóka í

með beinni hætti en flestar aðrar heimildir hvernig einstaklingar takast á við hversdagslífið. Þegar best lætur getur hún veitt ótrúlega nákvæma sýn á veruleika fólks og þá einkum þess einstaklings sem bókina heldur. Annar kostur góðrar dagbókar er að hún nær gjarnan yfir langt tímabil; mánuði, ár eða jafnvel áratugi. Sjaldgæft er að einstaklingar hafi þolinmæði til að færa daglega inn helstu atburði í lífi sínu, en þó er til dágóður fjöldi dagbóka-höfunda sem það gerir.¹

Virkir dagar – Mikilvægast er að hafa í huga að dagbækur eru skrifaðar frá sjónarhóli einstaklinganna sjálfra og snúast um hvernig þeir upplifðu atburði sem voru hluti af daglegu lífi allra þeirra sem fjallað er um í dagbókarskrifunum. Höfundurinn þarf aldrei að setja sig í sérstakar stellingar til að tjá skoðanir sínar enda skrifar hann dagbókina fyrst og síðast fyrir sjálfan sig.² Þetta er grundvallarmunur á dagbókum og nánast öllum öðrum heimildum, þar á meðal sjálfsævisögum. Heimildir sem ætlaðar eru til útgáfu eða vitað er að muni lenda í höndunum á öðrum koma alltaf til með að vera því marki brenndar að tekið er tillit til hugsanlegra lesenda. Vitneskjan um tilurð ákveðins lesendahóps, hvort sem hann er stór eða smár, hefur áhrif á innihald textans. Þessu kemst dagbókarritari hjá í langflestum tilfellum þó svo að vitað sé að margir þeirra hræðast augu umheimsins. Það er út af fyrir sig áhugavert að hugleiða á hvaða stigi höfundur fer að velta vöngum yfir væntanlegum lesendum þegar hann eða hún fellur frá. Allir

eftirtöldum ritsmiðum: Davíð Ólafsson, „Dagbækur í handritadeild Landsbókasafns“, „Að skrá sína eigin tilveru“, bls. 51-88; „Bækur lífsins. Íslenskar dagbækur og dagbókaskrif fyrr og nú.“ M.A.-ritgerð við Háskóla Íslands, maí 1999 (*Lbs-Hbs*). Sjá einnig væntanlega bók Davíðs, *Frá degi til dags*, en hún fjallar um þróun dagbókaskrifa hér á landi og í bókinni er birt efnistekin skrá yfir rúmlega tvö hundruð dagbækur sem er að finna í handritadeild Landsbókasafns. Einnig má benda á áhugaverða grein Svavars Hávarðssonar sagnfræðings í bókinni *Einsagan – ólíkar leiðir* en hún ber heitið „Dauðastund. Glima Björns Halldórssonar í Loðmundarfirði við líf og dauða“, bls. 195-223. Loðmundarfjörður hefur þá sérstöðu að af því svæði hafa varðveist fimm dagbækur frá síðari hluta nítjándu aldar og frá fyrri hluta tuttugustu aldar og Svavar hefur unnið með það efni allt eins og lesa má í B.A.-ritgerð hans sem heitir: „Loðmundarfjörður á síðari hluta 19. aldar. Vitnisburður persónulegra heimilda um daglegt líf og dauða.“ Háskóli Íslands, júní 1998 (*Lbs-Hbs*). Þess má geta að Loðmundarfjörður var tíu bæja samfélag.

- 1 Sjá efnistekna skrá Davíðs Ólafssonar yfir dagbækur í handritadeild Landsbókasafns sem vísað er til hér að framan.
- 2 Undantekningin frá þessari reglu eru menn á borð við Gísli Brynjúlfsson og Ólaf Davíðsson en báðir nýttu sér dagbókina með nokkru öðru móti en gert var lengst af á Íslandi. Sjá: Gísli Brynjúlfsson, *Dagbók í Hífn*. Eiríkur Hreinn Finnbogason sá um útgáfuna (Reykjavík, 1952). – Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt juka. Sendibréf og dagbókarbrot frá skólaárunum*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1955). Sjá einnig dagbók Ólafs sem varðveitt er í handritadeild Landsbókasafns þar sem Finnur tók út alla kafla sem taldir voru myndu særa siðferðiskennd lesenda: *Lbs* 2686 8vo – Dagbók Ólafs Davíðssonar.

sem unnið hafa með dagbækur hafa rekist á þau tímamót hjá dagbókarskrifara, það er þegar vart verður þeirrar hugmyndar að einhverjir aðrir muni ef til vill komast í efnið eftir þeirra dag. Það er þó erfitt að segja nákvæmlega til um hvort eða hvernig þessi hugmynd hafi síðan áhrif á tjáningu dagbókarritara. Eitt er víst að marga hefur hryllt við tilhugsuninni og hafa fyrirskipað að dagbækur þeirra yrðu eyðilagðar eftir þeirra dag. Hægt er að líkja slíkri aðgerð við sjálfsmorð – í það minnsta makalausan gjörning – þar sem sjálfi einstaklingsins er komið fyrir kattarnef.

Spyrja má hvort form dagbókanna sé ekki það mótað að nánast sé útilokað að breyta eða hnika því til í þeim tilgangi einum að vernda sjálfan sig?¹ Áleitnari er þó sú spurning hvort eða hvernig dagbókarhöfundur lítur ímynd (eða sjálfsmynd) sína og hvernig honum tekst að koma henni til skila á síðum dagbókanna. Getur sjálfsblekking orðið svo skipulögð og meðvituð að dagbókin dragi fram allt aðra mynd af höfundi en samtímamenn höfðu af honum? Þessu er að sjálfsögðu ekki hægt að svara með neinni vissu en þó má benda á að í slíkum tilfellum hlýtur blekkingin sem slík, það er ef hún kemur á daginn eftir einhverjum öðrum heimildum, að vera sögulegt viðfangsefni og þýðingarmikill vitnisburður um líf og hugsun viðkomandi.

Áhugavert er að hugleiða hver tilgangur dagbóka er í raun. Er eingöngu verið að skrá efnisatriði til minnis eða standa skrifin og tjáningin á öðrum grunni? Davíð Ólafsson rekur breytingar á dagbókafærslum í væntanlegu verki sínu *Frá degi til dags* með tilliti til tímans og þróunar formsins. Dagbækur breytast á nítjándu öld úr hefðbundnum skráningarbókum í tilfinningaríka miðlun efnis sem snertir persónulega reynslu höfundar. Ég er þeirrar skoðunar að enn séu tilfinningaleg áhrif af skrifunum sjálfum ókönnuð og að dagbókin verði iðulega vettvangur til sjálfssköpunar, að þar skilgreini höfundur sjálfan sig með meðvituðum eða ómeðvituðum hætti. Ég velti þessu fyrir mér vegna eigin reynslu af dagbókarskrifum. Þar á ég til að hugleiða stöðu eigin sjálfs og rita um hvernig og með hvaða hætti ég geti breytt gjörðum mínum og hugsunum. Skrifin verða þannig markviss leiðarvísir að „nýjum“ einstaklingi. Á þeim vettvangi ræði ég möguleika sem blasa við mér og hvað kosti ég telji vænlegasta í glímu minni við sjálfan mig, samfélagið og tímann. Þannig fer dagbókin að verða „vettvangur fyrir gerðir“ í stað textaforms sem miðlar reynslu. Ég legg áherslu á að þessi

1 Um þetta atriði er fjallað í bókinni *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins* þar sem brot úr dagbókum Magnúsar Hj. Magnússonar eru birt en hann hreinritaði allar dagbækur sínar og jók við þær. Í inngangskafli ræði ég um samspil dagbókarinnar, mannsins sjálfs og sjálfsmyndar hans: „Magnús og mýtan“, bls. 11–89.

virgni dagbókarskrifa getur verið að verki þótt menn velti sér ekki endalaust upp úr eigin stöðu í lífinu í textanum. Frásagnir af hversdaglegum viðburðum eins og veðrinu getur virkað á innri mann dagbókarritara með þeim hætti sem hér er lýst. Það að skrá ákveðna atburði í tiltekinni röð og með markvissum hætti daglega getur haft mikla sálarlega þýðingu fyrir þá sem taka sér slíka iðju fyrir hendur. Þýðingu skrifa af þessu tagi er ekki hægt að meta með góðu móti, í það minnsta hafa slíkar rannsóknir ekki verið gerðar á dagbókarskrifum hér á landi.¹

Við blasir að tilgangur dagbókarskrifa er í flestum tilfellum sáræinfaldur og heiðarlegur, það er að koma vissu skipulagi á lífið og líðandi stund. Í raun fæst dagbókarhöfundur oft við eitt flóknasta form tilverunnar sem er samspil manns og umhverfis. Dagbókin gefur lesendum tækifæri til að skyggjast inn í hugarheim einstaklingsins og kynnast því hvernig hann hugsaði um samhengi lífs síns. Þetta er hægt vegna þess að dagbækur eru í langflestum tilfellum færðar samdægurs, sem þýðir að atburðirnir eru ferskir í minni höfundar þegar upprifjunin fer fram. Óhætt er að undirstrika mikilvægi hinna daglegu færslna. Sýn sem er þýðingarmikil í huga dagbókarhöfundar að kveldi dags getur hafa dofnað og virkar jafnvel óáhugaverð daginn eftir eða er beinlínis gleymd með öllu. Hið smáa og hversdagslega sem á stundum virkar bæði broslagt og lítils virði er nákvæmlega það sem gerir dagbókina að þeirri verðmætu heimild sem hún er. Þegar best lætur eru smáatriði lífsins tíunduð af ákafa og nákvæmni og öllu því sem markvert getur talist eru gerð skil og það sett í samhengið sem hefur mesta þýðingu, nefnilega líf mannsins sjálfs. Þó svo nálægðin við atburðina sem þykja í frásögur færandi sé mikil, þá er það fyrst og fremst hin kviku og ósjálfráðu viðbrögð höfundarins við aðstæðum og fyrirbærum sem athygli vekja, atriði sem hafa ekki farið í gegnum síu mats á gildi þeirra fyrir líf höfundarins nema að mjög takmörkuðu leyti.

Um leið og hrátt „minningaflód“ dagbókanna telst til mikilvægra kosta þeirra, þá veldur það ákveðnum vanda við að nota dagbókina sem heimild. Þetta er um leið enn eitt atriðið sem greinir hana frá sjálfsævisögunni. Úrvinnslu höfundar á löngum tímabilum vantar oftast algjörlega. Stundum kemur það fyrir að dagbókarhöfundar líta í lok árs yfir farinn veg og meta stöðu sína. Þar á sér stað samantekt sem oftast er þó í símskeytaformi; stutt og ópersónuleg.

Í þessu sambandi langar mig til að taka dæmi af Halldóri Jónssyni,

1 Ég vísa hér í umfjöllun mína í I. hluta – Sögur í sögum – þar sem ég ræði samsetningu persónulegra heimilda minna, þar á meðal dagbókanna.

bónda í Miðdalsgröf, og dagbókarskrifum hans, en hann hélt dagbók í tuttugu og fjögur ár. Á hverju ári tók Halldór saman í dagbók sinni yfirlit ársins sem hann nefndi svo, en það var nokkurs konar uppgjör við atburði ársins sem var að liða. Þessi yfirlit gefa nokkuð sérstæða mynd af hugsun Halldórs og mati hans á því sem hann taldi vera markvert. Halldór kveður aldamótaárið 1900 á eftirfarandi hátt:

Með þessum degi er þá árið, og öldin nítjándi á enda; jeg læt mjer ekki detta í hug að skrifa hjer neitt í tilefni af aldamótunum, en aðeins minnst á eitt og annað sem mjer þykir minnisverðast á liðna árinu hjer í kring, og þó allt í molum.

Hey gáfust mikið til upp víða, þó veturinn gæti ekki harður kallast en fje allstaðar í góðu standi. Heyskapur gekk vel þar til 3 vikum fyrir leitir að brá til óþurka, og hraktist allt hey meira og minna eptir það og varð úti á sumum stöðum. Sprettu var fremur góð, sumstaðar ágæt. Heimtur góðar á fje í haust. Afli með betra móti, í haust urðu um og yfir 100 kr. hl(utur) hjá nokkrum, sem ljetu blautt. Verslunin erfið eins og fyr. Pöntun með minna móti fje seldist fremur vel en ull kjöt ofl. óselt enn. Seinni part sumars og haustið stormasamt sjerstaklega er mönnum minnisstætt veðrið sem gerði á sunnan og vestan 20. sept. gekk það yfir allt land og skemdi allsstaðar meira og minna. Reif hún og feykta heyi stórkostlega til skaða. Faulk sumstaðar nál. 100 hestum, en manntjón varð ekkert hjer um slóðir eða stórkostlegur skaði á húsum. Dagana 8-10 nóv. gerði ákafann norðan byl og fennti þá fje og hesta, (18 hestar fenntu og hröpuðu og 50-60 fjár fennti til dauðs hjer í nærsveitunum), kona varð úti í þeim byl Kristín að nafni Hannesdóttir úr Saurbænum. Bátur brotnaði í spón á Kollafjarðarnesi, sem Sig. á Broddanesi átti. Það var sama daginn sem vestanveðrið mikla var, nl. 20. sept. sem kjósa átti þingmann fyrir Strandasýslu, en þá var ófært veður svo að engir komu á kjörfund, og er því þingmannslaust hjer. Það sem helst hefur verið að umræðuefni nú um tíma hjer meðal almennings er kosningarleiðangur Ingimundar Magnússonar bónda í Snartartungu. Hann hefur nú farið sýsluna á enda og reynt að smala sjer atkvæðum til þingkosningar með öllum mögulegum og ómögulegum hætti. Hefur honum orðið dálítið ágengt í sumum hreppum sýslunnar t.d. Árnes- Kaldr. og Hrófbergshreppum, en í hinum eru atkvæðisloforð hans víst teljandi. Hann er að flestra áliti, sem eitthvert skynbragð bera á málefnið alls óhæfur til þingmennsku, og hjeraðinu til stór hneisu að senda slíkan mann á þing, þar sem þó að líkindum er völ á miklu hæfari mönnum til þess starfa. En það er vonandi að hann komist ekki á þing í þetta sinn fyrir það fyrsta.

Með framförum má telja það, að 2 timburhús hafa verið byggð hjer í stað torfbæja nl. á Tröllatungu og í Stórafjarðarhorni. Í Stórholti í Saurbæ var líka byggt stórt timburhús í ár. Lestrafjelögin hjer í Tungusveit og

Kollafirði dafna heldur vel; en lítið orð fer af þeim í hinum hreppum sýslunnar, sem þau hafa verið stofnuð í, en þau þróast og dafna máske í kyrþey. Unglingaskólinn á Heydalsá heldur áfram og eru á honum 10-12 nemendur, einna flest úr sveitinni (Tungusv.) sem verið hefur. Sigurgeir Ásgeirsson er þar kennari eins og fyrr.¹

Það er engu líkara en nálægðin sé of mikil við atburðina, að höfundur dagbókarinnar nái ekki að hefja sig upp yfir liðandi stund og meta stöðu sína. Áramót eru ef til vill heldur ekki nægilega afgerandi skil í ævi fólks til þess að það geri raunverulega tilraun til að meta stöðu sína á sama hátt og gerist í sjálfsævisögunum þegar fjallað er um ferminguna eða önnur mikilvæg kennileiti á mannsævinni. Hvað sem öðru líður er víst að í dagbókum er að finna endalaus smáatriði úr daglegu lífi fólks en lítið sem ekkert mat á mikilvægi þeirra í bráð eða lengd. Þetta eðli dagbókarinnar gerir það að verkum að hún geymir ekki aðeins gríðarlegt magn upplýsinga um hversdaglegt amstur fólks heldur opinberar hún í mörgum tilfellum dýpstu hugsanir dagbókarhöfundar sem skráðar eru því sem næst í hita leiksins, ef svo má að orði komst. Allt gerir þetta dagbókina að þýðingarmikilli heimild en að sama skapi vandmeðfarinni.

Tvö dæmi – Dagbókin er þegar best lætur ákaflega áhrifamikill samtímaspeggill. Hún nær að opinbera stöðugt samspil hversdagslífs, einstaklinga, samfélags og stofnana á sérlega upplýsandi hátt. Ég ætla í þessu sambandi að taka tvö nýleg dæmi sem eru lýsandi fyrir slagkraft heimildarinnar:

Árið 1968 fékk ungur Bandaríkjamaður upphringingu frá áhrifamiklum manni í Washington D.C. sem spurði hvort hann hefði áhuga á að gerast starfsmannastjóri Hvíta húsin (sambærilegt við stöðu forsætisráðherra í Evrópulöndum) og þjóna Richard Nixon sem þá hafði verið kosinn forseti landsins í nóvembermánuði sama ár. Sá sem þarna er um rætt, Bob Haldeman, var þegar hér var komið sögu aðeins þrjátíu og fimm ára gamall. Hann bað um umhugsunarfrest, lagði símtólið á og gekk inn í stofuna á heimili sínu og sagði gestkomandi vini sínum, sagnfræðingnum Robert Ruthland, tíðindin. Sá hvatti hann eindregið til að taka að sér embættið og það sem meira var, hann stakk upp á því að Haldeman héldi nákvæma dagbók um allt sem drifi á daga hans í starfinu. Það taldi hann að enginn maður í slíkri stöðu hefði gert í allri sögu Bandaríkjanna og hér væri því um

1 *Lbs* 1866 8vo – Dagbók Halldórs Jónssonar frá Miðdalgröf: 31. desember 1900. Sjá einnig umfjöllun mína í *Morgunblaðinu* um tímamót í lífi fólks: „Stórviðburðir ársins í skuggsjá ungs manns á níjtjándu öld.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 28. febrúar 1998.

sögulegt tækifæri að ræða. Stephen E. Ambrose sagnfræðingur, sem ritaði inngang að bók sem löngu síðar birti valin dagbókarbrot Haldemans, benti á að þar hefði Ruthland haft á réttu að standa. Dagbókin sé engu lík og ómetanleg sem heimild.¹

Skemmst er frá því að segja að Bob Haldeman tók ekki aðeins að sér embættið og gegndi því frá árinu 1969 allt til þess dags þegar Nixon sagði af sér 30. apríl 1973 heldur hélt hann ótrúlega nákvæma dagbók öll árin sem hann sat í stóli starfsmannastjóra Hvíta húsin.² Dagbækur Haldemans urðu frægar þegar þær flæktust inn í Watergate-hneykslið á sínum tíma. Hann gerði nefnilega þau mistök að geyma þær í læstri hirslu í Hvíta húsinu þar sem þær voru merktar sem trúnaðargögn. Þar með urðu þær meðal mikilvægustu sönnunargagna í Watergate-málinu.

Það var engin furða að áhugi sérstaks saksóknara í Watergate-málinu beindist að dagbókum Haldemans. Starfsmannastjórinn hafði tekið áeggjan vinar síns svo hátíðlega að þegar hann kom heim, stundum eftir tólf til fimmtán klukkustunda vinnudag, settist hann oft í rúma klukkustund og skráði hvað fram hefði farið þennan tiltekna dag í Hvíta húsinu. Þannig vann hann í um heilt ár en þá tók hann upp skilvirkari aðferðir. Haldeman hóf að tala inn á segulband frásögn af atburðum dagsins. Og ekki sló hann slöku við færslurnar frekar en fyrri daginn; þannig má nefna að þegar hann fór með Nixon til Moskvu í opinbera heimsókn gerði hann sér lítið fyrir og sat í brunagaddi að loknum vinnudegi úti í brimvörðu ökutæki forsetans og talaði inn á segulbandið. Bifreiðin var álitin eini staðurinn í allri Moskvuborg sem Sovétmenn næðu ekki að hlera. Með þessari þrautseigju og iðni varð til ótrúlega merkileg heimild um valdatíð Richards Nixons og hvernig hún kom nánasta samstarfsmanni hans fyrir sjónir. Tilviljun réð því síðar að dagbókin varð að sönnunargagni í dómsmáli, eins og áður sagði, en öruggt má telja að hún á eftir að nýtast fræðimönnum framtíðarinnar þegar rannsóknarefni eins og samspil fólks, stjórnkerfis og valdhafa verður til skoðunar. Haldeman taldi einmitt að hann væri að búa til mikilvæga heimild fyrir sagnfræðinga með því að skila rétt um sjö hundruð og fimmtíu þúsund orða dagbók til komandi kynslóða (meðalbók er um hundrað þúsund orð!).

Tuttugu og fimm árum eftir að búið var að dæma í Watergate-málinu gaf Haldeman loks dagbækurnar út. Hann náði þó ekki að sjá þær í hillum bókabúða því hann lést úr krabbameini nokkru fyrr. Engin vafi leikur á að

1 Stephen E. Ambrose, „Introduction.“ *The Haldeman Diaries. Inside the Nixon White House* (New York, 1994).

2 H.R. Haldeman, *The Haldeman Diaries. Inside the Nixon White House*. Með inngangskafila og lokaorðum eftir Stephen E. Ambrose (New York, 1994).

hér er um afar áhugaverða samtímaheimild að ræða. Watergate-málið gerir þær að óvenjulegri heimild í alla staði en hinu má ekki gleyma að í þeim birtist ekki síður mikilvæg sýn á *valdið* og stöðu þess í nútímanum, sýn sem erfitt væri að greina án dagbókarfærslna af þessu tagi.

Síðara dæmið sem mig langar til að gera að umtalsefni tengist Íslandi nútímans. Hinn 15. október 1998 tók ég, ásamt hópi fólks, þátt í að hrinda í framkvæmd menningarátaki sem nefnt var „Dagur dagbókarinnar“.¹ Þar var farið af stað í nafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Þjóðminjasafns Íslands og þjóðin beðin um að afhenda gamlar dagbækur til varðveislu í handritadeild Landsbókasafns og um leið að halda dagbók þennan tiltekna dag og afhenda þjóðhátadeild Þjóðminjasafns afraksturinn. Það var ekki að sökum að spyrja að mikið efni skilaði sér. Rúmlega sex þúsund Íslendingar skiluðu dagbókarfærslum sínum fyrir þennan dag og fáir dagar í Íslandssögunni eru jafn vel skráðir og þessi. Þarna varð til efni sem engan grunaði að væri jafn fjölbreytt og mikilvægt og raun bar vitni. Framkvæmdanefndin las allar sex þúsund dagbókarfærslurnar sem bárust og úr því efni voru valin hundrað áttatíu og níu sýnishorn sem birt voru í sérstakri bók sem nefndist *Dagbók Íslendinga*.² Í ljós kom við yfirlestur að dagbókarbrotin sem bárust í áttakinu gefa merkilega mynd af daglegu lífi Íslendinga í lok tuttugustu aldar. Þarna verður í framtíðinni hægt að rannsaka tákn og ímyndir sem tengjast hversdagslífinu, siðum og venjum ólíkra aldurshópa og mismunandi háttum kynjanna svo nokkuð sé nefnt. Í einhverjum skilningi verður hægt að kanna með nokkuð afgerandi hætti sjálfsmýnd þjóðarinnar eins og hún birtist 15. október 1998.

Ýmislegt vakti athygli mína við yfirlestur þeirra sex þúsund dagbókarfærslna sem bárust í áttakinu. Til dæmis kom í ljós að „þjóðin“ vaknaði mun fyrr á morgnana en ég hafði gert mér grein fyrir, því margir fara á stjá upp úr klukkan sex á hverjum degi. Erill margra barna og barnafjölskyldna er ótrúlegur, stíf dagskrá frá því eldsnemma á morgnana og fram yfir miðnætti á mörgum heimilum. Skólinn, íþróttir, tónlistarnám, kórastarf, dans og ótal önnur áhugamál eru sótt af miklu kappi og eljusemi. Lítið er

1 Framkvæmdanefnd Dags dagbókarinnar var skipuð auk mín þeim Hallgerði Gísladóttur, forstöðukonu þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns Íslands, Sigurborgu Hilmarsdóttur, safnkennara á Þjóðminjasafninu, Kára Bjarnasyni, handritaverði í handritadeild Landsbókasafns Íslands og Gunnari Hersveini, blaðamanni á *Morgunblaðinu*. Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur kom að áttakinu sem starfsmaður þess um tíma. Ég tók saman fimmtíu blaðsíðna skýrslu um átakið sem er að finna á heimasíðu minni www.akademia.is/sigm undir kvínni: Dagur dagbókarinnar.

2 *Dagbók Íslendinga. Úrval úr dagbókum frá 15. október 1998*. Ritsstjórar Sigurborg Hilmarsdóttir og Sigþrúður Gunnarsdóttir (Reykjavík, 1999).

gefið eftir í erli hversdagsins. Það sem vakti þó mesta athygli mína er hve tjáningarháttur dagbókarritara var mismunandi og skiptist þar algjörlega milli kynslóða. Fólk á miðjum aldri og eldra var formlegt í framsetningu og jarðbundið. Form dagbókanna stjórnaði mjög stíl þess og tjáningu. Tungumálið var nýtt á líkan hátt og þekkist í opinberum miðlum þar sem reynt er að hugsa hverja setningu til enda og textinn allur er byggður upp á röklegan hátt. Unga fólkið var miklum mun fjálsara í forminu, tungumálið var sveigt og beygt að þörfum tjáningarinnar og öllum reglum kastað fyrir róða. Flæði textans var fyrir bragðið meira og frásagnir hljóðmeiri; tilfinningarnar fengu að fljóta um síðurnar. Ég hygg að hér sé komið óvenju áhugavert rannsóknarefni sem fræðimenn eiga eftir að nýta sér í framtíðinni.

Hinn hluti átaksins fólst í að fá fólk til að afhenda gamlar persónulegar heimildir eins og dagbækur, sendibréf eða aðrar tegundir einkaskjala frá átjándu, níjtjándu og tuttugustu öld. Rétt eins og í fyrra þætti átaksins brugðust landsmenn ákaflega vel við ákalli okkar. Eitt af markmiðunum var að leiða landsmönnum fyrir sjónir mikilvægi þess að koma gömlum dagbókum, sendibréfum og öðru slíku efni í öruggt skjól safnanna. Við vildum einnig nota tækifærið til að sýna almenningi fram á að hægt væri að afhenda persónuleg gögn af þessu tagi með skilyrðum, þannig að þau kæmst í vörslu safnanna en lytu notkunarreglum sem eigendurnir gætu sett. Það er skemmst frá því að segja að almenningur brást vel við þessum hugmyndum okkar og inn í handritageymslur Landsbókasafns streymdu ómetanleg gögn til varðveislu.

Allir sem eitthvað hafa komið nálægt einkaskjölum skilja mikilvægi þess að eiga þess kost að nálgast þau og nota við rannsóknir sínar. Við sem stóðum að degi dagbókarinnar vildum aðeins tryggja að þessi gögn kæmst í hús – sum voru afhent með kvöðum en önnur eru opin öllum. Í fyllingu tímans verða öll gögn opin almenningi og fræðimönnum.

Ólík viðbrögð – Deilan um persónuleg gögn Halldórs Kiljans Laxness, sem upp kom á haustdögum árið 2003, leiddi í ljós viðhorf sem eru til þess fallin að grafa undan sambandi safnanna, fræðimanna og almennings. Í ítarlegri úttekt *Morgunblaðsins* á deilumálinu öllu 1. október 2003 lét Sverrir Jakobsson, sagnfræðingur og formaður Hagþenkis, í ljós þá skoðun, þegar hann var spurður um rétt einstaklinga til að takmarka aðgang annarra að gögnum sem þeir afhenda söfnum, að hann væri ótvíræður:

Hins vegar er það oft óráðlegt og að mínu mati ofnotað. Hvers vegna er fólk að gefa skjöl sem eru svo viðkvæm að enginn má lesa þau? Það má auðvitað hugsa sér að ákveðin mál geti verið viðkvæm í dag, en ekki síðarmeir.

Almennt finnst mér þetta þó ofnotað og fólk of taugaveiklað um að einhverjir sjái þessi gögn. Opinber söfn eiga ekki að vera geymslustaður fyrir gögn sem eiga best heima heima hjá fólki.¹

Nákvæmlega sömu viðhorf komu aftur og aftur fyrir í málflutningi Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, prófessors í stjórnmálafræði, sem blandaðist mjög í þetta mál.² Ég hygg að hér komi fram viðhorf sem geti skaðað samband almennings og safna. Í hugsunarleysi geysast fræðimenn fram á ritvöllinn og tjá sig um efni sem er viðkvæmt og auðvelt er að koma í upp-nám. Tryggja verður samband almennings, þeirra sem hugsanlega vilja gefa heimildir sem eru í þeirra eigu, og safna. Afar mikilvægt er að sambandið sé virkt og að fyrrnefndi hópurinn geti treyst því að skilyrði sem sett eru haldi. Dagur dagbókarinnar miðaði meðal annars að því að leiða fólki fyrir sjónir að það ætti kost á að koma viðkvæmum persónulegum gögnum í öruggt skjól handritasafna þar sem þau myndu um síðir nýtast fræðimönnum í rannsóknum þeirra. Mikill ávinningur er að góðu aðgengi einkaskjala fyrir fræðimenn. Þó settar séu tímabundnar hömlur á notkun þeirra breytir það ekki þeirri staðreynd að ávallt er fengur að slíkum gögnum í handritasöfnum. Oft eru gögn af þessu tagi ómetanleg, heimildir sem birta sýn höfundar á hversdagslífið sem ekki er hægt að nálgast annars staðar.

Í áðurnefndri Morgunblaðsgrein var einnig talað við Guðmund Hálf-danarson sagnfræðiprófessor og Ögmund Helgason, þáverandi forstöðumann handritadeildar Landsbókasafns, sem áttuðu sig greinilega á mikilvægi þessara tengsla milli handritasafnanna og almennings. Allt sem þeir sögðu miðaðist við að draga úr þeim skaða sem þegar var orðinn og tryggja að handritasöfn í landinu nytu áfram trausts almennings.

Niðurstöður dagbókardagsins sýna í reynd hve frjó heimild dagbókin getur verið og möguleikarnir til áhugaverðra rannsókna með hana að vopni virðast vera ótæmandi. Það sem meira er, hún er tæki í höndum almennings í daglegu amstri, og svo hefur verið um langt skeið. Það er því ómetanlegt

1 „Mikilvægt að rétturinn til takmörkunar sé fyrir hendi.“ *Morgunblaðið* 1. október 2003.

2 Hér má til dæmis vísa í bréf sem Hannes Hólmsteinn sendi stjórn Rithöfundasambandsins og vildi meðal annars fá úr því skorið hvort hægt væri að loka tilteknum heimildum og vísaði þar til upplýsingalaga. Sjá: „Bréf til stjórnar Rithöfundasambands Íslands.“ *Morgunblaðið* 6. október 2003. Sjá einnig ítarlega umfjöllun *DV* um málið í heild sinni 2. október 2003. Þar var meðal annars viðtal við Sigrúnu Klöru Hannesdóttur landsbókavörð og Hannes Hólmstein. Segja má að Guðni Elísson, dósent í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, hafi í stuttri en snarpri grein náð að greina aðalatriðin í þessu máli með því að benda á að mikilvægt væri að sömu reglur giltu hér á landi eins og annars staðar í heiminum, að viðkvæm gögn væri hægt að vernda og setja notkun þeirra ákveðnar skorður. Sjá „Frá Gljúfrasteini að Hólmsteini.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 18. október 2003.

að fanga íhuganir fólks með þessum hætti og fá tækifæri til að rannsaka merkingu hugmyndaálífs þess.

Bréf sem heimild – Sendibréf eru svipaðar heimildir og dagbækur í þeim skilningi að tíminn milli þess sem atburðir gerast og heimildin er skráð er langoftast stuttur. Bréfin hafa þó þá sérstöðu að í þeim er oft að finna ákveðna samantekt um atburði liðinna vikna, mánuða eða jafnvel ára. Á nítjándu öld voru bréf oft skrifuð eins og dagbækur, þannig að fólk ritaði eitthvað á hverjum degi í tiltekinn tíma. En aðalmunurinn á bréfum og dagbókum er sá að hvernig sem að bréfaskriftum er staðið, þá lætur sá sem bréfið skrifar það venjulega frá sér á endanum. Vissan um að bréfið lendi í höndum viðtakanda getur bæði virkað hamlandi fyrir tjáningu bréfitara en einnig hvetjandi. Stundum hika bréfitari ef til vill við að segja nákvæmlega það sem honum býr í bijósti en einnig er hægt að hugsa sér að bréfitari noti tækifærið og létti af sér oki hversdagsins við einhvern sem hann eða hún heldur að geti gefið sér góð ráð. Bréfið er síðan sett í póst og bréfitari sér það í flestum tilvikum aldrei framar. Hvetjandi aðstæður geta til dæmis verið fyrir hendi þegar viðtakandi bréfsins býr fjarri bréfitara og þeir búast jafnvel ekki við því að hittast í náinni framtíð. Staða og tengsl bréfitara og þess sem fær bréfið getur skipt miklu um hið tilfinningalega stig sem tjáning bréfitara nær. Það er engu líkara en landfræðileg nálægð þessara tveggja einstaklinga geti ráðið þar úrslitum; að bréfitari treysti sér frekar til að létta á hjarta sínu ef viðtakandinn verður ekki á vegi hans á næstunni.¹

Á síðari árum hafa margir ungir sagnfræðingar tekið til við að nýta sér bréf á annan hátt en fræðimenn fyrr á tuttugustu öld gerðu. Jákvæð viðhorf í garð heimildarinnar einkenna umfjöllun þessara fræðimanna. Fram hafa komið óteljandi notkunarmöguleikar þegar kostir bréfa eru ræddir sem hafa lengst af legið í þagnargildi og ekki náð inn á verkefnalista sagnfræðinga. Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur er einn þeirra fræðimanna sem hefur beitt hugvitsamlegum leiðum við notkun bréfa og tengt rannsóknir sínar við

1 Um þessi atriði ræði ég í bók minni *Menntun, ást og sorg*, bls. 52-55. Sigrún Sigurðardóttir sagn- og menningarfræðingur hefur rannsakað samspil bréfitara og viðtakanda eins og það kemur fram í bréfaskriftum nítjándu aldar manna. Sjá eftirfarandi verk: Sigrún Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á nítjándu öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 145-169; *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*. Þá má benda á fleiri greinar í bókinni *Einsagan – ólíkar leiðir*, eins og grein Krístrúnar Höllu Helgadóttur, „Hagir prestsekkna“, bls. 89-111. Loks hefur Erla Hulda Halldórsdóttir unnið mikið með bréf kvenna á nítjándu öld. Sjá til dæmis: „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57-94.

einsöguna. Sigrún ræðir áherslur sínar í bókinni *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur* á eftirfarandi hátt:

Einstaklingurinn fær ekki skilið sjálfan sig óháð orðræðunni; ekki frekar en hann fær skilið orðræðuna óháð sjálfum sér. Með því að rannsaka heimildir, t.a.m. bréf, dagbækur og réttarskjöl sem greina frá skynjun einstaklingsins og skoðunum hans, hafa svonefndir einsögufræðingar varpað ljósi á hvernig orðræða samfélagsins mótar sjálfsmynd einstaklingsins og þar með hegðun hans. Þeir hafa sýnt fram á hvernig einstaklingurinn túlkar orðræðuna á sínum eigin forsendum. [...] Þar sem aðferðafræði einsögunnar er mér mjög að skapi er það von mín að umfjöllun um orðræðuna, sköpunina og frelsi einstaklingsins sem vitsmunarveru komi til með að opna augu lesenda fyrir því að notkunarmöguleikar bréfa sem sagnfræðilegra heimilda eru óþrjótandi þar sem persónuleg bréf fela í sér fleira en upplýsingar um einstakar persónur og samfélagslegar aðstæður.

Túlkun hvers lesanda er háð gildismati hans og reynslu, hún lýtur rökfræðilegum lögmálum (þar sem lesendur eru óhjákvæmilega háðir vestrænni orðræðu sem upphafur hið röklega) um leið og hún byggir tilvist sína á sköpunargáfu hans; sköpunargáfu sem opnar fyrir manningum áður óþekktar heildir og er nauðsynleg forsenda þess að hann geti myndað ný merkingarsambönd og varpað nýju ljósi á þann veruleika sem hann leitast við að skýra, hvort heldur er fyrir sjálfum sér eða öðrum.¹

Eldri kynslóð sagnfræðinga frá tuttugustu öld hefur nálgast heimildina á allt annan hátt. Heimildin er fyrst og fremst nýtt til að staðfesta atburði eða aðstæður sem til umfjöllunar eru, en þó mest til að varpa ljósi á pólitíska framvindu samfélagsins. Páll Eggert Ólason hefur þessi varnaðarorð uppi um sendibréfið í eftirmála að ævisögu Jóns Sigurðssonar sem hann ritaði í lok þriðja áratugarins:

Eina heimild að eins vill höfundur dvelja við lítið eitt; það eru sendibréf. Þessi öld, hin 19., er réttnefnd sendibréfaöld með Íslendingum.

Sú heimild er mjög varhugaverð, að mati höfundar þessa rits. Illmælgir, þvaður og rógur vellur, sem hroði, út úr miklu þess háttar heimilda. Illgirnir er oft svo auðsæ, að hvern mann hlýtur að hrylla við, þann er les, þótt fótur sé fyrir sumum fréttaburðinum. Það er háttur sumra höfunda með öðrum þjóðum að tína fram ýmsar svívirðingar úr sendibréfum liðinna daga eða einkamál manna, sem þeir hafa birt í trúnaði, til þess að kitla lesendur; einkum þykir matarbragð að, ef menn komast yfir ástamál manna, og er ekki örgrannt, að hér á landi sé tekið að votta fyrir þessu sama. Höfundur

1 Sigrún Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, bls. 35.

þessa rits hefir megnustu óbeit á öllum slíkum frásagnarhætti, enda hefir hann forðazt að taka nokkuð þess háttar upp í rit þetta. Hver maður á í fylgsnum sínum innst inni launungarmál, og þó að hann hafi í nauð eða angist trúað vini sínum fyrir slíku einkamáli og það sé til varðveitt í bréfi, þá er yfir því sú helgi trúnaðar, sem höfundur þessa rits telur óhæfu að rjúfa, og þann ræktarlausan rannsóknamann, er það gerir að nauðsynjalausu, þó að gögnin um það berist upp í hendur honum.¹

Hér tæpir Páll Eggert á stórmerkilegu máli sem ég held að fáir fræðimenn deili með honum nú um stundir. Tímarnir hafa svo sannarlega breyst og staða einkamála með. Ætli megi ekki segja að þetta viðhorf heyri nú að mestu fortíðinni til og að fræðimenn hiki ekki við að nýta sér persónuleg bréf á þann hátt sem þeim finnst best henta, það er ef efnið varpar á annað borð ljósi á einstaklinginn sem er til umræðu og þá orðræðuhefð sem hann tilheyrir.

Umráð yfir minningum – Þrátt fyrir allt virðist enn eima eftir af gömlu viðhorfunum til bréfa sem heimilda. Á síðum *Fréttablaðsins* birtist haustið 2003 pistill eftir Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmann og rithöfund sem nefndist „Einkabréf“. Þar kveður við nokkuð óvenjulegan tón í garð þessarar heimildar, eiginlega sama tón og heyra mátti í skrifum Páls Eggerts á öðrum og þriðja áratug tuttugustu aldar. „Ef allt það sem ég hef skrifað niður á blað um dagana“, segir Þráinn í ofan nefndum pistli,

væri til á prenti væri auðvelt að finna því stað að í þessu jarðlífi hafi ég verið dómharður, fordómafullur, smásálarlegur, hrokafullur, óheiðarlegur, hégómlegur, rættinn og öfundsjúkur. Það væri auðvelt að sanna að ég hafi verið sekur um kvenfyrirlitningu, kynþáttafordóma, hómófóbíu, einræðishyggju og andúð á lýðræðinu. Það væri auðvelt að sanna að ég hafi verið óþjóðhollur, ágjarn og undirföruill.²

Ef mark væri takandi á orðum Þráins er þessi tegund heimilda lítills virði fyrir fræðimenn. Það væri nefnilega hægt að segja hvað sem er um alla þá sem eitthvað hafa skilið eftir sig af einkaskjölum. Freistandi er að álykta að pistillinn hafi verið skrifaður í kjölfar þeirrar ákvörðunar erfingja Halldórs Kiljans Laxness að setja skorður við notkun bréfasafns skáldsins sem varðveitt er í handritadeild Landsbókasafns Íslands. Í það minnsta hafði sú ákvörðun erfingjanna orðið heilmikið blaðafni dagana á undan en hún

1 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson*, bls. 424.

2 Þráinn Bertelsson, „Einkabréf.“ *Fréttablaðið* 29. september 2003.

fylgdi í kjölfar þess að tveir fræðimenn voru að skoða safnið á sama tíma vegna ritunar ævisögu Halldórs Kiljans.¹ Annar þeirra Hannes Hólmsteinn Gissurarson, sem eins og kunnugt er hefur verið ákafur fylgismaður fjáls-
hyggjustefnunnar um árabíl, hafði lýst því yfir í viðtölum að hann ætlaði að afhjúpa ýmsa hulda þætti úr lífi skáldsins, persónulega þætti sem ekki hafði verið fjallað um áður. Því miður brást fjölskylda Halldórs Kiljans Laxness við á þann hátt að loka safninu fyrir Hannesi Hólmsteini, en slíkt úrræði er að mínum dómi mikið óheillaspor og á sér vart fordæmi. Þáverandi for-
stöðumaður handritadeildar, Ögmundur Helgason, hélt því þó fram að ekkert væri óeðlilegt við það að setja skorður við notkun persónulegra gagna af þessu tagi.² Það er sannarlega rétt og mikilvægt er að eiga kost á því við afhendingu gagna að þau séu lokað í tiltekinn tíma, eins og rakið var hér að framan, en ég hygg að það séu engin fordæmi fyrir því að bréfasöfnum eða öðrum skjölum sé lokað löngu eftir að þau eru tekin til varðveislu og hafi verið opin almenningi og fræðimönnum.³ Í það minnsta er ljóst að Hannes Hólmsteinn hafði unnið um tíma að rannsóknum á þessum bréfum án þess að við það hafi verið gerðar athugasemdir, enda hefur hluti safnsins verið í vörslu handritadeildar um árabíl, eftir því sem landsbókavörður, Sigrún Klara Hannesdóttir, hélt fram í blaðaviðtali í tilefni af málsatvikum. Það athyglisverða við viðbrögð landsbókavaraðar er að hún hafnar þeirri skýringu að þessi gjörningur fjölskyldu Halldórs Kiljans Laxness sé fullkomlega eðlilegur. Sigrún Klara bendir á að „það sem kannski er sérstakt í þessu máli er að það er verið að loka þeim [handritunum] núna þegar gögnin hafa verið í húsinu frá 1996.“⁴ Ljóst er að erfingar Halldórs Kiljans Laxness sættu sig ekki við skýringar Sigrúnar Klöru og um hrið gengu klögumálin á víxl milli landsbókavaraðar og þeirra.

1 Sjá forsiðufrétt í *Fréttablaðinu* sem bar yfirskriftina: „Bréfasafni Laxness lokað óviðkomandi.“ *Fréttablaðið* 27. september 2003. Þar er greint frá því að Halldóri Guðmundssyni bókmenntafræðingi og Helgu Kress, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, sé einum veitt heimild til að vinna með þessar heimildir næstu þrjú árin.

2 Þessi skoðun Ögmundar Helgasonar kemur fram í áðurnefndri forsiðufrétt *Fréttablaðsins* og í viðtölum við hann í öðrum fjölmiðlum dagana á eftir.

3 Landsbókavörður fékk Erlu S. Árnadóttur til að semja álitsgjörð um stöðu þessara gagna innan safnsins og frá niðurstöðum hennar var greint í *Morgunblaðinu*. Fram kemur að bréfasafn Halldórs Kiljans Laxness hafi verið afhent kvaðalaust árið 1996 og aftur árið 2000. Þess vegna hafi Landsbókasafnið forræði yfir því. Hins vegar verði safnið að virða tilmæli ekkju skáldsins um að takmarka aðgagn þeirra bréfa sem Halldór sjálfur samdi en að hún hafi enga lögsögu yfir þeim bréfum sem honum bárust. Sjá „Bréfasafn Halldórs Laxness afhent Landsbókasafni án nokkurra kvaða.“ *Morgunblaðið* 31. október 2003.

4 „Segir málið skaða minningu skálds. Viðtal við Sigrúnu Klöru Hannesdóttur landsbókavörð.“ *Fréttablaðið* 30. september 2003.

Því miður sýna dæmi úr fortíðinni að ættingjar sem hafa reynt að stjórna minningunni um látna einstaklinga hafa teft orðsþori þeirra í tvísýnu.¹ Ég hygg til dæmis að umdeild afskipti afkomenda Gunnars Gunnarssonar rithöfundar af minningu hans hafi nær gengið af verkum hans dauðum. Í það minnsta skipar Gunnar Gunnarsson ekki þann sess í huga þjóðarinnar sem hann verðskuldar. Fræðimenn hafa hikað við að fjalla um hann þar sem þeir eiga það á hættu að ættingjarnir samþykki ekki fræðilega umfjöllun um skáldið ef efnistökin eru þeim ekki þóknanleg. Ögmundur Helgason nefnir einmitt í framangreindu viðtali við *Fréttablaðið* að safn Gunnars sé lokað og enginn komist í það nema með leyfi ættingjanna. Hætt er við að slík stjórnun leiði til ákveðinnar ritskoðunar á skrifum um skáldið sem fáir fræðimenn geta sætt sig við; að sumir fræðimenn séu fjölskyldunni þókn-anlegir en aðrir ekki.

Sjálfur hef ég lent í máli þar sem ákveðinn afkomandi þjóðþekkt ein-staklings snerist gegn útgáfu á bréfum hans. Þetta mál kom upp í sambandi við útgáfu bréfa Þorsteins Erlingssonar skálds og Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum.² Það mál endaði með yfirlýsingu Erlings Þorsteinssonar í blöðum þar sem hann nefndi mig óheilindamann fyrir að hafa gefið út þessi bréf skáldsins án samþykkis hans.³ Það sanna í málinu er að bréfin voru gefin út að áeggjan barnabarns Erlings og eiganda bréfanna, Helgu Guðrúnar Jónas-dóttur, fyrrverandi varaþingmanns, í minningu móður hennar. Málið varð öllum sem að því komu afar hvítleitt. Við sem unnum að útgáfunni töldum okkur hafa staðið heiðarlega að öllum þáttum málsins en það dugði ekki til. Minningu skáldsins varð að verja með góðu eða illu að áliti Erlings Þor-steinssonar og fyrir bragðið er öll umfjöllun um Þorstein Erlingsson í skötulíki.

1 Fram kemur í viðtali við Guðnýju Halldórsdóttur (Laxness) að viðbrögð fjölskyldunnar hafi fyrst og fremst mótað af rannsóknnum Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar þó svo að annað hafi verið gefið til kynna dagana á undan: „Hannes Hólmsteinn var í handritadeildinni með heila ljósrítunarsveit“, segir Guðný í umræddu viðtali og bætir því við að fjölskyldan hafi reynt að stoppa þetta en því hafi ekki verið sinnt: „Þess vegna fórum við fram á að bréfasafninu yrði lokað.“ *Fréttablaðið* 30. september 2003.

2 *Orð af feldi*.

3 Erlingur Þorsteinsson, „Athugasemd frá eina núlifandi erfingja Þorsteins Erlingssonar skálds.“ *Morgunblaðið* 15. apríl 2000. Þessari yfirlýsingu Erlings var svarað bæði af Helgu Guðrúnu Jónasdóttur, barnabarni Erlings, og af mér, Kára Bjarnasyni meðritstjóra mínum og forstöðumanni Háskólaútgáfunnar Jörundi Guðmundssyni. Sjá: Helga Guðrún Jónasdóttir, „Yfirlýsing frá erfingjum Asthildar Erlingsdóttur.“ *Morgunblaðið* 20. apríl 2000. – „Yfirlýsing frá aðstandendum Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar.“ *Morgunblaðið* 20. apríl 2000. Um þessa útgáfu var töluvert fjallað í blöðum á þessu tímabili, einkum vegna þess að önnur útgáfa sömu bréfa kom út um líkt leyti. Sjá til dæmis grein Silju Aðalsteinsdóttur, „Bréf Þorsteins Erlingssonar og Ólafar á Hlöðum í tveimur útgáfum: Heitar bréfaástir.“ *DV* 10. apríl 2000; „Enn um bréfaástir Ólafar og Þorsteins: Málin skýrast.“ *DV* 12. apríl 2000.

Málin sem hér hafa verið reifuð eru áhugaverð vegna þess að tekist er á um minningu þjóðþekktra einstaklinga. Í því sambandi má spyrja: Hver á minningu skálda og listamanna, eða annarra opinberra einstaklinga sem hafa í vissum skilningi gengið þjóðinni á hönd? Það er ekkert nýtt að bitist sé um hver á skáldin og verk þeirra og hugsjónir. Fulltrúar stjórnmalaflokka hafa reynt að eigna sér hlutdeild í þjóðþekktum einstaklingum en ef til vill er óvenjulegasta málið í þessu sambandi hið svonefnda „beinamál“ Jónasar Hallgrímssonar skálds. Það spannst vegna flutnings jarðneskra leifa lista-skáldsins góða til Íslands, en eins og Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur rekur skilmerkilega í bók sinni *Ferðalok*, þá tókust ýmsar pólitískar og ópólitískar hreyfingar á um minningu skáldsins með það í huga að kaupa sér aðgang að „menningarlegu auðmagni“ sem því tengist.¹ Eitthvað svipað var trúlega að gerast í atinu um minningu Halldórs Kiljans Laxness.²

Afstaða ættingjanna er þrátt fyrir allt mjög skiljanleg. Það er auðvitað sárt ef fjallað er um fólk sem maður tengist tilfinningaböndum á óviðurkvæmilegan hátt. En þegar allt kemur til alls eru vítin til að varast þau. Með ákveðinni stjórnun á minningu skálda og listamanna er tekin sú áhætta að minning þeirra falli í gleysku. Hvert höfundarverk kallar á gagnrýna umfjöllun og því er fullur aðgangur að gögnum skálda og rithöfunda nauðsynlegur þegar allt kemur til alls.

Þráinn Bertelsson skýrði ekki nákvæmlega hvað hann átti við þegar hann sagði að hægt væri að tileinka honum alla þá lesti sem fyrirfinnast í mannheimum með því að lesa bréfasafn hans. Það má örugglega til sanns vegar færa – hann ætti að vera dómbær um það sjálfur. En Halldór Kiljan Laxness á sér fáa líka. Hann er maðurinn sem ætlaði sér á táningsaldri að slá í gegn og sigra heiminn. Sá maður var að skrifa ævisögu sína alla tíð.

1 Sjá Jón Karl Helgason, *Ferðalok*. Jón Karl fjallar um Halldórmálið í grein í *Lesbók Morgunblaðsins* sem nefnist „Hver á Halldór Laxness?“ *Lesbók Morgunblaðsins* 18. október 2003. Þetta hugtak, menningarlegt auðmagn, eða annað svipað sem nefnist „táknrænt auðmagn“ notar Pierre Bourdieu í greiningu sinni á samfélögum en það myndast með ýmsu móti eins og vegna ættartengsla, vináttutengsla eða hugmyndafræðilegra tengsla. „Táknrænt auðmagn“ er því nokkurs konar bandalag um hagsmuni sem oft eru varðir með kjafti og klóm. Sjá: *An Invitation to Reflexive Sociology*. Pierre Bourdieu og Loïc J.D. Wacquant (Chicago, 1992), en þar er víðar fjallað um þetta hugtak og önnur með svipaða merkingu.

2 Enn ein fréttaskýringin hefur verið rituð um mál Halldórs Kiljans Laxness og erfingja hans, sjá grein Reynis Traustasonar, „Átök um lífshlaup Halldórs Laxness.“ *Fréttablaðið* 1. október 2003. Í sama blaði er frétt um átök fjölskyldu Laxness og forsætisráðuneytisins undir forsæti Davíðs Oddssonar, helsta bakhjarls Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, um heimili skáldsins að Gljúfrasteini. Sjá: „Nemi kortleggur safn Nóbelskálds.“ Önnur fréttaskýring var um málið í *Morgunblaðinu*: „Mikilvægt að rétturinn til takmörkunar sé fyrir hendi.“ *Morgunblaðið* 1. október 2003.

Bréfasafn hans verður að lesa með það í huga að hann er þjóðþekktur einstaklingur sem ætlaði sér að koma persónulegum bréfum sínum á safn. Hann vissi, með öðrum orðum, að menn eins og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, eða aðrir líkir, myndu leggjast yfir safn hans til að „sanna“ að hann hefði átt hlut í helstu fólksuverkum tuttugustu aldar eða stundað einhverja aðra iðju á æviferli sínum sem orkaði tvímælis.¹ Og Halldór Kiljan Laxness vissi líka að slík viðhorf hefðu ekkert að segja fyrir mat fjöldans á lífsstarfi hans. Það yrði alltaf metið að verðleikum hjá þeim sem hefðu yfirvegað skoðun á mikilvægi hans fyrir íslenskt menningarlíf. Af þessum ástæðum er ekkert að óttast. Orðstír Halldórs Kiljans Laxness verður metinn eftir öðrum kvörðum en hinni pólitísku vog kalda stríðsins. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að ættingjarnir hafi gert mistök með því að stíga það óheillaspor að loka safninu um ótiltekinn tíma.

Helgi einkalífsins – Orð Páls Eggerts Ólasonar um helgi einkamála, sem vitnað var til hér að framan, eru í vissum skilningi enn í fullu gildi og mikilvægt er að brýna fyrir fræðimönnum sem öðrum að umgangast heimildir af þessu tagi með varúð og af nærgætni. Í þessu sambandi er óhætt að vísa í siðareglur sagnfræðinga sem fjalla sértaklega um þessi atriði öll.² Bergsteinn Jónsson prófessor ræðir sama vandamál í sambandi við notkun bréfa í fyrirlestri sem hann flutti á fyrsta íslenska sögubpinginu sem haldið var árið 1997.³ Varnaðarorð hans eru mikilvæg:

Okkur ber öllum skylda til að þegja yfir því sem okkur var trúað fyrir, svo framarlega sem sú þögn skaðar ekki einhvern, sem saklaus hefur mátt líða, t.d. fyrir að hafa legið eða liggja undir ósönnu ámæli. Þá er og þess að gæta, enda þótt eyrun kunni að klæja undan gamalli eða nýrri hneykslissögu, áður en henni eru fengnir fætur, hvort hún særir ekki einhverja, sem sízt hafa til sakar unnið.

- 1 Hér er vísað í frægan fyrirlestur Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar á Laxnessþingi sem haldið var vorið 2002 þar sem hann gerði tengsl skáldsins og Stalintímans að umtalsefni.
- 2 Sjá heimasíðu Sagnfræðingafélags Íslands: www.akademia.is/saga en þar eru siðareglur félagsins sem samþykktar voru á aðalfundi þess 12. september 2000 með atkvæðum yfir áttatíu prósent fundarmanna.
- 3 Bergsteinn var einn þeirra sagnfræðinga sem ritaði stutta fræðilega sjálfsævisögu í bókina *Íslenskir sagnfræðingar*. Seinna bindi. *Viðhorf og rannsóknir* (Reykjavík, 2002). Hann nefndi hana: „Ágrip af sjálfsævisögu manns sem hefur haft meiri ánægju af sögu en sagnfræði“, bls. 179-188. Í þessari skinandi skemmtilegu sjálfsævisögu má kynnast þeim skóla sem Bergsteinn stundaði þar sem hann nam undir handleiðslu margra eldri sagnfræðinga og hvernig þau viðhorf sem þar var haldið á lofti mótuðu viðhorf hans til heimildanna og fræðanna almennt.

Með nokkrum sanni mætti líkast til jafna þeim sem les annarra manna sendibréf – í leyfisleysi – við þann sem liggur á hleri og snuðrar þannig upp trúnaðarmál fólks, sem hann varðar ekki um. Það væri þá að bæta gráu ofan á svart að hlaupa út um borg og bý með þannig fengna vitneskju.¹

Páll Eggert leit ekki eingöngu neikvæðum augum á sendibréf því hann taldi þau geta reynst mikilvæga heimild fyrir sagnfræðirannsóknir. En bréfritarar á nítjándu öld fengu svo sannarlega á baukinn hjá Páli Eggerti:

Hitt er annað, að sendibréf eru, með nærgætinni meðferð, eigi að síður merk heimild, má vera, stundum, eigi sízt um bréfritarana sjálfa, innræti þeirra, meir en þá myndi hafa grunað sjálfa. Að því leyti hefir höfundur að sjálf-sögðu notað þessa heimild, þótt með fullri varúð sé, sem sjá má af ritinu sjálfu. Fáir eru þeir á þessum tímum hinna þjóðkunnari manna, sem sleppa undan mannorðsexi sendibréfanna, sumir að makleikum. Þetta er ekki sagt vegna Jóns Sigurðssonar; hann þarf ekki þeirrar varnar, því að hann sleppur hreinlegast allra út úr þessari mannorðsbrennu samtíðar sinnar (tvö ill-girnisleg þvættingsbréf tveggja manna, sem höfundur þessa rits hefir rekizt á, eru að réttu dómur um bréfritarana sjálfa og mættu vera þeim einum til vanvirðu, ef nokkur vildi virða þá þess að birta þau; getið er þeirra beggja á sínum stöðum í riti þessu). Þeir eru fáir bréfritarar, sem vaxa við það að kynnast þeim af sendibréfum sjálfra þeirra. Eftir alla þá kös af sendibréfum, sem höfundur þessa rits hefir lesið frá þessari öld, er þess eins ógetið, að Jón Sigurðsson er einn þeirra fáu manna, sem þolir full kynni að þessu leyti; einnig þar sker hann sig úr.²

Páll Eggert bendir hér á það sem öllu skiptir, sem sé að bréf geta gefið mikilvæga sýn á veruleikann og það er engin ástæða til að hræðast notkun þeirra. Þráinn Bertelsson virðist hins vegar hafna þessum vitnisburði fyrri tíðar: „Dauðasyndirnar sjö eru tryggir förunautar okkar á lífsleiðinni. Við erum breisk og vitum það vel. Starf og lífshlaup í heild sinni er hins vegar vitnisburðurinn um hvernig okkur gengur í baráttunni við að hemja breiskleika okkar.“³ Það er nákvæmlega af þessum ástæðum sem mikilvægt getur verið að komast í einkaskjöl í líkingu við sendibréf. Þau gefa fræðimönnum kleift að kanna hina „mennsku“ hlið viðfangsefnisins. Við erum öll breysk þó svo að sögubækur eins og þær sem ritaðar hafa verið á stund-

1 Bergsteinn Jónsson, „Eftir ævilangt samneyti við sendibréf ...“ *Íslenska söguþingið*. 28.-31. maí 1997. *Ráðstefnurit* II. Ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík, 1998), bls. 14.

2 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson*, bls. 425.

3 Þráinn Bertelsson, „Einkabréf.“

um um Jón Sigurðsson gefi annað til kynna. Ástæðan er einfaldlega sú að heimildirnar hafa ekki boðið upp á að „hin hliðin“ á einstaklingum sé skoðuð. Við íslenskum lesendum hefur eingöngu blasað hin formlega hlið einstaklinga á borð við Jón Sigurðsson og Halldór Kiljan Laxness. „Við virðum einkalíf hvers annars“, segir Þráinn Bertelsson (nokkuð sem draga verður sterklega í efa), „og temjum okkur ákveðnar umgengnisreglur til að varðveita virðinguna. [...] Þess vegna er það ósiður að hnýsast í einkabréf eða einkamál annarra eða liggja á gluggum og skráargötum.“¹ En það er nú einu sinni hlutverk fræðanna að komast að sem gleggstum upplýsingum um hugtök, fólk og atburði og sendibréf eru með allra bestu heimildum um þann mikilvæga þátt í lífi okkar, nefnilega hversdagslífið sjálft.²

Eins og áður sagði liggur munurinn á sjálfsbókmenntum á borð við sjálfsævisögur annars vegar og bréf og dagbækur hins vegar fyrst og fremst í því að tíminn sem liður frá atburðinum og þar til upprifjunin fer fram er mislangur. Því fyrr sem skráningin á sér stað, því minni samantekt er um að ræða. Eftir því sem fjær dregur atburðinum á sér stað meiri samantekt og óhjákvæmilegt er að vitnið leggi huglægt mat á það sem gerðist og á þátttakendur í atburðarásinni (sem er reyndar alltaf raunin hvenær sem upprifjunin á sér stað). Þegar smáatriði lífsins gleymast höfundi sjálfsævisagna rís upp heildarmynd alls lífshlaupsins, mynd sem skortir í dagbækur og bréf. Í þeim heimildum er á hinn bóginn að finna texta sem eru fullir af skyndimyndum hversdagslífsins. Þær myndir geta verið ómetanlegar fyrir sagnfræðinga og aðra fræðimenn en um leið afar erfiðar viðfangs á öllum stigum vísindalegra rannsókna.

Fræðilegir spurningalistar og viðtöl

Ef hægt er að segja að sjálfsævisögur byggist á sjálfsprottinni hvöt, þá má líta svo á að fræðilegir spurningalistar og viðtöl séu afurðir tilbúins ferlis sem verður til eftir forskrift fræðimanna og byggist á akademískum leik-

1 Þráinn Bertelsson, „Einkabréf.“

2 Gunnar Karlsson heldur á lofti svipuðu viðhorfi í sambandi við smáatriði sögunnar og Þráinn hefur til notkunar bréfa. „Eins eru ástæður þess að einn bóndi ákvað að taka sig upp og flytjast til Ameríku ekki stórt sögulegt atriði. En ef við getum náð saman í heild ástæðum þúsunda þekkjum við orsakir stórfelldra þjóðflutninga. Það væri hnýsni um einkamál að reyna að komast að því hvers vegna Guðrún Jónsdóttir giftist ekki. En ef ástæðurnar eru sameiginlegar nógu mörgum konum getur það bæði varpað ljósi á líf og hamingju þjóðfélagshóps og skýrt fólksfækkun. Þannig eru smáatriði ekki ómerkileg ef þau eru látin tengjast í skýnsamlegar heildir. Sé hins vegar ekki tengt saman verður flest að ómerkilegum smáatriðum.“ Gunnar Karlsson, *Baráttan við heimildirnar*, bls. 55-56.

reglum.¹ Þessar heimildir hafa margt fram yfir sjálfsævisögur þar sem hægt er að stjórna efninu; hvað er rætt og hversu mikið rúm hver efnispáttur fær í heimildinni. Þær hafa hins vegar þann ókost að minningin sem er dregin fram er að öllu jöfnu þvinguð þar sem um er að ræða „umbeðna“ upprifjun, oftast á atvikum eða fyrirbærum úr fortíðinni sem heimildarmaður gerir tilraun til að rifja upp eftir bestu getu. Vandinn við þá upprifjun er hins vegar sá að hún er að öllu jöfnu ekki í nægilega góðum tengslum við almennt lífshlaup heimildarmannsins og því verður erfitt að greina hvað er byggt á hans eigin reynslu og hvað er aðfengin vitneskja.

Þó svo draga megi upp frekar neikvæða mynd af þessum heimildum fer samt ekkert á milli mála að þær búa yfir miklum kostum. Þeir koma meðal annars fram í því að hægt er að stýra rannsóknarspurningunum inn á svið sem höfundar flestra sjálfsævisagna láta sig litlu skipta. Þannig býður þessi aðferðafræði upp á tækifæri til að draga fram í dagsljósið fjölbreyttari mynd af mannlífinu. Með því að beita lífsferilsgreiningu (e. *life-course analysis*) við uppbyggingu spurningalista og fræðilegra viðtala má nýta minni fólks um leið og reynt er að beina því eftir þekktum brautum lífshlaupsins.² Spurningarnar eru markvisst tengdar við lífsferil heimildarmannsins og hann beðinn um að rifja upp liðna tíð eftir bestu getu.³ Þetta gerir það að verkum að það sem leitað er eftir er kallað fram í minninu í tengslum við persónulega reynslu heimildarmannsins og því verður þess vegna síður ruglað saman við vitneskju sem fengin er af bókum eða frá öðrum.

Spurningaskrár – Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands hefur frá árinu 1960 safnað margvíslegum heimildum um efni sem tengjast áhuga-sviðum þeirra sem fást við félagssögu. Það var Kristján Eldjárn þjóðminja-vörður og síðar forseti Íslands sem reið á vaðið og hóf þessa söfnun. Síðan hefur deildin, bæði undir forystu Árna Björnssonar þjóðháttafræðings og

1 Sjá umræðu um þetta efni í grein Jóns Jónssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar, „Heimskuleg spurning fær háðulegt svar. Orð og æði – Minni og merking“, bls. 47-56. Umtfjöllunin hér á eftir er byggð á þessari grein.

2 Um lífsferlisgreiningu hef ég fjallað í grein sem nefnist: „Alþýðumenning á Íslandi 1850-1940“, bls. 265-320.

3 „Daglegt líf í dreifbýli og þéttbýli á 20. öld.“ Spurningaskrá 86 þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands, 1994. Ég er höfundur þessarar skrár en hún var send út til 500 einstaklinga með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Skráin var byggð upp þannig að stuðst var við helstu kennileiti í lífshlaupi hvers manns og mótaðar spurningar í samræmi við það. Svörin sem fengust voru óvenjugóð og yfirgripsmikil og eiga örugglega eftir að hafa góð áhrif á rannsóknir sagnfræðinga. Sjá til dæmis grein Sigurðar Gylfa Magnússonar, „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 137-177, en þar eru einmitt svör heimildarmanna nýtt við rannsóknir á stöðu kynjanna.

Hallgerðar Gísladóttur sagnfræðings, safnað efni með ítarlegum spurningalistum um fjölbreytt svið samfélagsins eins og félagsmenningu, lífshætti og lífskjör, siði og venjur. Þá hefur einnig verið safnað miklu efni um verklag og vinnubrögð og ótal þætti efnisheimsins. Spurningaskrárnar eru nú orðnar rúmlega eitt hundrað og eru margar þeirra mjög umfangsmikilar. Í safni deildarinnar er að finna svör heimildarmanna á mörg hundruð þúsund blaðsíðum.

Flokka má spurningar þjóðhátadeildar niður í þrjá hópa. Í fyrsta lagi eru spurningar sem taka til þjóðháttafræðilegra viðfangsefna (eins og þau hafa verið stunduð og skilgreind til skamms tíma), snúa einkum að hefðum og venjum frá liðinni tíð og beinast mjög að ýmsum málum tengdum tækjum, tólum og vinnubrögðum fólks. Í öðru lagi eru sagnfræðilegar spurningar sem beinast frekar að ákveðnum tímabilum í sögunni, landsvæðum, einstökum atburðum úr sögunni eða jafnvel fyrirbærum úr þjóðlífinu. Í þriðja og síðasta lagi eru spurningar sem eru í eðli sínu persónulegar og snerta nánast eingöngu einstaklingsbundna reynslu. Þessi síðasti liður nýtist vel fræðigreinum á borð við þjóðfræði, bókmenntafræði og sagnfræði, og opnar möguleika til viðtækrar könnunar á reynslu fólks.

Fleiri atriði er vert að hafa í huga í sambandi við ofangreinda flokka.

A. Fyrsti flokkurinn er þess eðlis að hægt er að fullyrða að allir geta svarað þessari tegund spurninga. Þar reynir mest á reynslu fólks og minni. Ef fólk hefur til dæmis reynslu af söltun síldar, þá á það að geta gefið lýsingu á verklagi við vinnsluna. Þessi tegund spurninga getur verið varhugaverð ef heimildamenn þekkja ekki til rannsóknarefnisins af eigin raun. Erfitt getur reynst að greina á milli þess sem fólk hefur lesið í bókum og þess sem heimildarmaður hefur upplifað sjálfur. Þess vegna eru spurningar af þessum toga erfiðar og svörin oft villandi ef þau eru ekki sett í rétt samhengi.

B. Sögulegar spurningar reyna umtalsvert meira á þann sem svarar. Ekki er nægilegt að heimildarmaður hafi gott minni og hafi sjálfur reynslu af þeim atburðum eða fyrirbærum sem spurt er um, heldur verður hann einnig að setja slíka atburði í visst sögulegt samhengi; bæði á þeirri stundu er hann upplifir og einnig þegar kemur að því að svara spurningaskrár þjóðhátadeildar. Með öðrum orðum þá reynir ekki aðeins á minnið heldur á skilning viðkomandi á atburðunum og eigin stöðu í sambandi við þá.

C. Þegar spurt er um ævi einstaklingsins, þroska hans, tilfinningalíf og samneyti við aðrar manneskjur reynir verulega á margþætta skynjun hans og hæfileika til að tjá sig. Einstaklingurinn sjálfur er settur í öndvegi. Ef síldarárin eru enn tekin til skoðunar má lýsa greinarmuninum með dæmum.

Þjóðháttasurning úr fyrsta flokki gæti dregið fram lýsingu á hlífðarklæðnaði á söltunarplaninu, spurning úr öðrum flokki myndi hugsanlega vísa til skipsskaða eða endaloka sildarævintýrisins og afleiðinga þess fyrir efnahagslíf ákveðinna byggðalaga. Í þriðja flokki mætti spyrja beint um persónulega reynslu heimildarmanns af sildarvinnunni, hvort og hvernig skipskaðar snertu hann, áhrif vinnuálagsins á hann sjálfan og hvaða skilning hann leggur í hina margrómuðu „sildarstemningu“.

Þýðingarmikið er að reyna að móta allar spurningar þannig að þær falli innan þriðja flokksins. Fyrir því eru góð og gild rök. Lykilatriðið er að auðvelda heimildamönnum að greina á milli þess sem þeir hafa upplifað sjálfir og þess sem þeir hafa lesið af bókum. Ég er þeirrar skoðunar að tenging við persónulega reynslu fólks tryggi slíka nálgun. Þó má segja að spurningar um þjóðháttaleg efni séu nauðsynlegar við túlkun á efnismenningu. Rökin fyrir uppbyggingu spurningaskránnar miðast við það að einstaklingarnir sem svara spurningunum eigi þess kost að draga fram eigin sjálf á eins greinilegan hátt og mögulegt er. En til þess að það sé hægt verður að leita markvissra leiða að því marki.

Heimildasjóður þjóðháttadeildar er orðinn afar umfangsmikill en úrvinnslan úr honum gengur öllu hægar en söfnunin. Örfáir sagnfræðingar hafa nýtt sér þessar heimildir og rannsóknaraðferðir sem þær bjóða upp á.¹ Ekki leikur nokkur vafi á því að efnið mun nýtast fræðimönnum í framtíðinni vel til rannsókna á síðari hluta nítjándu aldar og á tuttugustu öldinni allri. Þá má einnig geta þess að töluverðu efni hefur verið safnað á vegum þjóðháttadeildarinnar með viðtölum og hafa þá starfsmenn deildarinnar og námsmenn í tímabundinni vinnu farið á dvalarheimili aldraða og unnið að slíkum verkefnum. Þar hefur þekkingunni sem þróuð hefur verið á þjóð-

1 Bæði ég og Jón Jónsson, meðhöfundur minn að greininni frá söguþinginu 1997, höfum reynslu af rannsóknum á gögnum þjóðháttadeildarinnar. Hér er meðal annars átt við ritgerð Jóns sem hann skrifaði í námskeiði mínu sem hét „Sjálfsævisögur og sagnfræði“ og ég hélt á haustönn 1995 við sagnfræðiskor Háskóla Íslands: „Til þess eru vitin að varast þau. Um heimildir á þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins.“ (E). Þá má einnig minna á viðamikla rannsókn mína á fjölmörgum skráum safnsins. Sú vinna byggist meðal annars á því að ég kom öllum gagnagrunni þjóðháttadeildar á geisladisk sem gjörbylti notkunarmöguleikum heimildarinnar. Sjá Sigurð Gylfa Magnússon, „Tilraun til úrvinnslu. *Milliheimild*. Rannsóknir á heimildum þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns.“ (E). Ég nýtti mér einnig heimildirnar í doktorsritgerð minni frá 1993. Þar er nokkuð stuðst við ákveðnar spurningaskrár. Þá hafa fræðimenn á borð við Hjalta Hugason og Stefán F. Hjartarson nýtt sér gögnin. Mest hafa þó starfsmenn þjóðháttadeildar, þau Árni Björnsson fyrrverandi forstöðumaður hennar og Hallgerður Gísladóttir núverandi forstöðumaður unnið með þessar heimildir í bókum eins og *Saga daganna* (Reykjavík, 1993) eftir Árna og *Íslensk matarhefð* (Reykjavík, 1999) sem Hallgerður ritaði. Báðar vöktu mikla athygli.

háttadeildinni við notkun hinna fræðilegu spurningalista verið steyppt saman við fræðileg viðtöl. Hvorttveggja er afar áhrifarík leið til að safna efni sem tengist sjálfstjórningu fólks og þekkingu af efnisheiminum á fyrri tíð.

Blaðaviðtöl – Ef Páll Eggert Ólason hefur haft rétt fyrir sér þegar hann hélt því fram að nítjándi öldin hefði verið tími sendibréfsins, þá má tvímæla-laust halda því fram að tuttugasta öldin hafi verið tími blaðaviðtálanna. Eins og fram kom í kaflanum um samtalsbækurnar hér að framan, þá reið *Morgunblaðið* þar á vaðið með mann á borð við Valtý Stefánsson í broddi fylkingar sem sérhæfði sig í efnismiklum viðtölum. Aðrir fylgdu á eftir.

Um miðja nítjándu öld varð sprenging á blaða- og tímaritamarkaði hér á landi. Á tímabilinu 1848 til 1898 voru gefin úr sextíu og níu mismunandi blöð og tímarit eftir því sem Hannes Þorsteinsson, ritstjóri *Fjóðólfs*, alþingismaður og síðar þjóðskjalavörður, greindi frá í grein sem rituð var í tilefni af fimmtíu ára afmæli blaðsins.¹ Mörg lifðu aðeins árið en önnur, eins og *Fjóðólfsur* og *Ísafold*, áratugum saman. Í lok nítjándu aldar höfðu fjörutíu og átta blaðanna lagt upp laupanna en tuttugu og eitt lifað af. Eitt tímarit var sett á laggirnar á ári á tímabilinu frá 1848 til 1890 en á árablinu 1890 til 1898 komu þrjú eða fjögur ný tímarit út á ári.²

Þegar íslenski blaðamarkaðurinn komst á fót um miðja nítjándu öldina fóru menn mjög hratt af stað, útgáfugleðin var svikalaus. Auðvitað snerust blöðin mest um fréttir og frásagnir af mönnum og atburðum en lítið var um viðtöl í þeirri mynd sem þekkt er nú. Samt var þarna lagður grunnur að mjög sterkum tengslum lesenda og blaðaútgefenda. Íslenska lesendur þyrsti í efni og útbreiðsla blaðanna var umtalsverð.³ Viða má einmitt lesa

1 Hannes Þorsteinsson, „Fimmtíu ára afmæli Fjóðólfs.“ *Fjóðólfsur*, fylgiblað, 5. nóvember 1898.

2 Sjá umfjöllun um þetta í doktorsritgerð minni: *The Continuity of Everyday Life*. Í heimildaskrá doktorsritgerðarinnar er að finna lista yfir 54 mismunandi blöð og tímarit sem ég nýtti í rannsókn minni og voru þau gefin út frá því á miðri nítjándu öld og fram á fjórða áratug tuttugustu aldar.

3 Það er erfitt að átta sig á útbreiðslu blaða og tímarita á nítjándu öld. Öruggar upplýsingar liggja ekki á lausu. Guðjón Friðriksson hefur tekið saman heilmikinn fróðleik um blaðaútgáfu í bókinni *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga* (Reykjavík, 2000) og er óhætt að vísa áhugasömum lesendum á það verk. Guðjón nefnir til dæmis að *Fjallkonan*, blaðið sem Valdimar Ásmundsson gaf út, hafi haft rúmlega tvö þúsund áskrifendur rétt fyrir 1890. Það ár undiritaði Valdimar samning við Félagsprentsmiðjuna um prentun tvö þúsund og fjögurhundruð eintaka af *Fjallkonunni*: „Prentunarkostnaður á heilum árgangi var 1222 krónur og þurfti því yfir 400 kaupendur til að ná inn fyrir honum einum“ (bls. 60). Mest mun *Fjallkonan* hafa farið í tvö þúsund og sex hundruð eintök og hefur verið lesið ótrúlega víða. Þess má geta að Guðjón telur að *Kvennablaðið*, sem Briet Bjarnhéðinsdóttir eiginkona Valdimars, ritstýrði hafi komið út í þrjú þúsund eintökum á upphafsárum sínum. Loks má geta þess að *Ísafold* var mest gefin út í um tvö þúsundum eintökum og

í sjálfsævisögum að dagblöð hafi verið lesin í heyranda hljóði á kvöldvökunum og þá allt í senn framhaldssögur, fréttir og auglýsingar og hvaðeina annað sem birtist í prentmiðlunum.

Þróun blaðamarkaðarins var hæg framan af og tók engin risastökk fyrir en um og eftir miðja tuttugustu öldina, fyrst á árum síðari heimsstyrjaldarinnar og síðar á sjöunda og áttunda áratugnum. Þá tók blaðaheimurinn töluverðum breytingum.¹ Dagblöðin stækkuðu, síðdegisblöðin urðu tvö – *Vísir* og *Dagblaðið* – og þau settu nokkurn þrýsting á hin hefðbundnu flokksblöð sem gefin voru út í beinum tengslum við stjórnmálaflokkana eða þá undir verndarvæng þeirra lengst af tuttugustu öld. Í þessu andrúmslofti fengu stóru blaðaviðtölin alveg nýja merkingu og einnig komu þar til almennar breytingar í hugmynda- og hugsanalífi fólks á Vesturlöndum. Hin svonefndu „kviðristuviðtöl“ þar sem viðmælandinn lagði öll spil á borðið í sambandi við einkalíf sitt urðu sífellt algengari en þau má örugglega rekja til almennari umræðu og miðlunar í samfélaginu um kyn- og tilfinningalíf fólks. Tími þerapíunnar hafði runnið upp, tólf spora prógrammana og opinnar tjáningar um einkahagi. Samhliða varð tímaritaútgáfan bæði sérhæfðari og fjölbreyttari þannig að Íslendingar fengu sínar „fimmtán mínútur í sviðsljósinu“ eins og bandaríski fjöllistamaðurinn Andy Warhol komst einu sinni að orði um fjölmiðlavæðingu nútímans. Sjálfið varð vinsæl söluvara.

Mörg þessara viðtala flétta saman lífshlaup fólks og viðfangsefni þeirra í samtímanum. Oft er um reynslusögur að ræða þar sem viðmælandinn kafar í sálar djúp sín til að komast að rótum „vandans“; ástæðunni fyrir því að hann fékk að reyna það sem viðtalið greinir frá. Viðtöl af þessu tagi eru því stundum með berorðar lýsingar á lífshlaupi og lífstöðu fólks og því mikilvægur vitnisburður um tilfinningalíf Íslendinga á síðari hluta tuttugustu aldar. Ekki er nokkur vafi á að þessi viðtöl muni reynast áhugaverðar heimildir þegar fram líða stundir (ef einhver endist til að lesa þau). Þau sýna fyrst og fremst hvaða mál voru helst í deiglu og hvernig fjallað var um þau.

Fræðileg viðtöl – Eigindlegum aðferðum hefur verið beitt við rannsóknir í hug- og félagsvísindum um árabíl og efnissöfnun hefur gjarnan farið fram með fræðilegum viðtölum. Íslenskir hugvísindamenn hafa verið frekar

Ejðó, fur í svipuðu upplagi. Sjá Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*, bls. 39-53. Einnig má vísa í skemmtilega bók Þórunnar Valdimarsdóttur, *Hoífinn heimur. Árið 1900 í nærmynd* (Reykjavík, 2002), bls. 19-73.

1 Ég vísa í þessu sambandi á ný í verk Guðjóns Friðrikssonar, *Nýjustu fréttir!*

tregir til að nýta sér þessa aðferð en Jón Guðnason, prófessor í sagnfræði, var einn af forgöngumönnum hennar hér á landi. Hann fjallaði um gerð og mikilvægi munnlegra heimilda í ágætri grein í tímaritinu *Sögu* árið 1989 þar sem hann benti á að oft væri hægt að nálgast ómetanlegar upplýsingar með þessari aðferð, efni sem annars væri fræðimönnum lokuð bók.¹ Og síðan bætir Jón við:

Þorri sagnfræðinga hefur verið tómlátur um munnlegar heimildir. Sumir gagnrýnenda þeirra hafna þeim alfarið þar sem þær séu ærið vafasamar en aðrir finna þeim mest til foráttu að aðferðum við heimildagerð sé áfátt og heimildarýnin ófullkomin. Almennt eru menn þó samdóma um að munnlegar heimildir gagnist vel hversdagssögu. Það sem einkum er talið viðsjált við þessar heimildir eru gleymaska, hneigðir og tímalengd frá atburði til ritunar. Ritsmiðar sem byggðar eru á þessum heimildum eru svo gagnrýndar fyrir að þær séu huglægar og lýsandi en skorti greiningu og heildarmynd.²

Jón bendir á að fræðileg vandamál við munnlegar heimildir séu ekki ósvipuð þeim sem tengjast öðrum heimildum. Allar heimildir séu því marki brenndar að vera sniðnar eftir hugmyndum og hugarfari þess sem bjó þær til. Þar sé lítill munur á munnlegum og skriflegum heimildum. Jón Guðnason sá enga ástæðu til að hvika og vildi með grein sinni hvetja fræðimenn til dáða og nálgast áhugaverð efni með því að beita viðtalstækninni. Sjálfur varð ég fyrir áhrifum frá Jóni þegar ég var í námi í Háskóla Íslands og fyrsta bók mín *Lifshættir í Reykjavík* er að stórum hluta unnin upp úr viðtölum sem ég tók.³ Jón Guðnason bendir á að

[h]áskólamenntaðir sagnfræðingar hafa lítið lagt af mörkum til gerðar þess heimildaefnis sem hér hefur verið upptalið, enda hafa þeir faliðaðir verið og haft nóg annað fyrir stafni. Á síðustu árum hafa þeir þó sælst meira en áður eftir munnlegum heimildum og eru merki um það *Togarasaga Magnúsar Runólfssonar skipsjóra* (1983) eftir Guðjón Friðriksson og *Af Halamiðum á Hagatorg* (1986) eftir Þórunni Valdimarsdóttur, en rit þessi bæði gefa ljósa hugmynd um líf skjör tveggja alþýðumanna, sjómanns og bónda, í Reykjavík á fyrri hluta okkar aldar. Þriðji sagnfræðingurinn, Sigurður G[ylfi] Magnússon, hefur einnig lagt fram merkan skerf til sögu höfuðborgarinnar með riti sínu, *Lifsháttum í Reykjavík 1930-1940* (1985) sem byggt er á munnlegum og rituðum heimildum og vettvangskönnun.⁴

1 Jón Guðnason, „Um munnlegar heimildir“, bls. 7-28.

2 Jón Guðnason, „Um munnlegar heimildir“, bls. 11.

3 Sigurður Gylfi Magnússon, *Lifshættir í Reykjavík 1930-1940*. Sagnfræðirannsóknir 7 (Reykjavík, 1985).

4 Jón Guðnason, „Um munnlegar heimildir“, bls. 15.

Jón gerir síðan grein fyrir vinnuaðferðum sínum þegar hann nýtti sér viðtöl við vinnslu nokkurra rannsókna og er óhætt að vísa í þær lýsingar sem mikill fengur er að. Hann gefur þeim fræðimönnum sem ætla sér að taka viðtöl einnig mörg góð ráð sem mikilvægt er að kynna sér þegar lagt er í þannig vinnu. Þar ræður úrslitum að vera vel undir verkið búinn og gefa sér tíma til að ná til viðmælanda. Jón dregur sömuleiðis fram, fjölmarga aðra þætti sem fræðimenn verða að hafa í huga þegar þessar heimildir eru nýttar.¹

Munnlegar heimildir hafa unnið mjög á í fræðaheiminum hin síðari ár og dregið hefur úr hræðslu fræðimanna við sönnunarbyrðina svonefndu. Huglæg reynsla fólks er að sama skapi rómuð nú um stundir og sóst er eftir persónulegum vitnisburði fólks eins og dregið hefur verið á hér í þessari bók. Jón Guðnason var á vissan hátt brautryðjandi í þessu efni hér á landi og hafði örugglega áhrif á djúgan hóp fólks sem átti eftir að feta í fótspor hans.

Sérstæð mál – Viðtöl hafa verið notuð til að bregða ljósi á óvenjuleg mál víða um heim og oft með athyglisverðum árangri. Í þessu sambandi langar mig til að taka tvö dæmi sem fengin eru hvort úr sinni áttinni. Japanski rithöfundurinn Haruki Murakami ákvað að varpa af sér skáldahamnum og hella sér út í rannsóknir á gasárásinni hryllilegu í neðanjarðalestarkerfi Tókíóborgar í mars árið 1995 með því að tala við þá sem tengdust málinu.² Þessi atburður vakti gríðarlega athygli meðal japanskra fjölmiðlamanna, svo og starfssystkina þeirra um heim allan. Í fjölmiðlunum var rætt um alla þætti málsins; meðlimi árársarhópsins, þá sem lentu óvart í atburðarásinni og aðra sem tengdust gjörningnum – allir lentu sjálfkrafa undir smásjánni. Þó beindist athyglin langmest að árársarhópnum. Hann var á vissan hátt hafinn upp til skýjanna, en til fórnarlambanna var aðeins vitnað til þess að fylla upp í rómantíska mynd af utangarðsfólkinu sem gekkst hugmyndafræði leiðtogans skilyrðislaust á hönd. „Þess vegna vildi ég komast frá formúlunni, ef mögulegt væri“, segir Murakami í upphafi bókar sinnar, „gangast við því að hver persóna í neðanjarðarlestunum þennan tiltekna morgun bjó yfir sinni sögu, ætti sér líf, fjölskyldu, vonir, kvíða, mótsagnir og innra með

1 Sjá umfjöllun um aðferðafræði sem tengd er viðtölum og viðtalstækni: *Handbook of Qualitative Research*. Ritstjórar Norman K. Denzin og Yvonna S. Lincoln (Thousand Oaks, 1994); Steven J. Taylor og Robert Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods: The Search for Meanings* (New York, 1984).

2 Haruki Murakami, *Underground. The Tokyo Gas Attack and the Japanese Psyche*. Alfred Birnbaum og Philip Gabriel þýddu úr japönsku (London, 2000).

þeim væri togstreita – og það sem meira var, allir þessir þættir ættu erindi í frásögnina.“¹

Hér orðar Murakami mikilvægi viðtalsformsins og hvernig hægt er að nálgast samtímaviðfangsefni frá hliðum sem aðrar heimildir bjóða tæpast upp á. Niðurstaðan var áleitin umfjöllun um líf fólks í nútímasamfélagi sem skorti mátt til að sporna við örlögum sínum. Líf þess var margbrotið og atburðir eins og gasarásin í Tókíó settu tilveruna í nýtt samhengi. Murakami tókst að sýna líf þessa fólks í öðru ljósi en fjölmiðlafólkinu hafði tekist, með viðtölum sem var markvisst beint að því sjálfu og hugmyndum þess um tilveruna. Þannig sniðgekk hann hina æsifengnu leit fjölmiðlanna að hetjunni, skúrkinum og fórnarlambinu – formúluna sem fjölmiðlar fylgja í blindni.

Síðara dæmið er um hugvitsamlega notkun viðtala við rannsóknir á efni sem erfitt væri að nálgast að öðrum kosti. Hér vísa ég í verk feðganna Stephans og Norberts Leberts sem tóku viðtöl á ólíkum tímum við sama fólkið, börn þekktra nasista.² Árið 1959 heimsótti Norbert Lebert hóp kvenna og karla sem þá voru öll á þrítugsaldri og ræddi meðal annars við þau um byrðina sem sögunni og nafni þeirra fylgdi. Fjörutíu árum síðar gekk Stephan Lebert í fótspor föður síns og kannaði hvernig ræst hafði úr lífi þessa fólks. Verkið veitir lesendum óvenjulega sýn inn í sögu tuttugustu aldar og opinberar um leið möguleika viðtala sem tækis til að komast að efni sem að öðrum kosti væri hulið.

Minningargreinar – eftirmæli

Í ljósi nýrra viðhorfa til endursagna, sem ganga út á það að texti geti aldrei orðið veruleikinn sjálfur eins og honum vatt fram, og þeirrar skoðunar að sannleikans verði ekki leitað með einum tilteknum hætti, þá breytast líka kröfur fræðimanna og viðhorf til heimildanna. Af þessum ástæðum verður að teljast líklegt að nýjar heimildir komi fram á sjónarsviðið sem munu nýtast þeim fræðimönnum vel sem vilja greina tákn og ímyndir í samfélaginu. Minningargreinar og annars konar eftirmæli verða örugglega í þeim

1 „Which is why I wanted, if at all possible, to get away from any formula; to recognize that each person on the subway that morning had a face, a life, a family, hopes and fears, contradictions and dilemmas – and that all these factors had a place in the drama.“ Haruki Murakami, *Underground*, bls. 6.

2 Stephan og Norbert Lebert, *My Father's Keeper. The Children of the Nazi Leaders – An Intimate History of Damage and Denial*. Þýðing Julian Evans (London, 2001).

flokki og nýtask þá sem sögulegar heimildir í framtíðinni. Ljóst er að þær segja lítið til um hvernig einstaklingurinn sem fjallað er um lifði lífinu. Þess í stað birta þær helgimyndirnar sem eftirlifendur kjósa að draga upp af hinum látna. Slíkar myndir eru fullt eins mikilvægar og aðrar lífsmyndir sem hent er á lofti, ef rök Sigurðar A. Magnússonar og sérstaklega Guðbergs Bergssonar um *ti,finningalegan sannleika* standast.

Ímynd og veruleiki – Þessi óvenjulegi heimildaflokkur, sem Íslendingar hafa tekið sérstöku ástfóstri við eins og dagblöð og tímarit alla tuttugustu öldina sýna og sanna, verður því örugglega notaður við rannsóknir í hugvísindum á tuttugustu og fyrstu öldinni. Annadís Greta Rúdólfsdóttir, félagssálfræðingur og háskólakennari á Englandi, er í hópi þeirra fræðimanna sem hafa verið í forystu um notkun þessa heimildaflokks hér á landi en hún ritaði doktorsritgerð um kvenímyndir í íslensku samfélagi og byggði rannsókn sína að stórum hluta á minningargreinum.¹ Vel er hægt að hugsa sér að minningargreinar bjóði upp á marga rannsóknarfleti í líkingu við þá sem Annadís nýtti sér. Gríðarlegt magn minningargreina er til sem eykur á fjölbreytta notkunarmöguleika. Blöð hafa birt fjöldann allan af minningargreinum þar sem fólk úr öllum stéttum og ólíkum aldurshópum hefur tjáð viðhorf sín til lífsins og tilverunnar í tengslum við minningu hins látna. Ekkert fer á milli mála að þessar greinar afhjúpa hugmyndir höfundar ekki síður en stöðu þess sem minnst er. Það sem gerir minningargreinar sérstaklega áhugaverðar er einmitt sú staðreynd að höfundahópurinn er óvenju fjölbreyttur. Oft og tíðum er fólk að tjá sig um efni sem er því mjög kært en er ekki vant að birta eftir sig ritað mál opinberlega. Þó svo að hið afgerandi form minningargreinanna setji höfundum skorður og stýri orðræðunni inn á tilteknar brautir breytir það ekki því að litróf höfunda og tjáning þeirra gefur þessari heimild mikið gildi. Þannig er heimildin mun gjöfulli en ætla mætti í fyrstu.

Tungutak höfunda minningargreina hefur breyst hin síðari ár. Minningargreinarnar eru orðnar mun persónulegri og höfundar nota oft beina ræðu þegar hinn látni er ávarpaður; þeir stíga inn í textann á mun meira afgerandi hátt en áður. Fyrir bragðið hættir þessum frásögnum til að snúast í það minnsta jafnmikið um þann sem lifir og hinn látna. Í sumum tilfellum virðist sá látni alls ekki skipta máli. Nú í nokkur ár hefur til dæmis Tryggvi V. Líndal mannfræðingur lagt það í vana sinn að rita minningargreinar um

1 Annadís Greta Rúdólfsdóttir, *The Construction of Femininity in Iceland*. Doktorsritgerð frá London School of Economics and Political Science, 1997.

fólk sem hann hefur lítið eða ekkert þekkt. Umfjöllunarefni Tryggva eiga sameiginlegt að hafa verið meðlimir í Rithöfundasambandi Íslands! „Nína Björk Árnadóttir skáldkona er látin. Ég þekkti hana í sjón af félagsfundum í Rithöfundasambandi Íslands“, segir í minningargrein Tryggva um skáldkonuna látna.¹ Þannig notar hann tækifærið til að ávarpa stuttlega „skáldsystkini sín“, eins og þau eru stundum nefnd í þessum greinum, og birta síðan þýðingar sínar á verkum eins og helgileiknum *Morð í dómkirkjunni* eftir T.S. Eliot. Þetta öfgakennda dæmi tekur umfjöllunina um minningargreinar inn á alveg nýtt svið þar sem hinn látni er nýttur sem stökkpallur fyrir höfundinn inn á hinn opinbera vettvang. Ég sagði að þetta síðasta væri öfgafullt dæmi um ritun minningargreina, en þó má auðveldlega halda því fram að fjöldinn allur af minningargreinum beri einmitt þessi sömu ein-kenni – sjálfhverfar lýsingar sem tengjast hinum látna afar lítið.

Í grein sem Annadís Greta Rúdólfssdóttir ritaði og nefnist „Aldrei þú á aðra skyggðir“ gerir hún grein fyrir því hvernig minningargreinar geta komið að gagni við rannsókn á kynjaímyndum. „Í þessari rannsókn“, segir Annadís, „var leitað eftir efni með sögulega vídd, sem gæti endurspeglað hvernig nýjar og gamlar hugmyndir fléttast saman og rakna upp. Samhliða ítarlegri heimildavinnu var gerð orðræðugreining á minningargreinum og viðtölum, og skoðuð sjónarhorn yngri og eldri kynslóða.“² Annadís nýtir sér minningargreinar á mjög hugvitsamlegan hátt til að draga fram gildis-hlaðið orðalag um „upplag“ og „eðli“ kvenna sem bæði kyn beita í greinum. Og hún bendir á eftirfarandi:

Minningargreinarnar og viðtölin endurspeglu hugmyndir Íslendinga um einstaklinginn. Í stuttu máli er lítið svo á að einstaklingar séu annaðhvort

- 1 Svipaðar greinar ritaði Tryggvi um Jón úr Vör, Hermann Pálsson fræðimann, Stefán Júlíusson rithöfund og Jóhannes Helga, en af þessum rithöfundum og skáldum hafði hann mismikil kynni (oftast virðist hann hafa þekkt fólkið af afspurn). Í minningargrein um þann síðastnefnda segir hann: „Ég hef undanfarið verið að kveðja fallna félagsmenn sem ég hef talið til góðkunningja minna, með því að vitna í þýðingu mína á helgileiknum *Morð í dómkirkjunni*, eftir hið ensk-ameríska nóbelskáld T.S. Eliot.“ Engu er líkara en einhverjir hafi fundið að þessari útgáfuleið Tryggva því í minningargrein um Indriða G. Þorsteinsson afsakar hann hálfpartinn þessi skrif sín: „Á síðustu árum hef ég haft það fyrir sið að fylgja á eftir minningargreinum um skáldsystkini mín með einhverri ljóðapýðingu minni. Þykir mér það síður en svo goðgá; því hvað er meira við hæfi þegar rithöfundar deyja, en að minna þannig á mynstur þeirra í hinum eilífa sagnarefli vestrænna bókmennta?“ Auk Indriða G. lentu þeir Steingrímur St. Th. Sigurðsson, Eggert E. Laxdal, Halldór Kiljan Laxness og fleiri í minningarskrifum Tryggva. Það skal þó tekið fram að minningargreininni um Halldór Kiljan fylgdi ekki ljóðapýðing.
- 2 Annadís Greta Rúdólfssdóttir, „Aldrei þú á aðra skyggðir“: Staða sjálfsins í minningargreinum og viðtölum.“ *Íslenskar kvennarannsóknir*. Ritstjórar Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (Reykjavík, 1997), bls. 41.

sterkir eða veikir að upplagi og að þessi styrkur birtist einkum í frammistöðu einstaklingsins við að glíma við örlög og atburði líðandi stundar. Þeir sem eru sterkir bugast ekki þótt þeir verði fyrir áföllum og breytast ekki þótt gæfan sé þeim hliðholl. Þeir sem eru veikir brotna hins vegar niður. Má líkja manngerðinni við stein sem veðrast og máist á lífsleiðinni. Slípunin á steinum hefur sitt að segja um hversu fagurlega hann sýnir eðli sitt, mestu máli skiptir þó að hann sé úr góðu efni. Steinn alsettur glufum og sprungum hleypir inn regni og snjó sem mylja hann innan frá ef frystir. Sé steinninn hins vegar úr traustu efni, heilsteyptur, ber hann þessi veðraöfl af sér og gnæfir yfir umhverfið. Þessi líking manngerðar og persónuleika við berg eða stein er Íslendingum tungutöm. Karlar og konur eru traust, heilsteypt, brotna niður, standa eins og bjarg, o.s.frv. Minningargreinarnar eftir langar forfedraþulur, lýsa einstaklingum oft sem svo að þeir séu af góðu bergi brotnir.¹

Líklegt verður að teljast að þessi heimild eigi eftir að nýtast fræðimönnum þegar þeir fara að fást við tuttugustu öldina af meiri krafti en verið hefur. Minningargreinar munu ekki nýtast sérstaklega vel vegna innihalds þeirra, það er vegna þeirra upplýsinga sem þar koma fram, heldur vegna þess hvernig höfundar fjalla um hinn látna og það samfélag sem hann eða hún lifði í. Tungutakið, tjáningarformið og almennar samfélagslýsingar munu örugglega freista fræðimanna framtíðarinnar.

Eftirmæli – Þekktar eru yfirgripsmiklar minningargreinar (eftirmæli) um einstaklinga sem hafa skarað fram úr sem birtast í tímaritum. Oft eru slíkar greinar afar upplýsandi, ekki aðeins um persónulegt líf fólks heldur einnig og ekki síður um faglegt framlag þess látna til stéttar sinnar eða þjóðfélagsins í heild. Eftirmælin eru í raun forveri ævisagnabáttanna og á átjándu og nítjándu öld blandast þessi skrif að nokkru leyti saman. Löng eftirmæli eru þá ekki aðeins rituð til heiðurs hinum látna heldur sem dæmi um mann sem öðrum er óhætt að taka sér til fyrirmyndar. Einstaklingnum er þar haldið fram sem lýsandi dæmi og fyrirmynd, sem hafi búið yfir eiginleikum sem þjóni samfélagsgerðinni. Í huga þess sem ritar eftirmælin er því ákveðið keppikefli að líkja eftir breytni hins látna og hugarþeli.

Skörunin milli minningargreina, eftirmæla, ævisagna og persónulegrar tjáningar gerir það að verkum að skilin á milli þessara heimildaflokka eru á köflum mjög óljós vegna þess að sjálfsbókmenntir, hvaða nafni sem þær nefnast, hafa alla tíð þjónað þeim tilgangi að vísa veginn. Vinsældir þeirra

1 Annadís Greta Rúdólfsdóttir, „„Aldrei þú á aðra skyggðir““, bls. 42.

sýna að fólk sækist eftir að læra um hegðun og breytni náungans, ekki að-
eins fyrir forvitnis sakir heldur einnig vegna þess að það leitar að fyrir-
myndum. Meðal þekktustu safna slíks efnis eru margbindaverkin *Merkir
Íslendingar* og *Íslenzkar æviskrár*. Þessi söfn eru þó ólík að gerð, hið síðara
er í flokki með stéttartölum en í hinu fyrra er að finna upplýsingar um
einstaklinga sem fengnar eru úr ævisögulegu efni, eftirmælum, æviþáttum,
sjálfsævisögum og öðru í þeim dúr.¹

Í eftirmælum er einnig að finna mun víðari skírskotun til starfs og
aðstæðna þess sem minnst er. Þannig geta slík skrif skýrt þróun hugmynda
og hugsunar einstaklinganna sem minnst er, svo og þess sviðs sem þeir
hösluðu sér völlu á. Til dæmis hafa verið rituð minningarorð eða eftirmæli
um sagnfræðinga í tímaritinu *Sögu* sem telja verður mikilvægt innlegg í
hugmynda- og aðferðafræðilega umræðu sagnfræðinnar.² Í slíkum tilfellum
er farið vítt og breitt yfir þróun hugsunar hins látna og framlag hans til
fræðigreinarinnar.

Segja má að í tímaritinu *Andvara* renni hefð eftirmælanna og ævisagn-
anna saman því þar hefur allt til dagsins í dag verið að finna umfjöllun um
einhvern tiltekinn látinn einstakling þar sem framlag hans eða hennar til
lífsins hefur verið gert að umtalsefni.³ Slíkar greinar geta verið mjög upp-
lýsandi og ágæt lesning þótt þarna sé fetuð slóð hinnar hefðbundnu pers-
ónusögu. Þar er byggt á þeirri vissu að þeir sem völdin hafa séu mikil-
vægasta viðfangsefnið sem sagnfræðingar geta fundið sér.⁴ Í kolli þeirra eru
allar ákvarðanir teknar og ef hugmyndin er að skilja uppbyggingu sam-
félagsgerðarinnar og hinna formlegu stofnana er vissara að þekkja þankagang
leiðtoganna. Þessari hugmyndafræði hafa félagssagnfræðingar að sjálfsögðu
hafnað en á síðari árum hefur einstaklingurinn enn á ný verið dreginn inn á

1 *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940*. I.-V. bindi. Tint hefur saman Páll Eggert Ólason (Reykjavík, 1948-1952). – *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1965*. VI. bindi. Jón Guðnason tók saman og Ólafur Þ. Kristjánsson sá um útgáfu (Reykjavík, 1976). – *Merkir Íslendingar. Ævisögur og minningargreinar*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar (Reykjavík, 1947-1957). – *Merkir Íslendingar. Nýr flokkur*. I.-VI. Jón Guðnason bjó til prentunar (Reykjavík, 1962-1967).

2 Sjá nokkrar greinar sem birtar hafa verið í bókinni *Íslenskir sagi, fræðingar*. Sem dæmi um eftirmæli sem birst hafa í *Sögu* má nefna: Björn Þorsteinsson, „Þorkell Jóhannesson prófessor, 1895-1960. Í minningu hans.“ *Saga* 3 (1960-63), bls. 1-15. – Gils Guðmundsson, „Jón Helgason ritstjóri, 27. maí 1914 – 4. júní 1981.“ *Saga* 20 (1982), bls. 250-253.

3 Sjá til dæmis grein Sigríðar Th. Erlendsdóttur, „Anna Sigurðardóttir.“ *Andvari*. Nýr flokkur 125 (2000), bls. 11-68.

4 Sjá umfjöllun Guðmundar Hálfðanarsonar um þróun persónusögunnar (menningarsögunnar gömlu) í eftirfarandi grein: „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar.“ *Saga* 38 (2000), bls. 187-205.

svið sögunnar og þá vegna þess að hver ævi ber með sér atvik og atburði sem áhugavert þykir að skoða sem mótvægi við hina formlegu uppbyggingu samfélagsins.¹

Opinberar heimildir

Margs konar opinberar heimildir búa yfir ævisögulegum einkennum þar sem einstaklingurinn er til umfjöllunar. Hér er einkum átt við ýmsar gerðir skýrslna sem fagfólk hjá hinu opinbera tekur saman. Oft eru þessar skýrslur byggðar á viðtölum, rannsóknnum og vettvangsathugunum. Sem dæmi má nefna læknaskýrslur eða sjúkraskrár sem unnar eru upp úr samtölum lækna og sjúklinga og innihalda að auki mat á heilsu, persónuleika og samfélagslegri stöðu einstaklinganna sem í hlut eiga. Oft eru skýrslur af þessu tagi mjög ævisögulegar þar sem heilbrigðisstarfsmenn reyna að átta sig á for sögu sjúkdóma og aðstæðna fólks út frá sem flestum sjónarhornum. Opinberar heimildir geta þess vegna varpað ljósi á einstaka þætti mannlífsins. Skýrslur um slys í heimahúsum eru líklegar til að nýtast fræðimönnum sem rannsaka fjölskyldur, skýrslur um örorku, aldraða og geðfatlað fólk geta gefið mikilvægar vísbendingar um hvaða augum samfélagið lítur einstaklinga sem tilheyra þessum hópum. Og lengi má halda áfram að telja upp opinberar heimildir sem bera þessi einkenni.

Sjúkraskrár – Í ýmsum heilbrigðisskýrslum er gerð ítarleg grein fyrir heilsufari sjúklingsins og oft er komið inn á fjölskylduaðstæður og jafnvel ættarsögu (ef sjúkdómurinn er þess eðlis að ætterni skiptir máli). Þá geta félagslegar aðstæður reynst mikilvægar og um þær er þá fjallað ásamt því sem gerð er grein fyrir skoðunum sjúklingsins á eigin heilsu og lýst tilfinningamálum eins og sársauka, kvíða eða geðshræringu vegna veikinda. Augljóslega geta skýrslur af þessu tagi veitt ómetanlega innsýn í heim sjúklingsins og allar almennar aðstæður í samfélaginu.

Haustið 1998 vann nemandi minn Hulda Lilliendahl áhugaverða ritgerð á gildi sjúkraskráa sem sagnfræðilegra heimilda í námskeiði sem fjallaði um persónulegar heimildir. Ritgerðin nefndist: „Sjúkraskrár – Nothæfar sagnfræðiheimildir?“ og þar teflir Hulda saman sjúkraskrár og frásögum unnum úr þeim, sögum sjúklinganna sem Hulda tók saman með viðtölum, viðhorfum aðstandenda og lækna til heimildarinnar og hvernig reglugerðum

1 Um þessa þróun má lesa víða í verkum mínum. Sjá til dæmis: „Félagssagan fyrr og nú“, bls. 17-50.

stofnana var fylgt við gerð slíkra skýrsla.¹ Ritgerðin er mikilvæg heimildafræðileg tilraun, einkum vegna þess að lítið hefur verið fjallað um þessar heimildir og hvernig þær geti nýst fræðimönnum á sviði hugvísinda.² Mun meira hefur verið rætt um eðli sjúkraskráa og mögulega notkun þeirra fyrir raunvísindafólk, einkum á sviði erfðavísinda.³

Hulda, sem er fyrrverandi læknaritari á geðdeild Landspítala Íslands, bendir á að ekki sé nóg með að sjúkraskrár gefi innsýn í líf sjúklingsins heldur séu þær óvenju athyglisverður sjónarhóll á virkni spítalastofnana. Þar vísar hún í vinnubrögð, skipulag, samskipti sjúklinga og sérfræðinga og loks hvernig samfélagið hefur kosið að búa að sjúku fólki. Hún rannsakaði leiðbeiningar fyrir þá sem taka á móti sjúklingum á geðdeild. Einnig fékk Hulda aðgang að tveimur almennum sjúkraskráum og nýtti þær til rannsóknarinnar með leyfi viðkomandi sjúklinga. Hún beindi sjónum að sjúkl-ingunum sjálfum, tók viðtöl við þá og aðstandendur þeirra og fékk aðgang að dagbók móður annars sjúklingsins (sem var barn sem lent hafði í slysi) sem haldin var á meðan hún dvaldist á sjúkrahúsinu. Loks tók hún viðtöl við nokkra lækna um gerð sjúkraskráa og hvað þeir teldu mikilvægt að framkæmi í þeim. Reglugerðir leggja línuna um æskileg vinnubrögð, en það eru fyrst og fremst læknarnir sem taka endanlega ákvörðun um hvað er skráð og hverju er sleppt. Markmið Huldu var að tefla saman stofnuninni og einstaklingnum, að bera minningar sjúkl-inganna og aðstandenda þeirra saman við hina opinberu sögu. Þessi framsetning býður upp á margs konar nálgunarmöguleika og hún gefur okkur tækifæri á að velta upp þýðingarmiklum álitamálum sem tengjast samskiptum fólks og formlegra stofnana.

Hulda byrjaði á því að ræða reglugerðir um skráningu sjúkraskráa. Þar kemur fram að læknum er ætlað að skrá ótrúlega nákvæma skýrslu um almenna hagi sjúklingsins auk sérstakra aðstæðna sem liggja til grundvallar sjúkdómnum eða einkenna hans. Hulda dregur fram hversu ólík frásögn sjúklings, sem lenti í aðgerð inni á krabbameinslækningadeild, er þeim gögnum sem liggja fyrir um málið. Frásagnir fagfólksins sem um málið fjallaði í sjúkraskrá og „hjúkrunarsjúrnal“ (sem er skýrsla hjúkrunarfólks)

- 1 Hulda Lilliendahl, „Sjúkraskrár – Nothæfar sagnfræðiheimildir?“ (E). Hér verður stuðst við umfjöllun Huldu að stórum hluta.
- 2 Sjá umfjöllun ítalska sagnfræðingsins Gianna Pomata um áþekk efni í grein sem nefnist: „Unwed Mothers in the Late Nineteenth and Early Twentieth Centuries: Clinical Histories and Life Histories.“ *Microhistory and the Lost Peoples of Europe*. Ritstjórar Edward Muir og Guido Ruggerio. Þýðing Eren Branch (Baltimore, 1991), bls. 159-204.
- 3 Hér má vísa í mikla umræðu sem varð í kringum erfðavísindin og lífefnaíðnaðinn og þá sérstaklega fyrirtækið *Íslenska erfðagreiningu* en Steindór J. Erlingsson gerði þeim málum skil í bók sinni: *Genin okkar. Lífæðnin og íslenskt samfélag* (Reykjavík, 2002).

eru mjög ólíkar reynslu sjúklingsins samkvæmt lýsingum hans. Að auki sýnir frásögn Huldu fram á sérkennilegar starfsaðferðir sérfræðinga á spítalanum gagnvart þessum tiltekna sjúklingi, sem fær nánast fyrir tilviljun vitneskju um að hann þurfi að leggjast undir hnífinn þar sem fjarlæga þurfi illkynja æxli. Hér virðast því vera nánast ginnungagap á milli reynslu sjúklings og mats stofnunarinnar á stöðu mála. Slíkt gefur að sjálfsögðu þýðingarmikla vísbendingu um gildi hins persónulega vitnisburðar og afhjúpar veikleika opinberra heimilda.

Síðara umfjöllunarefni Huldu er barn sem lenti í alvarlegu slysi. Sú frásögn er sömuleiðis athyglisverð og óhætt er að segja að umfjöllun móður barnsins og sjúkraskýrslurnar stangast mikið á. Hulda sýnir fram á að með því að tefla þeim saman er hægt að gagnrýna starfsemi sérfræðinga, stofnunarinnar og erfiða aðstöðu aðstandenda sem reiða sig á sérfræðiþekkinguna á sjúkrahúsum. Samkvæmt niðurstöðum Huldu skiptir verulegu máli að stúlkan átti aðstandendur sem létu sig málið varða og þorðu að grípa inn í atburðarás sem stefndi í óefni. Hulda færir sannfærandi rök fyrir því að nauðsynlegt sé að taka opinberar heimildir með miklum fyrirvara. En ljóst er að með því að tefla saman sjúkraskrár og viðtölum við sjúklinga og aðstandendur þeirra geta hugvísindamenn fengið aðgang að ótrúlega ríkulegum upplýsingum sem varpa ljósi á þýðingarmikla þætti mannlífsins.

Hulda gerði loks grein fyrir því að sjúkraskrár geðdeilda eru ítarlegri en venjulegar sjúkraskýrslur vegna eðlis þeirra sjúkdóma sem þar eru til meðferðar. Hún tók viðtal við vakthafandi lækni á geðdeild, sem ekki vildi láta nafn síns getið, um það hvernig hann stæði að gerð sjúkraskrár:

Almennt legg ég áherslu á að sjúkraskrárnar séu heilar og gefi heildstæða mynd af sjúklingnum og ástandi hans. Ég legg sérstaka áherslu á að kanna hvort geðsjúkdómar séu í ætt viðkomandi og við hvaða kjör sjúklingurinn er alinn upp, hve mörg systkini hann eigi og hver persónugerð foreldra hans er og annarra sem að honum standa. Þannig reyni ég að komast að því hvað það er sem mótar persónuleika hans, hvers vegna hann varð geðveikur, hvernig manneskja þetta er sem er orðin svo veik. Sjúkraskráin er greiningartæki fyrir persónuleika og dýgnósu.¹

Eins og sést af þessum ummælum geta sjúkraskrár geðlækna gefið sagnfræðingum mjög forvitnilega innsýn í líf fólks sem hefur orðið veikt á geði og umhverfið allt sem fóstaraði það. Leiða má að því líkur að sjúkraskrár geðfatlaðra séu áreiðanlegri en þær skrár sem áður var vikið að og greina

1 Hulda Lilliendahl, „Sjúkraskrár – Nothæfar sagnfræðiheimildir?“

frá tilteknum slysum eða sjúkdómum. Galli slíkra skráa virðist vera sá að þær eru sjaldnast settar í viðeigandi samhengi. Hulda bendir á að erfitt geti reynst fyrir sagnfræðinga og annað hugvísindafólk að fá aðgang að þessum skráum. Mjög strangar reglur gilda um slíkt og beiðni um notkun upplýsinganna verður að fara fyrir siðanefnd spítala og Persónuvernd sem fer með álitamál sem upp koma. Svo virðist sem aðeins heilbrigðisstarfsmönnum sé ætlaður aðgangur að heilsufarsupplýsingum samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga og persónuvernd. Þó er mögulegt að hug- og félagsvísindafólki verði veittar undanþágur frá lögnum ef hægt er að sýna fram á að rannsóknir þeirra snerti almenna hagi sjúklinga.

Ritgerð Huldu Lilliendahl sýnir svo ekki verður um villst að eftir miklu er að slægjast fyrir hugvísindafólk í leit að vitnisburði um persónulegt líf fólks sem setið hefur fast í erfiðum félagslegum aðstæðum, glímt við sjúkdóma eða langvarandi veikindi. Rannsókn á slíkum gögnum getur einnig komið heilbrigðisyfirvöldum til góða við þróun heilbrigðisstofnana. Sjónarhorn hugvísindanna getur skipt máli þar eins og dæmin sem Hulda ræðir sýna.

Hið opinbera sjálf – Athyglisvert er að huga að þætti lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna í meðhöndlun fólks sem oft og tíðum kemur því lítið sem ekkert við persónulega. Heilbrigðisstarfsmenn hafa aðgang að ótrúlega þýðingarmiklum gögnum um fólk. Læknar eru bundnir þagnarskyldu, þeir sverja eidd þess efnis að halda fullum trúnaði við skjólstæðinga sína og fá því aldrei tækifæri til að tjá sig um þá opinberlega. Læknaeiðurinn setur fagfólki ákveðnar hömlur sem koma örugglega niður á eigin tjáningu þess um sjálfið. Stóran hluta lífs þess njörvar læknaeiðurinn niður. Þau fá takmarkað tækifæri til að opinbera eigið sjálf. Þessi óvenjulega staða lækna verður áberandi þegar hún er borin saman við stjórnámálamenn sem eru stöðugt að skilgreina eigið sjálf opinberlega og ímynd þeirra speglast í starfinu án þess að þeir komist í beint samband við persónulegt líf fólksins sem kys þá, nema í örfáum tilfellum. Læknar eru þvert á móti á kafi í einkalífi annarra en þurfa að hafa hemil á birtingarmyndum eigin sjálfs. Hið opinbera sjálf hefur því ótal áhugaverðar myndir sem spanna nær allan skalann í tilfinningalegri tjáningu fólks.

Í þessu samhengi má fullyrða að hið „opinbera sjálf“ beri mjög afgerandi svip í formlegum heimildum. Sú mynd hefur nánast ekkert með sjálfsmynd fólksins að gera – fólksins sem henni er ætlað að spegla. Þetta þýðir að formlegar stofnanir halda á lofti mjög afgerandi myndum af „einstaklingnum“ sem fyrirbæri og starf slíkra stofnana byggist á mark-

vissum tilraunum til að koma hverjum þeim sem á fjörur þeirra reka inn í það fyrirfram gefna mót sem stofnunin hefur skapað. Hinar stöðluðu myndir mannsins verða síðan leiðarstef við alla vinnu innan hinna formlegu stofnana og það getur verið afar áhugavert fyrir fræðimenn að reyna að afbyggja þau ták og ímyndir sem þar er að finna. Ástæðan er einkum sú að þær eru afgerandi mótunarafl í lífi fjölmargra einstaklinga. Fræg eru dæmi frá hugmyndafræði læknavísindanna um getu og félagslega stöðu þroskahamlaðra einstaklinga. Til skamms tíma datt engum í hug að spyrja hina þroskahömluðu um hvernig þeir kysu að haga lífi sínu. Þessum hópi var sniðinn stakkur eftir hinum stofnanalegu mótum sem hugmyndafræðin hafði skapað.¹ Hörmungasögur þessa þjóðfélagshóps vekja skelfingu þeirra sem þær þekkja.

Margvíslegar stofnanaheimildir – Heilbrigðisstofnanir eru ekki einu opinberu stofnanirnar sem búa yfir mikilvægum upplýsingum um fólk og samfélag. Fátækranefndin í Reykjavík tók til dæmis mjög umfangsmiklar skýrslur af þeim sem sóttu um styrk hjá henni á fyrri hluta tuttugustu aldar og þar er að finna ítarlegar lýsingar á högum fólks og háttum. Í upphafi tuttugustu aldar voru útbúin prentuð eyðublöð þar sem einstaklingum var gert að svara sextán spurningum sem einkum beindust að almennum högum fólks. Þar var spurt um atriði eins og hjúskaparstöðu, fjölda barna og stöðu þeirra, heilsufar, atvinnu, kaup og kjör, og annað sem viðkom heimilislífínu. Hér er sýnishorn af fyrstu fimm spurningunum:

... hefir beiðst fátækrastyrks og er fátækrafulltrúanum ... falið að gjöra aðsjón hjá þurfalingnum. Borgarstjórinn í Reykjavík ... Aðsjón var gjörð ... og gefur við þessa skýrslu um þurfalinginn: 1. Er þurfalingurinn giftur? Nafn konunnar. 2. Býr þurfalingurinn ógiftur með kvenmanni? Nafn kvenmannsins. 3. Fjöldi barna yngri en 16 ára og aldur þeirra? Eru þau öll í heimahúsum? Sé ekki svo, hvernig er þeim þá komið fyrir? 4. Nöfn barna eldri en 16 ára, sem dvelja í heimahúsum og atvinna þeirra? Nöfn barna eldri en 16, sem dvelja ekki hjá þurfalingnum, heimili þeirra, staða og atvinna. Sé eitthvert barnanna gift, þá hverjum? 6. Heilsufar þurfalingsins, konu og barna? ...²

1 Í þessu sambandi vil ég vísa í væntanlega doktorsritgerð Guðrúnar V. Stefánsdóttur sem ber vinnuheitið „Lífssögur fólks með þroskahömlun á Íslandi sem fætt er á fyrri hluta 20. aldar.“ Ritgerðin verður lögð fram við uppeldis og menntunarfræðiskor Háskóla Íslands árið 2005.

2 Sjá til dæmis *BsR* Aðfnr. 2609 – Þurfamannaævir. Hafa ber í huga að þessi heimildaflokkur spannar mörg aðfanganúmer hjá Borgarskjalasafni. Sjá einnig *BsR* Aðfnr. 3465 – Heilsufar fátæklinga og hjúkrun 1915–1955. Skrifstofa borgarstjóra. Þetta er dæmi um efni sem tengist einstaklingum og kjörum þeirra en segja má að Borgarskjalasafnið sé stútfullt af þannig efni.

Út úr þessum spurningum má síðan fá allitarlegar upplýsingar um þann sem sótti um styrkinn og alla sem tengjast honum. Í þessum gögnum er oft að finna miklar lífsreynslusögur af fátæku fólki sem eftir ævilangt strit og þröngan kost leitar eftir styrk frá bænum og þá oft sem algjörir öreigar. Í þessum gögnum má einnig finna önnur erindi sem tengjust þeim sem sækja um styrki. Þá koma upp á yfirborðið barnsfaðernismál, umkvartanir vegna drykkjuskapar eða barnaniðs og fleira í þeim dúr. Allar eru þessar heimildir þannig úr garði gerðar að þær gefa oft ótrúlega innsýn í daglegt líf fólks. Vegna hins viðkvæma eðlis þeirra verður að sækja sérstaklega um aðgang að þeim hjá vörslustofnunum.

Í lokin má geta þess að í flokki opinberra heimilda er einnig að finna mikið af persónulegu efni sem orðið hefur til innan veggja skólanna. Prófuðlausnir sem varðveist hafa frá ýmsum tímum eru ágætt dæmi um þess konar heimilðaeefni. Bragi Þorgrímur Ólafsson sagnfræðingur gróf til dæmis upp úr geymslum Þjóðskjalasafns Íslands prófuðlausnir nemenda Lærða skólans í íslenskum stíl, það er ritgerðir nemenda frá árunum 1846-1904.¹ Bragi sýnir svo ekki verður um villst í bók sinni *Landsins útvöldu synir* að hér er um stórmerkilega heimild að ræða sem engum hefur dottið í hug að nýta þrátt fyrir að búið sé að fjalla um sögu skólans í mörgum bókum á síðustu áratugum. Síð af öllu hefur nokkrum manni látið sér til hugar koma að nýta sér slíka heimild sem persónulegan vitnisburð. Hér er því dæmi um efni sem býður upp á mikla notkunarmöguleika og opnar okkur leið að þjóðfélagshópi sem erfitt er að komast að með öðru móti, nefnilega ungu fólki á fyrri tíð. Verk Braga á örugglega eftir að nýtast við rannsóknir á æskumenningu í landinu, einkum þeirra ungu manna sem áttu þess kost að ganga í Lærða skólann.

Erlent sjónarhorn – Persónulega sjónarhornið í opinberum heimildum leynist víða og getur ef rétt er á málum haldið veitt magnaða sýn inn í líf fólks. Ástæðan er fyrst og fremst sú að heimildirnar eru gjarnan unnar með tiltekið markmið í huga sem tengist ekki nema óbeint viðfangsefni sagnfræðingsins. Þannig fá fræðimenn eða aðrir sem komast í slíkar heimildir óvenju gott færi á að rannsaka persónu viðkomandi. „Nótt eina árið 1980 þegar ég var námsmaður í Austur-Berlín snéri ég heim í herbergið mitt með vinkonu minni í þröngt íbúðarhús sem var staðsett í Prenzlauer Berg hverfinu.“ Þannig kemst Timothy Garton Ash, blaðamaður og háskóla-prófessor í Oxford á Englandi, að orði í bók sinni *The File*:

1 *Landsins útvöldu synir*.

Þetta var herbergi með útsýni: útsýni inn í það. Stórir franskir gluggar vísuðu út á svalirnar og ef ekki hefðu komið til netgluggatjöld hefði fólkið sem bjó hinum megin við götuna getað horft beint inn.

Þar sem við lágum í faðmlögum í þröngu rúminu dró Andrea sig skyndilega í hlé og afklæddist um leið og hún gekk að glugganum og dró gluggatjöldin frá. Hún kveikti á skærum ljósunum og snéri til baka í faðm minn. Ef þetta hefði verið, til dæmis í Oxford, þá hefði ég verið svolítið undrandi á skæru ljósunum og frádregnu gluggatjöldunum. En þetta var Berlín, og ég leiddi ekki frekar hugann að þessu.¹

Höfundur bókarinnar rifjar upp þessa sögu þar sem hann situr með sinn „file“ í fanginu í fyrsta skipti, leyniefni sem fjallar um hann sjálfan! Í þessari möppu er að finna nákvæmar skýrslur um hegðun hans og gerðir á árunum þegar hann var námsmaður í Austur-Þýskalandi rétt fyrir 1980 og það er öryggislögreglan þar í landi, Stasi, sem fylgdist með hverju skrefi hans. Garton Ash gekk undir nafninu „Romeo“ hjá Stasi-liðum en eftir fall Berlínarmúrsins og ríkjanna fyrir austan hið ímyndaða járntjald fékk hann ásamt tugþúsundum annarra einstaklinga sem voru undir smásjá öryggislögreglunnar tækifæri til að lesa það sem hún hafði um hann skráð. Hann sneri til baka á fyrri hluta tíunda áratugar tuttugustu aldar og þá blasti við honum óhugnanleg mynd. Í möppu sem hafði að geyma upplýsingar um hann á þrjú hundruð tuttugu og fimm blaðsíðum fékk hann tækifæri til að lesa skýrslur Stasi-liða og uppljóstrara þeirra um líf sitt.² Skjalabunkinn þótti ekkert sérstaklega stór því Garton Ash nefnir hinn heimsþekkta tónlistarmann Wolf Biermann sem dæmi um mann sem hafði verið fylgst með af margfalt meiri ákafa. Fyrir lágu gögn um líf hans og gerðir hjá Stasi upp á fjörutíu þúsund blaðsíður. Garton Ash komst að því að ákveðinn hluti vinahópsins hafði gefið öryggislögreglunni skýrslu um gerðir hans og hugsun. Álitið er að einn af hverjum fimmtíu fullorðnum Austur-Þjóðverjum hafi njósnað fyrir Stasi á þessum tíma sem er ótrúlega hátt hlutfall sem

1 „One night in 1980, when I was living as a student in East Berlin, I came back with a girlfriend to my room in a crumbling Wilhelmine tenement house in the borough of Prenzlauer Berg. This was a room with a view: a view into it. Large French windows gave directly onto a balcony, and, were it not for the net curtains, people living across the street could look straight in. As we embraced on the narrow bed, Andrea suddenly pulled away, finished undressing, went over to the window and threw open the net curtains. She turned on the glaring main light and then came back to me. Had this been, say, Oxford, I might have been a little surprised about the bright light and the open curtains. But this was Berlin, so I thought no more about it.“ Timothy Garton Ash, *The File. A Personal History* (New York, 1997), bls. 5.

2 Timothy Garton Ash, *The File*, bls. 22.

á sér fá fordæmi í heimssögunni.¹ Vinir njósnuðu um vini sína, fjölskyldu-meðlimir um ættingja sína og jafnvel hjón hvort um annað! Garton Ash segir svo frá:

Niðurstaða þess að lesa slík gögn getur verið hörmuleg. Ég minnst hins fræga máls Veru Wollenberger, sem var pólitískur aktivisti sem kom úr sókn vinar míns Werners Krätschells í Pankow, en hún komst að því með því að lesa sín gögn að eiginmaður hennar, Knud, hafði ljóstrað upp um hana frá upphafi sambands þeirra. Þau fóru ef til vill í gönguferð með börnin á sunnudegi og daginn eftir skýrði Knud frá öllu saman í samtali við starfsmann Stasi.²

Vera Wollenberger vísar jafnan til eiginmanns síns sem Knud-Donald í minningum sem hún skrifaði síðar, en síðara nafnið var leyninafn hans hjá Stasi. Það þarf vart að taka það fram að þau hjón skildu þegar upp komst um svikin!

Í gögnum Stasi fékk Garton Ash tækifæri til að lesa um sitt eigið líf eins og opinber stofnun hafði rannsakaði það, bera þá frásögn saman við sína eigin dagbók frá sama tíma og rifja upp endalausar minningar sem sóttu að honum við lesturinn. Og hverjar voru ráðagerðir Garton Ash?

Ég ætla að rannsaka rannsókn þeirra á mér. Ég hef í huga að fylgja eftir athugun þeirra með því að rekja mig eftir gögnunum, með því að hafa bæði upp á þeim sem ljóstruðu upp um líf mitt og lögreglumönnunum sem fylgdust með mér, kanna einnig önnur gögn af sama tagi, bera Stasiskjöl saman við mitt eigið minni, dagbók mína og minnisblöð sem ég á frá þessum tíma og við þá pólitíska sögu sem ég hef tekið saman um þetta tímabil. Og ég ætla að sjá hvað ég finn.³

Og þetta gerði Garton Ash og sýndi fram á hvernig hægt er að nýta óvenjulegar opinberar heimildir til að varpa ljósi á líf einstaklingsins og samfélagið í heild sinni. Þetta magnaða verk leiðir jafnframt hugann að því hve miklum gögnum er safnað um þegna lýðræðisríkja með margvíslegu móti.

1 Timothy Garton Ash, *The File*, bls. 84.

2 „The effect of reading a file can be terrible. I think of the now famous case of Vera Wollenberger, a political activist from my friend Werner Krätschell's parish in Pankow, who discovered from reading her file that her husband, Knud, had been informing on her ever since they met. They would go for a walk with the children on Sunday, and on Monday Knud would pour it all out to his Stasi case officer.“ Timothy Garton Ash, *The File*, bls. 21.

3 „My plan of action, now, is to investigate their investigation of me. I shall pursue their inquiry through this file, try to track down both the informers and the officers on my case, consult other files, compare the Stasi record with my own memories, with the diary and notes I kept at the time, and with the political history I have since written about this period. And I shall see what I find.“ Timothy Garton Ash, *The File*, bls. 17-18.

Sóknarfæri – En það þarf ekki endilega gögn Stasi til þess að nálgast einstaklinginn og gjörðir hans á nýjan og óvæntan hátt. Vel er hægt að hugsa sér að gerð væri tilraun til að fylgja einum manni eftir með því að safna saman ólíkum opinberum heimildum, ýmsum viðskiptaupplýsingum sem finna má í bönkum og fjármálafyrirtækjum (eins og greiðslukortareikningum) og bera slíkt saman við persónulegar minningar fólks. Þannig fengist, á líkan hátt og hjá Garton Ash, færi á að nálgast áhugaverða mynd af fólki í nútímasamfélagi.¹

Ljóst er að margs konar opinberar heimildir innihalda sjónarmið einstaklinga um lífið og tilveruna sem hægt er að virkja með nýrri nálgun og hugmyndafræði. Þetta verður einna helst gert með því að horfa á fortíðina á nýjan hátt. Frægar eru til dæmis tilraunir ítölsku einsögumannanna við að afbyggja réttargögn rannsóknarréttarins sem urðu til á fyrri hluta nýaldar. Með markvissum aðferðum tókst fræðimönnum á borð við Carlo Ginzburg að gera rödd malarans Menocchio skiljanlega þannig að greint var á milli valds þess sem spurði og þess sem sat fyrir svörum réttarins.² Engin ástæða er til að ætla að íslensk réttargögn bjóði ekki upp á svipaða notkunarmöguleika, þótt þau séu sannarlega mun takmarkaðri, en á það hefur lítið verið látið reyna.³ Sagnfræðingar hafa því hér mikið verk að vinna eins og á öðrum sviðum persónulegrar tjáningar um einkahagi í opinberum gögnum.

Umfjöllunin hér að framan um opinberar heimildir sýnir svo ekki verður um villst að mikilvægt er að ræða stöðu hvers heimildaflokks á eins ítarlegan hátt og kostur er. Almennar takmarkanir heimilda blasa hvarvetna við. Umfjöllunin hér að framan sýnir að opinberar heimildir veita mikilvæga vitneskju um persónulega stöðu einstaklinga sem oft hafa komist í hann krappan. En það hefur einnig verið dregið fram í dagsljósið að opinberar heimildir geta verið afar varhugaverðar vegna innbyggðra takmarkana stofnana sem koma niður á heimildunum. Með því að tefla saman sjónarhorni einstaklinganna og framkvæmd reglugerða geta fræðimenn fengið áhugaverða sýn á samfélagið og stöðu fólks í viðskiptum við hina formlegu hlið þjóðlífsins.

1 Þessi hugmynd er komin frá nemanda mínum Braga Bergssyni sagnfræðingi en hann hafði á þjónunum að vinna B.A.-ritgerð þar sem hann yrði sjálfur viðfangið og ætlaði að athuga hvaða mynd hann fengi af sjálfum sér í gegnum opinberar heimildir. Af þessari vinnu varð ekki af óviðráðanlegum ástæðum en hugmyndin er afar áhugaverð.

2 Carlo Ginzburg, *The Cheese and the Worms: The Cosmos of a Sixteenth-Century Miller* (New York, 1978).

3 Sá sem komst hefur næst slíkri notkun heimildanna er Már Jónsson prófessor við sagnfræðiskor Háskóla Íslands. Hann ritaði doktorsritgerð um blóðskömm sem nefndist: *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870* (Reykjavík, 1993). Már fjallaði á tímabili mikið um sífjaspell og nýtti sér þar dómsmál við rannsókn sína. Sjá til dæmis greinar Mús: „Konur fyrirgefa körlum

2. *Hið nýja sjálf*

Í þessum hluta bókarinnar hefur verið rætt um nokkrar gerðir persónulegra heimilda – sjálfsbókmennta. Ef til vill má skipta þeim í tvennt: Annars vegar þær sem verða til af hvötum aðalpersónanna, fólks sem finnst það hafa eitthvað fram að færa sem eigi erindi í það minnsta við það sjálft eða jafnvel við umheiminn. Sjálfsævisögur, skáldævisögur, dagbækur og bréf eiga tilurð sína að þakka ákvörðun einnar manneskju sem á stundum hefur fengið hvatningu frá öðrum til að skrá hugsanir sínar og hugleiðingar. En aðalpersónur þessara sjálfsbókmennta eru alltaf einar ábyrgar fyrir efninu og innihaldinu.

Hins vegar eru sjálfsbókmenntir sem ég hef kosið að nefna *upprifjunarheimildir* en þær eru í vissum skilning kallaðar (eða þvingaðar) fram af hálfu annarra. Hér er átt við viðtöl og samtalsbækur, fræðilega spurningalista og endurminningarit; þær heimildir sem verða til fyrir frumkvæði annarra en aðalpersónunnar. Mikilvægt er að hafa í huga að umbeðnar upprifjanir verða til af mörgum ólíkum ástæðum en verkin í fyrri flokknum verða oftast til af innri þörf þess sem í hlut á. Munurinn á þessu tvennu felst einkum í þeirri tækni sem aðalpersónan beitir við að draga fram liðna tíð. Kostur sjálfsbókmennta almennt, og sérstaklega sjálfsævisagna, er einkum að höfundur dregur fram úr huga sínum minningar sem tengjast lífsferlinum. Ef það ferli er rofið, eins og oft er gert í viðtölum og jafnvel í fræðilegum spurningalistum þar sem leitað er eftir upplýsingum um tiltekna atburði, hluti eða tímabil, þá er líklegt að minningaframleiðslan verði brotarkennd og samhengi þess lífs sem viðmælandinn hefur lifað skorti. Allt byggist það á þeim undirbúningi sem aðstandendur leggja í verkið og ég tel að líkurnar á heillegri samantekt á ævi höfunda aukist mikið ef reynt er að tengja upprifjunina við lífsferil fólks.¹ Þannig er reynt að fylgja þeim farvegi sem hinar sjálfsprottnu minningar sjálfsævisagna renna eftir.

hór.“ *Ný saga* 1 (1987), bls. 70-78; „Sautján konur. Forboðnir liðir í kristinrétti Árna Þorlákssonar 1275.“ *Yfir Íslandsála. Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánssyni sextugum 25. desember 1991*. Gunnar Karlsson og Helgi Þorláksson höfðu umsjón með útgáfu (Reykjavík, 1991), bls. 147-168; „Óstjórnleg lostasemi karla á fyrri tíð.“ *Ný saga* 5 (1991), bls. 4-10. Loks má benda á verkið: *Til merkis mitt nafn. Dómabækur Magnúsar Bergssonar sýslumanns Ísa-Þjarðarsýslu 1711-1729*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 6. Mór Jónsson tók saman (Reykjavík, 2002).

1 „Daglegt líf í dreifbýli og þéttbýli á 20. öld.“ Eins og fram kom í þættinum um fræðilegar spurningaskrár, þá hannaði ég þessa spurningaskrá Þjóðminjasafnsins en hún fylgir einmitt forskrift lífsferilsins þar sem þátttakendum var ætlað að svara yfir eitt hundrað spurningum.

Í þessari röksemdafærslu er ljóslega leitast við að sýna fram á kosti sjálfsævisögunnar; sjálfsprottin löngun til að gera upp liðna tíð og tengsl minninga og reynslu sameinast oft svo skemmtilega á þessum vettvangi. Það er nánast óþarft að taka fram að þegar ég ræði um „sjálfsævisögu“ á ég við ímynd hinnar fullkomnu sjálfsævisögu sem býr yfir þeim kosti að vera samin án nokkurra utanaðkomandi þvingana eða með annarleg markmið í huga. Hún nýtur heiðarleika þess sem heldur á penna og leitast er við að skýra í einlægni og án tilgerðar frá því sem drifið hefur á daga höfundar. Óþarft er að taka fram að oft er brugðið út af þessari fyrirmynd í hinni fjölbreyttu flóru sjálfsævisagna eða verka sem teljast til annars konar sjálfsbókmennta. Yfir þessu hafa menn kvartað eins og Þórbergur Þórðarsson gerði í *Eddu* en þar kemur eftirfarandi fram:

[M]ikill þorri manna hefur ekki ennþá náð svo hátt í andlegum þroska, að hann skynji nokkurt innra samband milli sjálfs sín og þeirra staða, þar sem hugsaðar hafa verið merkilegar hugsanir. Hann lifir svo að segja allur í hinum grófgerðu atburðasviðum. Með honum hefur ekki ennþá þróast skilningarvitið, hin fingerða sjón, sem sér, að stærstu og merkilegustu atburðir mannlífsins eru í raun réttir þeir, sem gerast innan endimarka sálarinnar. Þessi sjóndepra er mjög átakanleg í íslenskum sjálfsævisögum.¹

En það má einnig heita kostur sjálfsævisagna að þær eru ekki allar steyptar í sama mótið heldur birta allt litróf hinna mannlegu geðbrigða og þar eiga mannkostir eins og heiðarleiki sinn fulltrúa ekki síður en dramb og hégómi.

Á móti vegur oft að sjálfsbókmenntir sem ekki verða til af sjálfsprottnum hvötum – endurminningarit – eru mörg ákaflega vel unnin. Sérfræðingunum sem stýra ferlinu er oft lagið að draga fram þætti í lífi fólks sem annars væri erfitt að koma auga á. Þeir þekkja lífsferli einstaklinganna og skynja hvar bitastæða atburði eða hugmyndir er að finna.

Niðurstaða þessa kafla er því sú að allar þessar gerðir heimilda, sjálfsævisögur, endurminningarit, samtalsbækur, skáldævisögur, dagbækur, bréf, fræðilegir spurningalistar, viðtöl og fleira, hafi ótvíræða kosti en gallarnir leyna sér heldur ekki. Aðalatriðið er þó að í þessum heimildum gefst kostur að rannsaka hvernig sjálfið verður til, hvernig einstaklingurinn á í samræðu við sjálfan sig og umhverfi sitt út frá eigin forsendum. Þannig er líka best að nýta þessar heimildir og gera þá tilraun til að varpa ljósi á hið virka samband sem er á milli höfundar, hans eigin hugmynda um sjálfan sig og umhverfið sem hann telur að hafi mótað sig. Í þessa blöndu hughrifa og lýsinga á efnisheiminum á lesandinn fullt erindi.

1 Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs Þórðarsonar* (Reykjavík, 1941), bls. 10-11.

Einhverjir kunna að leggja áherslu á gömul ráð í fræðunum sem byggjast á þeirri hugsun að ef nota á heimildir á borð við sjálfsbókmenntir sé aðalatriðið að nýta sem flesta flokka saman, byggja upp heimildagrunn þar sem hægt er að bera saman kosti og galla einstakra verka. Blönduð tækni er þá lykilorðið, sérstaklega þegar frásagnarheimildir eru notaðar í megindlegum rannsóknum. Hér hefur því hins vegar verið haldið á lofti að nauðsynlegt sé að horfa á hvert verk og meta það sjálfstætt. Hver eining býr yfir eiginleikum sem geta komið að gagni við ólíkar aðstæður þegar einstaklingar, fyrirbæri eða atvik eru rannsökuð.

Á síðari árum hafa birtingarmyndir sjálfsins tekið stakkaskiptum. Nýir miðlar hafa gjörbreytt tækifærum fólks til að tjá sig, setja sjálft sig á svið, ef svo má að orði komast. Bloggið hefur rutt sér til rúms sem „ofur-miðill“ sjálfsins. Þar eiga sér stað tilraunir sem hafa verið óþekktar í heimi sjálfsbókmennta; sjálfið er svo sannarlega komið á flot, jafnt í netheimum sem í mannheimum.

Þörfin fyrir sjálfstjáningu hefur verið misjöfn frá einum tíma til annars. Í bændasamfélögum átjándu, nítjándu og tuttugustu aldar, þar sem tíminn leið hægt og fylgdi takti árstíðanna, nægðu staðlaðar myndir sem fengnar voru úr umhverfinu (trúarbrögðum, bókmenntum eða úr mannlífinu) þeim sem voru að vaxa úr grasi. Á síðari hluta nítjándu aldar sjást greinileg merki þess að ungt alþýðufólk gripur fagnandi tækifæri til að tjá sig í rituðu máli um líf sitt og tilveru. Arfur upplýsingarinnar hafði seytlað niður til lágstéttanna og þar var talið mikilvægt að vega og meta flest sem greinanlegt var í umhverfinu. Fallþungi dilka var mældur og nytin í kúnum, slegið var á stærð bæjarhúsa, túngarða og vegghleðslna; allt gert til að ná betri tókum á óvissu tímans.¹ Dagbækur urðu nýtt tæki í höndum áhugasamra verkmanna sem gengu fagnandi til móts við framtíðina. Í sumum tilfellum voru dagbækurnar nýttar til að velta fyrir sér stöðu manna í heiminum – höfundarnir stigu hægt og varlega inn í sín eigin skrif og nýttu tækifærið til að móta sjálfa sig.

Tuttugusta öldin var tími sérhæfingar í meðhöndlun sjálfsins. Þjóðfélögin urðu flóknari og margbreytilegri og sjálfstjáning alþýðumanna krafðist stuðnings sérfræðinga ef henni átti að koma á framfæri. Og það var rík eftirspurn eftir slíkri tjáningu, form lýðræðis kallaði eftir skoðunum fólks, að sem flestir létu í sér heyra og tjáðu viðhorf sín á mönnum og mállefnum. Þetta var tími upprifjunarheimildanna, sérfræðinga og markaðssetn-

1 Nefna má mörg dæmi frá þessu tímabili. Sjá fyrstu Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, *Bræður af Ströndum*.

ingar sjálfsins. Innan vébanda formsins rúmuðust sífellt fleiri – hóparnir sem létu í sér heyra urðu sannarlega fjölbreyttari en áður. En öll þessi minningaframleiðsla fylgdi formúlum úr umhverfinu, formúlur stóru kerfanna – sósíalismi og kapítalismi – mótuðu hugmyndir manna um lífið fyrir og eftir miðja öldina en áður höfðu aðrir „ismar“ vísað veginn.

Síðustu tveir áratugir tuttugustu aldar urðu tími mikila umbreytinga. Þegar Berlínarmúrinn féll 9. nóvember 1989 urðu í táknrænum skilningi þáttaskil sem drógu dilk á eftir sér. Tímabil hafta eða „stöðugleika“ í hugmyndafræðilegum skilningi var liðið undir lok. Hömluleysi margbreytileikans varð ríkjandi ástand. „Miðjan“ molnaði niður í hraðakvörn nútímans og inn á sviðið stigu ótal hópar, stórir og smáir, sem og einstaklingar sem litla sem enga athygli höfðu fengið áður. Þeir tóku að tjá sig um ólíklegustu málefni og hikuðu ekki við að krefjast þess að á þá væri hlustað. Það sem einkenndi þessar sviptingar var einmitt *hraði* – fjölmiðlar, tölvutækni, veraldarvefur, samgöngur, fólksflutningar, upplýsingar; allt fyrirbæri sem stuðluðu að því að margir vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Ráðandi öfl misstu fótanna og afmiðjun valdsins varð að veruleika. Hnattvæðing hugmynda, viðskipta og menningar breytti skilningi fólks, í það minnsta á Vesturlöndum, á merkingu lífsins.

En það voru ekki aðeins hefðbundnar valdastéttir sem stóðu ráðþrota frammi fyrir hringiðu tímans. Einstaklingar sem voru vanir að fá viðmið sín frá viðurkenndum kennileitum í landslagi tímans, frá stórsögum eins og kapítalismanum og sósíalismanum, vissu ekki hvernig best væri á málum haldið. Eina leiðin til að sporna við leifturhraða tímans var að drepa niður fæti í eigin lífi; skýra út fyrir sjálfum sér það sem hver og einn taldi að máli skipti. Það var ekki nokkur leið að bíða eftir því að fólk væri komið að fótum fram, eins og gömlu sjálfsbókmenntaformin gerðu ráð fyrir, til að það tæki því að taka saman mikilvæga þræði í lífi sínu; það var stundin, samtíminn, sem skipti máli. Bloggið var því svarið – hálfopinber dagbók á veraldarvefnum þar sem hver og einn getur tekið á sig ólíklegustu myndir og tjáð sig um allt og ekkert.¹

Bloggarar fylgja ekki endilega formúlu, í það minnsta ekki hefðbundnum formúlum tjáningar. Þarna er fólk sem bregður sér í allra kvikinda líki. Sumt leikur sér með ímynd sína, kemur fram undir ólíkum formerkjum frá einum tíma til annars. Stekkur á milli gerva og lætur ólíkindalega. Í sömu

1 Auðvelt er að visa í fjölda áhugaverðra bloggsíðna hér á landi og erlendis en einn afkastamesti bloggari landsins og sú sem hefur hvað lengst haldið úti síðu sinni er Salvör Gissurarðóttir lektor í Kennaraháskóla Íslands. Bloggsíða hennar sem nefnist „Metamorphoses“ hefur að geyma ótal upplýsingar og tengingar í vefheima, sérstaklega gagnlegt efni um blogg.

mund fær fólk tækifæri til að velta fyrir sér liðandi stund. Hvað skiptir máli og hvernig fellur samtíminn mér í geð, er í raun sígilt viðfangsefni blogg-arans. Skrif af þessu tagi eru greinilega nýtt til að gera tilraunir með sjálfið, móta tiltekin hlutverk og velta fyrir sér stöðu sinni í heiminum. Þannig skapa bloggarar sér ímynd og kallast á við hana í skrifum sínum. Það sem meira er, aðrir koma að slíkri mótun með umfjöllun um viðfangsefni blogg-arans á síðu hans eða hennar.

„Vefannálar eru ný ritunaraðferð“, segir Salvör Gissurardóttir lektor í Kennaraháskólanum, „það er eins og hægt sé að vera frjálsari og innilegri og láta allt vaða (alltaf hægt að breyta seinna), setja fram hugmyndir sem eru að kvikna og seinna verður unnið úr. Margir nota annála til að skrifa dagbækur á Netinu. Þessar dagbækur eru oft mjög persónulegar og and-stæða við fréttabréf.“¹ Salvör bendir hér á merkilegt atriði í sambandi við bloggið. Það er hálfopinbert svæði sem er mjög persónulegt en jafnframt hafa allir aðgang að því. Þarna kastar sumt fólk því fram skoðunum sem því dytti ef til vill aldrei í hug að orða á opinberum fundum. Bloggsíðurnar eru svæði sem virðast tilheyra „einkarými“ fólks, en eru óvenjulegar vegna þess að utanaðkomandi geta skyggst inn á þennan vettvang og jafnvel tekið þátt í samræðum þar. Þversögnin felst því í þeirri staðreynd að „einka“ hug-takinu hefur verið útrýmt um leið og það er hafið upp til skýjanna – magnað upp!

Bloggið hefur verið í mótun frá upphafsdögum netsins. Eftir ýmsar dýfur og tilraunir komst það í fast form undir lok tuttugustu aldar. Blogg er tekið úr orðasambandinu „web log“ en eins og þekkt er þá er enska orðið „log“ notað um leiðarbók skips eða yfir flugbók þar sem greint er frá at-burðum um borð í tímaröð. Síðar meir breyttist „weblog“ í blog á ensku og hefur það orð haldist síðan og varð aðlagð íslensku sem blogg. Efni blogg-ara er til dæmis hýst á blogspot.com sem er form sem gerir notendum auð-velt að birta skrif sín.²

Mikilvægasti eiginleiki bloggsins er að það er stjórnlaust. Enginn sem ræður þar för nema inni á sínu eigin svæði. Nýtt fólk fær tækifæri til að láta í sér heyra og sumir bloggarar hafa orðið landsþekktir fyrir skrif sín. Sam-félög bloggara verða ósjálfrátt til með þessari iðju þar sem fólk vísar hvert til annars. Það verður til nokkurs konar „sameiginlegt minni“ hópsins sem

1 „Annálaritarar samtímans.“ *Fréttablaðið* 15. febrúar 2003.

2 Sjá ágæta umfjöllun um blogg í *Veru* en tímaritið nálgadist efnið frá ýmsum hliðum og í mörgum greinum undir yfirskriftinni: „Blogg, blogg, blogg.“ *Vera* 24:3 (2003), bls. 16-28.

felur meðal annars í sér að einstaklingarnir sem tilheyra slíkri heild sameinast um að skiptast á skoðunum um ákveðin gildi. Oft eru þetta pólitískar skoðanir eða dægurmál, sem er í raun frekar gamaldags framhald af umræðu flokksblaðanna sálugu; nokkurs konar skjallbandalög skoðana-bræðra. En svo eru til hópar sem sameinast um eitthvað allt annað og frumlegra, halda uppi sjónarmiðum sem hvergi fá inni í hefðbundnum fjölmiðlum, og verða fyrir bragðið kraftmikil viðbót við tjáningu fólks um lífið og tilveruna í öllum margbreytileika sínum.

Breytingarnar á síðari árum hafa gjörbylt hugmyndum fólks um sjálft sig. Lífsferlinum, sem áður var njörvaður niður í afmörkuð lífsþrep, eru miklu færri skorður settar en áður. Fyrir bragðið verður öll sjálfstjáning miklum mun fjálslegri. Bloggið er ein birtingarmynd þeirrar þróunar eins og áður hefur verið rakið en sömu sögu má segja um hina formlegu útfærslu sjálfsins. Sjálfsævisagan er á undanhaldi í sinni klassísku mynd en mín spá er að skáldævisögurnar verði ríkjandi innan tíðar. Fram að síðari árum hefur það form oftast verið nýtt af skáldum og rithöfundum en líklegt verður að teljast að aðrir hópar muni í auknum mæli nýta sér kosti þess. Mörkin milli raunveruleikans og sýndarveruleikans hafa riðlast hjá sumu fólki sem alið er upp í netheiminum, og sú staðreynd á eftir að koma fram í formlegri sjálfstjáningu þess í framtíðinni.

Stóra spurningin í mínum huga er hvernig fræðafólk á tuttugstu og fyrstu öld muni taka á þessum breytingum, hvaða áhrif þessi umskipti komi til með að hafa á fræðastarf í framtíðinni. Ýmis merki eru á lofti um að ofangreindar aðstæður muni hafa mikil áhrif á hvernig fræðimenn nálgast liðna tíð og ekki er ósennilegt að sjálfið og mótun þess leiki þar lykilhlutverk.

IV. Fræði sjálfsins

1. Tilvist og notkun

Einkenni sjálfsævisögunnar – það að hún er verk eins manns, frásögn af reynslu höfundar af eigin lífsferli og jafnframt upprifjun atburða sem oft áttu sér stað áratugum áður – gera hana að flókinni sagnfræðilegri heimild. Margir sagnfræðingar hræðast hin óljósu skil sem eru á milli skáldskapar og veruleika í þessum verkum. Þau hafa dregið úr áhuga margra þeirra á heimildinni. Sagnfræðingar telja sig oft vanhæfa til að sannprófa frásagnir sjálfsbókmenntahöfunda, án tillits til þess hvaða flokks þær tilheyra, þar sem oft er enginn annar til frásagnar um efnið. Af þessum ástæðum nýttu sárafáir sagnfræðingar sér sjálfsbókmenntir á skipulegan hátt í rannsóknum sínum lengst framan af tuttugustu öldinni. Á allra síðustu árum hefur orðið nokkur breyting á því, einkum vegna þess að höfundar sjálfsbókmennta hafa sjálfir gengist við því að skilin milli sannleika og skáldskapar eru jafnan afar óljós. Þeir hafa af þessum sökum tekið til við að vinna með þessi óljósu mörk frásagnarinnar í verkum sínum. Dágóður hluti fræðaheimsins hefur fylgt í humátt á eftir.

Verkamenn og þrælar – Sagnfræðirannsóknir sem fjölluðu um aðstæður verkamanna í Bretlandi og þræla í Bandaríkjunum hafa ausið af brunni ríkulegs sjálfsævisöguefnis nær alla tuttugustu öldina. Þessi rannsóknarsvið nutu lengi nokkurrar sérstöðu hvað varðar tengsl við sjálfsbókmenntir. Heimildirnar hafa gefið sagnfræðingum og öðru hugvísindafólki sem fengist hefur við rannsóknir á framantöldum hópum, sérstaklega á síðustu áratugum, möguleika á að draga fram sjónarhorn bæði geranda og þolanda á mjög áhrifaríkan hátt. Þessi rannsóknarmið hafa gjörbreytt umfjöllun um efnisflokkana.¹ Með notkun sjálfsævisögulegra heimilda hefur tekist að byggja

1 John W. Blassingame, *The Slave Community. Plantation Life in the Antebellum South* (New York, 1979). – David Vincent, *Bread, Knowledge and Freedom: A Study of Nineteenth-Century Working-Class Autobiography* (London, 1981). – *Destiny Obscure: Autobiographies of Childhood, Education and Family from the 1820s to the 1920s*. Ritstjóri John Burnett (London, 1982). – *The Annals of Labour: Autobiographies of British Working-Class People 1820-1920*. Ritstjóri John Burnett (Bloomington, 1974). – Richard Coe, *When the Grass was Taller. Autobiography and the Experience of Childhood* (New Haven, 1984).

upp sannfærandi röksemdafærslu sem sýnir hugmyndir og hugsanir þeirra sem töldust vera viljalaust verkfæri annarra.

Fyrirfram gáfu aðstæður þræla í Bandaríkjunum fræðimönnum sem rannsökuðu formlega stöðu stétta eða hópa ekki til kynna að fólk sem hneppt var í þrældóm hefði eitthvað haft um mál sín að segja eða átt kost á að stjórna lífi sínu á neinn hátt. En rannsóknir sem byggðust á sjálfs-ævisögulegum vitnisburði þrælanna sjálfra sýndu að innan þess þrönga ramma sem athöfnum þeirra voru settar náðu þeir að byggja upp menningu sem hélt lifinu í hinum undirokuðu á undraverðan hátt. Eitt frábærasta dæmið um slíka efnismeðferð er hið þekktu verk Eugene D. Genovese *Roll, Jordan, Roll*.¹ Genovese sýnir fram á að innan marka þrælahaldsins náðu hinir kúguðu að halda menningarlegri stöðu sinni og styrkja innviði samfélagsins. Hinn trúarlegi og andlegi kraftur eflist á meðan þeir voru fótum troðnir í samfélaginu.

Sömu sögu er að segja um verkamenn í Bretlandi. Breski sagnfræðingurinn E.P. Thompson ritaði hið mikla verk sitt *The Making of the English Working Class* út frá sjónarhorni verkafólks og nýtti sér meðal annars sjálfs-ævisögulegt efni (frásagnarheimildir) ríkulega.² Þetta voru til skamms tíma lýsandi undantekningar í fræðunum þar sem notkun sjálfsævisagna, eða annarra heimilda þar sem sjálfið var í öndvegi, var í flestum tilvikum mjög tilviljunarkennd víðast hvar í heiminum.³ Gjarnan var, og er reyndar enn, vitnað til sömu frásagnanna aftur og aftur óháð því hvaða efni er til umræðu. Þetta á sérstaklega við rannsóknir á pólitískri sögu og hugmyndasögu. Þar eru sjálfsævisögur oftast notaðar sem viðbótarefni sem er vel til þess fallið að krydda frásögnina en ekki til að dýpka greininguna. Þessi notkun sjálfsbókmennta hefur einnig einkennt íslenska sagnfræðiritun.

Íslenskar undantekningar – Á Íslandi er að finna í það minnsta fjórar mikilvægar undantekningar á sinnuleysi fræðimanna gagnvart persónulegum heimildum: Í fyrsta lagi notaði Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, yfir eitt hundrað sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur til að meta gildi barnavinnu á nítjándu öld og snemma á þeirri tuttugustu í grein sem birtist í *Sögu* 1986.⁴ Guðmundur sló

1 Eugene D. Genovese, *Roll, Jordan, Roll. The World the Slaves Made* (New York, 1972).

2 E.P. Thompson, *The Making of the English Working Class* (London, 1963).

3 Fleiri dæmi er hægt að tilgreina sem höfðu áhrif á fræðin. Hér má til dæmis nefna Alan Macfarlane, *The Family Life of Ralph Josselin. A Seventeenth-Century Clergyman* (New York, 1970).

4 Guðmundur Hálfðanarson, „Börn – höfuðstóll fátæklingsins?“ *Saga* 24 (1986), bls. 121-146.

varnagla í sambandi við notkun þessara heimilda og taldi að varhugavert væri að nota þær til annars en að meta áþreifanlega þætti í lífi hvers og eins, svo sem vinnuframlag og vinnuálag ólíkra hópa samfélagsins. Hann varaði í það minnsta við því að sjálfsævisagan væri notuð gagnrýnislaust og benti á að notkun hennar gæti „[...] leitt til kerfisbundinnar bjögunar á heimildunum sem erfitt getur verið að afstýra þrátt fyrir að úrtakið sé stórt.“¹ Notkun Guðmundar á heimildunum var sannarlega nýlunda í íslenskum fræðaheimi á níunda áratug tuttugustu aldar og ágætt dæmi um hugvitsamlega meðferð sjálfsbókmennta. Ég hygg að það sem Guðmundur vísar til er hann ræðir um „kerfisbundna bjögun“ sé að form sjálfsævisagna sé svo mótað að frásagnir einstaklinga nái ekki að sveigja frá fyrirfram gefinni byggingu þeirra. Sú athugasemd er vissulega réttlætanleg og er enn í fullu gildi.² Þó hygg ég að fræðimenn hafi á síðari árum gerst djarfari í ályktunum sínum út frá sjálfsbókmenntum, einkum eftir að fræðaheiminum varð ljóst að allur vitnisburður um fortíðina lýtur ákveðnum lögmálum sem hefur áhrif á frásagnarformið og skiptir þar engu hvaða nafni heimildirnar nefnast.

Í öðru lagi nýtti Loftur Guttormsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, sér ferðalýsingar, sjálfsævisögur og ævisögur í rannsókn sinni á bernskunni á upplýsingaröld. Könnun Lofts var að sjálfsöğðu þeim takmörkunum háð að afar fáar sjálfsævisögur hafa varðveist frá þessu tímabili. Þær sem til eru koma helst frá fólki úr efsta þrepi þjóðfélagsins sem þó hafði alls ekki náð góðum tókum á mótun sjálfsins í rituðu máli.³ Loftur beitir þess vegna nokkuð umdeildri aðferð þegar hann nýtir sjálfsævisögur frá öðru tímabili en rannsóknin nær til (aðallega frá miðri níjtjándu öld) sem dæmi um tíðaranda og aldarfar tæplega hundrað árum fyrr. Hugsunin að baki slíkri tilraun er sú að litlar breytingar hafi orðið á milli þessara tímabila og því sé réttlætanlegt að nýta heimildir frá einum tíma um athafnir fólks á öðru tímabili. „Í þessu sambandi“, segir Loftur í bók sinni, „ætti ekki að vera goðgá að seilast til höfunda sem voru á barnsaldri á tímabilinu 1850-1870; því langt fram eftir 19. öld mótuðu andi og ákvæði húsagans uppeldishætti heimilanna.“⁴ Hver svo sem afstaða fræðimanna er til þessara vinnubragða, þá er ljóst að tilraun Lofts er eftirtektarverð þar sem hann

1 Guðmundur Hálfðanarson, „Börn – höfuðstóll fátæklinga?“, bls. 123.

2 Þetta atriði mun ég ræða í bókinni *Sjá, fssögur* sem kemur út árið 2005.

3 Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýçfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983). Um þetta verk verður nánar rætt í bókinni *Sjá, fssögur*.

4 Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 163.

teflir fram í sama mund huglægum vitnisburði, stofnana sögu viðfangsefnis síns og lýðfræðilegum niðurstöðum um tímabilið. Sú nálgun opnaði nýja möguleika til umfjöllunar um tímabilið þrátt fyrir framangreindar takmarkanir.

Það sem er þó sérstaklega athyglisvert við þessi vinnubrögð Lofts er að þau afhjúpa viðhorf hans til sögunnar eða fortíðarinnar; það kemur ágætlega fram í þessari yfirfærslu vitnisburðar frá einum tíma yfir á annan. Hin stórsögulega nálgun (e. *grand narrative*) viðfangsefnisins, eins og sú sem einkennir skrif Lofts að öllu jöfnu, leyfir slíkar tilfæringar. Hræringar innan ákveðinnar heildar, finni drættir mannlífsins, geta tæplega orðið viðfangsefni þeirra sem nýta sér stórsögur sem ramma utan um rannsóknir sínar.¹ Þar er fyrst og fremst unnið með stórar og grófar línur í þróun sem alltaf stefnir fram á við. Í þessu tilfelli er það píetisminn og upplýsingin sem veita greiningunni leiðsögn. Vandinn við þetta ákveðna tilfelli er sá að sjálfstjáníning sú sem algeng var um miðja nítjándu öld var lítt þekkt á síðari hluta átjándu aldar, það er á þeim tíma sem rannsóknir Lofts beinast fyrst og fremst að. Af þeim ástæðum skyggja efnistöð Lofts á annars ágæta umfjöllun hans um tímabilið.

Í þriðja lagi nýtti ég í doktorsritgerð minni um þrjú hundruð og fimmtíu sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur í greiningu á hversdagslífi fólks á seinni hluta nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu.² Ég beitti *lífsferlis greiningu* (e. *life-course analysis*) við þessa rannsókn á alþýðumenningu á umræddu tímabili. Sú rannsóknaraðferð felst í því að skipta mannsevinni upp í nokkur þrep, lífsþrep, og beita síðan sjálfsbókmenntum til að greina eðli hvers þreps fyrir sig og tengingarinnar á milli þeirra. Greiningin er þannig „lárétt“ þar sem tekin er sneiðmynd af lífi hvers manns sem skilið hefur eftir sig skriflegan vitnisburð og hún borin saman við samskonar frásagnir annarra einstaklinga. Með þessu móti fæst greinargóð lýsing á hverju lífsþrepi fyrir sig og hægt er að koma auga á helstu einkennum þeirra.

Kosturinn við þessa notkun sjálfsbókmennta er sá að hægt er að greina kerfisbundið hversdagslega þætti í daglegu lífi alþýðufólks sem erfitt er að fjalla um á annan hátt. Tvær flugur eru slegnar í einu höggi: Umfjöllun um börn í samfélagi nítjándu aldar reynist möguleg með þessari rannsóknarleið

1 Þetta ræði ég nokkuð ítarlega í annarri svargrein minni í *Skirni* við gagnrýni Lofts Guttormssonar á skrif mín. Sjá: Sigurður Gylfi Magnússon, „Fangæsla vanans“, bls. 387-398.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, *The Continuity of Everyday Life*. Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumennning á Íslandi 1850-1940“, bls. 265-320; Sigurður Gylfi Magnússon, „Síðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld“, bls. 57-72; Sigurður Gylfi Magnússon, „From Children's Point of View“, bls. 295-323.

auk þess sem daglegir hættir alþýðunnar liggja þar til grundvallar. Gallinn við þessa nálgun er fyrst og fremst sá að unnið er með frásagnarheimildir og megindlegu (lýðfræðilegu) greiningarlíkani beitt. Fyrir bragðið nýtast sjálfsbókmenntirnar á afar takmarkaðan hátt.

Í fjórða lagi hefur á allra síðustu árum farið í vöxt að fræðimenn hafi leitað í persónulegar heimildir eftir vitnisburði um fortíðina og fremstur hefur farið hinn svokallaði íslenski einsöguskóli. Fræðimenn á borð við Davíð Ólafsson, Sigrúnu Sigurðardóttur, Braga Þorgrím Ólafsson, Svavar Hávarðsson, Ingu Huld Hákonardóttur, Moniku Magnúsdóttur, Jón Aðalstein Bergsveinsson og fleiri hafa nýtt sér þessar heimildir af meiri áræðni og hugmyndaauðgi en áður hefur verið þekkt hér á landi. Einsöguhópurinn hefur smátt og smátt tekið til við að nýta sjálfsbókmenntir sem eigindlegar heimildir og við það hafa þær fengið að njóta sín í ríkara mæli en áður.¹ Sjálfur hef ég tekið þátt í þessari hugmyndavinnu sem fram hefur farið hjá hópnum og ekki sér fyrir endann á henni.

Þess má geta að nokkrir aðrir íslenskir sagnfræðingar hafa stuðst við persónulegar heimildir í verkum sínum þó að það hafi verið í smærri stíl. Nægir þar að nefna Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Magnús S. Magnússon, doktor í hagsögu og starfsmann Hagstofu Íslands, Gísli Ágúst Gunnlaugsson, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Önnu Agnarsdóttur, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands.²

Uppeldisferlisgreining – Vandamálið við þá greiningaraðferð sem ég beitti í doktorsritgerð minni er að allt dýnamískt frumafl vantar í rannsóknarlíkanið, myndin verður stöðnuð og breytingar milli tímabila verða illsjáanlegar. Til þess að bregðast við þessum vanda að hluta er hægt að beita

- 1 Sjá til dæmis grein Jóns Aðalsteins Bergsveinssonar, „Allt lífið, öll tilveran er órekjandi vefur“, bls. 171-193. Þá má nefna fleiri greinar í ritgerðasafninu *Einsagan – ólíkar leiðir*, en þar vinna höfundar með margvíslegar tegundir persónulegra heimilda. Sérstaklega má benda á grein Moniku Magnúsdóttur, „Það var fæddur krakki í koti. Um fósturbörn og ómaga á síðari hluta níttjándu aldar“, bls. 113-144. Sjá einnig: Sigurður Gylfi Magnússon, „„Dauðinn er lækur, en lífið er strá.“ Líf og dauði á níttjándu öld.“ *Eitt sinn skal hver deyja. Dauðinn í íslenskum veruleika*. Ritstjóri Sigurjón Baldur Hafsteinsson (Reykjavík, 1996), bls. 128-142.
- 2 Sjá til dæmis: Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta suður-þingeyinga*. – Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition. Labour and Socio-economic Change Before 1940* (Lundur, 1985). – Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801-1930. Studies in the Relationship Between Demographic and Socio-economic Development, Social Legislation and Family and Household Structures* (Uppsálir, 1988). – Anna Agnarsdóttir, „Ráðagerðir um innlimun Íslands í Bretaveldi á árunum 1785-1815.“ *Saga* 17 (1979), bls. 5-58. Anna hefur mest nýtt sér bréfasöfn og dagbækur. Sjá frekari umfjöllun um notkun íslenskra sagnfræðinga á persónulegum heimildum í greininni: Sigurður Gylfi Magnússon, „„Jeg er 479 dögum yngri en Nilli““, bls. 310-313.

aðferð sem ég hef kosið að nefna *uppeldisferlisgreiningu*. Hún byggist á því að steypa saman nokkrum lífsþrepum hjá hveijum einstaklingi og fjalla um þau í samhengi; að greina þær leiðir sem einstaklingurinn velur á þroskaferli sínum. Þessi aðferð hentar örugglega best þegar sjónum er beint að flókinni samfélagsgerð eða þjóðfélagi í mikilli mótun. Bandaríski sagnfræðingurinn Harvey J. Graff beitir líkri aðferð í bók sinni *Conflicting Paths* en þar byggir hann á ýmsum góðum persónulegum heimildum frá rúmlega fimm hundruð manns eins og dagbókum, bréfasöfnum og sjálfsævisögum.¹ Aðferðin er í sjálfu sér náskyld lífsferlisrannsóknarleiðinni en þjónar þeim tilgangi að draga saman reynslu fólks á lengri tíma og meta þannig líf hvers og eins í samhengi frá fæðingu og fram á fullorðinsárin. Graff dregur uppeldisferlið í nokkrar kvíar og sýnir hvernig þær breytast frá einu tímabili til annars (frá átjándu öld og fram yfir miðja tuttugustu öld). Þannig eru ákveðin ferli ríkjandi á vissum tímaskeiðum og ný bæstast við eða taka yfir þegar fram líða stundir. Með þessari aðferð kemur fram hjá Graff hvernig þjóðfélagið breyttist með hinni sögulegu þróun í Bandaríkjunum.

Graff, sem ritaði bók sína á fyrri hluta tíunda áratugar tuttugustu aldar (hún kom út 1995), var í hópi sagnfræðinga sem hafði tekið til við tilraunir með notkun persónulegra heimilda í rannsóknum sínum. Þær héldust í hendur við nýja straua innan sagnfræðinnar og annarra húmanískra fræðigreina sem grófu smátt og smátt undan þeirri trú manna að hægt væri að höndla veruleikann með hlutlægum hætti, eða að hægt væri að stunda sagnfræðirannsóknir með sömu formerkjum og náttúruvísindi (sem margir höfðu þó hafnað áratugina á undan). Í þessum anda tók álitlegur hópur fræðimanna að huga betur að huglægum heimildum og hvernig hægt væri að nýta þær við rannsóknir.

Harvey J. Graff tefldi til dæmis fram nokkrum grunnhugtökum sem urðu leiðarstef í rannsókn hans og til þess hönnuð að hægt væri að taka á huglægum einkennum persónulegra heimilda. Þar vann hann með hugtök eins og *átök* (e. *conflicts*), *leiðir* (e. *paths*) og *reynslu* (e. *experience*). Þessi hugtök eru sífellt lögð til grundvallar þegar nokkrum öðrum hugtakaröðum er beitt eins og *sameiningu* (e. *integration*) þar sem gengið er út frá ákveðinni samfelli í lífshlaupi hvers einstaklings; *þátttöku* (e. *inclusion*) sem leggur áherslu á að allar hugsanlegar raddir fái hljóð; *mótsögunum* (e. *conflict*) sem er byggt á vissu um að allt þroskaferli okkar sé fullt af þversögnum; *tengslum* (e. *dependency*) sem sýnir að hver einstaklingur sé sífellt háður

1 Harvey J. Graff, *Conflicting Paths. Growing Up in America* (Cambridge, Mass., 1995), bls. 1-25. – Sigurður Gylfi Magnússon, „[Ritdómur] Conflicting Paths. Growing Up in America. By Harvey J. Graff.“ *Journal of Social History* 30 (Spring 1997), bls. 733-735.

öðrum í uppvextinum og að lífið snúist að hluta um málamiðlanir milli þeirra sem þannig tengjast; *sögulegum mannvirkjum* (e. *historical constructedness*, einnig nefnt *historicity*) sem byggist á þeirri vissu að sagan feli í sér ímyndaðar hugmyndir okkar um tíma og rúm. Þessi hugtök verða síðan undirstaða fyrir greiningu höfundar á uppeldisferlinu þar sem lögð er áhersla á að lífið feli í sér stöðugar málamiðlanir sem taka mið af aldri, fjölskyldu, kyni, stétt, kynþætti, þjóðerni og menningu, svo nokkuð sé nefnt. Allir þessir þættir verða uppspretta átaka (e. *conflicts*) milli einstaklinga eða hópa sem hafa áhrif á lífsferlið allt. Áhersla er lögð á að maðurinn standi þrátt fyrir allt frammi fyrir vali, að hver einstaklingur velji leiðir (e. *paths*) sem Graff gerir síðan grein fyrir og notar til þess að greina hið sjálfssögulega efni. Þar skiptir mestu máli að nýta *reynslu* (e. *experience*) fólks til að sýna þá stefnu sem það tók í lífinu. Graff leitast við að taka inn sem flesta áhrifaþætti sem orka á uppeldisferlið í heild sinni og sýna jafnframt fram á samhengi þeirra. Þessi leið er afar áhugaverð og gefur sagnfræðingum mikla möguleika á að horfa á huglægar heimildir í samhengi og skapa þeim nýjan rannsóknarramma.

Sjálfur hef ég beitt líkri aðferð við rannsókn á kynjahlutverkum á nítjándu og tuttugustu öld á Íslandi.¹ Þar skapaði ég þrjár kvíar til þess að greina breytingar á tímabilinu, nefnilega *hefðbundna leið*, *breytingaleið* og *mótandi stéttarleið* og nýtti mér svör rúmlega sextíu heimildarmanna þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Ég byggði rannsóknavinnuna á svörum heimildamanna sem höfðu brugðist við spurningaskrá sem ég hafði samið árið 1995 í samvinnu við starfsmenn þjóðháttadeildar safnsins og nefndist „Daglegt líf í dreifbýli og þéttbýli á 20. öld“. Skráin var mjög umfangsmikil og náði til fjölmargra þátta í hversdagslífi fólks, allt frá vöggu til grafar.² Hvert svar var flokkað í framangreindar kvíar með tilliti til einkenna á lífshlaupi heimildamanna og þá sérstaklega innra samhengis þess. Með þessum heimildum og fræðilegu kvíum tókst mér að sýna fram á að íslenskt samfélag var mjög hefðbundið nær allt tímabilið sem rannsóknin náði til, það er vel fram á tuttugustu öld. Þá kom í ljós að rannsóknarleiðin er afar spennandi og getur ef vel er á málum haldið gefið fræðimönnum kost á að nýta fjölbreytta flóru persónulegra heimilda á nýjan og frjóan hátt.

Eins og áður sagði var Harvey J. Graff aðeins einn í nokkuð stórum hópi fræðimanna sem tók að glíma við persónulegar heimildir í verkum sínum undir aldarlok. Upphaf þessa má trúlega rekja til þess áhuga sem erlendir

1 Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, bls. 164.

2 „Daglegt líf í dreifbýli og þéttbýli á 20. öld.“

bókmenntafræðingar sýndu slíkum heimildum á síðustu tveimur áratugum tuttugustu aldar. Á sama hátt hafa íslenskir bókmenntafræðingar upp á síðkastið glímt við sjálfsævisöguformið á sérlega fjóan og upplýsandi hátt. Rannsóknir þeirra gefa til kynna hversu ríkulegir möguleikar felast í þessum heimildum til rannsókna á íslenskum menningararfi.¹

Ný sjónarmið – Viðhorfsbreytinga tók að gæta hjá sagnfræðingum í lok tuttugustu aldar en þær voru í fyrstu varfærnislegar. Þeir treystu sér greinilega ekki til að feta sömu stigu og bókmenntafræðingarnir með því að hella sér í textagreiningu sjálfsævisagna og rökræða meðal annars innri uppbyggingu verkanna. Fræðimenn á borð við bandaríska sagnfræðinginn Mary Jo Maynes sem hefur staðið föstum fótum í lýðfræðirannsóknum hefur þó notað sjálfsævisögur verkafólks frá Þýskalandi og Frakklandi við rannsóknir sínar.² Hún hefur greint klassísk lýðfræðileg viðfangsefni, eins og tengsl barneigna og vinnu, kynlíf og tilraunir til að hafa hemil á því, og margt fleira með sjálfsævisögulegum heimildum. Mér virðist sem flestir sagnfræðingar hafi á síðari hluta níunda áratugarins og fram á þann tíunda leitast við að nýta persónulegar heimildir á meginndlegan hátt, reynt að stuðla að vísindalegri notkun þeirra með kerfisbundinni greiningu. Ég hugsaði sjálfur á líkan hátt, eins og áður hefur komið fram, þegar ég vann að doktorsritgerð minni og beitti lífsferlisgreiningu á sjálfsævisögur.

1 Hér má nefna nokkur rit: Matthías Viðar Sæmundsson fjallar um sjálfsævisöguna í nýju bókmenntasögunni í kafla sem heitir: „Bókmenntir um sjálfið“, bls. 112-143. Sjá *Íslensk bókmenntasaga* III. Ritstjóri Halldór Guðmundsson (Reykjavík, 1996). Sjá einnig: Eiríkur Guðmundsson, *Geftu mér veröldina eftur. Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á ájándu og níjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault*. *Studia Islandica* 55 (Reykjavík, 1998). – Ragnhildur Richter, *Léfað í röndinni á mannfélaginu*. – Sigþrúður Gunnarsdóttir, *Fjósakona fór út í heim*. Einnig kom út árið 2003 afar áhugavert verk eftir Gunnþórunni Guðmundsdóttur sem nefnist *Borderlines*, eins og áður hefur komið fram, og þar er meðal annars fjallað um mörkin milli sannfræði og skáldskapar í sjálfsbókmenntum. Bókin er doktorsritgerð höfundar en hún vinnur nú að rannsókn á íslenskum sjálfsævisögulegum skrifum. Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur vinnur um þessar mundir að doktorsritgerð um sjálfsbókmenntir Þórbergs Þórðarsonar og þróun íslensku skáldævisögunnar. Þessum rannsóknum og öðrum úr sama geira fræðanna verða gerð frekari skil í bókinni *Sjá, fssögur*.

2 Mary Jo Maynes, „The Contours of Childhood: Demography, Strategy, and Mythology of Childhood in French and German Lower-Class Autobiographies.“ *The European Experience of Declining Fertility, 1850-1970. The Quiet Revolution*. Ritstjórar John R. Gillis, Louise A. Tilly og David Levine (Cambridge, Mass., 1992), bls. 101-124. Sjá einnig nýjustu bók Mary Jo Maynes sem heitir: *Taking the Hard Road. Life Course in French and German Workers' Autobiographies in the Era of Industrialization* (Chapel Hill, 1995). – Scott E. Casper, *Constructing American Lives*. Sjá einnig umfjöllun um þýskar sagnfræðirannsóknir þar sem sjálfsævisögur eru nýttar: Birgitte H.E. Nistroj, „Some Recent German Literature on Socialization and Childhood in Past Times.“ *Continuity and Change* 4 (1989), bls. 351-354.

Fræðimenn horfa þá ekki á einstakar bækur og kosti þeirra heldur líta á heimildina sem hluta af stærri heild, einingu í stærra mengi.

Enn aðrir hafa lagt meiri áherslu á að nýta hina huglægu kosti sjálfsævisagna til hins ýtrasta. Þeir hafa þá gert tilraun til að draga fram sköpun *sjáfsins* í þessum bókmenntum, rétt eins og gert hefur verið hér að framan þegar einstök birtingarform sjálfsins hafa verið skoðuð og skilgreind.¹ Bókmenntafræðingar hafa stuðlað með rannsóknum sínum að auknum áhuga á sjálfsævisögum sem fyrirbæri og margir hafa lagt áherslu á að nýta þær til greiningar á áður óþekktum viðfangsefnum sem tengjast manninum.² Allt hefur þetta haft veruleg áhrif á hugmyndir manna um sagnfræðina og fortíðina.

Það kemur á óvart hversu lítið íslenskir sagnfræðingar sóttu lengst af í sjóði sjálfsævisagna. Ef til vill má kenna því um að íslensk sagnfræði var á mjög hefðbundnum nótum nánast alla tuttugustu öldina. Sagnfræðingar studdust aðallega við formlegar eða opinberar heimildir og skipti þar litlu hvort þeir hösluðu sér völl innan hinnar pólitísku sögu, félagssögu eða annars staðar; formgerð samfélagsins var viðfangsefni þeirra, þó með mismunandi hætti.³ Áhrif frá þýska sagnfræðingnum Leopold von Ranke og þeirri rannsóknarhefð sem hann mótaði um eða eftir miðja nítjándu öld má víða finna merki í skrifum og umfjöllun sagnfræðinga um fræðigreinina.⁴ Eitt af aðalsmerkjum hans var einmitt að sýna fram á takmarkanir hinna svokölluðu frásagnarheimilda (e. *narrative sources*) og jafnframt þýðingu þess að notast við opinber gögn við ritun sögunnar. Fyrir bragðið hefur stofnanasagan fengið ítarlega umfjöllun hér á landi á kostnað sjónarmiða einstaklingsins. Stofnanasagan greinir eðli málsins samkvæmt lítið frá

- 1 Sjá til dæmis *Rewriting the Self. Histories from the Renaissance to the Present*. Ritstjóri Roy Porter (London, 1997).
- 2 Sjá til dæmis Mark Freeman, *Rewriting the Self. History, Memory and Narrative* (London, 1993). – Sidonie Smith, *A Poetics of Women's Autobiography. Marginality and the Fictions of Self-Representation* (Bloomington, 1987).
- 3 Sjá ítarlega umfjöllun um þróun félagssögunnar í eftirtöldum greinum: Sigurður Gylfi Magnússon, „Félagssagan fyrr og nú“, bls. 17-50; Sigurður Gylfi Magnússon, „*The Singularization of History*“, bls. 701-735; Sigurður Gylfi Magnússon, „Aðferð í uppnámi“, bls. 15-54.
- 4 Þetta verður að teljast eðlilegt þar sem sagnfræðin varð í raun ekki til sem sjálfstæð háskólagrein fyrr en á sjöunda eða áttunda áratug tuttugustu aldar þó svo að hún hafi verið kennd í tengslum við íslensk fræði frá stofnun Háskóla Íslands. Sjá umfjöllun um þróun sagnfræðinnar hér á landi í tímaritinu *Sögu* 2000 sem var helgað þróunarferli fagsins. Sjá einnig samantekt sem Sagnfræðingafélag Íslands stóð fyrir um stöðu fagsins í upphafi nýrrar aldar: *Íslenskir sagnfræðingar*. Þessi saga er einnig að hluta rakin í B.A.-ritgerð Hilmu Gunnarsdóttur, „Íslenska söguendurskoðunin. Aðferðir og hugmyndir í sagnfræði á áttunda og niunda áratug tuttugustu aldar.“ Háskóli Íslands, febrúar 2004 (*Lbs-Hbs*).

viðhorfum og skilningi einstaklinga á lífinu og fyrirbærum þess, nema að sjálfsögðu þeirra örfáu *karla* sem öllu réðu. En þrátt fyrir að sagnfræðingar hafi fjarlægst nokkuð raunhyggjuna (*pósitívisma*) og leitað á náðir kenninga og skýringarmóðela, þá eru áhrif empírismans ótrúlega lífseig enn þann dag í dag og móta sannarlega rannsóknir langflestra sagnfræðinga í heiminum.¹ Innan þessarar rannsóknarhefðar hefur verið lítið rúm fyrir persónulegar heimildir og þær hafa jafnvel verið litnar hornauga. Á síðari hluta tuttugustu aldar tók síðan nýja félagssagan við sem merkisberi framsækkinnar sagnfræði og þar var lengst af ekkert rúm fyrir persónulegan vitnisburð fólks eins og vikið verður að hér á eftir.²

Mótandi þættir – Einkenni sjálfsbókmennta er í grundvallaratriðum það sama hvar sem er í heiminum. En hinar sérstöku íslensku aðstæður og veruleiki gerir innlendar sjálfsbókmenntir eins og sjálfsævisögur að nokkuð óvenjulegum heimildum. Það er full ástæða til að ætla að sjálfsbókmenntahefðin sé sterkari á Íslandi en víðast annars staðar í heiminum.³ Það má leiða af því líkur að þetta komi bæði til af óvenju sterkri menningarlegri stöðu alls þorra almenninga og af hinum miklu vinsældum sem Íslendingasögurnar og fornþekktu menntirnar hafa notið hér á landi allt til dagsins í dag.⁴ Þær eru beint og óbeint ófrávikjanlegur hluti íslenskrar alþýðumenningar. Hinni sterku frásagnarhefð má víða finna stað í íslensku þjóðlífi síðustu alda. Sú list að segja sögu eða skapa læsilegan texta hefur verið snar þáttur í menningu hér á landi frá fyrstu tíð og hefðin hefur mótast í skjóli forn-

1 Sjá skemmtilegt uppgjör Ingar Huld Hákonardóttur við raunhyggjuna sem hún nefnir staðreyndahyggju í grein sinni „Annáll sigranna.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 225-230.

2 Það skal tekið fram að hér er skautað fyrir langa og flókna sögu sem hefur lítið verið könnuð. Einkenni íslenskrar sagnfræði eru þess vegna enn óljós; hin pólitíska hetjusaga í þjóðernislegum stíl (Páll Eggert Ólason); atvinnulífssagan um miðja öldina tuttugustu (Þorkell Jóhannesson); hin marxíska saga kaldastríðsáranna (Björn Þorsteinsson); íslenska söguendurskoðunin upp úr 1980 (Gísli Gunnarsson, Loftur Guttormsson og fleiri); og loks fór að sjást til nýja historismans, narratólógiunnar (póstmodernismans, póstrúktúralismans) og einsögunnar, svo eitthvað sé nefnt, undir aldarlok. Þessir sviptivindar fræðanna hömpuðu ýmist eða höfnuðu einstaklingunum á mismunandi forsendum.

3 Eins og kunnugt er njóta sjálfsbókmenntir gríðarlegra vinsælda á Íslandi og þráfaldlega skipa þær sér í efstu sæti á bóksöhlulistum ár hvert. Því hefur verið haldið fram að Íslendingar séu með þetta bókarform á heilanum og persónusöguna almennt. Sjá Guðmund Hálfðanarson, „Börn – höfuðstóll fátæklinga?“ bls. 123; Guðmundur Hálfðanarson, „Biskupasögur hinar nýju“, bls. 169-190.

4 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 265-286. – Jón Karl Helgason, *Heijan og hcfundurinn. Brot úr menningarsögu* (Reykjavík, 1998).

bókmenntanna.¹ Fólki sem gat sagt sögu naut þess: Flakkarar sem bjuggu yfir þessum hæfileika voru til dæmis gjarnan afúsugestir á hverju heimili þrátt fyrir að á stundum hafi þeir ekki átt upp á pallborðið hjá yfirvöldum. Margar sjálfsævisögur segja frá reglulegum heimsóknum flakkara og þrátt fyrir að ýmsum hafi þótt þeir undarlegir í háttum og að fólki hafi jafnvel staðið nokkur stuggur af framferði þeirra var tilvist flakkara tilbreyting frá hversdaglegu lífi sveitanna.²

Kvöldvaka var fastur liður á hverju heimili á Íslandi fram á tuttugustu öld. Þær fóru þannig fram að allir heimilismenn söfnuðust saman í baðstofunni á vetrarkvöldum eftir að útverkum var lokið og hófu tóvinnu. Samhliða henni voru lesnar í heyranda hljóði sögur eins og Íslendingasögurnar og fornaldarsögurnar eða kveðnar rímur. Allt þetta örvaði mjög myndunarafl fólks og afköst. Kvöldvakan endaði síðan oftast á húslestri og sálmasöng. Áhrif kvöldvökunnar voru margvísleg og innan ramma hennar stigu öll börn fyrstu spörin á menntabrautinni.³ Þar lærðu þau að lesa og skrifa og að meta góða frásögn og upplestur.⁴ Það má færa fyrir því rök að allt hafi þetta orðið til þess að fólk af ólíkum stigum sá ástæðu til að setjast niður síðar og skrifa eigin sögu. Það varð raunhæfur möguleiki á seinni hluta nítjándu aldar þegar hægt var að kaupa ritföng án mikils tilkostnaðar og þá var farið að sinna útgáfumálum af nokkrum krafti.⁵

Þessi grundvöllur sjálfsbókmennta á Íslandi gerir það að verkum að síðari tíma lesendur fá óvenjulega gott tækifæri til að glíma við sögu alþýðumanna út frá þeirra eigin forsendum. Það er þekkt vandræðamál hjá

- 1 Sigurður Gylfi Magnússon, „Siðferðilegar fyrirmyndir á 19. öld“, bls. 57-72; Sigurður Gylfi Magnússon, „From Children's Point of View“, bls. 295-323. – Vésteinn Ólason, „Bóksögur.“ *Íslensk ljóðmenning VI. Munnmenntir og bókmenning*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannesson (Reykjavík, 1989), bls. 196-217.
- 2 Jón Jónsson þjóðfræðingur hefur unnið að rannsókn á þætti flakkara í íslensku þjóðlífi um nokkurt skeið. Hann hefur meðal annars gert nokkra útvarpsþætti um efnið í samvinnu við Rósu Þorsteinsdóttur þjóðfræðing. Sjá: Jón Jónsson og Rósa Þorsteinsdóttir, „Kynjakarlar og skringiskrúfur.“ Sex útvarpsþættir (40 mín.) um förumenn í íslenska sveitasamfélaginu, frumfluttir í Ríkisútvarpinu (Rás 1) í mars og apríl 2000. Endurfluttir sumarið 2003 (*H*).
- 3 Jónas Jónasson, *Íslenskir ljóðhættir*. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1945), bls. 3-9. – Magnús Gíslason, *Kvallsvaka. En isländsk kulturtradition belyst genom studier i bondebefolkningens vardagsliv och mi.jö under senare hälften av 1800-talet och början av 1900-talet*. Studia Ethnologica Upsaliensia 2 (Uppsala, 1977). – Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir.“ *Íslensk ljóðmenning V. Trúarhættir*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík, 1988), bls. 75-339.
- 4 Sigurður Gylfi Magnússon, *The Continuity of Everyday Life*; Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi“, bls. 277-278.
- 5 Sjá í þessu sambandi samantekt Ólafs F. Hjartar um útgáfu bóka hér á landi: „Íslensk bókauitgáfa 1887-1966.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands* 24 (1967), bls. 137-141. – Ólafur Halldórsson, „Skrifaðar bækur.“ *Íslensk ljóðmenning VI*, bls. 57-89. Steingrímur Jónsson, „Prentaðar bækur.“ *Íslensk ljóðmenning VI*, bls. 91-115.

félagssagnfræðingum úti um allan heim hve leit að beinum vitnisburði alþýðumanna um eigið líf hefur borið lítinn árangur.¹ Langflestir hafa því farið þá leið að fjalla um þær stofnanir sem marka lífi alþýðumanna brautir í hversdagslífinu, það sem kalla mætti formgerð samfélagsins. Frá þessari rannsóknarstefnu hefur verið vikið í mjög áhugaverðum fræðitilraunum sem fram hafa farið víða um heim og kenndar hafa verið við „menningarbyltinguna“ (e. *the Cultural Turn*). Þær stefna að svipuðum markmiðum og rannsóknir sem nýtt hafa sér persónulegar heimildir, það er að gefa einstaklingnum, gerandanum (e. *agency*), færi á að setja mark sitt á rannsóknina. Eins og síðar verður vikið að í þessari bók hef ég farið örlítið aðra leið að þessu sama marki, einkum með notkun einsöguaðferðarinnar við sagnfræðirannsóknir. Þær eru þó nátengdar þeirri almennu stefnubreytingu innan sagnfræðinnar sem kölluð er „menningarbyltingin“.²

Íslenskar sjálfsbókmenntir gefa fólki sannarlega tækifæri til að skyggast inn í heim annars fólks sem tilheyrði mismunandi þjóðfélags- og efnahags-
hópum og brjóta upp hina stofnanalegu slagsíðu félagssögunnar sem hefur einkennt hana um árabil. Þessar heimildir munu einkum fá að njóta sín þegar fræðimenn taka til við að greina þær út frá sínum eigin forsendum og án skilyrða hinna vísindalegu aðferða.

1 Sigurður Gylfi Magússon, „Félagssagan fyrr og nú“, bls. 17-50. Ég fjalla einnig um þetta atriði sérstaklega í greininni: „From Children’s Point of View.“

2 Guðmundur Hálfðanarson skilgreindi menningarsöguna gömlu og nýju á áhugaverðan hátt í grein í *Sögu* 2000. Sjá: „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar“, bls. 187-205.

2. Staða þekkingar

Ég hóf að heyja mér efni í þessa bók í lok níunda áratugarins þegar ég vann að doktorsritgerð minni sem byggðist mjög á notkun sjálfsævisagna. Í inn-gangi hennar fjallaði ég um gerð og eiginleika sjálfsævisagna og reyndi að leiða að því rök að slíkar bókmenntir væru mikilvægar sem viðbótarefni við fjölbreytta flóru sagnfræðilegra heimilda. Þar gerði ég grein fyrir því að mér fyndist mikilvægt að leiða fram einstaklinginn í sögunni og fá tækifæri til að hlýða á vitnisburð hans; gaumgæfa stöðu hans út frá hans eigin frásögn. Slíkt hafði ekki tíðkast að neinu marki innan hinnar vísindalegu sagnfræði svo áratugum skipti.

Söguspeki – Á nítjándu öld fluttist sagnfræðiiðkan inn í háskólastofnanir og fékk þar nýtt vægi.¹ Helsta markmið fræðimanna var að reyna að nálgast atburði og aðstæður, hlutlægan veruleika (e. *objective reality*) eins og hann var álitinn hafa verið í „raun og veru“. Hér var fortíðin hlutgerð og verk sagnfræðingsins var að draga hana fram og skýra frá megindráttum hennar. Gengið var út frá því að samnefnara væri að finna á milli mannanna gerða og skilnings þeirra á lífinu og tilverunni. Litið var á tímann út frá hug-myndum um framfarir þar sem hver atburður rekur annan í rökréttu sam-hengi. Þýsk-bandaríski sagnfræðingurinn Georg G. Iggers bendir á að þessi atriði hafi í raun einkennt sagnfræðina frá upphafi og alveg fram til loka tuttugustu aldar, en þá tóku menn að efast um ágæti slíkra skýringa.²

Nítjanda öldin fæddi af sér söguspekina *historisma* sem byggðist á þeirri hugsun að hvert tímaskeið ætti sín einkenni sem væru sérstök og frábrugðin öðrum tímaskeiðum. Það taldist því hlutverk sagnfræðinnar að draga fram einkenni hvers tímabils fyrir sig og sýna fram á mikilvægi þeirra. Banda-ríski sagnfræðingurinn Norman J. Wilson bendir á eftirfarandi í sambandi við þýðingu historismans: „Sérkenni fortíðarinnar fól í sér höfnun á þeirri trú að raunvísindin væru hin sönnu form þekkingar og sagnfræðin lægra

1 Georg G. Iggers, *Historiography in the Twentieth Century. From Scientific Objectivity to the Postmodern Challenge* (Hanover, NH., 1997), bls. 2. Bók Peters Novicks, *That Noble Dream* fjallar einmitt um hvernig sagnfræðin þróaðist sem háskólagrein og um stöðu sagnfræðinga bæði í Þýskalandi og í Bandaríkjunum. Sjá Peter Novick, *That Noble Dream. The "Objectivity Question" and the American Historical Profession* (London, 1988).

2 Georg G. Iggers, *Historiography in the Twentieth Century*, bls. 3.

sett. Raunar var sagnfræðin talin vera jafningi eða standa jafnvel framar raunvísindunum.¹ Wilson heldur því fram að nútímaviðhorf til sagnfræðinnar hafi fyrst komið fram þegar fræðimenn er aðhylltust historismann lögðu til hliðar fyrri hugmyndir um tengsl upplýsingar og guðlegra afla. Frægastur þeirra fræðimanna sem höfðu þessum tengslum var að sjálf-sögðu þýski sagnfræðingurinn Leopold von Ranke. Hann lagði áherslu á að hið eiginlega markmið sagnfræðinnar væri að skilja söguna eins og hún gerðist í raun og veru (þ. *wie es eigentlich gewesen ist*). „Áhersla hans á að skilja fortíðina á sínum eigin forsendum“, bendir Wilson á, „þýddi að sagnfræðingar yrðu að forðast að horfa á hana með gleraugum samtímans þegar þeir nálguðust einstök einkenni sögunnar og þróun hennar.“² Wilson heldur því jafnframt fram að þessi skilningur á sagnfræðinni og hlutverki hennar hafi orðið grundvöllur undir nútíma fræðaiðkun. Áhersla var lögð á textagreiningu opinberra gagna, mikilvægi fortíðarinnar fyrir samtímann og framtíðarhugmyndir manna, og loks „[...] höfnun á markhyggju í þeim skilningi að markmið sögunnar gæti ekki verið og þyrfti ekki að vera þekkt. Það er vegna þess að við viljum ekki þröngva ákveðinni dagskrá upp á fortíðina til þess eins að ná tökum á áætlunum fyrir framtíðina [...].“³ Að auki lagði Ranke áherslu á að sagan hefði heiminn allan að viðfangi sínu þó svo að hann horfði mikið til þróunar þjóðarsögunnar í rannsóknum sínum. Þær áherslur þurfa ekki að koma á óvart miðað við það að þjóðríkið breyttist hratt á nítjándu öldinni og þar átti sagnfræðin eftir að gegna þýðingarmiklu hlutverki eins og kunnugt er.⁴

Ný viðhorf komu einnig fram á síðari hluta nítjándu aldar þegar Jacob Burckhardt ritaði fræga bók sína *The Civilization of the Renaissance in Italy*, en hún kom út árið 1860. Burckhard fór aðra leið en Ranke og fylgismenn hans í þeim skilningi að hann hafnaði hinni vísindalegu aðferð

1 „This specificity of the past involves the rejection of that hierarchy whereby science was the real form of knowledge and history was a lower form. In fact, history is seen as equal to, or even greater than, science.“ Norman J. Wilson, *History in Crisis?*, bls. 13. Sjá einnig grein Loftis Guttormssonar, „Sagnfræði og félagsfræði.“ *Saga* 16 (1978), bls. 203-204.

2 „His emphasis on understanding the past on its own terms meant that historians would avoid wearing the spectacles of the present as they pursued the individuality and process of history.“ Norman J. Wilson, *History in Crisis?*, bls. 15.

3 [...] not telological, meaning that the goal of history cannot and need not be known because we do not want to impose an agenda on the past so that we can champion an agenda for the future [...].“ Norman J. Wilson, *History in Crisis?*, bls. 15.

4 Sjá umfjöllun Guðmundar Hálfðanarsonar um þessa þróun hér á landi í bókinni *Íslenska þjóðríkið. Upphaf og endimörk*. Íslensk menning (Reykjavík, 2001). Sjá einnig ritgerðasafnið *Íjóðerni í þúsund ár?* Ritstjórar Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (Reykjavík, 2003).

sagnfræðinnar. Hann taldi að hún væri stunduð á kostnað listrænnar nálgunar. Þó var hann trúr hinni túlkandi (e. *hermeneutic*) áherslu sagnfræðinnar sem Ranke lagði áherslu á í rannsóknum sínum. Þessi nálgun opnaði fyrst og fremst fyrir notkun nýrra heimildaflokka sem Ranke-skólinn hafði útilokað. Og það sem meira var, hann lagði áherslu á rannsóknir sem byggðust á þematískum efnisnálgunum sem mynduðu samfellur (e. *diachronic analysis*) og tengdu einstaka þætti rannsóknarefnisins saman. Burckhardt fór því aðrar leiðir en þeir sem stunduðu rannsóknir sem byggðust á röklegum tengslum efnisatriða (e. *synchronic analysis*), en því höfðu langflestir sagnfræðingar vanist. Hér var um róttæka stefnubreytingu að ræða. Wilson skýrir hina díakrónísku greiningu þannig að hægt sé að ímynda sér tímalínu sem eina samfellu, fræðimaðurinn horfir á og rekur sig eftir henni með það í huga að taka fyrir eitt tiltekið efni. Galdurinn felist í því að tína saman allt sem efninu viðkemur á tímalínunni. Á hinn bóginn neyðir synkróníska greiningin fræðimennina til að stoppa á einum tilteknum tímapunkti og kanna efnissamsetningu hans með öllum þeim margbreytileika sem þar er að finna. Og Wilson heldur áfram með skýringar sínar:

Díakróníska sjónarhornið er ekki ósvipað því að horfa á fortíðina eins og fjölskyldualbum sem geymir myndir af fjölskyldumeðlimum frá mismunandi kynslóðum og frá ólíkum tímaskeiðum. Hin díakróníska rannsókn gerir að viðfangi sínu hvernig einn tiltekinn þáttur, eins og fjölskyldan í albúminu, hefur þróast frá einni kynslóð til annarrar. Þessi áhersla gefur sagnfræðingnum kost á að draga fram vöxt hennar og viðgang um leið og breytingar eru greindar. En með þessari leið tekst ekki að draga fram aðra áhrifaþætti. Synkróníska greiningin beinir hins vegar sjónum rannsakandans að einni kynslóð og þeim margbreytilegu ferlum sem hún hefur tekist á við en lætur vera að rekja þróun fjölskyldunnar í tíma.¹

Wilson bendir á að fræðilegar áherslur Burckhardts hafi aukið möguleika sagnfræðinga til að takast á við ólík viðfangsefni af meira listrænu innsæi en áður. En um bæði sjónarmiðin, hvort sem stefnt er að listrænni sköpun eða vísindalegri greiningu, voru skiptar skoðanir það sem eftir lifði af

1 „The diachronic perspective is like viewing the past as a family photograph album containing pictures of family members from different generations at various stages of development. Diachronic analysis focuses on how one factor, such as the family in the album, evolves from generation to generation. This focus allows the historian to chart growth and define specific change, but it fails to reveal the role of other factors. The synchronic analysis of process offers a montage of factors relevant to one specific generation of the family instead of tracing the family's evolution.“ Norman J. Wilson, *History in Crisis?*, bls. 16.

nítjándu öldinni og alla þá tuttugustu.¹ Í ljósi þessara andstæðna má á vissan hátt horfa á þróun fagsins fram til dagsins í dag.

Þó svo raunhyggjan (*pósítívismi*) hafi verið ríkjandi mest alla nítjándu öldina, þá komu fram ný sjónarmið sem kennd hafa verið við hughyggju (*idealismi*) og var beinlínis teft gegn henni. Hughyggjan spratt upp úr þeim jarðvegi sem raunhyggjan hafði skapað vegna þess að með aukinni „staðreyndaframleiðslu“ tóku fræðimenn að velta fyrir sér hvernig staðreyndirnar væru til komnar og hvernig stæði á því að sagnfræðingar veittu ákveðnum staðreyndum sérstaka athygli en horfðu framhjá öðrum. Fræðimenn tóku því að ræða að það hlyti að vera ákvörðun sagnfræðinganna hvað bæri að flokka sem miklvæga staðreynd og hvað lenti fyrir utan slíka flokkun. Það væri í valdi sagnfræðingsins hvernig eðlilegt væri að fara með heimildir og þeir einir gætu ljáð þeim merkingu með rannsóknarspurningum sínum.² Þessar hugmyndir breyttu því þó ekki að fræðigreinin var að þróast í átt til vísindalegra viðmiðana um leið og hún skaut sífellt styrkari rótum innan hinna formlegu háskólastofnana.

Hughyggjan hafði sannarlega áhrif, þó svo hún yrði ekki að neinni fjöldahreyfingu. Hugmyndir þær sem hughyggjufólk henti á lofti tóku að hafa áhrif á hvernig fræðaheimurinn almennt nálgadist viðfangsefni sín. Fræðimenn á borð við Bretann R.G. Collingwood gengu lengst í þessa átt eins og lesa má um í bók hans *The Idea of History* (1946). Þar lagði hann áherslu á að hægt væri að nálgast fortíðina með því að lifa sig inn í atburðina, rétt eins og nefnt var í kaflanum um ævisöguritun Þórunnar Valdimarsdóttur.³ Collingwood og aðrir sem fylgdu hugmyndum hans vildu fyrir alla muni koma í veg fyrir að sagnfræðingar reyndu að líkja eftir rannsóknarferli náttúruvísindanna. Sagnfræðingar áttu helst að nálgast hugsunina sem birtist í atburðarásinni í stað þess að leita að orsökum að baki atburðum eða ferlum, eins og raunvísindamenn gera. Orsakaskýringar sagnfræðingsins lúta að hugsuninni að baki atburðinum; ásetningi og reynslu þess sem þar á í hlut. Saga mannsins er því saga mannsandans, ef svo má að orði komast.⁴

1 Um þetta atriði var síðast spurt í tímaritinu *Nýrri sögu* árið 1990. Sjá „Skiptar skoðanir. Sagnfræði: listgrein eða vísindi?“ *Ný saga* 4 (1990), bls. 82-90. Í þessari umræðu tóku þátt þeir Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur, sagnfræðingarnir Gunnar Karlsson og Sveinbjörn Rafnsson, og loks Sigurður A. Magnússon rithöfundur.

2 Georg G. Iggers, *Historiography in the Twentieth Century*, bls. 23-35.

3 R.G. Collingwood, *The Idea of History*.

4 Um þessa þróun má víða lesa í ritum sem fjalla um sögu fræðigreinarinnar. Hér vísa ég í ágæta umfjöllun í bók Normans J. Wilsons, *History in Crisis?*, bls.15-23.

Eins og áður sagði höfðu þessar hugmyndir ekki mikla beina þýðingu fyrir sagnfræðiiðkun í hinum vestræna heimi. Sannarlega tóku margir sagnfræðingar að gera skýran greinarmun á fortíðinni og sagnfræðilegum rannsóknunum, í það minnsta í orði kveðnu. Flestir héldu þó áfram að starfa í þeim anda að aðeins væri hægt að endurgera fortíðina ef sagnfræðingar hefðu nægilega góðar heimildir til að móða úr. Sagnfræðingar héldu því áfram að draga fram atburði og heimildir úr fortíðinni og ræða þá með það í huga að hægt væri að lýsa þeim hugmyndum og hugsun sem lágu að baki. Það er af þessum ástæðum sem raunhyggjuskólinn dafnaði áfram og hafði áhrif á alla iðju sagnfræðinga langt fram á síðustu áratugi tuttugustu aldar. Sem fyrr segir héldu rannsóknir á formlegum stofnunum samfélagsins áfram að vera eftirlætisviðfangsefni raunhyggjumanna og því var stjórnmálasaga og annað sem laut að mótun og uppbyggingu samfélagsins enn í brennidepli langt fram yfir miðja tuttugustu öldina.

Félagssaga – Georg Iggers lítur svo á að tveir megindrættir séu í þróun sagnfræðinnar frá upphafi tuttugustu aldar og allt fram til loka hennar: Í fyrsta lagi áherslan á hina hefðbundnu sagnfræði sem byggðist að mestu á frásögn af atburðum, stofnunum og merkilegu fólki. Í öðru lagi hin félagsvísindalega félagssaga sem einkenndi framsækna sagnfræði á síðari hluta tuttugustu aldar.¹ Þeir fræðimenn sem tilheyrðu síðarnefnda hópnum litu

1 Um þróun félagssögunnar í Bandaríkjunum sjá Alice Kessler-Harris, *Social History*. The New American History (Tempel University, 1990). Töluverð umræða hefur átt sér stað um stöðu félagssögunnar frá einum tíma til annars. Sjá til dæmis eftirfarandi greinar: Peter N. Stearns, „Toward a Wider Vision: Trends in Social History.“ *The Past Before Us. Contemporary Historical Writing in the United States*. Ritstjóri Michael Kammen (Ithaca, 1980), bls. 205-230. – Peter N. Stearns, „Social History and History: A Progress Report.“ *Journal of Social History* 19 (Winter 1985), bls. 319-334. – Konrad H. Jarausch, „German Social History – American Style.“ *Journal of Social History* 19 (Winter 1985), bls. 349-359. Bandaríska sagnfræðitímaritið *Journal of Social History* hefur haft fastan lið í tímaritinu sem heitir *Social History Update*. Þar hafa birst áhugaverðar greinar um ýmis svið félagssögunnar. Sjá til dæmis: Lynne M. Adrian, „Social History Update: An American Studies Contribution to Social History.“ *Journal of Social History* 23 (Summer 1990), bls. 875-885. – Peter N. Stearns, „Social History Update: Encountering Postmodernism.“ *Journal of Social History* 24 (Winter 1990), bls. 449-452. Rétt til gamans má geta þess að fróðlegt er að lesa umræðu um félagssöguna í tíu ára afmælishefti *Journal of Social History*. Sjá: *Journal of Social History* (Winter 1976): 10th Anniversary Issue. Social History Today ... and Tomorrow? Í þessu hefti skrifa nokkrir þekktir fræðimenn frá ýmsum löndum um stöðu félagssögunar í heimalandi sínu, en þá má segja að hún hafi runnið bernskuskeið sitt á enda. Loks má benda á fjölmargar greinar í hinu viðamikla verki: *Encyclopedia of European Social History. From 1350 to 2000*. Volume 1-6. Aðalritstjóri Peter N. Stearns (New York, 2001). Um frönsku sagnfræðina sem hafði mikil áhrif á sagnfræðiástundun á tuttugustu öld má til dæmis lesa í ágætu riti Rogers Chartiers, *Cultural History: Between Practice and Representations*. Þýðing Lydia G. Cochrane (Ithaca, 1988).

svo á að það væri einhver veruleiki, eða sannleikur, handan við atburðina – sem hin hefðbundna saga fjallaði að mestu um – og hann væri mikilvægt að nálgast. Í félagskerfinu sjálfu sem mótaðist af ákveðinni og markvissri uppbyggingu samfélagsins væri að finna lykil að skilningi á framgangi hinnar sögulegu framvindu. Staðreyndir héldu áfram að leika stórt hlutverk í vitund sagnfræðinga en á annan hátt en áður. Nú tóku þeir að gefa gaum þeim staðreyndum sem endurtóku sig á kerfisbundinn hátt. Á sama tíma leituðu sagnfræðingar meira og meira í smiðju félagsvísindanna sem höfðu aðferðafræðileg tæki og tól til að glíma við hið endurtekna og áþreifanlega. Í vissum skilningi var hlutveruleikinn með öllum sínum fjölbreytileika viðfangsefni þessara fræða fyrst í stað en síðan tóku huglægari efni að ryðja sér til rúms hjá félagssagnfræðingum. Dauði, tilfinningalíf, ást og fnykur, svo eitthvað sé nefnt, urðu vinsæl rannsóknarefni félagssagnfræðinnar. Viðfangsefni af þessu tagi áttu það sameiginlegt að vera rannsökuð á forsendum hinna meginndlegu aðferða þar sem hópar og stærri einingar voru einna helst lagðir undir smásjá félagssagnfræðinga.¹

Aðferðir félagsvísindanna, til dæmis hinar meginndlegu, hafa verið notaðar víða í rannsóknum með það í huga að gera söguritun áreiðanlegri og beita strangvísindalegum aðferðum við greiningu ýmissa fyrirbæra samfélagsins í neo-pósitívískum anda. Vandinn er að fyrirbærin sem sagnfræðingar einbeita sér að taka stöðugum breytingum í tíma og rúmi og eru aldrei fyrirfram gefin eða fylgja tilteknum lögmálum. Stífar og staðlaðar myndir af mannlífinu eru einfaldlega ekki vænlegar til greiningar. Sem dæmi má nefna að ákveðnum aldurshópum er hægt að fylgja eftir lengi með hjálp tölfraðilegra upplýsinga og kanna hvernig lífsstaða þeirra breytist frá einum tímapunkti til annars. Með þessum hætti er hægt að rannsaka þýðingu fólksfjöldabreytinga, fæðingatíðni, tíðni barnadauða, meðalgiftingaraldur og fjölskyldustærð, svo nokkuð sé nefnt, og tengja þessa þætti við sögulega þróun. Upplýsingar sem þannig eru fengnar geta verið þýðingarmiklar og veitt innsýn í tengsl ýmissa fyrirbæra í samfélaginu sem hafa haft áhrif á líf manna. Greining af þessu tagi gefur þó ekki glögga mynd af þeim hreyfingum sem eiga sér stað á milli einstaklinganna innan hópanna. Hópgreiningin veitir takmarkaðar hugmyndir um ákvarðanir og athafnir sem fylgja einstökum skrefum sem einstaklingurinn tekur og þær ástæður sem liggja þar að baki. Slík rannsókn verður einfaldlega ekki framkvæmd með tölfraðilegri greiningu eða meginndlegum aðferðum.

Persónulegan vitnisburð þarf til að skýra tengsl einstaklinga við ýmis

1 Þessa þróun ræði ég í grein minni „Að stíga tvisvar í sama strauminn“, bls. 132-142.

fyrirbæri samfélagsins og almenna þjóðfélagsþróun; samband þeirra innan ólíkra hópa. Vitneskja um hvernig tengslum fólks innan hvernar fjölskyldu var háttáð á fyrri tíð, hvaða raunverulegu ábyrgð konur öxluðu, hvernig eiginmenn beittu húsbóndavaldi sínu, hvernig börn lutu vilja foreldranna og hvaða langanir þau höfðu og væntingar til framtíðarinnar; allt eru þetta spurningar sem fæst hvorki svarað með tölfræðilegri greiningu né annars konar notkun opinberra gagna. Hægt er, með öðrum orðum, að kanna ákveðna þróun fjölskyldunnar með tölfræðilegri greiningu yfir langt tímabil en slík greining gefur mönnum ekki kost á að skilja hinar persónulegu ástæður sem lágu að baki einstakra ákvarðana innan hvernar fjölskyldu. Þar þarf að leita eftir nýjum vitnisburði.

Sömu sögu er að segja um önnur viðfangsefni, hægt er að mæla þau með meginðlegum aðferðum að einhverju marki en síðan þarf helst eigindlega greiningu til að komast að ástæðunum fyrir gjörðum fólks. Til þess að það takist verður að leggja í flókna greiningu á frásagnarheimildum eins og ýmsum gerðum persónulegra heimilda sem oft eru óaðgengilegar og erfiðar viðfangs.

Ofangreindur vandi hefur nánast alla tuttugustu öldina kallað á ólík viðbrögð frá félagsvísindamönnum og sagnfræðingum: Margir félagsvísindamenn hafa gert tilraun til að nálgast persónulegan vitnisburð fólks á markvissan hátt og beitt til þess eigindlegum aðferðum sem hafa verið lengi í mótun. Notkun slíkra heimilda við rannsóknir í félagsvísindum má að nokkru rekja til þeirra daga þegar hinn svonefndi Chicago-skóli í félagsvísindum stóð með mestum blóma. Áherslur hans á rannsóknaraðferð sem gjarnan hefur verið kennd við „lifandi sögu“ og nefnist á ensku „life history approach“ náði miklu flugi á þriðja og fjórða áratug tuttugustu aldar en lognaðist síðan að mestu út af eftir miðja öldina.¹

Á níunda áratugnum (eða jafnvel fyrr) fóru félagsvísindamenn að gefa aðferð „lifandi sögu“ gaum að nýju og voru það fræðimenn úr mismunandi fræðigreinum eins og mannfræði, sálarfræði og félagsfræði sem það gerðu. Þeir byggðu rannsóknir sínar mjög á þeim grunni sem Chicago-skólinn hafði lagt fyrr á öldinni.² Í grófum dráttum má segja að í þessari rannsóknaraðferð hafi falist tilraun til að afla áreiðanlegra upplýsinga um liðna

1 Einstaka mikilvæg verk hafa verið unnin í gegnum árin með þessari rannsóknaraðferð. Sjá til dæmis: John Dollard, *Criteria for the Life History* (New Haven, NJ, 1935). – H.S. Becker, „Introduction.“ *Sociological Methods*. Ritstjóri N.K. Denzin (Chicago, 1970). – Paul Thompson, *The Voice of the Past. Oral History* (Oxford, 1978), bls. 52-53.

2 Sjá eftirfarandi rit sem veita ágætt yfirlit yfir þessa þróun og hinar eigindlegu aðferðir: *Handbook of Qualitative Research*. – Steven J. Taylor og Robert Bogdan, *Introduction to Qualitative Research Methods*.

tíma með siendurteknum viðtölum við fólk sem tilheyrði sömu stétt, sömu starfsgrein eða sambærilegum hópum. Þessi viðtöl urðu síðan grunnurinn að samanburði á því samhengi sem var á milli einstaklings, sameiginlegs átaks fjölda einstaklinga úr sama hópi og þjóðfélagsbreytinga á ákveðnu tímabili.¹ Umræða um þýðingu þessarar rannsóknarleiðar hefur tekið nokkurt rúm í fræðaumræðunni og þar er togast á um kosti og galla aðferðafræðinnar. Aðalatriðið er að margir félagsvísindamenn töldu nauðsyn á að bregðast við þeirri gagnrýni sem fram hafði komið á tölfræðilega greiningu og rakin var hér að framan. Þeir snéru sér að „lifandi sögu“ vegna ákveðinnar óánægju með þá áherslu sem félagsvísindin lögðu á flokkun samfélagslegra fyrirbæra og úrvinnslu slíkrar flokkunar þegar rannsóknar-efnið var maðurinn og tilvera hans. Þetta á einkum við tilraunir sem gerðar hafa verið til að mæla þróun mannsins frá einum tíma til annars.

Söfnun og notkun munnlegra heimilda sem fræðimenn í greinum eins og mannfræði, þjóðfræði og félagsfræði hafa notað sér óspart alla tuttugustu öldina fengu aukið vægi innan hugvísinda þegar gagnrýnisraddirnar á hina megindlegu nálgun voru hvað háværar innan fræðanna.² Þessum heimildum var safnað með ýmsum hætti, undir mismunandi formerkjum og við ólíkar aðstæður. Í mörgum tilfellum eru þær ólíkar aðferð „lifandi sögu“ að því leyti að þær hafa bæði verið opnari og haft almennari skírskotun en hún. Eins og fram kom fyrr í bókinni hafa viðtölin gjarnan ráðist af vilja viðmælenda um efnistöð og aðkomu að viðfangsefninu. Fræðimenn hafa síðan dregið út úr þeim það sem nýtist rannsóknarverkefnum hverju sinni.³

1 Sjá til dæmis Daniel Bertaux, „From The Life-History Approach to the Transformation of Sociological Practice.“ *Biography and Society. The Life-History Approach in the Social Sciences*. Ritstjóri Daniel Bertaux (Beverly Hill, CA, 1981), bls. 29-45. Á Íslandi hefur Rannveig Traustadóttir, dósent við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, verið áberandi í sambandi við notkun eigindlegra heimilda og um árábil hefur hún verið með námskeið um möguleika þeirra. Sjá til dæmis eftirtaldir rannsóknir: Rannveig Traustadóttir, „Líka fyrir fatlaðar konur? Margbreytileiki og minnihlutahópar í íslensku samfélagi.“ *Rannsóknir í félagsvísindum II*. Ritstjóri Friðrik H. Jónsson (Reykjavík, 1998), bls. 199-215; Rannveig Traustadóttir, „Fjölskyldulíf og fötlun: Eigindleg rannsókn.“ *Rannsóknir í félagsvísindum*. Ritstjóri Friðrik H. Jónsson (Reykjavík, 1995), bls. 97-111.

2 Um munnlegar heimildir (e. *oral sources* og *oral history*) hafa sagnfræðingarnir Stefán F. Hjartarson og Jón Guðnason fjallað. Sjá Stefán F. Hjartarson, „Att skapa kállmaterial. Arbetarminnen från Akureyri 1920-1940.“ (Svensk *Historisk tidskrift* (1985), bls. 340-364. Áður var vísað til greinar Jóns Guðnasonar sem heitir „Um munnlegar heimildir“, bls. 7-28. Dæmi um umfjöllun um aðferðafræði við slíkar rannsóknir: Valerie Raleigh Yow, *Recording Oral History. A Practical Guide for Social Scientists* (Thousand Oaks, 1994). – Edward D. Ives, *The Tape-recorded Interview. A Manual for Field Workers in Folklore and Oral History*. 2. útg. (Knoxville, 1995). – Ken Howarth, *Oral History*. History Handbooks (London, 1998).

3 Paul Thompson, *The Voice of the Past*, bls. 53-60.

Einstaklingar – Þekkt var úr félagssögurannsóknum tuttugustu aldar að einstaklingurinn hefði að nokkru leyti horfið úr skrifum sagnfræðinga, krafan var að félagssagan væri unnin á sem vísindalegastan hátt og þar gildi mestu að nota á hana svipaða kvarða og aðrar vísindagreinar nýttu ríkulega, nefnilega tölfræðilegar mælieiningar.¹ Þess vegna varð söguleg lýðfræði afar vinsæl útfærsla á viðfangsefnum fjölmargra sagnfræðinga og leitin að meðalmanninum, sem eðli málsins samkvæmt er ekki til, varð viðmið áberandi hóps fræðimanna. Félagssögurannsóknir af þessu tagi höfðu mikil áhrif. Þær innleiddu ný vinnubrögð, beindu athyglinni að nýjum hópum fólks sem lítið hafði verið fjallað um í hinni hefðbundnu sagnfræðiiðkun og breyttu hugmyndum annarra fræðimanna um notkun sagnfræðilegra röksemdafærslna.² Því er engum blöðum um það að fletta að félagssagan hafði mikil áhrif og varð leiðarljós heillar kynslóðar sem tengdist bæði mannréttindahreyfingum í heiminum (aðallega í Bandaríkjunum), kvennahreyfingunni og baráttu fyrir umhverfismálum um allan heim.³

Félagssagnfræðingar tóku til meðferðar mun litríkari hópa fólks en áður. Það kom úr öllum geirum samfélagsins og rannsóknirnar beindust að formgerð þessara hópa; hvaða rammi markaði þeim braut og hvaða svigrúm fólk hafði til athafna í daglegu lífi sínu. Tölfræðileg úrvinnsla var lykilatriði og hin meginlega nálgun varð ríkjandi. Hún fólst í því að ná tökum á hinni formlegu hlið mannlífsins, þeirri hlið sem setti mannfólkinu margvíslegar skorður. Í anda marxískrar hugmyndafræði var til dæmis reiknað með að hver einstaklingur væri í raun viljalaust verkfæri aðstæðnanna og langmikilvægast væri að rannsaka í þaula farveginn sem hver og einn fylgdi. Þannig var einstaklingnum ýtt út af sviði hinnar fræðilegu umfjöllunar.⁴

Umfjöllun mín um sjálfsævisögurnar fór í upphafi fram í þessu meg-

- 1 Um þetta fjalla ég í greininni, „Fanggæsla vanans“, bls. 371-400. Sjá einnig Michael P. Hanagan, „Cliometrics and Quantification.“ *Encyclopedia of European Social History. From 1350 to 2000*. Vol. 1. Peter N. Stearns aðalritstjóri (New York, 2001), bls. 71-81.
- 2 Um þetta er fjallað víða í bókinni *Einsagan – ólíkar leiðir*. Sjá Sigurð Gylfa Magnússon, „Félagssagan fyrr og nú“, bls. 17-50. Áhugaverð umfjöllun um efnið er í eftirtöldu verki: *The Historic Turn in the Human Sciences*. Ritstjóri Terrence J. McDonald (Ann Arbor, Mich., 1996). Þarna eru dregin fram þau áhrif sem hugvísindin hafa haft á félagsvísindin og öfugt. Sjá einnig: W. Sewell, Jr., G. Steinmetz, og M.J. Maynes, „Special Section: Narrative Analysis in Social Science.“ *Social Science History* 16 (1992), bls. 479-537.
- 3 Sjá mikilvægar greinar um þróun félagssögunnar: Peter N. Stearns, „Social History Present and Future.“ *Journal of Social History*, Special Issue: *The Futures of Social History*, 37 (Fall 2003), bls. 9-19. – Jürgen Kocka, „Losses, Gains and Opportunities: Social History Today.“ *Journal of Social History*, Special Issue: *The Futures of Social History*, 37 (Fall 2003), bls. 21-28. – Hartmut Kaelble, „Social History in Europe.“ *Journal of Social History*, Special Issue: *The Futures of Social History*, 37 (Fall 2003), bls. 29-35.
- 4 Georg G. Iggers um sögu sagnfræðinnar: *Historiography in the Twentieth Century*.

indlega umhverfi enda sér þess víða merki í verkum mínum; ég beitti persónulegum heimildum einkum með meginndleg markmið í huga, það er nýtti mér fjölmargar sjálfsævisögur til þess að rannsaka ákveðin fyrirbæri í heiminum og „taldi“ alla þá sem höfðu haft reynslu af þeim á einn eða annan hátt. Það sama gerði Guðmundur Hálfðanarson í greininni sem hann skrifaði um vinnu barna, og áður var vitnað til, og reyndar nær allir sem nýttu sér þessar tegundir heimilda á Íslandi og víðar. Fræðimenn nálgudust heimildirnar þannig að þær gætu varpað ljósi á stærri heild, að þær næðu að hefja sig upp yfir hið huglæga einkenni sitt og hægt væri að sýna fram á að fleiri en einn hefði komist í kynni við svipaða reynslu.

Þessi nálgun einkenndi vísindarannsóknir á síðari hluta níunda áratugarins og vel fram á þann tíunda og það var einmitt á þeim tíma sem ég var að víða að mér efni í doktorsritgerð og móta hugmyndir um hvernig mætti nýta þessar heimildir. Eftir doktorsvörninna undir lok árs 1993 stóð ég frammi fyrir því að vinna eitthvað frekar úr þeim miklu upplýsingum sem ég hafði safnað að mér um sjálfsævisögur og skyldar heimildir. Ég hafði jafnframt áhuga á að koma á framfæri þeim hugmyndum sem ég hafði um þýðingu þeirra. Þetta var mér nokkurt kappsmál þar sem ég hafði brennandi áhuga á að vekja athygli á mikilvægi þessara sértöku tegunda heimilda sem eru fyrir utan sjálfsævisögulegar heimildir, aðallega dagbækur, bréf og fræðilegir spurningalistar. Ég hóf í kjölfarið rannsóknir á síðasttalda heimildaflokknum og gerði mér sífellt betur grein fyrir mikilvægi þeirra í fræðilegu tilliti. Markmiðið var að sýna fram á að þessar gerðir heimilda væru mikils virði fyrir sagnfræðirannsóknir í heild og þá sérstaklega fyrir félagssögunnir. Ég gerði mér sífellt betur grein fyrir að fræðaheimurinn hafði mikið til leitt hjá sér þessar heimildir nema í örfáum undantekningartilfellum sem áður hefur verið getið. Ríkjandi aðferðafræði félagssögunnar leyfði alls ekki efnislega meðferð þeirra.¹

Rökin sem nýtt voru bæði í doktorsritgerð minni og einnig í drögum að þessari bók, sem ég vann að með hléum allan tíunda áratug tuttugustu aldar, miðuðu við að setta sjónarmið hinna meginndlegu fræða og persónulegra heimilda. Hugmyndin var að lýðfræðingar og aðrir sem unnu með meginndlegar aðferðir myndu taka niðurstöður rannsókna sem væru fengnar með þessum heimildum alvarlega. Allt sem ég lét frá mér á þeim tíma miðaði að þessu marki og ég gerði ákafar tilraunir til að koma heimildunum á framfæri.² Það var þó ekki fyrr en með kynnum mínum af rannsóknaraðferð

1 Sjá umfjöllun um þessa þróun í grein minni, „Að stíga tvisvar í sama strauminn“, bls. 127-158.

2 Hér má vísa í nær öll verk sem ég hef ritað eftir 1995. Sjá heimildaskrá.

einsögunnar sem ég fór að gera tilraunir með að nýta heimildir á borð við sjálfsævisögur á eigindlegan hátt, það er að láta heimildina standa sem sjálfstæða einingu sem þyrfti ekki að réttlæta með skírskotun í annan og hlutlægari veruleika. Þannig var gengið út frá því að heimildin væri huglæg og það væri sá eiginleiki sem væri eftirsóknarverður við hana. Ekkert annað skipti máli og það bæri að meðhöndla heimildina þannig að innihaldið gæti staðið sjálfstætt.¹ Hugmyndafræði einsögunnar byggðist nákvæmlega á þessari hugsun og hún átti eftir að gjörbreyta möguleikum til að beita persónulegum heimildum á nýjan og frjóan hátt.

1 Um þessa þróun í fræðimennsku minni má lesa í eftirtöldum ritum: *Menntun, ást og sorg*; „Félagssagan fyrr og nú“, bls. 17-50; „Magnús og mýtan“, bls. 11-89; „Einsagan – Frelsun eða forboðnir ávextir?“ <http://www.hi.is/~mattsam/Kistan/>; „Einvæðing sögunnar“, bls. 100-141.

3. Aftur til framtíðar

Hugvísindi gengu í gegnum stórfelldar breytingar á tuttugustu öld. Hugmyndafræði ólíkra stórsagna reis og hneig á öldinni og stoðir vísinda og fræða molnuðu niður samfara endalokum kalda stríðsins. Breytt heimsmynd kristallaðist í þeim atburðum sem leiddu til falls Berlínarmúrsins árið 1989 og hún hafði áhrif á hvernig fræðimenn nálguðust fortíðina.¹ Það var því ekki aðeins sjálfsmynd einstaklinganna sem tók stakkaskiptum heldur einnig sú mynd sem fræðaheimurinn hafði af viðfangsefnum sínum. Hér á eftir ætla ég að fara nokkrum orðum um þær breytingar og varpa ljósi á hvernig fræðimenn neyddust í auknum mæli til að horfast í augu við ný viðmið í fræðum sínum.

Menningarbylting – Á síðari hluta níunda áratugarins, þegar ég var við nám í Bandaríkjunum, heillaðist ég af hinum stóra draumi félagssagnfræðinnar að gera fagið að alvöru vísindum með notkun tölfræðilegrar greiningar.² Undir lok níunda áratugarins og í upphafi þess tíunda tók ég þó eftir því að verið var að gera tilraunir innan fræðanna sem stefndu í allt aðra átt en þeir fræðimenn sem stunduðu sögulega lýðfræði af sem mestu kappi. Þetta voru aðallega bókmenntafræðingar, heimspekingar og mannfræðingar sem tóku að kanna á mun beinni hátt en áður áhrif menningarinnar á þau fyrirbæri sem voru rannsökuð. Þegar fram í sótti tók þessara áhrifa líka að gæta innan sagnfræðinnar og þeir fræðimenn sem mest höfðu einblínt á meginlegar rannsóknaraðferðir tóku í auknum mæli að beina sjónum að

1 Ég hef fjallað um þessar breytingar sem fylgdu í kjölfar falls Berlínarmúrsins í grein í *Sögu*: „Aðferð í uppnámi.“ Sjá einnig Keith Jenkins, *Re-thinking History* (London, 1991), bls. 59-70.

2 Þessi áhrif rek ég í nýlegri grein sem nefnist: „*The Singularization of History*“, bls. 701-735. Hér má nefna ótrúlegan fjölda greina sem renndu stoðum undir vissu mína á sínum tíma um að félagssagnfræðin væri á réttri leið. Sjá til dæmis: Theda Skocpol og Margaret R. Somers, „The Use of Comparative History in Macrosocial Inquiry.“ *Comparative Studies in Society and History* 22 (1980), bls. 174-197. – Andrew Abbott, „History and Sociology: The Lost Synthesis.“ *Social Science History* 15 (1991), bls. 201-238. Loks má benda á yfirlitsgrein Harvey J. Graff, „The Shock of the “New” (Histories)“, *Social Science Histories and Historical Literacies*.“ *Social Science History* 25 (Winter 2001), bls. 483-533.

menningunni sem sagnfræðilegu rannsóknarsviði.¹ Svo rammt kvað að þessum breytingum að rætt var um *menningarbyltingu* innan fræðanna.²

Til að skýra þessi umskipti má taka dæmi af rannsóknarsviðinu um félagslegan hreyfanleika (e. *social mobility*). Rannsóknir á ýmsum birtingarformum hans fylltu síður allra fagtímarita beggja vegna Atlantsála um marga ára skeið. Eftir þúsundir rannsókna á efninu sem sýndu að svo og svo margir höfðu hreyfst á milli stétta, ýmist innan sömu kynslóðar (e. *intra-mobility*) eða milli kynslóða (e. *inter-mobility*) gerðu fræðimenn sér loks grein fyrir að þeir voru litlu nær um lífið og tilveruna.³ Til þess að skilja hvers vegna fólk úr einum kima samfélagsins í einhverri ákveðinni borg í Bandaríkjunum náði að vega sig upp á milli stétta en sambærilegum hóp frá annarri borg tókst það ekki er nauðsynlegt að rannsaka menningarlegan bakgrunn beggja hópa og bera hann saman við menningartengdar aðstæður sem mótuðu fólk í samtímanum. Umskiptin sem þessi nálgun kallaði fram gjörbreytti öllu rannsóknarsamhenginu og gerði það að verkum að þessi fræði tóku nýja stefnu. Hið ríkjandi sjónarhorn félagsvísindanna

- 1 Sjá til dæmis eftirtaldar greinar: J. Reynolds, „Do Historians Count Anymore? The Status of Quantitative Methods in History.“ *Historical Methods* 31 (1998), bls. 141-148. – P. Baker ritstjóri: „Special Issue: What is Social Science History?“ *Social Science History* 23 (1999), bls. 475-591.
- 2 Ég hef kosið að þýða hugtakaparið „the Cultural Turn“ sem menningarbyltingu þar sem hugmyndirnar sem tengdust þessari hugsun báru með sér mjög róttæk umskipti. Hér er því ekki um kórrétta þýðingu að ræða. En eins er með þessa menningarbyltingu og þá í Kína á síðari hluta tuttugustu aldar að hún át börnin sín. Hér er hægt að vísa í gríðarlegan fjölda verka en nokkur verða að nægja: David Crew, „Who’s Afraid of Cultural Studies? Taking a “Cultural Turn” in German History.“ *A User’s Guide to German Cultural Studies*. Ritstjórar Scott Denham, Irene Kacandes og Jonathan Petropoulos (Ann Arbor, Mich., 1997), bls. 45-61. – *History and –: Histories within the Human Sciences*. Ritstjórar Ralph Cohen og Michael S. Roth (Charlottesville, VA, 1995). – Victoria E. Bonnell og Lynn Hunt, „Introduction,“ *Beyond the Cultural Turn. New Directions in the Study of Society and Culture*. Ritstjórar Victoria E. Bonnell og Lynn Hunt (Los Angeles, 1999), bls. 1-32. Þess má geta að mikinn fjölda greina er að finna í bókinni *Beyond the Cultural Turn* sem taka á „menningarbyltingunni“ á mjög áhugaverðan hátt.
- 3 Hér má nefna margar þekktar rannsóknir en ég ætla að láta tvær nægja sem höfðu mikil áhrif á sínum tíma: Thomas Kessner, *The Golden Door: Italian and Jewish Immigrant Mobility in New York City, 1880–1915* (New York, 1977) og John Bodnar, Roger Simon og Michael P. Weber, *Lives of Their Own: Blacks, Italians, and Poles in Pittsburgh, 1900–1960* (Chicago, 1983). Þá má vísa í eftirtalda rannsókn: R. Erickson og J.H. Goldthorpe, *The Constant Flux: A Study of Class Mobility in Industrial Societies* (Oxford, 1992). Þá gefur Hartmut Kaelble gott yfirlit yfir þessar rannsóknir og hugmyndafræði þeirra þegar þær stóðu í sem mestum blóma í bókinni: *Historical Research on Social Mobility. Western Europe and the USA in the Nineteenth and Twentieth Centuries*. Þýðing Ingrid Noakes (New York, 1981). Loks má nefna umfjöllun Hrefnu Róbertsdóttur um þessar rannsóknir: „Frumiðnaður á 17. og 18. öld.“ *Íslenskir sagnfræðingar*. Seinna bindi. *Viðhorf og rannsóknir*. Ritstjórar Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 2002), bls. 345-353.

með áherslu á aðferðir sem hentuðu tölvuvinnslu átti skyndilega í vök að verjast. Við tóku rannsóknir sem lögðu mesta áherslu á hið menningarlega sjónarhorn, að gefa sögunni aftur mannlega vídd. Hinar ópersónulegu kvíar, þar sem þúsundir einstaklinga voru í sama móti án þess að gert væri ráð fyrir mismun á milli þeirra, tóku að gliðna.

Tilvísun í þróunarsögu rannsókna á félagslegum hreyfanleika er ætlað að sýna hvernig sagnfræðilegt efni sem var undir sterkum áhrifum frá sögulegri lýðfræði hóf að breyta um ásýnd í meðförum fræðimanna í lok tuttugustu aldar og þá vegna þess að þeir tóku margir að leggja áherslu á menningartengdar rannsóknaraðferðir. Eftir fyrsta breytingarstigið í þessa átt gengu sumir fræðimenn í Bandaríkjunum enn lengra og tóku að svipast um eftir hugmyndum í Frakklandi (rétt eina ferðina), og þá hjá heimspekingnum Jacques Derrida og póststrúktúralistum.¹ Með áherslunni á menningu kviknuðu auðvitað spurningar um hvað héldi henni saman, hvernig hugtökin sem nýtt voru til greiningar á hegðun fólks og gerðum urðu til og hverjir högnuðust á skilgreiningu þeirra. Þannig tóku margir í lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda að nýta sér aðferðir afbyggingarinnar í greiningu sinni. Póstrúktúralisminn varð nokkurs konar tákn fyrir þá hugmyndafræði sem á ensku hefur verið nefnd „the Linguistic Turn“ sem mætti ef til vill nefna *textabyltinguna* í sagnfræði og sagnfræðilegri hugsun. Hún snerist um að tungumálið væri tækið sem valdhafarnir nýttu til að koma boðum á framfæri, meðal annars með skilgreiningu hugtaka. Til þess að skilja valdið og samhengi þess væri fengsælast að rannsaka samræðuhefðina sem valdið hvíldi á.² Þessar hugmyndir breyttu mjög hugsun og nálgun margra sagnfræðinga í sambandi við heimildir. Þegar á heildina er litið má segja að hið póstmóðerníska ástand (eða hvað sem við kjósum að nefna menningarflæði samtímans) hafi haft gríðarlega mikil áhrif á sagnfræðinga, einkum þá af yngri kynslóðinni.³ Þó ber að hafa í huga að

1 Sjá ágæta umræðu um áhrif þeirra í hugvísindum í eftirtöldu riti: Patrick Fuery og Nick Mansfield, *Cultural Studies and the New Humanities. Concepts and Controversiers* (Melbourne, 1997).

2 Alun Munslow, *Deconstructing History* (London, 1997), bls. 25–35.

3 Hér má nefna fjölmörg rit sem hafa haft áhrif á vinnubrögð og hugsun sagnfræðinga á síðustu árum: Sjá til dæmis: *The Postmodern History Reader*. Ritstjóri Keith Jenkins (London, 1997). – Hans Bertens, *The Idea of the Postmodern* (London, 1995). – David Harvey, *The Condition of Postmodernity: An Enquiry into the Origins of Cultural Change* (London, 1990). – Steven Connor, *Postmodernist Culture: An Introduction to Theories of the Contemporary*. Önnur útgáfa (London, 1997). – Keith Jenkins, *On “What is History?” From Carr and Elton to Rorty and White* (London, 1995). – Hayden White, *Metahistory: the Historical Imagination in Nineteenth-Century Europe* (Baltimore, 1973). – Keith Jenkins, *Re-thinking History* (London, 1991).

mikill meirihluti félagssögumanna og annarra sagnfræðinga hefur leitt þessar hugmyndahræringar algjörlega hjá sér og enn aðrir hafa lagt sig sérstaklega fram við að tæta þær niður.¹

Ef hugað er að þeim félagssagnfræðingum sem gengu ofangreindri hugmyndafræði á hönd er ljóst að bandaríski sagnfræðingurinn Joan W. Scott hefur haft hvað mest áhrif. Hún lét í sér heyra með skrifum sem birtust meðal annars í bókinni *Gender and the Politics of History* en þar lagði hún línurnar í mörgum greinum fyrir nýja stefnu kvennarannsókna sem þokuðust yfir í hinar svonefndu kynjarannsóknir.² Skilningur sagnfræð-

1 Sjá til dæmis Arthur Marwick, „Two Approaches to Historical Study: the Metaphysical (Including Postmodernism) and the Historical.“ *Journal of Contemporary History* 30 (January 1995), bls. 5-36. Hayden White svaraði Marwick í næsta hefti tímaritsins: Hayden White, „Response to Arthur Marwick.“ *Journal of Contemporary History* 30 (April 1995), bls. 233-246. Hér á landi hefur svipað uppgjör átt sér stað milli hefðarhyggjumanna og póstmóðernista. Sjá til dæmis greinar Kristjáns Kristjánssonar heimspekings sem birtust í *Lesbók Morgunblaðsins* frá 6. september til 8. nóvember árið 1997. Í tíu greinum gerir Kristján atlgöu að hugmyndum sem kenndar hafa verið við póstmóðernismann og sparar ekki stóryrðin. Greinarnar voru síðan birtar í bók Kristjáns sem ber heitið *Mannkostir. Ritgerðir um siðfræði* (Reykjavík, 2002). Í kringum greinaskrif hans varð nokkur umræða á opinberum vettvangi, þar á meðal í fagtimaritum, og er örugglega ekki enn séð fyrir endann á þeirri umræðu. Sjá til dæmis Guðna Elisson, „„Dordingull hékk ég í læblöndnu lofti.“ Kennslufræði Kristjáns Kristjánssonar.“ *Timarit Máls og menningar* 59:1 (1998), bls. 81-98. – Kristján Kristjánsson, „Leiðinlegt er myrkrið. Um póstmóðernisma, framfarir, frjálsslyndi – og tvígengil Þorsteins Gylfasonar.“ *Timarit Máls og menningar* 59:4 (1998), bls. 105-128. – Kristján Kristjánsson, „Nýrnör af alisvíni. „Kennslufræði“ Guðna Elissonar.“ *Timarit Máls og menningar* 59:2 (1998), bls. 132-141. – Sigríður Þorgeirsdóttir, „Póstmóðernismi sem heimspekilegt hugtak.“ *Timarit Máls og menningar* 59:3 (1998), bls. 128-140. – Þorsteinn Gylfason, „Er heimurinn enn að farast?“ *Timarit Máls og menningar* 59:3 (1998), bls. 114-127. – Sigrún Sigurðardóttir, „Tilbrigði við fortið. Um einsögu og hið póstmóðerniska ástand.“ *Timarit Máls og menningar* 60:3 (1999), bls. 12-26. Í kjölfar greina Kristjáns Kristjánssonar tók Þröstur Helgason blaðamaður á *Morgunblaðinu*, viðtöl við nokkra fræðimenn sem höfðu unnið með póstmóðernískar hugmyndir í rannsóknum sínum. Sjá til dæmis eftirfarandi umfjöllun: „Einsagan – óskrifuð saga.“ Viðtal Þrasta Helgasonar við Sigurð Gylfa Magnússon. *Lesbók Morgunblaðsins* 9. maí 1998. Svipuð viðtöl tók Þröstur við Jón Karl Helgason bókmenntafræðing, Róbert H. Haraldsson heimspeking og Matthías Viðar Sæmundsson íslenskufraeðing. Þessi umræða um póstmóðernismann hélt áfram og má til dæmis nefna að Sagnfræðingafélag Íslands stóð árið 2000 fyrir hádegisfundaröð sem bar yfirskriftina: *Hvað er póstmóðernismi?* Davíð Ólafsson sagnfræðingur var einn þeirra sem tók þátt í fundaröðinni og birti síðan fyrirlestur sinn endurbættan. Sjá „Fræðin minni. Einsaga, póstmóðernismi og íslensk sagnfræði“, bls. 55-99. Þá má einnig benda á grein Lofts Guttormssonar í *Skírni* haustið 2001, en þar tók hann sérstaklega fyrir einsögurannsóknir og fræðimennsku mína. Í máli Lofts kom fram áberandi óþol gagnvart þeim hugmyndum sem kenndar hafa verið við póstmóðernismann. Sjá: Loftur Guttormsson, „Smátt og stórt í sagnfræði“, bls. 452-471. Þessari grein svaraði ég síðan með tveimur greinum í *Skírni*: „Fanggæsla vanans“, bls. 371-400; „Að stíga tvisvar í sama strauminn“, bls. 127-158.

2 Joan W. Scott, *Gender and the Politics of History* (New York, 1988). Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur hefur gert góða grein fyrir þróun þessara hugmynda, einkum í sambandi við kynferði og þjóðerni. Sjá til dæmis: „Hin svokallaða þjóð. Þjóðerni og kyngervi í sagnfræðilegum rannsóknum.“ *Íslenskir sagnfræðingar*. Seinna bindi. *Viðhorf og rannsóknir*.

inga á kynhlutverkum breyttist í kjölfar þessa þar sem farið var að rannsaka kynin í samhengi. Lögð var áhersla á að stokka upp hugmyndir sem byggðust á eðlishyggju karlasagnfræðinnar og horft frekar á þau mótandi öfl sem réðu þeirri stefnu sem samskipti kynjanna fylgdu. Sagnfræðingar hafa því þurft að umbreyta viðhorfi sínu til heimildanna og þeirra kvía sem sagan er vanalega sett í.¹ Rannsóknaráherslurnar hafa gjörbreyst við þessa hugmyndafræðilegu gerjun og ekki er ofsögum sagt að sviðið hafi tekið heljarstökk frá hinum karllægu rannsóknarviðmiðum kvennasögunnar. Rannsóknir á konum og körlum hafa því dregið til sín nýja og ferska vinda úr fræðunum þótt enn finnist fræðimenn sem vilja helst ekkert af þeim vita.²

Rannsóknir á pólitískri sögu og þýðingu hennar innan félagssögunnar gekk í gegnum áþekkar umbreytingar. Hinir nýju straumar menningarsögunnar höfðu mikil áhrif á álitlegan hóp fræðimanna sem stunduðu rannsóknir á verkalýðssögu og breyttu meðal annars hugmyndum manna um tengsl tungumáls og stjórnmála.³

Einsaga – Aðferðir einsögunnar fengu fyrst verulegt vægi og ná góðu flugi í ofangreindu andrúmslofti undir lok aldarinnar. Þótt þessar fræðilegu hugmyndir hefðu verið í deigluinni í rúma tvo áratugi var það fyrst á tíunda áratugnum sem fór að kveða að áhrifum þeirra. Einsagan var hluti af straumum menningarbyltingarinnar í sagnfræði sem sveigði áherslur fræðimanna frá hinni megindlegu nálgun yfir í þá eigindlegu.

Þróun einsöguhugmyndafræðinnar gjörbreytti notkun persónulegra heimilda. Menningarbyltingin og þróun hennar kallaði á beinan vitnisburð

Ritstjórar Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 2002), bls. 421-431. Einnig má vísa í doktorsritgerð Sigríðar sem er mikill hvalreki fyrir áhugafólk um þessi fræði: *Hinn sanni Íslendingur. Fjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930* (Reykjavík, 2004).

- 1 Sjá eftirtalдар greinar sem fjalla um þessar viðhorfsbreytingar: Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, bls. 137-177. – Auður G. Magnúsdóttir, „Var Steinvör þá málóð um hríð?“, „Sterkar konur“ og valdamöguleikar íslenskra miðaldakvenna“, bls. 287-297. – Agnes S. Arnórsdóttir, „Frá kvennasögu til kerfisbundinna rannsókna.“ *Ný saga* 5 (1991), bls. 33-39.
- 2 Hér má nefna skoðanir Margrétar Guðmundsdóttur sagnfræðings sem hefur hafnað kynjahugtakinu sem merkingarbæru rannsóknarviðmiði. Sjá: Margrét Guðmundsdóttir, „Landnám kvennasögunnar á Íslandi.“ *Saga* 38 (2000), bls. 229-247.
- 3 Hér má nefna ýmis sagnfræðiverk sem hafa haft áhrif eins og William H. Sewell, Jr., *Work and Revolution in France. The Language of Labor from the Old Regime to 1848* (Cambridge, 1980). – Lynn Hunt, *Politics, Culture, and Class in the French Revolution* (Berkeley, 1984) og ef til vill sú áhrifamesta: Gereth Stedman Jones, *Language of Class: Studies in English Working-Class History, 1832-1982* (New York, 1983). Mikilvægt er að minna á að hér er aðeins tæpt á nokkrum verkum sem hafa haft áhrif á þróun þessara fræða. Tengsl þeirra við þróunarsögu félagssögunnar eru ólík en áhrif þeirra eru ótvíræð.

fólks af ólíkum stigum og að beinlínis væri leitað eftir því að þátttakendur í sögunni væru leiddir fram á sjónarsviðið. Reynolds fólksins sjálfs af atburðum og fyrirbærum í lífinu þóttu gulls ígildi, sérstaklega ef frásagnir þess höfðu varðveist í heillegu formi. Þá gafst færi á að greina skilning þeirra á framvindu lífsins, virkni stofnananna sem voru hluti af daglegri stöðu þeirra og tengsl fólksins við aðra einstaklinga í sínu nánasta umhverfi.

Textabyltingin setti aftur á móti þessa hugmynd um einstaklinginn sem sjálfstæða tjáningarveru í nokkurt uppnám. Hvernig gat það staðist að framburður einstaklingsins væri einhvers virði þegar tjáning hans var svo niðurnjörvuð í kerfi tungumálsins að útilokað var að koma til skila reynslu úr fortíðinni sem byggðist á hugsun og tilfinningu þess sem í hlut átti? Póststrúktúralistar hafa reynt að svara þessari spurningu með ýmsu móti en á vissan hátt má halda því fram að aðferðir einsögunnar bjóði upp á orðræðugreiningu þar sem lesin er merking í afmarkaðar frásagnir af fyrirbærum, atburðum og fólki sem annars væri erfitt að nálgast. Með því að rannsaka sem nákvæmast alla þræði slíkrar orðræðu gefst einsögumönnum færi á að afbyggja atburðarásir og hugmyndir sem annars væru huldar í blekkingarvef hinnar opinberu orðræðu stórsagnanna sem stendur í ímynduðu sambandi við veruleika fortíðarinnar. Þetta er vegna þess að einsögumenn leita alltaf eftir færi á að komast að rannsóknarefnum sínum úr annarri átt en hin opinbera orðræða býður upp á – að opna fyrir áheyrn þeirra fjölmörgu radda sem jafnan heyrast í hverju máli og vera viðbúinn því að takast á við mótsagnirnar sem óma í textanum. Hin svonefnda „einvæðing sögunnar“ sem ég hef haldið á lofti hin síðari ár miðar einmitt að því að skilgreina þá möguleika sem heimildirnar gefa fræðimönnum til að fjalla um fortíðina á fjölbreyttan hátt án þess að festast í fyrirfram gefnum kvíum stórsagnanna.¹

Menningar- og textabyltingarnar og þær hugmyndir sem þeim tengdust ýttu mjög undir nýja notkun einsöguaðferðanna og í vissum skilningi má halda því fram að einsagan hafi fallið vel að stefnumiðum orðræðugreiningarinnar. Hún fólst í nákvæmri skoðun á táknum og ímyndum textans og tilraunum til að opinbera tengsl sem ekki voru greinanleg við fyrstu sýn. Einmitt á þeim forsendum er hægt að beita einsögunni á orðræðu sjálfsbókmenntanna.

1 Sjá til dæmis grein mína „*The Singularization of History*“, bls. 701-735.

4. Skynjun heimilda

Skynrænum eiginleikum heimilda hafa sagnfræðingar hérlandis veitt litla athygli. Aðrir fræðimenn í hug- og félagsvísindum eru hins vegar líklegri til að vinna með þá með margvíslegum hætti. Með hugtakinu *skynrænn* er vísað í tilfinningaleg hughrif sem einstaklingar verða fyrir af umhverfi sínu, með beinum eða óbeinum hætti, og færa inn á vettvang reynslunnar. Gert er ráð fyrir greinarmun á skynrænum og hlutgerðum kostum heimilda en síðari þátturinn hefur að mestu verið til umfjöllunar hér að framan og þá sérstaklega hin röklega uppbygging einstakra heimildaflokka. Hægt er að fjalla um ljósmynd, texta eða listaverk sem *hlut* með röklega uppbyggingu sem mikilvægt er að bera kennsl á, en einnig er hægt að fjalla um sömu þætti sem *listrænt viðfang* sem gerir kröfur til virkrar notkunar á tilfinningasviði fólks. Í síðara tilfellinu er nauðsynlegt að beita ólíkum skynfærum til þess að ná fram þeim hughrifum sem verkið krefst eða býður upp á. Nálgun þess sem meðhöndlar heimildina verður því persónuleg og í mjög mörgum tilfellum sjálfsævisöguleg. Ljósmynd af fólki í fjöru kallar hugsanlega á minningar sem laða fram fjöruangan fyrir vitum fólks og hafa áhrif á skynjun þess á verkinu. Matið á innihaldi og áhrifamætti efnisins er að stærstum hluta byggt á persónulegri reynslu viðkomandi notanda. En matinu á hverju viðfangsefni er hægt að skipta í tvennt: Annars vegar í *hughrif* sem virka fyrst og fremst á skynfæri hvers manns og þá á mismunandi kraftmikinn hátt hverju sinni. Hins vegar mótast þetta mat af *reynslu* sem er njörvuð niður í tungumálið og er fyrir bragðið greinanleg eftir röklegum leiðum vísindanna. Oft er reynt að hlutgera *hughrifin* með þeim hætti að koma þeim yfir á form *hugsunar* sem síðan er miðlað sem *reynslu* við ólíkar athafnir mannsins. En hughrifin geta einnig staðið áfram utan við tungumálið og samt sem áður haft áhrif á veruleikann sem tengist þeim. Það er sá skynræni heimur sem fræðimenn hafa tekið til við að vinna með á síðari árum og rætt verður um hér á eftir.¹

Mjög misjafnt er hversu sterkt heimildir ná að miðla skynrænum

1 Sjá áhugaverðar hugmyndir Sigrúnar Sigurðardóttur í þessu sambandi en hún hefur unnið með hugtökin „upplifanir“ og „reynsla“ í tengslum við hugmyndir Walters Benjamins og Marcel Prousts. Sjá „Det traumatiske øjeblik. Fotografiet, differancen, tiden, historien og mødet med virkeligheden.“ Meistaraprófsritgerð frá Kaupmannahafnarháskóla, 2003, bls. 67-69. (E).

eiginleikum sínum og erfitt getur verið að leggja fræðilegt mat á þá. Það sem hugtakið skynrænn vísar þó fyrst og fremst á er *verk* þátttaka þeirra sem lesa, horfa, lykta eða finna fyrir texta, ljósmynd eða listaverki. Hlutgerðar tilraunir með sjálfið hafa misst fótanna á síðari árum og að sama skapi hefur hinum skynræna þætti heimilda verið gefinn meiri gaumur, hann hefur orðið vaxandi efni í mati fólks á eiginleikum þeirra verka sem það vinnur úr. Þannig hafa höfundar í auknum mæli gengist við því að ekki sé hægt að búa til hlutgerðar lýsingar á lífshlaupinu sem hafa einhverja vigt þegar glímt er við persónulega afstöðu til tilverunnar. Sömu sögu er að segja um lesendur slíkra verka, þeir skilja að til þess að njóta og meta sjálfið verði að beita skynfærunum hvort sem horft er á mynd, texta, ljósmynd eða eitthvert annað frásagnarform. Hinir skynrænu eiginleikar verksins hafa því orðið ofan á þegar verk er numið. Reynsla þeirra sem það gera verður um leið hluti af vinnsluferli fræðimannsins og nokkuð sem hafa verður í huga með markvissum hætti í vísindarannsóknum.

Áherslan á skynjun heimilda býður upp á nokkra ólíka möguleika við hugvísindalegar rannsóknir.¹ Eins og nafnið gefur vonandi til kynna eru skynrænir eiginleikar heimilda hér flokkaðir sem fyrirbæri sem áhorfandinn nemur á fjölbreyttari hátt en þegar eingöngu er lesinn texti í óbundnu máli og leitað er eftir hlutlægri merkingu textans. Kallað er eftir notkun ólíkra skynfæra þegar viðfangið (heimildin í hvaða formi sem hún er) er skoðuð. Hver texti býr yfir listrænu yfirbragði sem mikilvægt getur verið að kljást við til að öðlast fullan skilning á merkingarheimi hans. Hugtakið „ómeðvituð minning“ lýsir hér ágætlega því endurvarpi skynjunar sem oft á sér rætur í löngu liðinni fortíð. Atvik og sýnir kalla á hugartengsl milli þess sem er numið í núinu og svipaðra aðstæðna úr fortíðinni. Slík hugartengsl verða til vegna ómeðvitaðra minninga sem leiða til sátta milli þess sem skynjar og leggur merkingu í líf sitt og þekktra viðmiða úr umhverfinu. Af þessum sökum geta sjón, lykt og jafnvel bragð skipt máli þegar verk eða heimild eru meðtekin með skynfærunum vegna þess að slík nálgun er líkleg til að hleypa ólíkum tilfinningum höfundar að og hlýtur því sömuleiðis að hafa áhrif á allt rannsóknarferlið. Sigrún Sigurðardóttir sagn- og menningarfræðingur hefur unnið með þetta hugtakapar og kemst svo að orði um mikilvægi þess:

1 Sá fræðimaður sem mest hefur unnið með skynræna miðla hér á landi er Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur en hún hefur einkum rannsakað „myndlæsi“. Sjá til dæmis: Úlfhildur Dagsdóttir, „Gengið í augu.“ *Vera* 19:2 (2000), bls. 45; Úlfhildur Dagsdóttir, „Myndanir og myndbreytingar. Um myndbönd Bjarkar.“ *Skírnir* 175 (haust 2001), bls. 391-419; Úlfhildur Dagsdóttir, „Björkland.“ *Vera* 19:3 (2000), bls. 27.

Hið ómeðvitaða minni stendur utan við tungumálið og verður því aldrei hluti af þeirri meðvituðu sögu um okkur sjálf, sem við segjum sjálfum okkur og öðrum og köllum endurminningar. Engu að síður er hið ómeðvitaða minni hin sanna tenging við það sem liðið er. Við það sem var – en var samt ekki. Skynfærin vekja hið ómeðvitaða minni úr djúpum dvala. Fortíðin birtist okkur fyrirvaralaust fyrir tilstilli einhvers hlutar, lyktar, snertingar, bragðs, hljóða, eða sjónar, sem kallar fram tilfinningar sem við höfðum varðveitt innra með okkur.¹

Sá sem rannsakar fortíðina þarf því að kunna að finna til. Kennsla í hugvísindum verður að byggjast á tilraun til að skerpa næmni nemandans fyrir fortíðinni, efla skynræn tengsl fólks við fortíðina – ekki til að setja sig í spor sögupersónunnar eða lifa sig inn í líf hennar heldur aðeins til að gangast við mikilvægi skynjunarinnar og áhrifum sem hún hefur á efnið sjálft. Séra Matthías Jochumsson hefur lýst þessu ferli skynjunar og reynslu betur en flestir aðrir:

Ég man enn, þegar ég fyrst stafaði Jobsbók og spádómsbækur biblíunnar, svo og þegar ég fyrst las skáldskap Hómers (í þýðingu Sv. E.) með hans „svipdimmu nótt“, „ómælanda útsæ“ og „kornfrjóu jörð“. Alt skildi ég það vel, því að ég hafði séð það alt sjálfur – og meira, miklu meira! Hver hefur til hlítar lýst barnssálinni með morgundraumum hennar, miðdegisgleði, kvöldhug og næturhug? Eða hennar stórleik og næmleik, hamförum og hamskiftum og dularfullu samúð við alt lifandi og dautt, smátt og stórt, – nei: ekki dautt, því að í augum hins unga er alt með ódauðlegu lífi: hinn mikli, kviki, kynlegi sær, hin stiltu stöðuvötn, hin eyðilegu öræfi, svipstóru fjöll! Og svo alt dýraríkið! Þrent vekur fyrst hin innri vitbrigði: sólaruppkoman, stjörnuhimininn og nóttin eða kvölddimman.²

Tákn og ímyndir – Lykillinn að skilningi og greiningu á skynrænum eiginleikum heimilda og þeim fyrirbærum sem eru til umfjöllunar er að nota tákn og ímyndir verksins. Mikilvægt er að átta sig á samhengi þeirra á sem fjölbreytilegastan hátt. Sem dæmi má nefna að á undanförunum árum hafa hinir svonefndu sjónrænu miðlar náð vaxandi athygli fræðimanna vegna möguleikanna sem þeir gefa við rannsóknir á fyrri tíð. Þessir miðlar eru margvíslegir eins og kunnugt er og má þar fyrst og fremst nefna ljósmyndir, kvikmyndir, listaverk af ýmsu tagi (gjörninga), heimasíður á veraldarvefnum og fjölmargt annað efni sem byggist meira á sjónrænni

1 Sigrún Sigurðardóttir, „Minni. Verk eftir Kristínu Elvarsdóttur.“ *Sýningarskrá*. Hafnarborg. Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, 2004.

2 Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af jáfum mér*, bls. 37.

tjáningu höfunda en tíðkast í hefðbundnum frásagnarheimildum. Ljósmyndin er til dæmis svo fjölpætt heimild að hún ein og sér býður upp á ótal nálganir sem fræðimenn hafa í auknum mæli nýtt sér. Þeir hafa tekið til við að vinna sérstaklega með ólíkar birtingarmyndir hennar en ljósmyndir hafa verið nýttar alla tuttugustu öldina af sagnfræðingum en lengst af á frekar hefðbundinn (empirískan) hátt.

Ný viðhorf gagnvart möguleikum ljósmyndarinnar hafa komið fram á sjónarsviðið eftir því sem fleiri hafa bent á takmarkanir textans, það er þá vissu manna að sjálfsævisögur, svo eitthvert dæmi sé nefnt, geti sagt lesendum sannleikann um atburði eins og þeir gerðust. Fræðimenn hafa í auknum mæli borið kennsl á skáldsöguleg einkenni í sjálfsbókmenntum eða í öðrum heimildum og samhliða því hafa þeir leitað eftir leiðum til að komast að „staðreyndum“ í sambandi við lífið og tilveruna í gegnum önnur frásagnarform. Leitin að sjálfinu hefur staðið um nokkra hríð og víða hefur verið auglýst eftir því, við ólíklegustu tækifæri ef svo má að orði komast. Timothy Dow Adams bókmenntafræðingur bendir til dæmis á í bók sinni *Light Writing and Life Writing* að þannig hafi fræðimenn leiðst út í rannsóknir á ólíklegustu efnum sem tengjast manningum. Þar má nefna vitnisburð í ljósmynd eða texta um endurfund skólasystkina sem eitt form af sjálfsævisögulegri tjáningu, lífræðilegar rannsóknir á erfðæfni mannsins (DNA) hafi verið nýttar til að draga fram ævisöguleg tengsl, ættfræðilegar upplýsingar, tólf spora prógrömm, heimatilbúin myndbönd um móðurhlutverkið (svo eitthvað sé nefnt), starfsferilsskrár í háskólasamfélaginu, sjálfsævisöguleg viðtöl í sjónvarpi og einkamálaauglýsingar í blöðum; allt eru þetta form sem nýta má til þess að draga fram kafla úr sjálfsævisögu þeirra einstaklinga sem við sögu koma eða einkenni þeirra ferla sem sjálfið verður til í.¹ Hér er nýtt efni sem byggist einkum á skynrænum tengslum við viðfangsefnið; hvernig hann eða hún er metin út frá fjölbreyttri flóru vitnisburðar sem getur verið jafnmargbreytilegur og að ofan greinir. Allt gerðist þetta eftir að póstrúktúralistar drógu í efa stöðu höfundarins, sjálfsins, gerandans og fyrir hvað hlutirnir stæðu. Dauði höfundarins skildi sjálfsævisöguna eftir í sérkennilegri stöðu. Höfundur sjálfsbókmennta, af hvaða tagi sem var, hlaut að vera jafnfjarri texta sinnar eigin sögu og höfundur skáldverksins. Hvað átti að taka trúanlegt? Ef sá sem ritaði eigin minningar var ekki traustsins verður – var alltaf að eigna sér reynslu annarra í gegnum tungumálið – hvernig var þá hægt að nálgast sannleikann? Mörgum þótti

1 Timothy Dow Adams, *Light Writing and Life Writing. Photography in Autobiography* (Chapel Hill, 2000), bls. xiii.

ljósmyndin því álitlegur kostur til að draga fram einhverja vissu um augnablikið sem átti að fanga.

Breski sagnfræðingurinn Peter Burke lýsir því yfir í nýrri bók sem nefnist *Eyewitnessing* að lengst af tuttugustu öldinni hafi sagnfræðingar látið sér í léttu rúmi liggja hvað ljósmyndir hefðu upp á að bjóða eða hvað þær gætu sagt þeim. Mjög fáir hefðu til dæmis hugleitt hvernig greina mætti tákni og ímyndir sem þar væri að finna. Hinn þekkti sagnfræðingur og samlandi Burke, Raphael Samuel, mun til dæmis hafa bent á að sagnfræðingar væru „ólæsir á sjónræna miðla“.¹ Ástæðuna taldi hann vera að sagnfræðingar hefðu einfaldlega ekki notið menntunar sem gerði ráð fyrir sjónrænni tjáningu. Skólanemendur fengu aðeins þjálfun í textalestri og textalæsi var bæði takmarkað og einsleitt. Slíkt læsi byggðist á því að skilja orð og hugtök og tengja þau saman í merkingarbærar heildir. Leitað væri eftir augljósri og viðurkenndri merkingu textans og forðast væri að ljá honum einhverja óljósa merkingu sem erfitt væri að „sanna“ með hefðbundum empírískum rökum. Af þessum orsökum hefðu fáir lagt í að nota aðrar heimildir þar til á síðustu áratugum tuttugustu aldar. Burke bendir þó á að erfitt væri að fjalla um ákveðna atburði í mannkynssögunni án þess að nýta sér listaverk og muni sem sýna áþreifanlega hvernig fólk hagaði lífi sínu á fyrri tímum.

Sömu sögu er að segja um þýðingu ímynda fyrir sagnfræðirannsóknir, það er merkinga sem fyrirbærum og atburðum er ljáð oft með heldur óljósum hætti. Margir sagnfræðingar hafa rannsakað þær af nákvæmni og niðurstöður þeirra hafa varpað ljósi á pólitísk málefni, það er hvernig flokkar og hugmyndastefnur komu áróðri sínum á framfæri í hversdagslífinu, viðskiptum, félagsmálum og svona mætti lengi telja. Með öðrum orðum hefur drjúgur hópur sagnfræðinga og annarra fræðimanna í hugvísindum lagt metnað sinn í að rannsaka þýðingu þessara fyrirbæra fyrir fræðin. Í sumum tilfellum urðu slíkar rannsóknir upphaf að nýjum fræðasviðum eins og tilraunir franska sagnfræðingsins Philippe Ariès sem renndu stóðum undir rannsóknir á sögu barna. Þar nýtti hann sér málverk frá ýmsum tímum mannkynssögunnar til að sýna fram á breytingar á viðhorfum fólks til barna.² Burke bendir á að þessi rannsókn og nokkrar aðrar sem gerðar voru um svipað leyti hafi dregið athygli margra fræðimanna að

1 Peter Burke, *Eyewitnessing. The Uses of Images as Historical Evidence* (London, 2001), bls. 10.

2 Philippe Ariès, *Centuries of Childhood. A Social History of Family Life*. Þýðing Robert Baldick ([1960] Enska þýðing: London, 1965). Höfundurinn lét ekki staðar numið þar því hann ritaði fræga bók um dauðann þar sem hann byggði mikið á sjónrænu efni: *The Hour of Our Death* ([1977] Enska þýðing: London, 1981). Báðar þessar bækur höfðu griðarleg áhrif og mörkuðu upphaf nýrra fræðasviða.

skynrænum eiginleikum heimilda. Eftir að fræðileg afstæðishyggja og póstrúktúralistar höfðu náð nokkurri fótfestu innan hugvísindanna fengu ljósmyndir enn meiri hljómgrunn og margir fræðimenn treystu sér til að fullyrða að ljósmyndin væri staðfesting á því að hlutirnir hefðu gerst, þó að hún segði oft lítið um hvernig atburðum vatt fram. Susan Sontag benti til dæmis á að ljósmyndin liti út eins og fótspor raunveruleikans eða helgríma lífsins, að margir litu á hana sem einhvers konar staðfestingu á að fortíðin væri til.¹ Svipuð viðhorf komu fram hjá Roland Barthes í hinni frægu bók *Camera Lucida* en hann velti mjög fyrir sér möguleikum ljósmyndarinnar sem verkfæris fyrir sjálfið.²

Burke bendir á mikilvægt atriði í sambandi við ljósmyndir og ímyndir sem þær hafa að geyma í bók sinni:

Óþarft er að taka fram að það að nota ímyndir sem sönnunargögn skapar mörg sérstæð vandamál. Ímyndir eru þöglar og það er erfitt að þýða merkingu þeirra í orð. Þær kunna að hafa verið skapaðar til að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri en síðan freistast sagnfræðingar til að lesa eitthvað annað inn í merkingu þeirra og horfa fram hjá upphaflegum áherslum; að læra eitthvað af þeim sem listamaðurinn sjálfur vissi ekki að hann væri að kanna. Það var greinileg hætta í þessu ferli. Til þess að hægt sé að nota þessar heimildir á öruggan og áhrifaríkan hátt þá verða menn að skilja veikleika þeirra, rétt eins og allra annarra heimilda.³

Á síðari árum hafa fræðimenn gengist í auknum mæli við þeirri staðreynd að ljósmyndin geti blekkt, þar sem hún er ekki hlutlaus spegilmynd náttúrunnar. Hún er vissulega endurkast þess sem ljósmyndarinn sér og vill hugsanlega fá fram í verki sínu. Ljósmyndin getur, rétt eins og hefðbundin texti, villt um fyrir áhorfandanum og dregið fram atriði sem ekki voru til

1 Timothy Dow Adams, *Light Writing*, bls. xv.

2 Roland Barthes, *Camera Lucida. Reflections on Photography*. Þýðing Richard Howard (New York, 1981). Í þessu sambandi má enn benda á umfjöllun Sigrúnar Sigurðardóttur um tengsl ljósmynda og veruleika í meistaraþrófsritgerð hennar frá Kaupmannahafnarháskóla. Sjá „Det traumatiske øjeblik.“ Sjá sértaklega umfjöllun í kafla þrjú. Einnig má benda á mörg verk eftir ástralsk-bandaríska menningarfræðinginn Geoffrey Batchen. Sjá til dæmis: *Each Wild Idea. Writing, Photography, History* (Cambridge, Mass., 2001); *Burning with Desire. The Conception of Photography* (Cambridge, Mass., 1999).

3 „Needless to say, the use of the testimony of images raises many awkward problems. Images are mute witnesses and it is difficult to translate their testimony into words. They may have been intended to communicate a message of their own, but historians not infrequently ignore it in order to read pictures “between the lines”, and learn something that the artists did not know they were teaching. There are obvious dangers in this procedure. To use the evidence of images safely, let alone effectively, it is necessary – as in the case of other kinds of source – to be aware of its weaknesses.“ Peter Burke, *Eyewitnessing*, bls. 14-15.

staðar, kæft önnur sem höfðu afgerandi áhrif á atburðarásina eins og hún blasir við úr opi ljósmyndavélarinnar. Fræðimennirnir sem vildu leita „sannleikans“ í ljósmyndinni í stað þess að vinna í táknum og ímyndum frásagnarheimilda urðu að viðurkenna að allar heimildir, hvaða nafni sem þær nefnast byggju yfir skynrænum eiginleikum sem mikilvægt er að takast á við í vísindarannsóknum.¹

Sýndarveruleiki – Timothy Dow Adams bendir á að hann rannsaki hvernig ljósmyndin geti nýst í nútímasjálfstjáningu á borð við sjálfsævisögu, og bætir síðan við: „Heilbrigð skynsemi myndi trúlega segja okkur að ljósmyndin vinni eins og sjónrænn viðauki (myndskreyting) og stuðningur (staðfesting) við það sem fram kemur í textanum – að ljósmyndin geti hjálpað til við að staðfesta, eða í það minnsta koma á framfæri, hinni tilvísanlegu vidd sjálfsævisögunnar.“² Höfundur bendir síðan á að póstrúktúralisminn hafi haft þau áhrif að ekki væri hægt að horfa á ljósmyndir í tengslum við sjálfsævisögur frá einu sjónarhorni eingöngu. Bæði sjálfsævisagan og ljósmyndin lúta margbreytilegum lögmálum og með því að spyrða þær saman flækist myndin til muna. Texta og ímyndum er ætlað að koma skilaboðum á framfæri en hvort um sig getur hæglega dregið úr áhrifum hins. Þess vegna verður að nálgast bæði ljósmyndir og sjálfsævisögur af varfærni.

Ljósmyndin getur verið uppbyggð á sama hátt og skáldsaga. Ljósmyndarinn getur leikið sér með tæknina þannig að hann breytir samsetningu myndarinnar og áhrifum, auk þess sem hann getur sett á svið aðstæður og ráðið sjónarhorninu. Þetta breytir hugsun okkar um gildi ljósmyndarinnar og hvernig hún verði best nýtt. Jafnvel þeir sem láta sér ekki til hugar koma að beita tækninni til að fá fram ákveðin atriði í mynd eða raða upp efniviði myndarinnar á þann hátt sem best þykir henta geta engu að síður valið viðfangsefni sitt með tiltekin sjónarmið í huga sem oft getur reynst erfitt að koma auga á. Þetta bentu menn á, til dæmis kvikmyndasagnfræðingurinn frægi Siegfried Kracauer þegar hann bar tækni Leopolds von Ranke saman við þá sem ljósmyndarar beittu. Munurinn væri í raun

1 Þetta hef ég reynt að gera í nýrri bók sem nefnist *Snöggir blettir* (Reykjavík, 2004). Verkinu liggur til grundvallar tilraun með þekkingarfræðilega stöðu ljósmyndarinnar þegar hún er slitin úr samhengi við viðurkennda sannfræðilega stöðu sína. Þess í stað met ég skynrænt samband mitt við efnið og set það í þann búning sem ég þekki best.

2 „The commonsense view would be that photography operates as a visual supplement (illustration), and a corroboration (verification) of the text—that photographs may help to establish, or at least reinforce, autobiography’s referential dimension.“ Timothy Dow Adams, *Light Writing*, bls. xxi.

sáralítill þar sem sjónarhornið sem valið væri byggðist á mati sagnfræðingsins eða ljósmyndarans.

Tákn og ímyndir í ljósmyndinni verða því meginviðfangsefni þeirra sem nota sér þær í rannsóknarvinnunni. Ljósmynd er hægt að greina eins og málverk, þar sem leitast er við að draga fram hugsun og hugmyndir sem liggja að baki verkinu. En hún býr líka yfir eiginleika *hraðans* – andartakið sem fest er á filmu býður upp á óvænt og afhjúpanði augnablik sem gefa öllum ljósmyndum óræða vídd – sem flækja alla skynræna miðlun verksins. Þeirri hugmynd hefur því algjörlega verið hafnað að ljósmynd sé bara ljósmynd og hana sé hægt að nota sem „sönnun“ eða staðfestingu á því umhverfi sem hún lýsir.¹ Adams tekur svo til orða í þessu sambandi:

Rétt eins og sjálfsævisögur eru augljóslega tilbúin endurvörp lífsins, þá eru ljósmyndir greinilega framleiddar ímyndir. Fyrirsætum er komið fyrir í tilbúnum stellingum og þær lýstar upp og látnar falla að lögmálum sjónarhornsins og hugmyndafræði hinnar sjónrænu menningar. Skalin er minnkaður, myndir framleiddar á plötur sem oft eru án lita – en samt er eitthvað sem óneitanlega er öðruvísi í sambandi við framsetningu ljósmyndarinnar af einstaklingi í samanburði við myndlistarverk af sama manni.²

Höfundur bendir á að ljósmyndin hafi margfalt heimildafræðilegt gildi á við málverkið rétt eins og sjálfsævisaga hafi sannarlega vinninginn fram yfir skáldsöguna þegar sagnfræðilegt gildi er metið. Adams bendir einnig á að stafræn tækni sem gerir ljósmyndurum kleift að breyta myndum á dramatískan hátt (e. *photoshop*) hafi þrátt fyrir allt ekki dregið úr tiltrú manna á mátt ljósmyndarinnar. Þvert á móti hefur margvísleg tækni haft jákvæð áhrif á hvernig menn hafa notað ljósmyndir til sjálfstjáningar. Miklu magni mynda hefur verið skeytt saman og búin hafa verið til verk sem eiga að vera til þess fallin að draga fram skarpar línur í ævi höfundarins. Adams tekur mörg dæmi í þessu sambandi og bendir á að hin nýja tækni hafi opnað möguleika fyrir óvænta sjálfstjáningu.³

1 Timothy Dow Adams, *Light Writing*, bls. 3-5. Adams fer ofan í saumana á þeim skoðunum sem fræðimenn hafa haft frá upphafi á gildi ljósmyndarinnar sem heimildar. Sjá einnig Peter Burke, *Eyewitnessing*, bls. 21-30.

2 „Just as autobiographies are obviously artificial representations of lives, so photographs are clearly manufactured images: sitters are artificially posed and lighted, made to conform to the laws of perspective and the ideology of the photographic culture, reduced in size, reproduced on a flat plane often without color—and yet there is something undeniably different about a photographic representation of a person as opposed to a painting of that same person.“ Timothy Dow Adams, *Light Writing*, bls. 5.

3 Timothy Dow Adams, *Light Writing*, bls. 15-21 og einnig bls. 225-242.

Hér á landi hafa ýmsir reynt að segja sögu sína með hjálp ljósmynda. Á degi dagbókarinnar, 15. október 1998 sem áður var minnst á, var til dæmis skilað inn myndasögu úr lífi reykvískrar fjölskyldu. Dagbók þessarar fjölskyldu var ekki skráð í texta heldur með hjálp ljósmyndarinnar og var afar fróðlegt innlegg í þennan velheppnaða dag. Það verður gaman að sjá hvernig hægt verður að nýta þetta efni í framtíðinni sem vitnisburð um líf fólks á þessum tiltekna tímapunkti. Vel er hægt að hugsa sér að fá fólk til að skrá með ljósmyndum einn dag í lífi sínu sem hluta af átaki til að vekja athygli á margskonar persónulegri tjáningu fólks í samtímanum. Samanburður við fortíðina og þeim birtingarformum sem þá voru í boði er þarna rakinn.

Mikilvægt er að hafa í huga að myndefni, hvort sem það er ljósmynd eða málverk, getur ekki nýst sem samnefnari fyrir hugsun heillar kynslóðar eða tímabila. Listfræðingar hafa oft fjallað um mannkynssöguna með málverk sem dæmi þar sem einstökum verkum er tileinkað gildi og merking sem tákna stórar heildir, jafnvel þjóðir. Þar með er horft framhjá þeim mikla mun sem er jafnan á milli hugsunar einstaklinga, hópa eins og stétta, kynja og jafnvel landfræðilegum mun frá einum tíma til annars.¹ Í slíkum tilfellum er beinlínis hlaðið of mikilli merkingu á heimildir í þeim tilgangi að draga fram „tilbúna“ mynd af einhverju sem á að teljast „örugg vitneskja“ um liðna tíð.

Aðferðir – En hvernig er þá hægt að nýta sér þessa eiginleika heimilda? Hvernig á að leita eftir táknum og ímyndum þegar unnið er með verk sem byggist á þroska skynfæranna? Einsögumenn á Ítalíu hafa nefnt þá aðferð sem þeir telja að best dugi til að lesa tákni og merkingar „aðferð um sönnunarstefnu“ (e. *the evidential paradigm*).² Aðferðin byggist á þeirri íþrótt að taka til gaumgæfilegrar athugunar öll hugsanleg smáatriði sem tengjast fyrirbærinu sem er til rannsókna. Aðferðin, sem hinn þekkti ítalski einsögumaður Carlo Ginzburg þróaði, leiðir hugann að mikilvægi þess að greina einstaka þætti sem eru hluti af heildinni. Hinar smáu vísbendingar sem er að finna í verkinu eru lesnar af nákvæmni og skýrðar í fjölbreyttu samhengi verksins sjálfs. Þessi aðferð hefur áhrif á skynjun áhorfandans á

1 Í þessu sambandi má nefna ýmsar bækur Björns Th. Björnssonar listfræðings, en hann hefur einmitt haft þann háttinn á að nota myndverk til að varpa ljósi á heilu samfélögin og tímabil í sögu Evrópu. Sjá til dæmis bókina *Aldateikn* (Reykjavík, 1973) sem þannig er byggð upp. Um þessa sérstæðu aðferðafræði ræðir Burke í bók sinni: *Eyewitnessing*, bls. 31.

2 Ég hef fjallað um þessa rannsóknaraðferð í tveimur nýlegum greinum. Sjá: Sigurður Gylfi Magnússon, „Fanggæsla vanans“, bls. 382-385; Sigurður Gylfi Magnússon, „Að kasta ellibelgnum“, bls. 144-159.

verkinu þar sem hún leiðir fram skilning sem byggist ekki nauðsynlega á rök hugsun heldur innsæi. Ginzburg ræðir sérstaklega þá leið sem ítalski fagurkerinn Giovanni Morelli sem uppi var á níjtjándu öld beitti þegar hann gerði tilraun til að skilja beinabyggingu útdauðra dýra út frá fáeinum brotum.¹ Morelli beitti sömu aðferð til að bera kennsl á höfunda óþekktara myndlistarverka. Hann horfði þar sérstaklega til einstakra smáatriða sem einkenndu verk höfunda og Peter Burke nefnir „symptoms of authorship“ eða *hcfundareinkenni*. Hugmyndir Morelli eru þekktar og fræðimenn á borð við menningarsagnfræðinginn Jacob Burckhardt, Aby Warburg menningarfræðing og Siegfried Kracauer kvikmyndasagnfræðing hafa allir nýtt þessa aðferð í verkum sínum.

Einnig má benda á að nær allir einsögufræðingar hér á landi hafa byggt hugsun sína á þessari nálgun, og þar er ég sjálfur meðtalinn. Leiðin sem er valin er ekki hin hefðbundna leið sagnfræðinnar þar sem leitað er eftir beinum röklegum sönnunum fyrir fullyrðingum sínum heldur er horft á heimildarbrotin sem eru fyrir hendi og leiddar líkur að því að þau vísi veginn að ákveðinni niðurstöðu. Þannig verður endurgerð textans með aðferðum afbyggingarinnar mikilvægt tæki einsögufræðingsins til að skýra út aðstæður sem eru fullar af eyðum og óleystum gátum. Ég hef þó gengið lengra en flestir einsögufræðingar í þessu sambandi og hvatt til þess að reynt sé að rjúfa markvisst sambandið á milli stórsagna og þeirra rannsóknareininga sem unnið er með í þeim tilgangi að einstakir drættir viðfangsefnisins verði betur sýnilegir.²

En það eru ekki aðeins einsögufræðingar sem hafa leyst rannsóknarspurningar sínar með þessari aðferð. Heimspekingurinn og háskólakennarinn Róbert H. Haraldsson hefur einnig beitt svipaðri aðferð við rannsóknir sínar á *Brúðuheimili* Ibsens og Hollywood-kvikmyndum.³ Róbert rýnir þar í leikrit Ibsens og ákveðnar kvikmyndir og gerir tilraun til að kasta frá sér fyrirfram mótuðum hugmyndum annarra sem byggjast á stórsögulegri nálgun. Þær leggja gjarnan áherslu á að staðsetja hugmyndir höfunda innan einhverrar tiltekinnar heildar (eins og innan sviðs raunsæisstefnunnar,

1 Sjá frábæra grein eftir Carlo Ginzburg sem fjallar um þessa rannsóknarleið: „Clues: Roots of an Evidential Paradigm.“ *Clues, Myths, and the Historical Method*. John og Anne Tedeschi þýddu (Baltimore, 1989), bls. 96-125.

2 Hér vísa ég til þeirrar hugmyndafræði sem ég hef nefnt „einvæðingu sögunnar“. Sjá til dæmis grein mína „*The Singularization of History*“, bls. 701-735.

3 Sjá ritgerðasafn Róberts H. Haraldssonar, *Tveggja manna tal*. Íslensk heimspeki IX (Reykjavík, 2001). Hér er vísað í ritgerðirnar: „Alvarlegar samræður – Um siðferðilegan boðskap í *Brúðuheimili* Henriks Ibsen“, bls. 37-73; „Að sjá kvikmynd – Um fræðin og Hollywood-kvikmyndir“, bls. 151-188.

femínismans og sósíalismans sem eru dæmigerðar stórsögur) og leita skýringa á hverju álitamáli í samhljómi við helstu einkenni þeirra. Gagnrýni Róberts á fræðiheiminum beinist að því að rannsakandinn gleymi gjarnan að lesa af nákvæmni einfalt myndmál verksins þar sem hin yfirþyrmandi áhersla á stóra samhengið skyggi á slíkan lestur.

Á sama hátt hefur Sigrún Pálsdóttir, doktor í sagnfræði frá Oxford-háskóla á Englandi, lagt áherslu á nýja nálgun í kynjafræðum sem lýtur svipuðum hugmyndum og hér hafa verið ræddar. Með því að skoða ævi einnar konu út frá hennar eigin forsendum og forðast þar með hina stórsögulegu leiðsögn fræðanna telur Sigrún að hægt sé að leiða fram merkingarbæra mynd af konu sem lifði lífinu á sínum eigin forsendum. „Með öðrum orðum“, segir Sigrún í umfjöllun sinni um nítjándualdarkonuna Þóru Pétursdóttur,

ef við nálgumst heimildir um Þóru út frá hugmyndum okkar um sjálfsmynd þjóðar er hætt við að við föllum í þá gryfju að reyna að fá Þóru annað hlutverk en að vera sögumaður um eigið líf, allt í þeirri viðleitni okkar að reyna að ljá lífi hennar sögulega merkingu. Ef við hins vegar trúum því að sögulegt mikilvægi felist í heilsteyptri en um leið margbrotinni mynd af lífi sögupersónunnar sjálfar eigum við að nota viðbrögð Þóru við ummælum erlendra ferðamanna fyrst og fremst til að draga fram þá mynd.¹

Hér reifar Sigrún Pálsdóttir leið sem nokkrir fræðimenn með ólíkan bakgrunn hafa séð færa við rannsóknir sínar á allra síðustu árum.

Veruleikinn í táknmyndum – Mikilvægt er að átta sig á þeim möguleikum sem felast í táknum og ímyndum hinnar skynrænu miðlunar heimilda. Í fyrsta lagi er hægt að nálgast veruleika tákna sem „kerfi ímynda og tákna“ sem hægt er að sundurgreina og skilja í anda mannfræðingsins Lévi-Strauss. Þetta er í stuttu máli sú leið sem hinir svonefndu *strúktúralistar* hafa valið og lestur þeirra á málverkum og myndum tekur mjög mið af þessu sjónarhorni. Lögð er áhersla á að nálgast innra samhengi verksins og tengsl sem er að finna milli ólíkra tákna og ímynda. Margir strúktúralistar reyna síðan að tengja rannsóknir sínar á hinu einstaka verki við samskonar rannsóknir á öðrum sviðum og uppgötva þannig kerfi tákna og ímynda sem ná til samfélagsins alls. Þannig verða til rannsóknir sem snúast um uppgötvun á kerfi tákna (e. *systems cf signs*) sem er ætlað að liggja til grundvallar skilningi okkar á samfélögum manna. Gagnrýnin sem fram

1 Sigrún Pálsdóttir, „Sagan um Þóru biskups.“ *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi* (Reykjavík, 2001), bls. 258.

hefur komið á strúktúralistanna er fyrst og fremst sú að þeir láti sig litlu skipta einstök tákni og merkingu þeirra. Tilhneigingin sé fyrst og fremst sú að horfa á tákni sem hluta af mynstri sem mynda heildina. Afbrigðunum og breytingum er ýtt til hliðar undir þeim formerkjum að þetta sé ekki áhugavert og það flokkað sem viðfangsefni sem ekki verðskuldar athygli.¹

Póststrúktúralistar spretta upp úr jarðvegi þessarar gagnrýni. Peter Burke staðsetur þá með eftirfarandi hætti:

Ef helgimyndafræðingar leggja áherslu á hina meðvituðu framleiðslu merkinga, og strúktúralistar, líkt og freudistar, beina sjónum sínum að ómeðvitaðri merkingu, þá er áhersla póststrúktúralista á óvissuna, „fjölmerkingu“ eða það sem Jacques Derrida hefur nefnt hinn „endalaus leik að merkingum“. Þeir eru með hugann við hið óstöðuga eða hina margbreytilegu merkingu og þær tilraunir hugmyndasmiða til að hafa hemil á þessari fjölbreytni. Það er meðal annars gert með merkimiðum og kvíum.²

Gagnrýnin á strúktúralistana felst sem sagt í því að þeir gefi ekki færi á að hvert tákni geti haft margræða merkingu, verði jafnvel í andstöðu við sjálft sig. Á hinn bóginn hafa póststrúktúralistar verið teknir á beinið fyrir að gera ekki greinarmun á þýðingu einstakra tákna, telja þau öll jafn rétthá, ef svo má að orði komast. Hvaða merking sem er getur því gengið fyrir einstök tákni.

Hér hygg ég að mestu varði sú yfirlýsing póststrúktúralista að enginn einn stjórni orðræðunni, hversu voldugur sem hann eða hún er. Merkingarnar séu svo margbreytilegar og mögulegar túlkanir svo stjarnfræðilega fjölbreyttar að það sé fjarstæða að reyna að lesa tákni og ímyndir með þykkum gleraugum fylgismanna pósitívismans sem ljá hverju tákni eina og aðeins eina merkingu. Hugmyndum um að tákni og ímyndir afhjúpi áreiðanlegar upplýsingar um hinn ytri veruleika; þau séu spegilmyndir lífsins eins og það var, hafna ég alfarið. Ég er þeirrar skoðunar að hugtakið *skynræn miðlun* gefi mörgum fræðimönnum færi á að draga fram hið margræða einkenni þeirra í tengslum við lesendur og dýnamískan skilning þeirra á textanum. Þeir beita skynfærum sínum til að nálgast merkingu sem ef til vill er hulin augum, eyrum og snertingu annarra sem að efninu koma.

1 Peter Burke, *Eyewitnessing*, bls. 169-177.

2 „If iconographers stress the conscious production of meaning, and the structuralists, like the Freudians, emphasize unconscious meanings, the focus of the post-structuralists falls on indeterminacy, “polysemy” or what Jacques Derrida has called the “infinite play of significations”. They are concerned with the instability or multiplicity of meanings and the attempts by image-makers to control this multiplicity, by means, for example, of labels and other “iconotexts”.“ Peter Burke, *Eyewitnessing*, bls. 176.

Af framansögðu ætti að vera ljóst að heimildir geta verið af margvíslegum skynrænum toga. Fjall er ekki bara fjall, það er einnig menningarlegt viðfang. Þingvellir eru ekki aðeins hraun, mosi og djúpt vatn; það hvílir helgi yfir staðnum eftir því sem okkur hefur verið sagt í nær öllum kennslubókum og hátíðarræðum landsfeðranna. Til þess að skilja þessa helgi verður að nálgast Þingvelli sem *skynrænt viðfang* sem getur dregið fram staðinn sem listrænt fyrirbæri. Hugtakið skynrænn er því náskylt öðru hugtaki sem ég kynnti á sagnfræðingapínginu sem haldið var í Reykjavík vorið 2002 og nefndi „lifandi heimild“. Þetta er hugtakapar sem nokkrir bandarískir mann- og sagnfræðingar hafa verið að vinna með. Meðal þeirra er Joanne Rappaport en hún hefur fjallað um sögu frumbyggja Suður-Ameríku út frá þessu hugtaki í bók sem nefnist *Cumbe Reborn*.¹ Hugtakaparið „lifandi skjöl“ (e. *living archives*) nýtir hún til þess að sýna fram á að heimildir sem eru til í ólíkum birtingarformum eru oft hluti af hversdagslífi almennings í samtímanum. En þær eru einnig þáttur í hugarheimi fræðimannsins um leið og hann eða hún tekur til við að vinna úr þeim (þá hefjast samræður milli texta). Heimildin er hér hugsuð sem dýnamískt fyrirbæri; síbreytileg og „lifandi“.² Hér er því vikið frá þeirri hugsun að heimildir séu aðeins góðar ef þær eru hluti af hinu staðlaða stofnanaefni sem varðveitt er í ólíkum myndum. Í þessum skilningi hverfur til dæmis munurinn á opinberum heimildum og munnlegum heimildum, heimildum sem eru hluti af manngerðu landslagi samfélaga og rituðum heimildum í hvaða formi sem þær hafa varðveist; aðeins er horft á hvernig heimildirnar eru notaðar í samhengi tíma og rúms og á hvern hátt þeim er hampað. Rökin fyrir þessari hugsun byggjast á því að heimildirnar séu ekki eingöngu þekkingarbrot, heldur miklu frekar fyrirbæri sem eru „lifandi“. Þær eru notaðar til að skýra samhengi tiltekinna aðstæðna sem alltaf lúta hugsun og hugmyndum þeirra sem um þau fjalla; þær eru alltaf nýttar í samhengi við það sem ég nefni „umhverfi textaheildar“, það er þess rúms sem heimildin verður til í og þar sem hún tekur breytingum.³

Skynrænir eiginleikar heimilda í skilningi „lifandi heimilda“ ná því ekki aðeins til kvikmynda, ljósmynda, listaverka og staða á borð við Þingvalla því sömu sögu er að segja um texta, bæði í bundnu og óbundnu máli. Nefna

1 Joanne Rappaport, *Cumbe Reborn. An Andean Ethnography of History* (Chicago, 1994), bls. 20-23 og 65-70.

2 Sjá einnig stórskemmtilega grein eftir bandaríska sagn- og mannfræðinginn Paul Eiss, en hann vinnur með hugmyndina um „lifandi skjöl“ á mjög áhrifaríkan hátt: „Hunting for the Virgin: Meat, Money and Memory in Tetiz, Vacatán.“ *Cultural Anthropology* 17 (August 2002), bls. 291-330.

3 Sjá frekari umfjöllun í grein minni „Að kasta ellibelgnum“, bls. 74-89.

má sem dæmi alþekkt áhrif kveðskapar af ýmsu tagi á tilfinningalíf fólks og hvernig fólk af öllum stigum nýtir sér þar til að sefa hugann.¹ En það er ekki nóg með að ljóð og kvæði geti haft mikilvæg áhrif á sálarlíf fólks og lífshlaup þess heldur geta þau haft mikil áhrif á skáldin. Þau beita ljóðmálinu til þess að fjalla um eigið líf og Helga Kress, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, hefur haldið því fram að hinn sjálfsævisögulegi þáttur í kveðskap kvenna sé til dæmis afar áberandi. Af mörgum og flóknum ástæðum yrki konur gjarnan um líf sitt og lífshlaup. Helga bendir á að hinn vinsæli rímnakveðskapur sem var ríkjandi hér á landi frá sextándu öld og langt fram á þá nítjándu sé mjög karllægt skáldskaparform, hann sé arftaki dróttkvæðanna.² Helga er þeirrar skoðunar að skáldkonur sem komu fram á nítjándu öldinni hafi flestar ort kvæði sem hafi verið sjálfsævisöguleg: „„Endurminning“ er upprifjun og segir frá hjásetu, stað kvenna og barna, úti í náttúrunni og utan samfélagsins. Ljóðmælandi upplifir sig sem barn og ber saman aðstæður sínar fyrr og nú.“³ Helga er hér að fjalla um kveðskap Ágústínu Eyjúlfsdóttur en *Ljóðmæli* hennar komu út tíu árum eftir lát skáldkonunnar.

Til þess að skilja galdurinn við ljóð sem og við annan texta – kvikmyndir, ljósmyndir og myndlist – verður að beita persónulegum tilfinningum og skynjun sem reynir meira á þann sem nýtur verksins en þegar um hlutgerða greiningu heimilda er að ræða. Nú á síðustu tímum hafa enn á ný opnast leiðir til að lýsa samtímanum með flóknari en um leið beinskeyttari hætti en áður. Hér er átt við aðgang fólks að veraldarvefnum og þá möguleika sem hann veitir fólki til að tengja saman texta, hljóð, myndlist, ljósmyndir og kvikmyndir, meðal annars til þess að lýsa persónulegri upplifun sinni og reynslu. Sumar heimasíður fólks eru ekki aðeins skýrsla um fortíðina, staður sem veitir aðgang að dagbókum fólks og almennum hugsunum og hugmyndaheimi, heldur einnig vettvangur fyrir daglega dreifingu kvikmyndaefnis um daglegt líf. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að koma fyrir myndavélum í öllum herbergjum íbúða sinna og sjónvarpa efninu á heimasíðu sinni án þess að það sé á nokkurn hátt ritskoðað.⁴ Hér er það aðgangur umheimsins sem hrífur og þekkt eru dæmi um dagbókaritara sem hætta að lifa lífinu, og líta í staðinn á dagbókaskrifin sem

1 Um þetta fjalla ég í bókinni *Menntun, ást og sorg*, bls. 265-286.

2 Helga Kress, *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. Helga Kress sá um útgáfuna og ritar inngang (Reykjavík, 1997), bls. 22-23.

3 Helga Kress, *Stúlka*, bls. 45.

4 Sjá til dæmis þessa heimasíðu sem Timothy Dow Adams vísar til í sinni bók, en þúsundir slíkar er að finna á netinu: <http://www.jennicam.org>.

helsta tilgang lífsins. Þeir fara út úr húsi til þess eins að öðlast reynslu sem hægt er að fjalla um og vega og meta í dagbókinni. Formið hættir að þjóna einstaklingnum við sjálfstjórningu hans heldur tekur það yfir og stjórnar öllum gerðum fólks. Adams segir meðal annars sögu af dagbókaritara sem heldur svo nákvæma dagbók að hann mælir allt sem snertir hann, þar á meðal þann tíma sem hann sefur á hverjum degi, saur og þvag sem hann lætur frá sér, mat sem hann neytir og þar fram eftir götunum og útkoman er texti sem er allt að þrjár milljónir orða á ári (meðalbók er um það bil 100 þúsund orð)!¹

Hið sjálfsævisögulega sjónarmið er svo yfirdrifið á heimasíðum af þessu tagi að það drukknar í ofgnótt upplýsinga. Raunveruleikinn tekur á sig mynd sýndarveruleikans, hann er of nákvæmur til að teljast trúverðugur. Í upphafi einnar greinar sinnar kemst franskur hugsuðurinn Jean Baudrillard svo að orði:

Hafi einhvern tíma verið hægt að skilja sögu Borgesar um kortagerð landmælingamanna keisaradæmisins, sem var svo ítarleg að kortið náði nákvæmlega yfir allt landsvæðið sem það myndaði, sem snjalla táknsögu, þá er það liðin tíð og nú á dögum miðlar hún okkur ekki öðru en ísmeygilegum þokka annarrar gráðu líkneskis (með hnignun keisaradæmisins hefur kortið trosnað og eyðilagst, þannig að eftir stóðu aðeins stöku leifar úti í eyðimörkinni – frumspekileg fegurð þessarar sundurtættu sértekningar, vitnisburður keisaralegs hroka, rotnandi eins og hræ sem leitar aftur til uppruna síns í moldinni, eða eins og eftirmynd sem rennur saman við fyrirmynd sína með aldrinum.

Nú á tímum er sértekningin ekki lengur fólgin í kortinu, eftirmyndinni, speglinum eða hugtakinu. Eftirlíkingin er ekki lengur bundin við landsvæðið, hlutstæða veru eða efni. Hún nýtir sér líkönin til framleiðslu á raunveru án uppruna og veruleika: ofurraunveru. Landsvæðið er ekki lengur forsenda kortsins og það stendur heldur ekki eftir þegar myndin er horfin. Framvegis er kortið forsenda landsvæðisins – frumrás líkneskjanna – það getur af sér landsvæðið, og ef við ættum að endurupplifa sögu Borgesar nú á dögum, þá væru það leifar landsvæðisins sem lægju rotnandi eins og hráviði ofan á kortinu. Það eru leifar raunveruleikans sem hér liggja eins og hráviði fyrir fótum okkar á eyðimörk sem ekki heyrir lengur undir keisaraveldið, heldur okkur sjálf. Eyðimörk sjálfs raunveruleikans.²

1 Sjá frásögn af háttum dagbókaritarans í bókinni: David Isay og Henry Wang, *Holding On: Dreamers, Visionaries, Eccentrics, and Other American Heroes* (New York, 1996), bls. 26-31.

2 Jean Baudrillard, *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*. Atvik 3. Rítstjóri Geir Svansson (Reykjavík, 2000), bls. 42-43.

Hér er komið efni sem kvikmyndagerðarmenn hafa skoðað töluvert á síðari árum. Sem dæmi má nefna meistarastykki leikstjórans Peters Weirs frá 1998 sem nefnist *The Truman Show* en myndin fjallar um ættleiddan mann sem tekinn er í fóstur af fyrirtæki sem býr til sjónvarpsþátt þar sem hann er aðalpersónan, án þess að vita af því.¹ Horft er á „veruleikann“ í gegnum sjónvarp þar sem hann gerist í raun og veru! Með öðrum orðum, veruleikinn hverfist inn í eftirmynd sína og upp koma vandamál um hvað er spuni og hvað raunveruleiki.² Hinn ættleiddi einstaklingur þekkir ekki annan veruleika en kvikmyndastúdíóið og hann veit ekki að milljónir manna hafa horft á líf hans allan sólarhringinn árum saman. Truman áttar sig á því um síðir, þá kominn á fertugsaldur, að allt líf hans hefur verið einn allsherjar lygavefur og í þeim leik hefur fjölskyldan hans tekið þátt – eða fólkið sem hann lítur á sem fjölskyldu sína – (ímyndaðir) vinir, samstarfsmenn, póstberinn, blaðsölumaðurinn og svo framvegis. Með þessum hætti verður Truman sjálfur fjöldaframleiðsla sýndarveruleikans. Þannig getur netið einnig virkað, orðið mynd um mynd og óljóst hvað er raunverulegt og hvað sviðsett. Öll sú hugsun kemur síðan fram í umræðum um hefðbundnar heimildir: Hver er sá veruleiki sem þær standa fyrir?

Ef við ætlum að ná utan um heiminn sem hér er lýst, þá er ein leiðin sú að nálgast heimildir úr fortíðinni sem skynræna miðla sem krefjast þess af þeim sem þá nota að reynt sé að glíma við umfang þeirra út frá fjölbreyttum skynjunarleiðum, marggerð textans. Þannig verður umfang hinnar sagnfræðilegu greiningar áhugaverðara og landamæri fræðigreinarinnar opnast og hleypa inn nýjum straumum og áhrifum.

- 1 Hér má einnig vísa í myndina *Pleasantville* sem hverfist inn í sjónvarpsþátt (Gary Ross, 1998). (K). Þetta er í raun frábær tíðarandamynd þar sem nútíminn tekur sér ferð á hendur inn í fortíðina í gegnum sjónvarpsþátt. Sjónvarpsútgáfan verður fortíðin! Um þessi atriði öll er nokkuð rætt í bókinni *Heimur kvikmyndanna* (Reykjavík, 1999) sem Guðni Elisson ritstýrði.
- 2 Í þessu sambandi vil ég vísa í tvær nýlegar bækur sem taka að nokkru leyti á þessu samspili veruleikans og sýndarveruleikans. Sjá Þröst Helgason, *Einkavegir*. Svarta línan (Reykjavík, 2003) og Hermann Stefánsson, *Sjónhverfingar*. Fjarvistarsannanir fyrir íslenskan veruleika. Svarta línan (Reykjavík, 2003).

V. Sögur úr samtímanum

Reykjavíkurbréf – Hið svonefnda „Reykjavíkurbréf“ *Morgunblaðsins* sem birtist 21. desember 2003 virtist við fyrstu sýn fjalla að mestu um ævisögu þá sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson ritaði um Halldór Kiljan Laxness og hafði þá nýverið komið út.¹ Í raun fjallaði bréfið um samskipti *Morgunblaðsins* við Nóbelskaldið í tímans rás. Þau voru stormasöm framan af tuttugustu öldinni en urðu afar vinsamleg eftir að Matthías Johannessen tók við ritstjórn blaðsins. Höfundur Reykjavíkurbréfsins, Styrmir Gunnarsson, segir meðal annars sögu af því að hann hafi í forföllum Matthíasar þurft að leggja leið sína upp að Gljúfrasteini á níunda áratugnum til að afsaka framkomu ungs blaðamanns, Jakobs F. Ásgeirssonar, í garð skáldsins.² Styrmir dregur með öðrum orðum fram að allt hafi verið gert til að sýna Halldóri Kiljan Laxness og hans fólki tilhlýðilega virðingu. Blaðið hafi alls ekki í hyggju að breyta út af þeirri stefnu. Reykjavíkurbréfið var á yfirborðinu stuðningsyfirlýsing við ekkju Halldórs Kiljans Laxness, Auði Laxness, og fjölskyldu hennar. *Morgunblaðið* taldi sig örugglega ekki hafa efni á að missa góð tengsl sín við arfleifð skáldsins. Hver vill líka henda slíkum verðmætum frá sér?

Reykjavíkurbréfið virtist þó í og með vera stuðningsyfirlýsing við Hannes Hólmstein Gissurarson. Þegar hinn ungi ofurhugi Hannes Hólmsteinn gerðist merkisberi frjálshyggjunnar varð hann strax umdeildur, meðal annars innan Sjálfstæðisflokksins, ef marka má Reykjavíkurbréf Styrmis. En hann mun hafa unnið hug og hjörtu fólks með ákafa sínum og mælsku og „[...] eftir því, sem árin liðu varð ljóst, að sjónarmið hans höfðu orðið ofan á, ekki sízt meðal yngra fólks, en í þeim hópum hafa skoðanir hans notið mikils stuðnings.“³ Styrmir bendir síðan á að þegar Hannes Hólmsteinn hafi ákveðið að rita ævisögu Halldórs Kiljans hafi verið ljóst að

1 „Reykjavíkurbréf.“ *Morgunblaðið* 21. desember 2003.

2 Reykjavíkurbréf eru ekki merkt höfundum frekar en leiðarar blaðsins en af texta þessa tiltekna Reykjavíkurbréfs má ráða að Styrmir Gunnarsson hafi ritað það. Um afskipti blaðsins af Halldóri Kiljan Laxness segir til dæmis: „Samstarfsmaður Matthíasar á ritstjórástóli Morgunblaðsins óskaði þá eftir leyfi til að koma í heimsókn að Gljúfrasteini.“ Hér er því ekki um neinn annan en Styrmi Gunnarsson, núverandi ritstjóra *Morgunblaðsins*, að ræða.

3 „Reykjavíkurbréf.“

verkið yrði umdeilt. Þess vegna vildi *Morgunblaðið* tryggja að umfjöllun um það yrði sanngjörn. Til verksins var fenginn ungur bókmenntafræðingur Björn Þór Vilhjálmsson, maður „[...] sem hvorki er mótaður af viðhorfum kalda stríðs áráttanna til Halldórs Laxness né stjórnmálaátökum samtímans til Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar“. Ritdómur hans hafði birst í blaðinu nokkru fyrr. Sá dómur var afar jákvæður og birtir Styrmir langa kafla úr honum í Reykjavíkurbréfinu.

Í lok Reykjavíkurbréfs Styrmis er sú skoðun látin í ljós að mikilvægt sé að sýna skáldinu frá Laxnesi virðingu og tryggja að um verk þess leiki ferskir vindar. Hannes Hólmsteinn hafi lagt sitt lóð á vogarskálarnar, lóð sem hafi tryggt að um Halldór Kiljan verði fjallað í framtíðinni af víðsýni og öryggi. Og Styrmir endar Reykjavíkurbréfið á þessum orðum:

Höfundur ævisögu Halldórs Laxness á kröfu á því, að hann verði dæmdur af verkinu sjálfu en ekki hvort menn eru sammála stjórnmálaskoðunum hans eða ósammála. Það á ekki við að taka upp á ný í upphafi 21. aldarinnar vinnubrögð og afstöðu kalda stríðsins til þeirra, sem leggja orð í belg, hvort sem það er gert með því að rita ævisögu Nóbelskáldsins eða með öðrum hætti.¹

Nokkrum dögum áður en þetta Reykjavíkurbréf birtist var sú saga komin á kreik að Hannes Hólmsteinn hefði gert sig sekan um alvarlegt athæfi við vinnslu ævisögunnar um Halldór Kiljan Laxness. Því var haldið fram fullum fetum að Hannes Hólmsteinn hefði tekið ófjálsri hendi texta annarra og gert að sínum. Ég tel einsýnt að Styrmir Gunnarsson, ritstjóri *Morgunblaðsins*, hafi vitað af þessum orðrómi þegar Reykjavíkurbréfið var samið enda var blaðið búið að ákveða að birta hluta af umfjöllun Helgu Kress um meintan ritstuld Hannesar í *Lesbók Morgunblaðsins*.² Athyglisvert er að lesa Reykjavíkurbréfið í þessu samhengi.

Eins og áður sagði virtist við fyrsta lestur Reykjavíkurbréfsins sem Styrmir ritstjóri væri að taka upp hanskann fyrir Hannes Hólmstein og verk hans. Slík ályktun var fullkomlega rökrétt því skömmu áður, fimmtudagskvöldið 18. desember, hafði Páll Björnsson sagnfræðingur gefið bók Hannesar Hólmsteins frekar neikvæða einkunn í *Kastljósi* Ríkissjónvarpsins. Gagnrýni Páls var þó frekar hófsöm, en hún var nægilega hvöss til að Hannes áttaði sig á merkingu hennar. Á næstu tveimur sólarhringum gerði Hannes ítrekaðar tilraunir til að ná tali af Páli. Í tvígang tókst það og hellti hann

1 „Reykjavíkurbréf.“

2 Grein Helgu Kress birtist síðan á þriðja degi jóla undir fyrirsögninni: „Fyllt í gap.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 27. desember 2004.

þá úr skálum reiði sinnar. Lét Hannes meðal annars í ljós þá skoðun að Páll myndi sjá eftir ummælum sínum ef hann drægi gagnrýnina ekki til baka.¹ Þessu var að sjálfsögðu ekki sinnt en á sunnudeginum birtist Reykjavíkurbréf Styrmis. Vitað er að Hannes hringdi á þessum dögum í ýmsar áttir til að kvarta yfir framgöngu Páls í Kastljósspættinum. Það var því engin goðgá að ætla í fyrstu að Reykjavíkurbréfið væri ritað með það í huga að rétta hlut Hannesar með því að benda á að blaðið hefði fellt sinn dóm sem væri byggður á mati fagmanns, manns sem ekki væri tengdur hræringum kalda stríðsins, Halldóri eða Hannesi. Sá dómur hefði ótvírætt verið Hannesi í hag. Þeir sem kæmust að annarri niðurstöðu stæðu ef til vill ekki jafn sterkt og *Morgunblaðið*. Þeir hefðu hugsanlega einhverjar leifar frá kalda stríðinu í farteskinu og létu það að ósekju bitna á Hannesi Hólmsteini.

Ég tel víst að Styrmir Gunnarsson hafi ætlað sér að gera tilraun til að rétta hlut Hannesar, svona rétt fyrir jól. Jákvæð umsögn í Reykjavíkurbréfi er sannarlega góð auglýsing fyrir bók á jólamarkaðnum, sérstaklega þegar það birtist rétt fyrir tvo helstu bóksöludaga ársins. En hafa verður í huga að Styrmir vissi að á þessum sömu dögum myndi falla bomba sem líklegt yrði að teljast að gera myndi út af við ævisögu Halldórs Kiljans og trúlega höfundinn líka, sjálfan Hannes Hólmstein Gissurarson. Styrmir ritar því grein sem bæði er hægt að lesa sem fræðilega minningagrein um Hannes (enda er frásögnin af afrekum hans höfð í þátíð) og grein þar sem blaðið hvítþvær sig af þessu máli. *Morgunblaðið* hefur jú eftir allt saman reynt að standa með skáldinu frá Laxnesi, vegna þess að „[þ]að sem máli skiptir er að þessar umræður fari fram af þeirri virðingu fyrir skáldinu og verkum hans, sem honum ber.“² Þannig undirbjó Styrmir jarðveginn fyrir það sem koma skyldi í máli Hannesar Hólmsteins og tryggði stöðu blaðsins í sömu andrá. En til þess að þetta gengi upp varð Styrmir að fórna þæði á taflborði þeirra „stóru“, nefnilega hinum unga og efnilega ritrýni blaðsins. Björn Þór Vilhjálmsson bókmenntafræðingur sem *Morgunblaðið* „valdi“ sérstaklega til hins vandasama verks kom ekki auga á skömmina og því er, samkvæmt Reykjavíkurbréfinu, við hann að sakast en ekki blaðið sjálft. Björn Þór sat í súpunni ásamt nefndarmönnum sem tilnefndu verk

1 *Viðtal* við Pál Björnsson sunnudaginn 21. desember 2003. Fram kom í viðtalinu við Pál að Hannes hefði hringt í einn stjórnanda *Kastljóssins*, Kristján Kristjánsson, og látið ófriðlega. Sömu sögu er að segja um forseta Sögufélags, Loft Guttormsson, hann fékk símhringingu frá Hannesi Hólmsteini sem lét meðal annars í ljósi furðu á að Páll skyldi hafa verið ráðinn sem annar ritstjóri *Sögu*, tímaritsins sem Sögufélag gefur út. Ég vísa hér á eftir nokkrum sinnum í þetta viðtal við Pál sem og önnur viðtöl sem ég tók við hann 1. janúar og 30. janúar. Sjá *Viðtal* Sigurðar Gylfa Magnússonar við Pál Björnsson (*I*).

2 „Reykjavíkurbréf.“

Hannesar Hólmsteins til Íslensku bókmenntaverðlaunanna snemma í desembermánuði.¹ Nú var bara að bíða og sjá hvernig málinu myndi vinda fram. Hvernig sem færi væri *Morgunblaðið* með hreinan skjöld eftir að Reykjavíkurbréfið hafði birst.

„Bomburnar þrjár“ – Mánudaginn 22. desember féllu svo bomburnar hver af annarri. Í þeirri fyrstu, laust eftir kl 17, flutti Gauti Kristmannsson, doktor í bókmenntafræði og adjúntkt við Háskóla Íslands, beitta gagnrýni á verk Hannesar Hólmsteins í menningarþættinum *Viðsjá á Rás 1* í Ríkisútvarpinu. Þar fór hann vandlega yfir helstu vinnureglur háskólasamfélagsins eins og þær hvernig fara ætti með texta annarra fræðimanna eða höfunda. Þar kom eftirfarandi fram:

Það er kannski rétt að rifja upp nokkrar grundvallarreglur í þessu samhengi: 1) Þegar menn nota texta annars manns skal það auðkennt; oftast nota menn þá gæsalappir eða draga textann inn og nota smærra letur. 2) Þegar menn nota texta annars manns skal einnig vísað til þess um hvaða verk er að ræða, hvenær það kom út og á hvaða blaðsíðu hinn tilvitnaði texti er. 3) Þessi aðferð þarf að vera kerfisbundin eða samræmd þannig að eins sé farið að með allar tilvitnanir. 4) Þegar menn nota texta annars manns skal nota hann óbreyttan.

Þetta eru reglur sem ég hélt að ekki þyrfti að ræða þegar fjallað er um fræðirit eftir háskólaþrófessor, en skömmu eftir að ég hóf lesturinn komu á mig alvarlegar vöflur.²

Gauti færði að því rök að háskólaþrófessorinn Hannes Hólmsteinn þverbryti allar slíkar reglur og vanvirti minningu skáldsins með verklagi sínu. Og Gauti sendir Styrmi Gunnarssyni tóninn þegar hann segir að það skjóti nokkuð skökku við að höfundur Reykjavíkurbréfs skuli veita lesendum blaðsins leiðbeiningar um hvernig meðhöndla eigi verk Hannesar Hólmsteins þegar það hafi sjálft blásið það upp sem lýsandi dæmi um góða fræðimennsku og krafist þess að það yrði aðeins dæmt á forsendum verksins sjálfs.³ Gauti hélt því einmitt fram að brýnt væri að verkið yrði dæmt á

1 Þess má geta að umtalsverður hluti greinar Helgu Kress sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* snerist um gagnrýni Björns Þórs Vilhjálmssonar í *Morgunblaðinu* fyrir í desembermánuði þar sem hún lýsir mikilli vanhóknun sinni á vinnubrögðum Björns Þórs. Sjá Helgu Kress, „Fyllt í gap.“ Nefndin sem tilnefndi verk Hannesar til bókmenntaverðlauna var skipuð Snorra Má Skúlasyni, Tjöldmiðlamanni og starfsmanni Þjóðminjasafns Íslands (sem var formaður), Salvöru Nordal heimspekingi og forstöðumanni Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og Ólafi Þ. Harðarsyni forseta félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og samstarfsmanni Hannesar Hólmsteins.

2 Gauti Kristmannsson, „Halldór.“ *Viðsjá, Rás 1*, RÚV 22. desember 2003: www.ruv.is (Vef).

3 Gauti Kristmannsson, „Halldór.“

forsendum þess sjálfs og í því ljósi taldi hann sig ekki aðeins þurfa að gefa því falleinkunn heldur sýndi fram á að um kerfisbundið misferli væri að ræða.

Þetta sama kvöld, rétt um kl. 19.30, kvað Páll Baldvin Baldvinsson leikhúsfræðingur og ritdómari *Stöðvar tvö* upp sinn dóm og var hann ekki síður harðorður en Gauti. Páll Baldvin tilgreindi nokkur dæmi sem sýndu það sem virtist vera vísvitandi blekking Hannesar og skrumskæling á texta Halldórs Kiljans Laxness, einkum úr minningaritum hans.¹ Óhætt er að segja að gagnrýni þeirra Gauta og Páls Baldvins hafi verið sláandi. Þeir tóku dæmi þar sem Hannes Hólmsteinn virtist taka texta úr verkum Halldórs Kiljans og gera að sínum. Stundum hnikaði Hannes til einu og einu orði í heilu efnisgreinunum en tæki þær annars upp lítið breyttar úr minningabókum Halldórs. Tilvísanir væru oft engar og ef vitnað væri í rit Halldórs þá væri það gjarnan gert á villandi hátt. Gagnrýnin vakti sem von var gríðarlega athygli. Fréttatímar allra ljósvakamiðla voru fullir af umfjöllun um meintan ritstuld Hannesar Hólmsteins.

Í kjölfarið voru fréttirnar og ævisagan *Halldór* ræddar í jólaboðum landsmanna. Þjóðfélagið allt virtist standa á öndinni út af þessu máli. Til að hella olíu á eldinn birtist síðan heilsíðugrein Helgu Kress prófessors í *Lesbók Morgunblaðsins* strax eftir jól. Helga hjó í sama knérunn og þeir Gauti og Páll Baldvin. Hún benti ennfremur á að Hannes tæki ófjálsri hendi texta frá fræðimanninum Peter Hallberg, sem hefur talist einn helsti sérfræðingur um Laxness í heiminum, og nýtti sér greiningu hans á verkum skáldsins; að bók Hannesar bætti í raun engu nýju við. Í Lesbókargreininni var síðan boðuð fyllri úttekt Helgu á öllu efninu í tímaritinu *Sögu* á vormánuðum 2004.²

Einsaga sjálfsins – Heimur sjálfsbókmennta verður skoðaður með aðferðum einsögunnar hér í þessum kafla. Orðræðan sem spannst í sambandi við útgáfu ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Halldór Kiljan Laxness verður greind. Það er óvenjulegt að fá tækifæri til að grandskoða samræðu í þjóðfélaginu milli ólíkra hópa sem finna hjá sér þörf til að tjá sig um aðferðir við ritun einnar tegundar sjálfsbókmennta; ævisagna. Við skoðun málsins beiti ég greiningartækni einsögunnar þar sem dregin eru fram eins mörg atriði sem tengjast málinu og kostur er og spáð í sagða og ósagða hluti. Allir þættir sem orðið hafa á vegi mínum í sambandi við málið

1 Páll Baldvin Baldvinsson, „Gagnrýni: Halldór.“ *Stöð tvö* 22. desember 2003: [www.stod2.is \(Vef\)](http://www.stod2.is/Vef/).

2 Sjá Helgu Kress, „Meðal annarra orða.“

verða rannsakaðir og þeir settir í samhengi við samfélagsumræðuna almennt. Tákn og ímyndir orðræðunnar verða rannsökuð og dregnar fram merkingar sem dyljast bak við upphrópanir og slagorð. Tímasvið þessarar umfjöllunar er aðeins rétt um einn og hálfur mánuður, frá miðjum desember 2003 og fram til janúarloka 2004. Málið sjálft á örugglega eftir að teygja sig yfir lengri tíma og vekja enn meiri deilur, en ég hef aðeins áhuga á þeirri orðræðu sem átti sér stað á þessu stutta tímabili. Ég lít svo á að hún eigi að geta opinberað hina virku stöðu sjálfsbókmennta í íslensku menningarlífi – hvernig tekist er á um túlkanir á mönnum og málefnum, skilning á lífi einstaklinga og þeim hagsmunum sem fylgja orðræðu mannsins, sérstaklega Nóbelskáldsins Halldórs Kiljans Laxness.

„Stóra Hannesarmálið“ eins og það var kallað í fjölmiðlum í lok desember 2003 dregur fram í dagsljósið knýjandi vandamál sem tengjast hinu menningarlega umhverfi sjálfsbókmennta sem eru til umfjöllunar í þessari bók. Til dæmis eru ákveðnir þættir málsins náskyldir sjálfsmótun einstaklinga eins og hún birtist í mörgum ólíkum tegundum sjálfsbókmennta. Það er verið að „búa til“ mann í öllum ævisögum, rétt eins og í sjálfsævisögum, endurminningaritum og skáldævisögum, þó svo að leiðirnar að því marki séu mismunandi. Sú mótun vekur jafnan upp viðbrögð, hávær og lágvær. Í vissum skilningi dregur „Stóra Hannesarmálið“ fram þá miklu hagsmuni sem fylgja bókmenntum af þessu tagi. Þótt málið sjálft sé öfgafull birtingarmynd samræðu fólks og fræða um sjálfið, tel ég brýnt að fara ofan í saumana á því öllu og sýna hvernig ólíkir aðilar í samfélaginu telja sig hafa hagsmuna að gæta í samtímaumræðunni og með hvaða hætti þeir sækja fram með málstað sinn.

Eftirfarandi atriði tel ég að hafa þurfi í huga í sambandi við ólíka þætti sem tengdust umræðum um verk Hannesar Hólmsteins:

(A) Þessi tegund bókmennta er eftirsótt markaðsvara og ef til vill flóknari en flestar aðrar tegundir bóka á almennum bókamarkaði ár hvert. Þær seljast oft í stóru upplagi og höfundar og forleggjarar ná stundum að hafa af þeim miklar tekjur án mikils tilkostnaðar. Greinilegt er að forleggjarar þrýsta oft á höfunda að ljúka verkum sínum sem fyrst til þess að minnka kostnaðinn við vinnsluna. Nægir þar að minna á orð Jóns Viðars Jónssonar leiklistarfræðings og ævisöguritara sem hann lét falla í eftirmála verks síns *Leyndarmál frú Stefaniú* um að bókaútgefendur bæru ekki skynbragð á þá miklu vinnu sem ævisöguritun útheimti; að rannsóknir á mikilvirku athafnafólki séu „óhemju tímafrekar“ eins og hann kemst að orði. Óhætt er að taka undir þessi orð Jóns Viðars og hægt er að sýna fram á að nær alltaf sé slík tímapressa á kostnað gæða verksins. Þannig hófst til

dæmis Hannes Hólmsteinn Gissurarson handa við ritun bókarinnar um Halldór Kiljan Laxness 23. apríl 2002, eða á aldarafmæli skáldsins. Punktinn setti hann síðan aftan við verk sitt 10. nóvember 2003, en þá fór bókin í prentsmiðju ef marka má eftirmála Hannesar að ævisögunni. Hannes hefur bent á síðar að hann hafi áður komið að rannsóknum á einstökum þáttum í ævi Laxness, en það sér hver maður að Hannes hefur haft afar knappan tíma til að koma verkinu til útgáfu. Það skal tekið fram að ég hef ekki hugmynd um hvort útgefendur hvöttu Hannes til að gefa verk sitt út strax árið 2003 eða hvort hann hefur sjálfur metið það svo að verkið væri nægilega vandað til útgáfu á þeim tímapunkti.

Jón Viðar beindi ekki aðeins gagnrýni sinni að bókaútgefendum, því hann nefndi einnig opinbera styrktaraðila sem oft hefðu lítinn skilning á umfangi rannsókna af þessu tagi. Í þessu sambandi má nefna að Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur og ævisöguritari, vann í rúm sex ár að ritun tveggja binda ævisögu Stephans G. Stephanssonar með styrk frá Eimskipafélaginu og fleiri sterkum aðilum innan einkageirans sem tóku sig saman og kostuðu vinnu verksins. Áður hafði hann gripið í rannsóknir á viðfangsefni sínu í nokkur ár. Það liggur því nálega áratugur í allri rannsóknarvinnunni og ritun verksins.

(B) Sjálfsbókmenntir tengjast eðli málsins samkvæmt persónulegu lífi höfunda og/eða aðalpersóna á mjög afgerandi hátt. Þetta gerir stöðu þeirra meðal annarra útgefinna verka óvenjulega. Það eitt að stíga fram og segja sögu sína, eða eiga þátt í að segja sögu annarra, kallar oft á mikil átök milli höfunda, útgefenda og lesenda. Að opinbera sitt eigið sjálf, sem höfundur eða aðalpersóna, útheimtir ekki aðeins hugrekki heldur krefst það heilmikils af þeim sem tekur sér verkið í hönd. Af stað fer ferli sem gerir þá kröfu til lesanda að hann beri reynslu aðalpersónunnar saman við sína eigin reynslu. Um er að ræða ósjálfrátt ferli sem lesandinn bregst að sjálfsögdum við á mjög mismunandi hátt, en hver svo sem niðurstaðan verður, þá situr eftir samanburður sem mörgum getur reynst erfitt að glíma við. Staða sjálfsbókmenntanna er þess vegna í senn viðkvæm og persónuleg – hún gefur endalausar ástæður til umræðu og samanburðar við hversdagslega reynslu þeirra sem lesa verkið. Ef viðfangsefnið er þekkt og lesandinn hefur fyrirfram mótaða skoðun á ágæti þess þá getur umfjöllunin komið miklu róti á huga fólks eins og dæmin sanna.

(C) Líf annarra einstaklinga er oft stofninn að verkum af þessu tagi. Þar eru fjölskyldumeðlimir höfundar eða aðalpersónur, ásamt vinum og samferðamönnum, gjarnan hluti af frásögninni án þess að nokkur sé spurður. Það veldur oft miklum sárindum að lenda í texta sjálfsbókmennta og jafnvel

stundum málaferlum eins og þekkt er. Mjög algengt er að ættingjar eða aðrir sem koma við sögu í þessum bókmenntum, beint eða óbeint, kveðji sér hljóðs á opinberum vettvangi og deili á efnistöð höfundar eða meðferð hans á einstökum þáttum. Hér verður baráttan um minnið áberandi, hver á rétt á að fara með minningar opinberra einstaklinga? Er það fjölskylda viðkomandi, þeir sem hafa keypt útgáfuréttinn að verkunum sem um ræðir (útgefendur) eða almenningur sem hefur eignast hlutdeild í minni höfundar með lestri á verkum hans? Það liggur nefnilega alls ekki beint við hver skuli fara með ráðandi hlut í slíku „hlutafélagi“; togstreitan stendur um það sem nefnt er „menningarlegt auðmagn“. Ólíkir hagsmunir eru gjarnan í veði, ekki aðeins tilfinningalegir heldur einnig efnahagslegir. Loks má nefna pólitíska hagsmuni í sambandi við mál af þessu tagi, en þeir geta orðið afar miklir og þegar viðfangsefnin komast á þá braut er engu hlíft. Baráttan um minnið getur oft orðið hatrömm og hluteigandi aðilar eiga það til að grípa til örþrifaráða.

Staða höfunda í þessari hringiðu getur verið ákaflega erfið. Á stundum er reynt að koma í veg fyrir að þeir fái aðgang að mikilvægum gögnum eða ýmsir krefjast þess að fá að ritskoða verk þeirra. Ef engum hömlum er við komið grípa ættingjar oft til þeirra ráða að rita greinar opinberlega þar sem verkið er atyrkt og sjálfhverfar athugasemdir fylgja í kjölfarið, skoðanir sem koma fáum við nema afmörkuðum hópi ættingja.¹

(D) Loks er hægt að nefna gagnrýnendur sem fá það hlutverk að fjalla um ólíkar tegundir sjálfsbókmennta. Ég er þeirrar skoðunar að umfjöllun um bókmenntir af þessu tagi hafi liðið fyrir afar ómarkvissa umfjöllun um hugtök sem tengjast þeim. Lítill greinarmunur er gerður á sjálfsævisögum og endurminningaritum, svo dæmi sé nefnt, og fyrir bragðið verður öll umræða ruglingslegri en hún þarf að vera. Um leið og gagnrýnendur gera sér grein fyrir því hver tengsl höfundar eru við aðalpersónuna (og stundum við sjálfa sig), útgefendur, pólitíska flokka og aðra sem kunna að hafa áhrif á niðurstöður, er líklegra að þeir fái betri skilning á stöðu verksins sem er

1 Eins og rakið var fyrr í bókinni lokuðu erfingjar Halldórs Kiljans Laxness aðgangi að bréfasafni skáldsins á handritadeild Landsbókasafnsins til að koma í veg fyrir að Hannes Hólmsteinn ætti greiðan aðgang að því. Í blaðaumræðunni um „Stóra Hannesarmálið“ í janúar 2004 birtust greinar frá nokkrum höfundum sem fjölluðu um ættingja sína í ólíkum ævisögum. Sjá til dæmis: Einar Benediktsson, „Orð í tíma töluð.“ *Morgunblaðið* 20. janúar 2004, þar sem Einar sá ástæðu til að hnýta í Guðjón Friðriksson fyrir sviðsetningar í verki hans um skáldið Einar Ben. Flestar verða athugasemdir af þessu tagi að skoðast í ljósi tilfinningalegs sambands fólksins við ættingja sína. Eftir stendur að fræðimaður eins og Guðjón Friðriksson gengur til vinnu sinnar af sanngirni og heiðarleika og miðlar af þeirri sýn sem hann hefur á viðfangsefni sitt, rétt eins og rætt var hér framár í bókinni.

til umræðu. Á þessu er því miður stundum mikill misbrestur. Gagnrýnendur eru oft óvanir að glíma við hugtök sjálfsbókmenntanna og eiga því erfitt með að takast á við innihald verkanna. Þegar tímapressan bætist við virðist auðvelda leiðin út úr vandanum freista, það er að segja frekar frá „menningarástandinu“ sem skapar verkið en verkinu sjálfu. Þetta gerði Björn Þór Vilhjálmsson sem gagnrýndi ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Halldór Kiljan Laxness fyrir *Morgunblaðið*. Björn féll í þá grytju að segja lítið um verkið sjálft. Hann gerði hins vegar ítarlega grein fyrir því umhverfi sem það var unnið í og fjallaði um mikilvægi ævisagna almennt. Niðurstaða Björns, sem var afar jákvæð fyrir bókina *Halldór*, byggðist á almennri greiningu á þáttum sem komu verkinu ekki beint við. Björn kom af þessum ástæðum ekki auga á þá galla sem síðar voru gerðir að umtalsefni og allt fjaðrafokið varð út af. En þegar Björn Þór ræðir um verkið sjálft eru athugasemdir hans skarpar. Hann bendir til dæmis á hina hlutlausu stöðu Hannesar í verkinu og tilgreinir að „[ó]líkt því sem margir kunna að hafa haldið reynist hlutleysi Hannesar e.t.v. helsti galli bókarrinnar.“¹

Gagnrýni á gagnrýni – Helga Kress sá ástæðu til að fjalla rækilega um ritdóm Björns Þórs Vilhjálmssonar í grein í *Lesbók Morgunblaðsins* 27. desember 2003: „Viðtökur bókarrinnar“, segir Helga í greininni, „vekja satt að segja upp spurningar um stöðu íslensks fræðasamfélags, þekkingu þess, gagnrýnið sjónarhorn og heiðarleika gagnvart viðfangsefninu.“² Helga bendir síðan á yfirsjón í málflutningi Björns Þórs þegar hann heldur því fram að lítið hafi verið ritað um Laxness og þess vegna hafi verið beðið eftir þessu verki með eftirvæntingu. „Þessi ritdómur sem birtist í víðlesnasta dagblaði þjóðarinnar er með ólíkindum“, segir Helga Kress, „þó ekki væri fyrir annað en það að í honum er fullkomlega gengið framhjá fyrri rannsóknnum á ævi og verkum Halldórs Laxness eins og þær hafi aldrei verið til. Hér hefði fyrst átt að nefna grundvallarrit Peters Hallbergs um Halldór Laxness sem spannar alla ævi hans í fjórum bókum og fjölmörgum fræðigreinum.“³ Helga rakti síðan önnur verk þar sem fjallað er um skáldskap Laxness og hélt því fram að það væri ekki Björn Þór einn sem virtist ekki þekkja til þeirra því að Hannes Hólmsteinn nefni þau hvorki í eftirmála sínum né í tilvitnunum, eða eins og Helga kemst að orði: „Minnst af þessum rannsóknnum hefur Hannes kynnt sér.“

1 Björn Þór Vilhjálmsson, „[Ritdómur] Skáldatími.“ *Morgunblaðið* 16. desember 2003.

2 Helga Kress, „Fyllt í gap.“

3 Helga Kress, „Fyllt í gap.“

Alvarlegasta gagnrýni Helgu Kress, fyrir utan að Hannes Hólmsteinn taki texta frá öðrum án þess að gefa það beint til kynna í frásögn sinni – helst efni frá Halldóri Kiljan sjálfum – er sú að verkið bæti litlu við fyrri rannsóknir: „Rit Hannesar byggist alfarið á rannsóknum Hallbergs og bætir þar engu við sem máli skiptir. Felst aðferð Hannesar ýmist í því að gera útdrátt úr köflum eða endursegja þá svo til orðrétt. Á sama hátt hefur hann nýtt sér texta Halldórs Laxness sem hann setur fram sem sinn eigin.“ Og Helga heldur áfram í sama dúr: „Að öðru leyti einkennist stíll bókarinnar af upptalningum, mest á fólki, og samhengisleysi þeirra atriða sem tínd eru til, oft úr annarra manna ritum, og er þá undir hælinn lagt hvort heimilda sé getið.“ Hér fellir Helga þunga dóma sem þó eru mjög samhljóða því sem fram hafði komið í gagnrýni Páls Baldvins Baldvinssonar og Gauta Kristmannssonar. Það sama má reyndar segja um stutta gagnrýni Páls Björnssonar í *Kastljósi* 18. desember; sem beindi sjónum manna að því að það vanti „gæsalappir hér og þar, en þær eru jú notaðar til að afmarka beinar tilvitnanir“, eins og Páll komst að orði.¹

Þegar þarna var komið sögu höfðu því stigið fram reyndir fræðimenn og gagnrýnendur og bent á alvarlega vankanta á verki Hannesar Hólmsteins, svo alvarlega að ekki var hægt að draga aðra ályktun en að um ritstuld væri að ræða. Slíkt er ekki aðeins lögbrot hér á landi, eins og annars staðar í hinum vestræna heimi, heldur er sá gjörningur brot á öllum lögmálum og vinnu- og siðareglum háskólasamfélagsins.

Morgunblaðið sagði frá gagnrýni Helgu Kress á baksíðu sinni og þar er einnig vísað í yfirlýsingu frá útgefanda ævisögu Halldórs Kiljans, Almenna bókafélaginu, sem er í eigu Eddu-útgáfu. Þar er allri gagnrýni vísað á bug með þeim rökum að fjölmargir „sérfræðingar“ hafi lesið handritið yfir (án þess að skýrt hafi verið frekar í hverju yfirllesturinn fólst eða hverjir yfirlesarir voru). Enginn þeirra hafi gert viðlíka athugasemdir við handritið og gagnrýni fjórmenninganna Páls, Gauta, Páls Baldvins og Helgu, byggðist á.² Inn í blaðinu var síðan birt yfirlýsing frá útgefanda og þar kom meðal annars þetta fram:

Varðandi þær ásakanir að ritstjórnarvinnu forlagsins hafi verið ábótavant skal það áréttað að Almenna bókafélagið hefur gefið út fjölda ævisagna og fræðirita. Líkt og með önnur handrit af þessu tagi var handrit bókarinnar Halldór eftir Hannes Hólmstein Gissurarson lesið af ýmsum sérfróðum

1 Páll Björnsson, „Halldór 1902-1932. Ævisaga: Hannes Hólmsteinn Gissurarson.“ *Kastljós*, *Sjónvarpið* 18. desember 2003: www.ruv.is (*Vef*).

2 „Ævisagan byggð á rannsóknum Hallbergs. Handritið lesið yfir af sérfróðum aðilum.“ *Morgunblaðið* 27. desember 2003.

aðilum um efni bókarinnar, bæði á vegum höfundar og útgefanda, og tillit tekið til athugasemda þeirra. [...] Gagnrýni af þessum toga á forlagið er því úr lausu lofti gripin og ekki á rökum reist.¹

Fram hafði komið í fréttum fjölmiðla að Hannes Hólmsteinn væri staddur erlendis og treysti sér að svo komnu máli ekki til að ræða einstök gagnrýnisatriði. Í *Morgunblaðinu* 28. desember 2003 birtist síðan eftirfarandi yfirlýsing hans: „Ég vísa afdráttarlaust á bug öllum ásökunum um óheiðarleg og óeðlileg vinnubrögð í bók minni Halldór. Ég mun svara þessum ásökunum efnislega lið fyrir lið þegar ég kem aftur heim til Íslands um miðjan janúar.“² Þar með lauk formlegum fréttáflutningi *Morgunblaðsins* af málinu í bili. Tveimur dögum síðar birtist aðsend grein í blaðinu eftir Bjarka Bjarnason, kennara og fræðimann í Mosfellsdal, þar sem hann gerði grein fyrir nokkrum meinlegum villum í verki Hannesar, meðal annars þeirri að Varmá sé ekki á Kjalarnesi heldur falli hún um Mosfellsbæ miðjan!³

Beðið eftir Hannesi – Í hönd fór sérkennilegasta tímabilið í sögu málsins; Hannes Hólmsteinn Gissurarson var einhvers staðar úti í heimi og gaf aðeins óljósar upplýsingar um hvað hann hygðist gera. Hann sagðist ekki hafa haft tækifæri til að kynna sér gagnrýnina, en öllu sem fram hafði komið var samt vísað á bug. Á meðan þjóðin beið eftir skýringum kepptust fjölmiðlar við að velta fyrir sér nýjum hliðum á málinu og jafnvel á eldri verkum Hannesar Hólmsteins. Þar var meðal annars dregið fram að á heimasíðu hans væri frásögn af líku máli. Þar heldur Hannes því fram að í bók sinni *Jafnaðarstefnan* hafi Gylfi Þ. Gíslason, fyrrum ráðherra og prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, stolið texta frá heimspekkum bandarískum hagfræðingi Arthur M. Okun að nafni. Um slíkan gjörning sagði Hannes Hólmsteinn á heimasíðu sinni: „Ritstuldur er talinn alvarlegur í háskólaheiminum og varðar jafnan tafarlausum stöðumissi, svo að ég kastaði fram þeirri tilgátu í upphaflegu útgáfunni, að Okun hlyti að hafa sótt ýmsar sömu ráðstefnur og Gylfi og skrifað hjá sér það, sem Gylfi hefði sagt.“⁴ Broddurinn í kímni Hannesar er augljós og skýr; maður sem tekur

1 „Yfirlýsing frá Almenna bókafélaginu: Handritið lesið yfir af sérfróðum aðilum.“ *Morgunblaðið* 27. desember 2003.

2 „Hannes vísar öllum ásökunum á bug.“ *Morgunblaðið* 28. desember 2003.

3 Bjarki Bjarnason, „Hannes og Halldór.“ *Morgunblaðið* 30. desember 2003.

4 Sjá heimasíðu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar: www.hi.is/~hannesgi/ undir kvinni „Viðhorf“ og síðan „Ritskoðun“. Hannes ræðir ritstuld á svipuðum nótum á öðrum stað á heimasíðu sinni, sjá: www.hi.is/~hannesgi/verk/vanhugs.html.

texta annars manns ófjálsri hendi þarf að gjalda fyrir slíkan gjörning með stöðu sinni. *DV* og fleiri fjölmiðlar gerðu sér mat úr þessari afstöðu því hér virtist Hannes hafa kveðið upp dóm yfir sjálfum sér.¹

Enn biðu fjölmiðlar og fræðasamfélag eftir Hannesi Hólmsteini fram í janúarmánuð. *DV* hélt áfram að ræða „Stóra Hannesarmálið“ frá ýmsum hliðum, meðal annars um Hannes og stöðu hans í háskólasamfélaginu.² Rætt var við forseta félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, Ólaf Þ. Harðarsson stjórn málafræðing, en hann var einn þriggja nefndarmanna sem tilnefndi verk Hannesar Hólmsteins til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2003. Ólafur taldi ekki víst að félagsvísindadeild þyrfti að koma að þessu máli Hannesar. Að öðru leyti vildi hann ekki leggja mat á málið: „Á hinn bóginn er vert að minna á að bók Hannesar er ekki lögð fram sem doktor-sritgerð. Það er því ekki sjálfgefið að um bókina eigi að gilda sömu reglur.“³ Í þessari grein kemur fram að Hannes hafi verið sakaður um óvandvirkni í dómnefndaráli í Háskóla Íslands árið 1988 og þá sérstaklega í sambandi við vísanir í heimildir.

Á meðan meirihluti fjölmiðla landsins kepptust við að segja fréttir af málinu héldu tveir mikilvægir fjölmiðlar sig að mestu frá þessari umræðu; *Morgunblaðið* og *Fréttablaðið*. Ritstjóri síðarnefnda blaðsins lýsti því fljótlega yfir að málið væri stormur í vatnsglasi og tók fyrir bragðið lítinn þátt í umfjölluninni. Af og til birtust þó greinar um efnið eins og sú sem Guðbergur Bergsson birti 3. janúar:

Í mesta lagi er karpið efni í áramótaskaup, harmrænt og hlálegt, þar sem skyldurækin, líklega áður ódæl dóttir, reynir á þröskuldi ellinnar að „verja pabba“ með fulltingi nefnda leifa af vitringum, sem geta ekki einu sinni haldið lengur í dýriling sinn.

Sannleikurinn er sá að fyrrum eigendur lista hér á landi voru í flestu mislagðar hendur vegna sjálfumgleði og verða nú að sjá á eftir skottinu á þríkristna skáldinu ofan í skoltinn á andskotanum. Héðan í frá verður hvorki endurheimtur haus né sporður af HKL. Fjandinn og sölumennskan hirtu hann fyrir fullt og allt. Því eins og segir í kaþólskum fræðum: „Hvar Kristur fer er kölski líka! Og enginn er bæði Kristur og kaupsýslumaður.“⁴

DV flutti margar fréttaskýringar um ólíkar hliðar málsins. *Fréttablaðið* sagði frá því 6. janúar að Hannes Hólmsteinn myndi hefja málsvörn sína þann sama dag. Hann hafði hraðað för sinni heim og var mættur til leiks á

1 „Hannes heimtaði afsökunarbeiðni.“ *DV* 30. desember 2003.

2 „Fræðimannsferill Hannesar í hættu.“ *DV* 29. desember 2003.

3 „Háskólinn taldi heimildanotkun ábótavant.“ *DV* 30. desember 2003.

4 Guðbergur Bergsson, „Tannleysi.“ *Fréttablaðið* 3. janúar 2004.

fyrsta degi ársins ef marka má fréttir fjölmiðla.¹ Greint var frá fyrirhuguðu viðtali við hann á *Útvarpi Sögu*, en því var síðar frestað um viku. Þjóðin beið því enn.

DV greindi einnig frá því 5. janúar að erfingjar Peters Hallbergs væru að íhuga málsókn og blaðið hélt því jafnframt fram að samsvörun væri á milli máls Hannesar Hólmsteins og frægra ritstuldarmála í Bandaríkjunum. Þar var sérstaklega fjallað um mál sagnfræðinganna og prófessoranna Stephens Ambrose og Dorrit Goodwin, en bæði voru staðin að verki við ólöglega iðju í bókum sínum.² Fréttir blaðsins voru áberandi og töluvert lagt í umfjöllun þess. Sama dag birtist enn ein grein um „Stóra Hannesarmálið“ þar sem farið var í saumana á bók Hannesar um Benjamín H.J. Eiríksson, hagfræðing og bankastjóra. Enn á ný voru sakargiftirnar þær sömu, óvönduð vinnubrögð. Þar kom fram að Hannes hefði nýtt sér heimildarmynd Einars Heimissonar sagnfræðings og kvikmyndagerðarmanns um Benjamín með mjög beinum hætti án þess að geta þess.³ Þau rök sem tilgreind voru í greininni voru þó frekar hæpin að mínu viti. Annað ákæruatriði sem gert var að umtalsefni hljómaði hins vegar sennilegar. Þar var sýnt fram á að Hannes hafði lagt Benjamín sín eigin orð í munn, orð sem Hannes hafði viðhaft um Svan Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, einum sextán árum áður í tímaritinu *Sögu*. Samanburðurinn er sláandi og vekur sannarlega upp spurningar um vinnubrögð Hannesar í verkinu. *DV* kannaði viðbrögð Svans sem taldi að þetta væru „afar óeðlileg vinnubrögð í fræðiriti“.

Þannig leið fyrsta vika janúarmánaðar án þess að nokkur vissi nákvæmlega hvenær né hvort Hannes Hólmsteinn myndi verja hendur sínar opinberlega. Þessi óvenjulegi tími í málinu leið því hægt og án þess að fólk vissi hvað í vændum væri.

Greinargerð – Það var svo 8. janúar 2004 sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson hélt blaðamannafund, þar sem hann lagði fram greinargerð sem er nokkurs konar varnarskjal hans í málinu. *Morgunblaðið* vaknaði nú loks til lífsins á ný og birti greinargerð Hannesar í heild og sagði frá blaðamannafundinum í frétt inni í blaðinu. Auk þess birti blaðið frásögn af vörn Hannesar á baksíðu.⁴ Hannes hélt fundinn í Skólábæ, húsnæði Háskóla Íslands,

1 [Smáfrétt], *Fréttablaðið* 6. janúar 2004.

2 „Tekur texta frá Halldóri, Hallberg, Helgu og barnabarni skáldsins.“ *DV* 5. janúar 2004. – „Þekktur fræðimaður baðst afsökunar á ritstuldi.“ *DV* 5. janúar 2004.

3 „Orð Hannesar sjálfs höfð eftir Benjamín.“ *DV* 5. janúar 2004.

4 „Ekki skólaritgerð heldur ævisaga handa almenningi.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

og sat í djúpum stól sem áður tilheyrði Einari Benediktssyni skáldi. Hann flutti mál sitt af öryggi og hafnaði öllum ávirðingum á ævisöguna *Halldór*, eða eins og segir í undirfyrirsögn á baksíðu *Morgunblaðsins*: „Hannes Hólmsteinn Gissurarson vísar öllum ásökunum um ritstuld afdráttarlaust á bug.“ Fram kemur í frásögn blaðsins af fundinum að Hannes hafi verið þráspurður um þá aðferð sem hann beitir í verkinu og meðal annars hvort ekki væri nauðsynlegt að hafa tilvísanir þegar tekið væri orðrétt upp eftir öðrum eins og til dæmis Halldóri Kiljani Laxness. Hannes svaraði því til „að sem fræðimaður væri hann bundinn af tvennu: að geta heimilda, og hafa það sem sannara reynist. Hann kvaðst telja sig geta heimilda svíkalaust, og benti jafnframt á það að margverðlaunaðir rithöfundar notuðu nákvæmlega sömu aðferð og hann.“¹

Það er einkum tvennt í frásögn *Morgunblaðsins* sem vekur athygli. Annars vegar skýringar Hannesar á sviðsetningum á ákveðnum þáttum úr lífi Halldórs Kiljans sem ég sé sjálfur ekkert athugavert við, aðferð sem margt oft er notuð og segja má að allir sagnfræðingar beiti í einhverjum skilningi. Þar byggir höfundurinn oftast á einhverjum lýsingum sem komnar eru úr öðrum heimildum í bland við sinn eigin hugarburð. Þetta er hin svonefnda spunaaðferð, sem þrátt fyrir útbreidda notkun er mörgum sagnfræðingum þynnrir í augum. Hins vegar er það sú aðferð að taka texta Halldórs úr minningabókunum, og jafnframt texta annarra höfunda sem fjallað hafa um skáldið, og gera að sínum með örlitlum orðalagsbreytingum. Þessi gjörningur er í raun það sem deilt er um í „Stóra Hannesarmálinu“. Hannes á það til að sviðsetja ákveðna atburði úr lífi Halldórs Laxness og nota svo til nákvæmlega óbreytt orðalag annarra í texta sínum. Einnig grípur hann til slíkra ráða þegar engin bein sviðsetning er á ferð, fleygar texta frá Halldóri inn í sína frásögn og lesandinn stendur í þeirri trú að textinn allur sé Hannesar. Það er síðan undir hælinn lagt hvar eða hvort tilvísanir er að finna í heimildir. Verst er þó að ekkert greinilegt skipulag er á þessum „aðferðum“ Hannesar, stundum vísar hann beint í texta með því að auðkenna hann með gæsalöppum eins og hefðir og reglur akademíunar gera ráð fyrir en á öðrum stöðum er því sleppt. Grundvallarreglurnar sem Gauti Kristmannsson minnti á í gagnrýni sinni eru því ekki í heiðri hafðar. Þær eru þverbrotnar.

Kennslubækur í aðferðafræði sem ég þekki og kenndar eru í háskólum um allan heim fordæma slík vinnubrögð.² Hannes er annarrar skoðunar.

1 „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld.““ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

2 Um þetta má víða lesa en ég vil benda á heimasíðu „History News Network“ sem er staðsett í George Mason University í Bandaríkjunum: <http://hnn.us/articles/1764.html> en þar má finna fjölda tenginga í mál sem fjalla sérstaklega um ritstuld og viðhorf samtaka sagnfræðinga til

Hann telur það „fáranlegt“ að vera sakaður um ritstuld og telur að aðferð sín byggist á því að taka burt „kiljönskuna“, eins og hann nefnir stafsetningu Halldórs Kiljans, og „breyta 1. persónu frásögn í 3. persónu og taka burtu sérkennilegt kiljanskt orðalag.“¹ Og Hannes skýrir þetta enn frekar í *Morgunblaðinu*:

„Þannig tel ég ekki að ég sé að stela texta frá skáldinu, ég er bara að reyna að grípa andrúmsloftið og hugblæinn, því að eins og ég segi í greinargerðinni, þá eru minningabækur skáldsins nothæfar, en ekki traustar heimildir um ævi skáldsins, en þær eru stórkostlegar heimildir um hugblæ og andrúmsloft.“

Hér fer Hannes út af sporinu og svarar ekki þeirri megingagnrýni sem að honum er beint, sem er sú að hann taki texta annarra fræðimanna eða skáldsins frá Laxnesi án auðkenna. Með því að taka „kiljönskuna“ út er engu líkara en hann reyni að fela sporin. Á þetta benti Gauti Kristmannsson einmitt í áður nefndum ritdómi sínum í *Víðsjá*.

Í framhaldi fréttarinnar í *Morgunblaðinu* kemur fram að Hannes hafi ekki viljað nota „cut and paste“-aðferðina, sem hann nefnir svo, en „[í] því hefði falist að taka texta úr minningabókum Halldórs setja gæsalappir utan um þá og þrjóna eigin texta á milli. Hann hafi fremur kosið að sannreyna texta Halldórs sjálfs og endursegja hann“. Því er bætt við í blaðinu að um þetta atriði hafi spunnist miklar umræður, og skal engan undra. Sér til varnar, þegar á hann var gengið, nefndi Hannes eftirmála sinn, því þar hafi hann vísað í þær heimildir sem hann nýtti sér í verkinu. Óhætt er að segja að hér sé um algjöra nýjung í meðferð heimilda að ræða, óþekkta aðferð í heimi hug- og félagsvísinda hjá öllum sem hafa tekið sjálfa sig og fræði sín alvarlega.

Öll orðræða Hannesar um þetta mál var loðin og óljós og olli mér miklum vonbrigðum. Mér fannst hann gera allt til að komast hjá því að svara hinni knýjandi spurningu um hvort það væri í lagi að taka texta annars manns og hnika til orðalagi og gera textann að sínum. Mér fannst þessi

slíkra mála. „Statement on Standards of Professional Conduct“ er til dæmis ítarlegt skjal sem „the American Historical Association“ hefur tekið saman. Það er nokkurs konar siðareglur samtaka sagnfræðinga og ekki ósvipað siðareglum sem Sagnfræðingafélag Íslands samþykkti á aðalfundi sínum 12. september 2000. Í undirbúningsnefnd fyrir reglusmiðina sátu Anna Agnarsdóttir, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands og kennari í aðferðafræði við skorina til margra ára, Gísli Gunnarsson, prófessor við sömu skor, Sigrún Ásta Jónsdóttir, safnstjóri á byggðasafni Reykjanessbæjar, Axel Kristinsson, sem þá var fræðimaður í Reykjavíkur-Akademiunni, og loks ég sem var formaður nefndarinnar.

1 „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld.““

undansláttur Hannesar dapurlegur vegna þess að ég sá í hendi mér að hann ætti sér mögulega ákveðnar málsbætur sem síðar verður vikið að. Hannes bar því hins vegar við að allir þekktu verk Halldórs og því væri auðvelt að sjá hvað kæmi frá honum og hvað væri frá Halldóri. Enn gengu blaðamenn á hann og spurðu hvers þeir sem ekki þekktu verk Halldórs og hefðu þau ekki við höndina ættu að gjalda. „Þeir vissu þá ekki annað en að umræddur texti væri eftir Hannes. Hannes játaði því að þessir lesendur myndu telja textann hans smíð.“ Þetta svar Hannesar kemst næst því að hann gangist við hinum sérkennilegu vinnubrögðum sínum, að viðurkenna að um ritstuld væri að ræða.¹

Ég var því afar vonsvikinn með svör Hannesar og málsvörn. Mér fannst hún einfaldlega vera yfirlór, einkennast af villandi tilvísunum og fjölda atriða sem væru óskýrð. Sem dæmi má nefna þegar Hannes Hólmsteinn var spurður á blaðamannafundinum hvort hann hefði ekki getað valið þá leið (þriðju leiðina) „[...] að semja eigin texta og skeyta tilvísunum inn í hann eftir þörfum.“ Viðbrögð Hannesar við þessari fyrirspurn er lýsandi dæmi um það sem virðist vera lítill metnaður höfundarins: „Hann sagðist vera á móti því að finna hjólið upp aftur, og í þeim tilfellum sem hann hefði fundið góðar lýsingar annarra, lýsingar sem gripu andrúmsloftið mjög vel, hefði hann þess vegna notað þær.“ Þetta svar og greinargerðin öll vakti mig mjög til umhugsunar um stöðu ævisögu Halldórs Kiljans. Hvers konar aðferð er hér lýst sem brúkuð er til að kafa í líf margflókins manns á borð við Halldór Kiljan Laxness? Hún virðist í það minnsta framandi í samhengi nútímafræða.

Ríkissjónvarpið og *Stöð tvö* tóku ítarleg viðtöl við Hannes Hólmstein stuttu eftir blaðamannafundinn þar sem þjarmað var að honum með ýmsum hætti. Hann náði að verjast fimlega en hafði sama háttinn á og á blaðamannafundinum fyrr um daginn; megingagnrýnin var látin óhreyfð.

Hinn 9. janúar 2004 var síðan frétt í *Sjónvarpinu* sem Þórdís Arnljótsdóttir fréttamaður tók saman og byggði á viðtali við Gísla Gunnarsson, prófessor við sagnfræðiskor Háskóla Íslands. Þar kom fram sú skoðun Gísla að verk Hannesar „fylli flokk fjölda alþýðurita sem komið hafi út undanfarin ár.“² Í fyrstu hélt ég að Gísli Gunnarsson hefði ruglast í riminu því mér þótti afar óvenjulegt að háskólaprófessor skipaði sér í flokk þeirra sem rita

1 Gottskálf Þór Jenson benti einmitt á þetta á Kistunni þar sem mál Hannesar var til umræðu. Síðar í þessum kafla mun ég gera grein fyrir afstöðu hans. Sjá Kistan.is (*Vef*).

2 Frásögnin er fengin af heimasíðu dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar, frá 10. janúar 2004. Sjá Bjorn.is og pistil sem nefnist: „Tala í stað þess að lesa um Halldór.“ (*Vef*).

alþýðurit!¹ Nokkrum dögum síðar efndi ReykjavíkurAkademían til blaðamannafundar í húsnæði sínu þar sem Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur og Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur, allt þjóðþekktir ævisöguritarar í ReykjavíkurAkademiunni, sátu fyrir svörum. Hannes Hólmsteinn mætti óvænt á fundinn og þar var tekið viðtal við hann sem birtist í *Morgunblaðinu*, fyrst daginn eftir og ítarlegra viðtal tveimur dögum síðar. Gunnar Hersveinn blaðamaður komst svo að orði í frétt blaðsins daginn eftir fundinn: „Á fundinum var Hannes og gagnrýndur fyrir að setja ekki fram nýja túlkun heldur nota túlkun annarra. „Þetta var markviss aðferð, ég vil leyfa lesandanum að túlka,““ var haft eftir Hannesi sjálfum.² Ég var þrumulostinn eftir þessa yfirlýsingu þar sem mér fannst Hannes staðfesta greiningu Gísla Gunnarssonar á bókinni sem mér hafði fundist svo ósannfærandi, nefnilega að hann ynni eins og alþýðufræðimenn gerðu á nítjándu öld. Háttur þeirra var einmitt sá að við að sér efni en greina það ekki. Frásögn alþýðufræðimanna var samtíningur af fróðleiksmolum héðan og þaðan án þess að höfundur gerði tilraun til að velta fyrir sér þýðingu einstakra þekkingarbrotar. Alhæfingarstig slíkra verka var fyrir bragðið afar lágt. Hannes hnykkir á þessu viðhorfi sínu í viðtali við Gunnar Hersvein sem birtist í *Morgunblaðinu* 12. janúar: „Þannig að ég vildi ekki vera með neina sérstaka túlkun á Halldóri, heldur leyfa hverjum lesanda að túlka, hver með sínum hætti. Leggja fram öll gögnin, fella fróðleiksbrot um ævi Halldórs saman í eina heild og láta lesandanum svo eftir að dæma, það er mín aðferð.“³ Þegar betur var skyggst um bekkir kom í ljós að þessi lýsing féll vel að greinargerðinni margnefndu, en þar talar Hannes um að hann hafi bætt ýmsu við fyrri þekkingu á verkum Halldórs með því sem hann nefndi *fróðleiksmola* um þetta og hitt. Síðan birti hann langan lista yfir slíka fróðleiksmola sem bættu einhverju við minningabækurnar og bækur Hallbergs (þetta var drjúgur hluti greinargerðarinnar).

Gat hugsast að þetta væri sú leið sem dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, hafði fetað í bók sinni um Nóbelskáldið Halldór Kiljan Laxness? Þessu átti

1 Gísli átti eftir að leiðrétta þessa frétt tvisvar í *Morgunblaðinu*. Sjá Gísli Gunnarsson, „Leiðrétting í darraðardansi miðjum.“ *Morgunblaðið* 13. janúar 2004; „Ný leiðrétting í darraðardansi.“ *Morgunblaðið* 15. janúar 2004.

2 „Ekki nóg að vísa fremst og aftast.“ *Morgunblaðið* 11. janúar 2004.

3 „Aðferð Hannesar skemur fræðaheim og samfélag.“ *Morgunblaðið* 12. janúar 2004. Í þessari umfjöllun blaðsins var leitað til mín vegna rannsókna minna á dagbókum Magnúsar Hj. Magnússonar sem var fyrirmyndin að Ólafi Kárasyni Ljósavíkingi, söguhetju *Heimsjóss*. Þar lýsti ég furðu minni á þessum málflutningi Hannesar, sjá „Kallað eftir skýringum.“ *Morgunblaðið* 12. janúar 2004.

ég mjög bágt með að trúa, en þegar betur var að gáð kom í ljós af viðtölunum öllum og greinargerðinni að þetta var í raun lýsing á aðferð hans. Hér hljómar rökstuðningur hans eins og alþýðufræðimaður hafi orðið: „Ég reyndi hvarvetna að auka við fróðleik, eftir því sem við átti, um menn og atvik.“¹ Hannes bendir einnig á að verkið sé „ekki skólaritgerð, heldur ævisaga handa almenningi, og slík saga þarf að vera aðgengileg, krydduð sögum og stílbrögðum, jafnvel skáldlegu ívafi, sem þó verður að vera stutt heimildum.“² Rök Hannesar eru mjög í anda nítjándu aldar alþýðufræðimanna en á þessum atriðum, að verkið þurfi að vera aðgengilegt og skemmtilegt, hamraði Hannes sífellt dagana eftir blaðamannafundinn og rökstuddi það frekar á eftirfarandi hátt: „Verkefni ævisöguritarans er að gæða frásögnina lífi, lýsa aðstæðum og atvikum á þann hátt, að lesandurnir finni að þeim bragð og keim. [...] Ég reyndi að temja mér hlutlægan frásagnarhátt í anda Íslendingasagna frekar en huglægan, þar sem beitt er eins konar heilaspuna í stað traustra heimilda.“ Þessi lýsing er afar sérkennileg, svo ekki sé meira sagt, og raunar ekki nokkur leið að átta sig á hvað Hannes er að fara. „Höfundar“ Íslendingasagnanna tóku sannarlega texta frá öðrum án þess að geta þeirra og gerðu heldur ekki mikið úr eigin framlagi, þar er ef til vill einhver samsvörun milli Hannesar og þeirra; annar samanburður er afar langsóttur. Þetta með hlutlægni og huglægni er sömu-leiðis óskiljanlegt. Spyrija má: Hvers er eiginlega vænst af höfundi ævisögu?

Eins og gerð var grein fyrir framar í bókinni þegar rætt var um verkið *Halldór*, þá gera nútímafræði ráð fyrir að höfundar ævisagna vinni með texta aðalpersónunnar, birti ekki aðeins brot úr þeim, heldur kafi mikið frekar í ástæður þeirra og merkingu í þeim tilgangi að sýna viðfangsefnið í nýju ljósi. Þessu nær Hannes Hólmsteinn aldrei og bókin verður fyrir bragðið flöt og óspennandi lýsing sem byggist á einkennilegri (alþýðlegri) vinnuaðferð; fróðleiksmolum hér og þar um hitt og þetta. Lesandinn bíður hins vegar eftir dýpri og fyllri skilningi á manninum Halldóri Kiljan Laxness og verkum hans. Hvers vegna hann varð skáld, rithöfundur, kaþólskur og sósíalisti svo nokkuð sé nefnt – allt eru þetta atriði sem lesandinn er engu nær um eftir lestur bókarinnar.

Hannes Hólmsteinn beindi spjótum sínum að öðrum ævisöguritum í greinargerð sinni og það voru einkum Þórunn Valdimarsdóttir og Guðjón Friðriksson sem hann valdi að draga inn í umræðuna. Dæmin sem hann sýndi úr verkum Guðjóns eru vægast sagt einkennilega valin ef þau eiga að

1 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð frá Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni lögð fram á blaðamannafundi 8. janúar 2004.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

2 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð frá Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni.“

styðja málstað Hannesar, því Guðjón endursegir kafla úr heimildum og getur þess nákvæmlega hvar þá er að finna aftan við sömu efnisgrein. Guðjón fer sannarlega stundum nálægt frumtextanum en þó ekkert í líkingu við Hannes Hólmstein í ævisögunni um Halldór Kiljan. Munurinn er þó fyrst og fremst sá að Guðjón vísar í heimildir þegar hann notar þær en Hannes oft alls ekki.

Efnt var til áðurnefnds blaðamannafundar í ReykjavíkurAkademíunni 10. janúar 2004 til þess að gefa fjölmiðlafólki kost á að ræða við þekktu ævisöguritari sem Hannes Hólmsteinn hafði blandað í málið um aðferðir þeirra. Fram kom að lítil samsvörun væri milli verka þeirra Guðjóns Friðrikssonar, Þórunnar Valdimarsdóttur og Viðars Hreinssonar annars vegar og ævisögunnar um Halldór Kiljan Laxness hins vegar. Guðjón hafnaði til dæmis á mjög beinan hátt nokkurri samsvörun milli verka sinna og Hannesar Hólmsteins.¹ Það sem mestu máli skipti þó var að höfundarnir blésu allir á þá meginröksemd Hannesar að menn þyrftu að setja sig í sérstakar stellingar til að rita fyrir almenning. Viðar Hreinsson komst svo að orði á blaðamannafundinum að hann gerði „sömu kröfur til sjálfs sín hvort sem hann skrifaði fyrir almenning eða fræðimenn: „„Það er skylda að hafa verkið gagnsætt,“ sagði hann og mikilvægt væri að fylgja ströngum reglum [...].“² Guðjón bætti við þessi orð Viðars: „„Ég nota aldrei heimildir án þess að vísa í þær.““ Þetta er í raun mergur málsins. Hannes Hólmsteinn notar heimildir eða texta annarra án þess að vísa til þeirra – það er einfaldlega óviðunandi. Þessari megingagnrýni hefur hann aldrei svarað, heldur kosið að drepa málinu á dreif með því að þyrlla upp moldviðri.³

Strax eftir að greinargerð Hannesar lá fyrir var leitað til Guðjóns Friðrikssonar og hann spurður álits á efni hennar: „„Hann [Hannes Hólmsteinn] er ásakaður fyrir að nota texta annarra manna án þess að vitna til þeirra en ég gerði það náttúrulega ekki enda ásakar hann mig ekki um

1 Þess má geta að Páll Valsson, forleggjari hjá Máli og menningu og útgefandi Guðjóns Friðrikssonar, tók upp hanskan fyrir hann með málefnalegum hætti. Hann hafnaði því algjörlega að nokkuð væri sameiginlegt sviðsetningum Guðjóns og eignaupptöku Hannesar á textum annarra. Sjá Pál Valsson, „Að gefnu tilefni.“ *Morgunblaðið* 27. janúar 2004. Eins og kunnugt er, þá er Páll verðlaunahöfundur fyrir ævisögu sína um Jónas Hallgrímsson.

2 „Aðferð Hannesar skekur fræðaheim og samfélag.“

3 Þess má til gaman geta að þeir Guðjón og Viðar voru báðir heiðraðir í upphafi árs 2004 þegar Hagþenkir, félag höfunda kennslu- og fræðibóka, veitti Viðari sérstaka viðurkenningu fyrir ævisögu sína um Stephan G. Stephansson í tveimur bindum og Guðjón hlaut bókmenntaverðlaun Félags íslenskra bókauðgefanda í flokki fræðirita og rita almenns eðlis fyrir ævisögu um Jón Sigurðsson. Það kemur fram í síðara verkinu sem gert er í því fyrri, segir gamalt málteki, og óhætt er að segja að verk þeirra beggja hafi verið til fyrirmyndar. Sjá frétt um þessa atburði: „Traust fræðimennska.“ *Morgunblaðið* 21. janúar 2004.

það.¹ Þetta atriði vakti einmitt athygli fólks sem las skýrsluna; Guðjón er þar nefndur án þess að nokkur samsvörun sé milli verklags hans og Hannesar. Þó er látið að því liggja að þeir fari eins að. Guðjón heldur áfram að skýra mál sitt fyrir blaðamanni *Morgunblaðsins* og rekur þar helstu aðferðir við að vitna til heimilda:

Í fyrsta lagi að hafa orðrétt eftir innan gæsalappa „og það geri ég í langflestum tilfellum,“ segir hann. „Einstaka sinnum endursegi ég efnið og vísa þá til heimildarinnar. Þriðja aðferðin er að vísa til hennar í textanum sjálfum, eins og þessi og þessi segir í bók sinni. Það er frekar undantekning hjá mér að ég endursegi svona, þó þessi dæmi Hannesar séu til vitnis um annað, og ég er frekar undrandi á því að hann skuli vera að draga mig inn í þessar umræður, en mér finnst það vera tilraun til að dreifa athyglinni. Hann gefur í skyn að ég noti nákvæmlega sömu aðferð og hann. [...] [E]n ég tel mig ekki vera sekan um það sem hann er ásakaður um, að gera annarra manna texta að sínum án þess að vitna til þeirra. Ég nota aldrei heimildir án þess að vitna til þeirra.²

Þetta vita allir sem þekkja til verka Guðjóns Friðrikssonar og reyndar einnig Viðars Hreinssonar og Þórunnar Valdimarsdóttur. Ekkert þeirra fellur í sömu gryfju og Hannes Hólmsteinn, það er að gera texta annars manns að sínum án auðkenningar. Samkvæmt öllum skilgreiningum er slíkur gjörningur flokkaður sem ritstuldur.

Bakraddasöngur – En nú má spyrja: Hvernig var þessum rökum Hannesar tekið? Það er skemmst frá því að segja að margir virðist hafa gleypst við frásögn hans og oft mátti heyra fólk taka undir með Hannesi í fjölmiðlum. Hann hefði orðið fórnarlamb árása og ósanngjarnrar gagnrýni, eða eins og hann orðaði það sjálfur í samtali við blaðamann *Morgunblaðsins* nokkrum dögum eftir opinberun greinargerðar sinnar, „núna er ég fórnarlambið og það verður bara að hafa það.“³

Greinargerð Hannesar Hólmsteins var frekar hófstíllt plagg, lítið um ásakanir í garð annarra þó að hann drægi aðra fræðimenn inn á sviðið og stillti þeim upp við hliðina á sér eins og áður hefður komið fram; lítið var um upphrópanir um pólitískt ofstæki. Það voru hins vegar aðrir sem sáu um

1 „Viðbrögð við greinargerð Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.“ *Morgunblaðið* 10. janúar 2004. Guðný Halldórsdóttir, dóttir Laxness, gaf lítið fyrir svör Hannesar og krafðist afsökunarbeiðni af hans hálfu og forlagsins fyrir að taka texta föður síns ófrjálsri hendi. Sjá einnig „Háskólaprófessorinn skrifaði ekki bókina.“ *DV* 9. janúar 2004.

2 „Viðbrögð við greinargerð Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.“

3 „Ekki nóg að vísa fremst og aftast.“

það, bakraddir Hannesar Hólmsteins, þekktir vinir hans og pólitískir samherjar. Þær höfðu reyndar hafið sönginn nokkru áður en „stjarnan“ sjálf steig á sviðið. Strax eftir blaðamannafundinn kom hrina greinaskrifa og útvarps- og sjónvarpsþátta þar sem gerðir Hannesar voru í flestum tilfellum lofaðar. Sjálfur var Hannes áberandi og fór mikinn, taldi að hann hefði ekkert af sér brotið og að gagnrýnendur hans ættu það sameiginlegt að vilja koma honum á kné.¹ Jafnvel á blaðamannafundi ReykjavíkurAkademíunnar var hann áberandi og kom fram í fréttatímum beggja sjónvarpsstöðva af því tilefni.

Það liðu ekki margir dagar þar til Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður og vinur Hannesar lét í sér heyra. Grein hans „Góð ráð dýr“ vakti töluverða athygli.² Jón Steinar hóf greinarskrifin á því að minnst á umræðuna um verk Hannesar: „Það er eins og tiltekinn pólitískur hluti hinnar sjálfskipuðu menningarelítu telji Hannes hafa ruðst inn á sitt yfirráðasvæði með því að ráðast í þetta verk,“ segir Jón Steinar. Hér vekur hann máls á atriði sem Hannes og aðrir stuðningsmenn hans áttu oft eftir að gera að umtalsefni á næstu dögum og vikum, að „vinstri menningarelítan“ telji sig eiga ákveðin svið og að Hannes hafi með gjörðum sínum gerst sekur um helgisþjöll.

Jón Steinar fer vítt og breitt um málið og rekur helstu atriði þess allt frá því að út spurðist að Hannes væri með verkið í smíðum og til viðbragða við því síðari hluta desembermánaðar. Þegar í ljós kom að bókin „reyndist einfaldlega vera góð bók“ varð samkvæmt grein Jóns Steinars uppi fótur og fit hjá hópnum fyrrnefnda: „Nú urðu góð ráð elítumanna dýr“, eins og þar stendur.

Jón Steinar Gunnlaugsson var eins og mörgum er kunnugt lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík. Hann taldi þó ekki eftir sér að leggjast í bókmenntagreiningu í fyrrnefndri ritsmið þar sem hann fjallar um „aðferð Hannesar“. Hann gerði að umtalsefni minningabækur Halldórs Kiljans og „eðlilega“ notkun Hannesar á þeim. Í kjölfarið fylgdi nýstárlegt framlag Jóns Steinars til mats á aðferðafræði hugvísindanna: „Í sjálfu sér má auðvitað segja, að bók Hannesar feli í sér eina stóra *allshejartilvísun* til þessara endurminningabóka skáldsins [...].“ Tekið skal fram að skáletrun textans er mín. *Allsheitartilvísun* er ekki aðeins afar frumlegt hugtak heldur er það sérlega athyglisvert í lögfræðilegum skilningi (sem er sérgrein Jóns Steinars). Hvað skyldi vera átt við með þessu hugtaki? „Í stað þess að hafa sérstakar tilvísanir á hverjum stað“, skýrir Jón Steinar fyrir lesendum *Morg-*

1 „Lætin í kringum Hannes.“

2 Jón Steinar Gunnlaugsson, „Góð ráð dýr.“ *Morgunblaðið* 12. janúar 2004.

unblaðsins, „[...] lýsir hann þessu vinnulagi með almennum orðum í eftirmála bókarinnar, þar sem hann segist hafa reynt að hagnýta sér allt þetta efni (og meira til) og fella saman í eina heild.“ Jón Steinar bendir síðan á að Hannes hafi ekki viljað „þýngja textanum“ með fjölda tilvitnana. Minna má á að hér talar maður sem hefur gert það að lífsstarfi sínu að verja eignarrétt fólks; standa vörð um helgan rétt manna til persónulegra eigna.

Það er ekki nóg með að Jón Steinar sjái ekkert athugavert við eignaupptöku Hannesar á textum Halldórs Kiljans Laxness heldur lýsir hann megnri vanþóknun á því að gagnrýnendum hafi „yfirsést“ eftirmáli bókarinnar þar sem *allsherjartilvísunin* hafi komið fram. Þessu hélt Hannes einnig á lofti í greinargerð sinni með þeim orðum að „[þ]eir, sem fordæmt hafa bók mína, hafa kosið að horfa fram hjá eftirmálanum“, og það þó að Gauti Kristmannsson hafi margsinnis komið inn á umræddan eftirmála í gagnrýni sinni. Gauti benti einmitt á eftirfarandi í sambandi við aðferð Hannesar:

Hannes telur upp í eftirmálanum minningabækurnar svonefndu og segir síðan: „Allt þetta efni hef ég reynt að hagnýta mér og fella saman í eina heild, en hef vísað fyrirvörum og athugasemdum í neðanmálgreinar til að trufla ekki hinn almenna lesanda, þótt mér beri auðvitað að gera fræðimönnum skil á forsendum mínum. Meginregla mín var að fara eftir Halldóri sjálfum, nema þegar aðrar heimildir taka af skarið um annað, og það gera þær ósjaldan.“ (619-620). Einhver gæti haldið að hann sé að lýsa þar með aðferð sinni að taka upp textabúta Halldórs lítt breytta, en það stenst ekki sé litið aðeins ofar í eftirmálann þar sem segir: „Ég tók þann kost að hafa textann með samræmdri nútímastafsetningu nema það, sem haft er eftir Kiljan. Það er allt með þeirri stafsetningu sem hann gerði sér.“ (619). Þetta merkir að sá texti sem greinilega er tekinn upp eftir Halldóri og breytt til nútímastafsetningar er ekki lengur hans heldur Hannesar og hlýt ég að spyrja hverju það eigi að sæta.¹

Þessi umfjöllun Gauta sýnir einmitt að eftirmálinn margfrægi var uppistaðan í gagnrýni hans því að þar leiðbeindi Hannes lesendum sínum um hvernig hann nýtti sér texta Laxness. Mjög skýrt kemur fram að þegar frásagnir Halldórs Kiljans séu teknar beint upp haldi stafsetningin sér. Skýrara getur þetta ekki verið nema Hannes Hólmsteinn fylgir ekki eigin leiðsögn í verkinu. Um það snýst allur vandinn.

„Fræðimenn í þeirra hópi [elítumanna] fóru fram með ásakanir af þessu tagi án þess að nefna einu orði þær skýringar á þessu vinnulagi, sem Hannes gefur sjálfur í bók sinni!“ segir Jón Steinar í grein sinni. Það skal tekið fram

1 Gauti Kristmannsson, „Halldór.“

að upphrópunarmerkið í lok setningarinnar er ekki frá mér komið, það vísar væntanlega í þau furðulegu vinnubrögð fræðimannanna („elítumanna“) að yfirsjáast eftirmálann. Og Jón Steinar var ekki af baki dottinn. Í framhaldi bendir hann á að „elítumenn“ hafi jafnvel gengið svo langt í reiði sinni að halda því fram að bækur falli í ákveðna flokka: „Einn sé flokkur fræðibóka. Annar flokkur innihaldi fræðirit við alþýðuhæfi. Fleiri flokkar voru nefndir til sögunnar. Í orðunum hvíldi ráðagerð um, að þeir sem skrifi bækur eigi að skrifa fyrir einhvern flokkinn.“ Hér finnur lögfræðiprófessorinn upp á enn einni nýrri leið í bókmenntagreiningu sinni, nokkru sem engum hefur trúlega dottið í hug fyrr, að bækur sé hægt að flokka. Lærdómurinn sem Jón Steinar dregur af þessu öllu er eftirfarandi:

Sannleikurinn er auðvitað sá, að þeir sem skrifa bækur eru ekki bundnir af neinu öðru en því að vera heiðarlegir gagnvart sínu eigin verki sem og verkum annarra höfunda. Sé notað efni frá öðrum þarf að láta þess getið, sé það ekki augljóst án þess. Á þessu hafa höfundar ýmsan hátt. Hugsanlegt er til dæmis, að láta þess getið við hvern kafla í bók, á undan eða eftir, að í honum sé stuðst við einhverja tiltekna heimild, eða jafnvel bara í bókarlok.¹

Enn má minna á að Jón Steinar gegndi akademískri stöðu við Háskólann í Reykjavík og af þeim sökum vekja orð hans sérstaka eftirtekt. Hann endar síðan grein sína með hvassri ádeilu á Helgu Kress. Og hver skyldi ástæðan vera fyrir því að Jón Steinar beinir sjónum sínum að Helgu? „Flestir þeirra sem staðið hafa fyrir árásum á Hannes“, segir Jón Steinar í umræddri grein, „hafa farið fram með þær, án þess að nefna einu orði þær skýringar sem hann gefur sjálfur í bók sinni á aðferðum sínum.“ Ekki verður betur séð en Jóni Steinari yfirsjáist til dæmis orð Gauta Kristmannssonar sem áður var vitnað til. Ef ekki kæmi til þessi klaufaskapur Jóns Steinars mætti líta svo á að hann leyfði sér útúrsnúning og ósannindi í málflutningi sínum. En áfram heldur rökstuðningurinn og ályktunin sem af honum er dregin: „Þessi vinnubrögð prófessorsins [Helgu Kress] og hinna árársmannanna eru miklu alvarlegri en ávirðingar þeirra á hendur Hannesi. Við blasir, að þessu ráði blint pólitískt ofstæki.“ Þessi greining Jóns Steinars gefur honum tilefni til að velta fyrir sér stöðu starfsmanna Háskóla Íslands; þeir sem verða uppvísir að ósannindum af sama tagi og hann telur sig vera að afhjúpa geti tæplega talist hæfir til að kenna háskólastúdendum. Jón Steinar hvetur því háskólayfirvöld til aðgerða.

1 Jón Steinar Gunnlaugsson, „Góð ráð dýr.“

Með þessari grein hófst árásarhrina í garð gagnrýnenda Hannesar og þeir sem tóku til mála fylgdu allir sömu línu. Á eftir kom sonur Jóns Steinars, Gunnlaugur Jónsson fjármálaráðgjafi. „Sýnt hefur verið fram á að Hannes var heiðarlegur í vinnubrögðum“, segir Gunnlaugur og heldur áfram: „Eftir stendur því aðeins það álitamál hvort hann hefði mátt gera nákvæmari grein fyrir heimildanotkun í einstökum tilvikum, fyrir þá sem kæra sig um slíkt. Það er eingöngu smekksatriði.“¹ Þessi niðurstaða verður að teljast merkileg tíðindi: tilvísanir í heimildir eru „smekksatriði“ og bara fyrir þá sem „kæra sig um slíkt“. Og fjármálaráðgjafinn reynist ekki síðri bókmenntarýnir en karl faðir hans. Gunnlaugur dregur fram á mjög skemmtilegan hátt að „Hannes er ekki sá eini sem notast hefur við texta annarra.“ Jú, það gerði Halldór Kiljan Laxness sjálfur, upplýsir Gunnlaugur spennta lesendur *Morgunblaðsins*: „Þegar menn semja skáldsögu hljóta þeir að hafa ríkari skyldu til þess að vera frumlegir en þegar þeir skrifa rit um sögulega atburði. Ævisagnaritun gengur beinlínis út á endursagnir. Ævisagnaritarar skrifa rit sín ekki upp úr sér. Þeir þurfa beinlínis að styðjast við heimildir. Skáldsöguritun gengur aftur á móti frekar út á frumleika í sköpun.“ *DV* tók upp þessi spaklegu orð á innsíðu sinni og afgreiddi málið með þessum hætti: „Þessi síðasta klausa þykir okkur reyndar prýðileg skýring þess hvers vegna Gunnlaugur hefur afraðið að fást við fjármálaráðgjöf í lífinu en hvorki ævisagnaritun né skáldskap.“²

Sjónvarpsmaðurinn góðkunni Egill Helgason sá ekki ástæðu til þess að menn væru að agnúast út í Hannes Hólmstein, hann hlyti að mega skrifa vondar bækur ef hann vildi.³ Egill hélt því fram að viðbrögðin hefðu verið „móðursýkisleg og þráhyggjukennnd“. Hann lýsti furðu sinni á aðdróttunum í garð Hannesar: „Víða í bókinni fer hann alltof nálægt textum Halldórs; það er á engan hátt refsivert en ekki áhugavert. [...] Að sumu leyti má segja að bókin sé ekki fullkláruð; það er búið að draga saman mikið efni en á köflum á eftir að skrifa hana.“⁴

Loks fékk Hannes sína síðu í *Lesbók Morgunblaðsins*, rétt eins og Helga Kress hafði fengið á þriðja degi jóla, nema í þetta skiptið kom ekkert nýtt fram hjá kappanum. Hann beindi spjótum sínum að Helgu og því sem hann nefndi ónákvæmni hennar. Og nú getur Hannes ekki lengur setið á strák

1 Gunnlaugur Jónsson, „Ævisögumálið er einfalt.“ *Morgunblaðið* 14. janúar 2004.

2 „Stuldur eða stæling?“ *DV* 15. janúar 2004. Gunnlaugur ritaði tveimur dögum síðar grein sem hann nefndi „Yfirlæti á DV.“ *DV* 17. janúar 2004, vegna ummællanna sem birtust í blaðinu.

3 Egill Helgason, „Má Hannes ekki skrifa vondar bækur?“ *DV* 15. janúar 2004. Þessi grein birtist einnig í *Fréttablaðinu* um svipað leyti þannig að boðskapur Egils hefur örugglega komist á framfæri.

4 Egill Helgason, „Má Hannes ekki skrifa vondar bækur?“

sínum því hann hefur frá og með þessari grein nýja orðræðu sem einkennist af upphrópunum og uppnefnum. Rökum sem hann hafði áður hampað var nú stungið undir stól: „Hin harða árás Helgu Kress og nokkurra annarra úr hinum þrönga hópi vinstri sinnaðra bókmenntafræðinga á bók mína leiðir athyglina frá aðalatriði málsins“, sem Hannes sagði vera að hann hefði dregið mikinn fróðleik saman og skrifað skemmtilega bók.¹

Engin leið er að álykta annað en Hannes hafi forðast að svara ásökunum um ritstuld. Hann lagði þess í stað megináherslu á að öll verk sem unnin væru innan veggja háskólanna væru leiðinleg og þurr; verk hans væri andstæða þeirra, ákaflega skemmtilegt verk. Hannes höfðar hér til sérkennilegra hvata sem beinast að því að „alvörufræði“ þurfi að vera leiðinleg – ergó: háskólamenn eru leiðinlegir. Þetta eru vægast sagt óvenjuleg rök hjá háskólakennara. Hér er því miður alið á fordómum um fræðastarf í landinu, klisjum sem fræðimennirnir þrír sem héldu blaðamannafundinn í ReykjavíkurAkademíunni sýndu fram á með einföldum rökum að væru úr lausu lofti gripnar. Og fleiri hafa orðið til að hafna upphrópunum af þessu tagi.

Sama dag og grein Hannesar birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* kom ungur og vaskur þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kári Kristjánsson, vini sínum til hjálpar í *Fréttablaðinu* og snerist gegn „hinum vinstrisinnuðu öfgamönnum“, enda bar hún heitið „Herferðin gegn Hannesi.“² Sigurður Kári er við sama heygardshornið og félagar hans sem áður hefur verið vísað til, allir eru sagðir vondir við hinn heiðarlega Hannes. Samsærið gegn höfundi hinnar „mögnuðu“ ævisögu um Halldór Kiljan Laxness virðist samkvæmt hugmyndum þingmannsins nánast vera aðför að sjálfu málfrelsinu. Sigurður Kári kemst að þeirri niðurstöðu að þegar menn hafi ekki komið auga á fyrirframgefna vankanta á ævisögunni „[...] hófust aðilar úr röðum vinstrisinnaðrar menntaklíku handa við að finna verkinu og Hannesi allt til foráttu, en eins og kunnugt er hefur vinstriklíkan í landinu talið sig eiga einkarétt á skáldinu Halldóri og umfjöllun um ævi hans og verk“. Sigurður Kári vísar síðan ásökunum um ritstuld til föðuhrúsanna og notar þar rök Jóns Steinars Gunnlaugssonar um *allsherjartilvísun* Hannesar máli sínu til stuðnings og telur þær því „vitaskuld fáránlegar.“ Þess má til gamans geta að Sigurður Kári á ekki aðeins sæti á löggjafarþinginu heldur er hann, rétt eins og Jón Steinar, lögfræðimenntaður.

Aðstoðarmaður Hannesar við ævisöguritunina, Snorri Bergsson, spurði

- 1 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Sagnfræði og sagnalist.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004. Sama dag var sagt frá innihaldi greinar Hannesar á baksíðu blaðsins. Sú frétt bar yfirsögnina: „Furðuleg ónákvæmni í gagnrýni Helgu Kress.“ *Morgunblaðið* 17. janúar 2004.
- 2 Sigurður Kári Kristjánsson, „Herferðin gegn Hannesi.“ *Fréttablaðið* 17. janúar 2004.

áleitinnar spurningar í heilsíðugrein í *Morgunblaðinu*: „Er Hannes einn í heiminum?“¹ Það er sannarlega ekki hægt að álykta það út frá hinum kappsömu stuðningsmönnum hans. Og Hannesi barst liðsauki úr ýmsum áttum. Það var ekki bara Gísli Gunnarsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, sem steig fram og vildi fórna talsverðu af sjálfum sér fyrir málstaðinn. Halldór Þorsteinsson, skólastjóri málaskólans Mímis, ritaði grein um efnið, Þorkell Jóhannesson fyrrverandi prófessor ritaði aðra og Einar Benediktsson sendiherra eina til þar sem hann gagnrýndi sérstaklega Guðjón Friðriksson eins og áður hefur komið fram; allir töldu sig hafa eitthvað til málanna að leggja.² Í kjölfarið fylgdi Jón Kristinn Snæhólm og velti fyrir sér hvort Hannes væri svo skyni skroppinn að ætla að stela texta frá öðrum – slíkt fengist ekki staðist. Niðurstaða hans var að gagnrýnin orsakaðist af blindri „heift sem á rætur að rekja í pólitíska andúð á Hannesi Hólmsteini, og á ekkert skylt við heilbrigða bókmenntarýni.“³ Flestir þessara manna nefndu pólitískt ofstæki í málflutningi sínum sem helstu ástæðu þess að Hannes væri gagnrýndur.

Þótt margir kepptust við að segja löst á „vinstra pakkinu“ í háskólasamfélaginu í dagblöðum landsins, „klíkunni“ sem hefði veist að Hannesi Hólmsteini, þá létu ýmsir utanaðkomandi eftir sér að draga Hannes sundur og saman í háði. Margir virðast hafa séð í gegnum orðræðu hans og bakraddanna. Þannig var Sverrir Hermannsson, fyrrverandi alþingismaður og menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, ómyrkur í máli í garð Hannesar og nefndi dæmi sem ekki höfðu áður komið fram um eignaupptöku á textum Halldór Kiljans. Það gerði og Símon Steingrímsson sem sendi inn bréf til *Morgunblaðsins* með sláandi ábendingu um slæleg vinnubrögð Hannesar.⁴ Í grein Símonar kemur eftirfarandi meðal annars fram:

Texti Hannesar fyllir tæpa hálfa síðu í bók hans. Tilvitnunin í Vefarann er í lok næstsíðustu setningar í texta Hannesar, en upphafs og endis þessarar tilvitnunar er ekki getið. Hannes stýttir fyrsta hluta texta Halldórs en það vekur athygli að frá og með orðunum „Hressingarsalar og blaðasalar ...“ er textinn nánast samhljóma. Fróðlegt væri að vita hvaða tilgangi það þjónar að breyta orðunum stelpur í stúlkur, frakkavasa í jakkavasa o.s.frv.⁵

1 Snorri G. Bergsson, „Er Hannes einn í heiminum?“ *Morgunblaðið* 18. janúar 2004.

2 Halldór Þorsteinsson, „Það kom vel á vandan.“ *Morgunblaðið* 18. janúar 2004. – Þorkell Jóhannesson, „Hverju máli skiptir ...“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004. – Einar Benediktsson, „Orð í tíma töluð.“ *Morgunblaðið* 20. janúar 2004.

3 Jón Kristinn Snæhólm, „Er viturlegt að stela umferðareyju?“ *Morgunblaðið* 23. janúar 2004.

4 Sverrir Hermannsson, „Utansveitarkronika.“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004. – Símon Steingrímsson, „Hannes tekur til láns.“ *Morgunblaðið* 21. janúar 2004.

5 Símon Steingrímsson, „Hannes tekur til láns.“

Símon Steingrímsson gerir því skóna undir lokin að Hannes hafi stundað sömu iðju og Árni Johnsen, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, gerði forðum, „að taka til láns í Þjóðleikhúsinu og BYKO“.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson svaraði Símoni á sama vettvangi og notaði einnig tækifærið til að senda Sverri Hermannssyni tóninn með þessum orðum: „Þar sem það á við, nýti ég mér hugblæ úr skáldsögum Laxness, til dæmis Innansveitarkroniku.“¹ Hér kemur enn eina ferðina réttlætning Hannesar á gjörðum sínum og aftur og aftur líkir hann sér við Halldór Kiljan sem hafi gert það sama. Og grein sína endar Hannes með þessum orðum: „Þetta á ekki að þurfa að stafa ofan í áhugafólk um bókmenntir.“ Því miður náði Hannes aldrei að flytja rök sín af stigi áróðurslistarinnar og yfir á svið faglegrar umfjöllunar. Og það sem meira er, þessi tilhneiging ágerðist eftir því sem samræðan dróst á langinn í janúarmánuði.

Benedikt Jónsson bókmenntafræðingur ræddi málið út frá mörgum hliðum í Morgunblaðsgrein 19. janúar og furðaði sig mest á málflutningi stuðningsmanna Hannesar.² Hann velti fyrir sér tengslum þeirra við höfundinn og hversu eðlilegt það sé að taka mark á þeim sem standa honum nærri þegar óvilhallir menn hafi bent á að víða sé pottur brotinn í verki Hannesar: „Í þeirri stöðu sem Hannes Hólmsteinn virðist hafa komið sér í eru góð ráð vissulega dýr.“ Lesendur muna ugglaut að það var einmitt fyrirsögnin á grein Jóns Steinars Gunnlaugssonar um málið. Og Benedikt heldur áfram: „Jón vinur hans hefur kosið að ausa fúkyrðum yfir gagnrýndur Hannesar, afflytja mál þeirra og lýsa sem pólitískum ofsóknum á hendur honum. Það þarf ekki meðalgreind til að sjá í gegnum þann málatilbúnað – svo ódýr sem hann er.“

Enn aðrir veltu fyrir sér stöðu Hannesar Hólmsteins sem háskólaborgara og starfsmanns Háskóla Íslands í þessu máli. Jón Torfason, skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands, ræddi í Morgunblaðsgrein hver borgaði vinnslu verksins og hvort almenningur ætti ekki heimtingu á að vita um kostnaðinn við gerð þess.³ Hannes svarar Jóni stuttu síðar á sama vettvangi og rekur réttilega að háskólafólk hafi frelsi til að rannsaka og skrifa það sem því sýnist svo framarlega sem farið sé að landslögum.⁴ En athyglisvert atriði

1 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Lýsingar skáldsins.“ *Morgunblaðið* 22. janúar 2004.

2 Benedikt Jónsson, „Þrætubók.“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004.

3 Jón Torfason, „Almannafé.“ *Morgunblaðið* 24. janúar 2004.

4 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Almannafé.“ *Morgunblaðið* 28. janúar 2004. Þess má geta að frænka Jóns Torfasonar, Ragnhildur Kolka meinataeknir, ritaði einnig í blaðið stuttu síðar og tók upp hanskan fyrir Hannes með svipuðum rökum og aðrir í stuðningsmannaliði hans. Ragnhildur Kolka, „Karlmeni í hænsnakofanum“ *Morgunblaðið* 29. janúar 2004. Ragnhildur segir meðal annars um umfjöllun um verk Hannesar: „Það er miður að frændi minn skuli

kemur fram í greininni; Hannes sagðist hafa hringt í Jón og spurt hvort hann hefði lesið bókina. Hér komu fram tvö stef sem einkennt höfðu málflutning Hannesar Hólmsteins um tíma, það er að hann hikaði ekki við að taka upp símann og hringja í fólk til að krefja það sagna, og svo hitt stóra atriðið í málflutningi hans: Hefurðu lesið bókina? Enginn mátti tjá sig um málsatriði að mati Hannesar og bakraddasöngvara hans nema hafa lesið verkið.

„Hólmsteinninn í götu vinstrimanna“ heitir grein sem birtist í *Morgunblaðinu* í byrjun febrúarmánaðar eftir Friðbjörn Orra Ketilsson sem mun vera framkvæmdastjóri Frjálshyggjufélagsins og hagfræðinemi. Grein þessi er í raun ágætt dæmi um rök bakradda Hannesar. Höfundur lýsir í upphafi furðu sinni á aðförinni að Hannesi Hólmsteini og segir síðan: „Áðurnefndir fræðimenn settu sig á háan stall þar sem útsýnið var ágætt meðan það varði. Sleipur reyndist stallurinn og varð fallið talsvert þegar Hannes kom heim og sló öll vopn úr höndum hinna svokölluðu fræðimanna og gagnrýnenda sem ráðist höfðu að verkinu að honum fjarverandi.“¹

Talsmenn Hannesar tóku fljótlega eftir blaðamannafundinn 8. janúar að hamra á því að Hannes hefði náð að jarða alla gagnrýnendur sína með rökfimi sinni. Máli sínu til stuðnings nota þeir rökin um *allsherjartilvísunina*: „Greinargerð sem Hannes ritaði eftir heimkomu sína fer með skýrum hætti yfir allar ásakanir sem komið höfðu fram og er þeim svarað í smáatriðum. Í greinargerðinni eru m.a. dregin fram þau rök sem hinir svokölluðu fræðimenn slepptu í herför sinni. Skýrt er tekið fram í eftirmála bókarrinnar hvernig vinnslu heimilda var háttað og með hvaða hætti bókin var rituð.“ Höfundur bendir síðan á að gagnrýnendur hafi gert tilraun til að „blekkja fjölmiðla og almenning með ósannindum“. Enn og aftur er Hannes gerður að fórnarlambi ofstækisfullra öfgamanna: „Klárlega er því um að ræða aðför að persónu Hannesar fremur en skrifum“ og í efa er dregið að þetta fólk standist þær kröfur sem ætti að gera til háskólakennara. „Atlaga vinstrimanna Háskólans að Hannesi hefur því enn og aftur mistekist“, sagði hinn vígreifi ungi frjálshyggjumaður Friðbjörn Orri í grein sinni.

Ógn og valdbeiting – Fréttastofur dagblaða og annarra fjölmiðla veltu því nokkuð fyrir sér snemma í janúarmánuði hvernig stæði á því að Hannes

hafa tekið undir með þessum smásmugulega kór, en það ætlar að reynast vinstrimönnum erfitt að takast á við veruleikann af karlmennsku.“ Ragnhildur kallar síðan þau Þórunni Valdimarsdóttur, Viðar Hreinsson og Guðjón Friðriksson „hælbíta“ og hrósar Hannesi fyrir að mæta á blaðamannafund þeirra – blaðamannafund „hinnar heilögu þrenningar“. Jón Torfason svaraði síðan með annarri grein í byrjun febrúarmánaðar: Jón Torfason, „Almannafé II.“ *Morgunblaðið* 3. febrúar 2004.

1 Friðbjörn Orri Ketilsson, „Hólmsteinninn í götu vinstrimanna.“ *Morgunblaðið* 3. febrúar 2004.

gerði ekki tilraun til að verja sig strax og hinar þungu sakir voru á hann bornar. *DV* sagði til dæmis: „Eins og drepð var á í upphafi vekur nokkra undrun hversu seint Hannes ætlar að bregðast við gagnrýni þeirri sem nú er fram komin frá fólki eins og Gauta Kristmannssyni, Páli Baldvin Baldvinsyni og Helgu Kress. Þetta er einkennilegt ekki síst í ljósi þess að þegar afar mild gagnrýni Páls Björnssonar sagnfræðings birtist um Halldórs-bók hans í Kastljósi um miðjan desember, þá var Hannes fljótur að bregðast við.“¹ *DV* rakti síðan nokkur atriði úr ritdómi Páls sem rædd voru hér að framan og benti á að allt hefði þar verið hóflega sett fram en bætti síðan við: „En það kom þó ekki í veg fyrir hörð viðbrögð Hólmsteins. Á almannavitorði er innan Ríkisútvarpsins að Hannes hringdi umsvifalaust í Kastljóss-fólkið, kvartaði sáran undan þessari gagnrýni sem hann sagði órökstudda, og krafðist þess að Páll drægi orð sín til baka og bæði hann og Kastljósið bæðust opinberlega afsökunar á kritikinni sem væri afglöp hin mestu. Hannes mun hafa hringt í Pál sjálfan með sömu tilmælum.“² Hér er rétt með farið hjá *DV* og síst of mikið í frásögnina lagt. Páll sætti hótunum af hálfu Hannesar Hólmsteins sem hélt meðal annars lögmanninum fræga og prófessornum við Háskólann í Reykjavík, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, á lofti; Hannes fullyrti við Pál að hann hefði haft samband við lögmanninn og nú skyldi hann fara að vara sig.³ Hannes Hólmsteinn var spurður um þessa uppákomu í opnuviðtali í *Fréttablaðinu* við Kolbrúnu Bergþórsdóttur blaðamann eftir að hann var snúinn heim.⁴ Blaðamaður spyr: „Það fóru á kreik sögusagnir um að þú hefðir hringt í Pál Björnsson, gagnrýnanda Kastljóss, eftir gagnrýni hans á bók þína og hundskammað hann.“ Hannes svarar: „Ég hundskammaði hann ekki en ég hringdi í hann og spurði hann hvað hann hefði við bókina að athuga og hann sagði mér það. Það var hreinskilið samtal.“ Blaðamaður spyr á ný: „Finnst þér eðlilegt að rithöfundur hringi í gagnrýnanda eftir slæman dóm?“ Og Hannes svarar: „Já, vegna þess að ég var að spyrja hann hvað honum fyndist að bókinni og satt að segja fannst mér það sem hann tíndi til fremur smávægilegt. Ég vil hafa það sem sannara reynist og þess vegna vildi ég fá að vita hvað honum fyndist athugavert við bókina því það kom ekki skýrt fram í sjónvarpsþættinum.“ Enn spyr blaðamaður: „Áttu erfitt með að þola gagnrýni?“ Og Hannes bregst við á óvæntan hátt: „Nei, ég tek henni fagnandi vegna þess að ég held að öll mannanna verk

1 „Hannes heimitaði afsökunarbeiðni.“ *DV* 30. desember 2003.

2 „Hannes heimitaði afsökunarbeiðni.“

3 *Viðtal* Sigurðar Gylfa Magnússonar við Pál Björnsson 21. desember 2003 (*V*). Drepð var á þetta mál víða í fjölmiðlum til dæmis í *Fréttablaðinu*: [Smáfréttir], *Fréttablaðið* 6. janúar 2004.

4 „Lætin í kringum Hannes.“ *Fréttablaðið* 11. janúar 2004.

megi laga og bæta.“ Þess má geta að Páll tjáði mér í framhaldi af þessu máli að hann hefði aldrei lent í því fyrr á ferli sínum sem rýnir að höfundur hefði hringt í hann.¹ Sömu sögu hef ég heyrt frá öðrum sem unnið hafa sem gagnrýnendur fræði- eða fagurbókmennta; framkoma af þessu tagi er fáheyrð í heimi bókmennta og fræða þó svo að alþekkt sé skítkast í garð gagnrýnenda á opinberum vettvangi.

Bára Magnúsdóttir bókmenntafræðingur ritaði áhugaverða grein á menningarritið Kistuna (kistan.is) í kjölfar þess að „Stóra Hannesarmálið“ var komið í háamæli um miðjan janúarmánuð.² Bára, sem er fræðikona í ReykjavíkurAkademiunni, skynjaði þau áhrif sem framkoma Hannesar hafði á fólk í kringum Pál; menn voru felmtri slegnir. Bára ræddi í grein sinni um breytta framkomu höfunda í garð gagnrýnenda almennt og hvernig þeir gripu í auknum mæli til grófra aðgerða. Þó taldi hún að þeir legðu fæstir í vana sinn að hringja í viðkomandi og hafa í hótunum. Báru var mikið niðri fyrir í grein sinni og bentu á þá óheillabrait sem umræða um fræði og listir væri komin á. Og óhætt er að segja að dæmin séu mýmörg frá síðari árum.

„Stóra Hannesarmálið“ átti eftir að draga skýrt fram stöðu samtímaumræðunnar, það einkenni hennar að ganga í skrokk á þeim sem gerðust svo djarfir að gagnrýna valdhafa; í þetta skiptið viðhengi valdsins, Hannes Hólmstein. Allt „djöfullegt“ var fundið til, en allra helst var hermt upp á hópinn að hann tilheyrði vinstrisinnuðum menningarvitum sem væru ekki í sambandi við fólk í landinu (öfugt við Hannes Hólmstein Gissurarson). Bára Magnúsdóttir kemst svo að orði um þennan þátt málsins:

Það er ekki úr félagslegu eða menningarlegu tómarúmi sem þessar hugleiðingar mínar eru sprottnar. Um þessar mundir geisar fár mikið vegna ævisöguritarar og aðferða hans, eða skort á aðferðafræðilegri samkvæmni, og er það í sjálfu sér jákvætt – það er að aðferðafræði séu umrædd og umdeild. Hitt, og það þykir mér verra, er að fylgjast með því, enn eina ferðina, að þau sem vöguðu sér að gagnrýna verði sjálf skotspæninir og þeim fundið allt til foráttu.³

Á mannamótum í janúarmánuði 2004 var um fátt meira rætt en þessa upphákomu alla; gífuryrðin og á stundum svívirðingarnar í garð gagnrýnenda vöktu undrun. Aðeins ein hugmynd virtist liggja að baki þessari orðræðu,

1 *Viðtal* Sigurðar Gylfa Magnússonar við Pál Björnsson 1. janúar 2004 (V).

2 Bára Magnúsdóttir, „Staða gagnrýnandans á tíma fjölmiðlavæðingarinnar.“ Kistan.is í kví sem nefnist „Pistlar“.

3 Bára Magnúsdóttir, „Staða gagnrýnandans á tíma fjölmiðlavæðingarinnar.“

en hún byggðist á því að hrella og hræða hvern þann sem hafði hug á að gefa sig fram og ræða málið. Fólk skyldi átta sig á að ef það opnaði munninn yrði því svarað og í engu hlíft. Hannes gefur til dæmis í skyn í viðtali við *Morgunblaðið* að nú hafi hann snúið sér að Helgu Kress þar sem hann ætli sér að kanna verk hennar sérstaklega.¹ Páll Björnsson sagði í samtali við mig að eitt af því sem Hannes hefði hótað sér þegar hann hringdi heim til hans eftir gagnrýnina í *Kastljósi* væri að hann myndi snúa sér að verkum hans til að leita að „villum“. Bað hann Pál meira að segja um að tilgreina hvaða eigin verki hann væri stoltastur af!²

Svo rammt kvað að þessum munnsöfnuði á opinberum vettvangi að leiðari *Morgunblaðsins* tók efnið upp 26. janúar 2004:

Morgunblaðið hefur áður vakið máls á því, að opinberar umræður á Íslandi fari ekki fram með þeim málefnalega hætti, sem hægt er að krefjast af jafn vel menntaðri og upplýstri þjóð og við Íslendingar erum. Ástandið í þessum efnum fer síversnandi eins og nýleg dæmi sýna og er meira að líkjust þeim tón, sem einkenndi opinberar samræður manna á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldarinnar. Þrátt fyrir allt urðu umræður manna í milli á opinberum vettvangi málefnalegri og kurteislegri og upp úr miðri síðustu öld en nú sígur stöðugt á ógæfuhliðina.³

Hér skal tekið undir hvert orð. Vissulega hefur samtímaumræðan þróast þannig að allt sanngjarnt og áhugasamt fólk um þjóðfélagsmál hlýtur að líta kvíðafullt til framtíðarinnar. Hið menningarlega umhverfi samræðunnar í „Stóra Hannesar málinu“ hvetur sannarlega ekki til opinna og hreinskiptinna skoðanaskipta, þvert á móti nota þeir sem haslað hafa sér völl í þjóðfélaginu tækifærið til að leika andstæðinga grátt með bolabrögðum og svívirðingum.⁴ Tími hræðslunnar var runninn upp.

1 „Andlátsfregnirnar ýktar.“ *Morgunblaðið* 17. janúar 2004.

2 *Viðtal* Sigurðar Gylfa Magnússonar við Pál Björnsson 21. desember 2003 (V).

3 „[Leiðari] Umræðuhættir.“ *Morgunblaðið* 26. janúar 2004. Það skal tekið fram að leiðari blaðsins var einnig saminn í framhaldi af grófum ummælum þingmanns í garð samborgara sinna á spjallrás á netinu.

4 Gott dæmi um þetta er svar Hannesar Hólmsteins við málefnalegri grein Gauta Kristmannssonar. Aðferð Hannesar byggist á því að lítillækka viðmælanda sinn og draga úr trúverðugleika hans: „Gauti Kristmannsson skrifar grein hér í blaðið í gær, miðvikudaginn 14. janúar. Hann er aðjúnkt í þýðingafraeði við Háskóla Íslands og hefur ritdæmt ýmis bókmenntaverk fyrir Viðsjá í Ríkisútvarpinu. Ævisaga mín um Halldór Kiljan Laxness er eina ævisagan, sem hann ritdæmdi í þættinum, svo að ég viti. Enginn getur haldið því fram, að hann sé sérfróður um ævisögur, enda hefur hann aldrei ritað neina slíka sögu sjálfur. Raunar liggur ekki annað eftir hann, ef marka má skrá þjóðarþóklöðunnar, en örfáar ritgerðir um þýðingar.“ Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Ein fjöður orðin að fimm hænum.“ *Morgunblaðið* 15. janúar 2004.

Morgunblaðið þegir – Þegar hér var komið sögu, eða vel fram í síðari hluta janúarmánaðar, gerði ég mér ljóst að umræðan var komin út á mjög ein-kennilega braut. *Morgunblaðið* hafði birt mikið af aðsendum greinum, en nánast ekkert lagt til málanna sjálft frá því að frásögn Gunnars Hersveins birtist af blaðamannafundinum í ReykjavíkurAkademíunni 12. janúar. Í raun má segja að frétttaflutningur blaðsins af þeim fundi hafi verið eina eiginlega umfjöllun blaðsins um allt málið að frátaldri frásögn af blaðamannafundi Hannesar sjálfs 8. janúar. Hafa verður í huga að þjóðfélagið logaði á þessu tímabili í umræðum út af þessu máli og nær allar fréttastofur annarra dagblaða og ljósvakamiðla lögðu nokkurn metnað í að fjalla um ólíkar hliðar þess. *Morgunblaðið* birti hins vegar nær eingöngu aðsendar greinar en þagði sjálft. Þetta vakti undrun mína þegar tillit er tekið til þess að almenningur vissi greinilega ekki hvaðan á sig stóð veðrið í þessu máli nær allan janúarmánuð. Mannafli *Morgunblaðsins* er slíkur að auðvelt hefði verið fyrir blaðið að setja sig inn í málið, fá umsagnir dómbærra manna (sem þögnuð þunnu hljóði af augljósum ástæðum) og skýra út fyrir almenn- ingi að hætti upplýsts fjölmiðils um hvað málið snerist. Engin skýring er á þessari afstöðu blaðsins og athyglisvert er að meta Reykjavíkurbréfið sem ég fjallaði um í upphafi kaflans í þessu ljósi. Eftir stendur stóra spurning- in: Af hverju þagði *Morgunblaðið*?

DV sem lengi vel sinnti málinu af talsverðum krafti missti áhugann þegar leið á janúar og „rökræðan“ varð einsleitari. Blaðinu mistókst að mestu að fá háskólayfirvöld og fræðasamfélagið til að tjá sig, fáir virtust vilja stíga fram og lenda í skítkastinu. *DV* einbeitti sér að öðrum anga „Stóra Hannesarmálsins“ sem ég mun ræða hér síðar. *Fréttablaðið* var eins og *Morgunblaðið* úti á þekju hvað umfjöllunina varðar en birti þó af og til aðsendar greinar um efni deilunnar. Ljósvakamiðlarnir fjölluðu ítarlega um málið áður en Hannes lagði fram greinargerð sína og einnig eftir það og margt af því var upplýsandi. En síðar hvarf málið af dagskrá þeirra. Þegar á heildina er litið verður að teljast frekar dapurlegt til þess að vita að fjölmiðlar á Íslandi skuli ekki hafa burði til að rífa sig frá hagsmunum utanaðkomandi fólks og gegna hlutverki sínu af metnaði.

Jakobs saga Ásgeirssonar – Enn er eftir að greina frá óvenjulegasta þætti þessa máls en það eru skrif Jakobs F. Ásgeirssonar, ævisöguritara með meistarapróf í stjórnmálafræði frá Oxford-háskóla á Englandi. Jakob hefur eins og fram hefur komið í þessari bók ritað nokkrar ævisögur og endur- minningarit sem hafa komið út á síðari árum. Athygli vakti þegar bók hans um Valtý Stefánsson, ritstjóra *Morgunblaðsins*, var tilnefnd til bók-

menntaverðlauna um leið og bókina *Halldór* eftir Hannes Hólmstein. Árvakur, útgáfufélag *Morgunblaðsins*, kostaði útgáfu og vinnslu bókarinnar sem er töluverð að vöxtum.

Jakob, sem áður var útgáfustjóri Nýja bókafélagsins, hafði um nokkurt skeið ritað pistla á hálfsmánaðar fresti í vikuritið *Viðskiptablaðið*. Það hafði vakið athygli lesenda blaðsins að hann átti það til að vera afar óvæginn í skrifum sínum og fræg eru til dæmis skrif hans frá árinu 2002 um Bjarna Ármannsson, bankastjóra Íslandsbanka, sem voru ólík öðru sem sést hafði á prenti í langan tíma. Sérstaklega var það hið grófa orðbragð og hinar rakalaus ávirðingar sem undrun vöktu. Jakob gerði útlit Bjarna meðal annars að umfjöllunarefni, nánar tiltekið hárgreiðslu hans! Umfjöllunarefnið tengdist kynningarbæklingi frá „Sameinaða líftryggingarfélaginu“ sem Jakobi barst í hendur, en hann prýddi mynd af Bjarna. „Hún lýsti gerviheimi –,“ upplýsti Jakob lesendur sína, „vatnsgreiðslan og fínu fötin – og stirðnað brosið gat ekki falið kuldann og hörkuna sem þarf til að komast á toppinn í fjármálaheiminum. Og að minnsta kosti hjá þessum viðtakanda var Bjarni Ármannsson holdgervingur margs þess sem óviðfeldnast hefur verið í íslensku fjármálalífi á [sic] undanfögnu.“¹ Í framhaldinu ræðst hann á Bjarna fyrir sakir sem bæði eru óljósar og í gróusagnastíl. Jakob virtist þarna hafa verið farinn að tileinka sér orðbragð og hugsun sem samtímaumræðan hafði verið laus við um nokkurt skeið.

Hinn 10. desember, nokkru áður en „Stóra Hannesarmálið“ komst á varir allra landsmanna og stuttu eftir að þeir félagarnir, Hannes og Jakob, voru tilnefndir til bókmenntaverðlauna fyrir verk í flokki fræðibóka og verka almenns eðlis, birtist grein í umræddu *Viðskiptablaði* sem bar heitið: „Verðlaun rauðu handarinnar?“² Texti Jakobs snerist um tvennt: Í fyrsta lagi að draga fram það pólitíska yfirbragð sem var á nefndunum þremur sem komu að úthlutun bókmenntaverðlaunanna en um leið veittist hann að nokkrum höfundum sem höfðu hlotið sama heiður og þeir Jakob og Hannes, að vera tilnefndir til verðlaunanna. Í öðru lagi mærir Jakob verk Hannesar og hefur það upp til skýjanna sem lýsandi dæmi um vandað öndvegisverk. Rétt er að í nefndum um bókmenntaverðlaunin sátu þrír stjórnmálamenn; í nefndinni sem tilnefndi fagurbókmenntir sátu í fyrsta umgangi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar (og sagnfræðingur), og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs (og íslenskufraðingur). Í lokanefndinni sátu svo þau

1 Jakob F. Ásgeirsson, „Siðferði forstjóranna.“ *Viðskiptablaðið* 13. nóvember 2002.

2 Jakob F. Ásgeirsson, „Verðlaun rauðu handarinnar?“ *Viðskiptablaðið* 10. desember 2003.

Ingibjörg Sólrún og Ragnar Arnalds, fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins sem skipaður var af forseta Íslands. Loks var Snorri Már Skúlason, fréttamaður (og sagnfræðingur), einnig í þeirri nefnd. „Í ár hafa hlotist nokkrar deilur um val á tilnefningum í fagurbókmenntaflokknum, enda fengu bækur nokkurra fyrirferðamikilla og vinsælla höfundar ekki náð fyrir dómnefndinni“, segir Jakob í umræddri grein og heldur áfram:

Friður sýndist hins vegar um tilnefningar til flokks fræðibóka og bóka almenns efnis. Miklu ræður þar um að í dómnefnd þess flokks sat fólk sem ekki ríkti óeiningu um.

Snorri Már Skúlason, Salvör Nordal og Ólafur Þ. Harðarson eru öll hófsamt fólk í skoðunum og standa utan við hefðbundnar klíkur í menningar-geiranum.

Hér var máli nokkuð hallað því að í raun kvað lítið að óeiningu um val í fagurbókmenntaflokkinn þar sem stjórnámálamennirnir réðu ríkjum, en á daginn kom að liðsmenn hópsins sem valdi í flokk fræðibóka og bóka almenns efnis, sem Jakob mærir svo mjög, áttu frekar undir högg að sækja þegar leið á desembermánuð. Það hefur trúlega reynst þeim erfitt að rökstyðja val sitt eftir að fræðimenn sem um bók Hannesar fjölluðu höfðu komið auga á óvönduð vinnubrögð höfundar. Bók Jakobs fékk einnig nokkra gagnrýni, til dæmis hjá Páli Björnssyni sagnfræðingi. Það vekur sannarlega athygli að Jakob skuli í fyrsta lagi hæla nefndinni sem valdi hann sjálfan og gera tilraun til að benda á einhvern ágreining sem enginn kannast við um valið í hinum flokknum. Í öðru lagi kom það á óvart í framhaldi af þessari umræðu Jakobs hvernig hann veittist að öðrum höfundum sem tilnefndir voru með honum til bókmenntaverðlaunanna. Einar Kárason rithöfundur og Guðjón Friðriksson sagnfræðingur fá þar á baukinn og munu engin fordæmi vera fyrir smekkleysu af þessu tagi í sögu bókmenntaverðlaunanna. Rök Jakobs byggðust á þeirri vissu að fólkið sem tók sæti í nefndinni myndi aldrei láta sér til hugar koma að veita honum, Jakobi, „sem hef skrifað fjölda árásargreina gegn henni [Ingibjörgu Sólrúnu]“ eða Hannesi Hólmsteini þessa viðurkenningu. „Auðvitað ættum við Hannes Hólmsteinn að draga bækur okkar til baka fyrst svona er í pottinn búið. En sjálfur er ég íhaldsmaður af gamla skólanum og ekki gefinn fyrir veisluspjöll.“

Lengi má manninn reyna, var einu sinni sagt. Ég veit ekki til hvaða ráða Jakob hefði gripið ef hann hefði sett sér það markmið að spilla veislu bóka-fólks. En þessi grein fór langt með það. Sjálfur sá ég ekki greinina fyrr en á milli jóla og nýárs. Þá var „Stóra Hannesarmálið“ komið á hvers manns

varir og í því ljósi vakti síðasti hluti greinar Jakobs eftirtekt. Hún var nefnilega mikill lofsöngur um bók Hannesar, sérstaklega kafli sem hann nefndi „Uppreisn Hannesar“. Jakob rekur lætin í kringum lokun handrita Halldórs Kiljans í handritadeild Landsbókasafns og lýsir því réttilega yfir að fáir hefðu búist við að bókin yrði tilnefnd: „Rithöfunda á að dæma af verkum sínum, Hannes Hólmstein sem aðra. Dómnefndin í fræðibókaflokknum á heiður skilið fyrir að hafa gert nákvæmlega það og látið úlfaþytinn um höfundinn ekki hafa áhrif á sig.“ Og í framhaldi heldur Jakob F. Ásgeirsson áfram umfjöllun sinni um Hannes Hólmstein og verk hans:

Það er nefnilega auðvelt að hrífast af bók Hannesar. Hún er svo læsileg og segir svo merkilega sögu. Þá fjallar Hannes af tilhlýðilegri virðingu og samúð um söguhetju sína. Í ljósi bókarinnar verður aðförin að höfundinum ekki aðeins fyrirlitleg heldur líka aumkunarverð og hjákátleg.

Ég vil minna á að þessi grein birtist 10. desember eða rúmum tíu dögum áður en „bomburnar“ féllu. Greinin var sú fyrsta af fjórum sem Jakob ritaði um málið í desember 2003 og janúar 2004. Næsta grein birtist á Þorláksmessu, nokkrum dögum eftir að Páll Björnsson sagnfræðingur hafði flutt gagnrýni sína í *Kastljósi* um bækur þeirra Jakobs og Hannesar. Jakob lýsir aðstæðum á eftirfarandi hátt:

Í hugann kemur mynd af pari nokkru í sjónvarpinu að ræða um nýútkomnar fræðibækur. Það stafaði ekki þokka af þessu pari. Maðurinn óuppdraginn fýlulyntur sagnfræðingur sem er svo þjakaður af eigin getuleysi að hann horfir stöðugt í gaupnir sér og konan alræmt tálkvendi í munni almennings. Allt var tal þessa pars eins og við var að búast á neikvæðum nótum, það dæmdi bækurnar eftir innræti sínu og var þar marga ára starf rithöfunda vegið og léttvægt fundið á örfáum mínútum.¹

Enn kom Jakob fólki í opna skjöldu, ekki með frumlegum eða skörpum athugasemdum heldur þvert á móti með svívirðingum og dylgjum, eða eins og leiðari *Morgunblaðsins* benti á síðar og rætt var um framar í þessum kafla: Ummæli sem eiga sér fá fordæmi.

Nú var eins og fólk vaknaði til vitundar um hvað væri á seyði. Það var í raun sérkennilegt að verða vitni að viðbrögðum fólks við lestur greinar Jakobs, fyrirlitningin var svo megn að fæstir náðu að hylja hneykslan sína. Ástæðan er trúlega sú að allt upplýst fólk taldi að tími þessarar orðræðu væri liðinn. Jakob var aldeilis ekki á þeirri skoðun:

1 Jakob F. Ásgeirsson, „Af ritdómurum og kaldastríðsstimpli.“ *Viðskiptablaðið* 23. desember 2004.

Til að þagga niður í mönnum sem vilja skýra rétt frá gangi máli [sic] á kaldastríðsárunum, svo sem Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra, er óspart notaður kaldastríðsstimpillinn sem þokkaparið í Kastljósinu var með á lofti. Björn var lengi uppnefndur „kaldastríðsritstjórinn“ af fólki sem treysti sér ekki til að horfast í augu við fortíð sína á kaldastríðsárunum. Einmitt þess vegna er kaldastríðsstimpillinn í rauninni gæðastimpill. Það má orðið treysta því að ef höfundur fær á sig kaldastríðsstimpilinn að hann er að segja satt og rétt frá um kalda stríðið.

Hér slær Jakob á merkilega strengi þar sem hann ræðir skilin milli góðs og ills, sannleika og lyga. Hann átti síðar eftir að gera þessum andstæðupörum frekari skil og grafast þá, hvorki meira né minna, fyrir um eðli þeirra. En skoðanaskipti „hins óyndislega pars í *Kastljósinu*, sagnfræðingsins fúllynda og þáttastjórnandans sem lagði illt eitt til“, um bókina um Valtý, voru örugglega ekki það eina sem fór í taugarnar á Jakobi. Dómur Páls gaf engan veginn tilefni til jafn ofsafenginna árása. Það rann hins vegar upp fyrir mér að ástæða þess að hann hóf hinar hömlulausu persónuárásir á þau Pál Björnsson og Svanhildi Hólm Valsdóttur væri að öllum líkindum sú að Páll, sem er fyrrverandi formaður Sagnfræðingafélags Íslands og með doktorspróf í sagnfræði, ritdæmdi árið 2002 í tímaritinu *Sögu* safn af gömlum greinum Björns Bjarnasonar. Greinarnar voru frá blaðamannaferli Björns á *Morgunblaðinu* og fjölluðu um kalda stríðið.¹ Páll gaf verkinu sannarlega fall-einkunn sem almennu heimildariti og eitt af því sem honum finnst verkið líða fyrir var einstrengisleg afstaða Björns í kalda stríðinu.² Hann ræddi einstakar greinar og benti á sérlandaða afstöðu Björns til manna og málefna. Á köflum er gagnrýni Páls háðsk og hvöss. Í öðru lagi gagnrýndi Páll ritstjórn verksins, hvernig staðið hefði verið að gerð bókarinnar og framsetningu. Og ritstjóri hennar var enginn annar en Jakob F. Ásgeirsson! Hér kemur því samhengið í kaldastríðsgrein Jakobs í *Viðskiptablaðinu*. Björn Bjarnason var heldur ekki langt undan í þessari samtímaumræðu í svartasta skammdeginu eins og vikið verður að hér á eftir.

Enn eina ferðina urðu lesendur vitni að því að höfundar eða aðstandendur bóka sýndu gagnrýnendum í tvo heimana. Það er vægast sagt dapurlegt til þess að vita að ofsóknir af þessu tagi skuli vera látnar líðast og birtar í blaði eins og *Viðskiptablaðinu*. En trúlega skiptir mestu máli að blaðið selst ef nóg er hamast á nafnkunnum einstaklingum.

1 Björn Bjarnason, *Í hita kalda stríðsins. Greinar og ritgerðir*. Ritstjóri Jakob F. Ásgeirsson (Reykjavík, 2001).

2 Páll Björnsson, „[Ritdómur], Björn Bjarnason, Í hita kalda stríðsins.“ *Saga* 40:2 (2002), bls. 295-301. Ritstjóri heldur því fram í formála bókarinnar að verkinu sé ætlað að þjóna sem almennu heimildariti um utanríkis- og varnarstefnu.

Næsta grein Jakobs snerist eingöngu um Hannes Hólmstein Gissurarson og að sjálfsögðu gagnrýnendur ævisögunnar um Halldór Kiljan Laxness. Hafa ber í huga að greinin birtist daginn áður en Hannes sjálfur hóf hina eiginlegu vörn sína með blaðamannafundinum 8. janúar.¹ Hér var því sleginn tónn sem síðar átti eftir að hljóma í fjölmörgum greinum sem birtar voru í kjölfar greinargerðar Hannesar Hólmsteins og ræddar hafa verið hér að framan. Jakob hefur skrif sín á þeim orðum að verk Hannesar Hólmsteins hafi hitt í mark og ekki hafi verið hægt að gagnrýna verkið af neinu viti: „Í örvæntingu sinni hengja þeir hatt sinn á heimildanotkun Hannesar. Úr skúmaskotum Háskóla Íslands spretta fram í dagsljósið fótnótufræðingar tveir, Helga Kress og Gauti Kristmannsson, og heyrja á Hannes í nafni fræða sinna. Þeim finnst ekki vera nógu margar fótnótur í bók hans!“ Óþarft er að rekja orðræðu Jakobs, hún er aðeins merkileg fyrir það að hér mátti lesa þau rök sem bakraddakór Hannesar Hólmsteins átti eftir að hamra á. „Til að útbýja [sic] ekki bók sína í tilvísunarnúmerum“, segir Jakob í grein sinni, „brá Hannes á það ráð að vísa ekki alltaf með skipulegum hætti í þær heimildir sem hann notaði mest, heldur geta þeirra sérstaklega í eftirmálariðis síns, svo sem verið hefur háttur fræðimanna og rithöfunda bæði fyrr og síðar.“

Jakob fer vísvitandi með staðleysu hvað fræðimenn varðar. Enginn fræðimaður sem hefur áhuga á að láta taka sig alvarlega lætur vera að greina á milli eigin texta og texta annarra. Það brýtur gegn öllum reglum sem Jakobi F. Ásgeirssyni hafa verið kenndar í framhalds- eða háskólum, eins og öllum öðrum nemendum á sömu skólastigum um allan heim. Það er í raun ekki meira um þetta að segja. En hér má einnig greina hugmynd Jóns Steinars Gunnlaugssonar um furðufyrirbærið *allsherjartilvísun*. Jakob leggst í raun ótrúlega lágt með þessum rökum því ég er fullviss um að hann veit betur.

Næsti hlekkur í rökum Jakobs er að verk Hannesar sé ætlað almenningi en sé ekki prófritgerð í bókmenntafræði í háskóla. Þessi sömu rök komu fram í greinargerð Hannesar Hólmsteins daginn eftir og áttu eftir að bergmála í öllum greinum honum til stuðnings. Hinir margverðlaunuðu ævisagnahöfundar í ReykjavíkurAkademíunni gerðu góðlátlegt grín að þessum greinarmun og bentu réttilega á að þeir sæju nákvæmlega engan mun á að skrifa fyrir almenning eða fræðiheimum. „Ástæða er til að benda á“, segir Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur í Lesbókargrein í *Morgunblaðinu*, „að frágangur heimilda í fræðiriti (gæsalappir, tilvísunarnúmer, aftanmálsgreinar, heimildaskrá, o.s.frv.) er fyrst og fremst mælikvarði á metnað,

1 Jakob F. Ásgeirsson, „Fótnótufræðingarnir og Hannes.“ *Víðskiptablaðið* 7. janúar 2004.

vandvirkni og markmið viðkomandi fræðimanns og þær áherslur sem bókaforlag vill leggja með útgáfu sinni.“¹ Ég hygg að hér sé komið inn á kjarna málsins. Ef fræðimenn og höfundar ævisagna hafa ekki þann metnað til að bera að ganga frá textum sínum með þeim hætti að lesandinn geti rakið úrvinnsluna, þá fellur verkið í verði. Það er ekki þar með sagt að allir lesendur hafi löngun til þess sama, sumum nægir hrár textinn – að fá góða sögu sem hangir einfaldlega saman. Þetta er alþekkt úr þjóðlegum fróðleik eins og rakið hefur verið hér að framan. En metnaðarfullur höfundur, hvað þá vísindamaður og háskólaprófessor, hlýtur að gera þær kröfur til sjálfs sín að lesendur geti rakið heimildir hans, að verkið sé „gagnsætt“ eins og Viðar Hreinsson komst að orði á blaðamannafundinum í ReykjavíkurAkademíunni. En Jón Karl benti á fleira í þessu sambandi:

Höfundalög taka til mun víðara sviðs, en í þeim segir meðal annars: „Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni“ (4. gr.). „Heimil er tilvísun í birt bókmenntaverk ... ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið“ (14. gr.). Þessi lög gilda jafnt um fræðilega texta sem skáldverk og allt þar á milli.

Þannig endar Jón Karl afar athyglisverða grein og varla er hægt að setja umræðuna um allsherjartilvísunarhugmyndir Jakobs, Hannesar, Jóns Steinars og fylgifiska í skýrara samhengi. Umfjöllun þeirra um verk Hannesar er ekki í samræmi við lágmarkskröfur sem fræðiheimumurinn gerir til metnaðarfullra verka. Á móti má á ný minna á orð Egils Helgasonar blaðamanns sem spurði: „Hvers vegna má Hannes Hólmsteinn ekki skrifa vonda bók?“ Og svari hver sem vill.

Það sem er merkilegast við eignaupptöku Hannesar á textum annarra (sérstaklega Laxness og Hallbergs) er að þeir sem vörðu Hannes með kjafti og klóm hafa ásamt Hannesi Hólmsteini sjálfum verið hörðustu talsmenn eignarréttarins hér á landi og um leið svarnir andstæðingar sameignarréttarins. Það má í einhverjum skilningi segja að nær öll pólítík þessa hóps hafi byggst á frelsi fólks til að eignast hluti og efni sem eru í boði á hinum almenna markaði og rétti þess til að nýta sér það sem þannig er fengið í sína eigin þágu eða selja öðrum aðgang að því. En nú bregður svo við að lögvarin höfundarverk eru sögð allra manna gagn: „Varðandi rannsóknir ann-

1 Jón Karl Helgason, „Hliðstæður og andstæður.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 10. janúar 2004.

arra fræðimanna sem Hannes nýtir sér“, segir Jakob F. Ásgeirsson, „má ekki gleyma að það á enginn eignarrétt á hugsun eða orðalagi.“ Þetta er algjörlega ný lagaskýring í höfundarrétti og kemur sannarlega úr óvæntri átt. Og Jakob heldur áfram að greina lesendum *Viðskiptablaðsins* frá því hvernig fara eigi með eignarréttinn: „Hannes hefur eins og aðrir fullt frelsi til að notfæra sér almennar staðreyndir í skrifum sínum. Og hugsun getur fyrir löngu verið orðin almenningseign þótt nafngreindur maður hafi fyrst bent á hana í ritgerð endur fyrir löngu.“ Öll þessi orðræða er með miklum ólíkindum og veldur vægast sagt heilabrotum. Það eru jú engir aukvisar sem halda uppi vörnum af þessu tagi. Í fyrsta lagi tveir prófessorar í stjórnmálafræði og lögfræði, og annar þeirra meira að segja með doktorspróf í fræðum sínum, og þriðji fræðimaðurinn með meistaraþráðu í stjórnmálafræði frá virtum háskóla á Englandi. Hvar skyldi fræðilegan metnað þeirra vera að finna?

Hetjudáð eða fifldirfska? – Engum blöðum er um það að fletta að aðferð Jakobs F. Ásgeirssonar, og þeirra sem fylgdu í kjölfar hans og Hannesar, náði tilætluðum árangri. Sárafair úr háskólasamfélaginu létu í sér heyra. Næstum hvar sem maður kom furðaði fólk sig á rökleysu Hannesar, Jakobs og félaga, en fáir höfðu áhuga á að láta draga sig niður í „hlandforina“ sem Sverrir Hermannsson talaði um í grein sinni í *Morgunblaðinu*. Hræðsluaðferðin virkaði því vel. Hver vill láta nefna sig „sagnfræðinginn fúllynda“, „alræmt tálkvendi“, „þáttastjórnandann sem lagði illt eitt til“, „þokkapar“, eða að spyrða sig saman við „gáfumannafélag vinstrisinna“, með „elítumönnum“ og svo framvegis. Heiðarlegt fólk sem hefði hugsanlega haft áhuga á að taka til máls, til dæmis vegna þess að lífsstarf þeirra við háskóla eða í þágu almennings var fótum troðið í þessari orðræðu, hikaði við að lenda í rógskvörninni. Og láí þeim hver sem vill.

En hugumstórir menn finnast enn á landi hér. Dr. Guðni Elísson, bókmenntafræðingur og háskólakennari í sama fagi, ritar reglulega pistil í *Lesbók Morgunblaðsins* um fjölmiðla. Í einum slíkum spurði hann: „Hvar drögum við mörkin?“¹ Guðni gerði grein fyrir efni greinar Jakobs sem rakin var hér að framan og furðaði sig á hinum heiftarlegu viðbrögðum í garð Páls Björnssonar sem hafði felld fremur hófstílltan dóm um bækur Jakobs og Hannesar. „Ekkert í dómi Páls gefur tilefni til þess heiftúðuga reiðilesturs sem Jakob dembir yfir lesendur *Viðskiptablaðsins*“, segir Guðni. Hann bendir jafnframt á að Jakob sæki rök sín í margþvælda orð-

1 Guðni Elísson, „Hvar drögum við mörkin?“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004.

ræðu um stöðu gagnrýnenda, „[...] að þeir sem fjalli um bækur séu allir misheppnaðir rithöfundar, sagnfræðingar og bókmenntafræðingar „sem þrátt fyrir mikinn vilja og risavaxið egó er með öllu fyrirmunað að skrifa bækur sem almenningur vill lesa en fá útrás fyrir mislukkun sína og vanmáttakennd með því að gagnrýna bækur höfunda sem geta skrifað“.

Niðurstaða Guðna er þessi: „Skrif hans [Jakobs] afla honum varla trausts því hann hefur tekið upp þann leiða ósið *Íjóðviðjans* að uppnefna fólk og svívirða þegar honum mislíkar eitthvað.“ Lesendur *Morgunblaðsins* þurftu ekki að bíða lengi eftir viðbrögðum Jakobs. Tveimur dögum síðar birti hann svar við grein Guðna þar sem innihaldið var að hann þyrfti ekki að biðjast afsökunar á orðum sínum, þar væri allt eins og það ætti að vera og umræddir aðilar hefðu unnið til. En síðan snýr hann sér að Guðna sjálfum með engum smávægilegum ákúrum. Hann er nefnilega maður sem „siglir undir því falska flaggi að vera „hlutlaus“ póstmóðernískur athugandi. Í raun er hann harðsvíraður „Samfylkingarkrati“ [...].¹ Verra gat það nú varla verið. Hér þykist Jakob fljótur að greina aðalatriðin frá aukaatriðunum, það geti ekki verið að maður sem ryðst fram með þeim hætti sem Guðni gerir hafi neitt annað að leiðarljósi en „harðsvíraða“ pólitík. Það sem verða er, maðurinn er líka póstmóðernisti, sem sagt úlfur í sauðargæru. Athyglisvert er að þessi orðasenna átti sér stað samhliða öðrum umræðum í opinberum fjölmiðlum sem ég hef rætt hér fyrir í kaflanum. Það er því ljóst að þunginn var mikill um miðjan janúarmánuð og stóryrði stuðningsmanna Hannesar voru ekki spöruð.

Fjórði pistill Jakobs í *Viðskiptablaðinu* skýrði enn betur hvað hann var að fara í sambandi við hið illa innræti Guðna Elíssonar. Þar beindi hann sjónum sínum að hinu voðalega fólki sem hann taldi vera póstmóðernista. Og hvar var þennan hóp að finna? Jú í skúmaskotum Háskóla Íslands en aðallega eru þar þó á ferð „nokkrir fræðimenn í hugvísindadeild“ skólans, í ReykjavíkurAkademíunni, ásamt stjórnendum *Lesbókar Morgunblaðsins* og *Viðjár Rásar 1* í Ríkisútvarpinu.² Jakob gerir síðan grein fyrir því hvaða fólk þetta sé og kemst að þeirri niðurstöðu að söfnuðurinn sem fylli hóp póstmóðernista geti ekki dulið uppruna sinn með góðu móti: „En vinstri menn voru fljótir að ná vopnum sínum á ný [eftir fall Sovétríkjanna]. Ungt fólk sem áður hefði hneigst til marxisma fann svölun í hinum þökukenndu kenningum póstmóðernismans og ofstækisfulls femínisma, en hvort tveggja eru blóm á leiði marxismans.“ Hér hefur Jakob afhjúpað háskóla-

1 Jakob F. Ásgeirsson, „Vindhögg – í safnið.“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004.

2 Jakob F. Ásgeirsson, „Þörfin fyrir frjálslynt tímarit.“ *Viðskiptablaðið* 21. janúar 2004.

samfélagið og gagnrýnendur Hannesar Hólmsteins; allt eru þetta gamlir marxistar sem sigla undir fölsku flaggi og eiga sér aðeins einn draum, að koma höggi á heiðarlega hægrimenn.¹

Þegar ég segi „heiðarlegir hægrimenn“ vísa ég til greiningar Jakobs á „hneigðum fólks“ á vinstri vængnum. „Eðlisfar virðist ráða mestu um hvar fólk staðsetur sig í hinu pólitíska litrófi.“ Hér er enn ein frumleg kenning um stjórnmal og fólk komin fram á sjónarsviðið. Vinstrimenn eru illir, undirförlur og sviksamir að áliti Jakobs og eina leið þeirra er að dyljast í líki póstmóðernista og halda því meðal annars fram að öxullinn hægrí – vinstri sé liðin tíð. Þetta sé hins vegar tóm blekking póstmóðernismans, en honum lýsir Jakob „sem sjónhverfingum“. Og hann heldur áfram skilgreiningu sinni:

Fundin eru upp ný sjónarhorn og nýtt tungutak sem við fyrstu sýn gefa til kynna að inntak hefðbundinna viðfangsefna hafa breyst. En þegar hin „fjóla umræða“ hefur staðið um hríð á ráðstefnum ýmsum og klappfundum, í Víðsjá og Lesbókinni, blasir við að fátt eða ekkert hefur breyst nema „orðræðan“ sjálf. Gott dæmi um þetta eru staðhæfingar um að „hægri“ og „vinstri“ séu úrelt hugtök og að öll pólitík hafi horfið úr íslenskum menningarheimi með endalokum kalda stríðsins.

Þessi rök setja í samhengi hin ofsafengnu viðbrögð stuðningsmannaliðs Hannesar Hólmsteins í janúarmánuði. Verið er að berjast við „óvininn“ sjálfan – boðbera marxismans sem nú kemur fram undir öðru flaggi sem ekki er síður hættulegt: flaggi póstmóðernismans. *DV*, sem tók efni greinar Jakobs upp á innsíðu blaðsins, kemst að eftirfarandi niðurstöðu um röksemdafærslu hans: „Hér er Jakob í raun að segja að hann og skoðanabræður hans hafi gegnum tíðina ekki verið að berjast á móti röngum skoðunum, heldur móti röngu eðlisfari hjá hluta mannkynsins. Við hljótum að sjálfsgöðu að trúa því og treysta að það sé þá rétt hjá Jakobi að hann og meistari Hannes og Davíð og þeir strákarnir allir hafi betra „eðli“ heldur en þeir [sem] hneigjast kannski til örlítið ólíkra skoðana.“² Í stuttu máli sagt, umfjöllun hópsins snýst ekki um verk Hannesar Hólmsteins – gott verk eða slæmt, heiðarlega unnið eða óheiðarlega – heldur hvort menn vilja mæta

1 Þess má geta að Guðni Elísson ritaði grein þar sem hann svaraði Jakobi. Sjá: „Fimm dagar í Samfylkingunni.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 24. janúar 2004. Þar fjallaði hann nokkuð um póstmóðernismann og hvernig hann tengdist honum (ekki!). Ritstjóri *Lesbókarinnar*, Þröstur Helgason, gerir það sama að umfjöllunarefni í „Neðanmáls“-dálki sínum í blaðinu og bendir einfaldlega á sögulega þróun fræða á síðustu fimmtíu árum þar sem hugmyndir póststrúktúralista hafa haft gríðarleg áhrif. Sjá *Lesbók Morgunblaðsins* 31. janúar 2004.

2 „Jakob F. Ásgeirsson sker upp herör gegn eðli vinstri manna.“ *DV* 22. janúar 2004.

„vinstrapakkinu“ með oddi og egg; láta kné fylgja kviði og sýna það í réttu ljósi. Til þess að það gangi upp þarf að mati Jakobs „[v]andað, snöfurmanna-lega ritað og skemmtilegt ársfjórðungsrit um þjóðmál og menningu, með væna hægri slagsíðu,“ en samkvæmt Jakobi, „væri [það] þarft mótvægi við ofríki póstmódernistanna í íslenskri menningarumræðu.“¹

Og Jakob var ekki einn í heiminum frekar en Hannes Hólmsteinn!

Dómsmálaráðherrann – Jónas Jónsson frá Hriflu, dómsmálaráðherra og síðar formaður menntamálaráðs, hélt á sínum tíma hinar frægu „úrkyrnjunarsýningar“ eða „háðungarsýningar“ í lok fjórða áratugarins og í upphafi þess fimmta.² Þar stillti hann upp til sýnis á opinberum vettvangi verkum listamanna sem í dag eru nefndir „gömlu meistarnir“, rétt til þess að fólk áttaði sig á meintri úrkynjun þeirra. Fyrirmyndina sótti Jónas til þýskra nasista sem gripu til þessa sama ráðs til að afhjúpa hugsunarhátt eða bara „eðli“ gyðinga og annars óþjóðalýðs. Jónas vildi með afstöðu sinni beina sjónum fólks að hnignun samtímans, vara við úrkynjuninni.

Á jólaföstunni 2003 steig hinn einarði dómsmálaráðherra samtímans, Björn Bjarnason, í predikunarstól Grensáskirkju og varaði guðhrædda kirkjugesti við nýrri vá, sjálfum póstmódernismanum.³ Hann hélt með öðrum orðum sína „úrkyrnjunarsýningu“ á hugmyndafræði póstmódernismans fyrir kirkjugesti. Í ræðu hans kom þetta meðal annars fram þegar hann vitnar í heimild sína, Kristján Kristjánsson, heimspeking og prófessor við Háskólann á Akureyri:

„Ég hef reynt að skýra aðdráttarafl póstmódernismans með þrá fólks eftir kraftaverkum, leyndardómum og valdi í stað hversdagssanninda og frelsis. [...] Hatur póstmódernista á húnanisma og sameiginlegu manneðli, blástur þeirra á vonarglætuna um betri og skilningsríkari heim, fær mann hins vegar til að efast um að þeir séu upp til hópa góðir menn. Og er það ekki á endanum eina ófyrirgefanlega syndin?“⁴

1 Í ljós kom í þessari grein að Jakob er á höttunum eftir atvinnu því hann biðlar til framsækinnar hægri manna að standa að stofnun slíks rits og lætur jafnframt að því liggja að hann sé tilkippilegur til að stýra því.

2 Sjá til dæmis Anton Holt, „Deila listamanna og menntamálaráðs 1941-1942.“ B.A.-ritgerð frá Háskóla Íslands 1979 (*Lbs-Hbs*). Sjá einnig umfjöllun Eggerts Þórs Bernharðssonar, *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Síðari hluti (Reykjavík, 1998), bls. 432-436.

3 Björn Bjarnason, „Ábyrgð að vera maður. Aðventuræða í Grensáskirkju 30. nóvember 2003.“ Bjorn.is (*Véf*).

4 Björn Bjarnason, „Ábyrgð að vera maður.“ Bjorn.is (*Véf*). Tilvitnunina fékk Björn úr verki Kristjáns Kristjánssonar, *Mannkostir* (Reykjavík, 2003), bls. 239.

Björn telur að ljótt sé ef satt sé og leggur í ræðu sinni áherslu á að kristnir menn verði að halda vöku sinni gagnvart slíkum skrípaleik:

Hinn sígildi kristni boðskapur er aldrei gamaldags, nema menn hafni inntaki hans, leggi allt að jöfnu í ímyndaðri veröld, geri lítið úr hversdagsverkunum og þyki engu skipta að vera trúir yfir því, sem þeim er falið, gæta þess og rækta.

Aðventan gefur okkur tilefni til að skoða þetta allt sífellt í nýju ljósi en jafnframt viðurkenna óslitna þráðinn til barnsins í jötunni, sem vekur eftirvæntingu og von.¹

Og Jakob F. Ásgeirsson þurfti ekki frekar vitna við; póstmódernismann varð að stöðva.

Það merkilega við þessa óvenjulegu umfjöllun um póstmódernismann, sem enginn vissi hvaðan kæmi þegar Jakob fór að hafa hann í flimtingum á síðum *Viðskiptablaðsins*, er að Björn Bjarnason hefur nokkrum sinnum vikið að póstmódernismanum í ræðu og riti á síðustu misserum og jafnan reynt að tengja hann við vinstrimenn, líklega í þeirri vissu að best sé að hafa alla óvini sína á einum stað (menn höfðu nefnilega reynt að ljúga því upp að kalda stríðinu væri lokið!). Eins og alþjóð veit hefur Björn haldið úti vefsíðu um árabíl sem hefur kennimarkið bjorn.is og þar tjáir hann sig um menn og málefni með reglulegu millibili. Það var óneitanlega áhugavert að fylgjast með pistlum hans á vefsíðunni þegar „Stóra Hannesarmálið“ stóð sem hæst. Jakob F. Ásgeirsson hefur, að því er virðist, sótt mikinn andlegan innblástur á þær slóðir.

Í greininni „Villuljós um fátækt, menntun og jafnrétti“ sem birtist í *Morgunblaðinu* snemma í maí 2003, hefur Björn eftirfarandi skýringu á því sem hann telur vera óljósar hugmyndir Samfylkingarinnar í kosningabaráttunni þetta sama vor: „Frá heimspekilegum sjónarhóli er auðvelt að greina ógagnrýnan póstmódernisma í tilburðum Samfylkingarinnar. Hún hefur ekki lagt fram neitt sjálfstætt stefnumál í kosningabaráttunni. Við blasir samhengislaus samsuða ólíkra hugmynda, sannleikanum er oft sýnd nokkur léttúð og alið á umræðum með hálfkveðnum vísun.“² Eins og oftar vitnar Björn í umfjöllun Kristjáns Kristjánssonar heimspekings um fyrirbærið. Kristján, sem lét gamminn geysa haustið 1997 í *Lesbók Morgunblaðsins*, hélt því fram að tíðarandinn væri ekki lengur runninn undan rifjum vísindamanna og heimspekinga heldur nýs afls, hinna svonefndu „kjaftastétta“, sem eru samkvæmt hugmyndum Kristjáns þáttastjórnendur, félagsvísinda-

1 Björn Bjarnson, „Ábyrgð að vera maður.“

2 Björn Bjarnason, „Villuljós um fátækt, menntun og jafnrétti.“ *Morgunblaðið* 3. maí 2003.

menn, listrýnar, dálkahöfundar og menningarvitar af ýmsu tagi; fólk sem hefur mótandi áhrif á fjölmiðlaumræðuna. Það er því engin furða að Björn hvetji fólk til að halda vöku sinni, gæta þess að missa ekki sjónar á staðreyndum – elta ekki villuljós.

Viðhorf Björns til póstmóðernismans sést víða í málflutningi hans en þarna virðist hann hafa fundið samhengi hlutanna að eigin mati, nefnilega að vinstrimennirnir sem nú þættust trúa á markaðinn og héldu fram borgaralegum gildum í orði færu nú um í gervi póstmóðernista, en væru ekkert annað en dulbúnir villutrúarmenn sem biðu aðeins eftir tækifæri til að sveipa umhverfi sitt hulu kommúnismans. Með þessi rök að vopni stóð Björn síðan á hliðarlínunni og hvatti Jakob til dáða – hann var jú að berja á kommúnistum!

Marteinn Breki Helgason, einn af umsjónarmönnum menningarþáttarins *Víðsjár*, fjallaði um munnsöfnuð Jakobs F. Ásgeirssonar í pistli í þættinum í janúarmánuði. Marteinn Breki benti á að gagnrýnendur þyrftu þá um stundir að sitja undir fúkyrðaflaumi vegna dóma sinna:

Í hálfsmánaðarlegum dálki sínum sem ber heitið Orð í tíma töluð sagði Jakob um þau Pál Björnsson sagnfræðing og Svanhildi Hólm Valsdóttur umsjónarmann Kastljóss að þau vildu með slæmum vitnisburði sínum um bók þekkts sjálfstæðismanns ganga í augun á „vinstri menningarelítunni.“ Ég hef aldrei heyrt þetta áður, þau eru ef ég skil þetta rétt ekki talin fullgildir meðlimir í vinstri menningarelítunni, hugsanlega ekki einu sinni vinstri sinnuð, en þó nægilega viljug til að ganga í augun á henni til að láta það hafa áhrif viðhorf sitt til ákveðinnar bókar.¹

Marteinn Breki furðaði sig á dilkadrættinum og hversu ómálefnaleg umræðan var. Ástæðuna fyrir gífuryrðunum taldi hann hægna, það er frekar hófstílltan dóm Páls um ævisöguna um Valtý Stefánsson sem Jakob hafði ritað. Marteinn tók saman helstu atriðin í umfjöllun Páls:

Páll sagði í stuttu máli að bókin væri glæsilega unnin hvað ytri frágang varðaði en annars væri hún frekar langdregin aflestrar meðal annars vegna allt að 10 blaðsíðna langra ívitnana. Páll fann líka að því að frásögnin í bókinni væri heldur einhliða. Rauði þráðurinn væri að Mogginn hafi á umrótatíma um miðbik síðustu aldar verið „blað allra landsmanna“, og það hafi stundað hlutlausa blaðamennsku í hvívetna, á meðan önnur dagblöð hafi verið flokksblöð sem iðkuðu ómálefnanlegt skítkast. Það sem Páll gerði var að benda á að þetta væri ekki óumdeild túlkun og sér þætti vanta jafnvægi.

1 Marteinn Breki Helgason, „Jakob F.“ (E).

Marteinn Breki rekur síðan viðbrögð Jakobs sem gerð voru að umtals-efni hér að framan og á erfitt með að sætta sig við hörkuna sem þar kemur fram og virðingarleysið fyrir skoðunum annarra. Hann rekur efni greinar Jakobs um „illskeytta“ gagnrýni á hendur Hannesi Hólmsteini. Kjarninn þar er að „bókarýnar [hafa] verið sakaðir af höfundum um illkvittni og slæmt innræti. Þeir eru sagðir skríða fram úr skúmaskotum háskólans – auðsveip handbendi pólitískra afla“, og Marteinn spyr hvort það geti virkilega átt við Pál Björnsson, Pál Baldvin Baldvinsson og Gauta Kristmannsson. „Auðvitað eru þeir það ekki“, segir Marteinn Breki og heldur áfram: „það er einhvern veginn alveg út í hött að annarlegar hvatir liggi að baki hjá þeim.“ Og hann er ósáttur við „að ef fagmaður dirfist að segja eitthvað, þá fái höfundarnir einhvern veginn ótakmarkað skotleyfi á viðkomandi.“

Pistill Marteins Breka er í alla staði mjög málefnalegur, þar er komið orðum að hugsunum sem höfðu flogið í gegnum höfuð margra sem fylgdust með orrahríðinni; hvað olli hinum hörðu viðbrögðum stuðningsmanna Hannesar Hólmsteins og þá sérstaklega Jakobs F. Ásgeirssonar?

Ekki er annað að sjá á pistli Björns Bjarnasonar á heimasíðu hans frá 24. janúar en hann gangist nánast í ábyrgð fyrir skrif Jakobs.¹ Björn vísar þar í annað sinn á árinu að því sem hann kallar „árásir á Jakob F. Ásgeirsson“. Dómsmálaráðherrann hefur þau orð uppi að umsjónarmaður *Viðsjár* hafi farið „út fyrir eðlileg mörk í persónulegum árásum á Jakob.“ Björn vísar hér í pistil Marteins Breka. Björn vandar Eiríki Guðmundssyni, öðrum umsjónarmanni *Viðsjár*, heldur ekki kveðjurnar og sakar hann um að hafa ráðist að Jakobi með sama hætti. Og síðan kemur rúsinan í pylsuendanum:

Þegar ég var starfsmaður *Morgunblaðsins*, var jafnan nokkurra vikna bið, eftir að efni kæmist á síður *Lesbókarinnar*. Nú bregður hins vegar svo við, að bókmenntafræðingarnir Jón Karl Helgason og Guðni Elísson fyrir utan þau Helgu Kress og Hannes Hólmstein Gissurarson komast inn á síður *Lesbókarinnar* með greinar í ritdeilustíl, en líftími þeirra er almennt skammur, eins og menn vita. Jón Karl lagði þar út af pistli eftir mig, án þess að ég yrði nokkru vísari um það, hvað knúði hann til svo skjótra svara nema viðleitni til að standa örugglega á gráu svæði í hita átakanna vegna bókarinnar *Halldór* eftir Hannes Hólmstein.²

Það er ekki laust við að hér skýrist samhengið í orðræðu Jakobs, dómsmálaráðherrann sjálfur virðist gefa línuna og eftir höfðinu dansa limirnir. Jakob

1 Björn Bjarnason, „Árásir á Jakob F. Ásgeirsson.“ 24. janúar 2004. Bjorn.is (*Véf*).

2 Sjá einnig Björn Bjarnason, „Halldór, Ferðalok, Kristmann – ráðherraskipti.“ 4. janúar 2004. Bjorn.is (*Véf*). Það skal tekið fram að vísað var í allar greinarnar sem Björn ræðir hér framar í kaflanum.

hafði einmitt borið kennsl á hið „illa eðli“ þeirra sem stjórnðu *Lesbók Morgunblaðsins* og *Víðsjá* eins og lesendur eflaust muna. Að auki eru óvinirnir engir aðrir en eldrauðir kommúnistar úr háskólasamfélaginu – póstmódernistar – hópur sem svífst einskis og vill koma háskólaprófessornum góðkunna Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni á kné og hugsanlega fleirum í hans liði.

Háskólafolk til hlés – Áður var dregið á að fáir háskólamenn hafi tekið þátt í rökræðunni um „Stóra Hannesarmálið“. Fyrir utan hinn stutta pistil Guðna Elissonar í *Lesbókinni* 17. janúar og annan 24. sama mánaðar heyrðist í fáum úr háskólasamfélaginu. Gauti Kristmannsson ritaði grein í *Morgunblaðið* 14. janúar þar sem hann gerði ritstuld að umfjöllunarefni. Það er hægt að fara hratt yfir sögu því Gauti gerir einfaldlega grein fyrir þeim leikreglum sem gilda í akademíunni um allan hinn vestræna heim. Alls staðar er því sama haldið á lofti,

[r]itstuldur er ólögleg upptaka og dreifing texta annarra af öllum gerðum og formi án þess að gefa upp hina upprunalegu heimild. Það telst einnig ritstuldur að rita upp ritgerð að hluta eða í heild, en einnig umorðun textahluta og upptaka röksemda og staðreynda, ef heimilda er ekki getið á hverjum stað. Það er ekki smáafbrot að skila ritgerð með ritstuldi í stað sjálfstætt unninnar ritgerðar, heldur er það alvarlegt brot á grundvallarreglum fræðanna og telst vera blekking.¹

Gauti kemst að þeirri niðurstöðu að varnir Hannesar og félaga miði að því „að búa til hefð“ sem leyfi að gengið sé óhikað í texta annarra án þess að lesendum sé gerð grein fyrir hver á hvað. Gauti telur réttilega að allar slíkar tilraunir stangist á við höfundalög og „allar fræðilegar venjur“.

Gauti vindur sér að lokum í stöðu Háskóla Íslands í þessu sambandi og bendir á að hann hafi raunar „sett fram skoðun sína á slíkum vinnubrögðum í nýsamþykktum siðareglum sínum þar sem fram kemur: [...] Kennarar, sérfræðingar og nemendur setja ekki fram hugverk annarra sem sín eigin. Þegar þeir nýta sér hugverk annarra geta þeir ávallt heimilda í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.“² Þá má geta þess að siðareglur Sagn-

1 Gauti Kristmannsson, „Plagiat sem aðferð og hefð við Háskóla Íslands?“ *Morgunblaðið* 14. janúar 2004. Gauti vísar þarna í heimasíðu háskólans í Trier í Þýskalandi: www.politik.uni-trier.de/studium/plagiat.php, en tilvitnunin er þýðing Gauta á efni sem þar er að finna (*Véf*).

2 Hér vísar Gauti til heimasíðu Háskóla Íslands: www2.hi.is/page/sidareglurhi (*Véf*). Þess má geta að Hannes Hólmsteinn ræðir þessar siðareglur Háskóla Íslands „sem samþykktar voru, eftir að ég hafði skrifað bók mína“, eins og þar stendur. Hið rétta í málinu er að háskólafundur samþykkti reglurnar 7. nóvember 2003, nokkru áður en bók Hannesar kom út!

fræðingafélags Íslands eru mjög í sama anda en Hannes Hólmsteinn er meðlimur þess. Þar er fjallað um hvernig sagnfræðingum ber að vanda vinnubrögð sín og taka jafnan tillit til höfundarréttar.¹

Þessi grein Gauta var í raun ein örfárri sem kom frá háskólafólki í sambandi við „Stóra Hannesarmálið“ á vettvangi dagblaðanna.² Að vísu lét Viðar Hreinsson, ævisöguritari Stephans G. Stephanssonar, þau orð falla í viðtali eftir að hann tók við verðlaunum Hagþenkis fyrir fyrsta flokks ævisöguritun að honum sýndist „vinnubrögðin á því sviði forkastanleg“ og var þá að vísa í heimildanotkun í bók Hannesar Hólmsteins. Og Viðar bætti við:

Ef menn komast upp með slæg vinnubrögð hlýtur fræðin að setja niður fyrir vikið. Það sýnir líka mikla lítilsvirðingu fyrir störfum okkar fræðimanna þegar þekktur lögfræðingur heldur því fram í blaðagrein að það sé nóg að setja eitthvað sem hann kallar „stóra allsherjartilvísun“ í eftirmála. Ég efast um að honum líkaði það vel ef þannig væri farið með hans eigin verk.³

Viðar er hér að ræða hina „frumlegu“ hugmynd Jóns Steinars Gunnlaugs-sonar um *allsherjartilvísun*. „Núna“, segir Viðar í framhaldinu, „er þessi umræða komin út í þvílíka vitleysu í sleggjudómum og jafnvel ótrúlegum svívirðingum í garð þeirra sem gagnrýnt hafa bókina að það dettur engum lengur í hug að leggja orð í belg.“ Og þarna reyndist Viðar svo sannarlega glöggskyggn. Tveimur dögum síðar steig Hannes Hólmsteinn fram með svæsnar svívirðingar í garð Viðars. Áður hafði hann hringt í Viðar og kafið hann sagna! Síðan birtist níðgrein Hannesar. Hann sér þar ástæðu til að fárast yfir því að Viðar hefði tjáð sig um málið án þess að lesa bókina og var það ekki í fyrsta skiptið sem hann skammaði menn fyrir slíkt. Þá næst fer hann með rulluna um að ekkert sé við vinnubrögð hans að athuga, allt sé þar með felldu. „Á það er þó að líta, að þessar bækur [minningabækur Laxness] eru til á nær hverju heimili í landinu, svo að erfitt er um að villast, þegar ég nýti mér efni úr þeim. Allt tal um ritstuld er því fráleitt.“⁴ Hér blæs

1 Heimasiða Sagnfræðingafélagsins er vistuð á síðu ReykjavíkurAkademiunnar: www.aka-demia.is/saga (Véf).

2 Ég vil þó geta þess að Gauti birti einnig ný dæmi um eignaupptöku Hannesar úr *Innansveitarkroniku*. Sjá Gauta Kristmannsson, „Úr Innansveitarkroniku Laxness.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004.

3 „Köllun eða skylduverk.“ *Fréttablaðið* 24. janúar 2004.

4 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Forkastanleg vinnubrögð?“ *Fréttablaðið* 26. janúar 2004.

Hannes á gagnrýnisraddirnar og kýs að svara þeim engu. En síðan gerir hann grein fyrir aðferð sinni í örstuttu máli, en það er ekki oft í þessari orðræðu allri sem hann hefur tekið sig til og ýjað að verklagi sínu:

Í þriðja lagi tel ég þá aðferð sem ég beitti beinlínis betri og heppilegri en þá að taka beinar og orðréttar lýsingar Halldórs eða annarra, setja þær í gæslappir og þjóna eitthvað framan við og aftan. Við aðferð mína var hægt að hnika til orðum, svo að efnið félli inn í verkið, og leiðrétt misminni og missagnir, eins og ég gerði oft í bók minni.

Þetta verður að teljast ákaflega merkileg yfirlýsing fyrir allt háskólafólk. Ég er ekki frá því að þessi „aðferð“ Hannesar eigi eftir að hafa byltingarkennd áhrif innan háskóla um allan heim. Samkvæmt henni þarf nú alls ekki að geta heimilda eða vera með óþarfa tildur í sambandi við eignarrétt höfunda á texta sínum; þessi aðferð er „beinlínis betri og heppilegri“, svo vitnað sé í orð prófessorsins. Jón Hjaltason sagnfræðingur sem birti stutta en snarpa grein í sama blaði og grein Hannesar var hins vegar ekki alveg sáttur við hið nýja og byltingarkennda verklag: „Einn deiluaðila [Hannes Hólmsteinn] varðist með þeim rökum að höfundur heimildaritsins hefði hvort eð er verið að endursegja frásögn þriðja höfundar (og gert það með slíkri snilld að ekki varð bætt um betur). Það hefði því verið fullkomlega leyfilegt að taka orðrétt úr heimildaritinu og gera það að sínum texta. Þetta eru fráleit rök fyrir þjófnaði.“¹

Hannes kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa veist að Viðari Hreinssyni fyrir að hafa leitað eftir stuðningi fyrirtækja í rannsókn verksins sem hann sinnti í nærfellt heilan áratug, að hann hefði „eins og sumir aðrir orðið sér til skammar í þessu máli“. Og það var vegna þess að hann fetti fingur út í vinnulag Hannesar!

Þrátt fyrir að fáir hafi kvatt sér hljóðs í blöðum í kjölfar „Stóra Hannesar málsins“ hóf vefritið Kistan (kistan.is) að hvetja háskólamenn til að láta í sér heyra á þeim vettvangi. Nokkrir brugðust við fyrirspurnum Kistunnar og þar lét Hannes Hólmsteinn ekki sitt eftir liggja. Gísli Sigurðsson, vísindamaður á Árnastofnun, Gottskálf Þór Jensson, fornfræðingur, Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, Jón Ingólfur Magnússon, dósent í stærðfræði við Háskóla Íslands, Árni Daníel Júlíusson, sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, Guðmundur Sæmundsson lektor í Kennaraháskólanum og Gauti Kristmannsson fordæmdu þar allir aðferðir Hannesar og fundu þeim ýmislegt til foráttu. Á móti börðust

1 Jón Hjaltason, „Fræðimenn og þjófvar.“ *Fréttablaðið* 26. janúar 2004.

Hannes Hólmsteinn sjálfur oglagsmaður hans í þessu máli, Gísli Gunnarsson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Gísli er sá eini sem ég þekki úr háskólasamfélaginu sem hefur efnislega tekið upp hanskann fyrir Hannes eins og ég greindi frá fyrr í kaflanum.¹

Hér er ekki ráðrúm til að endursegja alla umræðuna á Kistunnni, enda komu þar fram helstu atriðin sem áður höfðu verið rædd hjá Gauta og Helgu Kress. Háskólakennararnir sem tjáðu sig bentu einfaldlega á að í bók Hannesar væri gengið á svig við allar hefðbundnar aðferðir sem kenndar eru við háskóla. Ég ætla að tæpa stuttlega á nokkrum rökum Gottskálks Þórs. Hann hóf mál sitt á Kistunni með eftirfarandi orðum:

Ég vil fyrst segja að ég hef takmarkaðan áhuga á þessu máli út frá faglegum sjónarmiðum. Það er ekkert í því sem kallar á endurskilgreiningu á því hvað sé ritstuldur og hvað ekki. Reglur um höfundarrétt og ritstuld eru lögfestar og viðmiðanir um þessi efni nógu einfaldar til þess að hægt sé án fyrirhafnar að meta hvort um ritstuld sé að ræða eða ekki í einstökum tilfellum. Um svo mikilvæg efni verður auðvitað ekki samið sérstaklega við Hannes eða aðra hér á landi. Íslenskt löggjafarvald er bundið af alþjóðasamþykktum (t.d. Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum) í þessum eignum og hér eru gildandi lög um efnið. Það sama má segja um kennslu og fræðimennsku við Háskóla Íslands. Þar eru reglurnar einnig mjög skýrar og taka mið af alþjóðlegum reglum.²

Það sem Gottskálf Þór taldi áhugavert er hin pólitíska hlið „Stóra Hannesarmálsins“. Nálægð Hannesar Hólmsteins við hið opinbera vald og þann hóp sem staðið hefur vörð um eignarréttinn hér á landi vekur mesta athygli hans. „Það sem er einnig áhugavert í þessu máli er írónían sem felst í því að Hannes er nú sakaður um að hafa brotið reglur sem hann sjálfur og hugmyndafræðilegir bræður hans, einkum í Bandaríkjunum, hafa barist fyrir að væru hertar, þ.e.a.s. að eignarréttur höfunda og erfingja þeirra yfir hugverkum væri skilgreindur á strangari hátt og öll viðurlög við stuldi á hugverkum gerð strangari.“ Hinn hugmyndafræðilegi vandi sem blasir við Hannesi eftir meðferð hans á efni annarra er kæfður af bakröddunum í upphrópunum um að hér séu vinstri menn að gera aðför að helgasta vígi hægrimanna hér á landi, hinum óumdeilanlega merkisbera fjálshyggjunar, sjálfum Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni. Þess vegna er Jakobi F. Ásgeirs-

1 *Fréttablaðið* gerði deilunni á Kistunni að umtalsefni í fréttaskýringu. „Deilan endalaus.“ *Fréttablaðið* 23. janúar 2004. Þá birti *Lesbók Morgunblaðsins* brot úr þessari umræðu á blaðsíðu tvö í blaðinu.

2 Gottskálf Þór Jenson, [Svar við fyrirspurn ritstjóra Kistunnar], *Kistan.is* (Vef).

syni att á foraðið á meðan hinir „virðulegu“ meðlimir hópsins sitja hjá og klappa.¹

Gottskálk Þór bregst við spurningu Kistunnar um trúverðugleika svara Hannesar með eftirfarandi orðum:

Varnir Hannesar í Mbl. 9. janúar sl. eru að mínu mati ótrúverðugar í grundvallaratriðum. Það a) skiptir engu máli hvað hann vísar oft til heimilda í bókinni í heild (það er hvert einstakt tilfelli sem skiptir máli); b) það er heldur ekki nóg að nefna heimildir í eftirmála (ógerlegt er að sjá hvar þær eru notaðar og hvar ekki); c) það skiptir engu máli hvort aðrir hafi líka brotið reglurnar (sekt annarra gerir Hannes ekki saklausan); d) það skiptir ekki máli hvort um strangfræðilegt verk er að ræða eða „bara“ ævisögu fyrir almenning (jafnvel höfundar skáldverka eru seldir undir sömu sök, sbr. málið um Ólaf Jóhann Ólafsson í hitteðfyrri); og það skiptir ekki máli hvort Hannes „leynir“ ritstuldinum eða ekki (orðin í eftirmálanum um að hann noti heimildir og „felli saman í eina heild“ eru myrk, en þótt þau séu skilin svo að hann viðurkenni ritstuldinn gerir það brotamanninn ekki saklausan að viðurkenna brotið).

Hér hefur Gottskálk sagt allt sem segja þarf. Hannesi Hólmsteini varð á í messunni og í stað þess að viðurkenna það gengu hann og pólitískir fylgismenn hans í skrokk á gagnrýnendum. Hannes sendi til dæmis Gauta Kristmannsyni tóninn í svarskeyti sem bar yfirskriftina „Gautataut“ og gerir enn og aftur lítið úr fræðastörfum hans. Svo málefnaleg hefur nánast öll rök-ræðan verið úr því horninu.

Umræðan sem hér hefur verið rakin hefur mjög afgerandi samhljóm við sams konar mál sem komið hafa upp úti í heimi. Fræðimenn hafa rætt þau af áhuga og leitast við að draga fram aðalatriðin sem þeim tengjast. Í fréttablaði bandarísku sagnfræðingasamtakanna *Perspectives* sem kom út í janúar 2004 ræðir fyrrverandi forseti samtakanna James M. McPherson, prófessor í Princeton-háskóla, um ritstuld í háskólasamfélaginu.² Hann bregður ljósi á mörg álitamál sem tengjast því eins og hvernig mörkin milli sannfræði og skáldskapar geta ruglað stöðu fræðimannsins sem glímir við fortíðina. Í kjölfar hans fylgdu umfjallanir í tveimur greinum sem „fagráð“ (e. *professional division*) samtaka sagnfræðinga í Bandaríkjunum stóð fyrir og birtust í febrúar- og marsheftum *Perspectives* árið 2004. Ástæðan var

1 Þess má geta að Davíð Þór Jónsson velti fyrir sér í vikulegum pistli sínum í *DV* hvernig stæði á því að Jakob kastaði frá sér fræðimannsheiðri sínum á þann hátt sem raun ber vitni. Grein Davíðs Þórs er þjósnaleg aðför að Jakobi og orðspori hans sem ég tek ekki undir. Sjá Davíð Þór Jónsson, „Fræðimaður deyr.“ *DV* 24. janúar 2004.

2 James M. McPherson, „Fact or Fiction?“ *Perspectives* 42:1 (January 2004), bls. 7-9 og 11.

tjölgun tilfella þar sem virtir prófessorar jafnt sem nemendur gerðu sig seka um að taka ófjálsri hendi hugverk annarra og eigna sér þau. Fagraðið taldi af þessum ástæðum mikilvægt að ræða vandamálið í þaula og skýra út fyrir fagfólkinu í hverju ritstuldur fælist. Og höfundur greinanna tveggja, Peter Charles Hoffer, virtur sagnfræðingur í réttarsögu við Georgíu-háskóla í Bandaríkjunum, var fenginn til verksins. „Ritstuldur er vanalega skilgreindur sem óheimil eignartaka annarra manna verka. Sumar skilgreiningar bæta ásetningarákvæði við sem byggist á því að hlutaðeigandi hagnist á einhvern hátt á gjörningnum. Aðrir fella inn viðaukann „með ásetningi um blekkingu“.¹ En eins og Peter Charles Hoffer bendir á getur ritstuldur komið upp við ýmsar aðstæður og því er mikilvægt að fjalla um hann með kerfisbundnum hætti. Hann ritar greinar sínar til þess að skýra út fyrir fræðahiminum hvaða gildrur sé hægt að ganga í. En grundvallarskilgreiningin á fyrirbærinu sem sagnfræðingar styðjast helst við byggist á siðferðislegri nálgun frekar en lagalegri eftir því sem dr. Hoffer heldur fram: „Skilgreiningin á ritstuldi er „eignarnám á annarra manna texta sem kynntur er sem manns eigin“.² Ekki er ástæða til að fara út í hinar flóknu og margbreytilegu aðstæður ritstuldar en ljóst er að málefnið hvílir þungt á fræðasamfélaginu í Bandaríkjunum og víðar í hinum vestræna heimi.³

Áður var vísað í orð Gottskálks Þórs Jenssonar sem benti á að mikil umræða hefði orðið um hinar ströngu reglur sem ýmsir „réthafar“ í höfundarrétti hefðu náð að knýja fram í Bandaríkjunum, mun strangari lög sem hömluðu meðal annars notkun margvíslegs lögbundins efnis á veraldarvefnum. Í netútgáfu bandaríska stórblaðsins *New York Times* birtist yfirgripsmíkl grein um sama efni í janúar 2004.⁴ Höfundurinn, Robert S. Boynton sem er fræðimaður við New York háskólann, gerði grein fyrir

- 1 „Plagiarism is commonly defined as the appropriation of another’s work as one’s own. Some definitions add the purposive element of gaining an advantage of some kind. Others include the codicil, “with the intent to deceive”.“ Peter Charles Hoffer, „Reflections on Plagiarism – Part 1. “A Guide for the Perplexed“.“ *Perspectives* (February 2004), bls. 17.
- 2 „Its definition of plagiarism is the “expropriation of another author’s text, and the presentation of it as one’s own“.“ Peter Charles Hoffer, „Reflections on Plagiarism“, bls. 17.
- 3 Sjá síðari grein Hoffers sem nefnist: „Reflections on Plagiarism – Part 2. “The Object of Trials“.“ *Perspectives* (March 2004), bls. 21–25. Grein þessi byggðist á ráðum til þeirra sem vildu sækja rétt sinn í ritstuldarmálum. Á ný má benda á „History News Network“ (HNN) sem starfar í tengslum við George Mason háskólann í Fairfax í Virginíu en þar er að finna mikla umræðu um vandamál sem tengjast ritstuldi í háskólasamfélaginu og nokkur mál rakin sem athygli hafa vakið. Á þessari síðu eru einnig tenglar í margvísleg efni sem fléttast um málefni af þessu tagi þar á meðal í siðareglur bandarísku sagnfræðisamtakanna. Sjá slóð History News Network: <http://hnn.us/articles/1764.html> (Véf).
- 4 Robert S. Boynton, „The Tyranny of Copyright?“ <http://www.nytimes.com/2004/01/25/magazine/25COPYRIGHT.html> (Véf).

áhrifunum sem hinar hertu reglur hefðu meðal annars á aðgengi fólks að upplýsingum sem áður hefðu verið ókeypis:

Viðbrögð við þessari þróun er að hópur mótmælenda er að myndast, en hann samanstendur af lögfræðingum, fræðimönnum og andófsfólki sem er hrætt um að harðnandi höfundarréttarvernd sem er ætlað að hindra „sjóræningjastarfsemi“ muni hafa afar skaðleg áhrif á samfélagið allt [...]. Þennan hóp umbótasinna, sem Lawrence Lessing, prófessor í lögum við Stanford-háskóla, kallar „fjálsu menningarhreyfinguna“, væri einnig hægt að nefna „Copy Left“ [...].¹

Höfundur bendir á að ástæðan sé ekki að hér séu eintómir róttæklingar á ferð heldur frekar fólk sem vill tryggja að höfundalögin komi ekki í veg fyrir að eitthvað sem nefnt er framþróun og hugmyndaauði fái blómstrað. Hannes Hólmsteinn og félagar taka sér þannig óvænt stöðu með fólki sem hefur barist gegn ofríki kapítalistanna, stórfyrirtækjanna, á markaðnum í Bandaríkjunum.

Höfundur greinarinnar í *New York Times* ræðir síðan fjölmarga þætti í höfundarréttarákvæðum í Bandaríkjunum, þróun þeirra í sögulegu ljósi og áhrif á nútímasamfélög. Hér eru mál sem skipta gríðarlega miklu máli fyrir fyrirtæki í iðnaði, í upplýsingageiranum og í margvíslegri þjónustu, svo ekki sé minnst á svið mennta og menningar. Hugmyndir, hugverk og vörur ganga kaupum og sölum og oft er um ótrúleg verðmæti að tefla. Hér nægir að nefna höfundarrétt á uppgötvunum á sviði lífvísinda sem hafa verið nokkuð til umræðu hér á landi. Tekist er á um allt þetta víða í heiminum nú til dags en þó gilda ákveðnar grunnreglur sem enginn hefur áhuga á að sniðganga: Ekki er hægt að taka efni frá öðrum án þess að auðkenna það með greinilegum hætti eða jafnvel greiða fyrir notkun þess. Rétt höfundarins er ekki hægt að sniðganga hvernig sem í pottinn er búið. Í þessu ljósi verður að meta mál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og ævisögu hans um Halldór Kiljan Laxness.

Opinberun Hannesar – Ég hef rætt í þessum kafla um aðferð Hannesar Hólmsteins við ritun ævisögunnar um Halldór Kiljan Laxness og viðbrögð helstu stuðningsmanna hans við gagnrýni fjögurra fræðimanna rétt fyrir jól.

1 „In response to these developments, a protest movement is forming, made up of lawyers, scholars and activists who fear that bolstering copyright protection in the name of foiling “piracy” will have disastrous consequences for society [...]. This group of reformers, which Lawrence Lessig, a professor at Stanford Law School, calls the “free culture movement,” might also be thought of as the “Copy Left” [...].“Robert S. Boynton, „The Tyranny of Copyright?“

Það olli mér vonbrigðum að Hannes skyldi kjósa gífurlyri í stað málefna-
legrar umræðu um ritun ævisagna. Hann átti nefnilega kost á að skýra að-
ferð sína í einstökum liðum, hugsanlega að gangast við mistökum, en fyrst
og fremst að hefja umræðu um hvernig menn rita ævisögu um mann eins og
Halldór Kiljan Laxnes. Opinberun Hannesar í sambandi við ævisögu-
ritunina, „að styðjast við minningabækur skáldsins og aðrar lýsingar þess
á aðstæðum, atvikum og einstaklingum, en breyta frásögninni á þann veg,
að hún félli að eðli og þörfum bókar minnar“, er allt að því óskiljanleg í
sambengi nútíma fræða.¹ En hefði Hannes getað réttlætt vinnuaðferð sína?
Ég ætla að ímynda mér hvernig Hannes hefði getað svarað gagnrýni á
ævisöguna um Halldór Kiljan Laxness á málefnalegan hátt; draga fram í
dagsljósið hvernig umræðan hefði hugsanlega getað þróast:

Spurning: Hvernig geturðu réttlætt þá aðferð sem þú beitir eftir
gagnrýni sem komið hefur fram á vinnubrögð þín?

HHG: Ég ákvað að halda tilvísunarkerfinu einföldu með því að skýra frá
því eins greinilega og mér var unnt í eftirmála hvaða heimildir ég notaði og
vísa síðan til þeirra í upphafi hvers kafla. Ég blekki af þessum sökum eng-
an, allir ættu að átta sig á að ég myndi nota minningabækur Halldórs Kilj-
ans þegar engu öðru efni var til að dreifa um ævi hans. Ég beitti þannig ekki
strangvísindalegri aðferð heldur einfölduðum vísindalegum aðferðum við al-
þýðu hæfi.

Spurning: En þetta gerirðu ekki alltaf, stundum vantar alfarið tilvísan-
ir í rit sem þú hefur greinilega nýtt þér? Þetta hefur allt komið í ljós eftir á.

HHG: Það eru bara mannleg mistök.

Spurning: Hvernig svararðu þeirri gagnrýni Gauta Kristmannssonar að
þú hafir sniðgengið viðteknar reglur innan vísindanna?

HHG: Í fyrsta lagi er alls ekki rétt hjá Gauta að í háskólasamfélaginu
ríki einhugur um vinnureglur í sambandi við heimildir. Nægir þar að nefna
að stundum vinna fræðimenn í háskólasamfélaginu eftir hávísindalegum
reglum en aðrir fræðimenn, sérstaklega þeir sem hafa unnið úr hinum
svonefndu póstmóðernísku hugmyndum á síðari tímum, hafa verið að velta
fyrir sér hvar mörkin milli skáldskapar og raunveruleika liggja. Sífellt fleiri
viðurkenna nú, eftir að hugmyndir póststrúktúralista hafa náð fótfestu í
fræðaheiminum að mörkin milli sannleika og skáldskapar séu afar óljós.
Hér er hægt að nefna mörg afar áhugaverð verk sem byggjast á sviðsetn-
ingum og samræðu höfunda í textanum. Hér má til dæmis nefna allar
bækurnar sem komnar eru út í *Svörtu línu* Bjarts. Höfundar eins og bók-

1 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Greinargerð frá Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni.“

menntafræðingarnir Jón Karl Helgason, Hermann Stefánsson og Þröstur Helgason velta allir fyrir sér stöðu frásagnarinnar í textanum og hver „eigi“ textann. Er eðlilegt að refsa mönnum fyrir að nálgast viðfangsefni sitt á frumlegan hátt? Svarið er auðvitað nei.

Spurning: En þú ert alls ekki að vinna með textann á þennan hátt heldur hefurðu óvenju hefðbundna sýn á viðfangsefni þitt. Þú nálgast frásögnina eins og sá sem telur sig raunverulega geta endurgert fyrri tíð með hlutlausum hætti eins og þú orðar það?

HHG: Já, ég beiti leið sem ég hef kennt við höfunda Íslendingasagnanna og það er rétt hjá þér, það er hefðbundin leið, en þetta er mín leið.

Spurning: En hvað með tæknilegar útfærslur, eins og til dæmis notkun gæsalappa? Vandi bókarinnar er að þú ruglar lesandann í ríminu vegna þess að þú ert ekki samkvæmur sjálfum þér. Stundum notarðu gæsalappir og stundum ekki. Venjulegur lesandi veit ekki sitt rjúkandi ráð.

HHG: Trúlega hafa mér orðið á mistök þar, ég hefði betur greint skýrar á milli eigin texta og frásagna annarra. Ég gengst við því að þetta eru mistök. En þó vil ég benda á að málið er alls ekki jafn einfalt og þú gefur í skyn með spurningunni. Það er hægt að halda því fram að stór hluti allrar fræðimennsku felist í endursögn á annarra manna hugmyndum eða jafnvel texta. Það hvort ég hef tekið eitthvað beint upp úr bók eftir annan eða ekki getur tæplega ráðið úrslitum um gildi verksins. Við erum öll að vinna með hugmyndir fræðimanna sem áður hafa komið að efniinu, texta sem er svo aftur endursögn á einhverjum öðrum texta. Þetta er í raun kjarninn í hugmyndinni um dauða höfundarins sem hinn þekkti franski fræðimaður Roland Barthes hélt fram; allur texti sem við vinnum með er endursögn hugmynda annarra manna. Hvað segir til dæmis ritsjóri *Lesbókarinnar*, Þröstur Helgason, á titilsíðu bókar sinnar *Einkavegir*: „Þessi texti er öllum fjáls til afnota. Öllum afritunum, túlkunum og umritunum af öðru tagi er fagnað með þakklæti fyrir hefðina sem unnið er úr.“ Í stuttu máli sagt, orð hér og orð þar, setning hér og setning þar; þetta er ekkert tiltölumál. Hvað sagði ekki Einar Ben: „Er mælt hér eitt orð sem ei fyrr var kunnað.“ – Nei, ég held fræðilega séð að vandamálið sé hverfandi lítið. Ég er aðeins að berast með nýjum straumum póstmóðernista þó að ég hafi ekki náð að tileinka mér þá að fullu.

Spurning: En hvað með þá staðreynd að minningarit Halldórs Kiljans Laxness hafa alls ekki verið hugsuð af skáldinu sem sagnfræðilega rétt og að sá skilningur hefur verið staðfestur af fræðimönnum sem lengi hafa unnið með efni frá Halldóri?

HHG: Ég vísa í fyrra svar mitt, ég átti engra annarra kosta völ í þessu

tilfelli. Ég varð að nýta mér þessi rit þar sem öðrum heimildum var ekki til að dreifa. Ég ákvað því að taka þessar heimildir gildar vegna þess að þær eru í raun fínar heimildir um ævi skáldsins eins og hún spannst – jafn óraunveruleg og ævintýrið sjálft; ævi Halldórs Kiljans Laxness. Þær eru því sannarlega eins „raunverulegar“ og hverjar aðrar heimildir um Halldór. Maðurinn var goðsagnapersóna sem færði meðal annars sínar eigin goðsagnir í letur. Átti ég að hafna þeim og nýta í staðinn blaðaviðtöl við hann sem voru álíka áreiðanleg heimild og söngur spóans. Nei, um þennan mann eru ekki til neinar hefðbundnar heimildir, aðeins goðsagnir og með þær hef ég kosið að vinna.

— — —

Ég held að þetta uppspunna viðtal við Hannes Hólmstein Gissurarson sýni að hann átti sér ákveðna málsvörn sem hann nýtti aldrei, ef til vill vegna þess að dómsmálaráðherrann, sjálfur Björn Bjarnason, hefur mjög haft horn í síðu póstmóðernískra hugmynda. Þess í stað tók hann þann kostinn að gangast ekki við neinum mistökum og hafna því að nokkuð væri óeðlilegt við heimildanotkun sína og það þó að dæmi sem tilgreind voru hafi verið afar sláandi. Þetta er í raun hinn dapri endir þessa máls.

Á næstu misserum munu fræðimenn örugglega fjalla um verk Hannesar og greina einstaka drætti þess. Ég fæ ekki betur séð en niðurstaðan úr þeirri vinnu geti vart verið nema á einn veg, að þessu fyrsta bindi sé ólokið. Hannes glataði ákveðnu tækifæri til að eiga innihaldsríkar samræður við háskólafólk, í staðinn ákvað hann að vinna tímabundna sigra á vettvangi fjölmiðla með gífuryrðum og hrópum.

En spurningar um hvaða aðrar leiðir Hannes hefði getað farið við ritun verksins eru enn í fullu gildi. Ég myndi svara þannig að hann hefði getað byggt á þeim hugmyndum sem komu fram í síðasta svarinu í hinu ímyndaða viðtali. Hann hefði getað unnið betur með goðsagnirnar í lífi Halldórs Kiljans Laxness og jafnvel gefið sér að allt hans líf hafi verið einn sýndarveruleiki. Það er nefnilega ekki svo fjarri lagi að líf Halldórs hafi verið svo samansaumað af táknum og ímyndum að erfitt geti verið að greina á milli „raunveruleika“ og „skáldskapar“ á öllum æviskeiðum hans. Fjölbreytt skynjun heimilda hefði getað skipt sköpum. Hvað gerir höfundur ævisögu við minningabækur sem allir vita að eru sannfræðilegur viðsnúningur? Það versta sem hægt er að gera er að taka þær alvarlega, að ætla sér að taka þær fyrir eitthvað sem þær eru ekki, nokkuð sem Hannes Hólmstein gerir sig sekan um. Það eina sem hægt er að gera er að afbyggja textann, greina táknmál textans og takast á við líf Halldórs allt eins og það birtist í öllum

heimildum með sama hætti. Annars hættir verki af þessu tagi til að verða flatt og merkingarlítið.

Ævisöguritari manns eins og Halldórs Kiljans Laxness verður að taka fyrir hvert textabrot sem tengist viðfangsefninu og er til skoðunar og greina merkingu þess í ljósi fjölmarga atburða sem tengjast lífi listamannsins, bókmenntaverkum hans og stöðu samfélagsins í heild. Þannig yrði til dýnamískt samband lesandans, aðalpersónu ævisögunnar og höfundar hennar. Leiðirnar að þessu markmiði eru margar en stefnan er óhjákvæmileg; í gegnum tákn og ímyndir sem tengjast lífshlaupi Halldórs Kiljans Laxness.

Gloppur og spuni – Ég hef haldið því fram í þessari bók að mikilvægt sé að nálgast viðfangsefnin þannig að allir hluteigandi aðilar átti sig á gloppunum í þekkingu okkar. Með því að gangast við því að við höfum ekki tækifæri til að hafa fortíðina alla á færi okkar, þá opnast óvæntir möguleikar til samræðna við liðinn tíma. Blekkingin sem felst í því að láta eins og öll smáatriði séu ljós getur drepíð góðan efnivið. Einsögumenn hafa haldið mjög stíft á lofti kröfunni um að fræðimenn geri tilraun til að velta fyrir sér götunum í þekkingunni á einstökum viðfangsefnum. Fræðimenn á borð við Carlo Ginzburg, upphafsmann einsögunnar, eru þeirrar skoðunar að hvert efni fái nýja vídd ef nálgunin er með þessu móti.

Ég er sannfærður um að ævisöguritarar framtíðarinnar muni tileinka sér þessar aðferðir einsögumanna í verkum sínum. Hver ævi er svo flókin og margbrotin að útilokað er að þekkja samhengið allt. Þess vegna er nauðsynlegt að gangast við slíkum eyðum í heildarverkinu og vinna textann út frá þeim. Sú nálgun gefur einnig færi á vangaveltum um þá fortíð sem hver fræðimaður þarf að glíma við. Er hægt að nálgast hana eða er fortíðin sjálf eintóm blekking eða spuni?

Gísli Gunnarsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, lét nokkuð að sér kveða í umræðunni um „Stóra Hannesarmálið“ og taldi að það snerist mest um spuna í sagnfræði. Hannes væri sakaður um að spinna upp atburði og aðstæður sem litlar heimildir væru fyrir, í besta falli ótraustar minningabækur. Gísli hélt því fram að margir sagnfræðingar hefðu nýtt sér spuna í verkum sínum en sjálfur væri hann ekki hlynntur slíku verklagi. Gísli lýsti þessu svo í grein sem hann ritaði til að leiðrétta frétt í *Þjóðvarpinu* sem byggðist á viðtali við hann sjálfan og hafði verið sýnd nokkrum kvöldum áður: „Meginboðskapur minn var að bók Hannesar væri í hópi þeirra sagnfræðirita þar sem spuna er beitt um smáatriði lífsins þótt meginefnið byggist aðeins á staðreyndum. Mörg slík rit hafa komið fram á síðustu fimmtán árum, yfirleitt ævisögur [...]. Sjálfur er ég mjög gagnrýnn á þessa

aðferð.“¹ Sem sagt, Gísli segist lítið hrifinn af þeirri aðferð að beita spuna í sagnfræði og áréttar það meðal annars í umræðu á Kistunni: „Þegar ég hef bent á að Hannes fylgi hér vondri sagnfræðilegri/bókmenntafræðilegri hefð að mati mínu, fæ ég skammir um að ég sé að rógbera aðra höfunda.“² Í annarri grein á Kistunni benti Gísli síðar á að hann væri á móti því þegar spuni er settur „fram í líkingu staðreynda í sagnfræðiritum og tel að reynslan sýni hve hættuleg hún er.“³

Til skamms tíma hefur verið landlæg íhaldsemi í röðum háskólamanna í sambandi við það sem Gísli Gunnarsson nefnir „spuna“ í sagnfræði, en mætti ef til vill frekar kenna við sviðsetningar. Ég hef sjálfur verið því mjög fylgjandi að fræðafólk gerði tilraunir með framsetningu texta á þeim forsendum að öll fræði byggist að meira eða minna leyti á sviðsetningu. Ekki sé hægt að ætlast til þess að fortíðin sjálf, í allri sinni dýrð, sé framkölluð á síðum verka sagnfræðinganna. Fræðimenn eru alltaf að vinna með brotabrot af því ástandi sem textinn greinir frá sem svo aftur er brotabrot af brotabrot af lífinu sjálfu. Eina aðferðin sem sagnfræðingar kunna að beita er sviðsetningar, í þeim eru þeir oft virkilega færir.

Í umræðunni um verk Hannesar var Gísli Gunnarssyni nokkrum sinnum bent á að vandinn væri ekki sviðsetningar eða spuni, gagnrýnin beindist fyrst og fremst að heimildanotkun og afmörkun eigin texta Hannesar og annarra. Sjálfur er ég einmitt þeirrar skoðunar að Hannes hefði þurft að stíga mun ákveðnara skref í sviðsetningum vegna þess að þær kretjast alltaf afstöðu til heimilda og staðsetningar frásagnarinnar. Hvað er vitað um líf aðalpersónunnar og hvað er á huldu? Með því að breiða ekki yfir götin í þekkingunni skapast möguleiki til að sviðsetja og ræða ýmsa möguleika í frásögninni sjálfri. Þannig hefði Hannes náð að lýsa upp viðfangsefni sitt til skoðunar og það hefði gefið honum tækifæri til að taka ákveðna afstöðu til efniviðarins. Það gerir hann alls ekki heldur stærir sig af því að vera hlutlaus miðill.

Páll Björnsson sendi Gísli Gunnarssyni tóninn út af þessu máli öllu á póstlista Sagnfræðingafélags Íslands sem nefnist Gammabrekka. Hann vísar umfjöllun Gísli á bug og telur hann hafa ruglað almenning í ríminu með þátttöku sinni í „Stóra Hannesarmálinu“. „Ég hef verið formaður Sagnfræðingafélags Íslands frá árinu 2000“, sagði Páll í pistli sínum á Gammabrekku,

1 Gísli Gunnarsson, „Leiðrétting í darraðardansi miðjum.“ *Morgunblaðið* 13. janúar 2004.

2 Gísli Gunnarsson, „Hroki og hleypidómar annó 2004.“ *Kistan.is* (*Vef*).

3 Gísli Gunnarsson, „Kæri Gauti.“ *Kistan.is* (*Vef*).

og síðan þá hef ég sótt nánast alla fyrirlestra á vegum félagsins. Og þeir eru orðnir æði margir á þessu tímabili, líklega öðru hvoru megin við 200. Efni þeirra hefur verið mjög fjölbreytt og fyrirlesarar hafa beitt ólíkum aðferðum fræðanna. Lítið hefur þó borið á áðurnefndri spunaaðferð. Raunar man ég aðeins eftir einum slíkum fyrirlestri en það var opunarfyrirlesturinn á landsbyggðarráðstefnunni á Kirkjubæjarklaustri vorið 2002. Fyrirlesturinn nefndist „Börn síns tíma: Viðbrögð manna við náttúruhamförum í samhengi sögunnar“. Allur lesturinn byggðist á spuna, nánar tiltekið á því að fyrirlesari flutti gosið í Vestmannaeyjum 1973 nákvæmlega 200 ár aftur í tímann. Þessi aðferð er mjög sjaldgæf í sagnfræði, eins og allir vita, og mér finnst raunar æskilegt að henni sé ekki beitt nema í hófi (eins og t.d. Guðjón [Friðriksson] og Þórunn [Valdimarsdóttir] hafa gert). [...] Síðan skrifaði fyrirlesari grein upp úr lestrinum sem birtist í hausthefti *Skírnis* 2002. Og hver skyldi umræddur fyrirlesari hafa verið? Er nema von að einhverjir spyrji? Það var nefnilega enginn annar en margnefndur Gísli okkar Gunnarsson.¹

Gísli svaraði skeyti Páls á þann veg að hann gerði greinarmun á afmörkuðum spuna og ógreinanlegum spuna í fræðiritum. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig en mergur málsins er þó sá að grein Gísla í *Skírni* vakti mikla athygli fyrir frumlega og frískandi samsetningu. Ég vil halda því fram að sagnfræðingar eigi að hrista af sér hlekki hefðbundinna aðferða og ganga hika laust á hólum við viðfangsefni sín með opnum hug. Spuni getur verið fullkomlega réttlæt看anleg aðferð, sérstaklega þegar viðfangsefnið er jafn margflókið og Halldór Kiljan Laxness.

Framsæknir fræðimenn og aðrir sem unnið hafa með sjálfið á síðari árum hafa ekki hikað við að grípa til óvenjulegra aðferða þegar viðfangsefnið hefur boðið upp á slíkt. Rétt er að minna í þessu sambandi á ævisögu Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta en hún vakti einmitt mikil viðbrögð vegna óhefðbundinna efnistaka höfundarins Edmunds Morris.² Réttlæt看ing hans fyrir því að vinna með Reagan eins og hann hefði ekki verið til sem einn maður heldur sem fjölmargir menn, var sú að útilokað væri að ná tókum á hinum „raunverulega“ Reagan. Það væri blekking að ætla að segja lesendum að hann hefði náð að fanga fyrirbærið, Ronald Reagan. Mér finnst Halldór Kiljan Laxness bjóða upp á svipuð glímutök.

Hér á landi hafa ýmsir gripið til afgerandi sviðsetninga til að nálgast viðfangsefni sitt á þann hátt að það auki skilning fólks á einstaklingnum sem um ræðir. Friðrika Benónýs ritaði til dæmis bók um Ástu Sigurðar-

1 Páll Björnsson, „Sagnfræði og spuni.“ *Gammabrekka* 30. janúar 2004 (*Vef*). Gísli svaraði samdægurs á sama vettvangi.

2 Edmund Morris, *Dutch*.

dóttur þar sem hún veltir nokkuð fyrir sér hvar sannleikann sé að finna.¹ Hvernig leitar maður sannleikans um líf margbrotinnar manneskju? Það er spurning sem Friðrika glímir við og hún sviðsetur til dæmis dauðastund á mjög áhrifaríkan hátt og veitir lesendum átakanlega innsýn í líf og dauða stórbrotins listamanns og drykkjukonu.²

Augnablik – Nú má spyrja: Hvað er eiginlega á seyði? Geta fræðimenn leyft sér hvað sem er? Svarið er nei, fólk getur ekki leyft sér hvað sem er. Það gengur til dæmis engan veginn að taka texta annars og gera hann að sínum. En það er hægt að vinna með texta annarra á frumlegan og fjölskrúðugan hátt. Það hefur margoft verið sýnt og sannað.

Mjög skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um hvernig best sé að standa að vinnslu sagnfræðilegs texta og hvernig hægt sé að vinna með mótun sjálfsins. Í tímaritinu *Sögnum* fór fram umræða um samspil sagnfræði og skáldskapar um miðjan tíunda áratug tuttugustu aldar. Tímaritið fylgdi þar eftir námskeiði í Háskóla Íslands sem Gunnar Karlsson prófessor stýrði og nefndi: „Sagnfræði, sannleiki og skáldskapur“. Nemendur rituðu sögulega smásögu og voru nokkrar þeirra birtar í tímaritinu og vöktu athygli. Einnig voru þeir Magnús Hauksson, sagn- og bókmenntafræðingur, og Helgi Ingólfsson, sagnfræðingur og rithöfundur, fengnir til að ræða þessi tengsl. Í máli Magnúsar Haukssonar komu fram margir athyglisverðir punktar. Ég ætla að nefna nokkra þeirra og ræða þá frekar. Um almenn stefnumið sagnfræðinnar segir Magnús eftirfarandi:

Sagnfræðingurinn stefnir að því að fara rétt með staðreyndir og álykta með rökum út frá gögnum sínum um framvindu og samhengi. Traustleiki staðhæfinga og niðurstaðna hans veltur á því hve áreiðanlegar heimildir hans eru og röksemdirnar sannfærandi.³

Um einkenni skáldsöguhöfundar segir Magnús eftirfarandi: „Skáldsöguhöfundurinn nýtir sér sögulega þekkingu til að móta mynd af því einstaka. Dramatísk framsetning heppnast best á sviði hins sértæka og einstaklingsbundna.“⁴ Magnús heldur áfram að lýsa verklagi sagnfræðinga og tilgátusmið og hefur þetta að segja:

1 Friðrika Benónýs, *Minn hlátur er sorg. Ævisaga Ástu Sigurðardóttur* (Reykjavík, 1992).

2 Friðrika Benónýs, *Minn hlátur er sorg*, bls. 183-187.

3 Magnús Hauksson, „Um sagnfræði og skáldskap.“ *Sagnir* 16 (1995), bls. 37. Magnús ræðir mjög svipaðar hugmyndir í bók sinni *Íslenskar heimildabókmenntir*. Ég ræði þetta verk Magnúsar framar í bókinni en þess má geta að verk Magnúsar er kandidatsritgerð í íslenskum bókmenntum frá haustinu 1990.

4 Magnús Hauksson, „Um sagnfræði og skáldskap“, bls. 37.

Þeir [sagnfræðingar] safna saman mörgum einstökum vitnisburðum um tiltekið atriði og markmið þeirra er að álykta af þeim og draga upp almenna mynd af fyrirbærinu. Það má t.d. finna ýmis konar heimildir um meðferð ungbarna á 18. öld á Íslandi og væntanlega hefði sagnfræðingur meiri áhuga á því hvernig ungbarnaumönnun var almennt háttað í landinu á umræddum tíma en lýsa einstöku dæmi. Lýsing dæmisins væri þá a.m.k. ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að miðla almenntri sögulegri vitnesku; hið einstaka tilfelli hefði fyrst og fremst gildi vegna þess að það væri dæmigert fyrir það sem sagnfræðingurinn túlkaði sem almennt.¹

Og skáldin nýta sér verk sagnfræðinga og það oft á tíðum ríkulega, að áliti Magnúsar:

Mikilvægt er þó að úrvinnsla þeirra [skáldanna] stefni ekki að almennum sögulegum ályktunum heldur að því að móta atburðarás, sviðsetningar eða persónulýsingar. Frásögnin er alltaf á sviði hins einstaka hvort heldur höfundur kannar frumheimildir og vinnur úr þeim sjálfur eða nýtir sér rannsóknir annarra.²

Hér tjáir Magnús Hauksson sig um eðli sagnfræðinnar og „eðlilegt“ vinnulag sagnfræðinga á síðasta áratug tuttugustu aldar. Hugmyndir hans eru þannig fram settar að ég hygg að langflestir sagnfræðingar geti tekið undir þær og nýti sér þær við vinnu sína. Þessar hugmyndir eru því marki brenndar að þær byggjast á megindlegri hugsun, það er þeirri nálgun að leitast við að finna meðaltal hlutanna eða fyrirbæranna sem unnið er með. Ég hef gert þessa hugmyndafræði að umtalsefni í skrifum mínum og hef jafnframt reynt að leiða fram í dagsljósið nálgun sem gengur í berhöggi við þessa hugsun. Hér vísa ég til hinnar eigindlegu nálgunar einsögunnar sem leggur einmitt áherslu á hið einstaka og gerir það að meginviðfangsefni sínu; veltir fyrir sér textanum sem lýsir lífinu og þar gildir einu hvort unnið er með eina eða fleiri einingar. Hér að framan ræddi ég þau tækifæri sem ævisöguriturnum stæðu opin ef þeir reyndu að nálgast viðfangsefni sín út frá einingunni sem þeir vinna með og hvaða færi gæfust til að lýsa einu lífi.

Helgi Ingólfsson, sem ritað hefur heimildaskáldsögur, ræðir sérstaklega þann vanda sem blasir við öllum sagnfræðingum, það er í kringum heimildirnar og hvers virði þær eru í raun, erfiðleikana sem hljótast óhjákvæmilega af götunum í þekkingu okkar og loks vandann sem fræðimaðurinn stendur frammi fyrir þegar hann reynir að halda eigin gildismati frá rannsóknarferlinu. Í framhaldi af þessu slær Helgi fram mjög afgerandi fullyrðingu:

1 Magnús Hauksson, „Um sagnfræði og skáldskap“, bls. 37.

2 Magnús Hauksson, „Um sagnfræði og skáldskap“, bls. 37.

Af framansögðu má sjá að huglægt mat ræður miklu um hvernig sagnfræðingar framreiða söguna, jafnvel þótt þeir reyni ætíð að stjórna af hlutlægni. Í mínum huga er besti sagnfræðingurinn sá sem skáldar fortíðina á trúverðugstan hátt. Skáldar, segi ég, því að ef einhverjum sagnfræðingi tekst að komast í gegnum þetta flókna ferli án þess að geta einhvers staðar í eyðurnar eða greina frá fortíðinni án þess að byggja á einhverju leyti á eigin mati, þá tek ég hatt minn ofan fyrir honum.¹

Helgi áttar sig greinilega á vandamálunum sem blasa við sagnfræðingum og leggur til skynsamlegar lausnir. En þrátt fyrir skilning Helga á efninu situr hinn hefðbundni skilningur sagnfræðinnar fastur í huga hans því hann bendir nefnilega á að „sagnfræðin sem fræðigrein stefnir að sem mestri hlutlægni.“² Sagnfræðingar eiga erfitt með að fylgja eftir þeirri hugsun að sagnfræðin lúti svipuðum lögmálum og skáldsagan, hún er frásögn sem byggist á skírskotun til fortíðarinnar og ekkert annað. Með eigindlegri nálgun komumst við nær því að gangast við hinu huglæga eðli fræðanna og þeirri staðreynd að það er maður af holdi og blóði sem heldur á penna, jafnvel þó að hann sé kenndur við fræðigreinina sagnfræði! Mynd höfundar er á öllum verkum og viðfang hugsana hans mótast allar hugmyndir er birtast í textanum. Þess vegna mega sagnfræðingar ekki vera hræddir við að ræða og rannsaka allt sem í hugann kemur, ef það vekur áhuga þeirra eins og Helgi Ingólfsson bendir á.

Með því að nálgast viðfangsefni fræðanna út frá eigindlegum aðferðum opnast leiðir sem annars væru okkur lokaðar. Þær leiðir stóðu Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni opnar ef hann hefði leitt að því hugann hvar Halldór sjálfur stæði í textanum í stað þess að skeyta frásögnum hans saman í eina heild. Þar liggur hundurinn grafinn.

Síðasta orðið? – Lokahnykk þess rúmlega eins og hálf mánaðar darraðardans sem fram fór í fjölmiðlum kringum áramótin 2004 átti síðan þáverandi forsætisráðherra landsins, sjálfur Davíð Oddsson. Vitað er að Hannes Hólmsteinn hefur verið í miklu vinfengi við Davíð síðustu áratugi og hefur jafnan verið talinn einn af helstu ráðunautum hans. Í þætti Jóns Ársæls Þórðarsonar dagskrárgerðarmanns á *Stöð tvö* um Hannes Hólmstein Gissurason sem sýndur var rétt fyrir jól – á meðan allt lék í lyndi – bar til dæmis fyrir augu atriði þar sem Davíð Oddsson hyllti Hannes í afmælishófi hans með

1 Helgi Ingólfsson, „Sagnfræði sem skáldskapur.“ *Sagnir* 16 (1995), bls. 39-40.

2 Helgi Ingólfsson, „Sagnfræði sem skáldskapur“, bls. 41. Sjá umfjöllun mína um hlutlægnina í greininni „Aðferð í uppnámi“, bls. 40-45.

margföldu húrrahrópi. Á viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands í byrjun febrúarmánaðar rak Davíð síðan smiðshöggið á vasklega varnarbaráttu Hannesar og félaga með góðum brandara:

Góðir fundarmenn.

Það var eitt sinn haft á orði að okkur Íslendingum væri ekki sérlega lagið að ræða kjarna máls svo vel færi á. Þrætulist um ýmiskonar tittlingaskít lægi betur við okkur. Þetta er auðvitað hér sagt utan gæsalappa og vona ég að gæsalappalandsliðið hrökkvi ekki úr hjöruliðnum þó ég leyfi mér nokkra ónákvæmni er ég orða hugsun skáldsins. Það má vissulega til sanns vegar færa að okkur Íslendingum þykir mörgum nokkuð gaman að pólitískri þrætu og karpi og sannarlega finnast þess dæmi að smámál, lítil og ómerkileg, hafi bólgnað svo mjög að halda mætti að veröld öll væri undir og þarf svo sem ekki að leita langt aftur í samtíma sögu okkar til að finna vitlausustu dæmin. Sú saga er sögð að Þórbergur Þórðarson hafi sagt Halldóri Laxness að hann hefði lesið um rannsókn er sýndi að konur notuðu ekki nema um 500 orð í allar sínar samræður. Já, svaraði hinn, það er ekki mikill höfuðstóll en alveg gríðarleg velta.¹

Hér var það forsætisráðherra Íslands sem afgreiddi málið og þingheimur Verslunarráðsins skellihló! Írónían blasir við ísköld og nöpur þar sem loka-senna „Stóra Hannesarmálsins“ átti sér stað í sjálfu vígi eignarréttarins, Verslunarráðinu, fyrir framan nefið á þeim sem langmestra fjárhagslegra hagsmuna hafa að gæta í öllu þessu máli.

En hvað skyldi ekkja Halldórs Kiljans Laxness, Auður Laxness, vera að hugsa eftir þessa uppákomu alla? Það getur tæplega talist árennilegt fyrir hana og aðra handhafa höfundarréttar skáldsins að verja hann hér á landi. Það er varla nema von að þau hiki við að leita réttar síns þegar sjálfur dómsmálaráðherrann ásamt hæstaréttardómara hafa fullyrt opinberlega að enginn glæpur hafi verið framinn og forsætisráðherra geri síðan grín að öllu saman. Er ekki búið að fella dóm um málið á „æðri“ stöðum?

Trúlega erum við öll leiksoppar örlaganna í sögum úr samtímanum.

1 Davíð Oddsson, „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2004.“ 11. febrúar 2004: [www.forsætisraduneyti.is/radherra/\(Vef\)](http://www.forsætisraduneyti.is/radherra/(Vef)).

VI. Sjálfið í sögum

Tvær bækur – *Takk, mamma mín* er minningabók sem Þorsteinn J. Vilhjálmsson blaðamaður ritaði um móður sína – sjálfsævisaga og ævisaga í senn.¹ Þetta verk er nútímaverk um sjálfið, nokkurs konar óður til lífsins og þeirra erfiðleika sem mæta fólki – sigra og ósigra. Bókin höfðar til skynrænnar reynslu fólks af lestri texta og krefur lesandann um að horfa, ímynda sér, hugsa og finna til. Verkið skarar ólíka flokka sjálfsbókmennta, leikur sér við mörkin – skilin á milli sjálfs höfundar og móður hans; órjúfandi tenginguna milli sonar og móður á hverju sem dynur.

Bókin er stutt, sett fram með samspili mynda, handrita og leikrænnar uppbyggingar harmrænnar sögu. Móðirin elur börn sín tvö upp ein, fær ást og umhyggju frá öldruðum föður sem horfir á líf hennar í átakanlegri fjarlægð. Móðir hennar hafði tekið eigið líf af harmi eftir sonarmissi. Þorsteinn J. spyr spurninga um lífið sem kalla fram sársauka. Angist augnabliksins hjá móður hans er mætt með stjórnlausri drykkju sem leiðir til tilfinningalegra átaka og sorgar. Sonurinn horfir á móður sína látna og skilur þær taugar sem hún bar til lífsins og tjáir sýn sína á óvenju áhrifaríkan hátt. Krabbamein varð henni að aldurtíla.

Verkið er kynnt með listrænum tilburðum. Myndefni kallast á við texta sem virðist vera hálfunninn, eða kannski frekar handrit sem búið er að kroti í. Hratt yfirbragð bókarinnar gerir hana einlægari en flestar aðrar bækur og um leið margbrotnari. Það er engu líkara en höfundur hafi fundið bókina skrifaða í hirslu móður sinnar og viljað gefa hana út eins og hún sá hana síðast. Þó er hann höfundurinn – sá sem skapar verkið og segir sögu af reynslu sinni. Ásetningur Þorsteins J. er ekki flókinn og kemur skýrt fram á fyrstu síðu:

Þessi minningabók er full af óljósum minningum og brotum, sem ég hef fundið og raðað upp, svo ég tali nú ekki um uppskriftina að kókoskökunni góðu. Mig langaði til að ramma inn lífið hennar mömmu, einsog það er hægt, en það sem mig langar í raun og veru til að segja, er hvorki langt né flókið, aðeins fjögurra stafa orð; takk.

1 Þorsteinn J. Vilhjálmsson, *Takk, mamma mín. Minningabók* (Reykjavík, 2000).

Þessi bók sýnir vel sterkar tilfinningar sem geta bærst í þjósti fólks og hér er ekki hikað við að stíga fram og deila þeim með öðrum. Hér er það gert á hugmyndaríkan hátt og með samblandi ólíkra miðla og með frumlegum aðferðum. Verkið nær að tengjast á óvæntan en áhrifaríkan hátt lífinu og sjálfi höfundar og aðalpersónu.

Í bókinni *Úlfsskinna* eftir Eyjólf Guðmundsson frá Heiðarbrún eru tilfinningar og framsetning þeirra og tjáning með allt öðrum hætti en hjá Þorsteini J.¹ Hér er fetuð hefðbundin slóð sjálfsævisöguritunar, frásagnar-efnið er í stórum dráttum hið sama og í hundruðum annarra sjálfsævisagna frá tuttugustu öld og frásagnarhátturinn svipaður. Þó má segja að kafað sé djúpt í sálarlífið, sagt frá angist og vanlíðan auk þess sem bókin opinberar persónulegar langanir og athafnir sem sjaldnast rötuðu á spjöld fyrri tíma sjálfsævisagna. Yfirbragð verksins er hrátt, stafsetning fjálsleg (sem kann að stafa af tveggja áratuga dvöl höfundar í Noregi) og framsetning stundum viðvaningsleg. Það síðarnefnda er ekki sagt bókinni til hnjóðs, því yfirbragð verksins – einlægni þess – eykur á trúverðugleikann. Hér má sjá að jafnvel bækur sem falla algjörlega í ramma hefðbundinna sjálfsævisagna geta unnið úr samtímasjálfinu á persónulegri hátt en vænta mætti. Þannig hefur það reyndar verið alla tuttugustu öldina. Formið hefur sannarlega sett höfundum skorður sem þeir hafa síðan keppt við að þrjóta niður með afar fjölbreyttum hætti.

Eyjólfur Guðmundsson segir frá viðkvæmum efnum úr persónulegu lífi; sonarmissi, sjálfsvígstílaunum, kvennafari og drykkju á hispurslausan hátt. Lesandinn skynjar vanlíðan höfundar sem leitar leiða út úr ógöngum með handleiðslu dulrænna afla. Hann finnur hamingjuna undir lok bókarinnar og unir glaður við sitt. Í bland við opinskáar lýsingar af högum höfundar skýtur upp hefðbundnum frásagnarþáttum í þjóðlegum stíl af mönnum, málefnum, stöðum og atburðum. Höfundurinn ræður illa við frásögnina, fellur í gryfju sparðatínings og óljósra raka um menn og málefni, en samt fæst heilsteypt lýsing á manneskjunni sem heldur á penna.

Höfundarnir Þorsteinn J. og Eyjólfur frá Heiðarbrún lifa í sama heimi. Það er rétt um þrjátíu ára aldursmunur á þeim og í vissum skilningi gera þeir tilraun til að tjá sig um lík málefni. Leiðirnar sem þeir rata eru gjör-ólíkar, en niðurstaðan áþekkt: Með tjáningu sjálfsins, með því að ávarpa lífið og setja sjálfa sig í samhengi við það – gleðilegar og sorglegar minningar – leysa þeir úr læðingi krafta sem bærast innra með þeim. Á tuttugustu og

1 Eyjólfur Guðmundsson, *Úlfsskinna*. 1. bindi ([útgáfustaður ókunnur], 2001). Ég vil nota tækifærið og þakka Sigtryggi Magnasyni blaðamanni fyrir að hafa bent mér á þessa bók.

fyrstu öldinni hefur þessi tjáning náð nýrri vidd í veröldinni, en gamlir hættir deyja þó seint. Höfundarnir tveir eru að þessu leyti fulltrúar ólíkra hópa í margbreytilegri flóru sjálfsbókmenntanna.

Sjálfsbókmenntir – Vinsældir sjálfsbókmennta hafa verið dæmalausar hér á landi. Íslendingar virðast seint þreytast á að lesa slíkar bækur, ræða þær og bregðast við þeim með formlegum hætti og þær koma út í tugatali á hverju ári. Þessar bókmenntir eru kirfilega tengdar samfélaginu og umræðunni sem þar fer fram á hverjum tíma. Sjálfsævisagan var framan af tuttugustu öldinni til marks um afrek þeirrar kynslóðar sem tók þátt í að byggja upp samfélag nútímans. Karlarnir sem oftast héldu á penna töldu sig hafa tekið þátt í ævintýri sem fólst í því framfaraskeiði sem þjóðin gekk í gegnum.

Endurminningaritin byggðust á markvissari og kerfisbundnari tilraunum til að leiða fram fjölbreyttan hóp alþýðufólks sem í sveita síns andlits stóð sína plikt og vann sín verk af kappi, fólk sem skóp nútíma þjóðríkið. Jafnvel konur áttu sína rödd og sífellt fleiri nýttu sér þau tækifæri sem endurminningaritin buðu. Sérfræðingar á sviði minningaframleiðslunnar hösluðu sér völl á þessum vettvangi og færðust í aukana eftir því sem líða tók á tuttugustu öldina. Samtalsbækur í bland við vaxandi fjölda blaðaviðtala skópu verk sem voru aðgengilegri og á vissan hátt einfaldari í uppbyggingu en sjálfsævisögur og endurminningarit. Slíkar bækur voru oft settar saman á stuttum tíma og án mikils tilkostnaðar – og það hentaði útgefendum greinilega vel. Samtalsbækur hafa þó aldrei náð verulegu flugi í íslenskrí bókagerð, ef til vill vegna þróunar á blaða- og tímaritamarkaði sem byggðist meira eða minna á viðtölum við „frægt fólk“.

Sérfræðingavæðing sjálfsbókmenntanna hleypti töluverðu lífi í ýmsa tilraunastarfsemi sem tengdist nálgun og útfærslu einstakra ævипátta fólks. Þróun í bókagerð; ljósmyndaskreytingar, lífleg uppsetning og betri pappír (glanspappír), dró nýja lesendur örugglega að efninu. Oft höfðu sérfræðingarnir einnig góð áhrif á vinnslu verkanna. Þeir kunnu að vinna bækurnar og vissu hvað efni væri þýðingarmikið að fá fram í hverri bók og ábyrgð þeirra jókst eftir því sem á öldina leið. Þetta urðu fyrst og fremst höfundabækur en áður fyrr voru bækur kenndar við aðalpersónuna. Þá var höfundurinn í bakgrunni, aðstoðarmaður eða ritari, en aðalpersónan réð ferðinni.

Á sama tíma hrakaði hluta þessara verka. Mörg endurminninga- og samtalsritin voru illa unnin, greinilega samansett til þess að selja sem flest eintök með sem minnstum tilkostnaði. Þessi verk runnu því oft undan rifj-

um bókaútgefanda sem sáu sér leik á borði að hagnast vel á verkum sem annars voru lítills virði frá sjónarhóli fræðanna.

Þegar höfundar eru ráðnir til að vinna ákveðin verk sem talin eru vænleg til sölu og ætlaður afmarkaður tími til vinnunnar, oft knappur, verður metnaðurinn sem lagður er í hvert verk takmarkaður eins og fram kom hér fyrr í bókinni þegar rætt var um forsetabækurnar svonefndu eftir Gylfa Gröndal. En það eru ekki aðeins ævisögur sem hætt er við að verði hrákasmiði þegar svo er staðið að verki, sömu sögu er oft að segja um vinnslu endurminningarita. Sérfræðingar eru þá ráðnir til að taka aðalpersónuna tali og vinna verkið. Það er síðan undir hælinn lagt hvort höfundurinn leggur metnað í verkið eða hvort hann eða hún fær tækifæri til að sinna því af vandvirkni – allt fer það eftir hugmyndum útgefanda um hversu miklu fé skuli varið í vinnuna.

Áður hefur verið dregið á að mörg endurminningarit, eða samtalsbækur, væru unnin eins og risavaxin helgarviðtöl blaðanna, gjarnan á mjög skömmum tíma. Í slíkum tilfellum sjást oft merki um hroðvirknislega vinnu. Í vissum skilningi er lesendum boðið upp á svikna vöru vegna þess að þeir vilja geta treyst því að verk af þessu tagi séu vel unnin. Ég nefndi fyrr í bókinni endurminningarit sem Eiríkur Jónsson blaðamaður ritaði um Margréti Róbertsdóttur, en það er aðeins eitt af mörgum verkum sem standa engan veginn undir nafni. Annað verk, *Náðuga frúin í Ruzomberok*, sem Jónas Jónsson útvarpsmaður ritaði fékk mikla gagnrýni fyrir hroðvirknisleg vinnubrögð.¹ Snorri Bergsson sagnfræðingur ritaði langa grein í tímaritið *Mannlf* þar sem hann sýndi fram á margar missagnir í verkinu sem sannarlega vekur upp spurningar um þátt „sérfræðingsins“ við vinnslu þess.² Ávirðingar Snorra eru alvarlegar og breyta skilningi lesanda á viðfangsefninu. Bókin segir á misvísandi hátt frá viðkvæmum tengslum Laufeyjar Einarsdóttur og eiginmanns hennar Jans Jedilicka við fasistastjórn í heimalandi hans í Slóvakíu og síðar við þýska nasista, ef marka má gagnrýni Snorra.

Ljóst er að mikil ábyrgð hvílir á höfundi verka af þessu tagi. Hann þarf að fylgja eftir frásögn viðmælanda síns og kanna hvort hægt sé að sannreyna hana. Þetta virðist ekki hafa verið gert í bókinni *Náðuga frúin í Ruzomberok* og fyrir bragðið er frásögnin ekki lengur trúverðug.

Mikilvægt er að taka fram að ég lít alls ekki á útgefendur sem samviskulaus illfygli sem gangi það eitt til að bregða fæti fyrir höfunda og lesendur.

1 Jónas Jónsson, *Náðuga frúin í Ruzomberok* (Reykjavík, 1998).

2 Snorri G. Bergsson, „Fiskur undir steini.“ *Mannlf* 17:6 (2000), bls. 56-63.

Ég geri mér grein fyrir að vandi þeirra er stór, það er að reka sín fyrirtæki með hagnaði þannig að hægt sé að gefa út metnaðarfull verk sem krefjast mikils fjár. Ég vil aðeins bregða ljósi á þá eilífu togstreitu sem ríkir á milli þeirra sem vinna bækur og vilja fá til þess frið og tíma og útgefenda sem vilja koma þeim á markað sem fyrst. Oftast næst góð sátt milli beggja sjónarmiða og lesandinn fær fyrirtaks verk í hendurnar, sér og öðrum til ánægju.

Samhliða þessum breytingum á vinnslu sjálfsins hófu sjálfsævisöguhöfundar að skipta um stefnu. Lengst gengu umskiptin í verkum skáldanna. Þeir nýttu sér sjálfsævisöguformið til að bregða á leik í texta. Frjóasta og merkilegasta tilraunin á vettvangi sjálfsbókmennta á síðari hluta tuttugustu aldar kom fram hjá höfundum skáldævisagnanna. Þeir ruddu veginn fyrir frjálslegri meðferð textans en áður hafði tíðkast, meira afgerandi frásagnarhætti og óræðara sambandi milli höfundar – eigin líkama og ævi – og lesanda almennt.

Með hinu þýðingarmikla skrefi skáldævisagnanna hófst ferli innar sjálfsbókmenntanna sem ekki sér fyrir endann á. Mun fleiri en áður hafa séð ástæðu til að horfa á eigið sjálf í ljósi eigin reynslu, meta það og vega fyrir á lífsleiðinni – jafnvel oft á lífsleiðinni – og í dýnamískara sambandi við umhverfi sitt en áður tíðkaðist. Miðlun sjálfsins hefur einnig tekið stakka-skiptum sem hefur leyst upp kerfisbundnar skorður hugtaksins. Hið huglæga viðmið allra hluta hefur beinlínis aukið vægi einstaklingsins og viðfangsefna hans í hversdagslegri nálgun fólks á lífið sjálft. Það er meginviðmiðið sem gengið er út frá í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar og sú áherslubreyting hefur jafnframt losað um þvinguð mót sjálfsins.

Staða sjálfsbókmennta í upphafi nýrrar aldar byggist á meiri skörun ólíkra flokka persónulegra heimilda en áður hefur þekkt. Höfundar sveigja formin í átt að eigin þörfum – að sínu eigin sjálfi eða viðmælandans – nýta sér leiðirnar sem henta hverju sinni. Öldungadeildarþingmaðurinn og fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, Hillary Rodham Clinton, ritaði nýlega ítarlega bók um viðburðaríka ævi sína.¹ Verkið er beinlínis þrungið af upplýsingum um einstaka atburði í lífi hennar, greiningu á flóknum pólitískum átökum um allan heim og uppgjöri við persónulegar tilfinningar sem beinast jafnframt að eiginmanni, dóttur, (ó)vinum, samstarfsmönnum og þjóðum – og allt dregið fram úr sama minninu? Nei, í bókarlok kynnir Hillary Rodham Clinton til leiks mikinn fjölda fólks sem lagði henni lið á einn eða annan hátt við ritun bókarinnar. Efnissöfnun var umfangsmikil, hópur fólks tók viðtöl við samferðamenn hennar, öðru efni var safnað eftir

1 Hillary Rodham Clinton, *Living History* (New York, 2003).

hefðbundnari leiðum og í það minnsta þrjár manneskjur unnu samfleytt í nokkur ár að gerð bókarinnar með höfundinum. Af þessum ástæðum er ekki hægt að skilgreina verkið sem hefðbundna sjálfsævisögu, frekar sem ævisögu lifandi manneskju eða endurminningarit þar sem höfundurinn er jafnframt aðalpersónan! Einnig er hægt að fjalla um verkið sem pólitískt rit sem fléttar stöðu Hillary Rodham Clintons saman við líf hennar í fortíð, nútíð og framtíð.¹

Sögur um sjálfíð – Alls staðar þar sem fólk kemur saman má finna sögur sem segja frá einstaklingum og vegferð þeirra. Miðlun þeirra er fjölbreytt og svo hefur jafnan verið. Einn sér ástæðu til að halda dagbók, skrá niður „hlutbundna“ lýsingu á tilveru sinni eða innstu tilfinningum. Annar hamast við bréfaskriftirnar vegna þess að félagsleg staða viðkomandi kallar á það eða hvatirnar leita eftir slíkri tjáningu. Þriðji missir nákominn ættingja og finnur sig knúinn til að minnast hans með nokkrum hlýjum orðum á greftunardegi. Fjórti fer til læknis og er lagður inn á spítala í kjölfarið. Þar eru teknar af honum nákvæmar skýrslur um fortíð hans, sjúkdóminn og félagslegar aðstæður. Fimmti eldist og lendir í úrtaki þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands sem sendir honum spurningalista um lífshætti í þéttbýli á tuttugustu öld og fer fram á að rúmlega eitt hundrað spurningum sé svarað. Sjötti fær spurningu frá barnabarni um ætt sína og uppruna og áttar sig á að fátt er um svör í sambandi við liðna tíð fjölskyldunnar. Ættfræðin með tilheyrandi grúski í þjóðlegum fróðleik leiðir viðkomandi á vit nýrra heima þar sem líf fólks er vegið, metið og frá því sagt í sögum – endalausum frásögnum af lífi framandi fólks sem þó er hold hans og blóð. Sjöundi lendir í viðtali um merkilegt lífshlaup sitt sem birtist í glanstímariti. Áttundi ákveður að fara að blogga um daglega reynslu sína; fyrst sem eldheitur anarkisti en hættir síðan við eftir einn og hálfan mánuð og ákveður að koma fram sem kona. Fyrst í stað hugsað sem hugmynd í léttum dúr en hann finnur fyrir hinu kvenlæga í fari sínu og fer að veita því meiri athygli í daglegu lífi. Sjálfíð kemst á flot!

Sjálfíð í sögunum er alls staðar að finna. Það brýst fram með ólíkum hætti og finnur sér sífellt fjölbreyttari farveg. Hin föstu form sjálfstjórningarinnar riðlast og skörun þeirra verður eitt helsta einkennið á samtímaútfærslu sjálfsins. Fræðaheimurinn hefur líka hafið tilraunir til að nýta sér þær leiðir sem sjálfíð hefur fundið í textanum, oft með afar áhugaverðum hætti.

1 Í bókinni *Sjálfssögur* sem gefin verður út árið 2005 verður einmitt rætt um stöðu höfundarins í verkinu og sjálfsbókmenntir greindar niður í nokkra ólíka flokka með tilliti til hennar.

Bókin – Í þessu verki hefur verið leitast við að draga fram ákveðnar línur í meðferð fólks á eigin sjálfi. Sjálfsbókmenntir hafa orðið gríðarlega vinsælt lesefni á tuttugustu öld og efni þeirra er ákaflega upplýsandi fyrir áhugafólk um annað fólk og samfélög þeirra. Í bókinni hefur einkum verið dregið á eftirfarandi atriði:

- A. Sjálfsævisögur einkenndust framan af tuttugustu öldinni af hlutlægum lýsingum á umhverfinu og reynslu höfunda. Höfundarnir voru sannarlega hluti af þeirri lýsingu en þó án þess að stíga inn í eigið sjálf, ef svo má að orði komast. Ég held því fram að á nítjándu öld (aðallega á síðari hluta aldarinnar) og fyrri hluta tuttugustu aldar hafi þetta einkennt langflestar sjálfsævisögur, bæði karla og kvenna.
- B. Um miðja tuttugustu öldina breyttist staða sjálfsbókmennta þannig að sjálfið varð til sem meginviðfang tjölmargra verka. Höfundar stigu inn í miðju frásagnarinnar og spegluðu sig í eigin sjálfi. Þetta átti bæði við konur og karla. Hér birtist hið móðerníska sjálf, staðlað og nokkuð stíft framan af, en á því slaknaði verulega þegar nær dró aldamótum. Líður í þessari þróun er að sérfræðingar fara að aðstoða við skilgreiningu sjálfsins, bæði þeir sem annast ritun endurminningarita og sálfræðingar sem vinna með fólki í kyrrþey. Þarna verður maðurinn fyrst að miðju síns eigin sjálfs. Sjálfið er skilgreint í samhengi við samfélagið og kerfin sem það hvílir á, rammann sem skapar manninn. Konur hafa þar sinn bás og karlar sömuleiðis en tengslin við sjálfið er álíka nálæg hjá báðum kynjum.
- C. Árið 1989 markar fall Berlínarmúrsins, þessi tákngevingur kerfanna og hinna móðernísku lausna; tími hins „hefta“ sjálfs og „stöðugleikans“ líður undir lok, við tekur tími óheftrar tjáningar og margbreytileiki. Í eftirnúttímanum (póstmóðernískum tíma) líður miðjan undir lok og fram á sjónarsviðið stíga öfl sem enga málsvara áttu áður. Þessir hópar, bæði myrkir og bjartir, tjá sig um lífið og tilveruna á mun opnari hátt en þekkst hefur áður; tími irkisins, póstlistanna, heimasíðnanna og bloggsins gekk í garð og sjálfið var óþekktanlegt á eftir.
- D. Tími átaka um sjálfið er genginn í garð þar sem allt er lagt undir til að hafa hemil á hugmyndum fólks um mannskepnuna. Afmiðjunin gerir það að verkum að pólitísk öfl láta til sín taka þegar kemur að því að „búa til mann“. Hinni óhjákvæmilegu atlögu að hefðbundnum gildum samfélagsins er svarað af meiri krafti en þekkst hefur áður, af meiri

heift og ofsa en lengi hefur sést í opinberri umræða. „Stóra Hannesar-málið“ er lýsandi dæmi um slíkt ástand, um þau öfl sem leysast úr læðingi við aðstæður sem enginn virðist hafa hemil á. Jafnvel í máli sem virðist fyrst og fremst snúast um lítinn fræðilegan metnað höfundar eða klúðurslega útfærslu á rannsóknarverki er blásið til sóknar með það í huga að „afhjúpa“ annarlegan tilgang gagnrýnistradda. Að verja pólitíska stöðu sína er meginmarkmið ráðandi afla. Eignarhald þeirra á valdastofnunum samfélagsins er í hættu vegna afmiðjunarferlisins og því er einskis svifist til að finna óvininn og ganga í skrokk á honum. Vandinn er sá að hann er því sem næst ósýnilegur – jafnvel ekki til.

Birtingarmyndir sjálfstjánningar, í heimi sem er á fleygiferð, miðast við að setja fótinn niður á stöku stað og rannsaka brotin sem skýtur upp í huga okkar; smælkið sem fer að skipta æ meira máli eftir því sem kvörn tímans hefur malað mélinu smærra allt samhengi hlutanna. Það er að verða hverjum manni sífellt þýðingarmeira að tjá skoðanir sínar og hugsun með einhverjum hætti, hvort sem það er gert í texta, ljósmynd, myndverki eða á veraldarvefnum.

Þessi margbreytilega staða sjálfsins hefur orðið fræðimönnum hvatning til að stíga út úr afmörkuðum farvegi hugmynda sinna og gera tilraun til að nálgast tjáningu fólks út frá sömu forsendu og samtímamenn gera; út frá brotunum sem ná athygli okkar.

Sjálfstjáningin hefur af ofangreindum ástæðum aukist en vegur sjálfsævisögunnar sem hins þvingaða forms sjálfsins hefur minnkað. Hefðbundnar sjálfsævisögur henta illa til að ná utan um hið síkvika og sibreytilega sjálf og við tekur þráður sem er sundurlaus og mótsagnakenndur þar sem fólk berst frá staðfestu æviferilsins yfir í tætingslegar tilfinningar gagnvart veröldinni allri. Sú staða kemur fram í tjáningunni sjálfri, hvar sem henni er komið við. Þessi staða hefur óhjákvæmilega haft áhrif á það hvernig fræðimenn stunda rannsóknir sínar vegna þess að hugmyndir þeirra sjálfra um lífið hafa breyst. Ef einhver ætlar sér að galdra fortíðina fram með hlutlausum aðferðum vísindanna, skeyta textum saman sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni án umfjöllunar eða gagnrýni, þá þýðir það aðeins að fræðimaðurinn hefur kosið að leiða hjá sér fræðilega umræðu síðustu tuttugu ára og rúmlega það.

Ég er þeirrar skoðunar að hin móðerníska greiningarleið á ævi fólks hafi lengst af tuttugustu öldinni þjónað þeim tilgangi að halda mannskepnunni saman, að búa til mynd sem sýndi „manninn“ sem eina samfellda heild. En ýmis teikn eru á lofti sem gefa til kynna að slíkt gangi ekki upp í byrjun

tuttugustu og fyrstu aldar. Hér er í það minnsta vert að staldra við og spyrja á ný hvort „einstaklingurinn“ sé til sem fyrirbæri. Er hægt að vera sami einstaklingur frá vöggu til grafar eða er „hann eða hún“ summan af mörgum einstaklingum? Er hægt að halda því fram að margbrotið líf manna komi í veg fyrir að sjálfið myndi eina heild; að hver og einn sé „margur“? Líffræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að allar frumur líkamans endurnýist á sjö ára fresti þannig að uppistaðan tekur sannarlega breytingum þótt hún endurnúi sig í líkri mynd.

Margir bókmenntafræðingar og nokkrir sagnfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að nútímasjálfið sé á stöðugu iði, það sé kvikt og sífelldum breytingum háð. Vegna þeirra umbrota sem eiga sér stað í lífi fólks í nútímasamfélögum er hæpið að tala um einstaklinginn sem einu og sömu mannveruna allt sitt líf. Frá sjónarmiði hugvísinda er freistandi að líta svo á að maðurinn sé sundraður, að það sé ekki hægt að ræða um hann sem eitthvað eitt; *konstant*. Rökin sem hér hefur verið haldið á lofti sýna að maðurinn sé, rétt eins og frumurnar sem halda honum saman sem líffræðilegri veru, alltaf að endurnýja sig sem huglæg vera. Sú endurnýjun byggist sannarlega á sambandi milli einstakra þátta í ævi hvers og eins, en þó hefur hver þáttur sínar margbreytilegu birtingarmyndir. Þannig er maðurinn ekki aðeins sjálfstæð vera í samfélagi annarra manna heldur er hann sjálfstæður gagnvart sjálfum sér.

Sambandið milli hinna „mörgu“ einstaklinga í hverjum manni er að mínu viti eitt mikilvægasta viðfangsefni fræðimanna. Með því að viðurkenna þessar aðstæður opnast fræðimönnum ný og mikilvæg tækifæri til að nálgast fortíðina. Hún er einmitt lykilinn að samspili þjóðfélags, mannsins sem sögulegs fyrirbæris og hinna mörgu einstaklinga sem búa í hverjum manni á löngu æviskeiði. Ég er þó þeirrar skoðunar að þessar aðstæður hafi alltaf verið fyrir hendi en hafi ekki farið að skipta máli fyrr en á allra síðustu árum tuttugustu aldar. Fram að þeim tíma hélt lífsferillinn, þessi formlegi strúktúr samfélagsins, einstaklingnum saman og knúði hann til að gera upp ævi sína með mjög afgerandi hætti eins og að framan hefur verið lýst. Undan þeirri kröfu komst fólk oft og náði þá að bjóta upp hefðbundið form hinnar sjálfsævisögulegu tjáningar. Þegar nær dró aldamótunum síðustu breyttist staða mannsins gagnvart sjálfum sér. Þá varð sú sundrung sem sjálfið stendur frammi fyrir meira áberandi og því er hægt að sýna fram á að hver einstaklingur sé í raun „margir“ einstaklingar sem samanstanda af ólíkum brotum og svipmyndum þeirra. Upplausn mannsins er því stöðug og viðvarandi: Allt lífið á sér stað endurnýjun, meðvituð eða ómeðvituð, sem umbreytir huglægri stöðu hvers og eins í lífinu.

Einhvers konar ég – Í árslok 2003 kom út sjálfsævisaga eftir Þráinn Bertelsson.¹ Nafnið á verkinu – *Einhvers konar ég* – hljómar eins og niðurstaða þessarar bókar; sjálfið verður ekki höndlað með góðu móti, aðeins skýrt í svipmyndum tímans. „Það er kannski tilgangslaust að leita að sjálfum sér því að ég er ekki lengur sá sem ég eitt sinn var“, segir Þráinn í bók sinni og skýrir síðan við hvað hann á:

Ég þarf ekki að blaða lengi í myndaalbúminu mínu til að sannfærast um að líkami minn í dag líkist þeim líkama sem var bústaður minn þegar ég kom í heiminn, þegar ég fermdist, þegar ég varð stúdent. Þessi líkami hrörnar núorðið dag frá degi.²

Þráinn ræðir síðan líkamlega hrörnun sína og finnur út að þrátt fyrir hana sé „einhver kjarni, eitthvert sjálf, ljós sem verður skærara og skærara og vitund mín um sjálfan mig og umheiminn verður skýrari og skýrari [...]“.³ Hann fellst með öðrum orðum í aðra röndina á að sjálfið sé eitt – samfella sem markar rammann utan um hina líffræðilegu umgjörð. Hún hrörnar en sjálfið öðlast styrk. Á hinn bóginn lætur Þráinn í það skína að þetta sjálf sé óskýrt, óstöðugt og oftast ógreinanlegt. Hann fellst á að sjálfið sé eitt og til staðar en það sé afar erfitt að nálgast það. „En það sem tengir saman árin er vitund um eða tilfinning fyrir einhverju sjálfi, þessu innra ljósi, sem ég veit svo lítið um, nema þaðan kemur meðvitund um rétt og rangt, þaðan kemur ylurinn í brjósti mér; það er uppspretta kærleikans, þess hluta guðdómsins sem lífið er“, segir Þráinn í lok formálsorða sinna.⁴

Eins og áður hefur komið fram er ég sjálfur efins um að þetta standist, að sjálfið sé eitt og hið sama út allt lífið. Það er engu líkara en maðurinn sé margur, sjálf hvers og eins sé í fleirtölu – hver maður hafi mörg sjálf sem taka sífelldum breytingum. Ef þau rök fá staðist má spyrja hvaða þýðingu slík túlkun hafi fyrir skoðanir fólks á fortíðinni og rannsóknir á henni? Hvernig fjöllum við um einstaklinga ef ekki er lengur hægt að horfa á hvern og einn sem einingu? Á síðari árum hafa framsæknir sagnfræðingar krafist þess að hópar séu brotnir niður í einingar sínar – fyrirbæri og saga séu afmiðjuð – að hver einstaklingur fái að njóta sín, en spyrja má: Hvar enda slík umskipti? Hvar er smæstu einingar að finna?

1 Þráinn Bertelsson, *Einhvers konar ég* (Reykjavík, 2003).

2 Þráinn Bertelsson, *Einhvers konar ég*, bls. 9.

3 Þráinn Bertelsson, *Einhvers konar ég*, bls. 9.

4 Þráinn Bertelsson, *Einhvers konar ég*, bls. 10.

Í þessari bók er ekki að finna svörin við ofangreindum spurningum. Þeim er varpað hér fram til íhugunar. Í bókinni *Sjálfssögur. Minni, minningar og saga* verður kafað í byggingu sjálfsbókmennta og hugað að því hvernig einstaklingurinn man ævi sína; á einstökum tímaskeiðum, sem einstaklingur eða sem margir einstaklingar. Ef til vill hafði Þórbergur Þórðarson rétt fyrir sér eftir allt saman þegar hann hélt því fram að sjálfsævisögur væru

flestar ekkert annað en einskonar ruslaskrínur, sem tínt er saman í samhengislítið hrafl af ytri atburðum, er höfundunum tekst sjaldan að hefja uppá hærra frásagnarsvið en söguefnin standa til. Þar á móti verður þess örsjaldan vart í slíkum bókum, að höfundarnir hafi nokkurntíma brotið heilann um nokkurn skapaðan hlut. Það er einsog aldrei hafi nokkur vitund gerzt í sálarlífi þeirra.¹

1 Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs*, bls. 11.

Heimildir

Óprentaðar heimildir og rafrænar útgáfur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur: BsR

BsR Aðfnr. 2609 – Þurfamannaævir. [Þessi heimildarflokkur spannar mörg aðfanganúmer hjá Borgarskjalasafni].

BsR Aðfnr. 3465 – Heilsufar fátæklinga og hjúkrun 1915-1955. Skrifstofa Borgarstjóra.

Einkaskjöl: E

Bréf Magnúsar Helgasonar til Sigurðar Gylfa Magnússonar ritað í Reykjavík, 28.9.1992 (*E*).

Davíð Ólafsson, *Frá degi til dags. Dagbækur og dagbókarritun á Íslandi á 18., 19. og 20. öld.* Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Væntanleg á bók (*E*).

Guðjón Friðriksson, „Sagnfræði og ævisögur.“ Fyrirlestur haldinn hjá Sögufélagi 16. desember 1999 (*E*).

Guðrún V. Stefánsdóttir, „Lífssögur fólks með þroskahömlun á Íslandi sem fætt er á fyrri hluta 20. aldar.“ (*E*).

Hilma Gunnarsdóttir, „Eitt ævilangt augnablik. Af sjálfsævisögunum *Launhelgi lyganna* og *Misjón er mannsævin*.“ Nemandaritgerð við sagnfræðiskor Háskóla Íslands 2001 (*E*).

Hrafnkell Lárusson, „Sagnrýni: Þórbergur Þórðarson og Páll Ísólfsón.“ Nemandaritgerð við sagnfræðiskor Háskóla Íslands 2001 (*E*).

Hulda Lilliendahl, „Sjúkraskrár – Nothæfar sagnfræðiheimildir?“ Nemandaritgerð við sagnfræðiskor Háskóla Íslands 1998 (*E*).

Ingibjörg Sigurðardóttir, „[Nafnlaus].“ Ófullgerð M.A.-ritgerð (*E*).

Jón Jónsson, „Til þess eru vítin að varast þau. Um heimildir á þjóðhátadeild Þjóðminjasafnsins.“ Nemandaritgerð við sagnfræðiskor Háskóla Íslands 1995 (*E*).

Marteinn Breki Helgason, „Jakob F.“ Pistill fluttur í *Víðsjá, Rás 1*, Rúv (*E*).

Ólafur Rastrick, „Um grein Inga Sigurðssonar.“ Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Sögufélags í Reykholti 6. nóvember 1999 (*E*).

- Sigrún Sigurðardóttir, „Det traumatiske øjeblik. Fotografiet, differancen, tiden, historien og mødet med virkeligheden.“ Meistaraprófsritgerð frá Kaupmannahafnarháskóla, 2003 (E).
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Tilraun til úrvinnslu. *Milliheimild*. Rannsóknir á heimildum þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns.“ (E).
- Þorleifur Hauksson, „Saklaus eins og nýfæddur kálfur.“ *Arnarflug. Ræjselekture for Örn Ólafsson på hans 60-års fødselsdag 4. april 2001* (Kaupmannahöfn, 2001). (E).

Heimasíður, póstlistar og vefrit: Vef

- „Ákærvaldið gegn Ingólfi Erni Margeirssyni.“ Dómsmál nr. 252/1998 fyrir Hæstarétti. Sjá vef Hæstaréttar: www.haestirettur.is (Vef).
- Bára Magnúsdóttir, „Staða gagnrýnandans á tíma fjölmiðlavæðingarinnar.“ Kistan.is (Vef).
- Björn Bjarnason, „Ábyrgð að vera maður. Aðventuræða í Grensáskirkju 30. nóvember 2003.“ Bjorn.is (Vef).
- Björn Bjarnason, „Tala í stað þess að lesa um Halldór.“ 10. janúar 2004 Bjorn.is (Vef).
- Björn Bjarnason, „Halldór, Ferðalok, Kristmann – ráðherraskipti.“ 4. janúar 2004. Bjorn.is (Vef).
- Björn Bjarnason, „Árásir á Jakob F. Ásgeirsson.“ 24. janúar 2004. Bjorn.is (Vef).
- Boynton, Robert S., „The Tyranny of Copyright?“ Vefútgáfa *The New York Times* <http://www.nytimes.com/2004/01/25/magazine/25COPYRIGHT.html> (Vef).
- Dagur dagbókarinnar: www.akademia.is/sigm (Vef).
- Davíð Oddsson, „Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands 2004.“ 11. febrúar 2004: www.forsaetisraduneyti.is/radherra/ (Vef).
- Gauti Kristmannsson, „Halldór.“ *Viðsjá. Rás 1*, Rúv, 22. desember 2003: www.ruv.is (Vef).
- Gísli Gunnarsson, „Kæri Gauti.“ Kistan.is (Vef).
- Gísli Gunnarsson, „Hroki og hleypidómar annó 2004.“ Kistan.is (Vef).
- Gottskálf Þór Jensson, [Svar við fyrirspurn ritstjóra Kistunnar], Kistan.is (Vef).
- Gunnar Karlsson, „Ritaskrá íslenskrar sögu.“ Sjá: www.heimild.is (Vef).
- Heimasíða Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar: www.hi.is/~hannesgi/ (Vef).
- Heimasíða Háskóla Íslands – Siðareglur: www2.hi.is/page/sidareglurhi (Vef).
- Heimasíða háskólans í Trier í Þýskalandi – Um ritstuld: www.politik.uni-trier.de/studium/plagiat.php (Vef).

Heimasíða Heimildastofnunar – Ritaskrá íslenskrar sögu: www.heimildir.is (Véf).

Heimasíða „History News Network“ í George Mason University í Bandaríkjunum: <http://hnn.us/articles/1764.html> (Véf).

Heimasíða Sigurðar Gylfa Magnússonar: www.akademia.is/sigm (Véf).

Helga Kress, *Skýrsla um meðferð texta og tilvitnana í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, Halldór 1902-1932. Ævisaga Halldórs Kíjans Laxness* (Reykjavík, 2004), www.hi.is/~helga/ (Véf).

Páll Baldvin Baldvinsson, „Gagnrýni: Halldór.“ *Stöð tvö* 22. desember 2003: www.stod2.is (Véf).

Páll Björnsson, „Halldór 1902-1932. Ævisaga: Hannes Hólmsteinn Gissurarson.“ *Kastljós, Sjónvarpið* 18. desember 2003: www.ruv.is (Véf).

Páll Björnsson, „Sagnfræði og spuni.“ Gammabrekka – Póstlisti Sagnfræðingafélags Íslands: 30. janúar 2004 (Véf).

Salvör Gissurardóttir, „Metamorphoses“ [bloggsíða]: [www.ismennt.is /notes/salvor/meinhorn/blogger.html](http://www.ismennt.is/notes/salvor/meinhorn/blogger.html) (Véf).

Síðareglur Sagnfræðingafélags Íslands: www.akademia.is/saga (Véf).

Sigurður Gylfi Magnússon, „Einsagan – Frelsun eða forboðnir ávextir?“ Kistan.is (Véf).

Hjóðvarp: H

Jón Jónsson og Rósa Þorsteinsdóttir, „Kynjakarlar og skringiskrúfur.“ Sex útarpsþættir (40 mín.) um förumenn í íslenska sveitasamfélaginu, frumfluttir á *Rás 1*, Rúv, í mars og apríl 2000. Endurfluttir sumarið 2003 (H).

Kvikmyndir: K

Ross, Gary, *Pleasantville* (1998). (K).

Weir, Peter, *The Truman Show* (1998). (K).

Landsbókascfn Íslands – Háskólabókascfn: Handritadeild: Lbs

Lbs óskráð – Bréf Magnúsar Hj. Magnússonar til Þórðar Þórðarsonar Grunnvíkings, ritað á Suðureyri 17. mars 1913.

Lbs 2218 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Lbs 2226 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Lbs 2229 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Lbs 1866 8vo – Dagbók Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf.

Lbs 2235 4to – Gríma: „Skáld og hagræðingar á Íslandi 1902-03.“

Landsbókasæfn Íslands – Háskólabókasæfn: Lbs-Hbs

Anton Holt, „Deila listamanna og menntamálaráðs 1941-1942.“ B.A.-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 1979 (*Lbs-Hbs*).

Davíð Ólafsson, „Bækur lífsins. Íslenskar dagbækur og dagbókarskrif fyrr og nú.“ M.A.-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands, maí 1999 (*Lbs-Hbs*).

Hilma Gunnarsdóttir, „Íslenska söguendurskoðunin. Aðferðir og hugmyndir í sagnfræði á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar.“ B.A.-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands, febrúar 2004 (*Lbs-Hbs*).

Svavar Hávarðsson, „Loðmundarfjörður á síðari hluta 19. aldar. Vitnisburður persónulegra heimilda um daglegt líf og dauða.“ B.A.-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands, júní 1998 (*Lbs-Hbs*).

Viðtöl: V

Viðtal Sigurðar Gylfa Magnússonar við Ástu S. Reynis í október 1998 (*V*).

Viðtal Sigurðar Gylfa Magnússonar við Hauk Ingvarsson í nóvember 2003 (*V*).

Viðtal Sigurðar Gylfa Magnússonar við Svein Davíðsson í október 1998 (*V*).

Viðtal Sigurðar Gylfa Magnússonar við Pál Björnsson 21. desember 2003, 1. janúar 2004, 30. janúar 2004 (*V*).

Prentaðar heimildir

A

Abbott, Andrew, „History and Sociology: The Lost Synthesis.“ *Social Science History* 15 (1991), bls. 201-238.

Adams, Timothy Dow, *Light Writing and Life Writing. Photography in Autobiography* (Chapel Hill, 2000).

Adrian, Lynne M., „Social History Update: An American Studies Contribution to Social History.“ *Journal of Social History* 23 (Summer 1990), bls. 875-885.

Aðalgeir Kristjánsson, *Bryrjófur Pétursson. Ævi og störf* (Reykjavík, 1972).

Aðalsteinn Ingólfsson, *Erró. Margfalt líf* (Reykjavík, 1991).

„Aðferð Hannesar skekur fræðaheim og samfélag.“ *Morgunblaðið* 12. janúar 2004.

Agnes S. Arnórsdóttir, „Frá kvennasögu til kerfisbundinna rannsókna.“ *Ný saga* 5 (1991), bls. 33-39.

Altick, Richard D., *Lives and Letters: A History of Literary Biography in England and America* (New York, 1969).

Aþýðumenning á Íslandi 1830-1930. Ritað mál, menntun og félagsshreyfingar. Sagnfræðirannsóknir 18. Ritstjórar Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson (Reykjavík, 2003).

- Ambrose, Stephen E., „Introduction.“ *The Haldeman Diaries. Inside the Nixon White House* (New York, 1994).
- Amigoni, David, *Victorian Biography: Intellectuals and the Ordering of Discourse* (New York, 1993).
- „Andlátsfregnirnar ýktar.“ *Morgunblaðið* 17. janúar 2004.
- Anna Agnarsdóttir, „Ráðagerðir um innlimun Íslands í Bretaveldi á árunum 1785-1815.“ *Saga* 17 (1979), bls. 5-58.
- Anna Agnarsdóttir, „Heimildaútgáfur: Púkó og gamaldags?“ 2. *Íslenska söguþingið. 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit* II. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002), bls. 114-123.
- Annadís Gréta Rúdólfssdóttir, „„Aldrei þú á aðra skyggðir“: Staða sjálfsins í minningargreinum og viðtölum.“ *Íslenskar kvennarannsóknir*. Ritstjórar Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (Reykjavík, 1997), bls. 41-50.
- Annadís Gréta Rúdólfssdóttir, *The Construction of Femininity in Iceland*. Doktorsritgerð frá London School of Economics and Political Science, 1997.
- Annals of Labour: Autobiographies of British Working-Class People 1820-1920*. Ritstjóri John Burnett (Bloomington, 1974).
- „Annálaritarar samtímans.“ *Fréttablaðið* 15. febrúar 2003.
- Ariès, Philippe, *Centuries of Childhood. A Social History of Family Life*. Þýðing Robert Baldick ([1960: Ensk þýðing], London, 1965).
- Ariès, Philippe, *The Hour of Our Death* ([1977: Ensk þýðing], London, 1981).
- Ash, Timothy Garton, *The File. A Personal History* (New York, 1997).
- Auður G. Magnúsdóttir, „„Var Steinvör þá málóð um hrið.“ „Sterkar konur“ og valdamöguleikar íslenskra miðaldakvenna.“ *Íslenskir sagnfræðingar*. Seinna bindi. *Viðhorf og rannsóknir*. Ritstjórar Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 2002), bls. 287-297.

Á

- Ármann Jakobsson, „Gúlliver í Putalandi.“ *DV* 8. desember 1999.
- Ármann Jakobsson, „Úrklippusafn skálds.“ *DV* 2. júní 2003.
- Árni Björnsson, *Saga daganna* (Reykjavík, 1993).
- Árni Óla, „Á fimmtíu ára afmæli sínu var Reykjavík torfbæjborg.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 24 (1949).
- Ásgeir Jakobsson, *Óskars saga Halldórssonar. Íslandsbersi* (Reykjavík, 1994).

B

- Baker P., [ritstjóri], „Special Issue: What is Social Science History?“ *Social Science History* 23 (1999), bls. 475-591.

- Barthes, Roland, *Camera Lucida. Reflections on Photography*. Þýðing Richard Howard (New York, 1981).
- Batchen, Geoffrey, *Burning with Desire. The Conception of Photography* (Cambridge, Mass., 1999).
- Batchen, Geoffrey, *Each Wild Idea. Writing, Photography, History* (Boston, 2001).
- Baudrillard, Jean, *Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*. Atvik 3. Ritstjóri Geir Svansson. Þýðing Ólafur Gíslason (Reykjavík, 2000).
- Baugalín, *Launhelgi lyganna* (Reykjavík, 2000).
- Bára Magnúsdóttir, „Sjálfstjáníning kvenna. Viðtal við Sigurð Gylfa Magnússon.“ *Vera* 24:3 (2003), bls. 24-25.
- Becker, H.S., „Introduction.“ *Sociological Methods*. Ritstjóri N.K. Denzin (Chicago, 1970).
- Benedikt Jónsson, „Þrætubók.“ *Morgunblaðið* 19. janúar 2004.
- Bergsteinn Jónsson, „Íslenzkar ævisögur. Hugleiðingar í tilefni af sjálfsævisögu Halldórs E. Sigurðssonar.“ *Saga* 25 (1987), bls. 205-208.
- Bergsteinn Jónsson, „Eftir ævilangt samneyti við sendibréf ...“ *Íslenska söguþingið*. 28.-31. maí 1997. Ráðstæfnurit II. Ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík, 1998), bls. 11-14.
- Bergsteinn Jónsson, „Ágrip af sjálfsævisögu manns sem hefur haft meiri ánægju af sögu en sagnfræði.“ *Íslenskir sagnfræðingar*. Seinna bindi. *Viðhólf og rannsóknir*. Ritstjórar Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 2002), bls. 179-188.
- Bertaux, Daniel, „From The Life-History Approach to the Transformation of Sociological Practice.“ *Biography and Society. The Life-History Approach in the Social Sciences*. Ritstjóri Daniel Bertaux (Beverly Hill, CA., 1981), bls. 29-45.
- Bertens, Hans, *The Idea of the Postmodern* (London, 1995).
- Biskupinn í Görðum. Sendibréf 1810-1853*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Íslensk sendibréf II (Reykjavík, 1959).
- Bjarki Bjarnason, „Hannes og Halldór.“ *Morgunblaðið* 30. desember 2003.
- Ejörg: Verk Ejargar C. Þorláksson*. Ritstjóri Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (Reykjavík, 2002).
- Björn Bjarnason, *Í hita kalda stríðsins. Greinar og ritgerðir*. Ritstjóri Jakob F. Ásgeirsson (Reykjavík, 2001).
- Björn Bjarnason, „Villuljós um fátækt, menntun og jafnrétti.“ *Morgunblaðið* 3. maí 2003.
- Björn Th. Björnsson, *Aldateikn* (Reykjavík, 1973).

- Björn Þór Vilhjálmsson, „[Ritdómur] Skáldatími.“ *Morgunblaðið* 16. desember 2003.
- Björn Þorsteinsson, „Þorkell Jóhannesson prófessor, 1895-1960. Í minningu hans.“ *Saga* 3 (1960-1963), bls. 1-15.
- Blassingame, John W., *The Slave Community. Plantation Life in the Antebellum South* (New York, 1979).
- „Blogg, blogg, blogg.“ *Vera* 24:3 (2003), bls. 16-28.
- Bodnar, John; Simon, Roger og Weber, Michael P., *Lives of Their Own: Blacks, Italians, and Poles in Pittsburgh, 1900–1960* (Chicago, 1983).
- Bonnell, Victoria E. og Hunt, Lynn, „Introduction,“ *Beyond the Cultural Turn. New Directions in the Study of Society and Culture*. Ritstjórar Victoria E. Bonnell og Lynn Hunt (Los Angeles, 1999), bls. 1-32.
- Bourdieu, Pierre og Wacquant, Loïc J.D., *An Invitation to Reflexive Sociology*. (Chicago, 1992).
- „Bragi Halldórsson. Íslenskir skákmeistarar.“ *Skák* 52:3 (2001), bls. 257-280.
- Bragi Ólafsson, *Við hinir einkennisklæddu*. Svarta línan (Reykjavík, 2003).
- Bréf Matthíasar Jochumssonar*. Steingrímur Matthíasson bjó til útgáfu (Akureyri, 1935).
- Bréf Vestur-Íslendinga* I-II. Böðvar Guðmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 2000 og 2002).
- „Bréfasafn Halldórs Laxness afhent Landsbókasafni án nokkurra kvaða.“ *Morgunblaðið* 31. október 2003.
- „Bréfasafni Laxness lokað óviðkomandi.“ *Fréttablaðið* 27. september 2003.
- Briet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið. Bók um Brieti Ejarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar* (Reykjavík, 1988).
- Brynhildur Ingvarsdóttir, „Hvað er á seyði í sagnfræðinni? Erlendar hræringar og íslenskir sagnfræðingar.“ *Skírnir* 170 (vor 1996), bls. 105-143.
- Bræður og Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjáfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar (Reykjavík, 1997).
- Burke, Peter, *Eyewitnessing. The Uses of Images as Historical Evidence* (London, 2001).
- Burt – og meir en þájarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar*. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5 (Reykjavík, 2001).
- Böðvar Magnússon, *Undir tindum. Ævisögupættir og sagnir* (Akureyri, 1953).

C

- Casper, Scott E., *Constructing American Lives. Biography and Culture in Nineteenth-Century America* (Chapel Hill, 1999).

- Chartier, Roger, *Cultural History: Between Practice and Representations*. Þýðing Lydía G. Cochrane (Ithaca, 1988).
- Christiansen, Palle Ove, „Culture and Contrasts in a Northern European Village: Lifestyles Among Manorial Peasants in 18th-Century Denmark.“ *Journal of Social History* 29 (Winter 1995), bls. 275-294.
- Clinton, Hillary Rodham, *Living History* (New York, 2003).
- Coe, Richard, *When the Grass was Taller. Autobiography and the Experience of Childhood* (New Haven, 1984).
- Collingwood, R.G., *The Idea of History* (London, 1946).
- Connor, Steven, *Postmodernist Culture: An Introduction to Theories of the Contemporary*. Önnur útgáfa (London, 1997).
- Crane, Susan A., „Writing the Individual Back into Collective Memory.“ *The American Historical Review* 102 (December 1997), bls. 1372-1385.
- Crew, David, „Who's Afraid of Cultural Studies? Taking a “Cultural Turn” in German History.“ *A User's Guide to German Cultural Studies*. Ritstjórar Scott Denham, Irene Kacandes og Jonathan Petropoulos (Ann Arbor, Mich., 1997), bls. 45-61.

D

- Dagbók Íslendinga. Úrval úr dagbókum frá 15. október 1998*. Ritstjórar Sigurborg Hilmarsdóttir og Sigprúður Gunnarsdóttir (Reykjavík, 1999).
- Dagur B. Eggertsson, *Steingrímur Hermannsson. Ævisaga II* (Reykjavík, 1999).
- Davíð Þór Jónsson, „Fræðimaður deyr.“ *DV* 24. janúar 2004.
- Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51-88.
- Davíð Ólafsson, „Dagbækur í handritadeild Landsbókasafns.“ *Ritmennt* 3 (1998), bls. 109-131.
- Davíð Ólafsson, „Fræðin minni. Einsaga, póstmódernismi og íslensk sagnfræði.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5 (Reykjavík, 2000), bls. 55-99.
- Davíð Ólafsson, „„Skrifaðar í köldum og óhentugum sjóbúðum ...“ Sighvat-ur Grímsson Borgfirðingur og miðlun bókmennningar á Vestfjörðum á síðari hluta 19. aldar.“ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 43 (2003), bls. 229-243.
- „Deilan endalaus.“ *Fréttablaðið* 23. janúar 2004.
- Destiny Obscure: Autobiographies of Childhood, Education and Family from the 1820s to the 1920s*. Ritstjóri John Burnett (London, 1982).

Doktor Valýr segir frá. Úr bréfum Valýs Guðmundssonar til móður sinnar og sjúpa 1878-1927. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Íslensk sendibréf V (Reykjavík, 1964).

Dollard, John, *Criteria for the Life History* (New Haven, N.J., 1935).

Dulsmál 1600-1900: Þjórtán dómar og skrá. Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang. Heimildasafn Sagnfræðistofnunar 2 (Reykjavík, 2000).

E

Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990.* Síðari hluti (Reykjavík, 1998).

Egill Helgason, „Má Hannes ekki skrifa vondar bækur?“ *DV* 15. janúar 2004.

Einar Benediktsson, „Orð í tíma töluð.“ *Morgunblaðið* 20. janúar 2004.

Einar Már Guðmundsson, *Kannski er pósturinn svangur. Sögur* (Reykjavík, 2001).

Einar Laxness, *Jón Guðmundsson aðingismaður og rits.jóri. Þættir úr ævisögu* (Reykjavík, 1960).

Einar Laxness, *Jón Sigurðsson forseti 1811-1879. Yfirlit um ævi og starf í máli og myndum* (Reykjavík, 1979).

Einfalt Matreiðslu Vasa-Kver, fyrir heldri manna Hús-freyjur. Útgefið af Frú Assessorinnu Mörtu Mariu Stephensen (Hafnarfirði, 1996).

„Einsagan – óskrifuð saga. Viðtal Þrastar Helgasonar við Sigurð Gylfa Magnússon.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 9. maí 1998.

Eiríkur Eiríksson, „Lifnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld.“ *Skaðfirðingabók* 14 (1985), bls. 57-105.

Eiríkur Hreinn Finnbogason, „Formáli.“ *M Samtöl I* (Reykjavík, 1977).

Eiríkur Guðmundsson, *Geðdu mér veröldina eftur. Um sjálfævisöguleg skrif Íslendinga á ájándu og níjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault.* *Studia Islandica* 55 (Reykjavík, 1998).

Eiríkur Guðmundsson, *39 þrep á leið til glötunar.* Svarta línan (Reykjavík, 2004).

Eiríkur Jónsson, *Davíð. Lif og saga* (Reykjavík, 1989).

Eiríkur Jónsson, *Lífsstríðið. Æviferð Margrétar Róbertsdóttur úr þriðja ríki Hitlers til Þorlákshafnar* (Reykjavík, 1990).

Eiss, Paul, „Hunting for the Virgin: Meat, Money and Memory in Tetiz, Vacatán.“ *Cultural Anthropology* 17 (August 2002), bls. 291-330.

„Ekki nóg að vísa fremst og aftast.“ *Morgunblaðið* 11. janúar 2004.

„Ekki skólaritgerð heldur ævisaga handa almenningi.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

- Elín Pálmadóttir, *Með fortíðina í farteskinu* (Reykjavík, 1996).
- Elínborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar. Endurminningar Hólmfríðar Fjaltason* (Akureyri, 1949).
- Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubref frá 19. öld.* Sigrún Sigurðardóttir tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík, 1999).
- Encyclopedia of European Social History. From 1350 to 2000.* Volume 1-6. Aðalritstjóri Peter N. Stearns (New York, 2001).
- Erickson, R. og Goldthorpe, J.H., *The Constant Flux: A Study of Class Mobility in Industrial Societies* (Oxford, 1992).
- Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsis-hugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57-94.
- Erlingur Þorsteinsson, „Athugasemd frá eina núlifandi erfingja Þorsteins Erlingssonar skálds.“ *Morgunblaðið* 15. apríl 2000.
- Eyjólfur Guðmundsson, *Úfsskinna*. 1. bindi ([útgáfustaður ókunnur], 2001).

É

- „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld.““ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

F

- Freeman, Mark, *Rewriting the Self. History, Memory and Narrative* (London, 1993).
- Friðbjörn Orri Ketilsson, „Hólmsteinn í götu vinstrimanna.“ *Morgunblaðið* 3. febrúar 2004.
- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, *Gagi fræðakver handa háskólanemum*. Þriðja útgáfa (Reykjavík, 2002).
- Friðrika Benónýs, *Minn hlátur er sorg. Ævisaga Ástu Sigurðardóttur* (Reykjavík, 1992).
- „Fræðimannsferill Hannesar í hættu.“ *DV* 29. desember 2003.
- Fuery, Patrick og Mansfield, Nick, *Cultural Studies and the New Humanities. Concepts and Controversies* (Melbourne, 1997).
- „Furðuleg ónákvæmni í gagnrýni Helgu Kress.“ *Morgunblaðið* 17. janúar 2004.

G

- Gauti Kristmannsson, „Plagíat sem aðferð og hefð við Háskóla Íslands?“ *Morgunblaðið* 14. janúar 2004.
- Gauti Kristmannsson, „Úr Innansveitarkroniku Laxness.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 2004.

- Geir biskup góði í vinarbrefum 1790-1823*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Íslensk sendibréf VII (Reykjavík, 1966).
- Geir Hansson, *Misjón er mannsævin* (Reykjavík, 1979).
- Genovese, Eugene D., *Roll Jordan Roll. The World the Slaves Made* (New York, 1972).
- Gils Guðmundsson, „Jón Helgason ritstjóri, 27. maí 1914 - 4. júní 1981.“ *Saga* 20 (1982), bls. 250-253.
- Ginzburg, Carlo, *The Cheese and the Worms: The Cosmos of a Sixteenth-Century Miller* (New York, 1978).
- Ginzburg, Carlo, „Clues: Roots of an Evidential Paradigm.“ *Clues, Myths, and the Historical Method*. John og Anne Tedeschi þýddu (Baltimore, 1989), bls. 96-125.
- Ginzburg, Carlo, „Microhistory: Two or Three Things That I Know about It.“ *Critical Inquiry* 20 (Autumn 1993), bls. 10-35.
- Ginzburg, Carlo, „Einsaga: Eitt og annað sem ég veit um hana.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5. Ritstjórar Ólafur Rastrick og Valdimar Hafstein. Þýðing Björn Þorsteinsson og Sigrún Sigurðardóttir (Reykjavík, 2000), bls. 11-54.
- Gísli Brynjúlfsson, *Dagbók í Húfn*. Eiríkur Hreinn Finnbogason sá um útgáfuna (Reykjavík, 1952).
- Gísli Gunnarsson, „Leiðrétting í darraðardansi miðjum.“ *Morgunblaðið* 13. janúar 2004.
- Gísli Gunnarsson, „Ný leiðrétting í darraðardansi.“ *Morgunblaðið* 15. janúar 2004.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801-1930. Studies in the Relationship Between Demographic and Socio-economic Development, Social Legislation and Family and Household Structures* (Uppsölum, 1988).
- Gísli Jónsson, *Frá foreldrum mínum. Íslensk baráttusaga* (Reykjavík, 1966).
- Graff, Harvey J., *Conflicting Paths. Growing Up in America* (Cambridge, Mass., 1995).
- Graff, Harvey J., „The Shock of the ““ New“ (Histories)“. *Social Science Histories and Historical Literacies*.“ *Social Science History* 25 (Winter 2001), bls. 483-533.
- Guðbergur Bergsson, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar. Skáldævisaga* (Reykjavík, 1997).
- Guðbergur Bergsson, *Eins og steinn sem hæfið fagar. Skáldævisaga* (Reykjavík, 1998).
- Guðbergur Bergsson, „Tannleysi.“ *Fréttablaðið* 3. janúar 2004.

- Guðbjörg Jónsdóttir, *Minningar frá bernsku og æskuárum* (Reykjavík, 1929).
- Guðbjörg Jónsdóttir, *Gamlar glæður. Pættir úr daglegu lífi á Ströndum á síðari hluta 19. aldar*. Helgi Hjörvar bjó til prentunar (Reykjavík, 1943).
- Guðbjörg Jónsdóttir, *Við sólarlag* (Reykjavík, 1952).
- Guðbrandur Jónsson, „Formáli.“ *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar eftir sjálfan hann*. Skaftfellinga rit I. Guðbrandur Jónsson sá um útgáfuna. Önnur útgáfa (Reykjavík, 1945), bls. ix-xxiv.
- Guðjón Friðriksson, *Saga Jónasar Jónssonar frá Hr.flu I-III* (Reykjavík, 1991-1993).
- Guðjón Friðriksson, *Einar Benediktsson, Ævisaga I-III* (Reykjavík, 1997-2000).
- Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir! Saga „jölmíðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga* (Reykjavík, 2000).
- Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson. Ævisaga I-II* (Reykjavík, 2002-2003).
- Guðmundur H. Frimannsson, „Íslenzkt samfélag, erfðavísindi og Kári Stefánsson.“ *Morgunblaðið* 23. desember 1999.
- Guðmundur G. Hagalín, *Saga Eldeyjar-Fjalta. Skráð eftir sögn hans sjálfs I* (Reykjavík, 1939).
- Guðmundur G. Hagalín, *Konan í dalnum og dæturnar sjö. Saga Moniku Helgadóttur á Merkgili* (Akureyri, 1954).
